




STÜDENTAR ERU FJÁRFESTINGARINNAR VIRÐI



STÜDENTAR EIGA BETRA SKILIÐ

SHÍ

Stúdentaráð Háskóla Íslands

ÁRSSKÝRSLA

2021-2022

ATVINNULEYSISBÆTUR FYRIR STÜDENTA

45
MILLJÓNIRI
GEDHEILBRIGÐIS-
ÞJÓNUSTU

HEILDARSTEENA
EXTRA HOT

STEMNUMÖTUN

STARFSLEYFI
FYRIR
SÁLFREÐINGA

STUDENTABLAÐ

STUDENTABLAÐ

STUDENTABLAÐ

GRUNNFRAMFERSLA
18%
HÆKKUN
FRAMFERSLULÁNA



GAMLI GARÐUR

SAGA



SAMHELDIÐ HÁSKÓLASAMFÉLAG

EFNISYFIRLIT

Ávarp forseta Stúdentaráðs	8
1 Stúdentaráð Háskóla Íslands 2021-2022	9
1.1 Niðurstöður kosninga 2021	9
1.2 Fulltrúar í sviðsráðum Stúdentaráðs	9
1.3 Fulltrúar á Háskólaþingi	11
1.4 Fulltrúar Stúdentaráðs í ráðum og nefndum	11
1.4.1 Fulltrúar í stjórn Menntasjóðs námsmanna	11
1.4.2 Fulltrúar í stjórn Félagsstofnunar stúdenta	12
1.4.3 Fulltrúar í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta	12
1.4.4 Fulltrúar í fulltrúaráði Byggingafélagi námsmanna	13
2 Fulltrúar stúdenta í háskólaráði	14
2.1 Fulltrúar stúdenta í nefndum háskólaráðs	14
3 Fastanefndir Stúdentaráðs	15
3.1 Alþjóðanefnd	15
3.2 Félagslífs- og menningarnefnd	15
3.3 Fjármála- og atvinnulífsnefnd	18
3.4 Fjölskyldunefnd	20
3.5 Jafnréttisnefnd	24
3.6 Kennslumálanefnd	25
3.7 Lagabreytinganefnd	27
3.8 Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd	28
3.8 Umhverfis- og samgöngunefnd	32
4 Stjórn Stúdentaráðs	37
5 Skrifstofa Stúdentaráðs	39
5.1 Ársskýrsla forseta	39
5.2 Ársskýrsla varaforseta	44
5.3 Ársskýrsla hagsmunafulltrúa	47
5.4 Ársskýrsla lánasjóðsfulltrúa	48
5.5 Ársskýrsla framkvæmdastýru	50

5.5 Ársskýrsla alþjóðafulltrúa	55
5.7 Ársskýrsla ritstjóra	60
5.8 Ársskýrsla verkefnastjóra	63
6 Starfsemi Stúdentaráðs	65
6.1 Málefnavinna og stefnumótun	65
6.1.1 Stefnumótunarhelgi	65
6.1.2 Heildarstefna	73
6.2 Kórónuveirufaraldurinn	76
6.2.1 Kannanir Stúdentaráðs	77
6.2.3 Skólahald og starfsemi Háskóla Íslands	79
6.2.4 Geðheilbrigðisúrræði	81
6.2.5 Fyrri aðgerðir og úrræði	82
6.3 Fjárhagslegt öryggi stúdenta	83
6.3.1 Námslánakerfið og atvinnuleysistryggingakerfið	83
6.3.2 Endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar	85
6.4 Alþingiskosningar 2021	86
6.4.1 Skýrsla starfshóps	86
6.4.2 Samstarf við stjórnvöld	98
6.5 Menntasjóður námsmanna	99
6.6 Geðheilbrigðisþjónusta við Háskóla Íslands	102
6.6.1 Heilbrigðismóttaka á háskólasvæðið	103
6.7 Ókyngreind salerni	104
6.8 Skrásetningargjald við Háskóla Íslands	105
6.9 Húsnæðismál	107
6.9.1 Skýrsla Stúdentaráðs um stöðu stúdenta á húsnæðismarkaði	107
6.9.2 Stúdentaíbúðir	108
6.10 Skipulags-, samgöngu- og umhverfismál	111
6.10.1 Skipulag háskólasvæðisins	111
6.10.2 Samgöngu- og bílastæðamál við HÍ	113
6.10.3 Umhverfis- og loftslagsmál	114
6.11 Sjúkra- og endurtökupróf	116
6.12 Sveitarstjórnarkosningar 2022	116
7 Stúdentaráðsfundir	119
7.1 Kjörfundur Stúdentaráðs 21. apríl 2021	119
7.2 Skiptafundur Stúdentaráðs 11. maí 2021	119

7.3 Stúdentaráðsfundur 9. júní 2021	119
7.4 Stúdentaráðsfundur 21. júlí 2021	120
7.5 Stúdentaráðsfundur 18. ágúst 2021	120
7.6 Stúdentaráðsfundur 15. september 2021	121
7.7 Stúdentaráðsfundur 20. október 2021	121
7.8 Stúdentaráðsfundur 25. nóvember 2021	122
7.9 Stúdentaráðsfundur 16. desember 2021	122
7.10 Stúdentaráðsfundur 20. janúar 2022	122
7.11 Stúdentaráðsfundur 16. febrúar 2022	123
7.12 Stúdentaráðsfundur 10. mars 2022	123
7.13 Stúdentaráðsfundur 13. apríl 2022	124
7.14 Kjölfundur Stúdentaráðs 20. apríl 2022	124
7.15 Skiptafundur Stúdentaráðs 18. maí 2022	124
8 Útgefið efni Stúdentaráðs	125
8.1 Akademían og Studentablaðið 2021-2022	125
8.2 Upplýsingabæklingur um kosningar til Stúdentaráðs	126
8.3 Ályktanir Stúdentaráðs	127
8.3.1 Stapi við Hringbraut	127
8.3.2 heilbrigðismóttaka á háskólasvæðið í Vatnsmýri	129
8.4 Yfirlýsingar Stúdentaráðs	132
8.4.1 Neyðarástandið í Afganistan og aðkoma íslenskra stjórnvalda	132
8.4.2 Vígsla Gamla garðs og háskólasamfélag Háskóla Íslands	133
8.4.3 stjórnarsáttmáli nýrrar ríkisstjórnar	134
8.4.4 Stuðningur við umsagnir samtaaka og hreyfinga vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga (alþjóðleg vernd)	135
8.4.5 innrás Rússlands í Úkraínu	136
8.5 Umsagnir Stúdentaráðs til Alþingis	137
8.5.1 frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, og lögum um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónuveirufaraldurs, nr. 155/2020 (framlenging úrræða o.fl.).	137
8.5.2 Skýrsla starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa	139
8.5.3 frumvarp til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020 (lágmarksframfærsla námsmanna).	141
8.5.4 frumvarp til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020 (launatekjur)	144

8.6 Erindi til stjórnvalda	146
8.6.1 Erindi til félags- og vinnumarkaðsráðherra, Guðmundar Inga Guðbrandssonar, vegna fæðingarstyrkja námsmanna og endurskoðun á umgjörð fæðingarstyrkjakerfisins.	146
8.6.2 Erindi vegna starfspjálfunarár í klínískri sálfræði til heilbrigðisráðuneytis, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis.	147
8.7 Erindi til Háskóla Íslands	148
8.7.1 Tillaga til samþykktar hjá háskólaráði Háskóla Íslands vegna breytingar á 81. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr 569/2009.	148
8.7.2 Erindi til háskólaráðs Háskóla Íslands vegna sjúkra- og endurtökuprófa með hliðsjón af 56. gr. og 57. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.	150
9 Stúdentasjóður	155
10 Samstarfsaðilar Stúdentaráðs	156
10.1 Rektorsskrifstofa	156
10.2 Stjórnsýsla Háskóla Íslands	157
10.3 Landssamtök íslenskra stúdenta	157
10.4 Landssamband ungmennafélaga	158
10.5 Félagsstofnun stúdenta	159
10.6 Nemenda- og hagsmunafélög innan Háskóla Íslands	159
10.7 Fyrirtæki	159
11 Kosningar og kjörstjórn 2021	161
VIÐAUKI A - ÁRSSKÝRSLUR SVIÐSRÁÐA	163
SVIÐSRÁÐ FÉLAGSVÍSINDASVIÐS	163
SVIÐSRÁÐ HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐS	176
SVIÐSRÁÐ HUGVÍSINDASVIÐS	192
SVIÐSRÁÐ MENNTAVÍSINDASVIÐS	201
SVIÐSRÁÐ VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐS	206
VIÐAUKI B - TILLÖGUR SAMÞYKKTAR AF STÚDENTARÁÐI	216
VIÐAUKI C - LAGABREYTINGARTILLÖGUR	240
VIÐAUKI D - VERKLAGSREGLUR STÚDENTARÁÐS, STJÓRNAR OG SKRIFSTOFU	273
1 Stúdentaráð	273
2 Sviðsráð	274
3 Stjórn Stúdentaráðs	276
4 Skrifstofa Stúdentaráðs	278

5 Fastanefndir Stúdentaráðs	288
6 Siða- og jafnréttisreglur	290
7 Fundir Stúdentaráðs	292
8 Kjölfundur og skiptafundur	295
9 Stefna Stúdentaráðs	296
10 Fjármál	296
12 Breytingar á verklagsreglum	297
VIÐAUKI E - STEFNA STÚDENTARÁÐS	299
Efnisyfirlit	299
Inngangur	301
1 Kennslumál	301
1.1 Rafræn kennsla og fjarnám	302
1.2 Gæði kennslu	302
1.3 Aðgengi og fjölbreytileiki náms	303
1.4 Diplómanám	303
1.5 Ævinám (e. Lifelong learning)	303
2 Nýsköpunar- og atvinnulífsmál	304
2.1 Tengsl náms og atvinnulífs	304
2.2 Atvinnutækifæri að námi loknu	304
2.3 Sumarstörf	305
3 Húsnæðismál	305
3.1 Húsnæðisbyrði	305
3.2 Stúdentaíbúðir	306
3.3 Almenni leigumarkaður	306
3.4 Menntasjóður námsmanna	307
3.5 Réttur til opinbers húsnæðisstuðnings	307
4 Fjölskyldumál	308
4.1 Fjölskylduvænt háskólasamfélag	308
4.2 Fæðingarstyrkur námsmanna	309
4.3 Leikskólar Félagsstofnunar stúdenta	309
5 Jafnréttismál	309
5.1 Jafnt aðgengi að námi	309
5.2 Geðheilbrigðismál	310
5.3 Jafnréttis og hinsegin fræðsla	310
5.4 Ókyngreind salerni	311
5.5 Aðgengismál	311
5.6 Jafnrétti kynjanna	312

6 Fjárhagslegt öryggi stúdenta	312
6.1 Lánasjóðsmál	313
6.2 Atvinnu- og tekjuöryggi	314
6.3 Skrásetningargjald við opinbera háskóla	314
6.4 Fjármögnun háskólastigsins	315
7 Umhverfis- og loftslagsmál	315
7.1 Loftslagsmarkmið	315
7.2 Grænn háskóli	316
7.3 Grænkerafæði	316
8 Samgöngu- og skipulagsmál	316
8.1 Skipulag háskólasvæðisins	317
8.2 Samgöngumáttar	317
8.3 Örflæðilausnir	318
9 Alþjóða- og menningarmál	318
9.1 Staða Alþjóðaafulltrúa	319
9.2 Aurora samstarfið	320
10 Heilbrigðismál	320
10.1 Heilbrigðismóttaka á háskólasvæðinu	321
10.2 Geðheilbrigðismál	321
VIÐAUKI F - Fjárhagsleg réttindi foreldra í námi	322
Fæðingarorlof	322
Fæðingarstyrkur námsmanna	323
Barnabætur	325
Menntasjóður námsmanna	327
VIÐAUKI G - Skýrsla stúdentaráðs um stúdenta á húsnæðismarkaði	331

ÁVARP FORSETA STÚDENTARÁÐS



Kæru Stúdentaráðsliðar, stúdentar, samstarfsaðilar og aðrir lesendur.

Öflug hagsmunabaráttu snýst um hugsjón, vönduð vinnubrögð og skýran vilja til að ganga til verka. Það höfum við tamið okkur og er það sem ræður för í meðhöndlun þeirra málaflokka sem hafa áhrif á stúdenta. Stúdentaráð er leiðandi hagsmunaafl vegna þess að áhersluatriðin byggja á traustum grunni þekkingar og upplýsinga- og gagnaöflunar, sem styrkir málflutning okkar svo um munar. Við viljum tryggja málefnumum stoð sem er akkúrat markmið nýrrar

heildarstefnu Stúdentaráðs, ásamt því að vera öllum einingum og fulltrúum ráðsins leiðarvísir í starfi.

Stúdentaráð finnur mikinn meðbyr innan veggja skólans, stuðning í þingheimi sem og almennt í samfélaginu. Það er mikil ábyrgð sem fylgir því að njóta trausts meðal stúdentahópsins, sem við tökum ekki sem sjálfsögðum hlut. Okkur ber að vera ákveðin og veita þar til bærum stjórnvöldum aðhald þegar þess þarf, sýna frumkvæði og framsýni. Stúdentaráð er með mörg járn í eldinum og framundan eru bjartir tímar í Vatnsmýrinni, sem er stöðugt að færa sig nær því að vera heildstætt samfélag. Á sama hátt eru stórar áskoranir sem bíða nýjum fulltrúum stúdenta og einmitt þess vegna verður að halda á lofti skýrri framtíðarsýn okkar á háskólasamfélaginu. Sú framtíðarsýn er í eðli sínu félagshyggjumiðuð, því hún snýst um að tryggja jöfn tækifæri með hag stúdenta fyrir brjósti. Hvers konar breytingar sem eiga sér stað í háskólasamfélaginu koma okkur við og við höfum einstakt tækifæri til að betrubæta nærumhverfið okkar. Það á að drífa okkur til dæða.

Ég hef haft mikla ánægju af því að starfa á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs síðastliðin tvö ár og vil ég gjarnan þakka öllum sem komu að starfinu fyrir framlagið og ástríðuna. Samstarfsfólk mitt á réttindaskrifstofunni, í Stúdentaráði, grasrótin og forverar mínir í starfi gerðu þennan tíma draumi líkast. Það er mikið stolt sem fylgir því að tilheyra stúdentahreyfingunni við Háskóla Íslands.

Isabel Alejandra Díaz

Isabel Alejandra Díaz

Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2021 - 2022

1 STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS 2021-2022

1.1 NIÐURSTÖÐUR KOSNINGA 2021

Kosningar til Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2021-2022 fóru fram rafrænt á innri vef Háskóla Íslands, Uglu, 24. og 25. mars 2021. Á kjörskrá voru alls 15.099 stúdentar og var heildarkjörsókn 26,46% sem gera 3.995 einstaklinga sem nýttu kosningarétt sinn.

- Á Félagsvísindasviði kusu 1.179 af 4.232 á kjörskrá, eða 27,86%
- Á Heilbrigðisvísindasviði kusu 958 af 3.018 á kjörskrá, eða 31,74%
- Á Hugvísindasviði kusu 545 af 2.289 á kjörskrá, eða 23,81%
- Á Menntavísindasviði kusu 531 af 3.010 á kjörskrá eða 17,64%
- Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði kusu 782 af 2.104 á kjörskrá eða 37,17%

Röskva samtök félagshyggjufólks fékk alls 16 fulltrúa kjörna en Vaka hagsmunafélag stúdenta fékk 1 fulltrúa kjörinn.

Fulltrúar á Félagsvísindasviði

- Rebekka Karlsdóttir (Röskva)
- Erna Lea Bergsteinsdóttir (Röskva)
- Stefán Kári Ottósson (Röskva)
- Ellen Geirsdóttir Håkansson (Vaka)
- Kjartan Ragnarsson (Röskva)

Fulltrúar á Heilbrigðisvísindasviði

- Ingunn Rós Kristjánsdóttir (Röskva)
- Margrét Jóhannesdóttir (Röskva)
- Kristján Guðmundsson (Röskva)

Fulltrúar á Hugvísindasviði

- Jóna Gréta Hilmarsdóttir (Röskva)
- Anna María Björnsdóttir (Röskva)

- Sigurður Karl Pétursson (Röskva). Sigurður sagði af sér á haustmisseri 2021 og við tók Brynjólfur Skúlason frá Röskvu.

Fulltrúar á Menntavísindasviði

- Rósa Halldórsdóttir (Röskva)
- Rannveig Klara Guðmundsdóttir (Röskva)
- Erlingur Sigvaldason (Röskva)

Fulltrúar á Verkfræði- og náttúruvísindasviði

- Ingvar Þóroddsson (Röskva)
- Inga Huld Ármann (Röskva)
- Helena Gylfadóttir (Röskva)

1.2 FULLTRÚAR Í SVIÐSRÁÐUM STÚDENTARÁÐS

Sviðsráð Stúdentaráðs eru fimm talsins og í hverju ráði sitja fjórir fulltrúar sem Stúdentaráð tilnefnir og kýs á kjörfundi í hlutfalli við kosninganiðurstöður, auk forseta sviðsráðs sem er kjörinn af Stúdentaráðsliðum innan hvers sviðs.

Sviðsráðin vinna sjálfstætt innan sinna fræðaviða og er meginhlutverk þeirra að gæta hagsmuna stúdenta á viðkomandi sviði. Forseti sérhvers sviðsráðs situr í stjórn fræðasviðsins fyrir hönd stúdenta ásamt deildarforsetum og fræðasviðsforseta. Forsetar sviðsráða sitja einnig í stjórn Stúdentaráðs ásamt forseta og varaforseta ráðsins.

Ársskýrslur sviðsráðana 2021-2022 eru í viðauka A.

Sviðsráð Félagsvísindasviðs

- Rebekka Karlsdóttir, forseti (Röskva)
- Erna Lea Bergsteinsdóttir (Röskva)
- María Sól Antonsdóttir (Röskva)
- Sindri Freyr Ásgeirsson (Röskva)
- Ellen Geirsdóttir Håkansson (Vaka)

Sviðsráð Heilbrigðisvísindasviðs

- Ingunn Rós Kristjánsdóttir, forseti (Röskva)
- Margrét Jóhannesdóttir (Röskva)
- Kristján Guðmundsson (Röskva)
- Rannveig Erlendsdóttir (Röskva)
- Kamila Antonina Tarnowska (Vaka)

Sviðsráð Hugvísindasviðs

- Jóna Gréta Hilmarsdóttir, forseti (Röskva)
- Anna María Björnsdóttir (Röskva)
- Sigurður Karl Pétursson (Röskva). Sigurður sagði af sér á haustmisseri 2021 og við tók Brynjólfur Skúlason frá Röskvu
- Lís Margrét Gunnarssdóttir (Röskva)

- Ragnar Þór Snæland (Vaka). Ragnar sagði af sér á haustmisseri 2021 og við tók Magnús Orri Magnússon frá Vöku

Sviðsráð Menntavísindasviðs

- Rósa Halldórsdóttir, forseti (Röskva)
- Rannveig Klara Guðmundsdóttir (Röskva)
- Erlingur Sigvaldason (Röskva)
- Hera Richter (Röskva). Hera sagði af sér á haustmisseri 2021 og við tók Melkorka Sjöfn frá Röskvu. Melkorka sagði þá af sér á haustmisseri og Davíð Sól Pálsson tók við úr sömu fylkingu.
- Sóley Arna Friðriksdóttir (Vaka)

Sviðsráð Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

- Ingvar Þóroddsson, forseti (Röskva)
- Inga Huld Ármann (Röskva)
- Helena Gylfadóttir (Röskva). Helena sagði af sér á haustmisseri og við tók Jóhanna Malen Skúladóttir frá Röskvu
- Brynhildur Þorbjarnardóttir (Röskva)
- Laufey Lind Sigþórsdóttir McClure (Vaka)

1.3 FULLTRÚAR Á HÁSKÓLAÞINGI

Samkvæmt lögum Stúdentaráðs skipar ráðið tíu fulltrúa á Háskólaþingi. Á kjörfundi skipar Stúdentaráð sjö aðalfulltrúa úr hópi Stúdentaráðsliða og fjóra varafulltrúa í hlutfalli við kosninganiðurstöður. Þá eru þrír fulltrúar skipaðir af skrifstofu Stúdentaráðs úr hópi starfsfólks. Fulltrúar stúdenta 2021-2022 eru sem hér segir:

Aðalfulltrúar stúdenta á Háskólaþingi

- Isabel Alejandra Díaz (skrifstofa)
- Sara Þöll Finnbogadóttir (skrifstofa)
- Vífill Harðarson (skrifstofa)
- Ellen Geirsdóttir Håkansson (Vaka)
- Rebekka Karlsdóttir (Röskva)
- Ingunn Rós Kristjánsdóttir (Röskva)
- Jóna Gréta Hilmarsdóttir (Röskva)
- Rósa Halldórsdóttir (Röskva)
- Ingvar Þóroddsson (Röskva)

→ Inga Huld Ármann (Röskva)

Varafulltrúar stúdenta á Háskólaþingi

- Birta Karen Tryggvadóttir (Vaka)
- Erna Lea Bergsteinsdóttir (Röskva)
- Margrét Jóhannesdóttir (Röskva)
- Erlingur Sigvaldason (Röskva)

Fulltrúar stúdenta í háskólaráði sátu einnig Háskólaþing.

1.4 FULLTRÚAR STÚDENTARÁÐS Í RÁÐUM OG NEFNDUM

1.4.1 FULLTRÚAR Í STJÓRN MENNTASJÓÐS NÁMSMANNA

Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs sem kjörinn er á kjörfundi situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna fyrir hönd Stúdentaráðs. Hann tekur við af fyrri fulltrúa þegar samningaviðræðum um úthlutunarreglur næsta skólaárs er lokið. Varafulltrúi Stúdentaráðs í stjórn Menntasjóðsins er skipaður úr hópi starfsfólks og skal ekki vera af sama kyni með tilliti til jafnréttissjónarmiða og í samræmi við lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Fulltrúar Stúdentaráðs í stjórn Menntasjóðs námsmanna 2021-2022

- Vífill Harðarson, aðalfulltrúi og lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs
- Sara Þöll Finnbogadóttir, varafulltrúi

1.4.2 FULLTRÚAR Í STJÓRN FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA

Samkvæmt lögum Stúdentaráðs eru fulltrúar stúdenta í stjórn Félagsstofnunnar stúdenta kjörnir sérstaklega og gert er svo á Stúdentaráðsfundi þegar skipunartímabilið fer að líða undir lok. Samkvæmt reglugerð fyrir Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands er stjórnin skipuð fimm einstaklingum til tveggja ára; Menntamálaráðuneytið skipar einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa, háskólaráð kys einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa ásamt því að Stúdentaráð kys þrjá aðalfulltrúa og þrjá varafulltrúa. Stúdentaráð skipaði í stjórn Félagsstofnunnar stúdenta vorið 2021 til tveggja ára og eru fulltrúarnir sem hér segir:

Aðalfulltrúar stúdenta í stjórn Félagsstofnunnar stúdenta 2021-2023

- Elísabet Brynjarsdóttir
- Brynhildur Bolladóttir
- Pétur Marteinn Urbancic

Varafulfulltrúar stúdenta í stjórn Félagsstofnunnar stúdenta 2021-2023

- Jónas Már Torfason fyrir Elísabetu Brynjarsdóttur
- Linda Karlsdóttir fyrir Brynhildi Bolladóttur
- Auður Tinna Aðalbjarnardóttir fyrir Pétur Martein Urbancic

1.4.3 FULLTRÚAR Í FULLTRÚARÁÐI LANDSSAMTAKA ÍSLENSKRA STÚDENTA

Samkvæmt lögum Landssamtaka íslenskra stúdenta er fulltrúaráð þess skipað tveimur fulltrúum frá hverju aðildarfélagi sem eru tilnefndir á landsþingi. Hvert aðildarfélag tilnefni árlega fulltrúa sem situr í fulltrúaráði í tvö ár ásamt tveimur varafulltrúum til eins árs.

Forseti Stúdentaráðs situr til tveggja ára í fulltrúaráðinu samkvæmt lögum Stúdentaráðs. Setan er samkvæmt fléttuskipulagi og er kjörtímabil hvers aðalfulltrúa tvö ár og varafulltrúa til eins árs. Komi upp sú staða að forseti sitji lengra en eitt ár, skal annar aðalfulltrúinn vera úr röðum starfsfólk skrifstofunnar og ákvarðaður af henni, samkvæmt verklagsreglum Stúdentaráðs. Þannig helst fléttaskipulagið.

Aðalfulltrúar stúdenta í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta 2021- 2022/23

- Isabel Alejandra Díaz, forseti Stúdentaráðs 2021-2022, skipuð til 2022

- Sara Þöll Finnbogadóttir, varaforseti Stúdentaráðs 2021-2022, skipuð til 2023

Varafulfulltrúar stúdenta í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta 2021-2022

- Lenya Rún Taha Karim fyrir Isabel Alejöndru Días (Vaka)
- Ingvar Þóroddsson fyrir Söru Þöll Finnbogadóttur (Röskva)

1.4.4 FULLTRÚAR Í FULLTRÚARÁÐI BYGGINGAFÉLAGI NÁMSMANNA

Byggingafélag námsmanna ses, er sjálfseignarstofnun með sjálfstæðan fjárhag. Aðildarfélög þess eru stúdenta- og nemendafélög Háskólans í Reykjavík, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og Tækniskólans. Stúdenta- og nemendafélögin sem eru með aðild eiga rétt til fulltrúa á fulltrúaráðsfundum félagsins. Stúdentaráð Háskóla Íslands á rétt á 4 fulltrúum af 10 fulltrúum alls.

Fulltrúar Stúdentaráðs í fulltrúaráði Byggingafélags námsmanna skólaárið 2021-2022

- Isabel Alejandra Días, forseti Stúdentaráðs 2021-2022
- Sara Þöll Finnbogadóttir, varaforseti Stúdentaráðs 2021-2022
- Rósa Halldórsdóttir, stjórnarmeðlimur Stúdentaráðs 2021-2022
- Ingvar Þóroddsson, stjórnarmeðlimur Stúdentaráðs 2021-2022

Stúdentaráð á einnig einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa í stjórn félagsins, sem kjörnir eru til tveggja ára. Fulltrúar ráðsins 2021-2023 eru sem hér segir:

Aðalfulltrúar stúdenta í stjórn Byggingafélags námsmanna 2021-2023

- Jessý Jónsdóttir, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs 2021-2022

Varafulltrúar stúdenta í stjórn Byggingafélags námsmanna 2021-2023

- Isabel Alejandra Días, forseti Stúdentaráðs 2021-2022

2 FULLTRÚAR STÚDENTA Í HÁSKÓLARÁÐI

Háskólaráð er æðsta stjórnvald Háskóla Íslands og er rektor forseti þess. Í ráðinu sitja 11 einstaklingar og þar af 2 fulltrúar sem eru skipaðir í tvö ár í senn. Fulltrúar stúdenta eru kjörnir í allsherjarkosningum meðal stúdenta Háskóla Íslands. Kosið var til háskólaráðs samhliða kosningum til Stúdentaráðs 25. og 26. mars 2020. Kjörsókn var 25,56% og voru það því 3.339 sem nýttu kosningarétt sinn af 13.596. Röskva fékk báða fulltrúa sína kjörna inn í ráðið og einn varafulltrúa.

Fulltrúar stúdenta í háskólaráði 2020-2022

- Isabel Alejandra Díaz (Röskva)
- Jessý Rún Jónsdóttir (Röskva)

Varafulltrúar stúdenta í háskólaráði 2020-2022

- Þórhallur Valur Benónýsson fyrir Isabel Alejöndru Díaz (Vaka)
- Marínó Örn Ólafsson fyrir Jessý Rún Jónsdóttur (Röskva)

2.1 FULLTRÚAR STÚDENTA Í NEFNDUM HÁSKÓLARÁÐS

Stúdentar eiga fulltrúa í meirihluta nefnda háskólaráðs. Allir stúdentar við Háskóla Íslands geta boðið sig fram í nefndir á nýju skipunartímabili og er það Stúdentaráð sem síðan kýr um þær umsóknir sem berast. Alla jafna er skipunartímabil nefndanna til þriggja ára.

Fulltrúar stúdenta í nefndum háskólaráðs 2021-2022 samkvæmt lögum Stúdentaráðs

- Í jafnréttisnefnd sat Erlingur Sigvaldason sem forseti jafnréttisnefndar Stúdentaráðs.
- Í kennslumálanefnd sat Inga Huld Ármann sem forseti kennslumálanefndar Stúdentaráðs.
- Í sjálfbærni- og umhverfisnefnd sat Sindri Freyr Ásgeirsson sem forseti umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs.
- Í gæðanefnd var skipað frá 2021 til 2024 og á þar sæti Eva Laufey Eggertsdóttir.

- Í skipulagsnefnd var endurskipað frá 2020 til 2023 og á þar sæti Ari Guðni Hauksson.
- Í vísindanefnd situr Ingunn Hreinberg Indriðadóttir sem fulltrúi FEDON félag doktorsnema og nýrannsakenda.

Fulltrúar stúdenta í öðrum nefndum háskólaráðs

- Í ráð um málefni fatlaðs fólks er skipað 2020 til 2023 og eiga þar sæti Margrét Lilja Arnheiðardóttir og Hossein Asadollahi.
- Málnefnd var skipuð frá 2021 til 2024 og situr þar Atli Jasonarson

3 FASTANEFNDIR STÚDENTARÁÐS

Í kjölfar stefnumótunarhelgar Stúdentaráðs dagana 10. og 11. júlí 2021 unnu fastanefndirnar áfram með það efni sem fram kom í málefnavinnunni. Nefndirnar voru með framkvæmdaáætlanirnar fyrri ára til hliðsjónar. Þær framkvæmdaáætlanir eru aðgengilegar á skrifstofu Stúdentaráðs.

3.1 ALPJÓÐANEFND

Í alþjóðanefnd Stúdentaráðs 2021-2022 sátu:

- Alma Ágústsdóttir, forseti
- Farah Mona Ovcina
- Máni Þór Magnason
- Morgan Marie Þorkelsdóttir
- Kamila Antonina Tarnowska
- Guðrún Elsa Gunnarsdóttir
- Urður Helga Gísladóttir (á haustmisseri)
- Brynhildur Ásgeirsdóttir

Starf alþjóðanefndar og alþjóðafulltrúa má finna ársskýrslu alþjóðafulltrúa í kafla 5.6.

3.2 FÉLAGSLÍFS- OG MENNINGARNEFND

Í félagslífs- og menningarnefnd Stúdentaráðs 2021-2022 sátu:

- Stefán Kári Ottósson, forseti
- Helena Gylfadóttir
- Ísabella Rún Jósefsdóttir
- Sunneva Sól Árnadóttir

Hlutverk nefndar:

Hlutverkaskipting var ekki mikil, Stefán sá um flest störf með góðri hjálp frá SHÍ.

Nýnemamót 3.SEPTEMBER:

Nýnemamót SHÍ gekk vel, góð mæting, 8 lið í heildina eftir að 2 lið skráðu sig út á síðustu stundu. Þemað var búningapema, síminn gaf Soundboks hátalara í láni, boltar fengust frítt í

láni frá Valsheimilinu og sömuleiðis mörkin. Flutningur á mörkum voru hins vegar hin mestu útgjöld og óvituð í lengri tíma vegna lélegra samskipta við kranabíla fyrirtækið. Markaðsráð ákvað að leggja okkur lið og fjármagna flutningana svo allt fór á besta veg þegar á botninn var hvolft. Má skoða fyrir næsta skólaár að halda mótið á Starhaga eða öðrum svipuðum fótboltavelli í nágrenninu til þess að sleppa við kranabíla útgjöld. Downside við það er þó að mótið verður ekki í hálfmánanum fyrir framan Háskólann og myndi fyrir vikið ekki fá eins mikla athygli. Verðlaun voru ýmis, þar á meðal red bull, gjafabréf á matarkjallarann og svo auðvitað Farands Bikarinn sem Mágus, félag viðskiptafræðinema, tók heim eftir mótið.

Vísindaferðir í Stúdentaráð FYRIR OG EFTIR ÁRAMÓT:

Vísindaferðir í Stúdentaráð voru 5 talsins í ár frekar en tvær stórar. Ein fyrir hvert fræðasvið, 3 fyrir áramót og 2 eftir áramót. Uppsetning fyrir allar vísindaferðir var sú sama en sviðsráð máttu leggja meiri vinnu í vísindaferðir fyrir sitt fræðasvið ef þau vildu. Vísindaferðirnar voru haldnar á Stúdentakjallarannum, síminn splæsti í tvo kúta fyrir hverja vísindaferð, á hverju kvöldi útbjó nefndin pub quiz á Kahoot og voru verðlaun gefin fyrir fyrstu 3 sætin. Allir sem skráðu sig voru svo settir í pott og dregnir upp í stóran vinning. Kvöldin gengu öll mjög vel með 100-200 manna skráningu á hvert kvöld. FVS og HVS keyptu auka bjórkúta og VON þurfti að bóka sal því kjallarinn var upptekinn. VON fjárfesti líka í auka áfengi og tvískipti kvöldinu út af góðri mætingu.

Vísindaferð í símann 8. APRÍL:

Vísindaferð í símann var haldin 8. Apríl í höfuðstöðvum símans. Skráning var þvert á sviðin og mjög fjölmenn. Síminn bauð upp á veitingar og áfengi. Þarna var Karaoke, beer pong og lukkuhjól. Síminn sá um uppsetninguna í samráði við nefndina og stjórn stúdentaráðs. Skráning fór fram okkar megin.

Fyndnasti Háskólaneminn 5, 7 OG 12 APRÍL:

Fyndnasti Háskólaneminn var haldinn í samráði við Landsbankann. Landsbankinn fjármagnaði kynna, tökuefni og verðlaun. Í fyrsta sæti var 100.000kr, í öðru sæti var 30.000kr og í þriðja sæti var 20.000kr. Kynnar voru uppistands hópurinn VHS og tóku þau þátt í promotional efni. Keppendur voru 8 talsins og kepptu á tveimur undankeppnum 5 og 7. Apríl. Svo fóru tveir sigurvegarar úr undankeppninni head to toe á lokakvöldinu. Sigurvegari var Ella María Georgsdóttir. Fyrri sigurvegari kom og talaði smá á öllum kvöldum. Keppnirnar voru haldnar á Stúdentakjallaranum.

Partýbingó 20 APRÍL:

Partý bingó SHÍ og Orkusölunnar var haldið í Kolaportinu 20. Apríl. Erfitt var að fullmanna viðburðinn en með hjálp frá nemendum var góð mæting. Orkusalan borgaði fyrir sal, kynna, rafmagnshlaupahjól í fyrsta vinning og 4 kúta. Nefndin með SHÍ setti upp viðburðinn, fann kynna og fann fleiri vinninga til að fara með. Bingó spjöldin fengust frá manni í Þingholtunum með háskólaafslætti.

Sumarfestival 20. MAÍ:

Sumarfestival SHÍ verður haldið í Kolaportinu 20. Maí. Festivalið er hugsað sem uppskeruhátíð og upphitun fyrir Októberfest, sem ekki hefur verið hægt að halda síðastliðin tvö ár. Fram munu koma Birnir, Friðrik Dór, GDRN, Inspector Spacetime, Gugusar og DJ Rasley. Myndaður var vinnuhópur til að skiptast á verkefnum þar sem festivalið er af aðeins stærri skala. Í honum eru fráfarandi og nýir fulltrúar úr félagslífs- og menningarnefnd og fráfarandi og ný skrifstofa Stúdentaráðs. Viðburðurinn er unninn í samstarfi við Paxal sem sér einnig um Októberfest, en Síminn, Tuborg og tix.is koma líka að honum. Félagsstofnun stúdenta efndi til samstarfsleiks með Stúdentaráði og er verið að skoða aðra aðila sem gætu haft áhuga á því. Vinnuhópurinn hefur unnið allt kynningar- og auglýsingaefni, t.d. myndbönd til þess að auka sýnileika og miðasölu en hingað til hefur það verið smá áskorun. Hópurinn er jákvæður enda verður þetta góð leið til að fagna próflokum og sumrinu en líka hita upp fyrir haustið.

Hvað gekk vel og hvað má gera betur:

Árið gekk vel, Covid-19 faraldurinn að dofna út úr samfélaginu og meira svigrúm fyrir stærri viðburði. Nokkrar nýjungar yfir árið, svo sem 5 vísindaferðir í stúdentaráð fyrir hvert svið frekar en tvær stórar deildar á öll fræðasvið. Samvinna innan nefndarinnar út árið hefði mátt ganga betur, hvort sem það hafi verið vegna lélegrar stjórnunar að hálfu formanns eða lítillar þátttöku nefndarmeðlima. Aðsókn á viðburði var erfiðari heldur en síðustu ár, fólk ekki jafn meðvitað um starfsemina vegna Covid veirunnar og að mínu mati hálfgerð lægð í félagslífi Háskólans um þessar mundir. Þrátt fyrir það voru allir viðburðir haldnir og mjög góð mæting á þá flesta. Upp og áfram, megi næsta ár ganga betur.

Fjármunum varið

Gjöld: Fjármunir fyrir flutning á mörkum (það er tilgreint í fjárhagsáætlun Stúdentaráðs)

Tekjur: Styrkur frá rektorsskrifstofu fyrir flutning á mörkum

Samtals: Kom út á sléttu. Öll útgjöld voru greidd af samstarfsaðilum Stúdentaráðs samkvæmt samningi. Þeir eru Landsbankinn, Síminn og Orkusalan.

Niðurlag

Með góðri samvinnu á næsta ári mun allt fara vel. Skemmtilegt verkefni að sjá um þessa nefnd og mjög lærdómsríkt.

Stefán Kári Ottósson, forseti félagslífs- og menningarnefndar

3.3 FJÁRMÁLA- OG ATVINNULÍFSNEFND

Í fjármála- og atvinnulífsnefnd Stúdentaráðs 2021-2022 sátu:

- Birta Karen Tryggvadóttir, forseti
- María Sól Antonsdóttir
- Guðrún Elsa Gunnarsdóttir
- Iðunn Andrésdóttir
- Þorsteinn Stefánsson (á haustmisseri)

Verkefni

Í stefnumótunarferð stúdentaráðs lögðum við drög að framkvæmdaáætlun fjármála- og atvinnulífsnefnd. Hún snéri helst um hvernig væri hægt að auka sýnileika nefndarinnar á samfélagsmiðlum.

Grein í stúdentablaðið og samfélagsmiðlaherferð í kjölfarið

Í haust skrifuðu meðlimir fjármála- og atvinnulífsnefnd grein í stúdentablaðið þar sem að þeir lögðu fram tíu sparnaðarráð fyrir stúdenta. Greinin birtist í stúdentablaðinu og í kjölfarið vorum við með samfélagsmiðlaherferð þar sem að við kynntum þessa punkta á Instagram.

Atvinnudagar:

Skipulagning Atvinnudaga er unnin í samstarfi við náms- og starfsráðgjöf HÍ. Undirbúningurinn hófst í október. Dagskráin var fjölbreytt á skemmtileg. Meðal þeirra liða sem voru þar á dagskrá voru CV-klíník hjá náms- og starfsráðgjöf auk fjölda annarra fyrirlestra. Meðal annars hélt Bergsveinn Ólafsson, doktorsnemi í sálfræði, erindi um þau atriði sem er gott að hafa í huga til þess að hámarka líkurnar á árangursríkri vegferð á vinnumarkaði. Kristjana Björk Barðdal hélt erindi um hvernig á að koma hugmynd í framkvæmd. María Ellingsen, leikkona og stjórnendapjálfi, hélt erindi um mikilvægi þess að hafa öryggi í framkomu. Einnig hélt Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi, erindi um undirbúning fyrir atvinnuviðtal.

Haldin voru tvö pallborð. Hið fyrra bar yfirskriftina „Góðu ráðin... Þegar fyrstu skrefin eru tekin út í atvinnulífið“ en gestir pallborðsins voru Ásdís Eir Símonardóttir frá Lucinity, Leifur Geir Hafsteinsson frá sidekick Health, Guðlaugur Örn Hauksson frá Íslandsbanka og Herdís Pála Pálsdóttir, stjórnunarráðgjafi. Hið síðara voru pallborðsumræður með doktorum sem hafa útskrifast úr ólíkum fræðigreinum og getað aðra leið á atvinnumarkaði en hina hefðbundnu akademísku eða unnið bæði innan og utan háskólans.

Birta Karen Tryggvadóttir, forseti fjármála- og atvinnulífsnefndar

3.4 FJÖLSKYLDUNEFND

Í fjölskyldunefnd Stúdentaráðs 2021-2022 sátu:

- Jóna Guðbjörg Ágústsdóttir, forseti
- Gréta Dögg Þórisdóttir (Hólmfríður Svala Ingibjargardóttir á haustmisseri)
- Lilja Margrét Óskarsdóttir
- Ólína Lind Sigurðardóttir (Jónína Riedel á haustmisseri)
- Sigrún Alda Ragnarsdóttir

Hlutverk

Fjölskyldunefnd fer með hagsmunamál fjölskyldufólks og þeirra stúdenta sem eru foreldrar við Háskóla Íslands. Henni er ætlað að gæta hagsmuna foreldra sem og barna þeirra. Nefndin berst fyrir því að sérstakt tillit sé tekið til foreldra í námi, hvað varðar námslán og fæðingarorlof sem og önnur mál sem snerta hagsmuni fjölskyldufólks. Nefndin leggur áherslu á að ekki sé kennt í háskólanum eftir kl. 17 á daginn eða um helgar. Nefndin leggur áherslu á að góð tenging sé á milli fjölskyldufulltrúa og Félagsstofnunar stúdenta. Að auki kemur nefndin að skipulagningu námskeiða og uppákoma fyrir fjölskyldufólk í námi á borð við uppeldisnámskeið fyrir verðandi foreldra, íþróttaskóla og jólaball fyrir börnin.

Starfsárið

Í upphafi starfsársins undirbjuggu nefndarmeðlimir framkvæmdaáætlun og stefnu nefndarinnar vegna stefnumótunarhelgar SHÍ þar sem ekki allir meðlimir sáu sér fært að mæta þar. Þónokkrar breytingar voru gerðar á stefnuskrá og framkvæmdaáætlun nefndarinnar frá því sem áður var. Framkvæmdaáætlun var kynnt af forseta fjölskyldunefndar á stúdentaráðsfundi 25. ágúst 2021 og samþykkt. Fundir fjölskyldunefndar voru reglulega yfir starfsárið og haldnir að mestu rafrænir til að auðvelda nefndarmeðlimum að mæta á þá. Einnig voru haldnir vinnufundir fyrir fyrirframákveðin mál nokkrum sinnum á starfsárinu. Um haustið urðu breytingar á nefndinni og hættu Hólmfríður Svala og Jónína Reidel í nefndinni en í stað tóku Gréta Dögg og Ólína Lind sæti þeirra í nefndinni. Sigrún Alda bættist öflug í hópinn í lok október 2021.

Samkomutakmarkanir lituðu starf nefndarinnar vegna aukinna Covid-19 smita í samfélaginu á starfsárinu. Taldi nefndin óæskilegt að skipuleggja viðburði við þessar aðstæður eða halda úti starfi líkt og Íþróttaskóla SHÍ. Covid-19 hafði einnig áhrif á nefndarmeðlimi og varð erfitt að vinna að verkefnum nefndarinnar vegna covid-smita meðal nefndarmeðlima eða fjölskyldna þeirra og vegna utanaðkomandi álags. Áhersla var á sýnileika nefndarinnar til að mynda á samfélagsmiðlum og reyna að endurvekja samstörf og verkefni sem höfðu fallið niður vegna heimsfaraldursins. Unnið var öflugt starf í þágu hagsmuna foreldra við HÍ til að mynda samdi nefndin bréf með skrifstofu SHÍ vegna fæðingarstyrk námsmanna og senti frá sér könnun um stöðu foreldra í námi við Háskóla Íslands í lok apríl 2022.

Hagsmunamál

Stærsti hluti nefndarstarfsins á árinu fór í hagsmunamál fyrir foreldra og fjölskyldur innan háskólasamfélagsins. Var nefndin til taks ef upplýsingar vantaði um ákveðin málefni, leitaði sjálf eftir upplýsingum vegna ákveðna mála og sýndi mikið frumkvæði á sviði hagsmunamála fyrir foreldra í námi. Veigamestu verkefnin má finna í yfirferðinni hér að neðan.

Forseti fjölskyldunefndar sat norrænu ráðstefnuna Young Parents on Parental Leave og ræddi um stöðu foreldra í námi á Íslandi. Á ráðstefnunni komu fram margir punktar um stöðu ungra foreldra á Norðurlöndunum og var haldið erindi um samþættingu fæðingarorlofs, starfa og náms á Íslandi. Jóna Guðbjörg, forseti fjölskyldunefndar SHÍ, tók til máls varðandi stöðu foreldra innan háskólasamfélagsins þar sem foreldrar eiga þá hættu að falla milli úrræða, standa höllum fæti þegar kemur að fjárhagslegu öryggi í fæðingarorlofi og samspil háskólakerfisins, námslána og fjölskyldulífs.

Fyrir prófatíð veturinn 2021 óskaði nefndin eftir upplýsingum um sveigjanlegri opnanir á leikskólum FS vegna lokaprófa. Nefndin fékk engar upplýsingar frá leikskólastjóra Leikgarðs og Sólgarðs þar sem þeir leikskólar hafa einungis opið milli 8:00-16:00 og því virtist enginn möguleiki á því til staðar. Forseti nefndarinnar fékk fund með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra Mánagarðs þar sem þær lýstu hvernig fyrirkomulag leikskólans væri í tengslum við lokaprófin. Fjölskyldunefnd óskaði eftir því að fá frekari upplýsingar ef það væru foreldrar sem væru að lenda í vandræðum vegna árekstra lokaprófa og opnanna.

Fjölskyldunefnd SHÍ árið 2020-2021 hafði lagt grunn að könnun meðal foreldra í námi sem að nefndina vildi skoða á ný og leggja fyrir á starfsárinu. Vinna að henni hófst um haustið 2021 og var að lokum tilbúin í byrjun febrúar 2022. Ákveðið var að leggja könnunina fyrir eftir páskafrí 2022 þannig að svörunin yrði sem mest og til að hún falli ekki í skugga annarra verkefna. Könnunin stóð opin frá 19. - 28 apríl og verður það helst í verkahring komandi nefndar og skrifstofu Stúdentaráðs að vinna upp úr könnuninni. Meginþemu könnunarinnar var upplifun foreldra af háskólanámi sínu í heimsfaraldri og stöðu. Fráfarandi fjölskyldunefnd hlakkar til að fylgjast með niðurstöðum hennar með von um að hún veiti Stúdentaráði og nefndum hennar auknar upplýsingar og sýn á stöðu foreldra og fjölskyldna við Háskóla Íslands.

Á Stúdentaráðsfundi 16. desember 2021 lagði Jóna Guðbjörg fram tillögu þess efnis að Stúdentaráð myndi beita sér fyrir því að fyrirkomulag fæðingarstyrkja sem endurskoðað og greiðslur fæðingarstyrkja námsmanna séu hækkaðar. Greiðslur fæðingarstyrkja námsmanna eru 190.747 kr. á mánuði vegna barna fædd 2021 en sama upphæð er lágmarksupphæð fæðingarorlofsgreiðslna meðal einstaklinga á vinnumarkaði í 50% starfi eða meira. Greiðslur fæðingarstyrkja námsmanna miðast við fullt nám þ.e. 75% nám eða meira (22 ein á önn) í 6 mánuði síðastliðna 12 mánuði, sé einstaklingur í færri einingum og í undir 25% starfshlutfalli þá eigi sá rétt á 83.233 kr mánaðarlega. Þar sem einingar stúdenta eru bundnar því hvort að stúdent nái áföngum, prófum og því öllu er það auka álag á viðkvæmum tíma á meðgöngu eða með nýbura. Hægt er að lesa tillöguna og rökstuðning í viðauka B. Skrifstofa stúdentaráðs og Fjölskyldunefnd unnu saman að því að semja bréf og sendu til félagsmála- og vinnumarkaðsráðaneytis þess erindis. Enn hef ekki borist svar frá ráðuneytinu en skrifstofa SHÍ mun fylgja því eftir með von um að breytingar verði til batnaðar í þágu námsmannafjölskyldna.

Sýnileiki

Fjölskyldunefnd hélt áfram með Instagram síðu nefndarinnar frá því árið áður. Markmið hennar var að vekja athygli á störfum nefndarinnar, meðlimum hennar og deila skemmtilegu efni fyrir fjölskyldur innan háskólans. Dæmi um efnistökur voru TakeOver nefndarmeðlima, jólagjafalisti, heilræði um öskudag og fleira. Einnig vorum við virk á Facebook síðu

nefndarinnar og stofnaður var Facebook-hópur fyrir foreldra í námi við Háskóla Íslands. Markmið hans er að vera vettvangur fyrir foreldra við háskólann til að ræða saman og vekja athygli á störfum nefndarinnar eða SHÍ.

Viðburðir á vegum Fjölskyldunefndar voru engir þetta starfsárið skrifast það á samkomutakmarkanir að mestu leiti. Forseti nefndarinnar hefur unnið með mannauðssviði Háskóla Íslands að uppsetningu sumarhátíðar í lok maí 2022 fyrir fjölskyldur innan HÍ.

Lokaorð

Þrátt fyrir erfitt starfsár vegna aðstæðna í samfélaginu þá erum við í fjölskyldunefndinni ánægð með störf okkar og verkefni. Nefndarmeðlimir voru metnaðarfullir í upphafi starfsársins og voru með mörg verkefni á döfinni en vegna samkomutakmarkanna og mannabreytinga innan nefndarinnar höfðu áhrif á störf hennar. Það sýnir sig að fjölskyldunefnd er mikilvæg nefnd í hagsmunavörslu stúdenta við Háskóla Íslands og þarf virka nefndarmeðlimi til að sinna starfi sínu. Þrátt fyrir enn eitt starfsár sem myndi flokkast sem óhefðbundið vegna utanaðkomandi aðstæðna þá þá hefur nefndin lagt sitt að mörkum í þágu síns málaflokks. Til að auka skilvirkni nefndarinnar þá væri æskilegast að í henni sitji foreldrar af fjölbreyttum sviðum Háskólans til að efla tengingar við sviðin og aðra þætti sem snúa að fjölskyldulífi stúdenta. Það að vera foreldri veitir aðrar sýn en hinn hefðbundni stúdent býr yfir og reynsluheimur þeirra er frábrugðinn. Það tekur minni orku að þekkja til í þessum reynsluheim af eigin skinni heldur en að ætlast til þess að barnlausir nefndarmeðlimir verði að koma sér inn í mál sem snerta þau persónulega ekki. Einnig eykur það traust til nefndarinnar að í henni sitji foreldrar eða aðilar sem þekkja vel til reynsluheims foreldra í námi við HÍ.

Nefndin er stolt af framlagi sínu og störfum á árinu og vonum að komandi nefnd geti nýtt sér forvinnu okkar og haldi áfram stefnunni að gera Háskóla Íslands fjölskylduvænan. Könnun fráfarandi fjölskyldunefndar ætti að geta verið leiðbeinandi varðandi aðaláherslur málaflokksins og því mikilvægt að SHÍ og komandi fjölskyldunefnd vinni saman að frekari stefnumótun. Fráfarandi nefnd vonar einnig að haldnir verði viðburðir fyrir fjölskyldur á næsta

starfsári til að skapa vettvang fyrir frekari tengingar og samskipti meðal fjölskyldna við Háskóla Íslands.

Jóna Guðbjörg Ágústsdóttir, forseti fjölskyldunefndar

3.5 JAFNRÉTTISNEFND

Í jafnréttisnefnd Stúdentaráðs 2021-2022 sátu:

- Erlingur Sigvaldason, forseti
- Lís Margrét Gunnarsdóttir
- Kristbjörg Eva Andersen Ramos
- Lena Stefánsdóttir

Starfsemi

Á árinu hefur jafnréttisnefnd haldið áfram að vinna að jafnrétti innan háskólans. Nefndin fundaði reglulega á haustmisseri og fram að jafnréttisdögum. Við hittumst minna á vormisseri en spilaði það inn í að mikið var að gera hjá nefndarmeðlimum. Nefndin einbeitti sér mikið að aðgengismálum og vorum við í miklum samskiptum við jafnréttisfulltrúa um stöðu ókyngreindra salerna innan háskólans. Við unnum ásamt kennslumálanefnd að því að þrýsta á prófaskrifstofu að notast við prófnúmer í lokaprófum nemenda og komumst við að því að prófnúmerakerfið er nokkuð frumstætt í umgjörð en hægt væri að hanna betra kerfi eða láta nemendur þreyta próf í gegnum Inspira. Undir lok misseris sendum ályktun til forsætisráðuneytis varðandi jafnréttissjóð Rannís en sjóðurinn hefur snarminnkað á milli ára en umsóknum ekki fækkað. Í febrúar 2022 á jafnréttisdögum stóð nefndin fyrir pallborði sem skipaði fulltrúa hinsegin nemenda og fulltrúa erlendra nema ásamt Jafnréttisfulltrúa Háskóla Íslands. Þar var virkt samtal um upplifun nemenda á jafnrétti innan háskólans. Forseti Jafnréttisnefndar sat einnig sameiginlegt pallborð allra háskóla á landinu um jafnréttisbaráttu innan háskólana og hvernig háskólarnir geta unnið saman að jafnrétti.

Jafnréttisnefnd háskólaráðs

Erlingur Sigvaldason sat fundi jafnréttisráðs háskólaráðs yfir veturinn en þar fór mesta þúðrið í að tala um kynlaus klósett og þrýsta á að fræðsla fari fram hjá starfsfólki háskólans á fundum þar sem skyldumæting er til staðar. Jafnréttisnefnd háskólaráðs hélt stóran fund með öllum jafnréttisnefndum innan háskólans þar sem virkt samtal átti sér stað um jafnrétti og innleiðingu nýrrar stefnu háskólans. Þar var farið yfir hver fyrstu skrefin í innleiðingu stefnunnar væri og fengu nemendur góða aðkomu að því.

Erlingur Sigvaldason, forseti jafnréttisnefndar

3.6 KENNSLUMÁLANEFND

Í kennslumálanefnd Stúdentaráðs 2021-2022 sátu:

- Inga Huld Ármann, forseti
- Erna Lea Bergsteinsdóttir
- Sóley Arna Friðriksdóttir
- Margrét Jóhannesdóttir
- Lís Margrét Gunnarsdóttir

Hlutverk

Hlutverk kennslumálanefndar SHÍ er að tryggja raddir og kröfur stúdenta í kennslumálum séu áberandi innan stjórnsýslu háskólans. Með nýjum breytingum á skipun nefndarinnar er hlutverk hennar einnig að vera vettvangur til að bera saman og læra af kennslumálum og kennsluháttum milli sviða og störf sviðsráða í þeim málum. Kennslumál er stór og viðamikill málaflokkur sem snertir alla stúdenta við Háskóla Íslands. Málaflokkurinn teygir anga sína breitt um háskólann og til að ná fram breytingum í málaflokknum þá tekur það mikla vinnu og oft mikinn tíma. Kennslumál eru málefni sem teygja sig milli stúdentaráða og mikilvægt er að varðveitt sé hve vinna nefndarinnar hefur verið og áherslur hennar. Til að vinna að þessu markmiði þá lagði nefndin mikið upp úr því að hafa gott og skipulagt Google Drive heimasvæði m.a. með fundargerðum sem myndi nýfast framtíðar nefndarmeðlimum. Ásamt því hófst árið með að nefndin settist niður saman og vann að framkvæmdaáætlun sem hún myndi vinna að út árið. Ákveðið var þó í ljósi hvers eðlis kennslumál eru að horfa á framkvæmdaáætlunina frekar sem stefnu og samantekt um áherslur okkar í kennslumálum, með von um að hún

myndi nýttast framtíðar nefndarmeðlimum. Þær helstu áherslur sem nefndin vann að í ár voru notkun prófnúmera, aðgengi að námi á fleiri tungumálum en íslensku svo sem með orðabókum í prófum og aðgengi að prófum og verkefnum á ensku, aðgengismál bæði að byggingum og námi. Mörg tækifæri liggja í kennslumálum í nýrri stefnu, HÍ26 og hafði nefndin hana til hliðsjónar við störf sín.

Mikilvægur þáttur í starfi nefndarinnar er sæti í kennslumálanefnd háskólaráðs sem forseti nefndarinnar situr. Þar voru rædd stór og mikilvæg málefni svo sem rafræna kennsluhætti, fjarnám, samræming á fyrirkomulagi sjúkra- og endurtektarprófa, þak á vægi lokaprófa og útvíkkun á starfstengdu diplómanámi. Forseti nefndarinnar lagði fram tillögu að bættu aðgengi að starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun við Háskóla Íslands til Stúdentaráðs ásamt Sviðsráðsforseta MVS, Rósu Halldórsdóttur sem var einróma samþykkt. Í kjölfar tillögu fór forseti nefndar með málefnið til kennslumálanefndar og mun nefndin ræða málið áfram. Háskólinn ásamt þroskahjálpi hafa fundað um málið ásamt því er þrýstingur frá ráðherra um bætt aðgengi að starfstengdu diplómanámi og mun þetta vera því málefni fyrir næstu nefnd til að fylgja eftir.

Starfsemi

Í ár lögðum við grunn að vinnu til að auka umsvif nefndarinnar utan þess að vera samráðsvettvangur og sitja í nefndum innan stjórnsýslu háskólans. Vildum við auka sýnileika nefndarinnar og gerðum það með að virkja sýnileika hennar á samfélagsmiðlum, nýr twitter aðgangur var stofnaður fyrir nefndina sem tók fyrir ýmis mál á léttari nótunum. Ásamt því viljum við auka samtal nefndarinnar við stúdenta sem og kennara og leita leiða saman að því að bæta nám og kennslu við Háskóla Íslands.

Vegna annan nefndarmeðlima þá tókst okkur ekki að virkja ýmislegt sem við hefðum viljað að virkja innan nefndarinnar. Þetta snýr helst að atriðum sem nefndin hefur ekki verið að framkvæma áður svo sem könnun meðal kennara og aðgerðir til að auka þátttöku í

kennslukönnun. Við vonum þó að það sem nefndin náði að afkasta í þessum málum geti nýst framtíðar nefndarmeðlimum.

Starfsárið 2021-2022 markaði ákveðin tímamót hjá Kennslumálanefnd. Nú var ekki lengur skipað í nefndina líkt og í hefðbundna nefnd SHÍ heldur tilnefnir hvert sviðsráð sinn Kennslumálafulltrúa. Þessi fulltrúi situr í kennslumálanefnd SHÍ og kennslumálanefnd síns sviðs. Nefndin í ár fann mikinn kraft í þessari breytingu. Að bera saman bækur okkar milli sviða og ræða saman kennslumál þvert á háskólann gerði að verkum að nefndarmeðlimir voru betur undirbúin fyrir fundi með kennslumálanefndum sviðanna sem og forseti fyrir fundi með kennslumálanefnd háskólaráðs. Í ár ræddi nefndin mikið um að draga lærdóm af náminu á tímum heimsfaraldurs sem og að horfa fram á við og leggja góðan grunn fyrir komandi nefndir. Við vonumst til þess að grunnurinn sem við náðum að byggja upp í ár og breytt skipan nefndarinnar hafi það í för með sér að nefndin blómstri á næstu árum þar sem við teljum mikil tækifæri liggja í þessari nefnd.

Inga Huld Ármann, forseti kennslumálanefndar

3.7 LAGABREYTINGANEFND

Í lagabreytinganefnd Stúdentaráðs 2021-2022 sátu:

- Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir, forseti
- Fannar Þór Einarsson
- Lenya Rún Taha Karim (á haustmisseri)
- Þorgerður Júlía Halldórsdóttir

Hlutverk nefndar

Líkt og fram kemur í lögum Stúdentaráðs er hlutverk nefndarinnar að endurskoða lög Stúdentaráðs og Stúdentasjóðs og leggja fram breytingartillögur á þeim. Í ár var meginhlutverk nefndarinnar að aðstoða skrifstofu Stúdentaráðs við túlkun og breytingu á lögum Stúdentaráðs og var Lilja Hrönn tengiliður í því verkefni.

Þá kom upp sú hugmynd í lok starfsárs að nefndin myndi setja lög Stúdentaráðs upp líkt og hún gerði á síðasta starfsári fyrir lög Stúdentasjóðs. Það verkefni mun nefndin erfa næstu nefnd.

Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Fyrir næstu nefnd ráðleggur fráfarandi forseti nefndarinnar að nefndin setji sér strax verklag er varðar samskipti þar sem að verkefni nefndarinnar eru þess eðlis að þau koma oft upp með mjög stuttum fyrirvara. Þá væri gott að nefndin gæti strax tekið afstöðu til þess í hvaða farveg þau mál ættu að fara (hver tæki það að sér að tækla þau).

Niðurlag

Störf nefndarinnar eru þess eðlis að nefndin hittist ekki nema að verkefni komi upp en er þrátt fyrir það mikilvægur hlekkur í störfum Stúdentaráðs og óskar fráfarandi nefnd næstu nefnd góðs gengis í sínum störfum.

Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir, forseti lagabreytinganefndar

3.8 NÝSKÖPUNAR- OG FRUMKVÖÐLANEFND

Í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd Stúdentaráðs 2021-2022 sátu:

- Friðrik Snær Björnsson, forseti
- Friðrik Hreinn Sigurðsson
- Hjördís Þóra Birgisdóttir
- María Árnadóttir
- Nevæh Meiting Qin

Hlutverk nefndar

Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd Stúdentaráðs hefur það hlutverk að efla nýsköpunar- og frumkvöðlastarf meðal nemenda Háskóla Íslands. Nefndin vinnur náið með Icelandic Startups og kemur verkefnum þeirra á framfæri meðal háskólanema auk þess sem meðlimir

nefndarinnar taka sæti í verkefnastjórn Gulleggsins, árlegri frumkvöðlakeppni Icelandic Startups.

Innan nefndarinnar var verkefnum skipt á eftirfarandi veg:

Friðrik Snær - "Formaður"

Friðrik Hreinn – Gjaldkeri

Hjördís – Samfélagsmiðlastýra

María - Ritari

Þessi hlutverk héldu sér út árið þó þau væru ekkert höfð í sérstökum háveigum.

Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Starfið byrjaði strax í maí með því að aðstoða fyrri nefnd við skipulag og framkvæmd Nýsköpunarnörd sem var haldinn í samstarfi við Nýsköpunarviku. Nýsköpunarnörd var pub quiz um nýsköpun á Íslandi, haldið í Stúdentakjallaranum í boði Símans. Sá viðburður einkenndist af gleði, bjór og skemmtilegheitum. Á sama tíma byrjuðum við að taka við umsóknum í nefndina til að fylla laus sæti. Þetta var gert í samstarfi við Icelandic startups og var gert fyrr en í öðrum nefndum (Byrjun júní), ástæðan fyrir því var að vinna við Gulleggið myndi byrja yfir sumarið. Það gekk vel og bættust Hjördís, María og Meiting við í nefndina og juku þar með nafnafjölbreytni nefndarinnar um 300%. Þessi vinna sem átti að fara fram um sumarið við skipulagningu á Gullegginu var þó ekki nýttur til fullnustu vegna einhverrar flensu og enduðu mál þannig að Gulleggið var fært svo það fór að mestu fram í janúar og febrúar 2022. Bjarta hliðin á þessari óhjákvæmilegu frestun var hins vegar að nefndinni og Icelandic Startups gafst meiri tími til að peppa Gulleggið og var okkar helsta tól til þess auðvitað vísindaferð.

Gulleggs vísindaferðin

Icelandic Startups hafði samband við okkur með hugmynd, að halda risastóra vísindaferð 22. Nóvember í Grósku fyrir alla háskólanema þar sem nýsköpunarsenan á Íslandi yrði kynnt ásamt gullegginu. Okkur leist svo sannarlega vel á þetta og hófumst handa við skipulagningu.

(Upphaflega átti þetta að vera partur af streng af vísindaferðum sem allar nýsköpunarnefndir háskóla myndu halda en því miður var einungis okkar haldin)

Okkar hlutverk í skipulagningu á þessari vísindaferð var að útvega skemmtiatriði og peppa/auglýsa viðburðinn. Pepp/auglýsingar gengu vel á áður en við vissum af voru 500+ manns skráðir á viðburðinn. Tölur sem myndu hræða hvern sem er á þessum tíma sem viðburðurinn var haldinn vegna síbreytilegra sóttvarnaraðgerða, þakkarlegar fór það vel og viðburðurinn haldinn í samræmi við allar þáverandi sóttvarnarreglur. Fyrir skemmtiatriði vorum við með happdrætti með alls konar vinningum í formi “Spin the wheel” sem tókst ágætlega, playlista til að halda stemmaranum góðum og síðan Þórunni Antoníu sem aðalskemmtikraft kvöldsins. Það tókst frábærlega, Þórunn Antonía sprengdi þakið af Grósku og allir fóru sáttir heim. Icelandic Startups sá um að útvega drykkjum, fyrirtækjum til að spjalla við og fyrirlesurum ásamt flest öllu öðru. Nýsköpunarnefndin úr HR kom svo mikið til hjálpar á viðburðinum sjálfum og erum við þeim mjög þakklát.

Gulleggið

Gulleggið samanstendur af nokkrum mismunandi hlutum, upphaflegu umsóknunum hinum ýmsu námskeiðum og að lokum úrslitunum. Vegna ákveðinnar flensu þurfti mikið af þessu að vera rafrænt í ár sem var miður. Það leiddi einnig af sér að framlag nefndarinn varð ekki mikið þar sem oft leyfðu fjöldatakmörkanir okkur ekki að mæta á staðinn eftir að allir keppendur og starfsfólk kom að. Við reyndum þó að aðstoða við eins mikið og við gátum og aðstoðuðum einna mest úrslitakvöldið. Við höldum áhorfs partý fyrir úrslitin í Stúdentakjallaranum í samstarfi við nýsköpunarnefnd HÍ þar sem fjöldatakmörkanir voru enn í gildi svo ekki náðist að fá eins marga á viðburðinn og vonast var til. Á meðan þetta var í gangi voru nokkrir meðlimir nefndanna tveggja einnig að hjálpa til við viðburðinn sjálfan í Grósku.

Annað

Þó Gulleggið sé auðvitað það stærsta er margt annað skemmtilegt í gangi við höfum verið virk við að auglýsa hina ýmsu nýsköpunarviðburði á okkar miðlum og hefur samfélagsmiðlastýran

Hjördís staðir vaktina við það. Einnig er stefnan að endurtaka Nýsköpunarnördinn með meðlimum næstu nefndar.

Það sem má bæta

- Það má endurskoða umsóknarferlið, koma því í meira samræmi við aðrar nefndir, sérstaklega ef Gulleggið heldur áfram að vera í byrjun árs.
- Það má sleppa öllum flensum og faröldrum í samfélaginu.
- Okkur langaði að taka saman alla sjóði sem hægt er að sækja um og allt nýsköpunarviðburði sem eru í gangi yfir árið og birta einhvers staðar en því miður komst það aldrei í verk.
- Bæta samfélagsmiðla-nærveru nefndarinnar.

Fjármunum varið

Engum fjármunum var varið

Niðurlag

Gulleggið er ennþá að mörgu leyti miðpunktur starfs nefndarinnar og tókst því miður ekki að móta nefndina nógu vel utan þess á þessu ári. Þó tókst vísindaferðin sem haldin var til að auglýsa gulleggið þónokkuð vel og smellti í alla kassa um hlutverk nefndarinnar. Koma háskólanemum í meiri tengsl við nýsköpun á Íslandi, auglýsa Gulleggið, auglýsa Grósku og skemmta sér í leiðinni. Því mætti gjarnan halda þeim góða viðburði áfram. Einnig verður nýsköpunarnördinn haldinn í annað skipti í ár og væri það flott hefð til að halda áfram með í samstarfi við nýsköpunarviku. Þar sem nefndin fúnkerar að mörgu leiti sem tenging á milli nýsköpunar og háskólans (eða allavega á að gera það) væri alveg kjörið ef haldið væri út miðlum nefndarinnar þannig að háskólanemi gæti fylgt nefndinni á miðlunum og verið fullviss um það að fréttar af öllu sem hann varðar í nýsköpunar heiminum. Með allt þetta í huga óskum við næstu nefnd alls hins besta við að halda þessari vegferð áfram.

Friðrik Snær Björnsson, forseti nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar

3.8 UMHVERFIS- OG SAMGÖNGUNEFND

Í umhverfis- og samgöngunefnd Stúdentaráðs 2021-2022 sátu:

- Sindri Freyr Ásgeirsson, forseti
- Egill Örn Hermannsson
- Kamila Antonina Tarnowska
- Jón Gunnar Hannesson
- Dagmar Óladóttir

Hlutverk nefndar

Í byrjun starfsársins fór nefndin yfir fyrri stefnu frá árinu 2020 - 2021 og ákvað að halda henni að miklu leiti óbreyttri. Ákveðið var fljótlega að stofna sérstaka grænfána undirnefnd til að koma þeim verkefnum sem heyra undir þá starfsáætlun í fastari skorður á meðan sjálf umhverfis- og samgöngunefndin gæti einbeitt sér að verkefnum sem heyra undir hana og öðrum tilfallandi verkefnum. Ásamt grænfánaverkefninu sá undirnefndin í samráði við forseta umhverfis- og samgöngunefndarinnar um tengsl SHÍ við loftslagsverkföllin og aðstoðaði við að skipuleggja þau. Ásamt þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd og þeirra sem verða talin upp hér að neðan á forseti nefndarinnar sæti í sjálfbærni- og umhverfisnefnd háskólans þar sem hann sat þar sem fulltrúi nemenda og koma að innleiðingu sjálfbærni verkefnastöðinni í HÍ26 stefnunni. Lagt var uppi með að funda mánaðarlega en vegna annarar bylgju COVID-19 sem varði yfir mestu vetrarmánuðina lá bæði fundarhald og viðburðahald í dvala á meðan takmarkanir voru á samkomum.

Skipaðir voru 4 fulltrúar í nefndina við upphaf starfsársins og var tekinn inn einn nýr fulltrúi eftir að skólaárið hófst. Ákveðið var að taka inn alla umsækjendur sem sóttu um í undirnefnd grænfánans en þau voru fimm talsins, þurftu því miður tvö að hverfa frá þegar leið á árið. Fulltrúar undirnefndarinnar voru eftirtaldir:

- Andrea Sjöfn Auðardóttir Heimisdóttir
- Cary Kincaid Corcoran
- Helga Hvanndal Björnsdóttir
- Júlía Kristín Kristinsson
- Lára Kristín

Starfsemi

21. júlí - Tillaga til stúdentaráðs um næturstrætó

Eftir stefnumótunarferð SHÍ þar sem nýbúið var að tilkynna að Strætó hyggist ekki hefja rekstur á næturstrætó eftir tímabundna þjónustu skerðingu í COVID ákveða nefndarmeðlimir að sækjast eftir umboði frá stúdentaráði til að beita sér fyrir þessu.

16. ágúst - [Viðbrögð stúdentaráðs vegna þjónustu næturstrætó](#)

Stúdentaráð sendir frá sér viðbrögð við þjónustu skerðingu strætó bs.

31. ágúst - Græni nýnemadagurinn

Í nýnemaviku háskólans var haldið upp á græna nýnemadaginn þar sem fulltrúar frá Landvernd afhentu HÍ Grænfánann við hátíðlega athöfn. Eftir hana var leiðinni haldið að aðalbyggingunni og fánanum flaggað. Dagskránni lauk með því að farið var á grastúnið sunnan við Odda og tré gróðursett með von um að einn dag geti þar orðið fallegur trágarður.

6. september til 17. september - Hjólað í skólann

Háskóli Íslands tók þátt í verkefninu hjólum í skólann og lagt var upp með að deildir gætu sett upp lið og þær keppst sín á milli. Betur hefði mátt auglýsa átakið og einnig útskýra betur hvernig átti að skrá lið. Dr. Bike var á háskólasvæðinu og bauð upp á viðgerðir á hjólum bæði nemenda og starfsfólks.

22. september - Bíllausi dagurinn

Nefndin auglýsti bíllausa daginn þar sem boðið var frítt í strætó og nemendur hvött til að notast við aðra ferðamáta en einkabílinn. Nefndin mælir með fyrir næstu nefndir að halda

lítinn viðburð á háskólasvæðinu eða taka þátt í stærri viðburð í samstarfi við samtökin um bíllausan lífsstíl og fleiri sem standa að deginum.

Nóvember - grænfánanefnd stofuð og gránfánaáættlun kláruð

Í byrjun nóvember tók undirnefndin til starfa og hófst handa við að gera sérstaka grænfánaáættlun sem hún lauk við í byrjun desember.

Desember - grænfánanefnd kynnt á samfélagsmiðlum

Í desember kynntu meðlimir undirnefndarinnar sig á instagram miðli umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ við góða móttökur.

17. og 18. febrúar - [Greinaskrif](#) og [útvarpsviðtal](#) um næturstrætó

Í febrúar hafði lítil umræða um þjónustu skerðingu Strætó átt sér stað og framundan voru COVID afléttingar þannig nefndin sá sér leik á borði og setti málefnið aftur á dagskrá. Fyrst með því að forseti nefndarinnar skrifaði grein um málið og bauðst honum að fara í útvarpsviðtal um málið daginn eftir þar sem hann tjáði sig frekar um málefnið. Lukkaðist þetta mjög vel og gott fyrir nefndina að setja eitt sterkt mál á dagskrá til að berjast fyrir. Sjá má á flestum kosningastefnum þeirra flokka sem bjóða fram í borgarstjórnarkosningum 2022 að meirihluti þeirra vill endurvekja næturstrætó, því telur nefndin að það sé mikilvægt að nefndin standi fyrir slíku starfi og beiti sér í þjóðfélagsumræðunni.

7. mars til 11. mars – Samgönguvika

11. Mars kl 16-18 héldum við málþing í Öskju þar sem komu saman fulltrúar ýmissa hópa og ræddu framtíð háskólasvæðisins með tilliti til samgöngu- og skipulagsmála. Eftir að fulltrúar höfðu farið með sína framsögu var boðið upp á spurningar. Þessir fulltrúar voru:

- Kristinn Jóhannesson - Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknimála kynnir nýja rammaskipulag háskólans.
- Heiður Anna Helgadóttir - Þjónustustjóri Stúdentagarða kynnir framtíðaruppbyggingu stúdentagarða
- Sunna Björg Reynisdóttir - Fulltrúi verkefnastofu Borgarlínu kynnir Borgarlínuna og samgöngusáttmálann
- Ragnheiður Einarsdóttir - Samgöngusérfræðingur hjá strætó kynnir nýtt leiðarkerfi strætó.
- Dóra Björt Guðjónsdóttir - Varaformaður skipulags - og samgönguráðs kynnir áherslur Reykjavíkurborgar fyrir háskólann.

Heilt á litið gekk málþingið vel. Fulltrúar voru áhugasöm um málið og höfðu öll útbúið skemmtilegar kynningar. Mæting var dræm og er þar mögulega nefndinni um að kenna. Viðburðurinn var vel auglýstur á samfélagsmiðlum en skilaboð til næstu stjórnar eru þau að aldrei halda viðburð seinnipartinn á föstudegi.

18. mars - [Stúdentaráð fagnar nýjum deilibílum sem nýttast stúdentum](#)

Forseti nefndarinnar og Forseti stúdentaráðs fengu þann heiður að vígja nýja deilibíla með borgarstjóra. Fjallað var um málið í kvöldfréttum og ljóst er að þessir bílar munu nýttast stúdentum vel. Samstarf Stúdentaráðs og Hopp hefur hingað til verið farsælt og von til þess að það haldist áfram.

29. mars til 31. mars - Grænir dagar

Grænir dagar voru haldnir í mars en aðkoma nefndarinnar var lítil að þessu sinni. Nefndin ráðlagði GAIA sem heldur utanum daganna hvert leyti skuli til ýmsa hluti líkt og starfsfólk og bókun á stofu. Einnig aðstoðaði forseti nefndarinnar forseta GAIA við að berjast fyrir frískáp á háskólasvæðið.

Niðurlag

Fráfarandi nefnd telur að hún hafi staðið fyrir góðu starfi en telur að COVID-19 hafi komið í veg fyrir fleiri viðburði. Nefndin hvetur til þess að undirnefnd grænfána- og loftlagsmála haldi áfram störfum og vill ráðleggja þeim sem taka við að einhver annar en forseti umhverfis- og samgöngunefndar taki að sér forsæti í grænfána- og loftlagsnefndinni þar sem verkefni þess fyrrnefnda eru nú þegar mörg. Gott er að setja sér upp skýrt viðburðadagatal snemma á starfsárinu og skipuleggja sig út starfsárið þar sem viðburðir nefndarinnar samkvæmt framkvæmdaáætlun eru mörg. Mikilvægt er að skerpa á verkaskiptingu nefndarinnar og undirnefndarinnar og þá sérstaklega hvor nefndinn ber ábyrgð og hvaða viðburðum sem eru í framkvæmdaáætlun nefndarinnar. Fráfarandi nefnd leggur einnig til að undirnefndin setji sér upp skýra verkaskiptinu þar sem einn væri tengiliður SHÍ inn í loftslagsverkfallsverkefnið og svo framvegis.

Fráfarandi nefnd vill þakka fyrir samstarfið við öll þau sem hún starfaði með á árinu og vonar að þessi mikilvægi málaflokkur fái áfram það vægi sem hann hefur fengið.

Sindri Freyr Ásgeirsson, forseti umhverfis- og samgöngunefndar

4 STJÓRN STÚDENTARÁÐS

Á vegum Stúdentaráðs starfar stjórn sem fer með daglega hagsmunabaráttu á vegum ráðsins. Stjórnin annast framkvæmd þeirra verkefna sem ráðið felur henni og getur einnig tekið ákvarðanir og afgreitt mál á fundum innan þeirra marka sem ráðið ákveður hverju sinni. Samkvæmt lögum Stúdentaráðs er stjórnin skipuð forsetum sviðsráðanna fimm ásamt forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Forseti Stúdentaráðs stjórnar fundum stjórnar en í fjarveru hans fellur það undir varaforseta. Þá kys stjórnin sér ritara og gjaldkera.

Stjórn Stúdentaráðs 2021-2022

- Isabel Alejandra Díaz, forseti Stúdentaráðs og forseti stjórnar
- Sara Þöll Finnbogadóttir, varaforseti Stúdentaráðs og varaforseti stjórnar
- Rebekka Karlsdóttir, forseti sviðsráðs Félagsvísindasviðs
- Ingunn Rós Kristjánsdóttir, forseti sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs
- Jóna Gréta Hilmarsdóttir, forseti sviðsráðs Hugvísindasviðs
- Rósa Halldórsdóttir, forseti sviðsráðs Menntavísindasviðs
- Ingvar Þóroddsson, forseti sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, oddviti Röskvu og gjaldkeri

Áheyrnafulltrúar í stjórn 2021-2022

- Ellen Geirsdóttir Håkansson, oddviti Vöku
- Vaka Lind Birkisdóttir, framkvæmdastýra Stúdentaráðs og ritari stjórnar
Hjördís Sveinsdóttir var með áheyrnarrétt sem framkvæmdastýra fram að haustmisseri 2021
- FEDON tilnefndi ekki fulltrúa í ár.

Yfirferð starfa stjórnar á starfsárinu

Stjórn sá áfram um ráðningar starfsfólks á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs, samþykkti uppfærðar verklagsreglur stjórnar og fór yfir verklagsreglur skrifstofu og Stúdentaráðs. Stjórnin fór einnig yfir efnislegan undirbúning stefnumótunarferðarinnar, miðlaði upplýsingum áfram til forseta og skrifstofu Stúdentaráðs og fékk sömuleiðis upplýsingar frá forseta um málefni svo voru ýmist í farvegi eða á döfinni.

Þá tók stjórn einnig til umfjöllunar tillögur, minnisblöð, yfirlýsingar, tilkynningar og umsagnir í umboði Stúdentaráðs, gekk frá skipun í Stúdentasjóð og hafði góða innsýn í skipulagningu herferðar Stúdentaráðs vegna alþingiskosninganna í september 2021.

Stjórn fundaði mánaðarlega og ávallt viku fyrir Stúdentaráðsfundi og var fastur liður að fara yfir efni næsta Stúdentaráðsfundar með það að markmiði að stuðla að gagnsæi sem og málefnalegra umræðna, og miðla upplýsingunum áfram til sviðsráðsmeðlima og fylkinganna. Stjórnin átti örfáa aukafundi í tengslum við ráðningarferlið.

Verklagsreglur stjórnar Stúdentaráðs má finna í viðauka D.

5 SKRIFSTOFA STÚDENTARÁÐS

5.1 ÁRSSKÝRSLA FORSETA

Forseti Stúdentaráðs er málsvari ráðsins gagnvart háskólanum, stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum hagaðilum en stýrir einnig Stúdentaráði og stjórn ráðsins. Forseti er jafnframt yfirmaður á skrifstofunni þar sem hann sér um öll daglegu störf. Hlutverkið er ábyrgðamikið og krefst oft vandaðrar nálgunar, en felur helst í sér að vera leiðtogi og jafningi meðal fulltrúa Stúdentaráðs. Gott samstarf og andrúmsloft eykur á vellíðan og þannig fær hver og einn að blómstra í sínu hlutverki. Undirrituð var áfram með áheyrnarrétt í stjórn Félagsstofnunar stúdenta, var fulltrúi í stúdentaráði Aurora ásamt alþjóðafulltrúa, átti sæti í fulltrúaráði Landssambands ungmennafélaga og fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta. Þá sat undirrituð í geðheilbrigðishópi Háskóla Íslands, var varafulltrúi í Byggingafélagi námsmanna og sat fundi með rektor, öðrum stjórnendum skólans og ráðherra.

Störf forseta

Starfsemi Stúdentaráðs var mjög umfangsmikil á starfsárinu og voru því fjölda verkefna inni á borði réttindaskrifstofunnar allan ársins hring. Undirrituð hélt vel utan um þau mál og tryggði upplýsingaflæði á fundum skrifstofu, stjórnar og Stúdentaráðs sem og með mánaðarlegum pistlum. Þá var einskonar nýjung að skrifa minnisblöð vegna stórra mála sem voru afhent og tekin til umfjöllunar á Stúdentaráðsfundum. Mælt er sérstaklega með að halda því áfram, það nýtist ekki einungis til að halda Stúdentaráðsliðum upplýstum heldur einnig tryggir það stofnanaminni ráðsins.

Forseti var boðaður á 110 ára afmæli Háskóla Íslands þann 17. júní 2021 og fór þar með ávarp fyrir gesti ásamt forseta Íslands, forsætisráðherra, fyrrverandi forseta Íslands og rektor. Undirrituð hélt einnig stutta tölu á móttöku erlendra nemenda á haustmisseri og sótti haust-Aurora Biannual, í Tarragona á Spáni, með alþjóðafulltrúa í nóvember 2021. Undirrituð hélt ávarp á afmælishátíð kvennaframboðsins í mars 2022 og erindi á akkerisfundi Háskóla Íslands í maí 2022. Þá skrifaði undirrituð ávarp í Akademíuna og í öll fjögur Studentablöðin, ásamt

fjórum greinum sem voru birtar á Vísi og í Fréttablaðinu með rektor. Til viðbótar var óskað eftir grein í tímarit Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands. Undirrituð stýrði umræðufundi vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga í mars 2022 og mun taka þátt í pallborði um kennslumál í lok maí mánaðar. Undirrituð forfallaðist á vor-Aurora Biannual, í Innsbruck í maí 2022, en hagsmunafulltrúi nýkjörinnar skrifstofu sótti ráðstefnuna.

Skrifstofa Stúdentaráðs

Í byrjun starfsársins ákvað skrifstofan að funda aðra hvora viku en það þróaðist út í að inn á milli voru haldnir styttri stöðufundir. Þeir fundir voru aðeins afslappaðri yfir kaffibolla snemma dags, aftur á móti var alltaf full dagskrá á stærri starfsmannafundunum. Þeir voru nýttir til að ræða framvindu mála og verkefni sem voru á döfinni. Til viðbótar átti undirrituð fundi með starfsfólki eftir þörfum en framkvæmdastýra var með meiri umsjón yfir starfshlutföllin, eins og gefur að skila. Frá upphafi var stefnt að því að hafa skrifstofuna opna og að viðvera allra starfsmanna yrði nokkuð föst yfir allt árið. Það tók vissum breytingum í ljósi samkomutakmarkana auk þess að kórónuveiran náði öllum á svipuðum tíma. Leitast var þó eftir því að hafa viðveru á skrifstofunni og frekar loka henni fyrir utanaðkomandi í stað þess að færa vinnuna heim.

Líkt og fyrri ár var forseti einn í fullu starfi en öll sinntu hlutverkum sínum skynsamlega þannig að starfsemin gengi upp. Það var lögð áhersla á hreinskilin samskipti í hvívetna til að efla traust og samvinnu. Álagið reyndist mikið á árinu og kom í bylgjum, var það án efa vegna fjölda verkefna sem skrifstofan var að sinna, það kom hins vegar ekki að sök enda var leitast eftir því að forgangsroðunin væri skýr. Starfsfólk skrifstofunnar fer ávallt eftir verklagsreglum sem samþykktar eru ár hvert, og starfslýsingum sínum sem eiga sér stoð í verklagsreglum og lögum Stúdentaráðs. Það er afskaplega mikilvægt að starfsfólk sinni fyrst og fremst þeim verkefnum sem starfslýsingar segja til um en geti líka komið til móts við skrifstofuna vegna einstakra tilfallandi verkefna. Það þarf hins vegar að gæta jafnvægis. Samvinnan var góð á skrifstofunni sem skipti sköpum því birti töluvert til á árinu og var hægt að framkvæma meira. Þar kom sér einstaklega vel að undirrituð og varaforseti héldu áfram störfum frá fyrra ári. Skemmtilegur

áfangi náðist einnig yfir sumarið þegar alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs var kjörinn forseti Aurora stúdentaráðsins. Þá hélt skrifstofan í 1. desember hefðina og fór ásamt rektor og aðstoðarrektor vísinda að leiði Jóns Sigurðssonar.

Stúdentaráð yfir árið

Hagsmunabaráttan var áfram öflug og átti erindi út í samfélagið. Með fyrstu verkefnum nýs Stúdentaráðs eftir kosningar var að gagnrýna ný samþykktar úthlutunarreglur Menntasjóðs námsmanna fyrir skólaárið 2021-2022, sem innihéldu engar breytingar á grunnframfærslu framfærslulána. Ákvörðun ráðherra að þess í stað fela hópi ráðuneytisstjóra að koma með farsæla lausn á því máli skilaði að lokum engum varanlegum breytingum. Stúdentaráð fór í herferðina „*Stúdentar eiga betra skilið*“ í tilefni Alþingiskosninga í september 2021, sem var einskonar svar við herferðinni frá fyrra starfsárinu „*Eiga stúdentar ekki betra skilið?*“. Starfshópur var stofnaður sem sá um að skipuleggja herferðina ásamt því að halda utan um m.a. tvö pallborð og samantekt um kosningaáherslur stjórn mála flokkana í málefnum stúdenta. Þá tóku forseti Stúdentaráðs og rektor Háskóla Íslands höndum saman við að vekja athygli á [mikilvægi háskólamenntunar og undirfjármögnun háskólastigsins](#). Þá efndi ráðið til pallborðs með frambjóðendum til borgarstjórnar í maí 2022. Nánar er fjallað um alþingis og borgarstjórnarkosningarnar í köflum 6.4 og 6.12. Stúdentaráð var leiðandi í málefnum stúdenta og náðu áherslur ráðsins inn á þing en þar töluðu þingmenn um atvinnuleysisbótakröfuna, húsnæðisskýrsluna og fjármögnun háskólastigsins sem var mjög gleðilegt því almennt voru menntamálin lítið rædd í kosningabaráttunni fyrir alþingiskosningar. Þá var beinlínis vitnað í herferðarefnið okkar í frumvarpi til laga um Menntasjóð námsmanna.

Þá samþykkti ráðið að ráða inn verkefnastjóra yfir sumarið 2021 til að afla gagna og upplýsinga um réttindi og kjör stúdenta innan velferðarkerfisins. Mælt er með því að slíkt sé gert aftur ef Stúdentaráð hefur tök á. Stúdentaráð fór í stefnumótunarhelgi 10-11. júní þar sem lagðar voru línurnar að framkvæmdaáætlunum fastanefnda en einnig í fyrsta sinn hafið vinnu við mótun heildarstefnu sem mun vera grunnur og leiðarvísir ráðsins. Skrifstofan starfar í umboði

Stúdentaráðs eftir samþykktum yfirlýsingum, ályktunum, tillögum, umsögnum o.fl. hverju sinni. Tilgangurinn með mótun heildarstefnu er hins vegar að eiga til áþreifanlega afstöðu Stúdentaráðs í lykilmálefnum á sama tíma og ákveðið svigrúm er tryggt til að ráðið þróist í takt við breytingar og framfarir úr umhverfi sínu.

Í október 2021 var [nýja viðbyggingin við Gamla garð vígð](#) að viðstöddum fulltrúum og velunnurum háskólasamfélagsins. Viðræður um kaup á Hótel Sögu, sem stóðu yfir í tæpt ár, voru stúdentum mjög hugleikin og því einstaklega ánægjulegt að þegar tilkynnt var um kaupin í desember 2021. Menntavísindasvið mun þar með flytjast á miðháskólasvæðið og stúdíóíbúðir bætast við í norðurhluta byggingarinnar. Stúdentaráð sótti landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta á Hólum 3.-6. mars 2022. Forseti og varaforseti forfölluðust vegna kórónuveirusmits og því leiddu lánasjóðsfulltrúi og hagsmunafulltrúi hópinn. Fjallað er um þingið í kafla 10.3. Stúdentaráð stóð áfram að skipulagningu Loftslagsverkfallana og innan veggja háskólans kom ráðið að nýnemadögunum, háskóladeginum og móttöku erlendra nemenda en þar gefast fulltrúum ráðsins tækifæri á að kynna starfið. Viðburðir á vegum ráðsins voru þó nokkrir yfir árið, m.a. vísindaferðir í Stúdentaráð og Símann, fyndnasti háskólaneminn, Partý bingó og Sumarfestival í lok maí. Skrifað var undir nýjan samning vegna Októberfest en því miður varð að fresta hátíðinni.

Umsagnar-, yfirlýsingar- og ályktunarskrif voru aftur tíð á árinu. Stúdentaráð skilaði inn alls fjórum umsögnum vegna frumvarps til laga um Menntasjóð námsmanna, frumvarps til laga um atvinnuleysistryggingar og skýrslu starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa. Yfirlýsingar voru fimm vegna vígslu Gamla garðs, innrásar Rússlands í Úkraínu, neyðarástands í Afganistan, myndun nýrrar ríkisstjórnar og stuðningsyfirlýsing við umsagnir alþjóðasamtaka og hreyfinga vegna laga um útlendinga. Ályktanir voru tvær vegna Stapa við Hringbraut og heilbrigðismóttöku á háskólasvæðinu. Þetta er aðgengilegt í 8. kafla. Tillögur samþykktar í Stúdentaráði voru alls sautján talsins og eru í viðauka B. Þá eru einnig erindi frá Stúdentaráði til stjórnvalda og Háskóla Íslands í kafla 8.7. Annað efni voru fréttatilkynningar, almennar tilkynningar og önnur viðbrögð. Störf stjórnar Stúdentaráðs eru síðan rakin í 4. kafla.

Málefni og önnur verkefni

Áfram var hugað að velferð stúdenta og var sjötta könnunin lögð fyrir um líðan og stöðu stúdenta við Háskóla Íslands. Geðheilbrigðismál voru í forgangi og unnið markvisst að því að fjölga úrræðum og betrubæta þjónustu, sem næði einnig til erlendra nemenda. Könnun um hagi og aðstæður foreldra í námi var einnig lögð fyrir en sú vinna hófst hjá skrifstofunni og nefndinni á síðasta starfsári. Mikið kapp var lagt í breytingar á fyrirkomulagi sjúkra- og endurtökuprófa á Félagvísindasviði, skrásetningargjaldið, samstarf við önnur hagsmunafélög vegna ókyngreindra salerna, skipulags- og samgöngumál með Háskóla Íslands, húsnæðismál og vinna við áform um lágvöruverðsverslun með Félagsstofnun stúdenta. Einnig var lögð áhersla á rafrænar lausnir, þak á gildi prófa, prófnúmer og eflingu fjarnáms. Til viðbótar var unnið að því að kanna starfsleyfi nýútskrifaðra sálfræðinga með sviðsráði Heilbrigðisvísindasviðs, fæðingarstyrk námsmanna með fjölskyldunefnd og möguleika á innleiðingu Matarspors með Stúdentaráðsliðanum sem lagði tillöguna fram. Þá samþykkti Stúdentaráð að beita sér fyrir starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun, fjármögnun rannsókna á sviði jafnréttismála og aðgengi nema utan EES í vinnu með námi. Það eru verkefni sem næsta skrifstofa mun vinna í, þar sem þau komu inn á borð skrifstofunnar undir lok starfstímabilsins.

Lengi mætti svo áfram telja en farið er betur yfir stór verkefni í 6. kafla um starfsemi Stúdentaráðs, auk þess að verkefni eru rakin í ársskýrslum starfsfólks skrifstofunnar, sviðsráðana og fastanefnda Stúdentaráðs. Við endum þó árið á 18% hækkun á grunnframfærslu framfærslulána hjá Menntasjóði námsmanna eftir mikla baráttu og viljayfirlýsingu um að Stapi verði nýttur undir stúdentaíbúðir í náinni framtíð. Stórir áfangar!

Hugleiðingar

Þegar litið er yfir farinn veg vefst það ekki fyrir neinum að margt hafi áorkast á starfstímabilinu. Starfið var sérstaklega öflugt innan veggja skólans en þar voru akkúrat verkefnin sem ekki

hafði verið hægt að sinna eins og skyldi árinu á undan vegna faraldursins. Það hefur því verið bjartari blær yfir þessu starfsári og góður grunnur verið lagður fyrir áframhaldandi hagsmunagæslu. Undirrituð vill gjarnan þakka samstarfsfólki á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs fyrir vel unnin störf í þágu stúdenta, samveruna og lífsreynsluna sem verður eftirminnileg.

Isabel Alejandra Díaz, forseti Stúdentaráðs 2021 - 2022

5.2 ÁRSSKÝRSLA VARAFORSETA

Staða varaforseta er margbreytileg og fer að miklu leyti eftir því hver sinnir stöðunni hverju sinni - þó er hlutverkið bundið nokkrum skyldum. Mikilvægasta starf varaforseta er að geta gengið í stöðu forseta með miklum eða skömmum fyrirvara. Gerðist það einu sinni á þessu starfsári þegar forseti sótti Aurora ráðstefnu erlendis, sinnti varaforseti þá stöðu forseta í viku og stýrði stjórnarfundum Stúdentaráðs. Auk þess að geta stokkið til í fjarveru forseta, sinnir varaforseti hlutverki sínu sem tengiliður Stúdentaráðs við nemendafélög skólans og vera með yfirumsjón yfir fastanefndum Stúdentaráðs. Varaforseti situr einnig í stjórn Stúdentaráðs og sér um mætingu og mælendaskrá á fundum Stúdentaráðs. Önnur verkefni eru tilfallandi en varaforseti bar ábyrgð, ásamt forseta, á stefnumótun SHÍ á þessu starfsári. Nánar verður farið út í starfsárið hér að neðan.

Stefnumótun á heildarstefnu SHÍ

Á síðasta starfsári 2020-2021 var ákveðið að byrja að taka skref í átt að því að móta heildarstefnu SHÍ, þar sem engin heildarstefna var til staðar. Framkvæmdaáætlanir fastanefnda SHÍ höfðu þá verið kallaðar „stefna SHÍ í [tilteknu hagsmunamáli]“. Var sammælt um að SHÍ þyrfti að móta sér heildarstefnu sem byggði á fyrri viðbrögðum, t.d. yfirlýsingum, ályktunum, umsögnum, viðtölum og framkvæmdaáætlunum nefnda. Hægt er að lesa um stefnumótunarferð SHÍ sumarið 2020 í ársskýrslu SHÍ 2020-2021 og þau skref sem voru tekin þar. Í byrjun þessa starfsárs hófst síðan formleg mótun á heildarstefnu SHÍ um stefnumótunarhelgi SHÍ, betur má lesa um hana í kafla 6.1.1 í ársskýrslunni. Að lokum hennar

tók við annað ferli sem má lesa um í kafla 6.1.2. Varaforseti og forseti báru ábyrgð á þessari vinnu og kynnti forseti fullbúna stefnu á skiptafundi Stúdentaráðs 18. maí 2022.

Fastanefndir SHÍ

Eitt af þeim fyrstu verkefnum sem varaforseti sinnir á skrifstofunni er að koma fastanefndum SHÍ af stað í byrjun starfsársins. Skipulagði varaforseti fundi með nýjum forsetum og nefndarmeðlimum yfir sumarið (og í einstaka tilfellum í byrjun skólaársins). Var þá búið til heimasvæði fyrir nefndirnar til að bæði skipuleggja starfið sitt og vinna saman. Á fyrsta fundi var aðallega miðlað áfram upplýsingum frá forverum þeirra, farið yfir störf varaforseta sem tengiliður og þeim gert ljóst að þau gætu alltaf leitað til varaforseta með spurningar. Á miðju starfsári kom upp hugmynd meðal nefndanna að hafa samráðsfundi einu sinni í mánuði eða eftir þörfum þar sem nefndarforsetar og varaforseti myndu hittast. Nokkrir samráðsfundir voru haldnir og komu þeir að góðum notum þar sem forsetar nefnda sækja ekki endilega fundi Stúdentaráðs og virkuðu þessir fundir sem bæði upplýsingaveita og samstarfsvettvangur milli nefnda og réttindaskrifstofu Stúdentaráðs. Varaforseti hvetur arftaka sína til að halda áfram þessum samráðsfundum til að tryggja betra upplýsingaflæði milli réttindaskrifstofu SHÍ og nefnda.

Nemendafélög

Í byrjun starfsársins þarf að uppfæra upplýsingar um nemendafélög á heimasíðu Stúdentaráðs. Í því felst að hafa samband við öll nemendafélög og óska eftir uppfærðum upplýsingum og sömuleiðis fá fulltrúa frá þeim til að ganga í samstarfshóp á *Facebook*. Vel náðist að smala saman fulltrúum nemendafélaga í hópinn en ekki náðist í sum nemendafélög. Til að auðvelda umsjón með upplýsingum um nemendafélög, bjó varaforseti til yfirlitsskjal með upplýsingum nemendafélaga (og annarra félaga við háskólann). Þar er hægt að finna tengiliði nemendafélaga og hvort upplýsingar eru uppfærðar eða ekki. Með þessu er hægt að halda betur um upplýsingar um nemendafélög og tryggja að þær séu uppfærðar ár hvert. Varaforseti og forseti funduðu einnig með fulltrúum nemendafélaga einu sinni á hvorri önn. Fundirnir gengu vel og þjónuðu sínum tilgangi sem vettvangur fyrir nemendafélög til að

skiptast á upplýsingum og fyrir skrifstofu Stúdentaráðs til að miðla upplýsingum áfram frá Stúdentaráði eða stjórnslu háskólans.

Afslættir SHÍ

Varaforseti sér einnig um afslætti sem býðst stúdentum við háskólann. Er það eitt af þeim verkefnum sem varaforseti sinnir í byrjun starfsársins. Sú vinna er mestmegnis handavinna sem felur í sér að senda póst hingað og þangað til að bæði óska eftir fleiri afsláttum og uppfæra þá sem nú þegar býðst stúdentum. Líkt og með nemendafélögin, þá útbjó varaforseti til yfirlitsskjal þar sem hægt er að sjá alla afslætti sem eru á á heimasíðu Stúdentaráðs og hvort þeir séu uppfærðir eða ekki. Varaforseti hvetur arftaka sína til að ljúka þessu verkefni sem fyrst yfir sumartímann.

Tilfallandi verkefni

Varaforseti, ásamt forseta og lánasjóðsfulltrúa, sat í starfshópi Stúdentaráðs sem sá um að skipuleggja herferð ráðsins fyrir alþingiskosningarnar. Herferðin bar heitið „*Stúdentar eiga betra skilið*“ og sá varaforseti um að klippa myndbönd fyrir herferðina. Sem hluti af herferðinni, stýrði varaforseti (ásamt fulltrúa frá Stúdentaráði) pallborði með frambjóðendum þeirra flokka sem voru í framboði til Alþingis.

Myndataka SHÍ fór fram í janúar 2022 og sá varaforseti um að taka myndirnar og vinna þær. Vegna óviðráðanlegra aðstæðna, náðist ekki að hafa myndatöku fyrr á starfsárinu.

Varaforseti sat í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS). Hefur það oftast verið þannig að forseti situr í fulltrúaráði ásamt fyrrum forseta en vegna þess að Isabel Alejandra Diaz hélt áfram sem forseti, þá tók varaforseti að sér að sitja í fulltrúaráðinu ásamt henni. Mun varaforseti (Sara Þöll Finnbogadóttir) sitja áfram í fulltrúaráðinu árið 2022-2023, ásamt Rebekku Karlsdóttur (nýjum forseta SHÍ).

Sara Þöll Finnbogadóttir, varaforseti Stúdentaráðs 2021 - 2022

5.3 ÁRSSKÝRSLA HAGSMUNAFULLTRÚA

Jessý Jónsdóttir gegndi stöðu hagsmunafulltrúa SHÍ starfsárið 2021-2022 og var kjörin á kjörfundi Stúdentaráðs í apríl 2021. Jessý tók í maí við af fyrrum hagsmunafulltrúa en vann nokkur mál í samráði við hann til að öðlast reynslu og til þess að komast hratt og örugglega inn í starfið. Hagsmunafulltrúi aðstoðar stúdenta við að leita réttar síns og ráðleggja við ýmsar aðstæður sem koma upp í tengslum við nám við Háskóla Íslands.

Heildarmálafjöldi þegar þessi ársskýrsla er rituð er 137 sem er jafnframt flest mál sem hafa komið inn á borð hagsmunafulltrúa síðan 2017; þegar formleg málaskrá hagsmunafulltrúa var sett á laggirnar og er það 47% aukning mála frá fyrra starfsári. Hægt er að áætla að þetta séu flest mál frá tilurð stöðunnar. Að meðaltali komu 14 mál inn á mánuði á haustönn og 11 mál á vorönn en búist er við að þeim fjölgi áður en maímánuði lýkur og þar með prófahaldi og einkunnabirtingu á vormisseri.

Margar fyrirspurnir eru auðleysanlegar og varða t.a.m. birtingu gamalla prófa og einkunnaskil. Enn bar á málum tengdum Covid-19 faraldrinum, einkum á haustmisseri. Inntak þeirra mála varðaði bæði prófahald og upptöku í tímum þegar fólk var veikt eða fjarverandi sökum Covid-19. Að öðru leyti eru fyrirspurnir og málin eins fjölbreytt og þau eru mörg, frá formlegum kvörtunum til vandræða í hópavinnu - og allt þar á milli.

Ljóst er að sýnileiki Stúdentaráðs og hagsmunafulltrúa skiptir sköpum til að vekja athygli á réttindaskrifstofu ráðsins og þeirri ráðgjöf og þjónustu sem hagsmunafulltrúi veitir. Sökum Covid-19 gekk illa að koma á fót föstum viðtalstímum en stúdentar voru duglegir við að koma við og hringja til að leita sér aðstoðar, ásamt því að senda póst á netfang Stúdentaráðs og senda inn fyrirspurnir á heimasíðu ráðsins. Skrifstofa Stúdentaráðs var lokuð á tímabili sökum faraldsins en fráfarandi hagsmunafulltrúi hvetur komandi einstaklinga sem sinna starfinu að taka upp þann góða sið að hafa fasta viðtalstíma, til að auðvelda aðgengi að þjónustu hagsmunafulltrúa. Einnig var brugðið á það ráð að stofna sérstakt netfang fyrir

hagsmunafulltrúa, hagsmunashi@hi.is, til að stúdentar gætu haft samskipti við hagsmunafulltrúa beint án þess að aðrir hefðu aðgang að tölvupóstinum.

Mörg mál sem koma inn á borð hagsmunafulltrúa eru persónuleg og því þótti skristofu ráðsins mikilvægt að hægt væri að gæta trúnaðar með þessu móti. Starf hagsmunafulltrúa er mikilvægt og víðfeðmt og felst fyrst og fremst í því að nálgast stúdenta af nærgætni og sýna málum þeirra og áhyggjum með virðingu - með verklagsreglur og reglur háskólans að leiðarljósi við úrvinnslu þeirra. Oft og tíðum nægir að veita milligöngu eða sitja fundi ásamt stúdentnum sem á í hlut og bera þungann af máli og sjónarmiðum stúdents þegar erfitt getur reynst fyrir hann sjálfan að gera slíkt.

Önnur verkefni sem hagsmunafulltrúi starfsársins tók að sér voru m.a. aðstoð við viðburðahald hjá nefndum ráðsins, skipulagning stefnumótunarferðar Stúdentaráðs í samvinnu við varaforseta, gerð og utnumhald sjöttu könnunar Stúdentaráðs á högum og líðan stúdenta á Covid tímum og könnun fjölskyldunefndar á högum foreldra í námi í faraldrinum. Jafnframt sat hagsmunafulltrúi í stjórn Byggingafélags námsmanna (BN).

Jessý Jónsdóttir, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs 2021 - 2022

5.4 ÁRSSKÝRSLA LÁNASJÓÐSFULLTRÚA

Vífill Harðarson gegndi stöðu lánasjóðsfulltrúa SHÍ starfsárið 2021-2022 og var kjörinn á kjörfundi Stúdentaráðs í apríl, 2021. Lánasjóðsfulltrúi vinnur að hagsmunum stúdenta og þá helst er varða Menntasjóð námsmanna. Fulltrúinn heldur úti ráðgjafapjónustu og kynningarstarf fyrir stúdenta við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Hólum. Ráðgjafapjónustan felur í sér handleiðslu mála er snúa að Menntasjóðnum. Samstarf lánasjóðsfulltrúa við SHA (Stúdentaráð Háskólans á Akureyri) var komið á fót starfsárið 2017-2018 og var þetta því fimmta árið þar sem lánasjóðsfulltrúi þjónustar stúdenta við HA. Kynningarstarf fólst í sér gerð og flutningur kynninga fyrir nemendur háskólana. Á starfsárinu 2021-2022 hélt lánasjóðsfulltrúi fimm kynningar tengt

ólíkum efnum Menntasjóðsins. Markmið lánasjóðsfulltrúa á árinu var að gera kynningarnar fjörlegar og þar með efnið aðgengilegra. Lánasjóðsfulltrúi telur að vel hafi tekist til þess og leggur til að næsti lánasjóðsfulltrúi setji sér einnig sama markmið.

Lánasjóðsfulltrúi hóf samstarf við Landbúnaðarháskólann sem og Háskólann á Hólum þetta starfsár. Ekki tókst að ferðast til háskólanna tveggja árið 2021 vegna tilkomu samkomutakmarkana. Fyrir næsta starfsár leggur lánasjóðsfulltrúi til að komi verði á skýrum samskiptaleiðum við Landbúnaðarháskólann og Háskólann á Hólum og þá helst við stúdentafélögin hjá háskólunum. Nauðsynlegt er að vera ákveðin á tímasetningu fyrir heimsókn lánasjóðsfulltrúa í umrædda háskóla eigi síðar en undir lok september, 2022.

Heimsóknir í aðra háskóla voru takmarkaðar á starfsárinu. Lánasjóðsfulltrúi fór með flugi til Akureyrar þann 29. október, 2021, og hélt opinn fund fyrir nemendur HA til þess að leita aðstoðar og kynningu á Menntasjóði námsmanna. Fundurinn tókst vel og leituðu fimm nemendur eftir ráðgjöf vegna vafamála. Fyrir næsta starfsár leggur lánasjóðsfulltrúi til að auglýst verði betur fundartímann hjá Háskólanum á Akureyri. Einnig er lagt til að lánasjóðsfulltrúi haldi kynningu aðgengilega öllum nemendum HA, þar sem farið er yfir helstu lykilatriði Menntasjóðsins, auglýsing umsóknarfresta o.s.fv.

Verkefni lánasjóðsfulltrúa eru einnig að sjá til þess að þjónustusamningur við Menntasjóðinn sé fylgt og halda upplýsingaflæði milli sjóðsins og SHÍ virku. Lánasjóðsfulltrúi situr í stjórn Menntasjóðsins og talar þar fyrir hagsmunum stúdenta við opinberra háskóla. Nýr lánasjóðsfulltrúi tók við sæti í stjórn í ágúst, 2021. Eftir kosningar til Alþingis í september, 2021, var ekki starftæk stjórn hjá Menntasjóði námsmanna fram til febrúar, 2022. Kallað var til bráðabirgðafundar í nóvember vegna yfirferðar og staðfestingu á málum hjá málskotsnefnd Menntasjóðsins. Á starfsárinu mun því lánasjóðsfulltrúi aðeins sitja átta stjórnarfundir í stað ellefu. Þar sem ekki var skipuð stjórn frá september, 2021, til febrúar, 2022. Lánasjóðsfulltrúi leggur til að á næsta starfsári leiti lánasjóðsfulltrúi eftir því að sitja í vafamálanefnd Menntasjóðsins og sækja alla fundi hjá nefndinni sem hún hefur við stjórnina. Hafði tilkoma

Alþingiskosninga og breyting á stjórn Menntasjóðsins í kjölfarið einnig áhrif á undirbúning úthlutunarreglna fyrir árið 2022-2023 sem farið er nánar yfir í kafla 6.5 um Menntasjóð námsmanna í ársskýrslunni.

Á starfsárinu voru lögð fram tvö frumvörp til Alþingis er vörðuðu breytingar á lögum um Menntasjóð námsmanna. Að beiðni allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis skilaði Stúdentaráð Háskóla Íslands inn umsögnum fyrir bæði frumvörpin. Voru umsagnirnar skrifaðar í samvinnu við lánasjóðsfulltrúa og bornar upp til samþykkis Stúdentaráðs. Enn fremur vann lánasjóðsfulltrúa að undirbúning og viðbrögðum Stúdentaráðs við úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna fyrir 2022-2023.

Vífill Harðarson, lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs 2021 - 2022

5.5 ÁRSSKÝRSLA FRAMKVÆMDASTÝRU

Framkvæmdastjóri getur verið með mörg mismunandi verkefni. Undirrituð tók við í ágúst 2021 og líkur störfum 31 maí, en mun vera til taks ef þess þarf yfir sumarið. Í þessum kafla verður farið yfir föst/almenn verkefni sem framkvæmdastjóri á að sinna. Einnig verður farið yfir verkefni sem framkvæmdastjóri hefur þurft að stökkva inn í og taka við. Að loka verður farið yfir fjárhagsstöðu Stúdentaráðs.

Föst verkefni

Bókhald, ársreikningur og reikningar

Bókhaldið er afgreitt í DK sem Stúdentaráð fær að nota gjaldfrjálst í gegnum Félagsstofnun Stúdenta. Undirrituð notar DK til að búa til vsk skýrslur, sölureikninga og margt fleira. Launin, lokahönd á vsk skýrslum og ársreikningar eru afgreidd hjá KPMG. KPMG veitir góða þjónustu en er of dýr fyrir hagsmunafélag eins og Stúdentaráð. Undirrituð byrjaði í desember 2021 að hafa samband við smærri bókhaldsfyrirtæki til að finna ódýrari þjónustu fyrir stúdentaráð.

Það á eftir að fara betur yfir það með stjórn stúdentaráðs og vill undirrituð koma því til skila að næsti framkvæmdastjóri og undirrituð ættu að skoða að skipta um fyrirtæki um sumarið.

Fundarritun

Fundarritanir voru framkvæmdar af undirritaðri annan hvern mánudag á fundum hjá skrifstofu stúdentaráðs, einnig á fundum stjórn stúdentaráðs og Stúdentaráðsfundum. Undirrituð var beðin um að skrifa fundargerðir á fundum með ráðherrum, meðlimum í borgarstjórn og fulltrúum háskólans þegar þess þurfti.

Studentablaðið

Auglýsingasöfnun studentablaðsins og akademíunnar var mestmegnis framkvæmd af ritstjóra skrifstofunnar, en undirrituð hjálpaði með því að hafa samband við fyrirtæki. Það var mikilvægt að safna auglýsingar til að styrkja fjárhagsstöðu stúdentaráðs vegna áhrif Covid-19. Nokkrir aðilar innan stúdentaráðs höfðu þá skoðun um að hætta með prentun á studentablaðinu vegna umhverfisáhrifa og kostnað blaðsins. Undirrituð lækkaði prentun á fjölda eintökum af blaðinu árið 2022 um sirka 150 eintök, en það var ekki hægt að lækka um meira vegna bundinna samninga við fyrirtæki. Nýkjörið stúdentaráð þarf að ákveða í sumar hvort það eigi að halda áfram að prenta studentablaðið, skoða kosti og galla þess, áður en samningar eru afgreiddir við samstarfsfyrirtæki stúdentaráðs.

Stúdentasjóður

Það var greitt fjórum sinnum yfir skólaárið, en það er mikill peningur eftir í stúdentasjóði frá fyrra skólaári. Stjórn stúdentasjóðsins ætti að ræða við þann sem á við um hvað væri hægt að nýta upphæðina í til að aðstoða nemendur enn frekar.

Íþróttaskóli

Ákveðið var með skrifstofu stúdentaráðs að halda íþróttaskólann janúar til mars 2022. Íþróttaskólinn er vanalega haldinn á hverjum laugardegi í 6 til 8 vikur um haustið. Undirritaður

hafði samband við alla viðkomandi aðila og auglýsingar voru tilbúnar. Hinsvegar vegna aukinna Covid-19 smita í janúar 22' var ákveðið að hætta við að halda íþróttaskólann. Undirrituð leggur til að ný stjórn stúdentaráðs skoði það að fjölskyldunefnd haldi utan um íþróttaskólann í sameiningu með framkvæmdastjóra. Þetta er mikil vinna og undirrituð leggur áherslu um að skoða að leggja þetta verkefni undir fjölskyldunefnd.

Samningar

Háskóli Íslands. Samningur var undirritaður í byrjun skólaárs 2021 við Háskóla Íslands, annars vegar um rekstur skrifstofu SHÍ og þjónusta við nemendafélög og hinsvegar þjónusta fyrir erlenda nemenda. Þegar samningurinn var gerður var reiknað út laun starfsmanna á skrifstofunni miðað við menntun og viðeigandi launataxta. Samningur miðaði ekki við hækkun á launatengdum gjöldum, heldur hélt hann sig við 20% af launum.

Orkusalan, síminn og landsbankinn. Samningur við Orkusöluna hefur gengið vel og telur undirritaður að það væri gott að halda áfram þar. Samningur við símann hefur gengið vel og samskipti hafa verið góð. Samstarf við landsbankann hefur gengið vel og telur undirritaður að það sé gott að halda áfram í því. Það er mikilvægt að nýr framkvæmdastjóri skoði ný fyrirtæki til að sjá hvort það sé eitthvað nýtt í boði fyrir samstarf.

Menntasjóður námsmanna (MSNM). Það hefur ekki enn verið gerður samningur við MSNM og á eftir að greiða til SHÍ fyrir þjónustu lánasjóðsfulltrúa fyrir allt skólaárið 2021-2022. Reynt var að gera samning í fyrra og hækka upphæð til SHÍ í samræmi við laun lánasjóðsfulltrúa, en það var óljóst hvort það myndi ganga í gegn.

Októberfest. Það var ekki gerður samningur við októberfest um haustið 2021 vegna Covid-19.

Kjörskrá og kosningar

Framkvæmdastjóri á að taka við nemendaskrá skólans frá nemskrá og afhenda listann til kjörstjórnar. Á þessu ári var ekki nógu gott upplýsingaflæði og það var óljóst um ábyrgðarhlutverk. Því má skoða hvort framkvæmdastjóri ætti að setja í stjórn kjörstjórnar svo

það sé betra upplýsingaflæði milli aðila innan skólans sem sjá um kjörlistann og kosningar á uglunni og kjörstjórnar.

Viðburðir

Framkvæmdastjóri á að taka að sér alls kyns verkefni skrifstofunnar ef þess þarf og viðburðir stóðu upp úr í auka verkefnum. Allir viðburðir voru skipulagðir af félagslífs-og menningarnefndar SHÍ, en eini virki meðlimurinn var forseti nefndarinnar Stefán Kári. Með honum tóku undirritaður og hagsmunafulltrúi það að sér að halda utan um flesta viðburðina. Undirritaður leggur til að varaforseti heldur utan um nánari samskipti við forseta nefndarinnar til að koma í veg fyrir virkni einn einstaklings í nefndinni.

Vísindaferðir

Vísindaferðir í SHÍ var skipt í fimm fyrir hvert svið. Þær voru skráðar með fyrirvara vegna faraldursins. Það tókst að lokum að halda allar vísindaferðir. Það var full skráning í hverja vísindaferð og mikil stemning. Undirritaður aðstoðaði forseta fél-og menningarnefnd að sjá um sýnileika Símanns, þar sem síminn var að styrkja viðburðina. Vísindaferð í Símann gekk einnig mjög vel, það var góð mæting og fín stemning.

Fyndnasti háskólaneminn

Félagslíf- og menningarnefnd hélt einnig utan um þennan viðburð með fulltrúum skrifstofunnar. Sá viðburður gekk mjög vel og tengdaraðili landsbankans við SHÍ sá um skipulagið með forseta fél- og menn nefndarinnar.

Partý bingó

Partý bingóið var haldið í samstarfi með Orkusölunni í fyrsta skiptið. Orkusalan tjáði sig við undirritaðan að þau vildu halda utan um viðburð til að ná enn frekar til nemenda innan HÍ. Undirritaður sá um að auglýsa viðburðinn á öllum samfélagsmiðlum, þar á meðal tiktok. Hann sá einnig um upptökur á myndböndum til að auglýsa vinninga og upplýsingar um viðburðinn.

Það er gott að nefna að það var ekki hægt að sjá út frá facebook viðburðinum hversu margir myndu mæta á viðburðinn, því hann var opinn öllum háskólanemum í HÍ og einnig var engin skráning. Undirritaður var með miklar áhyggjur um mætingu viðburðarins. En það sem virkaði vel var að tagga öll nemendafélög í HÍ á instagram til að auglýsa viðburðinn og ganga vel á eftir þeim. Meirihluti nemenda í skólanum nota ekki facebook eins mikið og það var gert fyrir 5 árum, því þarf að finna nýjar leiðir til að auglýsa viðburði eins og þennan þar sem engin skráning á sér stað. Það var full mæting í kolaportið.

Orkusalan gaf rafmagnshlaupahjól í aðalvinning. Einnig voru önnur fyrirtæki sem gáfu fullt af vinningum. Þessi viðburður var haldinn í Kolaportinu fyrir frítt sem var frábært tækifæri til að auglýsa salinn en einnig spara kostnaðinn á viðburðinum sem Orkusalan greiddi.

Fjárhagsstaða Stúdentaráðs

Hér verður farið yfir nokkur atriði varðandi fjárhagsstöðu stúdentaráðs.

Almennt

Fjárhagsáætlun var kynnt tvisvar á hvorri önn yfir skólaárið fyrir stúdentaráð 21-22. Þetta ár reyndist erfitt vegna áhrif heimsfaraldurs, bæði gat stúdentaráð ekki haldið októberfest, þar sem fylgir mikið fjármagn vegna þess og íþróttaskólinn var heldur ekki haldinn vegna hættu á smitum. Skristofa Stúdentaráðs óskaði eftir stuðning frá Háskóla Íslands vegna rekstrargjalda og annarra tilfallandi verkefna eins og endurnýjun á búnaði á skrifstofunni. Það var samþykkt að veita 7,5 milljóna stuðning í rekstur ráðsins til að koma til móts við tekjutap síðastliðna tveggja ára.

Önnur verkefni

Peysur

Undirrituð hefur haft samband við BROS um að panta SHÍ peysur fyrir gamla og nýja stúdentaráðsliða. Undirrituð er búin að hanna nokkrar týpur af peysum, með SHÍ merkinu og

bera saman kostnað á prenti og saum. Nú á aðeins eftir að ákveða hönnun á milli nokkra valmöguleika og hversu mikið stúdentaráðsliðar eru tilbúnir til að greiða fyrir.

Vaka Lind Birkisdóttir, framkvæmdastýra Stúdentaráðs 2021 - 2022

5.5 ÁRSSKÝRSLA ALÞJÓÐAFULLTRÚA

Alma Ágústsdóttir gegndi stöðu Alþjóðafulltrúa SHÍ starfsárið 2021-2022. Starf Alþjóðafulltrúa er tvíþætt, 30% starfshlutfall er tileinkað því að þjónusta alþjóðanemendur við Háskóla Íslands og 20% starfshlutfall tileinkað þátttöku í Aurora samstarfinu. Þetta er þriðja árið sem SHÍ hefur starfsmann í hlutverkinu en einungis annað árið sem Alþjóðafulltrúi sinnir báðum þessum hlutverkum.

Alþjóðanefnd

Í Alþjóðanefnd sátu Máni Þór Magnason og Farah Mona Ovcina, sem fulltrúar Röskvu, og Guðrún Elsa Gunnarsdóttir og Kamila Antonia Tarnowska, sem fulltrúar Vöku. Í október var Brynhildur Ásgeirsdóttir tekin inn í nefndina sem óháður aðili. Alþjóðafulltrúi, Alma Ágústsdóttir, gegndi forsæti í nefndinni. Nefndin stóð fyrir ýmsum félagsviðburðum fyrir alþjóðanema sem voru ýmist beintengdir stærri viðburðum eða stóðu einir og sér.

Mentora kerfið

Sem áður, sá Alþjóðanefnd um þörun Mentora við alþjóðanemendur (eða „mentees“). Á haustmisseri tók Hagsmunafulltrúi, Jessý Jónsdóttir, að sér að aðstoða við þetta verkefni en á vormisseri sáu Alma Ágústsdóttir og Brynhildur Ásgeirsdóttir alfarið um þörunina. Mentorar voru paraðir við mentees á grundvelli aldurs og fræðasviðs en Mentorum er einnig frjálst að óska eftir mentees frá ákveðnu landi og það var þá líka tekið til greina. Á síðasta starfsári var í fyrsta sinn boðið upp á að tveir einstaklingar myndi „mentora teymi“ og taki að sér hóp saman. Þessum valmöguleika var haldið inni og hefur þessi kostur reynst vel. Mentorar eða Mentora teymi óska eftir „fimm eða færri“ eða „fimm eða fleiri“ mentees og reynt var eftir fremsta megni að fara að óskum þeirra þegar hóparnir voru skapaðir. Á haustönn bárust 328

umsóknir um Mentora (295 umsóknir frá skiptinimum og 33 umsóknir frá nemendum á eigin vegum). Þar sem að við bjuggum að 46 Mentorum og Mentora teyimum var enginn hópur með færri en 6 nemendur og sumir Mentorar tóku að sér upp í 12 nemendur. Á vorönn bárust 84 umsóknir frá skiptinimum og 4 umsóknir frá nemendum á eigin vegum, við bjuggum að 25 Mentorum og Mentora teyimum og það var því hægt að fara að óskum Mentora um fjölda mentees og enginn hópur fór fram yfir 10 alþjóðanema. Ósamræmi hefur gilt í þeim spurningum sem Mentorar og mentees eru spurð þegar þau skrá sig í kerfið en í lok haustannar fór Alþjóðafulltrúi í gegnum skráningarform Mentora og bætti við spurningu. Það verður því einnig hægt að taka mið af samskonar áhugamálum Mentora og mentees á næsta starfsári.

Í samstarfi við Alþjóðasvið hélt Alþjóðafulltrúi tvo kynningarfundi á hvorri önn fyrir sig þar sem farið var yfir væntingar skólans til Mentora og þeim gert skýrt hvernig þau geta leitað eftir stuðningi, skyldi þess gerast þörf. Alþjóðafulltrúi bjó til Facebook hóp sem samráðsvetvang fyrir Mentora og til að auglýsa tækifæri sem þau gætu viljað nýta fyrir hópinn sinn. Einn hópur var búinn til fyrir hvora önn fyrir sig. Sömuleiðis nýtti Alþjóðafulltrúi sér tölvupóstsamskipti til að ná til Mentora.

Kynningardagar erlendra nema

Kynningardagar erlendra nema fóru fram við upphaf beggja anna og Alþjóðafulltrúi kom þar inn á kynningarfundi allra fræðasviða til að kynna sig og starf Alþjóðanefndar. Sömuleiðis leiddi Alþjóðafulltrúi göngur um háskólasvæðið fyrir alþjóðanema og fékk, á haustönn, sjálfboðaliða með sér í það verkefni þar sem að Alþjóðanefnd sá sér ekki fært að taka þátt. Ástæðan fyrir þörfinni á sjálfboðaliðum var sú að ákveðið var að bjóða ekki fleiri en 30 að skrá sig í hverja göngu fyrir sig og fóru því tvær göngur fram samtímis.

Hluti af fastri dagskrá Kynningadaga erlendra nemenda er að halda svokallaðan „Mentor Mingle“ viðburð þar sem að Mentorar hitta hópinn sinn í fyrsta skipti. Fyrir þá dagskrá samdi

Alþjóðafulltrúi leiðarvísi um háskólasvæðið og miðbæ Reykjavíkur og Alþjóðanefnd samdi ratleik um háskólasvæðið. Á haustönn var áætlunin að hitta alþjóðanema á Arnarhóli eftir Mentor Mingle og fara í „pub-crawl“ með þeim. Þar sem að 160 nemendur skráðu sig var áætlunin að skipta hópnum í tvennt. Því miður kom upp fjöldi Covid smita meðal alþjóðanema daginn áður en dagskráin átti að fara fram og það var tekin ákvörðun um að það væri óábýrgt að safna svo mörgum nemendum saman á einn stað. Því varð því ekkert af þeirri dagskrá. Mentorar voru látnir vita af stöðunni og hittu hópinn sinn á þeim tíma sem hentaði þeirra dagskrá. Á vorönn fór Mentor Mingle fram sem skyldi en sökum fjöldatakmarkanna (20 manns) sem voru í gildi á þeim tíma var ekki hægt að bjóða upp á frekari dagskrá.

Alþjóðadagar

Alþjóðadagar fóru fram 2.-5. nóvember 2021. Aurora samstarfið stóð fyrir kynningum á hverjum skóla fyrir sig og Alþjóðafulltrúi safnaði þar saman 4 alþjóðanemum (2 skiptinimum og 2 nemendum í fullu námi) til að kynna Háskóla Íslands á alþjóðlegum vettvangi. Alþjóðafulltrúi stjórnaði þar pallborðsumræðum um reynslu nemendanna af Íslandi og Háskóla Íslands.

Alþjóðanefnd og Alþjóðasvið stóðu fyrir spjalli við fyrrum skiptinema á Stúdentakjallaranum þar sem nemendum sem voru að íhuga skiptináms stóð til boða að ræða við þá nemendur sem áður höfðu farið í skiptináms frá Háskóla Íslands. Alþjóðatorg fór fram og var Alþjóðanefnd þar með bás til að kynna starfsemi sína en auk þess tók Alþjóðafulltrúi þátt í að kynna Aurora, sem var einnig með bás.

Alþjóðanefnd og Alþjóðasvið stóðu fyrir ljósmyndakeppni með þemanu „my exchange.“ Þar voru veitt verðlaun fyrir bestu myndina, valin af dómnefnd sem samanstóð af fulltrúum frá Alþjóðasviði, Markaðs- og Samskiptasviði og Alþjóðanefnd. Auk þess var haldin „kosning“ á bestu myndinni. Allar myndir sem bárust (í það mesta 3 myndir frá hverjum einstaklingi) voru

birtar á instagram síðu Alþjóðanefndar og sú mynd sem hlaut flest „like“ var einnig verðlaunuð.

Alþjóðanefnd hélt tvo félagsviðburði á Alþjóðadögum, annars vegar karaoke kvöld og hins vegar tónleika undir yfyrskriftinni „International Days‘ Closing Party.“

Jafnréttisdagar

Jafnréttisdagar fóru fram 14.-18. febrúar 2022. Alþjóðafulltrúi skipulagði, í samstarfi við Hörpu Sif Arnarsdóttur, viðburð undir yfyrskriftinni „Designing Inclusive Internationalisation in Higher Education.“ Þar tjáðu alþjóðanemendur við Háskóla Ísland sig um hugmyndir af verkefnum sem þau þróuðu á „Design Thinking Jam-i“ Aurora í Tarragona í nóvember 2021. Viðburðurinn fór fram á netinu og hann var auglýstur til allra háskólanna innan Aurora samstarfsins.

Sprettur

Sprettur er verkefni sem styður og undirbýr efnilega nemendur með innflytjendabakgrunn til háskólanáms. Markmið Sprettis er að stuðla að jöfnum tækifærum til menntunar. Verkefnið veitir nemendum á framhaldsskólastigi stuðning í námi sem og félagslegan stuðning. Verkefnið sér nemendum fyrir Mentor frá háskólanum sem aðstoðar þau við heimanám og ýmislegt annað.

Hingað til hefur Stúdentaráð, og þá einkum Alþjóðafulltrúi, aðstoðað Sprett við að auglýsa eftir Mentorum. Á vorönn tók Alþjóðafulltrúi fund með starfsmönnum Sprettis til að skoða möguleikann á auknu samstarfi við Stúdentaráð. T.d. væri hægt að bjóða Mentorum í Mentora kerfi Alþjóðasviðs upp á þær málstofur sem Sprettur heldur fyrir sína Mentora og auka þannig þjálfun þeirra, sömuleiðis gæti Alþjóðafulltrúi eða aðrir fulltrúar Stúdentaráðs boðið Spretti upp á fræðslu um Stúdentaráð og félagsleg tækifæri innan Háskólans sem getur veitt nemendahópi Sprettis hvatningu til að leita sér frekari menntunar. Þetta verður skoðað nánar á næsta starfsári.

Aurora

Alþjóðafulltrúi gegndi á þessu starfsári hlutverki forseta Stúdentaráðs Aurora (ASC) en Forseti Stúdentaráðs sat sömuleiðis í ráðinu. Á þessu starfsári var áhersla ASC á „international mobility.“ Í samstarfi við Hörpu Sif Arnarsdóttur hélt Alþjóðafulltrúi úti reglulegum kynningum á starfsemi Aurora og tækifærum fyrir nemendur innan Háskóla Íslands. Þessar kynningar fóru fram á samfélagsmiðlum, í gegnum hóppósta og í persónu.

Fjöldmargir fulltrúar ASC tóku þátt í svokölluðu „Design Thinking Jam-i“ í Tarragona í nóvember, áður er haust-Biannual Aurora tók sér stað. Tækifærið var auglýst til allra nemenda Háskóla Íslands og það bárust 16 umsóknir, af þeim voru 5 nemendur valdir til að taka þátt í verkefninu. Í Tarragona komu saman nemendafulltrúar frá öllum háskólum innan Aurora samstarfsins og ræddu umræðuefnið „What can universities do to guarantee that every Aurora student has at least one meaningful international experience as part of their studies?“ Úr því spruttu fjölmörg verkefni sem hafa sum hver hlotið hljómgrunn innan vinnupakka Aurora (WP) og önnur sem hefur nú þegar verið hrint í framkvæmd, t.d. Instagram reikningur ASC sem komið var á laggirnar í kjölfar Jam-sins.

Fulltrúar ASC tóku þátt í Biannualum Aurora, fyrst í Tarragona í nóvember og svo í Innsbruck í maí. Þar tóku nemendur að sér ýmis hlutverk og Alþjóðafulltrúi hélt utan um verkefni nemenda og hélt sjálf ræður á báðum viðburðum. M.a. fór fram svokallaður „plenary session“ með áherslu á málefni nemenda þar sem að fulltrúar ASC ávörpuðu ráðstefnuna í heild sinni.

Í mars skipulagði Alþjóðafulltrúi vinnuferð ASC til Íslands sem átti sér stað 11-13. mars. Þetta var þriggja daga dagskrá sem hófst í Háskóla Íslands með ávarpi rektors, sem er einnig forseti Aurora. Aðrir sem voru með ávarp þann dag voru Anne-May Janssen, Secretary General Aurora, Harpa Sif Arnarsdóttir, Institutional Coordinator Aurora, Alma Ágústsdóttir, Alþjóðafulltrúi og forseti Stúdentaráðs Aurora og Kolbrún Halldórsdóttir, fyrrum ráðherra og

fyrirum formaður BÍL, sem ræddi almenna stefnumótun. Á laugardegi og sunnudegi vann ASC að drögum nemendahandbókar sem og öðrum tilfallandi verkefnum, t.d. yfirlýsingu um innrás Rússa í Úkraínu. Vinnan átti sér stað í húsnaði Hins Hússins í Elliðarárdal.

Alma Ágústsdóttir, alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs 2021 - 2022

5.7 ÁRSSKÝRSLA RITSTJÓRA

Karitas M. Bjarkadóttir sinnti starfi ritstjóra Stúdentablaðsins skólaárið 2021-2022 frá byrjun júní 2021 út maí 2022. Stúdentablaðið er gefið út fjórum sinnum á ári, tvisvar á hvoru misseri. Blaðið er upplýsinga- og afþreyingarmiðill nemenda við HÍ, auk þess að vera mál gagn þeirra en það er skrifað af stúdentum.

Starf ritstjóra er margþætt og krefjandi. Ritstjóri heldur utan um efni hvers blaðs, fundar með ritstjórn og blaðamönnum, skrifar eigin greinar, les yfir allt efni blaðsins, ber ábyrgð á vef blaðsins og samfélagsmiðlum og á í samskiptum við prentsmiðju, grafískan hönnuð, prófarkalesara, ljósmyndara og yfirþýðanda. Ritstjóri hefur yfirsýn yfir öllum þáttum blaðsins og þá einnig dreifingu þess. Ritstjóri vinnur einnig að auglýsingaöflun og fjárhagsáætlunum í samstarfi við framkvæmdastýru Stúdentaráðs.

Fyrsta verkefni ritstjóra er útgáfa Akademiunnar, handbókar um allt sem viðkemur námi við Háskóla Íslands. Efnið í henni er að stórum hluta svipað frá ári til árs og ritstjóri fer yfir efnið sem birtist árið á undan, uppfærir, staðfestir staðreyndir og græjar nýtt efni á borð við ávarp ritstjóra, ávarp forseta SHÍ, upplýsingar um stúdendaráðsliða og starfsfólk á réttindaskrifstofu SHÍ auk þess sem ritstjóri tekur ákvörðun um að bæta við efni. Að þessu sinni var bætt við korti af háskólasvæðinu. Akademían kom út um miðjan ágúst 2021.

Það er mat hvers og eins ritstjóra hvort hann ráði í ritstjórn fyrir Akademiuna. Líkt og síðustu tveir ritstjórar gerði ég það ekki en fékk til liðs við mig Birgittu Björgu Guðmarsdóttir, prófarkalesara og Sóleyju Ylju Aðalbjargardóttur Bartsch, grafískan hönnuð, sem báðar fengu greitt fyrir sína vinnu og héldu áfram að vinna fyrir blaðið út skólaárið. Akademiunni var dreift á háskólasvæðinu og var gefin út á rafrænu formi líkt og annað efni á vegum Stúdentablaðsins. Akademían rauk út á nýnemadögum háskólans en er einnig mikið lesin á netinu.

Sumarið nýtti ég líka til að uppfæra vefsíðu blaðsins. Ég breytti útliti þess töluvert, bætti inn stöðluðu innsendingarformi til að auðvelda nemendum að senda inn greinar í blaðið, lagaði til í flokkun og sýnileika greina og gjörbreytti heimasvæði vefsins. Stærsta verkefnið var þó að gera vefsíðuna tvítyngda. Þetta er mikilvægur liður í aðgengi blaðsins á vefnum, en áður var vefsíðan eingöngu á íslensku og allar greinar á ensku settar undir sama hatt. Ég flokkaði allar enskar greinar í samræmi við íslenska flokka þeirra, kóðaði tungumálaskipti til að hafa efst á vefsíðunni og þýddi allt efni sem áður hafði aðeins verið aðgengilegt á íslensku. Þannig er vefsíða Stúdentablaðsins til í nákvæmu tvíriti, annars vegar á íslensku og hins vegar ensku.

Í lok sumars auglýsti ritstjóri eftir blaðamönnum, ritstjórnarmeðlimum, þýðendum, prófarkalesurum og ljósmyndara. Í ár var þetta gert um mánuði fyrr en áður til þess að gefa teymi blaðsins meira svigrúm til að koma starfseminni af stað áður en fyrsta tölublaðið kæmi út. Þetta reyndist mjög vel, en gallinn við þetta er að erfiðara er að ná til nýnema skólans. Talsverður fjöldi stúdenta sýndi auglýsingunni áhuga og vildi taka þátt í starfsemi Stúdentablaðsins. Eftir að hafa skipað í stöður innan blaðsins hélt ritstjóri fundi með ritstjórn og blaðamönnum. Þá sátu enskumælandi nemendur bæði í ritstjórn og blaðamannahópi Stúdentablaðsins líkt og árið áður, en það er mikilvægur liður í að gera starfsemi Stúdentablaðsins sem aðgengilegasta. Fundir með ritstjórn voru nánast vikulega en ritstjóri hélt tvo fund fyrir hverja útgáfu með blaðamönnum. Allir fundir fóru fram á ensku og meirihluti þeirra á Zoom vegna aðstæðna og samkomutakmarkanna. Sóley Ylja hélt áfram sem hönnuður blaðsins og samvinna milli hennar og ritstjóra var mjög góð.

Í upphafi síðasta skólaárs bjó þáverandi ritstjóri til nýja stöðu í samráði við Helgu Lind Mar, þáverandi framkvæmdastýru SHÍ. Stefna blaðsins að þessu sinni var að setja meiri áherslu á þýðingar til þess að gera blaðið aðgengilegra fyrir alla nemendur skólans. Því var búin til formleg greidd staða yfirþýðanda þar sem starfið var orðið yfirgripsmeira og meiri ábyrgð á bak við það. Julie Summers var ráðin í þá stöðu, en skólaárið 2021-2022 dró hún sig í hlé. Ritstjóri ákvað þá að ráða nýjan yfirþýðanda, Victoriu Bakshina, en starf hennar var mun minna en starf Julie áður, og hún fékk minna greitt fyrir vikið. Yfirþýðandi fór úr því að hafa yfirumsjón með starfi þýðenda í það að vera einskonar ábyrgðarmaður þess að allt efni væri þýtt svo ritstjóri, sem fylgdist með og aðstoðaði við þýðingar þegar það þurfti, þyrfti ekki að

hlaupa í skarðið líkt og varð raunin á síðasta skólaári. Annar liður í því var að auka stórlega í hóp þýðenda og meðlimir ritstjórnar tóku einnig virkan þátt í þýðingarferlinu og prófarkarlestri.

Þetta skólaár var öðruvísi en búist var við, þó það hafi litið svo út í sumar að faraldurinn væri á niðurleið varð raunin önnur og því þurfti að grípa til viðeigandi ráðstafana. Þegar það varð ljóst í janúar að samkomutakmarkanir yrðu hertar gífurlega var brugðið á það ráð að fækka útprentuðum eintökum blaðsins úr 800 í 700, og bjóða stúdentum í staðinn upp á það að fá blaðið sent í tölvupósti á útgáfudegi. Þetta var gert með sparnað í huga og til þess að sporna gegn pappírssóun. Þetta tókst vel til og áskrifendurnir skipta tugum, auk þess sem afgangsbloðum á háskólasvæðinu hefur fækkað til muna.

Fyrsta tölublað skólaársins kom út 23. október og þema þess var stúdentar og pólitík, enda voru alþingiskosningar þá nýafstaðnar. 2. tölublað kom út 3. desember og þema þess var alþjóðanemar og hliðarþema þess jólin. Þetta var gert til þess að gera alþjóðanemum hærra undir höfði og til þess að leggja áherslu á fjölbreyttan bakgrunn þeirra sem stunda nám við Háskóla Íslands. Í þessu tölublaði voru til að mynda fimm greinar birtar á þremur tungumálum, íslensku, ensku og móðurmáli greinarhöfundar. Þannig gátu nemendur séð greinarnar á grísku, króatísku, úkraínsku, ítölsku og úrdú og áttað sig betur á mikilvægi tungumálsins í menningarlegu samhengi. 3. tölublað kom út 25. febrúar og þema þess var heilsa. Febrúar er meistaramánuður og heilsa hefur sjaldan verið jafn mikilvæg og í þessum endalausum veirufaraldri. Í blaðinu voru greinar um allt milli himins og jarðar sem áttu þess flest sameiginlegar að tengjast heilsu á einn eða annan hátt, andlegri, líkamlegri, kynheilbrigði og þannig mætti lengi telja. 4. tölublað kom út 23. apríl og þema þess var fjölbreytileiki. Fókusinn var settur á fjölbreytileika sem tengdist ekki endilega þjóðerni eða uppruna, líkt og í öðru tölublaði, heldur allri þeirra nemendaflóru sem stundar nám við Háskólann, auk þess sem áhersla var lögð á það að blaðamenn og ritstjórnarmeðlimir fengju tækifæri til að skrifa um það sem þau brunnu fyrir.

Til þess að fylgja blaðinu eftir og auka sýnileika Stúdentablaðsins blés ritsjórnin til útgáfuhófs 22. október til að koma útgáfuárinu af stað. Útgáfuhófið var haldið á Stúdentakjallaranum, sem skaffaði einnig lengdan happy hour, meðlimir ritstjórnarinnar

sömdu barsvar upp úr 1. tölublaðinu sem varð til þess að það rauk út, enda þurftu þátttakendur að hafa það við höndina til að eiga kost á því að vinna til glæsilegra vinninga sem ritstjóri fékk gefins frá hinum ýmsu samstarfsaðilum.

Akademían og Stúdentablaðið koma út rafrænt á vefnum issuu.com. Stúdentablaðið heldur auk þess úti heimasíðunni studentabladid.is þar sem greinar hvers tölublaðs eru birtar en nokkrar greinar birtust einungis á vefsíðu blaðsins. Ritstjóri hefur yfirumsjón með því að setja efni inn á vefinn, og hagaði því þannig að vikuna fyrir útgáfu var allt efni sett í tímasett til að koma á vefinn milli klukkan 16:00-16:30 á útgáfudag. Samfélagsmiðlarnir dröppuðu örlítið niður á þessu ári, en ritstjóra tókst ekki að finna samfélagsmiðlastjóra líkt og gert var í fyrra. Því þurfti hann að sjá um samfélagsmiðlana sjálfur, en áttaði sig smátt og smátt á því að það er fullmikil vinna ofan á allt annað. Mælt er með að hafa sérstakan samfélagsmiðlafulltrúa sem hefur yfirumsjón með miðlum blaðsins.

Að mati fráfarandi ritstjóra gekk starfsemi Stúdentablaðsins á skólaárinu 2021-2022 glimrandi vel og þá sérstaklega miðað við aðstæður. Ákveðið var að þýða allt blaðinu og efni á samfélagsmiðlum og tókst það prýðilega. Einnig hélt blaðið sig við kynhlutlaust tungumál. Blaðið er mál gagn allra stúdenta og því er mikilvægt að rödd sem flestra heyrist og að blaðinu sé miðlað á aðgengilegan máta. Ritstjóri þakkar öllum sem komu að starfsemi Stúdentablaðsins á skólaárinu fyrir óeigingjarna og vel heppnaða vinnu.

Karitas M. Bjarkadóttir, ritstjóri Stúdentaráðs 2021 - 2022

5.8 ÁRSSKÝRSLA VERKEFNASTJÓRA

Sumarið 2021 tók Stúdentaráð Háskóla Íslands ákvörðun um að ráða inn verkefnastjóra til þess að kortleggja fjárhagsstöðu stúdenta, með því að afla upplýsinga og gagna um réttindi stúdenta innan velferðarkerfisins. Markmiðið var að fá betri mynd af stöðu stúdenta við mismunandi félagslegar aðstæður. Verkefnastjóri var ráðinn inn yfir sumartímenn en staðan var fjármögnuð af Háskóla Íslands, líkt og hinar stöðurnar á skrifstofunni.

Nanna Hermannsdóttir, hagfræðingur, var ráðin inn á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs í tveggja mánaða vinnu sem dreifðist yfir 7 mánuði. Starfið var ómótað og kom í hlut verkefnastjóra að ákveða hvaða mál yrði lögð áhersla á. Fljótlega kom í ljós að mikið var hægt að skoða í sambandi við húsnæðismál. Höfuðáhersla fór því í að skoða stöðu stúdenta á leigumarkaði og afrakstur þeirrar vinnu var [skýrsla Stúdentaráðs um stúdenta á húsnæðismarkaði](#). Skýrslan inniheldur 10 tillögur að úrbótum sem snúa að stúdentagörðum, opinberum húsnæðisstuðningi og Menntasjóði námsmanna. Skýrslan er í viðauka G. Verkefnastjóri gerði einnig samantekt á fjárhagslegum réttindum foreldra í námi; fæðingarorlofi, fæðingarstyrk námsmanna, barnabótum og stuðningi frá Menntasjóði námsmanna. Samantektin er í viðauka F.

Að lokum var gerð samantekt yfir þau mál þar sem heildstæða yfirsýn yfir réttindi stúdenta skortir en ekki gafst tími til að vinna að slíkri skoðun. Hægt er að skoða þau mál nánar innan nefnda Stúdentaráðs eða á skrifstofu þess. Þau málefni tengjast réttindum og stöðu foreldra í námi, alþjóðanema, öryrkja, fatlaðs fólks auk skrásetningargjöldum háskólans, námslánakerfinu, fjárhagsstuðning sveitarfélaga, stöðu og réttinda á vinnumarkað og veikindarétti.

Nanna Hermannsdóttir, verkefnastjóri Stúdentaráðs

6 STARFSEMI STÚDENTARÁÐS

6.1 MÁLEFNAVINNA OG STEFNUMÓTUN

Á ári hverju á sér stað ítarleg málefnavinna á þeim helstu málaflokkum sem viðkoma Stúdentaráði auk tilfallandi mála. Það er gjarnan farið í svokallaða stefnumótunarferð þar sem fulltrúar innan Stúdentaráðs koma saman. Það er mikilvægur liður í því að uppfæra áhersluratriði Stúdentaráðs en einnig vettvangur til að reifa allskonar mál. Á þessu starfsári var stefnumótunarferðinni breytt í stærri stefnumótunarhelgi auk þess að ráðist var í mótun heildarstefnu ráðsins.

6.1.1 STEFNUMÓTUNARHELGI

Stefnumótunarferð Stúdentaráðs Háskóla Íslands, hér eftir stefnumótunarhelgi, fór fram helgina 10. og 11. júlí 2021 í Hinu Húsinu að Rafstöðvarvegi í Elliðaárdal. Helgin er sú fimmta í röðinni og var nú í fyrsta skipti efnt til stefnumótunar á heildarstefnu Stúdentaráðs, ásamt því að endurskoða og uppfæra framkvæmdaáætlanir fastanefnda Stúdentaráðs, að vanda. Hingað til hefur Stúdentaráð reitt sig á þegar útgefið efni, t.a.m. yfirlýsingar, ályktanir og umsagnir um einstaka mál, og framkvæmdaáætlanir. Markmiðið með heildarstefnu var því að búa til traustan grunn og leiðarvísi fyrir Stúdentaráð í sínu starfi. Því á stefnan að innihalda skýrari afstöðu ráðsins en ekki markmiðasetningu (líkt og er í framkvæmdaáætlunum nefnda), til að tryggja ákveðið svigrúm í starfi ráðsins. Framkvæmdaáætlanir nefnda eiga því að byggja á stefnunni og þannig tryggja að ær starfi eftir afstöðu Stúdentaráðs.

Hópefli var einnig mikilvægur liður milli vinnustunda til að efla traust og skapa gott andrúmsloft meðal fulltrúa Stúdentaráðs. Sérstaklega í ljósi þess að mörg þeirra þekktust ekki fyrirfram og tengslamyndanir almennt takmarkaðar vegna samfélagsástandsins. Skrifstofa Stúdentaráðs kom sameiginlega að skipulagningu stefnumótunarinnar og voru það einna helst forseti, varaforseti, hagsmunafulltrúi og lánasjóðsfulltrúi sem stóðu að undirbúningi.

Undirbúningur

Í kjölfar kjörfundar Stúdentaráðs boðaði forseti til rafrænnar atkvæðagreiðslu um dagsetningar stefnumótunarhelgarinnar, líkt og gert var árið á undan, og voru dagsetningarnar 10. og 11. júlí ákvarðaðar með tilliti til þessa. Stúdentaráð var reglulega minnt á að taka dagana frá auk þess að varaforseti útbjó viðburð á heimasvæði ráðsins á Facebook. Þar voru allar nauðsynlegar upplýsingar settar inn, t.a.m. varðandi skráningu, verð, mat og dagskrá. Þá var undirstrikað að stefnumótunarhelgin væri fyrir öll sem tilheyrðu Stúdentaráði, þ.e.a.s. fyrir aðalfulltrúa Stúdentaráðs, varafulltrúa, sviðsráðsmeðlimi og nefndarmeðlimi. Þátttaka var eins og oft áður mjög mikilvæg og lagði skrifstofan áherslu á að sem flestir kæmu að málefnavinnunni.

Undirbúningurinn hófst um mánaðarmótin maí/júní og var ákveðið að prófa að vera á höfuðborgarsvæðinu til að gera fulltrúum Stúdentaráðs betur kleift að mæta á staðinn og taka þátt í málefnavinnunni, auk þess að hafa meira svigrúm til að lengja stefnumótunarhelgina örlítið. Forseti og varaforseti voru með yfirumsjón og sáu um að setja upp dagskrá ásamt því að hagsmunafulltrúi kom að skipulagi málefnavinnunar. Varaforseti og hagsmunafulltrúi sáu um matarinnkaup og samskiptin við Hitt Húsið. Í ferðina komu einnig ritstjóri og alþjóðafulltrúi. Skráðir þátttakendur voru 37 talsins auk 6 frá skrifstofunni, en það var velta yfir helgina í mætingu. Þátttakendur í stefnumótunarferðinni árið 2021 voru 28 talsins.

Dagskrá

Laugardagurinn byrjaði kl 10:00 á að fara yfir dagskrána og koma sér fyrir, ásamt því að taka stutt hópeli. Í kjölfarið var útbúinn teymissáttmáli fyrir öll að hafa til hliðsjónar yfir helgina og tilteinka sér í vinnunni og samskiptum við aðra. Fyrir hádegismat hélt alþjóðafulltrúi kynningu á Aurora háskólasamstarfsnetinu sem kom sér síðan einkum vel fyrir endurskoðun á framkvæmdaáætlun alþjóðanefndar. Klukkan 12:00 var gert hlé og boðið upp á hádegismat. Eftir matinn tók við tveggja tíma málefnavinna í framkvæmdaáætlunum fastanefnda. Niðurstöður þeirrar vinnu og myndum tímalínu fyrir vinnu starfsársins átti sér stað strax í kjölfarið. Klukkan 15:00 var boðið upp á kaffihlé áður en haldið var áfram með framkvæmdaáætlanirnar. Seinni kynningar dagsins voru á sviðsráðunum fimm, en það voru

sviðsráðsforsetar sem héldu utan um þær. Að þeim loknum tóku við svokölluð sviðaspjöll þar sem sviðsráðsforsetar og sviðsráðsmeðlimir ræddu saman um málefni síns sviðs og komandi skólaár. Dagskránni lauk kl 18:00 og var um kvöldið haldið á Stúdentakjallarann í kvöldmat og skemmtun.

Í þetta sinn var einnig dagskrá á laugardeginum, en hann var tileinkaður mótun á nýrri heildarstefnu Stúdentaráðs. Dagskrá hófst í hádeginu og byrjaði á kynningu frá lánasjóðsfulltrúa um Menntasjóð námsmanna, sem hefur orðið að föstum lið. Boðið var upp á hádegismat og síðan haldið í stefnumótunina, sem varði í tvo tíma. Undir þeim dagskrárlið var þátttakendum skipt upp í hópa, sem nánar verður fjallað í næsta kafla, og þau látin sníða uppsetningu og skipulag stefnunar. Það lá fyrir að skrifstofa Stúdentaráðs myndi vinna úr því sem kæmi út úr stefnumótuninni og mynda tímalínu fyrir ferlið, þannig að stefnan yrði samþykkt fyrir starfslok.

Málefnavinna

Málefnavinna ferðarinnar var skipt upp í þrjá hluta. Fyrsti hlutinn snéri einungis að nefndum SHÍ. Þátttakendum var skipt upp eftir nefndunum sínum og fékk hver nefnd sér borð. Stúdentaráðsliðar sem ekki voru hluti af ákveðinni nefnd fengu að skipta sér upp eftir áhugasviði sínu. Hvert borð var með borðstjóra sem leiddi vinnuna. Fengu allir borðstjórar sömu verklýsinguna til að tryggja samræmdar vinnuaðferðir. Hér má sjá verklýsinguna:

1. Borðstjórinn dregur fram framkvæmdaáætlun sinnar nefndar og kynnir hana létt (*ef borðmeðlimir hafa ekki nú þegar farið yfir hana*). Ef allir borðmeðlimir hafa áður farið yfir framkvæmdaáætlunina þá má sleppa þessu stigi.
2. Eftir að hafa farið yfir framkvæmdaáætlunina mun allt borðið ræða sín á milli og 'tikka við/stroka yfir' þær aðgerðir sem hafa verið framkvæmdar á síðastliðnu ári. Ef búið er að tikka við/stroka yfir aðgerðirnar þá má sleppa þessu stigi og fara beint í næsta.
3. Borðstjórinn dregur fram flettistöflublað merkt sinni nefnd. Borðstjóri dreifir post-it miðum á hvern og einn borðmeðlim (ásamt því að taka nokkra fyrir sig).

Borðstjórinn dregur fram annað blað með nokkrum litakóðuðum spurningum á:

- a. Hvað getur þessi nefnd framkvæmt á komandi ári?
- b. Er hægt að bæta aðgerðirnar sem standa eftir svo þær verði framkvæmdar á komandi ári?
- c. Er eitthvað sem er á framkvæmdaáætlun þessarar nefndar sem á ekki lengur við?

Nú tekur við einstaklingshugmyndavinna. Hver og einn hópmeðlimur á að svara spurningunum á post-it miðana (*ath! passa þarf að hafa ekki of langar setningar á post-it miðunum*). Þegar fólk er búíð að skrifa sínar hugmyndir á post-it miðana má setja þá á flettistöflublaðið.

4. Þegar hver og einn hópmeðlimur er búinn að svara spurningunni, biður hópstjórinn alla um að deila sínum hugmyndum svo umræða skapist.

Hópurinn getur þá farið að bæta við post-it miðum (*t.d. ef einhver möguleg aðgerð poppar upp í samræðunum*) eða tekið post-it miða af flettistöflublaðinu (*t.d. ef hópurinn heldur að einhver aðgerð sé ekki geranleg eða að það sé ókostur að fjarlægja ákveðna aðgerð af framkvæmdaáætlun nefndarinnar*). Ef það er eitthvað sem er óskiljanlegt, þarf hópurinn að leiðrétta það svo allar hinar nefndirnar skilji hvaða þælingar hópurinn er að setja fram.

6. Hver og einn hópur raðar sínu flettistöflublaði á borðið sitt ásamt framkvæmdaáætluninni. Látið leiðandann (aðilinn sem er með yfirlýsingu með málefnavinnunni) vita að borðið sé tilbúið. Nú tekur við silent debate.

„Silent debate-ið“ var með eftirfarandi verklýsingu:

1. Hvert borð á nú að hafa myndað „nýja“ framkvæmdaáætlun og raðað henni á sitt borð.
2. Hver og einn þátttakandi (óháð nefnd) fer um salinn og skoðar allar framkvæmdaáætlanirnar. Þátttakendur fá tækifæri til að bæta við athugasemdum við allar framkvæmdaáætlanir. Þátttakendur fá nokkra post-it miða og penna og setja sínar athugasemdir ofan á flettistöflublaðið. Í miðjunni á salnum eru síðan auka post-it miðar eða pennar. (ath. hér er engin röðun á hvert fólk fer, fólk fer um og skrifar niður athugasemdir eða ekki).
3. Það er hægt að kasta eftirfarandi spurningum fram svo fólk fái hugmyndir að athugasemdum.
 - a. Hvað getur þessi nefnd framkvæmt á komandi ári?
 - b. Er eitthvað sem er á framkvæmdaáætlun þessarar nefndar sem á ekki lengur við?

- c. Hvernig er mögulega hægt að vinna að þessu málefni?
- d. Hverju myndir þú breyta/bæta?
- e. Getur þessi nefnd unnið að einhverju hér í samstarfi við þig/þína nefnd/önnur samtök/aðra hópa?

Þegar þessu skrefi var lokið, fóru þátttakendur aftur á sitt borð og unnu inn athugasemdirnar sem þeir fengu frá „silent debate-inu.“ Einnig vann hvert borð að tímalínu fyrir árið. Tímalínan átti að svara eftirfarandi spurningum: 1. Hvenær ætlar nefndin að vinna að ákveðnum atriðum? og 2. Er eitthvað sem spannar yfir allt árið?



Annar hluti málefnavinnunnar snéri að þremur málefnum: Alþingiskosningum 2021, Stúdentablaðið og Sýnileiki og aðgengi að stúdentaráði. Þátttakendum var skipt upp í fjórar stöðvar þar sem hvert og eitt málefni var með sérstöð. Fjórða stöðin var einungis fyrir leiki til

að viðhalda orkustiginu og brjóta upp vinnuna. Hver og einn hópur kom við á hverri stöð til að tryggja aðkomu allra að hugmyndavinnunni. Verklýsing var útbúin fyrir hverja og eina stöð, nema leikjaborðið. Verklýsingarnar voru mjög svipaðar þeirri og í fyrsta hluta málefnavinnunnar.

Þriðji og síðasti hluti málefnavinnunnar snéri að stefnumótun heildarstefnu SHÍ. Verkefnalýsingin var eftirfarandi:

1. Þátttakendum er gefið post-it miða (skiptir ekki máli hvaða litur) og biður þá um að svara spurningunni hvað er stefna? Þegar þeir eru búnir að svara spurningunni eru þeir beðnir um að setja post-it miðana á flettitöflublað og kasta fram sínum skilgreiningum.
 - a. Sá sem er að leiða þennan hluta málefnavinnunnar útskýrir muninn á stefnu og framkvæmdaáætlun: Stefna er leiðarvísir Stúdentaráðs og segir til um afstöðu

Þessi í ýmsum málefnum á meðan framkvæmdaáætlun er aðgerðaáætlun sem segir til um hvernig Stúdentaráð ætla að vinna að þessum málefnum.

2. Næst er dregið fram A4 blöð með eftirfarandi málefnasviðum:

a. Alþjóðamál

- i. Samstarf við erlenda háskóla
 - 1. Aurora
- ii. Skiptinám
- iii. Skiptinemar og alþjóðlegir nemar

b. Kennslumál

- i. Fjarnám
- ii. Gæði kennslu
- iii. Námsmat

c. Atvinnulífs- og nýsköpunarmál

- i. Starfsnám
- ii. Nýsköpun og frumkvöðlastarf

d. Húsnæðismál

- i. Stúdentaíbúðir
 - 1. Félagsstofnun stúdenta
 - 2. Byggingafélag námsmanna
- ii. Húsnæði Háskóla Íslands

e. Lýðheilsu- og velferðarmál

- i. Lýðheilsa
- ii. Félagsleg þjónusta
- iii. Fjölskyldumál
 - 1. Leikskólar FS

f. Umhverfismál

- i. Grænn háskóli
 - 1. Grænfáninn
 - 2. Endurvinnsla
 - 3. Kolefnisjöfnun
- ii. Grænkerafæði

g. Samgöngu- og skipulagsmál

- i. Samgöngumál
 - 1. Grænir ferðamátar
 - a. Hjól+rafskútur
 - b. U-passi
 - 2. Bílastæðamál
- ii. Þjónustukjarni
 - 1. Lágvöruverðsverslun
 - 2. Heilsugæsla

h. Fjármál

- i. Fjármögnun Háskólans
- ii. Lánaþjófsmál
- iii. Atvinnu- og tekjuöryggi
 - 1. Skrásetningargjöld

i. Jafnréttismál

- i. Aðgengi að námi (líkamlegt og andlegt, inntökupróf o.s.frv.)
 - ii. Hinsegin mál
 - iii. Jafnrétti kynjanna
- 3. Þegar þátttakendur voru búnir að kynna sér málefnasviðin, gafst þeim tækifæri til að bæta við/taka út eða endurraða málefnum og undirmálefnum.
 - 4. Næst var þátttakendum skipt upp eftir málefnasviðum og þeir beðnir um að fá sær sæti við borð.
 - 5. Næst er þátttakendum boðið að fara í smá rannsóknarvinnu - JAMBOARD kynnt til leiks.
 - a. Þátttakendur eiga að nota tölvur/síma til að kanna afstöðu Stúdentaráðs innan þessa málaflokka.
 - i. Hægt að kanna:
 - 1. Umsagnir
 - 2. Yfirlýsingar
 - 3. Ályktanir
 - 4. Ársskýrslur
 - 5. Fréttir
 - 6. Heimasíðu Stúdentaráðs

- b. Þátttakendur eiga að punkta niður afstöðurnar sem þeir finna og linka inn á Jamboard.
6. Þegar það er búið að fara í rannsóknarvinnu og linka inn á jamboardið þá er hægt að bæta við afstöðum sem ekki er hægt að finna í nú þegar útgefnu efni.
7. Endurtökum og fólk svissar um málefni.
8. Að þessu loknu var öllum safnað saman í hring og þátttakendur spurði hvort eitthvað hafi komið þeim á óvart í rannsóknarvinnunni, hvort það hafi eitthvað verið áberandi, o.s.frv.

Matur og kaffi

Stúdentaráð sá um máltíðirnar yfir helgina og fóru eftir fæðuvali hvers og eins sem var tilgreint í skráningaskjalinu. Þannig var tekið tillit til þeirra sem kusu grænmetisfæði, veganfæði og þeirra sem voru með óþol eða ofnæmi. Skrifstofan keypti í hádegismáltíðirnar sem voru annars vegar bulsur og hins vegar súpa og með því. Bakkelsi fékkst gefins og keypti skrifstofa álegg og kaffi til að bjóða upp á í hléunum.

Kostnaður

Þáttökugjaldið í ferðina var 2.200 kr. í ár sem samþykkt var af stjórn Stúdentaráðs í kjölfar umræðna á skrifstofunni og á stjórnarfundi í júní 2021. Það var reynt eftir fremsta megni að halda verðinu í lágmarki, en það hækkaði frá árinu á undan til að ná utan um matarinnkaupin sem voru nú fleiri vegna lengingu ferðarinnar.

Kostnaðarliður	Upphæð	Innkoma	Upphæð
Matur	-48.042	Þáttökugjald	70.400 kr.
Skriffæri o.fl.	-33.725		
Samtals	11.367		

Úrvinnsla

Hópstjórar tóku saman vinnu sína eftir á og skiluðu inn til skrifstofunnar. Því næst var vinnan kynnt fyrir Stúdentaráði á fundum 25. ágúst og 15. september 2021. Þar fengust kynningar frá öllum fastanefndum Stúdentaráðs og voru framkvæmdaáætlanir þeirra samþykktar. Samráð, kynningar og uppfærslur vegna heildarstefnunnar hafa átt sér stað á hverjum fundi frá janúar 2022. Ferlið var því eftirfarandi:

1. Vinna í stefnumótunarhelgi Stúdentaráðs í júlí 2021
2. Samantekt hópstjóra í kjölfar ferðarinnar
3. Nefndir og skrifstofa vinna niðurstöður/samantekt í júlí og ágúst 2021
4. Nefndaforsetar uppfæra framkvæmdaáætlanir í júlí og ágúst 2021
5. Nefndaforsetar kynna drög og leggja þau til samþykktar fyrir Stúdentaráði í ágúst og september 2021
6. Skrifstofa Stúdentaráðs vinnur að heildarstefnu Stúdentaráðs frá október 2021 og út maí 2022

6.1.2 HEILDARSTEFNA

Stúdentaráð á ekki heildarstefnu sem virkar sem leiðarvísir þess í sínu starfi, innan sem og utan Háskóla Íslands. Framkvæmdaáætlanir fastanefnda SHÍ hafa áður verið kallaðar „stefna SHÍ í [tilteknu hagsmunamáli]“, en þær eru ekki stefnur heldur aðgerðaráætlanir sem eiga að vinna að því sem sett er fram í heildarstefnu. Í ljósi þess var sammælt um, í byrjun þessa starfsárs, að móta heildarstefnu fyrir SHÍ sem byggja átti á fyrri viðbrögðum Stúdentaráðs, t.d. yfirlýsingum, ályktunum, umsögnum, viðtölum og framkvæmdaáætlunum nefnda. Eins og framangreint er, þá voru fyrstu skrefin að heildarstefnu SHÍ tekin sumarið 2021. Skrifstofu Stúdentaráðs fannst mjög mikilvægt að vinna að stefnunni í nánú samstarfið við fulltrúa Stúdentaráðs og því var upplagt að halda áfram samráðinu að stefnumótunarhelginni lokinni. Eftir áramót hófst stefnumótunarvinnan hjá skrifstofu SHÍ en vegna anna, eins og sjá má í þessari ársskýrslu, gafst ekki færi á að hefja þá vinnu fyrr. Varaforseti og forseti mynduðu tímalínu til að skipuleggja ferlið og til að gera öllum skýrt (bæði starfsmönnum á skrifstofu SHÍ og stúdentaráðsliðum) hvernig vinnunni yrði háttað og hvenær væri hægt að koma með athugasemdir á drögin. Hægt er að sjá tímalínuna hér að umfjöllun lokinni.

Rannsóknarvinnan sem farið var í um stefnumótunarhelgina var mikilvægur liður í því að mynda drög að stefnunni. Mikið magn af gögnum safnaðist saman og var það í verkahring varaforseta að hreinsa gögnin og gera þau tilbúin fyrir áframhaldandi vinnu. Að hreinsun lokinni, var málefnaöflum raðað niður á starfsmenn skrifstofunnar sem höfðu áhuga og getu til að taka þátt í skrifunum. Verkaskiptingin var mismunandi eftir starfsmönnum en vel var haldið utan um það hver ætti að skrifa hvaða kafla. Þann 27. janúar hófust skrifin og voru tvö „stöðucheck“ (9. og 16. febrúar) haldin á skrifstofufundum skrifstofunnar til að tryggja að drögin yrðu tilbúin til að setja inn á heimasvæði Stúdentaráðs þann 3. mars. Á fundi Stúdentaráðs 10. mars voru drögin kynnt og að loknum fundi var opnað fyrir athugasemdir á drögin frá stúdentaráðsliðum. Stúdentaráðsliðar fengum mikinn tíma til að kynna sér drögin og koma með athugasemdir, eða til 10. apríl. Fresturinn var svo rúmur vegna stúdentaráðskosninga sem áttu sér stað seint í mars og stúdentaþykkingarnar eflaust uppteknar við þær. Eftir 10. mars tók skrifstofa SHÍ við drögunum að nýju og var farið yfir þær athugasemdir sem bárust. Í heildina barst ein athugasemd. Hægt er að velta fyrir sér hvers vegna aðeins ein athugasemd barst, hvort að eins mánaðar frestur hafi ekki verið nægur til að kynna sér drögin, stúdentaráðsliðar almennt ánægðir með drögin eða eitthvað annað. Þrátt fyrir skort á athugasemdum þá vann skrifstofa Stúdentaráðs áfram með drögin. Þann 27. apríl voru drögin síðan aftur gerð aðgengileg á heimasvæði Stúdentaráðs og stúdentaráðsliðum gefið tækifæri til að koma með athugasemdir til 4. maí. Engar athugasemdir bárust og hélt skrifstofan áfram að vinna að drögunum. Þann 11. maí var fullkláruð heildarstefna sett inn á heimasvæði Stúdentaráðs og var hún samþykkt á fundi Stúdentaráðs 18. maí 2022.

TÍMALÍNA FYRIR STEFNUMÓTUN HEILDARSTEFNU SHÍ											
Stefnumótun											
FASI			ATHUGASEMDIR								
HVAÐ			JAN	FEB	MAR	APR	MAÍ				
			27	9	16	3	10	10	11	26	27
1	Skrifstofa vinnur að dögum	- Umnið úr gögnum stefnum. ferðar - Umnið að dögum - Frekan gagnabliun	Skrifstofa vinnur að dögum								
		- Stjórnarfundur - Stúdentaráðsfundur - Efni sett inn á heimasíðu	Skrifstofa vinnur að dögum	Skrifstofa vinnur að dögum	Skrifstofa vinnur að dögum	Skrifstofa vinnur að dögum	Skrifstofa vinnur að dögum	Skrifstofa vinnur að dögum	Skrifstofa vinnur að dögum	Skrifstofa vinnur að dögum	Skrifstofa vinnur að dögum
2	Kynnt fyrir stjórn/stúdentaráði	- Stjórnarfundur - Stúdentaráðsfundur - Efni sett inn á heimasíðu	Skrifstofa vinnur að dögum	Skrifstofa vinnur að dögum	Skrifstofa vinnur að dögum	Skrifstofa vinnur að dögum	Skrifstofa vinnur að dögum	Skrifstofa vinnur að dögum	Skrifstofa vinnur að dögum	Skrifstofa vinnur að dögum	Skrifstofa vinnur að dögum
3	Opð fyrir athugasemdir	- Stúdentaráðaliðar gera athugas. - Stúdentaráðaliðar gera athugas.	Opð fyrir athugasemdir	Opð fyrir athugasemdir	Opð fyrir athugasemdir	Opð fyrir athugasemdir	Opð fyrir athugasemdir	Opð fyrir athugasemdir	Opð fyrir athugasemdir	Opð fyrir athugasemdir	Opð fyrir athugasemdir
4	Vinna inn athugasemdir	- Umnið úr athugasemdum - Umnið að dögum	Vinna inn athugasemdir	Vinna inn athugasemdir	Vinna inn athugasemdir	Vinna inn athugasemdir	Vinna inn athugasemdir	Vinna inn athugasemdir	Vinna inn athugasemdir	Vinna inn athugasemdir	Vinna inn athugasemdir

6.2 KÓRÓNUVEIRUFARALDURINN

Áhrif kórónuveirufaraldursins var enn að gæta á starfsárinu þó það hafi verið í minna mæli en starfsárið á undan. Skrifstofa Stúdentaráðs hélt áfram að vera á tánum fyrir réttindum stúdenta, sem á árinu höfðu oftast beint samband við hagsmunafulltrúa Stúdentaráðs. Málin sem upp komu voru oftast en ekki þess eðlis að meðhöndla þurfti þau ein og sér af hagsmunafulltrúa eða öðru starfsfólki skrifstofunnar. Aðstæðurnar vegna faraldursins breyttust rólega en stöðugt og voru einstaklingsmál tíðari, frekar en sameiginleg hagsmunamál stórra hópa eins og var raunin haustið 2020, sem mörg leystust á farsælan veg.

Á þessu starfsári kom Stúdentaráð að gerð tveggja kannana innan Háskóla Íslands. Fyrstu á vormisseri 2021 í samstarfi við Amalíu Björnsdóttur og Þuríði Jóhannsdóttur, prófessorar á Menntavísindasviði, en niðurstöður lágu fyrir haustið sama ár. Sú seinni var unnin og send út af Stúdentaráði á vormisseri 2022 og lágu niðurstöður fyrir í apríl síðastliðnum. Það hefur verið mjög áhugavert að sjá hvernig aðstæður stúdenta hafa verið að breytast í gegnum faraldurinn en áhyggjurnar í dag virðast helst snúa að námsframvindu, takmörkuðum félagslegum tengslum og andlegri heilsu. Það er alveg í takt við tengslakönnunina sem hefur verið framkvæmd á Félagsvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði sem sýnir marktækan mun á tengslamyndum nemenda sem hófu nám 2017 og þeirra sem hófu nám 2021. Háskólaumhverfi stúdenta hefur verið óhefðbundið og það er löngum farið að segja til sín. Stúdentaráð kom einnig að samstarfsskönnun á vegum Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) með mennta- og menningarmálaráðuneytinu, sem var lögð fyrir stúdenta í öllum háskólum landsins í lok 2021. Um er að ræða seinni könnunina af tveimur sem LÍs sammældist um við ráðuneytið.

Áherslur Stúdentaráðs varðandi Menntasjóð námsmanna voru ekki lengur takmarkaðar við faraldurinn og er betur gert grein fyrir lánasjóðsjóðnum í tengslum við atvinnuleysistryggingakerfið í kafla 6.3 og almennt um stöðu mála í 6.5. Kröfur vegna fjárhagsöryggis stúdenta einskorðast ekki heldur við faraldurinn eru raktar hér í kafla 6.3. Stúdentaráð hefur áfram fundið mikinn stuðning vegna þessara málefna og átt í góðum

samskiptum við ýmsa þingmenn sem hafa talað máli stúdenta á þingi. Sömuleiðis má finna fyrir stuðningi frá Háskóla Íslands t.a.m. í lánasjóðsmálum stúdenta.

Í þessum kafla verður gert grein fyrir gagnaöflun og áherslum ráðsins í tengslum við stöðu stúdenta á tímum kórónuveirufaraldursins. Farið verður m.a. yfir kannanir Stúdentaráðs, skólahald og starfsemi Háskóla Íslands á skólaárinu, geðheilbrigðisúrræði fyrir stúdenta og fyrri aðgerðir vegna kórónuveirufaraldursins.

6.2.1 KANNANIR STÚDENTARÁÐS

Hér verður farið yfir þær kannanir sem Stúdentaráð hefur staðið fyrir eða komið að með öðrum hagaðilum. Ítarlegri samantekt á þeim öllum má finna í heild sinni á heimasíðu ráðsins, student.is eða á skrifstofu Stúdentaráðs. Ekki verður farið yfir könnunina sem Stúdentaráð koma að í gegnum LÍS en samantekt á henni er aðgengileg á heimasíðu ráðsins.

6.2.1.1 VIÐHORF STÚDENTA TIL BREYTINGA Á NÁMI OG KENNSLU Í HÍ VEGNA COVID-19 Á VORMISSERI 2021

Í samstarfi við Amalíu Björnsdóttur og Þuríði Jóhannsdóttur, prófessora á Menntavísindasviði, lagði Stúdentaráð fyrir könnun um viðhorf stúdenta við Háskóla Íslands af námi skólaárið 2020-2021. Markmiðið var að kanna hvernig faraldurinn og breytt fyrirkomulag á kennslu hafði haft áhrif á helst líðan, námsframvindu og fjárhag, ásamt því að spyrja út í sumarstörf og sumarnám fyrir sumarið 2021. Könnunin fór fram dagana 14. apríl til 28. apríl 2021 og tóku alls 1.251 stúdentar þátt. Eftirfarandi atriði voru eftirtektarverð:

- 45% þátttakenda sögðu fjárhagsáhyggjur hafa aukist frekar eða mjög mikið í faraldrinum, hlutfallslega flestir, 55%, á HUGS en fæstir, 41%, á MVS.
- Um 54% stúdenta töldu mjög ólíklegt að þeir hættu í námi vegna COVID-19 og tiltölulega fáir, eða 15% stúdenta, telja mjög líklegt að þeim seinki í námi vegna faraldursins; hlutfallslega flestir, 21%, á VON, fæstir, 9%, á MVS.
- Um 48% þeirra sem voru að vinna í lokaverkefni lentu í einhverjum vandræðum sem má rekja til faraldursins. Hæst var hlutfallið á VON, 71%, en lægst á MVS, 42%.
- Um 75% þátttakenda sögðust hafa upplifað meiri streitu og álag en venjulega vegna COVID-19. Hlutfallið var hæst, 82%, á HVS og 78% á VON, en lægst, 70%, á MVS.

- Um tveir þriðju sögðu kvíða 8 hafa haft neikvæð áhrif á nám sitt og um fjórðungur að hann hefði haft mjög mikil áhrif. Hlutfallið var hæst á VON og HVS, 72%, en lægst á MVS, 62%.
- Um 56% þátttakenda sögðu faraldurinn hafa haft neikvæð áhrif á nám sitt og um fimmtungur sagði faraldurinn hafa haft mjög mikil neikvæð áhrif.
- Upptökur voru gerðar fyrir fram í um helmingi þeirra námskeiða sem stúdentar voru í. Það var algengast á MVS, í 74% námskeiða, en sjaldgæfast á VON, í um þriðjungi námskeiða.
- 70% stúdenta voru mjög eða frekar ánægð með kennslu í streymi í rauntíma. Flestir þeirra á MVS, 78%, en minnst ánægja var á HVS, 64%.

Niðurstöðurnar voru áfram í takt við fyrri kannanir hvað andlega líðan og fjárhagsáhyggjur varðaði. Stúdentar fundu fyrir aukinni streitu, álag og kvíða og aðstæðurnar höfðu sömuleiðis neikvæð áhrif á námið þeirra og framvindu. Þó sá meirihlutinn fyrir sér að geta lokið misserinu. Þegar niðurstöðurnar eru bornar saman við könnun Stúdentaráðs frá október 2020 má sjá að aukinn meirihluti telja það hins vegar mikilvægt að geta mætt í skólann og hefðu helst viljað geta það. Það kemur ekki á óvart að flestir þeirra séu af VON og HVS, þar sem verkleg kennsla er tíðari þar en á öðrum sviðum. Þá er það einnig skiljanlegt að flestir þeirra sem voru sáttir við stafrænu lausnirnar í kennslu og námið almennt voru af MVS, en þar fer kennsla þegar fram í fjarnámi.

6.2.1.2 LÍÐAN OG STAÐA NEMENDA VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS Á TÍMUM COVID-19

Stúdentaráð vann sjöttu könnunina á líðan og stöðu stúdenta við Háskóla Íslands sem fór fram dagana 7. febrúar til 24. febrúar 2022. Spurt var út í persónuhagi, líðan, félagslíf og kennslumál. Alls tóku 843 stúdentar könnunina. Eftirfarandi atriði voru eftirtektarverð:

- **56%** sögðu rafræna kennslu hafa hentað mjög vel eða frekar vel.
- Af þeim sem voru í rafrænu námi töldu **34.74%** það ganga mjög vel að nota fjarskipta forrit og **42.82%** frekar vel.
- Af þeim sem voru í rafrænu námi töldu **18.41%** að kennsluaðferðir kennara væru mjög góðar og **44,51%** töldu þær frekar góðar.
- **75.96%** stúdenta af félagsvísindasviði voru mjög sammála því að sjúkra- og endurtökupróf, vegna lokaprófa haustmisseris, færu fram í janúar í stað maí.
- **25.39%** töldu það hafa gengið mjög illa að kynnast samnemendum sínum á haustmisseri 2021.

- **32.03%** sögðu rafræna kennslu hafa haft frekar mikil áhrif á líðan, á skalanum mjög mikið til mjög lítið.
- **53.85%** merktu líðan sína 5 eða hærrí á skalanum 0-10. Kvarðinn var frá 0-10 þar sem 0 merkti mjög illa og 10 merkti mjög vel.
- **63.58%** upplifðu streitu og/eða álag sem þau töldu að hefði mjög mikil eða frekar mikil áhrif á námið.
- **61,4%** sögðu rafræna kennslu hafa haft ýmist mjög neikvæð áhrif eða neikvæð áhrif á áhuga og getu til að tileinka sér námið. 27,2% sögðu rafræna kennslu hafa haft jákvæð áhrif.

Niðurstöðurnar sýna að aðstæðurnar vegna COVID reynist áfram erfiðar fyrir stúdenta en stafar það aðallega af lítilli tengslamyndun við samnemendur, aukinni rafrænni kennslu og álaginu sem því fylgir. Meirihluti stúdenta vill frekar geta mætt í húsakynni skólans og ljóst er að takmarkað félagslíf hefur haft áhrif á andlega líðan þeirra. Upplifun stúdenta hefur þannig breyst úr því að finna fyrir óöryggi vegna COVID í að hafa áhyggjur af því að hafa ekki góða stjórn á námi og hvernig þær aðstæður hafi áhrif á geðheilsu.

6.2.1.3 STAÐA FORELDRA Í NÁMI Á COVID TÍMUM

Sérstök könnun var lögð fyrir foreldra í námi sem varðaði hagi og aðstæður þeirra, einkum í kjölfar faraldursins. Könnunin var send út 19. apríl og það lokaði fyrir svörun 28. apríl. Það var sameiginleg ákvörðun skrifstofu og fjölskyldunefndar að næsta nefnd myndi taka saman niðurstöðurnar.

6.2.3 SKÓLAHALD OG STARFSEMI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Þegar á heildina er lítið er óhætt að segja að skólahald og starfsemi Háskóla Íslands hafi gengið vel. Neyðarstjórn Háskóla Íslands kom ekki saman á árinu þar sem ekki komu upp mál sem varð að beina að stjórninni. Skólaárið hófst á nýnemadögunum, líkt og ár hvert, en þrátt fyrir að þeir væru enn óhefðbundnir var ýmsu komið fyrir í dagskránnar. Upplýsingaborðið fyrir stúdenta var á sínum stað og voru það fulltrúar í Stúdentaráði sem stóðu þar vaktina ásamt því að bjóða upp á gönguferðir um háskólasvæðið. Stúdentaráð var með sérstakan grænan nýnemadag vegna afhendingar Grænfánans annað árið í röð auk þess að félagslífs- og menningarnefnd stóð fyrir hinu klassíska nýnemamóti sem góð þátttaka var í.

Stúdentahreyfingin og stjórnendur háskólans vildu gjarnan leita allra leiða til að þjónusta og styðja við stúdenta. Fyrstu niðurstöður könnunar á tengslaneti nemenda sem hófu nám á Félagsvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði haustið 2021 settu ákveðinn tón fyrir skólarárið. Þær sýndu að þeir nemendur, í samanburði við nemendur sem hófu nám 2017, stæðu mjög illa. Þannig töldu nemendur sem hófu nám í fjarnámi haustið 2021 upp færri tengsl hvoru tveggja við upphaf náms og við mælingu á öðru misseri. Nær helmingur nemenda sem hófu nám haustið 2021 höfðu þannig ekki kynnst nýju fólki í náminu. Þessar niðurstöður eru sérstaklega alvarlegar þar sem rannsókn á tengslaneti nemenda sem hófu nám 2017 sýna að lang flest ný tengsl myndast á milli mælinga á fyrsta og öðru misseri nemenda í námi.

Áfram var fyrirkomulag kennslu, námsmats og prófa í höndum deildana og var það mjög misjafnt hvernig kennarar ákváðu að útfæra það. Lagt var upp með að fá stúdenta í skólann en á sumum stöðum hentaði rafræn kennsla betur. Á öðrum stöðum var kennsla í raunheimum fyrsti kostur en skortur á stofum, t.a.m. vegna vatnstjónsins, flækta málin. Eins og hefur áður komið fram gekk ágætlega að finna flöt á þeim málum sem komu inn á borð skrifstofunnar, sem voru mörg hver í prófatíðunum. Hagsmunafulltrúi og forseti voru í regluglegu sambandi við rektorsskrifstofu og kennslusvið vegna þessa en það var líka ljóst að með auknum afléttingum voru stúdentar mun móttækilegri fyrir staðkennslu. Forseti og hagsmunafulltrúi kölluðu þó eftir því að ráðstafanir yrðu mun skýrari og fyrirsjáanlegri. Athugasemdir stúdenta sneru nefnilega einna helst að upplýsingagjöf frá háskólanum, sem ekki þótti nægilega góð, aðallega þegar kom að því að finna upplýsingar um leiðbeiningar eða ráðstafanir vegna sóttkvíar eða einangrunar. Hvort sem það var vegna þess að þau höfðu lent í þessum aðstæðum og vissu ekki hvernig þau ættu að snúa sér, eða einfaldlega til að vera öllu viðbúin. Skrifstofan taldi einnig ástæðu til að bæta upplýsingagjöfina til stúdenta vegna smita í kennslustund eða prófi, enda varð stúdentum að geta liðið vel í húsakynnum háskólans. Það sem stendur annars helst upp úr er að Félagsvísindasvið varð við ósk sviðsráðs að halda sjúkrapróf vegna lokaprófa í desember í janúar í staðinn fyrir maí.

Umræðan um fjarnám er ekki ný af nálinni en síðastliðin tvö ár hefur hún dúkkað upp reglulega og háværar raddir verið mjög áberandi. Skiljanlega þykir það skjóta skökku við að Háskóli Íslands geti á stuttum tíma fært kennslu alfarið yfir á rafrænt form þegar þess þurfti, en ekki getað haldið í það fyrirkomulag áfram. Stúdentaráð hefur lengi talað fyrir bættu framboði kennslu á rafrænu formi og almennt nútímalegri kennsluháttum. Háskóli Íslands hefur vissulega sýnt að hann hafi alla burði til þess að taka nauðsynleg skref í þá átt, og hefur þegar hafist handa við það. Það verður áfram að standa vörð um að Háskólinn byggi ofan á þau úrræði og þrói þau áfram og í því samhengi breytti Stúdentaráð innri uppbyggingu kennslumálanefndar til að halda betur utan um þau mál.

Það verður hins vegar að skiljast að rafrænir kennsluhættir og fjarnám sé ekki það sama. Fjarnámið við Háskólann verður að efla með mjög markvissum hætti þannig að fleiri námsleiðir standi fólki til boða. Það er þó ekki gert með því að færa allt nám yfir á rafrænt form einfaldlega vegna þess að gæði námsins er ekki tryggt með þeim hætti. Nú er verið að innleiða fjarnámsáætlun og nýr fjarnámsstjóri verið ráðinn, en þetta er verkefni sem átti að hefja fyrr en var sett á ís vegna faraldursins. Markmiðið er að þróa fjórar námsleiðir á hverju ári í heildstæðar fjarnámsleiðir sem uppfylla gæðakröfur en því mun t.a.m. fylgja að kennarar fái viðeigandi þjálfun. Það liggur þó í augum uppi að fjárveitingar til Háskólans verða að taka mið af þessari þróun þannig að viðeigandi aðföng séu aðgengileg og gott utnumhald við kennara sé til staðar. Það er mjög mikilvægt að það sé hugað bæði að því að efla rafræna kennsluhætti og þróa fjarnám þannig að Háskóli Íslands geti þjónað samfélaginu öllu.

6.2.4 GEÐHEILBRIGÐISÚRRÆÐI

Á síðustu árum hafa framfarir orðið í geðheilbrigðisþjónustu við Háskóla Íslands en eftirspurnin er áfram mikil. Lítil sem engin félagsleg tengsl yfir tvö ár hafa verið stúdentum erfið viðureignar, einkum fyrir þau sem ekki hafa upplifað faraldurslausa háskólagöngu. Raunar þekkjum við ekki langtímaáhrif dræmrar félagslegrar tengsla sökum faraldursins, en höfum þó ágætar vísbendingar. Beiðni Stúdentaráðs um aukið fjármagn í geðheilbrigðisúrræði skilaði sér í að allt að 100 milljónum var ráðstafað aukalega til háskólastigsins. Háskóli Íslands fékk 45 milljónir sumarið 2021 sem gerði geðheilbrigðishópnum kleift að fjölga úrræðum.

Forseti lagði áherslu á að það yrði að skoða ráðningu annars sálfræðings samhliða hópmeðferðaúræðum.

Haustið 2021 var strax boðið upp á nýjar meðferðir; sjálfstyrkingarnámskeið sem byggir á HAM, núvitundarnámskeið á íslensku og ensku og áfengis- og vímuefnaráðgjöf frá fagaðilum SÁÁ einnig á íslensku og ensku. Sálfræðiráðgjöfin hélt áfram sem og Sálræktin, HAM námskeiðið og einstaklingsviðtöl hjá sálfræðingunum. Við vormisserið 2022 átti að bætast við nýtt námskeið sem nefnist HAM heilbrigði og kemur framvegis í stað HAM námskeiðsins, en ákveðið var að bíða þangað til haustið 2022. Þá var fjórði sálfræðingurinn ráðinn í febrúar í hálft starfshlutfalli til tveggja ára. Sá sálfræðingur er með aðsetur í Stakkahlíð þannig að nemendur þar hafi þjónustuna í sínu nærumhverfi. Öðrum nemendum gefst þó kostur á að nýta sér þjónustuna þar ef biðlistar eru ekki langir.

Það er mjög mikilvægt að gera grein fyrir því að um einskiptis fjárveitingu sé að ræða og því brýnt að Stúdentaráð halda striki í þessum málaflokki. Það þarf að tryggja áframhaldandi stuðning til að halda þjónustunni úti. Það liggur fyrir að geðheilbrigðishópurinn hafi aðeins meira svigrúm til að bæta við þjónustuna og verður það vera sérstaklega skoðað næsta haust. Með tilliti til nýjustu könnunar Stúdentaráðs, sem fjallað er um í kafla 6.2.1, og tengslakönnunarinnar, sem fjallað er um í kafla 6.2.3, stendur háskólasamfélagið óneitanlega áfram frammi fyrir þeirri áskorun að hlúa að stúdentahópnum og starfsfólki, og í senn undirbúa komu nýrra nema næsta haust.

6.2.5 FYRRI AÐGERÐIR OG ÚRRÆÐI

COVID úrræði á stúdentagörðunum hjá Félagsstofnun stúdenta voru í gildi út skólaárið 2020-2021, en fyrri aðgerðir voru t.a.m. lækkaðar eininga- og námsframvindukröfum auk þess að reglum um hámarksdvalartíma var ekki fylgt. Sameiginlegt úrræði var líka þá var opnað fyrir umsóknir allra óháð skráningu í nám. FS, Stúdentaráð Háskóla Íslands og Háskóli Íslands héldu utan um sjóð sem Háskólinn ráðstafaði fjármagni í, til að koma til móts við þá sem áttu í

mestum greiðsluvanda á görðunum. Hópurinn vann tímabundið og var um takmarkað fé að ræða.

Það var hvorki ráðist í að bjóða upp á sumarnám í Háskóla Íslands en það er líka alveg ljóst að slíkt nám þurfi að vera vandlega skipulagt og hugsað frekar til lengri tíma. Stjórnvöld réðust ekki í sumarstarfa úrræði líkt og gert var síðustu tvö ár enda var atvinnumarkaðurinn farinn að taka við sér. Á fundi með félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra 10. febrúar 2022 var snert á sumarstörfunum og tók skrifstofan fram að heildarhugmynd um slík varanleg störf á sumrin væri vert að skoða. Það getur nefnilega reynst eftir fyrir stúdenta að vinna störf sem eru í takt við námið þeirra eða áhugasvið. Ráðuneytið ætti að skoða það að bjóða upp á þess konar miðuðum störfum til að veita stúdentum tækifæri til að nýta þekkingu sína og þjálfa hana áfram.

6.3 FJÁRHAGSLEGT ÖRYGGI STÚDENTA

Bág kjör stúdenta innan námslánakerfisins hefur lengi leitt til þess að mikill meirihluti þeirra þurfi að reiða sig á vinnu samhliða námi. EUROSTUDENT kannanirnar hafa staðfest að íslenskir stúdentar vinni hvað mest með námi í samanburði við stúdenta á Norðurlöndunum, nú síðast í sjöundu umferð könnunarinnar. Í ofanálag falla stúdentar milli glufa innan velferðakerfisins og þurfa að mæta hinum ýmsu skilyrðum til að geta leitað réttar síns. Þegar sérútbúnað undanþágur handa þeim duga skammt eru þeir síðan án úrræða. Þetta er ekki nýtt af nálinni, enda stúdentar og Stúdentaráð ekki látið á sér sitja við að krefjast betri kjara, en segja má að þessar aðstæður hafi orðið mjög raunverulegar fyrir miklu stærri hóp í mars 2020 þegar kórónuveirufaraldurinn náði til Íslands. Það er því ekki að tilefnislausu sem Stúdentaráð hefur krafist réttar stúdenta til atvinnuleysisbóta á sama tíma og ráðið hefur verið með mjög skýrar kröfur að grundvallarbreytingum í námslánakerfinu. Stúdentaráð hefur sent frá sér alls sjö umsagnir í tengslum við frumvörp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar. Þær umsagnir eru að finna á student.is eða skrifstofu Stúdentaráðs.

6.3.1 NÁMSLÁNAKERFIÐ OG ATVINNULEYSISTRYGGINGAKERFIÐ

Áherslur Stúdentaráðs vegna fjárhagsöryggis námsfólks einskorðast ekki við kórónuveirufaraldurinn og því eru kröfurnar innan námslánakerfisins almennari og snúa að heildarendurskoðuninni sem á að eiga sér stað fyrir haustþing 2023. Það er betur fjallað um starfið, áherslur og horfur í kafla 6.5 um Menntasjóð námsmanna. Hér skal þó taka fram að í umræðunni um réttindi stúdenta til atvinnuleysisbóta kemur námslánakerfið ætíð við sögu, enda er hlutverk þess og ætlun að vera stuðningsnet fyrir stúdenta á skólagöngu þeirra. Tilvist kerfisins er því ein helsta ástæðan fyrir því að stjórnvöld líta svo á að námsfólk eigi ekki rétt á, og jafnvel þurfi ekki, að reiða sig á atvinnuleysisbætur. Samspil þessara tveggja kerfa hefur ekki gengið að samræma, sem verður til þess að stúdent í hlutastarfi eða fullu starfi er nánast ógerlegt að sækja sér fjárhagsstuðnings missi hann vinnu sína, nema að hann geti reitt sig á undanþágu í lögunum.

Forsendur atvinnuleysisbótakröfunnar skiptast í tvennt. Í fyrsta lagi rennur atvinnutryggingagjald af launum stúdenta í atvinnuleysistryggingasjóð eins og hjá öllu öðru vinnandi fólki, sem ólíkt stúdentum eiga rétt á fjárhagsaðstoð úr sjóðnum. Það er samkvæmt [3. gr. laga um tryggingagjald](#) sem tekjur ríkisins renna af atvinnutryggingagjaldi til Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga, sem launagreiðandi greiðir af launum starfsfólks. Í öðru lagi áttu stúdentar rétt á atvinnuleysisbótum, í námshléum, fram að 1. janúar 2010 þegar sá réttur var tekinn af þeim með lögum nr. 134/2009 um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. Umsögn Stúdentaráðs, Stúdentafélagi Háskólans í Reykjavík, Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri, Nemendafélagi á Bifröst og Sambandi íslenskra námsmanna erlendis vegna frumvarpsins kjarnar þetta ágætlega:

„Ástæða þess að stúdentar gera athugasemdir við 5. gr. er sú að námslán tryggja einungis framfærslu níu mánuði ársins en þá eru eftir þrír mánuðir þar sem þeim er ekki tryggt framfærsla. [...] Mikilvægt er að fyrir liggi að námsmenn sem ekki fá vinnu á sumrin eigi rétt á félagslegri aðstoð frá sínu sveitarfélagi eða námslánum allt árið um kring ef afriema á rétt þeirra til atvinnuleysisbóta. Stenst það ekki 1. mgr. 76. gr. stjómarskrárinnar um lágmarksframfærslu að ákveðinn hópur sé framfærslulaus þrjá mánuði ársins og þarf því að

liggja alveg ljóst fyrir að námsmenn eigi kost á öðrum úrræðum í námsleyfum séu þeir atvinnulausir.“

Námslánakerfið á að sjá námsmönnum fyrir framfærslu á skólaárinu en ekkert kerfi er til staðar sem grípur fólk á sumrin sé það án atvinnu (og ekki í skóla). Stúdentar þurfa að ákveða fyrir hvert skólamiðgerð hvort þeir ætli að sækja um lán eður ei. Þau sem ákveða að reiða sig á vinnu til að framfleyta sér, eru alveg tekjulaus ef þau verða skyndilega fyrir atvinnumissi á miðju misseri og verða annað hvort að bíða eftir næsta misseri eða þangað til nýja vinnu er að finna. Í þessu samhengi má einnig geta að skörun atvinnuleysistryggingakerfisins og námslánakerfisins er þannig að stúdent er ekki heimilt að vera í meira en 12 einingum, samhliða vinnu, til að eiga rétt á stuðningi úr atvinnuleysistryggingakerfinu missi hann vinnuna, en verður að standast 22 einingar til að eiga kost á námslánum.

Stúdentaráð má til að undirstrika að nýju í þessari skýrslu að krafan snýst einfaldlega um að allir stúdentar sem þurfa að sækja sér fjárhagsaðstoðar, sökum atvinnuleysis, hafi kost á því til jafns við annað vinnandi fólk. Fyrir utan þær forsendur sem rökstuddar eru hér að ofan þá skal skýrt vera að til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum þarf einstaklingur að geta uppfyllt sett skilyrði Vinnumálastofnunar. Af þessu má komast að þeirri niðurstöðu að það sé gott sem ógerlegt að ætla sér að fara á bætur af öðrum ástæðum en vegna nauðsynjar. Til viðbótar má ítreka að eitt útilokar ekki annað, samhliða atvinnuskapandi úrræðum og bættu lánasjóðskerfi þurfa stúdentar fjárhagslegt öryggisnet eins og hver annar vinnandi einstaklingur, komi upp sú pattstaða að stúdent verði að leita sér fjárhagsaðstoðar sökum tekjumissis.

6.3.2 ENDURSKOÐUN LAGA UM ATVINNULEYSISTRYGGINGAR

Snemma haustið 2020 lá fyrir að farið yrði í heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006. Í umsögnum sínum frá þessum tíma óskaði Stúdentaráð eftir því að endurskoðunin yrði unnin í samráði við stúdenta, sem líkt og aðrir hagaðilar var tilefni til að þeir ættu sæti við borðið. Endurskoðunin fór af stað 2021 án beinnar aðkomu stúdenta, hins vegar fengu stúdentahreyfingarnar tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við fulltrúa Bandalags háskólamanna (BHM) sem á sæti í hópnum. Á fundi LÍS seinni

part haustsins kom fulltrúi BHM inn á fund og í kjölfarið fundaði forseti með viðkomandi til að ræða málið betur. Þá lét forseti hann hafa afrit af minnisblaði vegna atvinnuleysisbótakröfu Stúdentaráðs í þeim tilgangi að miðla áfram sjónarmiðum stúdenta.

Skrifstofa Stúdentaráðs óskaði eftir fundi með nýjum félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra fljótlega eftir ríkisstjórnarmyndun og átti fund með honum 10. febrúar 2022. Þar voru m.a. vinnumarkaðsmál rædd, einkum sumarstörf og atvinnuleysisbótaréttur námsfólks. Farið var einnig yfir samspil námslánakerfisins og atvinnuleysistryggingakerfisins og áhrif þess á kjör og aðstæður námsfólks. Þá var ítrekað mikilvægi þess að gætt yrði að hagsmunum stúdenta í endurskoðunarferlinu á atvinnuleysistryggingalögunum. Óskað var eftir að ræða betur við ráðherra um atvinnuleysistryggingakerfið og undirstrikað að það þyrfti að finna góða lausn eða málamiðlun á réttindum stúdenta innan þess kerfis, sem eru ósköp takmörkuð. Sammælt var um að halda samskiptunum vegna þessa opnum í framhaldinu, það er því verkefni næstu skrifstofu að fylgja því eftir.

6.4 ALÞINGISKOSNINGAR 2021

6.4.1 SKÝRSLA STARFSHÓPS

INNGANGUR

AÐDRAGANDI

Kosið var til Alþingis þann 24. september 2021. Líkt og fyrri kosningar voru margir þættir sem gerðu þessar alþingiskosningar einstakar. Til að mynda, þá voru allt að 11 stjórnmalaflokkar sem buðu fram lista í kjördæmum og sóttust eftir atkvæðum. Þar sem fyrri ríkisstjórn hafði einnig tekist það verk að klára heilt kjörtímabil óslitið mætti segja að þess í stað gafst rými fyrir önnur málefni að komast í umræðuna fyrir kosningarnar. Samtök og hreyfingar úr öllum áttum fengu því tækifæri á að reyna á þrýstimátt sinn til að koma sínum áherslum á framfæri fyrir kosningarnar, bæði til kjósenda og frambjóðenda. Hér má nefna einkunnagjöf Ungra umhverfissinna, sem gaf hverjum og einum flokk einkunn á sviði loftslags-, umhverfis-, orku- og sjálfbærismála. Samtökin 78' tóku einnig fyrir einkunnagjöf á sviði hinseginmála, þar sem

flokkunum var boðið að ræða áherslur flokkanna í málefnum hinseginfólks og í kjölfarið þeim gefin einkunn byggt á stefnumálum þeirra.

Stúdentaráð Háskóla Íslands sá tækifæri til þess að hafa áhrif á kosningarnar og leggja krafta sína í að málefni stúdenta og háskólasamfélagsins alls fengu sinn hljómgrunn í kosningunum. Ákveðið var á fundi Stúdentaráðs að settur yrði saman starfshópur sem hefði það hlutverk að vinna að herferð fyrir alþingiskosningarnar. Hópurinn yrði samansettur af þremur kjörnum fulltrúum skrifstofu Stúdentaráðs sem og þremur Stúdentaráðsliðum.

Undirbúningur fyrir herferðina hófst í stefnumótunarferð Stúdentaráðs sumarið 2021. Þar var þátttakendum skipt niður á umræðuborð og var eitt þeirra um væntingar og markmið stúdenta fyrir alþingiskosningarnar 2021. Borðin sem myndu tengjast herferðinni voru tvö með ólíkum tilgang; störf Stúdentaráðs og væntingar til stjórnmalaflokkanna. Rætt var um stefnumál stjórnmalaflokkanna og hvaða áherslur stúdenta yrðu að vera í menntamálastefnum flokkanna fyrir kosningarnar.

MARKMIÐ

Tilgangur starfshópsins var að vinna að herferð á vegum Stúdentaráðs til þess að vekja athygli á málefnum stúdenta fyrir komandi alþingiskosningar og skapa umræðu um kosningarnar og málefnið meðal stúdentahópsins við Háskóla Íslands. Markmiðið var vitaskuld að hafa áhrif á stefnu stjórnmalaflokkanna varðandi hagsmunamál stúdenta, en ekki síst að upplýsa fólk um þau málefni fyrir alþingiskosningarnar. Ákveðið var að taka fyrir þrjú stór málefni sem varða hagsmuni stúdenta: atvinnuleysisbætur stúdenta, undirfjármögnun háskólans, og Menntasjóð námsmanna. Þar sem fyrri herferð Stúdentaráðs var skilvirk og gekk vel var ákveðið að nýta þekkinguna sem skapaðist úr henni og notfæra svipað markaðsefni. Skýr og gagnvirk lendingarsíða, stutt og hnitmiðuð myndbönd og greinar sem og skipulagðir viðburðir voru talin rétta leiðin til þess að ná markmiði herferðarinnar.

STARFSHÓPURINN

Samþykkt var á fundi Stúdentaráðs í júní 2021, að setja saman starfshóp sem falið yrði að skipuleggja og framkvæma herferð Stúdentaráðs fyrir alþingiskosningarnar 2021. Ákveðið var að starfshópurinn myndi samanstanda af þremur fulltrúum frá skrifstofu SHÍ; forseta, varaforseta og lánasjóðsfulltrúa. Á móti var opnað fyrir umsóknir meðal stúdentaráðsliða þar sem þrjú yrðu skipuð úr röðum Stúdentaráðs. Þegar umsóknarfresturinn rann út var ákveðið að framlengja frestinn og opna fyrir umsóknir frá stúdentaþykkingunum. Tveir stúdentaráðsliðar og einn fulltrúi frá stúdentaþykkingunum tóku sæti í starfshópnum. Fyrsti fundur hópsins fór fram 13. júlí 2021. Á þeim fundi var farið yfir markmið, skipulag og háttsemi starfshópsins. Teymissáttmáli var búinn til og farið yfir ótta og væntingar hópmeðlima. Því næst var farið yfir niðurstöður umræðuborðana frá stefnumótunarferðinni og vinna hófst á herferðinni. Hugarflug átti sér stað um yfirskrift herferðarinnar og hvaða stóru málefni yrðu tekin fyrir.

Fulltrúar skrifstofu SHÍ sáu um að finna tíma og bóka fund með starfshópnum á fyrst tveggja vikna fresti en svo í hverri viku er september mánuðurinn rann upp. Fundarstjórar fundanna voru í flestum tilfellum forseti Stúdentaráðs en einnig varaforseti. Hlutverkaskipti áttu sér stað við einstaka liði herferðarinnar, þ.e.a.s. fyrir viðburði, myndbandsgerð og lendingarsíðu, en fulltrúum SHÍ í starfshópnum var í auknu mæli falið að sjá um viðburði herferðarinnar, á meðan skrifstofan sá um undirbúning myndbanda og lendingarsíðu.

LENDINGARSÍÐA

Þegar herferð Stúdentaráðs „*Eiga stúdentar ekki betra skilið?*“ fór fram í janúar 2021 var notast við heimasíðu Stúdentaráðs til að vekja athygli á herferðinni. Gerð var sérstök lendingarsíða sem öll myndbönd og greinar tengd herferðinni leiddu til. Þar sem fyrirkomulagið tókst mjög vel í þeirri herferð var ákveðið af starfshópnum að notast við lendingarsíðu í herferðinni fyrir alþingiskosningarnar. Lendingarsíðan var unnin og fullkláruð áður en herferðin fór á flug til þess að tryggja að hægt væri að leita til hennar fyrir frekari upplýsingar. Síðan tók fyrir þau málefni sem starfshópurinn ákvað að setja í forgrunn fyrir kosningarnar og tók fyrir afstöðu og sjónarhorn SHÍ tengd þeim málum. Er myndböndin voru gerð voru þeim einnig bætt við lendingarsíðuna sem stuðlaði að gagnvirkni lendingarsíðunnar.

Það kom sér einstaklega vel að hafa lendingarsíðu. Mikilvægt var að geta í hvívetna vísað til hennar og að fyrstu kynni fólks á herferðinni, t.d. útfrá myndböndunum eða greinunum myndu ekki enda þar, heldur leiða áfram á heimasíðu Stúdentaráðs.

VIÐBURÐIR

PALLBORÐ STÚDENTARÁÐS OG POLITICA Á FUNDI FÓLKSINS

Ákveðið var 4. ágúst 2021, á fundi starfshópsins með Politica, félag stjórnmálafræði við HÍ, að nýta vettvang Fund fólksins til þess að halda pallborð með oddvitum stjórnmálaflokkanna. Isabel forseta SHÍ var falið að hafa samband við skipuleggjendur Fund fólksins til þess að bóka tíma fyrir viðburðinn og stað. Í kjölfarið var ákveðið að viðburðurinn yrði haldinn á vegum bæði Stúdentaráðs og Politica, með Kjartan Ragnarsson sem tengilið milli þeirra. Var okkur úthlutað stóra salinn í Norræna húsinu, með tíma frá 16:00 - 16:45 föstudaginn 3. september.

Skipulag

Starfshópnum var falið að skrifa spurningar til frambjóðenda. Ákveðið var að taka fyrir þrjár spurningar sem allir flokkarnir fengu að svara. Til þess að tryggja jafnræðis var einnig ákveðið að sú röð sem frambjóðendur fengu að svara í yrði ákveðin af handahófi með því að draga nafn úr körfu. Þetta varð til þess að frambjóðendur svöruðu aldrei í sömu röð. Á sama hátt var ákveðið að frambjóðendur myndu standa við borð og handahófskenndri röð. Einnig þurfti að ákveða heiti á pallborðinu og stuttri lýsingu, upplýsa skipuleggjendur Fund fólksins og gera Facebook viðburð. Fundur fólksins var með míkrafóna fyrir alla viðmælendur og sá alfarið um streymi af viðburðinum. Rétt fyrir pallborðið var ákveðið að hafa frambjóðendur sitjandi, þá aðallega vegna þess að á Fundi fólksins var notað stóla og því fannst óþarfi að vera breyta uppsetningunni alfarið og frekar bæta við stólum.

Samskipti

Samskipti við stjórnmálaflokkana fóru alfarið fram í gegnum tölvupóst eða síma. Netföng annaðhvort af heimasíðu flokkanna eða með því að hringja í þá. Vakin er athygli á því að

nauðsynlegt var að hringja í suma stjórnmalaflokka til þess að ítreka póstin og fá staðfestingu á mætingu.

Þann 26. ágúst, var hringt í alla flokkana til þess að minna á póstin. Allir flokkarnir staðfestu komu sína en fengu öll frest til þess að staðfesta oddvita sinn. Ekki var gefinn tími sem flokkarnir höfðu til þess að staðfesta fulltrúa sinn umfram dagsetningu viðburðarins, 3. september. Innan viðviku, eða 30. ágúst, var ítrekunarpóst sendur á flokkana til þess að minna enn og aftur á viðburðinn, fá það skriflegt að flokkarnir myndu mæta og staðfestingu á fulltrúa. Þetta var fyrst og fremst gert í viðbúnaði er það kom í ljós að nokkur pallborð ættu sér stað á svipuðum tíma sem gætu valdið misskilningi af hálfu flokkanna. Í kjölfarið bárust staðfestingar á frambjóðendum og var þeim stillt upp í skjal. Þess má geta að einn flokkur boðaði komu sína tveimur tímum fyrir fundinn.

Samskiptum við Fund fólksins var háttað í gegnum tölvupóst við framkvæmdastjóra. Í upphafi þurfti að senda inn umsókn um viðburð til Fund fólksins og biðja um viðeigandi sal. Skipuleggjendur Fund fólksins báðu um ákveðnar upplýsingar frá okkur sem við komum áleiðis. Við komum einnig áleiðis spurningum til þeirra einkum vegna útbúnaðar.

Framkvæmd og ígrundun

Föstudaginn 3. september fór viðburðurinn fram. Fyrir pallborðinn hittist starfshópurinn til þess að fara yfir skipulagið sem og undirbúa stjórnendur með prufu keyrslu á spurningum. Nöfn frambjóðenda voru prentuð út á blað til þess að merkja sætin, sem og spurningarnar á minnismiða og nöfn frambjóðenda aftur til þess að setja í skál og draga svarendur af handahófi. Starfshópurinn mætti u.þ.b. 45 mínútum fyrir sjálfan viðburðinn. Öll sáu um að taka á móti frambjóðendum og voru allir mættir fyrir settan tíma. Viðburðurinn á undan kláraðist á slaginu og var þá í flýti ákveðið að frambjóðendur myndu sitja í sól í stað þess að standa við borð, eins og upprunalega var áætlað. Þetta var gert til þess að minnka óþarfa Allir frambjóðendur sem höfðu staðfest komu sína mættu nema einn flokkur. Það kom ekki að sök

er meiri tími gafst þá fyrir hina frambjóðendurnar til þess að svara. Fundur fólksins sá alfarið um að koma míkrafónum fyrir á frambjóðendur og setja upp streymi fyrir helstu fréttamiðla, þar sem öllum viðburðinum var streymt í beinni. Mæting var góð og rétt rúmlega voru hurðunum lokað og viðburðurinn hófst. Stjórnendur fóru yfir háttalag viðburðarins og hvernig spurningunum yrði svarað. Meðlimur starfshópsins sat í salnum með merki til þess að gefa frambjóðendum þegar tími þeirra var að renna út og þegar svarinu yrði að ljúka. Passað var að vera ströng á tíma til þess að tryggja að allir fengu sama tíma til þess að svara. Þegar allir höfðu svarað öllum spurningum var tíminn einmitt runninn upp og þakkað var fyrir komuna. Frambjóðendur sáu alfarið sjálf um að fara. Reynt var eftir bestu getu að flýta gestum út þar sem næsti viðburður á Fundi fólksins átti að hefjast beint á eftir pallborðinu.

Allt í allt gekk pallborðið vonum framár. Skipulagið var gott en það hefði þurft að ítreka við stjórnmalaflokkana dagsetningu sem þeir þyrftu að staðfesta bæði komu sína og fulltrúa sinn fyrir. Þar sem það var ekki gert endaði á því að einn flokkur boðaði fulltrúa sinn um þremur tímum fyrir viðburðinn sjálfann. Það bætti einnig við ákveðnu flækjustigi að halda viðburðinn á vegum Fund fólksins, þar sem öll samskipti þyrftu að fara bæði til stjórnmalaflokkanna sem og verkefnastjóra Fund fólksins. Hinsvegar margfalt borgað það sig, þar sem Fundur fólksins útvegaði tíma, sal, tæknibúnað og streymi okkur að kostnaðarlausu. Það létti mikið á starfshópnum sem gat þess í stað einbeitt sér frekar að spurningum og innihaldi viðburðarins. Það er því mat hópsins að mæla með að nýta krafta Fund fólksins standi það til boða aftur. Hafa skal í huga hvað Fundur fólksins býður upp á, þar sem það var starfshópnum fremur óljóst til að byrja með.



Varðandi viðburðinn sjálfann nýtist salurinn í Norræna húsinu vel. Hægt var að koma öllum frambjóðendum vel fyrir og stjórnendur gátu staðið við pontu. Hentugt væri næst að hafa einhverskonar merkimiða, glæru á vegg eða plaggat til þess að viðburðurinn sé auðþekkjanlegur á meðan á honum stendur. Með því er átt við, t.a.m, þegar teknar eru myndir á viðburðinum þá sjáist í eitthvað sem gerir fólki kleift að tengja hvaða viðburður sé til staðar. Er þetta tekið frá viðburði Ungra umhverfissinna, sem voru með góða auglýsingu fyrir viðburðinn sinn vegna verkefnisins Sólin. Varðandi auglýsingu fyrir viðburðinn ber að hafa í huga að ennþá var ákveðið óvissuástand í samfélaginu þegar viðburðurinn var haldinn vegna COVID-19. Því var það ekki beint í hag starfshópsins að viðburðurinn myndi yfirfyllast af gestum. Salurinn varð fullur með örfáum lausum sætum, og hefði í raun þurft að vísa fólki frá hefðu fleiri mætt. Þess í stað var tilvalið að streymt var frá viðburðinum.

PÓLÍTÍSKT PARTY STÚDENTARÁÐS OG POLITICA Á STÚDENTAKJALLARANUM

Upphaflega ákvað starfshópurinn að halda tvo viðburði fyrir alþingiskosningarnar. Það varð endanlegt ákvörðun að báðir viðburðirnir yrðu pallborð, en þó með ólíku sniði. Á fyrra pallborðinu, sem fram fór á vegum Fund fólksins, var óskar eftir oddvita sætum úr kjördæmi að eigin vali frá stjórnmalaflokkunum. Þegar kom að seinna pallborðinu var hins vegar hugmyndin að óska eftir ungum frambjóðendum til þess að mæta fyrir hönd flokks síns á Stúdentakjallarann til þess að sitja fyrir spurningum. Frekar skipulag fyrir viðburðinn var geymt þar til eftir pallborðið á Fundi fólksins.

Skipulag

Líkt og var gert fyrir fyrra pallborðið skipti starfshópurinn með sér hlutverkum. Aftur var viðburðurinn unninn í samstarfi með Politica, félagi stjórnmalafraðinema við Háskóla Íslands. Ákveðið var snemma að hafa pallborðið með öðru sniði en á Fundi fólksins. Umhverfið yrði öðruvísi sem að kallaði á öðruvísi skipulag. Á fundi starfshópsins varð niðurstaðan sú að í þetta sinn yrði notast við einskonar lukkuhjól til þess að ákveða spurningar. Það þýddi að allar spurningarnar yrðu valdir af handahófi fyrir frambjóðendum til þess að svara. Einnig þýddi það að hver frambjóðandi svaraði ekki sömu spurningu, heldur sérstakri spurningu hver um sig.

Varðandi hlutverk var niðurstaðan sú að hafa aftur tvo stjórnendur til að stýra pallborðinu. Þar sem gekk vel að hafa einn stjórnanda úr starfshópnum og annan úr stjórn Politica. Restin af starfshópnum samdi 25 spurningar sem yrðu á lukkuhjólinu, sem og almennar inngangsspurningar. Það var einnig ákveðið að í þetta sinn yrði boðið upp á að senda inn spurningar, svo meðlimi starfshópsins var falið að útbúa QR-kóða.

Líkt og áður var skipaður tengiliður úr starfshópnum við Politica sem hitti stjórn Politica á fundi til þess að ákveða praktísk atriði viðburðarins. Á þeim fundi var ákveðið að hafa pallborðið einn og hálfan tíma að lengd. Restin af spurningunum voru samdar á þeim fundi og tryggt að viðfangsefni þeirra næði yfir breytt svið málefna. Þar sem búið var að bóka Stúdentakjallarann fyrir viðburðinn þurfti einungis að sjá fyrir tólum og tækjum sem stjórn Politica sá alfarið um. Ákveðið var að notast aftur við tímamörk og merkingar úr sal um hvenær svartími væri runninn upp, er það tókst vel á Fundi fólksins.

Samskipti

Forseti Politica sá um að senda út pósta á alla stjórnaráðsflokkanna og óska eftir frambjóðendum til þess að mæta á pallborð og sitja fyrir spurningum. Sérstaklega var tekið fram að óskað væri eftir ungum frambjóðendum, þar sem tilgangur viðburðarins væri að gefa ungum frambjóðendum tækifæri á að svara spurningum er snerta stúdenta á Íslandi. Líkt og fyrir fyrri viðburðinn var pósturinn sendur út með tveggja vikna fyrirvara. Í þetta sinn var passað að taka fram þá dagsetningu sem flokkarnir þyrftu að hafa staðfest komu sína fyrir.

Framkvæmd og ígrundun

Fyrir viðburðinn voru spurningarnar prentaðar út fyrir stjórnendur. Áminning var send á stjórnaráðsflokkana um mætingu. Líkt og áður voru enn flokkar sem höfðu staðfest komu sína en ekki frambjóðenda sinn. Um klukkutíma fyrir viðburðinn sem átti að hefjast 20:00 var sviðið

sett upp með stólum og míkrafónar tengdir. Ákveðið var að setja upp myndavél til þess að geta tekið upp viðburðinn fyrir heimildar tilgang.

Allir frambjóðendur mættu á tilsettum tíma og gafst nægur tími til þess að koma öllum fyrir. Ásamt því að prenta út spurningarnar fyrir stjórnendur voru Q-kóðar einnig prentaðir út á A4 blaði og dreift á Stúdentakjallaranum. Kóðin leiddi að skjali þar sem hægt var að senda inn nafnlausar spurningar til ákveðinna frambjóðenda. Þar sem andrúmsloftið var töluvert afslappaðra heldur en á fyrri viðburði og tímaþröng ekki jafn mikil breyta þá gafst einnig tími til þess að ganga úr skugga um að öll tæknileg atriði væru tilbúin. Hjólinu var varpað á skjá og notast var við frítt hjól á netinu. Stjórnendur byrjuðu á því að gefa frambjóðendum tækifæri á að kynna sig og sinn flokk. Því næst var farið fyrir leikreglur og hvernig pallborðinu yrði háttað. Í þetta sinn var svöruðu frambjóðendur í einfaldri röð frá vinstri til hægri, er það hafði engin áhrif á svör þeirra er engin var með sömu spurningu. Að lukkuhjólinu loknu voru teknar fyrir spurningar úr sal og það sem mikill fjöldi spurninga barst var ákveðið að taka fyrir fyrstu þrjár spurningarnar. Þar sem tími gafst undir lok spurninga var skjót ákvörðun tekin að gefa hverjum frambjóðenda tækifæri á að spyrja annan frambjóðenda spurningu.

Allt í allt tókst pallborðið mjög vel. Miklar umræður sköpuðust og voru viðbrögð úr sal einkum skemmtileg og gefandi fyrir andrúmsloftið. Að notast við lukkuhjól og sértækri spurningu á hvern frambjóðenda var nýjung og tókst mjög vel og voru frambjóðendur einnig ánægðir með fyrirkomulagið. Ákvörðunin að gefa hverjum frambjóðenda tækifæri á að spyrja annan frambjóðenda spurningu, líkt og gert er í stjórnmalakappræðum, tókst mjög vel. Mælst er til þess að það verði aftur gert verði slíkur viðburður haldinn aftur. Einnig má þess geta að allar spurningarnar voru sendar á staðfesta frambjóðendur með því fyrirkomulagi að hver og einn myndi aðeins svara þremur spurningum. Það setti þrýsting á frambjóðendur að mæta undirbúin á pallborðið og var gestum gert ljóst að allir hefðu fengið tækifæri á að sjá spurningar fyrir viðburðinn. Einnig, þar sem hver og einn svaraði sérstakri spurningu aðeins einu sinni var komið í veg fyrir að endurtekning ætti sér stað í of miklu magni, sem á það til að

gerast þegar allir frambjóðendur svara sömu spurningu í röð. Því er mælt til þess að gefnu eðli viðburðarins að notast verði við sama fyrirkomulag til þess að halda athygli gesta.

MYNDBÖND, GREINAR OG MARKAÐSEFNI

Almennt markaðsefni var unnið fyrir herferðina af Aton JL í samstarfi við Landsbankann. Hér er átt við fyrst og fremst skýringamyndir fyrir samfélagsmiðla sem og veggspjöld. Þar sem svipaðar áherslur voru í herferð Stúdentaráðs snemma árið 2021 var í raun aðeins nauðsynlegt að senda uppfærðar tölur á Aton JL. Eftir margar hugmyndir var einnig ákveðið að hafa litapemað eins, þar sem reynt var eftir mesta megni að koma í veg fyrir að litapalletta markaðsefnisins væri í líkingu við stjórnmalaflokkana.

Starfshópurinn ákvað að skilvirk leið til þess að koma málefnum stúdenta á framfæri í herferðinni væri í gegnum myndbönd. Vegna velgengni myndbandanna í seinustu herferð var einnig ákveðið að hafa myndböndin af sömu gerð þá. Það þýddi að í myndböndunum kæmu fyrir bæði kjörnu og faglega ráðnu fulltrúar skrifstofu Stúdentaráðs til þess að flytja stuttan og hnitmiðaðan texta. Lokamyndband herferðarinnar yrði þó lengra og frábundið hinum myndböndunum þar sem þrír fulltrúar skrifstofu Stúdentaráðs kæmu fyrir og kjörnuðu málefni herferðarinnar.

Greinarnar voru þrjár talsins og líkt og með myndböndin var ákveðið af starfshópnum að þær yrðu samdar af þremur fulltrúum skrifstofunnar í starfshópnum. Hver grein tengdist einu af þremur stóru málefnum herferðarinnar, þ.e. undirfjármögnun, atvinnuleysisbætur og lánasjóðs kerfið. Talið var að greinarnar myndu fá bestu dreifinguna sem skoðun á fréttaveitunni Vísir og voru þær birtar meðfram birtingu myndbandanna tengd tilteknu málefni. Seinasta greinin var samin í sameiningu af forseta Stúdentaráðs og rektor Háskóla Íslands og var síðar birt á vef Fréttablaðsins.

Greinarnar þrjár voru: [10 ár án réttinda](#) eftir Vífil Harðarson; [Vítahringur vonbrigða](#) eftir Söru Þöll Finnbogadóttur; og [Háskólamenntun bætir líf skjör okkra allra](#) eftir Isabel Alejöndru Díaz og Jón Atla Benediktsson, rektor Háskóla Íslands.



FRAMKVÆMD

Herferðin fór af stað 31. ágúst 2021 og hófst með [myndbandi](#) um atvinnuleysisbótakröfu stúdenta auk þess að lendingarsíðan af student.is var send á alla stjórn mála flokkana. Því næst var pallborðið í samstarfi við Politica, félagi stjórnmálafræðinema, með oddvium framboðslista stjórnmála flokkana haldið þann 3. september á vettvangi Funds fólksins. Í seinni vikunni, 6.-10. september, var gefin út samantekt af pallborðinu ásamt efni á samfélagsmiðlum og plaköt hengd á háskólasvæðinu. [Seinna myndbandið](#) kom einnig út en það var um Menntasjóð námsmanna og lokamyndbandið var tekið upp í Garðsbúð í Gamla garði. Í þriðju vikunni, 13.-17. september, birtist fyrri part vikunnar greinin á Vísi eftir Söru Þöll um [Menntasjóð námsmanna](#), í miðri viku birtist svo greinin eftir Isabel og rektor um [undirfjármögnun háskólastigsins](#), og svo seinni part vikunnar síðasta greinin eftir Vífil um [atvinnuleysistryggingakerfið](#). [Þriðja myndbandið](#) kom einnig út þá vikuna. Á fimmtudeginum var annað pallborð Stúdentaráðs með Politica, í þetta sinn haldið á Stúdentakjallaranum og fengum við til okkar unga frambjóðendur. Í lok vikunnar kom einnig út yfirlit yfir

kosningaáherslur flokkanna í málefnum stúdenta. Í fjórðu vikunni kom [lokamyndbandið](#) út á mánudegi auk þess að samantekt á herferðinni var ítrekuð á samfélagsmiðlum.

Tímalínan fyrir herferðina var ansi löng og því var efninu dreift nokkuð vítt, en þriðja vikan var mest annasöm af öllum. Yfirleitt hafa herferðir verið til mun styttri tíma, 1-2 vikur, þannig að vinnan á bakvið þessa herferð var mun umfangsmeiri, hún dreifðist jafnt og þétt yfir á vikurnar og verkefnin unnin jafn óðum. Til viðbótar við herferðina bauð rektor Háskóla Íslands stjórnmalaflokkunum á kynningarfundum í Grósku í tilefni kosninganna og fékk forseti aðkomu að þeim. Þar var farið yfir starfsemi háskólans auk þess að forseti fékk tækifæri til að koma skilaboðum herferðarinnar áleiðis.

Það er áskorun að viðhalda herferð í svona langan tíma og við aðstæður þar sem mörg félagasamtök og önnur hagsmunafélög eru að reyna að grípa athygli stjórnvalda, og stjórnvöld sömuleiðis að reyna að grípa athygli þjóðarinnar. Ytri áhrif voru mun meira ráðandi við þessa herferð en við herferðina í janúar 2021, en það eru aðstæður sem verður að meta hverju sinni og tækla eins vel og unnt er. Starfshópurinn var búinn að sjá það fyrir, en það var hluti af umræðunni við gerð teymissáttmálans, og gerði mikið úr því að háttla t.a.m. fréttatilkynningum og dreifingu efnisins með sem skilvirkustum hætti.

NIÐURLAG

Kosningum til Alþingis fylgir mikil umræða um fjölda málefna. Að koma áherslum ákveðins hóps á framfæri er því ákveðin áskorun út af fyrir sig. Með því að setja af stað herferð sem kjarnaði þau stóru hagsmunamál sem barist hefur verið fyrir í þágu stúdenta var markmiðið, og að raddir stúdenta fengu hljómgrunn í áherslum stjórnmalaflokkanna. Þó ytri áhrif hefðu verið ráðandi getur starfshópurinn verið sáttur með efnislegu málefnavinnuna sem átti sér stað og endurspegladist ekki einungis í kynningarefninu heldur einnig í viðburðunum sem voru haldnir og fengu góða athygli. Sé annar starfshópur settur á fót við annað sambærilegt tilefni mæla meðlimir þessa starfshóps með að herferðarefnið sé unnið eins mikið fyrirfram og unnt er og að takmarka herferðina við 1-2 vikur. Þó undirstrikar hópurinn að það þurfi að vega og

meta aðstæður hverju sinni og ekki sé hægt að festa vinnu eða framkvæmd herferðar í fullmótaðar skorður.

6.4.2 SAMSTARF VIÐ STJÓRNVÖLD

Á árinu urðu ríkisstjórnarskipti og í kjölfar breytinga á stjórnarráðinu heyrir háskólastigið nú undir glænýtt ráðuneyti, sem enn er í mótun, og ráðherra, Áslaugu Örnu Sigurbjörnsdóttur. Áætla má að það séu ákveðin tækifæri fólgin í því að háskólastigið sé tekið út fyrir sviga og það sé samþætt vísindastarfsemi, rannsóknunum, nýsköpun og iðnaði, enda eitt meginhlutverk háskólana að leiða af sér þekkingu inn í samfélagið. Það sem ber hins vegar að hafa í huga er að háskólarnir eru meira en það. Háskólanámið á að vera vítt og allskonar á sem breiðasta vettvangi því hlutverk þess er miklu meira en að skila fólki út á vinnumarkaðinn. Allar námsleiðirnar á þeim fimm fræðasviðum sem Háskóli Íslands menntar við eru veigamiklar og skipta sköpum fyrir íslenskt samfélag. Það verður því áhugavert að sjá hvernig ráðuneytið þróast áfram og hvort það verði lögð áhersla nýsköpun og atvinnulífið eða vísindi og starfsemi háskólana, eða allan pakkann. Sem stærsta hagsmunaafl stúdenta við ríkisrekinn háskóla verður Stúdentaráð að standa vörð um opinbera háskólamenntun enda hafa hvers konar breytingar á háskólastiginu áhrif á stúdenta.

Fram að alþingiskosningum vakti Stúdentaráð mikla athygli á að fjármögnun háskólastigsins yrði að vera eitt meginatriðið í stjórnarsáttmálanum þegar kæmi að menntum. Stúdentaráð og Háskóli Íslands voru samtaka í þessu máli og var mjög gott að sjá að í sáttmálanum var fjallað um að fjárveitingarnar ættu að vera í samræmi við áætlanir vísinda- og tækniráðs. Stjórnvöld þurfa að hafa hraðar hendur til þess að ná tilsettum markmiðum um að ná meðtali Norðurlandana, en það kallar á áþreifanlega og markvissa stórsókn í menntun.

Fráfarandi skrifstofa Stúdentaráðs bauð ráðherra á fund í desember 2021 og var þar farið yfir helstu hagsmunamálin bæði innan og utan háskólans. Síðan þá hafa samskiptin við ráðherra gengið vel og eru samráðsfundir á fjögurra vikna fresti með öllum stúdentahreyfingunum á

landsvísu. Líkt og greint er frá í kafla 6.5 um Menntasjóð námsmanna, tók ráðherra sérstaklega tillit til kröfu hreyfingana um hækkun á grunnframfærslunni, okkur til mikillar ánægju.

Samskipti við nýjan félagsmála- og vinnumarkaðráðherra hafa einnig verið góð en skrifstofa Stúdentaráðs óskaði sérstaklega eftir fundi með honum. Það var mikilvægt að eiga í áframhaldandi samtali um m.a. vinnumarkaðsmála námsfólks og réttindi þeirra innan almannatryggingakerfisins. Einnig þótti skrifstofunni tilvalið að kynna starfsemi og hlutverk Stúdentaráðs, og þannig stuðla að góðu samstarfi í þágu háskólanema.

6.5 MENNTASJÓÐUR NÁMSMANNA

Frá því að Menntasjóður námsmanna varð til með lagasetningu sumarið 2020 hefur Stúdentaráð Háskóla Íslands haft virkt aðhald við bæði framkvæmd og stjórnun Menntasjóðsins. Starfsárið hófst með gerð á skýrslu um stöðu stúdenta á húsnæðismarkaði sem unnin var af verkefnastjóra Stúdentaráðs. Í samantekt skýrslunnar vegna stöðu viðbótarlána af hálfu Menntasjóð námsmanna er tekið fram að á síðastliðnum fimm árum hefur vísitala leiguverðs hækkað um 41%. Á sama tíma hefur viðbótarlán lánasjóðsins vegna húsnæðis hækkað um 11%. Var það ályktun Stúdentaráðs út frá skýrslunni að sé grunnframfærsla og viðbótarlán vegna húsnæðis borin saman er skýrt að kerfið gerir ráð fyrir að stúdentar beri íþyngjandi húsnæðiskostnað. Liggur skýringin í því að viðbótarlánið sem ætlað er til greiðslu húsnæðiskostnaðar nemur 40% af heildarláninu í tilviki einstæðra foreldra og einhleypra og í engum tilfellum nemur viðbótarlánið minna en 25% af heildinni. Með hliðsjón af þessu benti Stúdentaráð á að grunnframfærsla ætti að nema um þreföldu viðbótarláni vegna húsnæðis eða að lágmarki þannig að tryggt sé að húsnæðishlutinn sé undir 40% af heildinni.

Fyrir Alþingiskosningarnar 2021 vann Stúdentaráð að herferð með það að markmiði að koma áherslum stúdenta á framfæri til bæði stúdenta, almennra kjósenda og frambjóðenda. Hluti af því var að vinna í kröfum Stúdentaráðs til Menntasjóðs námsmanna og endurskoðun laga um Menntasjóðs námsmanna fyrir haustþing Alþingis 2023. Var unnið að lendingarsíðu fyrir

vefsíðu Stúdentaráðs og myndbönd birt sem báru upp kröfur Stúdentaráðs. Í samræmi við umsagnir og ályktanir ráðsins frá 2019 og 2020 voru kröfur Stúdentaráðs ítrekaðar og eftirfarandi þættir bentir á til breytinga: Viðhorfsbreyting stjórnenda Menntasjóðsins sem og stjórnvalda verður að eiga sér stað; sjálfbærnis hugsjón sjóðsins verður að heyra sögunni til; fjármagn af skatttekjum og sparnaði í skólakerfinu vegna hvatakerfisins sem eru upp á 1-3 milljarða króna árlega, samkvæmt útreikningum Summu ráðgjafar ehf fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið, eigi að renna aftur til sjóðsins; tilhögun grunnframfærslu framfærslulána verður að fylgja skýr fyrirmæli um endurskoðun milli ára; grunnframfærslu framfærslulána verður að hækka þannig að hún samsvari, að lágmarki, dæmigerðu neysluviðmiði félagsmálaráðuneytisins; lægra vaxtaþaks þar sem vextir eru ekki lengur í föstum 1% heldur eru þeir breytilegir upp á 4% þaki fyrir verðtryggð lán og 9% þaki fyrir óverðtryggð lán; barnastyrkur er aðeins aðgengilegur þeim foreldrum sem í námi eru og taka lán hjá sjóðnum og því ber að breyta; tekjutenging skuli afnumin þar sem hún skerðir aðgengi að námi og mismunar þeim sem höfðu ekki tök á að fara í nám fyrr á lífsleiðinni. Með kröfum Stúdentaráðs fylgdi grein á Vísi sem var birt með myndbandi um stöðu stúdenta í námslánakerfi Íslands. Var vonin að vekja bæði kjósendur og frambjóðendur til umhugsunar og benda á þá þætti námslánakerfisins sem ber að breyta.

Með tilkomu nýrrar ríkisstjórnar og nýs Alþingis snemma árið 2022 komu tvö frumvörp um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna. Bæði frumvörpin voru frá þingmönnum stjórnarandstöðunnar. Fyrra var flutt af Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur, þingmanni Viðreisnar, og varðaði breytingu á styrktarfyrirkomulagi Menntasjóðs námsmanna sem og afnám frítekjumarksins og . Breyting styrksins snéri að því að í stað niðurfellingar að loknu námi fengi námsfólk sem stunda nám sem telst lánshæft námsstyrk til framfærslu sem nemur 72.000 kr. á mánuði miðað við fulla námsframvindu. Í kjölfar móttöku allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis á frumvarpinu óskaði nefndin eftir umsögn frá Stúdentaráði. Í grunninn var það skoðun Stúdentaráðs að svona stór breyting á fyrirkomulagi námsstyrks Menntasjóðsins væri ekki tímabær og þar sem einungis eins árs reynsla væri til staðar á Menntasjóði námsmanna væri fremur í hag stúdenta að efla núverandi styrkjakerfi. Enn

fremur hafði það verið niðurstaða fulltrúa stúdenta í starfshóp fyrir gerð laga um Menntasjóð námsmanna an réttast væri að innleiða námsstyrk í formi niðurfellingar höfuðstóls, sem tíðkast í Noregi, í stað mánaðarlega styrkja, sem tíðkast í Danmörku. Var ástæðan meðal annars sú að þegar á heildina er litið er námslánakerfið á Íslandi ekki nægilega þróað og á hinum Norðurlöndunum og alls ekki nógu fjármagnað.

Það seinna var flutt af Tómasi A. Tómassyni, þingmanni Flokk fólksins, og varðaði frítekjumark Menntasjóðsins. Talaði frumvarpið í meginráttum fyrir því að frítekjumarkið yrði afnumið og að grunnframfærslan yrði hækkuð. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Stúdentaráðs vegna frumvarpsins. Í umsögninni lagðist Stúdentaráð gegn því að afnema frítekjumarkið. Var það mat ráðsins að mikilvægt væri að fyrsta yrði grunnframfærslan hækkuð og í kjölfarið frítekjumarkið hækkað áður en það yrði afnumið. Hætta er á því að með því að afnema frítekjumarkið uppfylli Menntasjóðurinn ekki hlutverk sitt sem félagslegt jöfnunartól, þar sem allir, óháð tekjum, gætu fengið lán fyrir náminu. Einnig er það ekki núverandi markmið að stúdentar neyðast til þess að vinna meðfram námi.

Úthlutunarreglur Menntasjóð námsmanna voru kynntar með auglýsingu ráðherra 1. apríl. Í nýju reglunum var grunnframfærsla framfærslulánanna hækkuð um 18%. Var það mikið fagnaðarefni enda hefur Stúdentaráð lengi barist fyrir slíkri hækkun sem í það minnsta færi umfram dæmigert neysluviðmið félagsmálaráðuneytisins. Áfram verður unnið að hærri grunnframfærslu og síst ekki kröfunni um raunverulega reglubundna endurskoðun á framfærslulánunum. Að öðru leiti urðu litlar breytingar á úthlutunarreglunum og almennt var set spurningarmerki við undirbúning úthlutunarreglnanna fyrir árið 2022-2023. Til að mynda hækkaði frítekjumarkið aðeins um vísitölu, námsstyrkurinn helst óbreyttur og enn er gerð krafa um þinglýsta leigusamninga við beiðni um viðbótarlán vegna húsnæðiskostnaðar. Stúdentaráð mun halda áfram að þrýsta á breytingar í þessum málum ásamt fleirum fyrir endurskoðun laganna um Menntasjóð námsmanna fyrir haustþing 2023. Er þar mikið sóknarfæri fyrir stúdenta og möguleiki á raunverulegum úrbótum á námslánakerfinu sem enn veldur erfiðleikum og fjárhagslegum óstöðugleika fyrir marga stúdenta. Á næsta starfsári mun

undirbúningur á heildarendurskoðuninni eiga sér stað og er mikilvægt að Stúdentaráð komi að því bæði innan stjórnar Menntasjóðs námsmanna sem og utan við.

6.6 GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTA VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Samsetning geðheilbrigðishópsins innan Háskóla Íslands hefur lítið breyst frá fyrra ári eða frá því að hann var settur á fót 2018. Í honum sitja nú fjórir sálfræðingar sem starfa við Háskólann, deildarstjóri náms- og starfsráðgjafar, sviðsstjóri kennslusviðs, prófessor í geðlæknisfræði, forstöðumaður Sálfræðiráðgjafar háskólanema, klínískur sálfræðingur og fyrrum forstöðumaður ráðgjafarinnar og forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Hópurinn hefur það hlutverk að sjá um fyrirkomulag og útfærslu geðheilbrigðisþjónustunnar sem Háskóli Íslands veitir. Hópurinn fundaði tvisvar á starfsárinu, einu sinni á hvoru misseri, en sviðsstjóri kennslusviðs hélt meðlimum upplýstum í gegnum tölvupóstsamskipti þegar það urðu nýjar og stórar vendingar. Á fyrsta fundinum voru lagðar línur að þeim úrræðum sem hópurinn taldi best að halda áfram með eða hefja með viðbótarfjármagninu sem barst um sumarið; nánar tiltekið COVID aðgerð upp á 45 milljónir í kjölfar þrýsting frá Stúdentaráði. Það var mjög mikilvægt að geta lagt til drög að útfærslum þar sem það yrði lagt fyrir stjórnvöld. Þessu var öllu fylgt eftir enda hafði hópurinn sammælt um þau úrræði sem væru hvað mest nauðsynleg, en þau eru rakin í kafla 6.2.4. Ráðning fjórða sálfræðingsins stendur þar helst upp úr. Framfarir og sterk staða Háskóla Íslands í geðheilbrigðismálum hefur verið algjört lykilatriði síðastliðin tvö ár.

Forseti fylgdi einnig eftir hugmyndinni um félagsráðgjöf fyrir stúdenta. Til að rifja það upp var það þannig að vorið 2020 nálgadist forseti félagsráðgjafardeildar forseta Stúdentaráðs til að ræða aukin úrræði og stuðning við stúdenta. Hugmyndin þá var sú að hægt yrði að bjóða nemendum upp á félagsráðgjöf líkt og boðið er upp á einstaklingsviðtöl hjá sálfræðingum skólans. Forseti fór með hugmyndina um að ráða inn félagsráðgjafa hjá náms- og starfsráðgjöfinni inn til geðheilbrigðishópsins, en á þeim tíma var verið að fjölga geðheilbrigðisúrræðum með hliðsjón af faraldrinum og fjármagnið af skornum skammti. Hins vegar var tekið vel í að félagsráðgjafardeild stæði fyrir félagsráðgjöf félagsráðgjafarnema, byggt á svipuðum grunni og sálfræðiráðgjöf sálfræðinema.

Sú hugmynd var því tekin áfram til rektors og útbjó félagsráðgjafardeild tillögu sem fór bæði á rektorsskrifstofa og inn á borð geðheilbrigðishópsins sumarið 2021. Farið var þess á leit við geðheilbrigðishópinn að ákveðinn hluti úr fjárveitingu stjórnvalda færi í verkefnið en þar sem um var að ræða einskiptisaðgerð var óljóst hvort það væri hægt. Í janúar 2022 bárust hins vegar þær góðu fréttir að verkefnið verði stutt fjárhagslega af rektor og geðheilbrigðishópnum (geðheilbrigðisfjárveitingunni til hans). Haustið 2022 mun því fara af stað ný þjónusta þar sem meistaranemar í félagsráðgjöf munu bjóða upp á félagsráðgjöf fyrir nemendur skólans. Afburða góð hugmynd félagsráðgjafardeildar og gott samstarf deildarinnar við skrifstofu Stúdentaráðs stuðlaði að því að verkefnið fengi góðan hljómgrunn og yrði að veruleika. Því ber svo sannarlega að fagna.

Stúdentaráð verður að halda áfram að brýna fyrir stjórnvöldum mikilvægi bættrar geðheilbrigðisþjónustu og sömuleiðis leggja áherslu á að innan Háskólans sé fjármagninu ráðstafað í forgangsmál. Ásamt Háskóla Íslands verður ráðið að geta sýnt fram á að örugg fjármögnun málaflokksins sé nauðsynleg.

6.6.1 HEILBRIGÐISMÓTTAKA Á HÁSKÓLASVÆÐIÐ

Stúdentaráð telur vera fullt tilefni til að bæta þjónustuna við stúdenta almennt í heilbrigðismálum með því að setja á fót heilbrigðismóttöku í Vatnsmýrina. Ályktun þess efnis má rekja [til 2020](#) en hún vísar í rannsókn frá árinu 2011, sem gaf til kynna að nemendur hefðu mikla þörf fyrir sérstaka heilbrigðismóttöku og fjölbreyttari þjónustu. Það tíðkast í háskólum erlendis að vera með slíka þjónustu á háskólasvæðinu en hérlandis er það hvorki til staðar né boðið upp á heilbrigðisþjónustu innan menntastofnanna á háskólastigi. Í tilefni kosninga til borgarstjórnar samþykkti Stúdentaráð að álykta aftur og óska eftir viðbrögðum frá frambjóðendum, ásamt því að senda ályktunina á viðeigandi ráðuneyti, þar sem ríkisstjórnarskipti urðu frá síðustu ályktun. Þá var ályktunin einnig send á rektor Háskóla Íslands og óskað eftir stuðningi sem er hugsaður í formi nýrrar rannsóknar að fyrirmynd þeirrar frá 2011 og samvinnu gagnvart borgaryfirvöldum og stjórnvöldum. Rektor hefur tekið vel í það

hingað til. Þegar þetta er skrifað hafa tveir flokkar brugðist við en ekkert ráðuneyti. Ályktunin í heild sinni er í kafla 8.3.

6.7 ÓKYNGREIND SALERNI

Ókyngreining salerna hefur verið mikið baráttumál hagsmunafélaga við Háskóla Íslands (HÍ) sem rekja má aftur í tímann, en er þess eðlis að tekur langan tíma að aðhafast og sjá árangur. Það er helst vegna þess að það staldar á tveimur reglugerðum, annars vegar reglugerð nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða sem heyrir undir Félagsmálaráðuneytið, en vinnueftirlitið sér um eftirfylgni, og hins vegar reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Í fyrrnefndu reglugerðinni er í 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar lagt skyldu á vinnustaði til að aðgreina salerni og snyrtingar eftir kyni í ákveðnum tilfellum, eða þar sem starfa fleiri en 5 karlar og 5 konur. Ef upp kemur að ákvæði reglugerðarinnar séu ekki uppfyllt gefur myndi eftirlitið fyrirmæli um úrbætur og ef ekki er tekið á því þrátt fyrir ítrekanir hefur stofnunin heimild til að beita þvingunaraðgerðum, þ.e. álagningu dagsekta. Síðarnefnda reglugerðin gildir um almenningsrými og á það við um skólabyggingar. Reglugerðin gerir ekki sömu kröfur og reglugerðin um húsnæði vinnustaða, en segir að það *sem skilrúm salernisklefa ná ekki niður að gólfi og upp að lofti skulu salernisrými vera aðgreind fyrir konur og karla*. Sökum þess að reglugerð um starfsmannarými gerir auknar kröfur um kyngreind salerni þá skiptir það töluverðu máli við framkvæmd hvort tiltekin bygging eða hluti hennar sé skilgreind sem skólabygging eða starfsmannarými. Í Háskóla Íslands blandast margvísleg starfsemi saman innan sömu byggingar.

Aðkoma Stúdentaráðs má að öllum líkindum rekja langt aftur í tímann en þau gögn sem eru tiltæk um það ná aftur til starfsársins 2018. Stúdentaráð sendi erindi til Félagsmálaráðuneytisins og lagði til breytingar á 21.gr. og 22.gr. reglugerðarinnar um húsnæði vinnustaða. Erindið var gert í samvinnu við Q-félag hinsegin stúdenta og Trans Íslands sem kvittuðu undir ásamt jafnréttisnefnd Stúdentaráðs og jafnréttisnefnd háskólaráðs. Félagsmálaráðuneytið svaraði erindinu á þá leið að tillagan yrði skoðuð innan þeirra raða. Milli

hagsmunafélaganna var það talið best að Q-félagið færi með forystu í málinu en vegna dræmra svara ráðuneytisins og vinnueftirlitsins féll það milli hluta.

Þann 30. apríl 2021 sendi Stúdentaráð frá sér umsögn vegna nýrrar stefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026 og tók þar sérstaklega fram afstöðu þess til ókyngreindra salerna í byggingum háskólans og hvatti háskólann til að beita sér í málinu gagnvart þeim reglugerðum sem hindra merkingarbreytingar. Haustið 2021 efndi skrifstofa Stúdentaráðs til fundar með jafnréttisfulltrúum Háskóla Íslands, forseta jafnréttisnefndar Stúdentaráðs, Q-félag hinsegin stúdenta og Femínistafélagið til að ræða stöðu mála og næstu skref. Ljóst var að málið er tvíþætt, annars vegar þurfti að veita aðhald innan skólans og hins vegar gagnvart stjórnvöldum. Stúdentaráð er að vinna að málinu ásamt Q-félaginu, femínistafélaginu og framkvæmda- og tæknisviði innan skólans. Það hefur verið ákveðið að taka salerni alveg í gegn í VRII, Lögbergi og einn salerniskjarna í Læknagarði. Það er á áætlun að hefja framkvæmdir í maí og að ný salerni verði tilbúin í haust. Fyrirséð að aðgengið verði gott að þeim. Það er mikilvægt að halda áfram að beita okkur fyrir því að fleiri byggingar verði teknar í gegn.

Ásamt hagsmunafélögunum og Reykjavíkurborg óskaði Stúdentaráð eftir fundi með félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra auk þess að birta opið bréf til stjórnvalda þar sem farið var fram á að lög um kynrænt sjálfræði verði að fullu innleidd, þannig að reglugerðir sem þau snerta taki nauðsynlegum breytingum tafarlaust. Um þessar mundir er verið að endurskoða báðar reglugerðir en sú sem heyrir undir félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytið ætti að vera tilbúin til samráðs. Á fundi skrifstofunnar með ráðherra 10. febrúar 2022 kom fram að það breytingarnar yrðu ræddar og bornar undir hlutaðeigandi en síðan þá hefur forseti í tvígang sent fyrirspurn á ráðuneytið vegna fyrirhugaðs samráðs en ekki fengið svör. Ókyngreind salerni er mikilvægt jafnréttismál sem mun halda áfram að vera inni á borði Stúdentaráðs, nú í góðu samstarfi við fleiri hagsmunafélög innan skólans. Það skiptir máli að aukin réttindavernd skili sér í því sem mætir fólki á hverjum degi.

6.8 SKRÁSETNINGARGJALD VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Vinnan við að fá úr því skorið hvort skrásetningargjaldið rúmist innan ramma laganna um opinbera háskóla heldur enn áfram. Málið er rakið ítarlega í ársskýrslum 2019-2020 og 2020-2021 en ágætt að fara yfir það hér einnig. Í kjölfar þess að skrifstofa Stúdentaráðs var fullvissuð um að skrásetningargjaldið yrði ekki hækkað af þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra í byrjun árs 2020, eftir að háskólaráð fól rektor að kanna möguleikann á því, var erindi sent á Umboðsmann Alþingis í nafni þáverandi framkvæmdastýru Stúdentaráðs. Þá hófu fulltrúar stúdenta í háskólaráði að reyna á réttmæti gjaldsins innan ráðsins og komu því fyrir í [starfsáætlun þess](#) 2020. Þess má einnig geta að forseti hafði ítrekað við mennta- og menningarmálaráðherra stofnun starfshóps vegna skrásetningargjaldsins sem ráðherra hafði talað um við skrifstofuna 2019-2020 en án árangurs.

Svar barst frá umboðsmanni Alþingis um að kvörtunina yrði að beina til háskólaráðs, sem framkvæmdastýra gerði 16. september 2020 og óskaði eftir því að fá úr því skorið hvort skrásetningargjöld við Háskóla Íslands væru réttmæt og rúmuðust innan lagarammans. Málið var tekið upp á háskólaráðsfundi [1. október 2020](#) vegna kvörtunarinnar og svo aftur [4. mars 2021](#) í tengslum við starfsáætlunina. Til stóð að halda kvörtuninni áfram af framkvæmdastýru en í lok ársins 2020 lét hún af störfum og því varð að leita að öðrum farveg fyrir það hjá skrifstofu Stúdentaráðs. Fulltrúar stúdenta í háskólaráði töldu það heppilegast að einn þeirra tæki málið upp að nýju og var formleg kæra send á háskólaráð aftur haustið 2021. Kvörtunin lá fyrir ráðinu á fundi þess 2. september 2021 og kom inn lögfræðingur Háskólans að reifa málið. Þar sem annar fulltrúi stúdenta, sem er jafnframt fráfaramandi hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs, sendi inn kvörtunina varð hann að víkja af fundi. Oddviti fulltrúa stúdenta sem jafnframt er fráfaramandi forseti Stúdentaráðs sat fundinn og bókaði eftirfarandi:

„Undirrituð telur að skýring og túlkun á hvað falli undir kennslu skv. a-lið 2. mgr. 24. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 geti ekki aðeins byggt á sögulegri skýringu í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum sem nú eru fallin úr gildi.“

Á fundi háskólaráðs 7. október var kvörtunin til umræðu aftur og voru þá lögð drög að ákvörðun háskólaráðs um að hafna því og vísa í að niðurstöðunni væri hægt að áfrýja til áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema. Aftur bókaði oddviti fulltrúa stúdenta:

„Undirrituð kys með því að málið fari í þetta ferli því hún telur það eðlilegast, og er það ferli sem við bjuggumst við, ef svo mætti að orði komast. Undirrituð telur hins vegar að skýring og túlkun á hvað falli undir kennslu skv. a-lið 2. mgr. 24. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 geti ekki aðeins byggt á sögulegri skýringu í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum sem nú eru fallin úr gildi. Sömuleiðis að kennslu skv. ákvæðinu þurfi að skýra til samræmis við lög og reglur, svo sem reglur Háskóla Íslands.“

Fulltrúar stúdenta áfrýjuðu niðurstöðunni í kjölfarið og þegar þetta er skrifað er búið að funda með áfrýjunarnefndinni og er nú beðið eftir niðurstöðu. Þegar hún hefur borist verður hægt að meta næstu skref, hvort sem það er að áfrýjunarnefndin fellist á erindi stúdenta eða því sé skotið til umboðsmanns alþingis. Fulltrúar stúdenta í háskólaráði, sem láta af störfum næstkomandi júní 2022, munu fylgja málinu eftir og vera í góðum samskiptum við næstu skrifstofu Stúdentaráðs og nýja fulltrúa í háskólaráði.

6.9 HÚSNÆÐISMÁL

Húsnæðismálin eru eitt þeirra grundvallarhagsmunamála sem Stúdentaráð beitir sér fyrir. Þau hafa verið mikið til umræðu síðastliðin ár, og sérstaklega á starfsárinu 2021-2022 þar sem skipulags- og samgöngumál eru nú í miklum forgrunni. Í þessum kalla verður stuttlega fjallað um skýrslu Stúdentaráðs um stöðu stúdenta á húsnæðismarkaði auk þess að fara yfir stöðuna á uppbyggingu stúdentaíbúða.

6.9.1 SKÝRSLA STÚDENTARÁÐS UM STÖÐU STÚDENTA Á HÚSNÆÐISMARKAÐI

Sumarið 2021 lagði skrifstofa Stúdentaráðs til samþykktar ráðsins að verkefnastjóri yrði ráðinn yfir sumartímann við að afla upplýsinga og gagna um réttindi námsfólks innan velferðarkerfisins og þannig fá betri mynd af stöðu þeirra við mismunandi félagslegar aðstæður. Féll það vel að þeim verkefnum sem þegar voru inn á borði Stúdentaráðs í þessum efnum, t.a.m. upplýsinga- og gagnaöflun ráðsins um kjör stúdenta innan námslánakerfisins, atvinnutækifæri og réttindi á vinnumarkaði. Ákveðið var að skoða sérstaklega kjör og réttindi

stúdenta á húsnæðismarkaði og gera því skil í skýrslu sem var svo gefin út. Upplýsingar um störf verkefnastjóra eru að finna í kafla 5.8.

Markmið skýrslunnar er að bera saman almenna leigumarkaðinn og stúdentagarða, greina húsnæðisbyrði stúdenta og kanna rétt til opinbers húsnæðisstuðnings með hliðsjón af viðbótarláni Menntasjóðs námsmanna (MSNM) vegna húsnæðiskostnaðar. Niðurstöðurnar benda til þess að námsmenn greiði að jafnaði húsnæðiskostnað sem annaðhvort nálgast það eða telst vera *íþyngjandi*, sem er í algjöru samræmi við Eurostudent VII. Það er tæplega fjórfalt hærra hlutfall en meðal allra Íslendinga. Lágar ráðstöfunartekjur stúdenta útskýra að nokkru leyti þessa stöðu en þær eru í mörgum tilvikum námslán en ekki eiginlegar tekjur eða bætur úr félagslega kerfinu. Raunveruleiki stúdenta á húsnæðismarkaði er háður ýmsum breytum sem felur í sér minna húsnæðisöryggi og hærri húsnæðiskostnað í samanburði við eigin fasteign eða garðana. Menntasjóður námsmanna kemur við sögu í þessum málaflokki einnig út af viðbótarláninu sem sjóðurinn veitir vegna húsnæðiskostnaðar, sem er ekki í samræmi við vísitölu leiguverðs og því er eins og kerfið geri í raun ráð fyrir að stúdentar beri íþyngjandi húsnæðiskostnað. Það er áhugavert að skoða þetta með hliðsjón af lögum nr.52/2016 um almennar íbúðir.

Þá eru skilyrðin í almenna húsnæðingsstuðningskerfinu á almennum markaði samanborið við stúdentagarðana ströng auk þess að sérstakur húsnæðisstuðningur er breytilegur milli sveitarfélaga og háður því að aðsetur og lögheimili sé í sama sveitarfélagi. Réttindi til félagslegra greiðslna eru oftar en ekki bundin atvinnupátttöku og því fellur námsfólk oft milli kerfa og verða að reiða sig á sérútbúnað undanþágur. Staða stúdenta er hluti af stærra vandamáli á íslenskum húsnæðismarkaði, sem er lítill og stíður. Öll hlutaðeigandi verða að koma saman til að finna langtímalausnir sem stuðla að bættri stöðu leigjenda, hvað varðar framboð, kostnað og gæði leiguhúsnæðis. Í skýrslunni eru lagðar fram tillögur að úrbótum. Skýrsluna í heild sinni má lesa í viðauka G.

6.9.2 STÚDENTAÍBÚÐIR

Samstarf Stúdentaráðs og Félagsstofnun stúdenta (FS) hefur verið afar gott í tímans rás og hefur FS staðið vörð um húsnæðisöryggi stúdenta við Háskóla Íslands. Stúdentagarðarnir eru ekki reknir í hagnaðarskyni heldur gerðir til að vera praktískir og á viðráðanlegu verði. FS hefur það að markmiði að þjónusta stúdenta eins vel og unnt er og hefur í því samhengi stefnt ótrautt áfram í þá átt að geta mætt 15% stúdenta með húsnæði á viðráðanlegu verði í grennd við Háskóla Íslands. Á starfsárinu var viðbyggingin við Gamla garð, elsta Stúdentagarðinn, vígð þann 14. október 2021 og við það bættust 69 leigueiningar fyrir stúdenta á háskólasvæðinu. Þess má geta að samkomusalurinn þar ber heitið Stúdentabúð og prýðir þar listaverk tileinkað hagsmunabaráttu stúdenta sem Félagsstofnun veitti Stúdentaráði að gjöf í tilefni af 100 ára afmæli ráðsins, 4. desember 2020. Kaup á Hótel Sögu, eða Bændahöllinni, var fest 22. desember 2021 af ríkinu og Félagsstofnun stúdenta eftir tæpt ár af viðræðum. Saga verður nýtt húsnæði Menntavísindasviðs auk þess að 113 stúdíoíbúðir eru áætlaðar í norðurhluta byggingarinnar. Þar eru leigueiningar alls 1613 talsins.



Í tengslum við Sögu fóru FS og Stúdentaráð fram á að skoðað yrði af alvöru að Stapi við Hringbraut færi aftur til FS, en Stapi er gamla Stúdentaheimilið þar sem til húsa voru skrifstofu FS og Stúdentaráðs áður báðir aðilar fluttust á Háskólatorg. Eins og stendur er Stapi nýttur undir kennslu og þjónustu Upplýsingatæknisviðs (UTS) og sjúkráþjálfunarfræðina en starfsemi UTS mun færast í Sögu og námið mun færast í nýtt hús Heilbrigðisvísindasviðs. Ráðgert er að úr flutningum verði fyrir árið 2025. Í Stapa kæmust fyrir 48 íbúðir sem að öllum líkindum yrðu með sameiginlegri eldhúsaðstöðu, eins og er á Sæmundargötunni. Það er mikið hagsmunamál

stúdenta að Stapi verði nýttur undir stúdentaíbúðir enda hefur það verið áhersluatriði FS og Stúdentaráðs í langan tíma, a.m.k. frá 2018. Á vormisseri fór Stúdentaráð fram á viljayfirlýsingu milli Háskóla Íslands, FS og Stúdentaráðs, þess efnis að þegar núverandi starfsemi flytur í Sögu og nýtt húsnæði Heilbrigðisvísindasviðs, verði Stapi seldur FS og breytt



í stúdentagarð og falli þar með að Gamla Garði og nýrri viðbyggingu hans. Viljayfirlýsingin var undirrituð 16. maí 2022 af Jóni Atla Benediktssyni rektor Háskóla Íslands, Guðrúnu Björnsdóttur framkvæmdastjóra FS og Isabel Alejöndru Diaz forseta Stúdentaráðs.

Í Skerjafirði er fyrirhugað að FS fái lóð til að byggja fyrir allt að 110 íbúðum samkvæmt viljayfirlýsingu frá 2018. Þann 6. maí 2022 skrifuðu borgarstjóri og framkvæmdastjóri FS undir aðra viljayfirlýsingu fyrir allt að 239 íbúðum á fjórum þróunarlóðum sem eru Skerjafjörður II, Vesturbugt, Miklubrautarstokkur og U-reitur (BSÍ), ásamt lóðavilyrði við Vatnsstíg. Því eru alls vilyrði og viljayfirlýsing fyrir allt að 361 íbúð. FS er samstíga öðrum félögum t.a.m. Bjargi leigufélagi og Borgarbrag í að þrýsta sameiginlega á Reykjavíkurborg að leita leiða til þess að lóðirnir séu byggingarhæfar sem fyrst.

Skerjafjörðurinn er mikilvæg staðsetning fyrir stúdenta en þar áætla FS að byggja húsnæði undir fjölskylduíbúðir. Nú þegar eru slíkar íbúðir á háskólasvæðinu og í Fossvoginum, en fjölgun þeirra mun án efa verða til þess að fleiri foreldrum í námi og börnum þeirra geti búið við húsnæðisöryggi. Ekki eru áætlanir um byggingu nýs húsnæðis inni á sjálfu háskólasvæðinu og því er með þessu móti verið að tryggja íbúðir fyrir stúdenta í grennd við háskólann og á sama tíma verið að stuðla að þéttari, samheldnari og sjálfbærari byggð. Nauðsynlegt er að uppbygging nýs hverfis í Skerjafirði sé áfram á áætlun og tafir séu litlar sem engar.

Þá er FS í framkvæmdum á Lindargötu 44, en þar er verið að rífa húsið og byggja nýtt sem hentar betur auk þess að koma fyrir samkomusal fyrir stúdenta. Einnig verður komið fyrir samkomusali í húsi ásamt umsjón fasteigna á bakvið Eggertsgötu blokkirnar, auk þess að stækka við leikskólann Leikgarð og áform um að stækka verslunarrýmið á Eggertsgötu 24. Til viðbótar er FS í framkvæmdum á Vetrargörðum þar sem eru fjölskylduíbúðir.

6.10 SKIPULAGS-, SAMGÖNGU- OG UMHVERFISMÁL

Skipulags- og samgöngumál hafa verið rosalega stór á síðastliðnu ári og munu vera enn meira áberandi á næstu misserum. Framtíð háskólasvæðisins felur nefnilega í sér samofna kjarnastarfsemi háskólans, stúdentahúsnæði, græn svæði og vistvænar almenningssamgöngur. Umhverfisverndarsjónarmið spila því einnig stórt hlutverk.

6.10.1 SKIPULAG HÁSKÓLASVÆÐISINS

Mikil uppbygging hefur átt sér stað á háskólasvæðinu og má þar helst nefna húsnæði undir háskólastarfsemi, stúdentaíbúðir og á Vísindagarðareitnum. Segja má að upphaf þessa alls hafi verið viljayfirlýsing frá 8. maí 2013, undirrituð af Reykjavíkurborg og Háskóla Íslands, þess efnis að Háskólinn hefði frumkvæði að því að hefja skipulagsvinnu á háskólasvæðinu. Ýmsar hugmyndir spruttu upp, m.a. í gegnum hönnunarsamkeppni svæðisins, en engin náði að endurspegla sýn Háskóla Íslands. Skipulagsnefnd háskólaráðs var sett á laggirnar árið 2017 og var henni ætlað að undirbúa áætlun um heildarskipulag háskólasvæðisins með frekari framtíðaruppbyggingu í huga. Rammaáætlun háskólasvæðisins hefur verið eitt helsta verkefni nefndarinnar ásamt því að koma að vinnu Vatnsmýrahópsins svokallaða, sem samanstendur af viðeigandi hagaðilum Vatnsmýrarsvæðis t.d. Landspítala, Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Umhverfisstofnun, Strætó, Félagsstofnun stúdenta og Vegagerðinni.

Ný rammaáætlun var kynnt á fundi háskólaráðs 4. febrúar 2021 og í kjölfarið óskaði forseti eftir því að fá sömu kynningu á fundi Stúdentaráðs sem úr varð og gekk vel. Háskólaþing fór fram 11. nóvember 2021 og var þar ný heildarsýn fyrir háskólasvæðið rædd m.t.t. rammaáætlunarinnar. Á fundinn komu Hrund Ólöf Andradóttir formaður skipulagsnefndar háskólaráðs, Orri Steinarsson arkitekt sem hefur unnið með nefndinni, Kristinn Jóhannesson

sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs og Pétur H. Ármannsson sviðsstjóri hjá Minjastofnun. Rætt var sérstaklega um vinnu skipulagsnefndarinnar, rammaáætlunina, borgarlínuna og háskólasvæðið, og samgöngu- og bílastæðamál. Kom þar skýrt fram af hálfu skipulagsnefndar og framkvæmda- og tæknisviðs að heildarsýn Háskóla Íslands snerist um að skapa vistlegt samfélag og að rammaáætlunin væri raunar fyrsta skrefið. Með tilkomu Sögu og fleiri stúdentaíbúða, uppbyggingu Vísindagarða og nýja Landspítalann er von á verulegri aukningu umferðar á svæðinu sem krefur hlutaðeigandi Vatnsmýrarinnar að gera það sem í þeirra valdi stendur að sporna gegn. Í þessu samhengi kom einnig fram að Háskóli Íslands væri á góðri leið við að stuðla að vistvænni ferðamátum, t.a.m. með því að bjóða upp á deilibíla eða rafhjól í vinnutengdar erindagjörðir, fjölga hjólaskýlum og bæta aðstöðu hjólreiðafólks. Þá væri samningurinn við Strætó bs. um árskort fyrir starfsfólk og nemendur ennþá til grundvallar.

Stúdentaráð hefur lagt ríka áherslu á að háskólasvæðið eiga að vera sjálfbært, þétt og samheldið. Það verður að vera eftirsóknarvert að búa, vinna eða eiga leið um svæðið og því sé uppbygging grunnþjónustukjarna í Vatnsmýrinni forgangsatriði. Nú þegar eru áform um lágvöruverðsverslun á háskólasvæðið komnar langt á leið. Upphafleg áform voru að fá inn verslun í Grósku sem ekki gekk eftir og því tóku Stúdentaráð og Félagsstofnun stúdenta höndum saman og könnuðu bæði rými á stúdentagarðasvæðinu og í kring. Vinna fór af stað af krafti sumarið 2021 og var hugmynd um stækkun verslunarrýmis að Eggertsgötu 24 farsælust, en þar er þegar lítil verslun. Áætlað að framkvæmdir geti hafist seinni hluta ársins 2022 og er ánægjulegt að báðir aðilar hafa hlotið stuðning Háskóla Íslands í þessu verkefni. Um er að ræða stóran lið í þróun og uppbyggingu svæðisins, sem rímar vel við áherslur stúdentahreyfingarinnar og stefnu Háskólans varðandi heildstæða sýn á skipulag háskólasvæðisins.

Stúdentaráð [ályktaði](#) einnig um þörf á sérstakri heilbrigðismóttöku eða heilsugæslu fyrir háskólanemendur árið 2020. Til stuðnings vísaði ráðið í [rannsókn frá árinu 2011 unnin innan Heilbrigðisvísindasviðs við Háskóla Íslands](#), sem gaf til kynna að stúdentar hefðu mikla þörf fyrir þjónustu sem þessari. Meirihluti svarenda sagðist bíða með að leita eftir

heilbrigðisþjónustu helst vegna kostnaðar og einnig sögðust þeir viljugri til að leita á móttöku þar sem þjónustan væri veitt af stúdentum undir handleiðslu. Þess má geta að ýmis geðheilbrigðisúrræði í Háskóla Íslands eru einmitt af þeim toga, t.a.m. sálfræðiráðgjöf sálfræðinema og tilvonandi félagsráðgjöf félagsráðgjafarnema. Stúdentaráð [ályktaði um málið að nýju](#), í tilefni kosninga til borgarstjórnar. Heilbrigðismóttaka í Vatnsmýrinni er stærra verkefni sem yrði að njóta breiðs stuðnings sem og beina aðkomu annarra afla utan veggja háskólans, t.a.m. viðeigandi ráðuneyta, borgaryfirvalda og annarra sveitarfélaga sem gæta vilja að velferð sinna íbúa sem hafa t.d. flust um aðsetur til að stunda nám.

6.10.2 SAMGÖNGU- OG BÍLASTÆÐAMÁL VIÐ HÍ

Starfshópur um bílastæðamál var fyrst skipaður á háskólaþingi í maí 2019. Þar fékk sæti fulltrúi stúdenta í skipulagsnefnd háskólaráðs, fyrir hönd stúdenta. Upplag fundanna var að bílastæðagjöld ættu að vera tekin upp á háskólasvæðinu. Í því samhengi lagði Stúdentaráð strax mikla áherslu á að samtímis ætti að tryggja kjör stúdenta og starfsfólks í almenningssamgöngur með einskonar **U-passa**. Umræddur passi er hugsaður sem umhverfisvænt samgöngukort á mjög hagstæðu verði.

Starfshópurinn skilaði af sér tillögum um útfærslur í febrúar 2020 sem fólu í einmitt sér samgöngukort fyrir stúdenta, *H-passa*, í 12 mánuði á aðeins 5.000kr. Samhliða þessu voru áform um gjaldskyldu á öll bílastæði á lóðum skólans. [Háskólaráð samþykkti](#) að senda tillögudrögin til umsagnar m.a. Stúdentaráðs í febrúar sama ár. Í kjölfarið óskuðu sjö stúdentaráðsliðar eftir [opnum stúdentafundi þar sem tillögur starfshóps háskólans yrðu kynntar](#) fyrir háskólasamfélaginu. Sá fundur fór fram 26. febrúar 2020 og inn á hann kom formaður starfshópsins og þáverandi sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs.

Sumarið/haustið 2020 fékk [háskólaráð](#) kynningu á framtíðarskipan samgöngu- og bílastæðamála á háskólasvæðinu, þ.e. drög að tillögum starfshópsins, á fundi sínum 1. október 2020. Tillögurnar sem voru kynntar voru unnar eftir þeim umsögnum sem bárust fyrir um árið. Staða málsins var sú sama; viðræður við Strætó þær sömu og enn í kortunum að hafa

H-passa (U-passa) á 5.000 krónur fyrir stúdenta. Málið var einungis til kynningar og óvíst var því hvenær það færi í útfærslu þar sem rammaáætlunin er í stöðugri þróun þarf að taka mið af áformum í kring o.s.frv.. Vorið 2021 áttu forseti Stúdentaráðs og fulltrúi stúdenta í skipulagsnefnd fund með sviðsstjóra framkvæmda- og tæknisviðs til að ræða gjaldskyldu á bílastæðin við háskólann, vegna þess að hún var alveg háð frumvarpi á þingi um breytingu á umferðarlögum. Í stuttu máli fólst í frumvarpinu að heimila opinberum stofnunum að innheimta bílastæðagjöld. Það frumvarp yrði að fara í gegn til þess að Háskóli Íslands gæti yfir höfuð sett gjaldskyldu á sín bílastæði. Umrætt frumvarp var samþykkt fyrir þinglok sama ár og tók þá við bið eftir reglugerð fyrir stofnanirnar. Meira og minna allt haustmisserið 2021 var fyrirhugað að taka upp gjaldskyldu haustið 2022 og hefja undirbúning fljótlega eftir áramót. Hins vegar var einnig ljóst að útfærslan yrði umfangsmikil og að tíminn til stefnu væri of stuttur. Þess má geta að nokkrar stofnanir sóttu um undanþágu frá reglugerðinni til að geta hafist handa auk þess að framkvæmdir eru að klárast hjá Vísindagörðum. Þá er fyrir séð að gjaldskyldusvæðum fjölgi í borginni. Líkt og fyrr segir tóku breytingar á umferðarlögum gildi og heimilar ráðherra þannig ríkisaðila að sjá um innheimtu gjalds fyrir notkun stöðureita. Hingað til hefur bílastæðasjóður séð um innheimtuna í boganum/skeifunni og ekki heimild fyrir Háskóla Íslands til að stjórna því öðruvísi.

Undirbúningsvinna er þegar hafin og samkvæmt innleiðingaráætlun stefnir háskólinn á að vinna uppbyggingu í samræmi við sýn og áætlun um heildarskipulag, með áherslu á samheldið háskólasamfélag, sjálfbæra starfsemi og algilda hönnun. Bílastæði eru þannig víkjandi svæði í heildarsýn fyrir háskólasvæðið. Nánari útfærslur á gjaldskyldunni verða til skoðunnar hjá starfshópi um bílastæðamál, sem hefur verið endurvakinn að ósk forseta Stúdentaráðs sem fékk góðar undirtektir. Hópurinn hafði ekki verið starfandi frá ársbyrjun 2020. Háskólaráð samþykkti skipun hópsins á [fundi sínum 3. febrúar 2022](#) sem hefur þegar hafist handa við að fara yfir og undirbúa hvernig mögulega verði staðið að bílastæðamálum á lóðum háskólans til framtíðar. Í starfshópnum situr forseti umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs fyrir hönd stúdenta.

Stúdentaráð kom áfram að skipulagi Loftslagsverkfallsins ásamt Ungum umhverfissinum, Sambandi íslenskra framhaldsskólanema og Landssamtaka íslenskra stúdenta. Gert var tilraun til að halda betur utan um það starf með því að setja á fót undirnefnd umhverfis- og samgöngunefndar. Málaflokkarnir sem umhverfis- og samgöngunefnd heldur utan um eru mjög stórir og krefjast vandaðrar vinnu. Fráfarandi skrifstofa Stúdentaráðs telur að það þurfi að skoða enn betur hvernig hægt er að sinna og gera þeim öllum hátt undir höfði. Skrifstofan hélt utan um mætingu meðal starfsfólks en það reynist vandasamt að aðkoman sé meiri vegna annars konar starfsemi á skrifstofunni eða innan Stúdentaráðs. Skrifstofan telur félögin verða að skýra ramman töluvert betur í sameiningu þannig að verkfallið missi ekki kraft sinn. Ungir umhverfissinnar eiga mikið hrós skilið fyrir starf sitt í þágu umhverfisins og loftslagsins.

Umhverfis- og samgöngunefnd setti sér aftur það að markmiði að tryggja Grænfánan, þriðja árið í röð. Hvort það takist kemur í ljós í sumar, þegar þetta er skrifað hafa upplýsingar ekki borist en staðan er jákvæð. Ásamt áðurnefndri nefnd, framkvæmda- og tæknisviði



og skipulagsnefnd efndi skrifstofan til sameiginlegs græns átaks, t.d. með Hjólum í skólann og Græna nýnemadaginn, með það að markmiði að búa starfsfólk og nemendur undir breyttar samgönguvenjur og skipulag háskólasvæðisins. Lögð var áhersla á græna samgöngumáta, háskólasamfélag í praktík, þjónustu og aðra sambærilega þætti. Nánar má lesa um störf nefndarinnar í kafla 3.9.

Þá var á janúar fundi Stúdentaráðs lögð fram tillaga til samþykktar um Matarspor, kolefnisspors reiknivél. Hugmyndin er að innleiða reiknivélina í Hámu þannig að það var fundað með Félagsstofnun stúdenta og fulltrúum Háskóla Íslands ásamt fulltrúa frá EFLU, til

að ræða hugsanlega innleiðingu. Lagt var til að fyrst um sinn sé Matarspor notuð til að reikna út kolefnisspor heita matarins í Hámu og að fá skjá í Hámu á Háskólatorgi þar sem umferðin er hvað mest. Tölfræðin geti hins vegar einnig verið aðgengileg á netinu. Eftir Háskólatorg væri síðan ráð að setja upp skjá í Tæknigarði en þar er mikil umferð stúdenta og starfsfólks Verkfræði- og náttúruvísindasviðs en einnig starfsfólks Endurmenntunar. Tekið var mjög vel í hugmyndina og er framkvæmda- og tæknisvið að vinna að útfærslu til að bera undir skrifstofu miðlægrar stjórnsýslu, en rektor er jákvæður fyrir innleiðingunni.

6.11 SJÚKRA- OG ENDURTÖKUPRÓF

Á Stúdentaráðsfundi 20. október 2021 var lögð fram tillaga þess efnis að Stúdentaráð og fulltrúar stúdenta í háskólaráði myndu sameiginlega beita sér fyrir því að fyrirkomulag sjúkra- og endurtökuprófa á Félagsvísindasviði tæki breytingum sem eru löngu tímabærar. Stúdentar hafa ítrekað krafist þess að téð próf, vegna haustmíssisprófa, frami í janúar en ekki í maí eins og er raunin núna. Tillagan var einróma samþykkt og tóku fulltrúar stúdenta í háskólaráði við keflinu ásamt forseta sviðsráðs Félagsvísindasviðs. Skrifað var erindi til háskólaráðs sem óskað var eftir að væri á dagskrá á nóvemberfundi og gekk það eftir. Háskólaráð fjallaði um málið á fundi sínum 4. nóvember 2021 og samkvæmt hefðbundinni málsmeðferð fól ráðið kennslusviði að vinna það ásamt kennslumálanefnd háskólaráðs og fulltrúum stúdenta. Fulltrúar stúdenta í háskólaráði ásamt tillöguberum funduðu með sviðsstjóra kennslusviðs og prófstjóra þann 10. nóvember og var þar ákveðið að meðal næstu skrefa væri að funda með viðeigandi aðilum t.a.m. sviðsforseta Félagsvísindasviðs. Stjórn Félagsvísindasviðs sendi frá sér tillögu í byrjun apríl en ferli málsins innan stjórnar Félagsvísindasviðs er nánar rakið í skýrslu sviðsráðsins í viðauka A. Háskólaráð mun taka málið fyrir á síðasta fundi starfsársins í júní 2022. Stúdentaráð sér loks fyrir endan á áralangri baráttu stúdenta.

6.12 SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2022

Skólaárið 2021-2022 hefur verið einstakt að því leyti að það hófst með kosningum til Alþingis haustið 2021 og fylgdu svo sveitastjórnarkosningar vorið 2022. Stúdentaráð lét sig málefni borgarstjórnarkosninga varða líkt og hefð er fyrir. Í ár var ákveðið að halda einfaldan viðburð og það með pallborði þar sem frambjóðendum flokkanna yrði boðið að svara spurningum er

varðar málefni stúdenta. Því fylgdi grein sem birt var undir skoðunum hjá Vísi sem og ákall til Háskóla Íslands og þeirra flokka sem buðu sig fram til kosninga og þeirra sem myndu endanlega mynda borgarstjórn. Snerist ákallið um uppbyggingu háskólasvæðisins í Vatnsmýrinni og áform um heilsugæslu fyrir stúdenta. Allt í allt voru þeim markmiðum náð sem Stúdentaráð setti sér fyrir borgarstjórnarkosningarnar. Pallborðið gekk vonum framar og komst ákallið til skila og undir áheyrn þeirra sem málið varða.

Forseti Stúdentaráðs og lánasjóðsfulltrúi tóku að sér skipulagningu fyrir viðburði fyrir kosningarnar á vegum Stúdentaráðs. Ákveðið var að hentugasta leiðin til þess að koma áherslum stúdenta sem og heyra tillögur og skoðanir frambjóðenda væri að halda pallborð. Þar sem fyrirkomulag pallborðisins fyrir unga frambjóðendur, sem haldið var haustið 2021 fyrir kosningarnar til Alþingis, gekk einkum vel, var ákveðið að halda sama skipulag pallborðisins í ár. Því var notast við lukkuhjól (eða spurningahjól) Stúdentaráðs sem innihélt 27 spurningum. Spurningarnar voru sendar á frambjóðendur fyrir pallborðið og svaraði hver frambjóðandi þremur spurningum valdar af handahófi úr hjólinu.

Fyrir pallborðið var ákveðið að bjóða þeim flokkum sem mældust með einn fulltrúa í borgarstjórn samkvæmt skoðanakönnun í mars eða áttu fulltrúa í sitjandi borgarstjórn. Alls voru það níu flokkar og var sent á þá í byrjun apríl þar sem óskað var eftir frambjóðanda úr efstu 4. sætunum á lista til borgarstjórnar. Ítrekun var send einni viku fyrir pallborðið til þeirra flokka sem áttu eftir að staðfesta sinn frambjóðanda og aftur 25. apríl. Tókst að fá frambjóðanda frá öllum níu flokkunum.

Haft var samband við umsjónarmenn Háskólatorgs um að bóka sviðið á Háskólatorgi fyrir pallborðið. Ákveðið var að nýta hádegisþátt þar sem flest öll (þá stúdentar og starfsfólk) yrðu laus þá



og hægt væri að auka þannig fjölda áhorfenda. Bóka þurfti einnig skjávarpa, tjald fyrir skjávarpan, níu standandi barborð og þrjá míkafóna. Notast var við frítt spurningahjól á netinu sem var síðan varpað á tjaldið á meðan viðburðinum stóð. Spurningarnar voru gerðar í samráði við Stúdentaráð og drög af þeim send á bæði Stúdentaráðsliða og nefndir Stúdentaráðs.

Fyrir viðburðinn var Facebook viðburður búinn til og hann vel auglýstur með dreifingu. Mæting á viðburðinn var góð og framkvæmd pallborðsins gekk vel. Allir frambjóðendurnir mættu og gafst nægur tími til þess að fara í gegnum allar 27 spurningarnar. Var einnig talað um hversu sniðugt fyrirkomulagið væri með því að hafa lukkuhjól og að hver frambjóðandi svari spurningu sér og einn. Því er eindregið mælt með því að sama fyrirkomulag verði notað á næsta pallborði Stúdentaráðs, og að þar með verði spurningahjólið ákveðið kennimerki pallborða á vegum Stúdentaráðs.

7 STÚDENTARÁÐSFUNDIR

Á starfsárinu 2021-2022 hafa verið haldnir alls 11 löglegir fundir Stúdentaráðs, að undanskildum kjörfundi og skiptafundi. Fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðu ráðsins, student.is.

7.1 KJÖRFUNDUR STÚDENTARÁÐS 21. APRÍL 2021

Kjörfundur Stúdentaráðs fór fram 21. apríl 2021 í kjölfar kosninga til Stúdentaráðs. Á fundinum kaus nýtt Stúdentaráð forseta, varaforseta, lánasjóðsfulltrúa og hagsmunafulltrúa til starfa á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs starfsárið 2021-2022. Eftirfarandi einstaklingar hlutu kjör:

- Isabel Alejandra Díaz, forseti
- Sara Þöll Finnbogadóttir, varaforseti
- Jessý Rún Jónsdóttir, hagsmunafulltrúi
- Vífill Harðarson, lánasjóðsfulltrúi

Einnig var kosið um tilnefningar fylkinga í varafulltrúa Stúdentaráðs, sviðsráð, fastanefndir Stúdentaráðs og til Háskólaþings ásamt því að kjósa varafulltrúa Stúdentaráðs í fulltrúaráð Landssamtaka íslenskra stúdenta. Til viðbótar var lögð fram tillaga um kjör Stúdentaráðs í nefndir háskólaráðs.

Lagabreytingartillögur lagðar fram á fundinum má finna í viðauka C.

7.2 SKIPTAFUNDUR STÚDENTARÁÐS 11. MAÍ 2021

Skiptafundur Stúdentaráðs fór fram 11. maí 2021. Á fundinum kynnti forseti ársskýrslu fyrir starfsárið 2020-2021. Nýtt Stúdentaráð tók við og forseti Stúdentaráðs var endurkjörinn og hélt áfram fundarstjórn. Farið var yfir praktísk atriði fyrir nýja Stúdentaráðsliða, tímalínu stórra mála síðasta starfsárs og endað á almennum fyrirspurnum til nýrrar skrifstofu. Þá kynnti framkvæmdastjóri ársreikninginn fyrir starfsárið 2019-2020 og hann var samþykktur.

7.3 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 9. JÚNÍ 2021

Fyrsti fundur Stúdentaráðs fór fram 9. júní 2021. Á fundinn kom verkefnisstjóri Aurora af rektorsskrifstofu að kynna fyrir Stúdentaráði Aurora samstarfið. Verklagsreglur fyrir starfsárið voru samþykktar og skipun fulltrúa í gæðanefnd háskólaráðs var samþykkt að færi fram rafrænt.

Þá voru tvær tillögur lagðar fram, annars vegar um skipun starfshóps vegna Alþingiskosninga haustið 2021 og hins vegar ráðningu verkefnastjóra á skrifstofu Stúdentaráðs yfir sumarið. Þær voru báðar samþykktar.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

7.4 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 21. JÚLÍ 2021

Annar fundur Stúdentaráðs fór fram 21. júlí 2021. Á fundinn kom verkefnastjóri Spretts og Kennsluakademíunnar að kynna hvoru tveggja fyrir ráðinu. Gerðar voru breytingar á verklagsreglum ráðsins vegna skipan fulltrúa stúdenta í stjórn Félagsstofnunar stúdenta, þar sem skipað var í þau sæti á sama fundi.

Ein tillaga var lögð fram um viðbrögð Stúdentaráðs vegna þjónustu næturstæto og var hún samþykkt. Til viðbótar voru þrjú bókfærð mál um myndatöku Stúdentaráðs, skipti í sviðsráði Hugvísindasviðs og skipti í alþjóðanefnd.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

7.5 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 18. ÁGÚST 2021

Þriðji fundur Stúdentaráðs fór fram 18. ágúst 2021. Á fundinum voru til afgreiðslu framkvæmdaáætlanir félagslífs- og menningarnefndar, fjármála- og atvinnulífsnefndar, fjölskyldunefndar og jafnréttisnefndar. Endurskoðuð lög Stúdentasjóðs og því til samræmis lagabreytingartillaga á lög Stúdentaráðs áttu að vera til afgreiðslu, ásamt því að kjósa átti um tilnefningar fylkingana í sjóðsstjórn. Hins vegar varð að fresta því vegna þess að beðið var eftir afgreiðslu háskólaráðs á breytingartillögu Stúdentaráðs um reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Sú breyting varðaði Stúdentasjóð, en það var ósamræmi milli laga Stúdentasjóðs og reglna Háskóla Íslands sem varð að lagfæra. Vegna þessa var samþykkt að efna til rafrænnar atkvæðagreiðslu um lög Stúdentasjóðs, lög Stúdentaráðs og tilnefningarnar þegar háskólaráð væri búið að skila af sér niðurstöðu í málinu.

Ein tillaga var lögð fram sem sneri að því að Stúdentaráð héldi fimm vísindaferðir á árinu, ein fyrir hvert fræðasvið, og var hún samþykkt.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B. Lagabreytingartillögur frá fundinum má finna í viðauka C.

7.6 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 15. SEPTEMBER 2021

Fjórtí fundur Stúdentaráðs fór fram 15. september 2021. Á fundinn kom inn kennsluþróunarstjóri á Félagsvísindasviði að ræða niðurstöður tengslakönnunarinnar sem var lögð fyrir stúdenta á fyrrnefndu sviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði vegna COVID. Alþjóðanefnd, kennslumálanefnd, lagabreytinganefnd, nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd og umhverfis- og samgöngunefnd kynntu framkvæmdaáætlanir sínar út frá niðurstöðum stefnumótunarferðarinnar í júlí.

Ein tillaga var lögð fram þess efnis að umhverfis- og samgöngunefnd fengi heimild til að stofna undirnefnd til að fara sérstaklega með umhverfis- og loftslagsmál. Til viðbótar var eitt bókfært mál um skipti í sviðsráði Menntavísindasviðs.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

7.7 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 20. OKTÓBER 2021

Fimmti fundur Stúdentaráðs fór fram 20. október 2021. Á fundinn komu rektor Háskóla Íslands og aðstoðarrektor kennslu og þróunar að kynna innleiðingu stefnu háskólans, HÍ26. Sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs var einnig með kynningu um nýtt útlit Háskóla Íslands. Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs var til umræðu og atkvæðagreiðslu.

Ein tillaga var lögð fram sem fjallaði um að Stúdentaráð og fulltrúar stúdenta í háskólaráði myndu beita sér í sameiningu fyrir breytingu á fyrirkomulagi sjúkra- og endurtökuprófa á Félagsvísindasviði. Tillagan var samþykkt. Til viðbótar voru sex bókfærð mál um skipti í fjármála- og atvinnulífsnefnd, tvö skipti í fjölskyldunefnd, varafulltrúaskipti á Félagsvísindasviði, skipti í Stúdentaráði og sviðsráði Hugvísindasviðs og skipti í sviðsráði Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

7.8 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 25. NÓVEMBER 2021

Sjötti fundur Stúdentaráðs fór fram 25. nóvember 2021. Spurningakönnun framkvæmd meðal stúdenta vorið 2021 var kynnt af prófessorum á Menntavísindasviði sem stóðu fyrir henni. Þá var einnig kynning á skýrslu starfshóps Stúdentaráðs vegna alþingiskosninga 2021 ásamt því að farið var yfir minnisblöð vegna sjúkra- og endurtökuprófa og ókyngreindra salerna. Einnig var kosið um tilnefningar fylkingana í kjörstjórn fyrir næstu Stúdentaráðskosningar.

Ein tillaga var lögð fram um stöðu nýútskrifaðra sálfræðinga, starfsleyfi þeirra og reglugerð er varðar starfsþjálfunarár. Tillagan var samþykkt. Til viðbótar var eitt bókfært mál um skipti í sviðsráði Menntavísindasviðs.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

7.9 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 16. DESEMBER 2021

Sjöundi fundur Stúdentaráðs fór fram 16. desember 2021. Á fundinn mætti framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta (FS) að kynna starfsemi stofnunarinnar ásamt því að fulltrúar stúdenta í stjórn FS áttu gagnlegt samtal við ráðið. Þá var ársreikningur Stúdentaráðs 2020-2021 samþykktur.

Ein tillaga var lögð fram um endurskoðun á fyrirkomulagi og greiðslur fæðingarstyrkja námsmanna. Tillagan var samþykkt.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

7.10 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 20. JANÚAR 2022

Áttundi fundur Stúdentaráðs fór fram 20. janúar 2022. Verkefnastjóri Stúdentaráðs kynnti nýja skýrslu ráðsins um stöðu stúdenta á húsnæðismarkaði. Forseti og varaforseti kynntu uppbyggingu og skipulag nýrrar heildarstefnu Stúdentaráðs ásamt því að leggja fram tímalínu á vinnunni. Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs var kynnt aftur samkvæmt verklagsreglum. Þá féll einn dagskrárliður niður um landsþing

LÍS, þar sem dagsetningunn var breytt þannig að hún hafði ei lengur áhrif á tímasetningu Stúdentaráðskosninga líkt og útlit var fyrir upphaflega.

Tvær tillögur voru lagðar fram, annars vegar um innleiðingu í Hámu á Matarspor kolefnisfótspors reiknivélar fyrir matvæli og hins vegar um fjárhagslegan stuðning Háskóla Íslands við Stúdentaleikhúsið. Tillögurnar voru samþykktar.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

7.11 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 16. FEBRÚAR 2022

Níundi fundur Stúdentaráðs fór fram 16. febrúar 2022. Stefna Stúdentaráðs var til umræðu aftur ásamt því að farið var yfir minnisblöð um skipulags- og samgöngumál og geðheilbrigðismál við Háskóla Íslands.

Þrjár tillögur voru lagðar fram en þær voru um skipun þingfulltrúa á landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta, takmarkaðs aðgangs nema utan EES til vinnu með námi og ályktun um að Stapi yrði að íbúðarhúsnæði fyrir stúdenta.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

7.12 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 10. MARS 2022

Tíundi fundur Stúdentaráðs fór fram 10. mars 2022. Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta kom inn á fund að kynna nýjustu vendingar um lágvöruverðsverslun, stækkun Leikgarðs og nýjan samkomusal á Eggertsgötu. Þá voru fjárhagsáætlun og stefna Stúdentaráðs til umræðu að nýju.

Tvær tillögur bárust undir önnur mál og var samþykkt að taka þær báðar til afgreiðslu. Þær voru um annars vegar bætt aðgengi að starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun og hins vegar um ályktun varðandi heilbrigðismóttöku á háskólasvæðinu. Tillögurnar voru samþykktar.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B.

7.13 STÚDENTARÁÐSFUNDUR 13. APRÍL 2022

Ellefti fundur Stúdentaráðs fór fram 13. apríl 2022. Stúdentaráð hafði sammælt um að afgreiða á honum lagabreytingartillögur sem ekki hafði náðst fyrir mars fundinn. Allar tillögur voru samþykktar. Að auki var tækifærið nýtt til að fara yfir fjárhagsstöðu Stúdentaráðs.

Ein tillaga barst undir önnur mál og var samþykkt að hana til afgreiðslu. Tillagan snerist um rannsóknasjóð Rannís á sviði jafnréttismála.

Tillögur lagðar á fundinum má finna í viðauka B

7.14 KJÖRFUNDUR STÚDENTARÁÐS 20. APRÍL 2022

Kjörfundur Stúdentaráðs fór fram 20. apríl 2022 í kjölfar kosninga til Stúdentaráðs 23. og 24. mars. Á fundinum kaus nýtt Stúdentaráð forseta, varaforseta, hagsmunafulltrúa og lánasjóðsfulltrúa Stúdentaráðs til starfa á réttindaskrifstofu ráðsins starfsárið 2022-2023. Eftirfarandi einstaklingar hlutu kjör:

- Rebekka Karlsdóttir, forseti
- Gréta Dögg Þórisdóttir, varaforseti
- Katrín Björk Kristjánsdóttir, hagsmunafulltrúi
- María Sól Antonsdóttir, lánasjóðsfulltrúi

Einnig var kosið um tilnefningar fylkinga í sviðsráð, fastanefndir Stúdentaráðs og til Háskólapings ásamt því að kjósa varafulltrúa Stúdentaráðs og varafulltrúa Stúdentaráðs í fulltrúaráð Landssamtaka íslenskra stúdenta.


7.15 SKIPTAFUNDUR STÚDENTARÁÐS 18. MAÍ 2022

Skiptafundur Stúdentaráðs fer fram 18. maí 2022. Fráfarandi forseti mun kynna ársskýrslu Stúdentaráðs 2021-2022 ásamt því að framkvæmdastjóri mun fara yfir fjárhag ráðsins. Að því loknu tekur nýr forseti við fundarstjórn.

8 ÚTGEFIÐ EFNI STÚDENTARÁÐS


8.1 AKADEMÍAN OG STÚDENTABLAÐIÐ 2021-2022

Ritstjóri á skrifstofu Stúdentaráðs hefur yfirumsjón með útgáfu Akademíunnar og Stúdentablaðsins.




Akademían er gefin út í upphafi haustmisseris og miðar að því að kynna hlutverk og starfsemi Stúdentaráðs og Háskóla Íslands fyrir nýnemum.

Stúdentablaðið er gefið út fjórum sinnum á skólaári, eða yfirleitt tvisvar á hverju misseri. Í blaðinu eru umfjallanir um ýmis málefni stúdenta sem og líðandi stunda. Ritstjóri ber ábyrgð á efni og birtingu blaðsins samkvæmt lögum Stúdentaráðs.



8.2 UPPLÝSINGABÆKLINGUR UM KOSNINGAR TIL STÚDENTARÁÐS



Stúdentaráð gaf út upplýsingabækling vegna kosninga til Stúdentaráðs en hann byggði á uppsetningu sambærilegra bæklinga fyrri ára en þó styttri. Forseti Stúdentaráðs var með yfirumsjón með textanum og upplýsingum sem þurfti að uppfæra. Í bæklingnum var að finna upplýsingar um fyrirkomulag kosninga, hlutverk og uppbyggingu Stúdentaráðs og háskólaráðs.

Nánari upplýsingar um kosningarnar voru aðgengilegar á heimasíðu Stúdentaráðs.

8.3 ÁLYKTANIR STÚDENTARÁÐS

8.3.1 STAPI VIÐ HRINGBRAUT

9. mars 2022

Stúdentaráð Háskóla Íslands leitast eftir því við Háskóla Íslands að koma að viljayfirlýsingu með Stúdentaráði og Félagsstofnun stúdenta um að eftirláta Félagsstofnun bygginguna Stapa um leið og starfsemin sem þar er flyst annað, þannig að bygginguna megi nýta sem íbúðarhúsnæði fyrir stúdenta.

Stapi við Hringbraut 31 er fyrsta byggingin sem reist var af Félagsstofnun stúdenta (FS) fljótlega eftir stofnun. Á þeim tíma bar byggingin nafnið *Stúdentahéimilið* og hýsti lengi vel

Ferðaskrifstofu stúdenta, Bóksölu stúdenta, matsölu og fjölritun og síðar Stúdentakjallarann á vegum FS. Árið 2007 var öll starfsemi FS færð yfir á Háskólatorg og er Stapi í dag í umsjón háskólans en byggingin er nýtt undir skrifstofur, kennslu og rannsóknir fyrir námsleiðir á Heilbrigðisvísindasviði. Í ljósi þess að Háskóli Íslands hefur nú fest kaup á stórum hluta Bændahallarinnar og fyrirhugað er að á næstu árum verði tekið í notkun nýtt hús Heilbrigðisvísindasviðs á Landspítalalóðinni, fer Stúdentaráð þess á leit við Háskólann að Stapi verði aftur sett í umsjá FS og byggingin nýtt í íbúðarhúsnæði og samkomustað fyrir stúdenta. Byggingin er vel að merkja tengd við Gamla garð þar sem í dag eru stúdentaíbúðir og því eðlilegt að hún verði hluti af þeim stúdentakjarna. Þá sérstaklega í ljósi nýrrar viðbyggingar við Gamla garð.

Í dag býr mun lægra hlutfall skráðra nemenda við Háskóla Íslands í íbúðum sérstaklega ætluð þeim miðað við sambærilega háskóla á Norðurlöndunum. Stúdentaráð hefur í tímans rás átt í farsælu samstarfi við FS sem hefur meðal annars staðið vörð um húsnæðisöryggi stúdenta og sett sér markmið um að geta hýst 15% skráðra nemenda við Háskóla Íslands. Sameiginlega hefur verið lögð áhersla á að fjölga stúdentaíbúðum á háskólasvæðinu sjálfu með það að leiðarljósi að svæðið verði samheldið og sjálfbært samfélag. Það skapar jafnframt betri rekstrargrundvöll fyrir aðila sem hafa áhuga á að opna og reka verslanir eða aðra þjónustu á eða í nálægð við háskólasvæðið.

Í augnablikinu eru ekki til staðar áætlanir um byggingu nýs húsnæðis fyrir stúdentaíbúðir inni á háskólasvæðinu sjálfu og því myndu stúdentaíbúðir í Stapa, ásamt þeim stúdentaíbúðum sem liggur fyrir að teknar verði í notkun í Bændahöllinni, vera stórt skref sem hægt væri að taka á tiltölulega stuttum tíma í átt að því að fjölga stúdentaíbúðum á háskólasvæðinu og ýta undir myndun þess háskólasamfélags sem stúdentar vilja sjá.

Það er ekki sjálfgefið að stúdentar geti gengið að íbúð á stúdentagörðunum í grennd við skólann og verður það að skoða af þar tilbærum stjórnvöldum. Aðgengi að stúdentaíbúðum er einna helst mikilvægt fyrir fólk af landsbyggðinni, erlenda nema og aðra sem ekki geta treyst á annað húsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Það má ekki vanmeta þau áhrif sem fjárhagsáhyggjur og óöruggt húsnæði getur haft á ákvörðun fólks um að sækja sér nám. Stúdentar eru að jafnaði með minni möguleika til tekjuöflunar en aðrir hópar og því viðkvæmir fyrir miklum breytingum á leiguverði. Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg hafa stutt við uppbyggingu stúdentaíbúða með lóðaúthlutunum en kanna má hvort tilefni sé til þess að styðja við með öðrum hætti, í þessu tilfelli með því að gefa þegar reistum Stapa nýtt hlutverk.

Stúdentaráð bindur miklar vonir við að Háskóli Íslands sjái einnig hag í því að eftirláta Stapa fyrir framtíð háskólasvæðisins og efni til viljayfirlýsingar í samráði við Stúdentaráð og FS. Ráðið leggur til að viljayfirlýsingin sé þess efnis að Stapi, gamla *Stúdentaheimilið*, fari að nýju til FS þegar starfsemi Háskólans sem þar er í dag flyst yfir í nýtt hús Heilbrigðisvísindasviðs, sem fyrirséð er að rætist úr á næstu fimm árum.

8.3.2 HEILBRIGÐISMÓTTAKA Á HÁSKÓLASVÆÐIÐ Í VATNSMÝRI

3. maí 2022

Stúdentaráði Háskóla Íslands er hugleikið um vellíðan stúdenta og gæði þeirrar heilbrigðisþjónustu sem þeim stendur til boða. Stórsókn hefur átt sér stað í geðheilbrigðismálum við Háskóla Íslands, nú síðast árið 2021 með viðbótarfjárveitingu til málaflokksins þvert á háskóla sem Stúdentaráð kallaði eftir. Frá árinu 2018 hefur Stúdentaráð vakið athygli á bágrri stöðu stúdenta í þeim efnum og það er ánægjulegt að þær áherslur fái góðan hljómgrunn. Það er nauðsynlegt að fjármagnið sé varanlegt enda er eftirspurnin eftir geðheilbrigðisþjónustu mikil og viðvarandi. Þrátt fyrir þennan árangur í geðheilbrigðismálum má enn gera betur til þess að bæta stöðu stúdenta almennt í heilbrigðismálum.

Ályktun þessi er skrifuð í tilefni kosninga til borgarstjórnar í Reykjavík og óskar ráðið eftir því að fá viðbrögð frambjóðenda við að sérstakri heilbrigðismóttöku fyrir háskólanema sé komið fyrir á háskólasvæðinu sem og hvernig flokkarnir gætu haft aðkomu að þeirra framkvæmd. Ályktunin sendist einnig á háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið, þar sem ríkisstjórnarskipti hafa orðið frá því að ráðið ályktaði um málið fyrst og því er jafnframt óskað eftir viðbrögðum frá ráðuneytunum vegna þessa. Þá hefur ályktunin einnig verið send á rektor Háskóla Íslands.

Velferð og samfélag

Niðurstöður úr nýjustu [könnun Stúdentaráðs](#) frá febrúar 2022 sýna að upplifun stúdenta vegna COVID aðstæðna einkennist af takmarkaðri tengslamyndun við samnemendur, mikilli heimaveru og áhyggjum af því að hafa ekki góða stjórn á námi og hvernig þær aðstæður hafi áhrif á geðheilsu. Því er ljóst er að háskólasamfélagið stendur áfram frammi fyrir áskorun um að hlúa enn betur að stúdentahópnum og starfsfólki. Í því samhengi hefur Stúdentaráð einnig [ályktað](#) um þörf á sérstakri heilbrigðismóttöku eða heilsugæslu fyrir háskólanemendur, nánar tiltekið árið 2020 rétt fyrir kórónuveirufaraldurinn. Lítið hefur borið á umræðu hjá borgaryfirvöldum og yfirvöldum heilbrigðismála um málið síðan þá. Sér til stuðnings vísaði ráðið í [rannsókn frá árinu 2011](#) unnin innan Heilbrigðisvísindasviðs við Háskóla Íslands, sem var ætlað að kanna þörf nemenda við Háskólann fyrir sérstakri heilbrigðismóttöku líkt og tíðkast víða erlendis. Niðurstöður þeirrar rannsóknar sýndu að meirihluti svarenda hefði þurft á heilbrigðisþjónustu að halda á árinu fyrir könnunina en rúmlega helmingur hefði beðið með að sækja sér hana helst vegna kostnaðar og að þeir mundu sækja sér þjónustu veitta af nemendum undir handleiðslu. Þá kom einnig fram að erlendir stúdentar hefðu ekki greiðan aðgang að heilsugæslustöðvum líkt og aðrir. Hægt var að draga þá ályktun að svarendur höfðu mikla þörf fyrir sérstaka heilbrigðismóttöku og fjölbreytta þjónustu.

Aðsókn stúdenta í geðheilbrigðisþjónustu við Háskóla Íslands bendir jafnframt til þess að stúdentar nýti sé þjónustu sem veitt er af stúdentum undir handleiðslu í miklum mæli, en eitt úrræðið er sálfræðiráðgjöf háskólanema. Þar eru meistaranemar í klínískri sálfræði að veita stúdentum sálfræðiþjónustu undir leiðsögn klíníks sálfræðings. Sálfræðiráðgjöfin er nánar tiltekið þjálfunarstöð sem hefur verið starfrækt frá árinu 2013. Í haust er að auki að fara af stað sambærilegt úrræði á vegum félagsráðgjafardeildar en þar munu meistaranemar í félagsráðgjöf bjóða upp á félagsráðgjöf fyrir nemendur skólans. Þá er nýtt úrræði á skólaárinu 2022-2023 áfengis- og vímuefnaráðgjöf frá fagaðilum SÁÁ en það eru viðtöl sem eiga að stuðla að velferð háskólanema með samtali um áfengis og vímuefnanotkun.

Stúdentaráð heldur þessum áherslum að sjálfsögðu til streitu og telur þörf á að stuðlað sé að heilbrigðari háskólasamfélagi og fjölbreyttari þjónustu sem mætir sem breiðasta hópi.

Skipulag Vatnsmýrarinnar

Ofangreind úrræði eru af tilstilli góðs samstarfs stúdentahreyfingarinnar og Háskóla Íslands, með fjárhagsstuðningi stjórnvalda, enda sameiginleg ábyrgð að huga að bættum hag stúdenta og háskólasamfélagsins í heild sinni. Fullt tilefni er til að stækka við þjónustuna enn frekar með því að setja á fót heilbrigðismóttöku á svæðinu. Líkt og fyrr segir tíðkast það í háskólum erlendis að vera með slíka þjónustu á háskólasvæðinu en hérlandis er það hvorki til staðar né boðið upp á heilbrigðisþjónustu innan menntastofnanna á háskólastigi. Vegna þessa þyrfti heilbrigðismóttaka í Vatnsmýrinni að njóta breiðs stuðnings sem og beina aðkomu annarra aflu utan veggja háskólans, t.a.m. viðeigandi ráðuneyta, borgaryfirvalda og annarra sveitarfélaga sem gæta vilja að velferð sinna íbúa sem hafa t.d. flust um aðsetur til að stunda nám.

Nauðsynlegt er að efla háskólasamfélagið en nú á sér uppbygging stað á svæðinu þar sem liggja ákveðin sóknarfæri. Með tilliti til þess og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins er tækifæri til að koma á fót þjónustu fyrir fjölda fólks sem annað hvort býr eða á daglega leið um svæðið. Svæðið hefur stækkað allverulega undanfarin ár, bæði vegna fjölgunar á stúdentaíbúðum á vegum Félagsstofnunar stúdenta, og þar með einnig íbúum á svæðinu, og starfseminnar í Grósku sem hefur farið ört vaxandi með tilkomu t.d. Íslandsstofu, CCP, World Class, Klak, Icelandic Startups og auglýsingastofunar Brandenburg. Með þessari þróun skapast betri rekstrargrundvöllur fyrir margskonar þjónustu inni á háskólasvæðinu. Það er jákvætt en Stúdentaráð hefur ítrekað talað fyrir því að sjálfbærni svæðisins skuli höfð að leiðarljósi þannig að fólk þurfi ekki að reiða sig á einkabílinn til þess að sækja nauðsynlega þjónustu. Því til viðbótar er kjörið tækifæri til að auka þjónustu við nærliggjandi svæði líkt og íbúa í Skerjafirði og

Vesturbæ, en tilvonandi breytingar í [Skerjafirði](#) gera ráð fyrir að gangandi og hjólandi verði í forgang í allri hönnun í hverfinu.

Af öllu framangreindu telur Stúdentaráð að sérstök heilbrigðismóttaka fyrir háskólanema, sem og fleiri, rími vel við sóknaráætlun borgarinnar og að háskólasvæðið sé kjörin staðsetning. Úr mörgum útfærslum er að velja við framkvæmd þessa m.t.t. bættrar þjónustu, umhverfis- og sjálfbærnissjóðarmiða, skipulags- og samgöngumála og heilbrigðis samfélags. Óskar Stúdentaráð því eftir viðbrögðum stjórnmalaflokkanna sem bjóða fram í kosningum til borgarstjórnar.

8.4 YFIRLÝSINGAR STÚDENTARÁÐS

8.4.1 NEYÐARÁSTANDIÐ Í AFGANISTAN OG AÐKOMA ÍSLENSKRA STJÓRNVALDA

21. ágúst 2021

Stúdentaráð Háskóla Íslands skorar á íslensk stjórnvöld að sýna mannúð í verki og taka á mótí flóttafólki frá Afganistan.

Þróun mála í Afganistan er grafalvarleg og krefst þess að íslensk stjórnvöld, sem hluti af alþjóðasamfélaginu, bregðist við og fordæmi þau frelsis- og mannréttindabrot sem þar eiga sér stað. Yfirtaka Talíbana, sem einkennist af átökum og ógnum, hefur skapað skelfilegar aðstæður fyrir íbúa landsins. Aðstæðurnar hafa einkum áhrif á konur, börn, einstaklinga sem hafa tengingu við stjórnvöld, blaðamenn og aðgerðarsinna. Þessir hópar sæta ofsóknum og er gert mjög erfitt fyrir að komast úr landi.

Brýnt er að horfast í augu við brotthvarf vestrænna ríkja frá landinu og gera það sem í okkar valdi stendur til að veita varnarlausu fólki vernd. Íslensk stjórnvöld eru ekki undanskilin því að axla ábyrgð og kallar Stúdentaráð eftir því að brugðist sé tafarlaust við neyðarástandinu.

8.4.2 VÍGSLA GAMLA GARÐS OG HÁSKÓLASAMFÉLAG HÁSKÓLA ÍSLANDS

14. október 2021

Ný og kærkomin viðbygging við Gamla garð, elsta Stúdentagarðinn, verður vígð í dag að viðstöddum fulltrúum Stúdentaráðs Háskóla Íslands, Félagsstofnunar stúdenta, Háskóla Íslands, borgarstjóranum í Reykjavík og öðrum velunnurum háskólasamfélagsins. Isabel Alejandra Días og Björn Bjarnason, núverandi og fyrrverandi forsetar Stúdentaráðs munu leggja lokahönd á viðbygginguna við hátíðlega athöfn. Við Gamla garð bætast 69 leigugeiningar fyrir stúdenta á horni Hringbrautar og Sæmundargötu, en það er rétt rúmlega ár síðan Mýrargarður á Vísindagarðasvæðinu var vígður sem er fjölmennasta íbúðarhús landsins.

Stúdentaráð og Félagsstofnun stúdenta hafa átt í farsælu samstarfi í tímans rás. Það kristallast í hugsjóninni á bakvið nýju garðana, en samkomusalurinn mun bera heitið *Studentabúð* og mun þar prýða listaverk tileinkað hagsmunabaráttu stúdenta sem Félagsstofnun veitir Stúdentaráði að gjöf í tilefni af 100 ára afmæli ráðsins, 4. desember 2020 sl.. Stúdentaráð færir Félagsstofnun miklar þakkir fyrir að bera ávallt hag stúdenta fyrir brjósti og hlakkar í senn til að halda áfram að efla samstarfið og þjónustu við stúdenta.

Samofin starfsemi Háskóla Íslands, fleiri stúdentaíbúðir, heildstæður þjónustukjarni, grænir samgöngumátar og fjölgun grænna svæða er framtíðarmarkmið okkar. Það er sameiginlegt hagsmunamál stúdenta, háskólans og Félagsstofnunar stúdenta að skapa öflugan háskóla sem er miðstöð þekkingar, rannsókna og nýsköpunar. Þétting háskólasamfélagsins er háð frekari uppbyggingu á svæðinu undir bæði kennslu, annars konar starfsemi háskólans og húsnæði fyrir stúdenta. Þegar Kennaraháskóli Íslands var sameinaður Háskóla Íslands árið 2008 varð hann eitt fimm fræðasviða háskólans, nú Menntavísindasvið. Fræðasviðið hefur haft aðsetur í Stakkahlíð en frá sameiningu hefur verið leitast eftir því af kappi að fá starfsemina á megin svæðið í Vatnsmýrinni.

Á ársfundi Háskóla Íslands þann 10. júní 2020 var undirrituð viljayfirlýsing að framtíðarhúsnæði Menntavísindasviðs sem skyldi rísa á svæði Vísindagarða, á næstu fjórum árum. Mál hafa síðan þróast þannig að nú blasa aðrir valmöguleikar við hinum megin við Suðurgötuna þar sem stendur til boða að festa kaup á húsnæði Hótel Sögu, en frá því í vor hefur fjármálaráðuneytið leitt samningaviðræður fyrir hönd Háskóla Íslands. Kaupin myndu ekki einungis sameina starfsemi háskólans og stuðla að þéttara samfélagi, heldur einnig gera Félagsstofnun stúdenta kleift að auka þjónustu sína og bjóða stúdentum upp á rúmlega 100 stúdíóíbúðir í nágrenni við háskólann. Það er brýnt hagsmunamál allra aðila sem koma að starfi Háskóla Íslands að Bændahöllin verði nýtt undir starfsemi Háskólans og húsnæði stúdenta. Stúdentaráð undirstrikar að hér sé einstakt tækifæri til að fjárfesta í háskólasamfélaginu og reynir því nú á stjórnvöld að sýna í verki að þeim sé annt um hag stúdenta.

8.4.3 STJÓRNARSÁTTMÁLI NÝRRAR RÍKISSTJÓRNAR

30. nóvember 2021

Ríkisstjórnarbreytingar hafa áhrif á forgangsroðun verkefna og áherslumál. Við þær gefst tækifæri til að taka upp ný mál og þróa hugmyndir samhliða því að önnur njóti áframhaldandi stuðnings. Mikilvæg hagsmunamál sem stúdentar hafa haldið á lofti undanfarin misseri verða að vera áfram í forgrunni. Stúdentaráð er bjartsýnt um að ný ríkisstjórn, og ráðherrar þeirra málaflokka sem snerta stúdenta, leggi upp úr góðu samráði við stúdentahreyfinguna að sameiginlegum markmiðum.

Það eru ákveðin tækifæri fólgin í því að háskólastigið sé aðskilið og heyri nú undir sérstakt ráðuneyti vísinda, iðnaðar- og nýsköpunar. Rannsóknarstarfsemi er eitt meginhlutverk háskólanna enda leiðir hún af sér hagnýtar uppgötvanir, ný atvinnutækifæri og þekkingu sem skilar sér út í samfélagið. Þó ber að hafa í huga að hlutverk háskólamenntunnar er ekki einungis að skila einstaklingum út í atvinnulífið. Háskólanám er fyrst og fremst vettvangur frjálsrar þekkingarleitar, gagnrýnnar hugsunar og tengsla við samfélagið. Ólík fræðasvið og fjölbreyttar námsleiðir eru því grundvöllur farsælla framfara, því aðkallandi áskoranir næstu ára krefjast útsjónarsemi og þverfræðilegs samstarfs. Mikilvægi háskólastigsins er ekki vafaatriði enda er málaflokkurinn umsvifamikill og forgangsroðun hans verður að vera í samræmi við það.

Trygg fjármögnun skiptir höfuðmáli og er forsenda þess að háskólarnir geti sinnt grunnstarfsemi sinni. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2022 gerir ráð fyrir tímabundnu fjárframlagi til háskólastigsins til að mæta fjölgun háskólanema vegna kórónaveirufaraldursins. Það er hins vegar lykilatriði að auknar fjárveitingar séu varanlegar til að styrkja menntakerfið okkar til frambúðar. Því þykir Stúdentaráði það ánægjulegt að í stjórnarsáttmálanum sé það tekið fram að fjármögnun háskólastigsins skuli vera í samræmi við áætlanir Vísinda- og tækniráðs, í takt við áherslur Stúdentaráðs og Háskóla Íslands. Aftur á móti er það miður að í honum sé ekki fjallað með betri hætti um Menntasjóð námsmanna sem bíður annarrar heildarendurskoðunar á þessu kjörtímabili. Stúdentaráð hefur verið staðfast í kröfum sínum um nauðsynlegar breytingar sem gera þarf á sjóðnum, þá sér í lagi hækkun á grunnframfærslu framfærslulána sem tekið er mið af í fjármálaáætlun 2022-2026.

Stúdentaráð bindur vonir við að ofangreind mál sem og önnur brýn hagsmunamál stúdentahópsins, t.a.m. endurskoðun atvinnuleysistryggingakerfisins og að námsfólk geti talist tryggt innan þess, hljóti þann hljómgrunn sem þau eiga skilið á kjörtímabilinu. Þá þakkar ráðið fráfaramendi mennta- og menningarmálaráðherra og fráfaramendi ríkisstjórn fyrir samstarfið síðustu fjögur árin.

8.4.4 STUÐNINGUR VIÐ UMSAGNIR SAMTAKA OG HREYFINGA VEGNA FRUMVARPS TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM ÚTLENDINGA (ALÞJÓÐLEG VERND)

17. febrúar 2022

Stúdentaráð Háskóla Íslands tekur undir með umsögnum Rauða krossins á Íslandi, UNICEF á Íslandi, Barnaheilla, Landssamtaka Þroskahjálpar, Kennarasambands Íslands, Kvenréttindafélags Íslands og Amnesty International vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga (alþjóðleg vernd). Þá tekur ráðið einnig undir með umsögnum Claudia & Partners, Önnu Kristínar B. Jóhannesdóttur hjúkrunarfræðings og aðjúnks sem og Mörtu Jóns Hjördísardóttur hjúkrunarfræðings.

Lagðar eru fram athugasemdir við frumvarpið af ofangreindum umsagnaraðilum um alvarleg inngrip og takmarkanir á grundvallarréttindum flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Þá er vert að taka fram að um er að ræða frumvarp sem flutt var á 149. löggjafarþingi og endurflutt 150., og 151. löggjafarþingi og var í öll þau skipti talin ástæða til að gera athugasemdir við.

Þær hreyfingar, samtök og sérfræðingar sem fordæmt hafa innihald frumvarpsins búa yfir afgerandi sérfræðipækkingu á málefnum flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd, og öðrum tengdum málaflokkum. Vegna þessa er óumdeilanlegt að afstaða þeirra og sérfræðiálit skiptir höfuðmáli. Markmið frumvarpsins um aukið gagnsæi í málaferlum umsækjenda og skilvirkni til bóta er villandi og boðar frumvarpið þess í stað óvissu fyrir fólk á flótta. Nái frumvarpið fram að ganga er hætt á að þrengt sé enn frekar að möguleikum fólks til að fá vernd hérlandis og grafið sé þannig undan mannréttindum þeirra með markvissum og meðvituðum hætti.

Stúdentaráð er mótfallið hvers konar aðgerðum er skapa óréttlæti í garð viðkvæmra hópa samfélagsins. Það á að vera venja frekar en undantekning að taka á móti og búa vel um fólk sem sest hér að og auðgar samfélagið okkar svo um munar. Það er t.a.m. skýrt markmið og einlægur vilji stúdentahreyfingana að háskólasamfélagið okkar stuðli enn frekar að jöfnuði og gagnkvæmri virðingu meðal fjölbreyttra hópa nemenda og starfsfólks. Stúdentaráð hvetur íslensk stjórnvöld til að virða þá alþjóðlega mannréttindasáttmála sem Ísland hefur skuldbundið sig til að fylgja og sýna mannúð í verki með því að tryggja sanngjarna málsmeðferð og grundvallarþjónustu flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

8.4.5 INNRÁS RÚSSLANDS Í ÚKRAÍNU

25. febrúar 2022

Stúdentahreyfingar á Íslandi lýsa yfir samstöðu við úkraínsku þjóðina og fordæma harðlega innrás Rússlands inn í Úkraínu. Um er að ræða óviðunandi brot á alþjóðalögum, fullveldi og landhelgi Úkraínu sem setur saklausa borgara í hættu og sviptir þau frelsi og réttindum sínum.

Áhrif þessara aðgerða, sem einkennast af ógnartilburðum og átökum, eru til skemmri eða lengri tíma grafalvarleg fyrir íbúa Úkraínu og heimsbyggðina. Okkur ber að fordæma árásina og standa vörð um grundvallarmannréttindi, lýðræði, lög og reglu. Brýnt er að alþjóðasamfélagið beiti nauðsynlegum refsiaðgerðum gegn Rússlandi og krefjist þess að sambandsríkið stöðvi hernaðaraðgerðir í Úkraínu.

Hugur okkar er hjá úkraínskum stúdentum, Samtökum úkraínska stúdenta (Українська асоціація студентів) og Landssamtökum ungmennafélaga í Úkraínu (National Youth Council of Ukraine), sem þjást af ofbeldisverkum rússneska sambandsríkisins. Saman skorum við á íslensk stjórnvöld að taka við stúdentum og öðrum íbúum Úkraínu sem neyðast til að flýja land sitt. Við hvetjum íslensk stjórnvöld sem og menntastofnanir landsins til að tryggja áframhaldandi aðgengi að menntun fyrir úkraínska námsmenn sem hingað koma.

Fyrir hönd stúdenta á Íslandi,

Derek Terell Allen, Landssamtök íslenskra stúdenta

Isabel Alejandra Diaz, Stúdentaráð Háskóla Íslands

Nökkvi Alexander Rounak Jónsson, Stúdentafélag Háskólans á Akureyri

Alexander Ágúst Mar Sigurðsson, Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík

Júlíus Andri Þórðarson, Nemendafélag Háskólans á Bifröst

Margrét Björnsdóttir, Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands

Teresa Evertsdóttir, Stúdentafélag Háskólans á Hólum

Sigtýr Ægir Kárasón, Stúdentaráð Listaháskóla Íslands

Freyja Ingadóttir, Samband íslenskra námsmanna erlendis

8.5 UMSAGNIR STÚDENTARÁÐS TIL ALÞINGIS

151. löggjafarþing 2020-2021

Þingskjal 1358 - 775. mál

17. maí 2021

8.5.1 FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM ATVINNULEYSISTRYGGINGAR, NR. 54/2006, OG LÖGUM UM GREIÐSLUR TIL ÍPRÓTTAFÉLAGA VEGNA LAUNAKOSTNAÐAR OG VERKTAKAGREIÐSLNA Á TÍMUM KÓRÓNUVEIRUFARALDURS, NR. 155/2020 (FRAMLINGING ÚRRÆÐA O.FL.).

Stúdentaráð hefur að baki sjö umsagnir við frumvörp er varða breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og aðgerðir til að draga úr efnahagslegum áhrifum kórónuveirufaraldursins. Í þeim öllum hefur ráðið krafist þess að stúdentum sé tryggður réttur til atvinnuleysisbóta með mjög skýrum rökstuðningi. Sú krafa var upphaflega lögð fram 23. mars 2020 en sumarið það sama ár samþykkti Stúdentaráð að halda áfram að beita sér fyrir rétt stúdenta til atvinnuleysisbóta óháð sumrinu eða faraldrinum. Stúdentaráð vill hér nýta tækifærið og árétta kröfu sína á nýjan leik. Krafan er einföld og snýst um að allt vinnandi námsfólk geti sótt sér þann rétt sem þeir hafa áunnið sér með greiðslu atvinnutryggingagjalds, samkvæmt [3. gr. laga um tryggingagjald](#), sem launagreiðendur greiða af launum þeirra, til jafns við annað vinnandi fólk og án þess að vera mismunað fyrir að stunda nám.

Umsögn vegna greinargerðar

Megintilgangur frumvarpsins er samkvæmt greinargerðinni að mæta þeim hópi sem ekki hefur getað nýtt sér úrræði stjórnvalda. Nánar tiltekið hafa úrræðin nýst illa þeim einstaklingum sem voru án atvinnu í upphafi faraldursins og voru enn á atvinnuleysisbótum í maí 2021, og hafa átt í erfiðleikum með að finna vinnu meðan á faraldrinum hefur staðið. Þess vegna sé framlenging umrædds úrræðis um rétt atvinnuleitenda til tekjutengdra atvinnuleysisbóta í allt að sex mánuði nauðsynleg, sem og nýtt bráðabirgðaákvæði sem mælir fyrir um að greiða skuli sérstakan styrk til atvinnuleitenda sem hafa verið tryggðir að fullu innan kerfisins á tilteknu tímabili.

Draga má þá ályktun að ekki hafi það verið einfaldara fyrir stúdenta að finna öruggt starf, enda hafa þau störf sem stúdentar leita tíðast í meðfram námi og á sumrin, í t.d. ferðaþjónustunni og veitingageiranum, verið í biðstöðu. Samkvæmt samstarfsskönnun Landssamtaka íslenskra stúdenta og mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá mars 2021, sem lögð var fyrir stúdenta á landsvísi, segjast 24,8% stúdenta glíma við mikla og mjög mikla fjárhagserfiðleika. Þá sögðust 43,7% vera í 50% eða minna hlutastarfi með skóla, sem staðfestir enn frekar að stúdentar eru oftast en ekki í hlutastarfi, eins og EUROSTUDENT kannanirnar hafa þegar sýnt fram á. Álykta má að það sé sami hópurinn og var allslaus í upphafi faraldursins því sá var í námi og vinnu meðfram,

en ekki öfugt og því ekki tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Þá hefur hlutabótaleiðin takmarkast við enn færri innan um þessa hóps, í þann skamma tíma sem hún náði til stúdenta. Því til viðbótar má enn sjá að [46% atvinnulausra](#) er ungt fólk á aldrinum 18-35 ára og má í því samhengi benda á að í þeim tölum er meirihluti stúdenta ekki meðtalinn þar sem þeir eru ekki á atvinnuleysisskrá.

Það er því ástæða til að velta því upp hvers vegna úrræðin fyrir stúdenta duga skammt og þeim ekki mætt með sama hugarfari um fyrirbyggjandi aðgerðir og öðrum hópum er mætt á öðrum sviðum samfélagsins. Sumarstarfaátakið sem fór af stað 11. maí sl. á að vera öryggisnet stúdenta þessa stundina og út sumarið. Það dugar hins vegar líka skammt. Ráðstafað er 2,4 milljörðum fyrir 2.500 störf til að geta staðist nýja kjarasamninga og lengra ráðningartímabil. Ráðningartímabilið nær þó einungis til tveggja og hálfra mánaðar en ekki þriggja eins og stúdentar hafa kallað eftir. Þetta snýst því um að velja milli lengra tímabils og færri starfa, eða fjölgun starfa og styttra ráðningartímabils. Frekari fjárfesting virðist ekki vera valmöguleiki. Háskóli Íslands tekur þátt í að bjóða upp á sumarstörf og óskaði eftir fleiri störfum en honum var úthlutað, sem leiddi til þess að háskólaráð samþykkti að heimila fleiri sumarstörf við Háskólann og [bera launakostnað með miðlægum stuðningi](#). Eftirspurnin virðist því vera til staðar.

Þetta snýst ekki um allt eða ekkert. Sumarstörfín og sumarnámið eru nauðsynlegar aðgerðir sem hægt er að festa í sessi ef framkvæmdin á hvoru tveggja verður betri og skilvirkari. Samhliða þarf samt sem áður alltaf að skapa bæði atvinnutækifæri til lengri tíma, meðfram námi og eftir útskrift, og áreiðanlegt öryggisnet ef ske kynni að námsfólk þurfi á fjárhagsaðstoð að halda.

Niðurlag

Réttur til atvinnuleysisbóta er það öryggi sem gripið yrði til í neyð af þeim stúdentum sem ekki geta leitað annað að fjárhagslegu öryggi. Námslánakerfið má vart teljast til félagslegs jöfnunartóls enda tryggja úrræðin þar ekki jafnræði eða viðunandi framfærslu, sbr. tímabundna hækkunin á grunnframfærslunni sem nær einungis til þeirra stúdenta sem þéna minna en frítekjumarkið. Námslánakerfið og atvinnuleysistryggingakerfið eru tvö aðskilin kerfi sem ekki hefur tekist að láta vinna saman og er það þungi sem stúdentar bera ekki ábyrgð á. Stúdentaráð [benti fyrst á það árið 2009](#) og ekkert hefur síðan breyst.

Við heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar, sem nú er í undirbúningi, þarf því að hafa það að markmiði að gera áriðandi breytingar með hliðsjón af bágrri fjárhagsstöðu stúdenta og ganga úr skugga um að þau eigi rétt á vernd gegn atvinnuóöryggi og atvinnuleysi. Stúdentar nutu réttar til atvinnuleysisbóta í námshléum í áraraðir til 2010. Það væri því ekki verið að brjóta blað í sögunni ef stúdentar yrðu að nýju tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins, en það væri verið að leiðrétta stöðu þeirra og réttilega svo.

8.5.2 SKÝRSLA STARFSHÓPS FORSÆTISRÁÐHERRA UM ENDURMAT Á VIRÐI KVENNASTARFA

Stúdentaráð Háskóla Íslands telur mikilvægt að koma á framfæri stuðningi sínum við tillögur starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa. Tillögur hópsins ganga út á að stofnaður verði aðgerðahópur stjórnvalda um launajafnrétti með aðild aðila vinnumarkaðarins. Verkefni hópsins verði m.a. að greina hvaða þættir einkenni kvennastörf og hvort þeir þættir séu vanmetnir auk þess að þróa verkfæri til þess að aðstoða atvinnurekendur við að uppfylla lagaskilyrði um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.

Þótt dregið hafi bæði úr leiðréttum og óleiðréttum launamun kynjanna mælist hann enn mikill. Samkvæmt nýjustu launarannsókn Hagstofu Íslands nam leiðréttur launamunur 4,3% en óleiðréttur launamunur 13,9%. Þar kemur einnig fram að kynbundin skipting vinnumarkaðarins, þ.e. að konur og karlar séu í mismunandi störfum og atvinnugreinum, skýri að miklu leyti launamun kynjanna.

Síðustu ár hefur mikill meirihluti nemenda Háskóla Íslands verið konur en hlutfall þeirra í byrjun skólaársins 2021-2022 var um 69%. Í meðfylgjandi töflu má sjá skiptingu útskrifaðra nemenda ársins 2020 eftir deildum og kyni. Þessi skipting er sterk vísbending um lárétta kynjaskiptingu vinnumarkaðar.

Háskóli Íslands - Brautskráðir 2020					
Fræðasvið/deildir	Karl	Kona	Alls	% Karl	% Kona
Félagsvísindasvið	276	571	847	33%	67%
Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild	30	119	149	20%	80%
Félagsráðgjafardeild	4	81	85	5%	95%
Hagfræðideild	33	23	56	59%	41%
Lagadeild	51	56	107	48%	52%
Stjórnmálafræðideild	40	111	151	26%	74%
Viðskiptafræðideild	118	181	299	39%	61%
Heilbrigðisvísindasvið	112	467	579	19%	81%
Hjúkrunarfræðideild	7	145	152	5%	95%

Lyfjafræðideild	21	41	62	34%	66%
Læknadeild	64	161	225	28%	72%
Matvæla- og næringarfræðideild	3	12	15	20%	80%
Sálfræðideild	16	97	113	14%	86%
Tannlæknadeild	1	11	12	8%	92%
Hugvísindasvið	159	308	468	34%	66%
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	7	6	13	54%	46%
Íslensku- og menningardeild	74	151	225	33%	67%
Mála- og menningardeild	34	109	143	24%	76%
Sagnfræði- og heimspekideild	44	42	87	51%	48%
Menntavísindasvið	81	390	472	17%	83%
Deild faggreinakennslu	27	74	101	27%	73%
Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda	35	51	87	40%	59%
Deild kennslu- og menntunarfræði	5	143	148	3%	97%
Deild menntunar og margbreytileika	14	122	136	10%	90%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	237	159	396	60%	40%
Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild	124	50	174	71%	29%
Jarðvísindadeild	8	16	24	33%	67%
Líf- og umhverfisvísindadeild	29	50	79	37%	63%
Rafmagns- og tölvuverkfræðideild	16	5	21	76%	24%
Raunvísindadeild	47	26	73	64%	36%
Umhverfis- og byggingarverkfræðideild	13	12	25	52%	48%
Þverfaglegt framhaldsnám	36	89	125	29%	71%
Samtals Háskóli Íslands	901	1984	2887	31%	69%

Stúdentaráð telur nauðsynlegt að ráðist verði í þá vinnu sem starfshópurinn leggur til. Það eru augljósir hagsmunir nemenda skólans sem brátt munu stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði að unnið sé markvisst áfram að því að eyða kynbundnum launamun. Stúdentaráð hvetur nýja ríkisstjórn að láta það verða eitt af sínum fyrstu verkum að koma tillögum hópsins í framkvæmd.

8.5.3 FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA, NR. 60/2020 (LÁGMARKSFRAMFÆRSLA NÁMSMANNA).

Stúdentaráði Háskóla Íslands hefur borist til umsagnar frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna er varðar lágmarksframfærslu námsmanna. Stúdentaráð styður breytingar og aðgerðir sem hafa það markmið að jafna möguleika fólks til náms óháð félagslegum bakgrunni. Mikilvægt er að slíkar breytingar séu á þeim forsendum að stuðla að jafnrétti til náms og draga úr fjárhagslegri streitu stúdenta með öflugu námslánakerfi.

Grunnframfærsla framfærslulána (1. gr.)

Stúdentaráð hefur lengi kallað eftir því að námslán dugi til raunverulegrar framfærslu meðan á námi stendur. Í því samhengi hefur ráðið miðað við að grunnframfærslan skuli að lágmarki nema dæmigerðu neysluviðmiði félagsmálaráðuneytisins. Stúdentaráð fagnar því að í frumvarpinu sé gerð tilraun til þess tryggja að grunnframfærsla dugi til þess að stúdentar geti framfleytt sér samhliða námi. Það ber þó að nefna að ekki er ljóst í frumvarpinu hvort neysluviðmið félagsmálaráðuneytisins er átt við; dæmigert neysluviðmið eða grunnviðmið. Þá ber einnig að hafa í huga að neysluviðmið félagsmálaráðuneytisins hefur ekki verið uppfært frá árinu 2019 og yrði því að koma til árlegrar endurskoðunar ef miða ætti við það.

Stúdentaráð undirstrikar þó að lausnin við fjárhagslegri byrði stúdenta feli ekki í sér að binda grunnframfærslu framfærslulána við dæmigerða neysluviðmiðið. Ráðið hefur lagt ríka áherslu á að fyrirkomulagið á tilhögun framfærslulánana verði að vera með breyttu sniði og kallað eftir því að nánari fyrirmæli fylgi lögum um endurskoðun milli ára. Í núgildandi lögum er engin skýr krafa gerð til stjórnar Menntasjóðsins um endurskoðun framfærslunnar með reglubundnum hætti og því ekkert tilkall til hennar um að bregðast við þegar þörf er á. Að mati Stúdentaráðs hefur það ekki verið stúdentum til bóta og því furðulegt að fyrirkomulagið hafi ekki verið endurbætt með fyrri heildarendurskoðuninni á námslánakerfinu.

Til viðbótar við leiðréttingu grunnframfærslunnar þarf viðbótarlánið vegna húsnæðiskostnaðar einnig að taka mið af raunveruleikanum. Á síðastliðnum fimm árum hefur vísitala leiguverðs hækkað um 41%¹ en viðbótarlán lánasjóðsins vegna húsnæðis aðeins hækkað um 11% og er því langt frá því að halda í við þann húsnæðiskostnað sem stúdentar þurfa að standa undir. Til þess

¹ Sjá þróun vísitölu íbúða- og leiguverðs hjá Verðsjá Þjóðskrár.

að tryggja stöðug kjör þarf viðbótarlánið að lágmarki að hækka um því sem nemur vísitölu leiguverðs milli ára.

Frítekjumark (1. gr.)

Mælt er fyrir í frumvarpinu að sjálfsaflafé námsmanna skuli ekki koma til frádráttar á heimild til lántöku, með öðrum orðum er lagt til að frítekjumarkið sé afnumið. Nauðsynlegt er að samspil frítekjumarksins og grunnframfærslunnar sé vandlega skoðað. Stúdentaráð telur ljóst að lág grunnframfærsla sé orsök þess að stúdentar vinni með námi í jafn ríkum mæli og raun ber vitni². Við það myndast vítahringur þar sem stúdentar þéna umfram frítekjumarkið og framfærslan minnkar á móti. Skörun grunnframfærslunnar og frítekjumarksins er vandasöm flækja en einhliða afnám frítekjumarksins mun ekki binda enda á þá staðreynd að stúdentar neyðist til að vinna á háskólagöngu sinni.

Námsstyrkur (2. gr.)

Í frumvarpinu er lagt til að 30% niðurfelling á höfuðstóli lánsins við námslok, að norskri fyrirmynd, breytist í beina styrki sem nemur 72.000 kr. á mánuði, að danskri fyrirmynd. Stúdentahreyfingin hefur verið einhuga um að núverandi námslánakerfi beri góða kosti að norrænni fyrirmynd þó ýmis atriði hefðu mátt vera útfærð betur. Þær áhyggjur sem Stúdentaráð hefur við það styrkjakerfi sem lagt er til er að það nái ekki til allra stúdenta. Í frumvarpinu er lagt til að námsstyrkurinn standi til boða í 5 ár (45 mánuði), sem álykta megi að sé fyrir hefðbundið bakkalárslán og meistaranám. Í núverandi kerfi er hins vegar valmöguleiki á að fá námslán fyrir 360 ECTS einingum, sem samsvarar sjö árum í 100% námi, auk 120 ECTS (2 ár) til viðbótar í námsstigi að eigin vali. Námsmenn sem eru lengur að klára bakkalár og meistaranámið eða hyggjast sækja sér frekari menntun eru þannig í mun erfiðari stöðu.

Þá skal hafa í huga að með breytingunni verður styrkur fyrir skólagjaldalánum úr sögunni þar sem námsstyrkurinn nær ekki til skólagjaldalána, líkt og niðurfelling núverandi kerfis gerir. Skólagjöld geta verið íþyngjandi og með núverandi 30% niðurfellingu af námslánum að loknu námi er tekið mið af því. Breytingin gæti því takmarkað möguleika margra til frekara náms, bæði hér á landi og erlendis. Væri eðli styrkjakerfisins breytt með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu þá yrði að finna leið til þess að koma einnig til móts við þá stúdenta sem taka skólagjaldalán.

Endurgreiðslur námslána (3. gr.)

² 72% íslenskra stúdenta telja sig þurfa að vinna með námi til þess að framfleyta sér í námi skv. Eurostudent VII. Til samanburðar er sama hlutfall 31% í Svíþjóð, 48% í Danmörku og 65% í Noregi.

Í frumvarpinu er lagt til að endurgreiðsla námslána hefjist tveimur árum eftir námslok í stað eins árs líkt og í núverandi lögum. Stúdentaráð styður þessa tillögu heilshugar enda ein af þeim athugasemdum sem ekki var tekin til greina við samþykkt laga um Menntasjóð námsmanna.

Niðurlag

Að öllu framangreindu virtu telur Stúdentaráð skynsamlegra að áhersla sé lögð á hvernig megi bæta styrkjakerfið í þeirri mynd sem það er núna, í þeirri von að sjóðurinn uppfylli hlutverk sitt sem félagslegt jöfnunartól. Sér í lagi þarf fjármögnun sjóðsins að vera tryggð og sjálfbærnis hugsjónin að heyra sögunni til, þannig að breytingar byggji ekki á tilfærslur á styrkjum milli einstaklinga. Samkvæmt 1. mgr. VIII. ákvæði til bráðabirgða í lögum um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 verða lögin endurskoðuð fyrir haustþing 2023 og gefst stjórnvöldum þá annað tækifæri til að hanna kerfið með hag stúdenta í forgrunni. Stúdentaráð ítrekar að endurskoðunin verði að eiga sér stað í nánú samráði við stúdenta sem eru helstu hagsmunaaðilar þess.

8.5.4 FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM UM MENNTASJÓÐ NÁMSMANNA, NR. 60/2020 (LAUNATEKJUR)

Stúdentaráði Háskóla Íslands hefur borist til umsagnar frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna er varðar launatekjur námsmanna. Stúdentaráð styður breytingar og aðgerðir sem hafa það markmið að jafna möguleika fólks til náms óháð félagslegum bakgrunni. Mikilvægt er þó að fara varlega í breytingar sem gætu haft áhrif á stöðu Menntasjóð námsmanna sem félagslegt jöfnunartól.

Afnám frítekjumarks (1. gr.)

Fyrsta grein frumvarpsins mælir fyrir um afnám frítekjumarks hjá Menntasjóði námsmanna. Nánar tiltekið að miðað sé við veitingu framfærsluláns án tillits til launatekna námsmanns eða fjölskyldu hans. Stúdentaráð hefur lengi bent á að lántakar neyðast oft en ekki til að vinna með skóla vegna of lágrar grunnframfærslu, sem svo minnkar framfærsluna ennþá meira vegna frítekjumarksins. Þá vinna stúdentar yfir langt sumarfrí án framfærslulána frá Menntasjóðnum sem gerir það oft að verkum að á þremur mánuðum er lántaki búinn að fullnýta frítekjumarkið fyrir árið. Sér í stað ber að hækka grunnframfærsluna til muna, svo að stúdent á námslánnum geti framfleytt sér á meðan námi stendur án þess að þurfa að vinna með námi. Sé grunnframfærslan leiðrétt og árleg endurskoðun fest í lög, verður einnig að hækka frítekjumarkið til muna.

Það á ekki að koma að skerðingu framfærsluláns að stúdent kjósi að vinna meðfram námi. Því tekur Stúdentaráð undir að hækka þurfi frítekjumarkið svo að það skerði ekki í hvívetna framfærslulán lántaka. Hinsvegar ber að nálgast afnám frítekjumarksins varlega. Raunar verður að koma til móts við hækkun, afnámi, tvískiptingu eða annars konar breytingar á frítekjumarkinu með auknu fjármagni í námslánakerfið. Þá má benda á að í núverandi fjárlögum er gert ráð fyrir lækkun framlags til Menntasjóðsins. Það þyrfti því viðameiri breytingar á íslenska kerfinu til að ráðast í afnám frítekjumarksins, þegar í stað yrði að fjármagna sjóðinn til muna og sjálfbærnis hugsjónin að heyra sögunni til.

Afnám frítekjumarksins getur þó haft í för með sér skerðingu á stöðu námslánakerfisins sem félagslegt jöfnunartól. Stúdentar búa við ólíkar aðstæður og huga þarf að því fyrir hverja námslánin eiga að vera fyrir. Námslán eru fyrir marga ekki ákjósanlegasti kosturinn til framfærslu heldur nauðsynleg og því ber að tryggja fyrst og fremst að Menntasjóður námsmanna grípi þann hóp. Stúdentaráð kallar eftir því að áhrif afnám frítekjumarksins sé ítarlega greint með tilliti til kjör námslánanna fyrir stúdenta. Stúdentaráð telur einnig að ákvæði um að ekki komi til

skerðingar á láninu vegna launatekna fjölskyldu lántaka skerði á jöfnunarhlutverk Menntasjóðsins þar sem ekki allir stúdentar búa við sömu fjölskylduaðstoð.

Fyrningarfrestur (2. gr.)

Lagt er til að 2. mgr. 26. gr. falli brott. Sú regla kemur í veg fyrir að kröfur vegna námslána falli niður í kjölfar gjaldþrots. Stúdentaráð tekur undir með greinargerð frumvarpsins um að sömu reglur eigi að gilda um fyrningu námslána og gilda um almennar kröfur. Það á ekki að koma að sök að kröfurnar eru tilkomnar vegna námslána frekar en annars konar lána.

8.6 ERINDI TIL STJÓRNVALDA

8.6.1 ERINDI TIL FÉLAGS- OG VINNUMARKAÐSRÁÐHERRA, GUÐMUNDAR INGA GUÐBRANDSSONAR, VEGNA FÆÐINGARSTYRKJA NÁMSMANNA OG ENDURSKOÐUN Á UMGJÖRÐ FÆÐINGARSTYRKJAKERFISINS.

14. febrúar 2022

Stúdentaráð Háskóla Íslands kallar eftir því að umgjörð fæðingarstyrkja námsmanna verði endurskoðuð og leiðrétt. Foreldrar í námi standa höllum fæti er kemur að fæðingarstyrk námsmanna og fæðingarstyrk fólks utan vinnumarkaðar. Fæðingarstyrkjagreiðslur eru lægri samanborið við greiðslur úr fæðingarorlofssjóði fyrir sama starfshlutfall og veldur það misræmi milli foreldra í námi og foreldra á vinnumarkaði.

Stúdent á rétt á fæðingarstyrk námsmanna ef hann hefur verið í fullu námi (75% - 100% námi) í a.m.k. 6 mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir fæðingu barns, frumættleiðingu eða varanlegt fóstur þess. Fæðingarstyrkur námsmanna er 199.522 kr.- vegna barna fæddra árið 2022. Ef stúdent mætir ekki fyrrnefndum kröfum um fæðingarstyrk námsmanna þá á hann rétt á fæðingarstyrk fyrir fólk utan vinnumarkaðs. Fæðingarstyrkur fólks utan vinnumarkaðar er 87.062 kr.- á mánuði vegna barna fæddra árið 2022. Lágmarks greiðsla í fæðingarorlofi er 199.522 kr.- vegna barna fæddra árið 2022 sem er jafn hátt og hámarksgreiðslur einstaklinga sem fá fæðingarstyrk námsmanna. Foreldri sem er í 50% námi en ekki á vinnumarkaði myndi að hámarki því fá greitt 87.062 kr.- á mánuði á meðan foreldri í 50% starfi myndi fá greitt 199.522 kr.- að lágmarki. Munurinn á greiðslunum fyrir sama hlutfalls starfs og náms er því 112.460 kr.- á mánuði. Skilyrði fyrir fæðingarstyrk námsmanna miðast einungis við skilaðar einingar stúdents á síðastliðnum 12 mánuðum. Það þýðir að ef stúdent fellur í námskeiði sem hann var skráður í og staðinn einingafjöldi fer undir 22 ECTS (75% nám) þá á hann ekki rétt á fæðingarstyrk námsmanna (199.552 kr.-). Námskeið geta verið mismunandi eftir fræðasviðum og deildum, fallhlutfall þeirra getur verið hátt, falið í sér verknám eða jafnvel verið skipulögð með 80% lokaprófi. Að ganga að því að stúdentar séu allir skipulagðir eins er ekki raunhæft. Því getur umgjörð fæðingarstyrkjanna verið kvíðavaldandi fyrir verðandi foreldra og aukið álag á viðkvæmum tímum.

Stúdentaráð Háskóla Íslands kallar því eftir að greiðslur fæðingarstyrkja verði jafnar greiðslum úr fæðingarorlofssjóði miðað við 50% námshlutfall. Rýmka þarf skilyrði fæðingarstyrkja námsmanna þannig að það nái til 50% námshlutfalls til þess að foreldrar í námi standi jafnari fæti við foreldra á vinnumarkaði. Greiðslur til nýbakaðra foreldra ættu ekki að vera áunnin réttindi foreldris, heldur réttur barns að fjölskylda þess geti lifað í stöðugleika á meðan umönnun þess er í forgangi, óháð því hvort foreldrar þess séu í námi eða starfi.

8.6.2 ERINDI VEGNA STARFSÞJÁLFUNARÁR Í KLÍNÍSKRI SÁLFRÆÐI TIL HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIS, HÁSKÓLA-, IÐNAÐAR- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIS OG FÉLAGS- OG VINNUMARKAÐSRÁÐUNEYTIS.

16. mars 2022

Árið 2012 voru lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 samþykkt og innan þeirra er reglugerð nr. 1130/2012 um menntun, réttindi og skyldur sálfræðinga og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi. Þar segir í 3. gr. að starfsleyfi sé veitt þeim sem lokið hafa BS-prófi í sálfræði við viðurkenndar menntastofnanir ásamt kándíðatsprófi/MS-námi, til viðbótar við að hafa lokið eins árs verklegri þjálfun á viðurkenndum stofnunum eða starfsstofum sem landlæknir viðurkennir.

Síðustu níu ár hefur verið beitt undanþágu til að veita nýútskrifuðum stúðentum starfsleyfi þrátt fyrir að þau uppfylli ekki kröfur um starfsþjálfunarár, oft kallað kándíðatsár. Þessi tímabundna undanþága, sem hefur verið endurnýjuð með skömmum fyrirvara, hefur valdið óöryggi meðal stúðenta sem stunda nám í klínískri sálfræði eins og kom m.a. upp haustið 2021 og vakti athygli fjölmiðla. Mikill einhugur er meðal stúðenta, þvert á háskóla, að starfsþjálfunarár sé uppfyllt til að tryggja lögmæti gráðunnar samkvæmt evrópskum stöðlum. Mikilvægt er að gráðan veiti sömu tækifæri og réttindi á alþjóðlegri grundu og annað evrópskt klínískt nám gerir, sem er ekki raunin í dag.

Síðan reglugerðin tók gildi árið 2013 hefur þetta mál velkst um í kerfinu en sálfræðingar hafa lagt mikið af mörkum til að halda málinu á lofti. Það sýnir þá miklu samstöðu sem er meðal þeirra um að starfsþjálfunarárið verði að raunveruleika.

Undirrituð hvetja ráðuneytin til þess að nýta þá viðamiklu þekkingu sem hefur skapast á síðustu árum við úrlausn þessa máls, með samráði við hlutaðeigendur; háskólana, spítalana, Vog, heilsugæsluna o.fl. Tryggja þarf þeim sæti við borðið sem verða fyrir áhrifum af þessari ákvörðun, en málið er núna hjá landsráði um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu, en þar er enginn sálfræðingur. Ráðinu er falið að koma með tillögur að útfærslu með vorinu og köllum við eftir að sú sérþekking og vinna sem til er verði þar höfð að leiðarljósi. Ljóst er að umrætt mál hefur verið til skoðunar of lengi án eiginlegrar niðurstöðu og er það ákall stúðenta að málinu sé fundinn góður og varanlegur farvegur.

Stúðentaráð Háskóla Íslands,
Anima – félag grunnnema í sálfræði við HÍ,
Nemendafélaga sálfræðingafélags Íslands,
Eros – félag framhaldsnema í sálfræði við HÍ,
Mentes – nemendafélag sálfræðinema við HR,
Sálkovkis – nemendafélag meistaranema í sálfræði við HR,
Kumpáni – félag félagsvísinda- og sálfræðinema við HA

8.7 ERINDI TIL HÁSKÓLA ÍSLANDS

8.7.1 TILLAGA TIL SAMÞYKKTAR HJÁ HÁSKÓLARÁÐI HÁSKÓLA ÍSLANDS VEGNA BREYTINGAR Á 81. GR. REGLNA FYRIR HÁSKÓLA ÍSLANDS NR 569/2009.

2. september 2021

Reykjavík

Núverandi grein 2. mgr. 81. gr.	Breytingartillaga 2. mgr. 81. gr.
Í stjórn sjóðsins skulu sitja fimm fulltrúar skipaðir til eins árs í senn, og skal skipun þeirra fara fram fyrir 15. september ár hvert. Tveir eru skipaðir af Stúdentaráði og þrír eru skipaðir eftir kosningu á almennum formannafundi nemendafélaga. Rektor skipar áheyrnarfulltrúa í stjórn sjóðsins.	Í stjórn sjóðsins skulu sitja sjö fulltrúar skipaðir til eins árs í senn, og skal skipun þeirra fara fram fyrir 15. september ár hvert. Tveir eru skipaðir af Stúdentaráði og fimm eru skipaðir eftir kosningu sviðsráða Stúdentaráðs, einn fulltrúa frá hverju fræðasviði . Rektor skipar áheyrnarfulltrúa í stjórn sjóðsins.

Breytingin sem hér er lögð til á 2. mgr. 81. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 miðar að því að meiri breidd sé í stjórn Stúdentasjóðs. Það er mat Stúdentaráðs að því markmiði sé náð með því að hafa fimm fulltrúa í sjóðstjórn til viðbótar við þá tvo sem Stúdentaráð kýs, í stað þriggja, þ.e. einn af hverju fræðasviði fyrir sig. Þeir fulltrúar skulu ávallt bera hag allra stúdenta fyrir brjósti en það er ávallt skilyrði fyrir þátttöku á vettvöngum Stúdentaráðs, auk þess að hafa áhuga og þekkingu á málefnum stúdenta.

Háskóli Íslands er stór stofnun er skiptist í fimm fræðasvið sem eins og gefur að skilja eru mismunandi. Það er stúdentum mikilvægt að hafa tengilið innan sviðanna sem þekkir starfsemi síns sviðs manna best. Breyting þessi dregur einnig úr líkum þess að meirihluti sjóðstjórnar teljist vanhæfur í einstaka málum vegna eigin hagsmuna, t.d. ef einstaklingar í stjórn sjóðsins eru virkir þátttakendur í starfi nemendafélaga sem sækir um styrk í sjóðinn. Skipting stjórnarmeðlima eftir sviðum ætti að koma í veg fyrir að slíkt geti átt sér stað.

Starfsemi sjóðstjórnar er gríðarlega umfangsmikil allt starfsárið um kring, en hún annast allt að fjórar úthlutanir, tvær á hverju misseri. Sjö fulltrúa stjórn getur annast vinnuna með öruggari, faglegri og skilvirkari hætti en fimm fulltrúa stjórn. Eins og starfsemin er uppbyggð núna þá er það skrifstofa Stúdentaráðs sem annast greiðslur úr sjóðnum í samræmi við ákvörðun sjóðstjórnar og því liggur beinast við að fulltrúarnir í stjórninni séu kjörnir af sviðsráðunum, sem

eru einingar innan Stúdentaráðs, í stað nemendafélaganna. Þá er vert að taka fram að nemendafélögin hafa ekki verið með almenna formannafundi, að minnsta kosti undanfarin ár, og því vísa reglurnar, eins og þær eru núna, í eitthvað sem ekki er fyrir hendi. Sviðsráðin eru einnig lýðræðislega kjörin af stúdendum sinna fræðasviða, hafa þannig umboð stúdenta og geta með réttu móti tilnefnt fulltrúa í stjórn Stúdentasjóðs. Sviðsráðin eiga sér verklagsreglur sem þau starfa eftir og í samræmi við þær hafa ráðin auglýst eftir fulltrúa í stjórn Stúdentasjóðs meðal stúdenta síns sviðs og í kjölfarið tilnefnt í hana.

Fyrirkomulagið sem hér er rakið hefur verið starfrækt í nokkurn tíma og gengið með eindæmum vel. Viðeigandi er að halda því óbreyttu. Af öllu framangreindu leggur Stúdentaráð Háskóla Íslands til að háskólaráð verði við breytingu á 2. mgr. 81. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

F.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands,
Skrifstofa Stúdentaráðs

8.7.2 ERINDI TIL HÁSKÓLARÁÐS HÁSKÓLA ÍSLANDS VEGNA SJÚKRA- OG ENDURTÖKUPRÓFA MEÐ HLIÐSJÓN AF 56. GR. OG 57. GR. REGLNA FYRIR HÁSKÓLA ÍSLANDS NR. 569/2009.

4. nóvember 2021

Reykjavík

Stúdentaráð leitast eftir því að sú undantekning frá meginreglunni um tímabil sjúkra- og endurtökuprófa sem fram kemur í **3. málslíð 3. mgr. 56. gr. í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 með síðari breytingum** verði felld út. Er hún svohljóðandi: „*Deildum er heimilt, að höfðu samráði við prófstjóra og með samþykki stjórnar viðkomandi fræðasviðs, að nýta tímabil sjúkraprófa að vori fyrir sjúkrapróf í einstökum námskeiðum beggja kennslumissera. Ákvörðun um það liggi fyrir við upphaf kennslu á haustmisseri.*“

Núverandi grein 3. málsl. 3. mgr. 56. gr.	Breytingartillaga 3. málsl 3. mgr. 56. gr.
[Almenn próf eru haldin 2. til 18. desember og á tímabilinu 25. apríl til 10. maí eftir nánari ákvörðun deilda í samráði við prófstjóra. Próf eða prófhlutar í einstökum greinum geta þó farið fram á öðrum tímum, samkvæmt ákvörðun prófstjóra. [Sjúkrapróf eru haldin í fjóra til sex daga í kjölfar almennra próftímabils í desember og maí samkvæmt nánari ákvörðun prófstjóra.] ³ Deildum er heimilt, að höfðu samráði við prófstjóra og með samþykki stjórnar viðkomandi fræðasviðs, að nýta tímabil sjúkraprófa að vori fyrir sjúkrapróf í einstökum námskeiðum beggja kennslumissera. Ákvörðun um það liggi fyrir við upphaf kennslu á haustmisseri.] ²	[Almenn próf eru haldin 2. til 18. desember og á tímabilinu 25. apríl til 10. maí eftir nánari ákvörðun deilda í samráði við prófstjóra. Próf eða prófhlutar í einstökum greinum geta þó farið fram á öðrum tímum, samkvæmt ákvörðun prófstjóra. [Sjúkrapróf eru haldin í fjóra til sex daga í kjölfar almennra próftímabils í desember og maí samkvæmt nánari ákvörðun prófstjóra.] ³ Deildum er heimilt, að höfðu samráði við prófstjóra og með samþykki stjórnar viðkomandi fræðasviðs, að nýta tímabil sjúkraprófa að vori fyrir sjúkrapróf í einstökum námskeiðum beggja kennslumissera. Ákvörðun um það liggi fyrir við upphaf kennslu á haustmisseri.]²

Þá er lagt til að til samræmis við fyrri breytingartillögu verði bætt verði inn „desember og“ í **2. málslíð 3. mgr. 57. gr. sömu reglna**. Yrði hún þá svohljóðandi: „*Slík sérstök endurtökupróf eru einungis fyrir þá stúdenta sem áður hafa þreytt próf í viðkomandi námskeiði og skulu fara fram [...]*⁶ í kjölfar almenns próftímabils í desember og maí samkvæmt nánari ákvörðun prófstjóra.“

Núverandi grein <i>2. málsl. 3. mgr. 57. gr.</i>	Breytingartillaga <i>2. málsl. 3. mgr. 57. gr.</i>
[Deildum er heimilt í samráði við prófstjóra að halda sérstök endurtökupróf í einstökum námskeiðum. Slík sérstök endurtökupróf eru einungis fyrir þá stúdenta sem áður hafa þeytt próf í viðkomandi námskeiði og skulu fara fram [...]6 í kjölfar almenns próftímabils í maí samkvæmt nánari ákvörðun prófstjóra. Síðasti prófdagur skal vera eigi síðar en tveimur vikum fyrir brautskráningu kándidata í júní. Fyrir lok janúar og fyrir 25. maí skal auglýst hvaða próf í námskeiðum viðkomandi missera verða endurtekin. Deildum er ennfremur heimilt í samráði við prófstjóra að halda endurtökupróf í einstökum námskeiðum ef þannig stendur á að stúdent á kost á að brautskrást við næstu brautskráningu að prófi loknu.]3	[Deildum er heimilt í samráði við prófstjóra að halda sérstök endurtökupróf í einstökum námskeiðum. Slík sérstök endurtökupróf eru einungis fyrir þá stúdenta sem áður hafa þeytt próf í viðkomandi námskeiði og skulu fara fram [...]6 í kjölfar almenns próftímabils í desember og maí samkvæmt nánari ákvörðun prófstjóra. Síðasti prófdagur skal vera eigi síðar en tveimur vikum fyrir brautskráningu kándidata í júní. Fyrir lok janúar og fyrir 25. maí skal auglýst hvaða próf í námskeiðum viðkomandi missera verða endurtekin. Deildum er ennfremur heimilt í samráði við prófstjóra að halda endurtökupróf í einstökum námskeiðum ef þannig stendur á að stúdent á kost á að brautskrást við næstu brautskráningu að prófi loknu.]3

Reynsla á Verkfræði- og náttúruvísindasviði og stefna Háskóla Íslands

Frá árinu 2016 hefur Verkfræði- og náttúruvísindasvið haldið sjúkra- og endurtökupróf sín í janúar við góðar undirtektir stúdenta, kennara á sviðinu og annarra sem koma að prófunum. Allt námsmat í námskeiðum haustmisseris á sviðinu er þannig lokið af áður en vormisseri hefst, sem mikil ánægja ríkir með, frekar en að bíða í hálft ár líkt og áður tíðkaðist á sviðinu og gerir enn á til dæmis Félagsvísindasviði. Samkvæmt minnisblaði frá kennslusviði sem lagt var fyrir háskólaráð á febrúarfundi þess árið 2020, kemur fram að megináhyggjuefni Verkfræði- og náttúruvísindasviðs hafi verið að stúdentar sem þeyttu endurtökupróf strax í janúar eftir fall á prófi í desember hefðu ekki nægan tíma til að lesa upp námsefnið og undirbúa sig fyrir endurtökuprófin. Tölur um fall stúdenta í endurtökuprófunum á þeim þremur árum sem tilraun stóð yfir eru hins vegar sambærilegar tölur um fall þrjú ár þar á undan. Þess konar áhyggjur geta því ekki haft afgerandi áhrif á að prófa umrætt fyrirkomulag á öðrum fræðasviðum háskólans.

Það er einmitt mikilvægt að fræðasvið dragi lærdóm af því sem vel er gert á öðrum fræðasviðum og gæti þess að tryggja jafnræði meðal stúdenta þvert á háskólann. Hér er vert að nefna skýrslu Gæðaráðs íslenskra háskóla, sem gefin var út 30. september síðastliðinn, vegna stofnanaúttektar á Háskóla Íslands sem fór fram í vor á vegum alþjóðlegs ytra mats sérfræðingahóps. Í skýrslunni

kemur fram að einstaka deildir og/eða fræðasvið háskólans séu taldar búa yfir of miklu sjálfstæði sem leiðir til ósamræmis gagnvart bæði starfsfólki og stúdentum. Háskóli Íslands er hvattur til þess að auka gagnsæi og samræmingu þvert á fræðasvið skólans til að tryggja gæði og umbætur í námi og kennslu. Stúdentaráð telur skýrsluna styðja við afstöðu stúdenta um að tímabært sé að sjúkra- og endurtökupróf lúti sama fyrirkomulagi þvert á háskólann, en í stefnu Háskóla Íslands 2021-2026 er litið til einkunnar Gæðaráðs íslenskra háskóla sem einn af mælikvörðum skólans við mat á afli á grunni gæða, sem er ein af meginstoðum stefnunnar. Þannig væri breytt fyrirkomulag sjúkra- og endurtökuprófa á Félagsvísindasviði, eða innleiðing þeirra á öðrum fræðasviðum, ekki að ganga gegn stefnu Háskólans en hún beinlínis kallar eftir umbótastarfi og auknum gæðum í námi og kennslu.

Yfirferð prófa

Í 60. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 er kveðið á um að þau fræðasvið sem ákveða að bjóða upp á endurtökupróf skuli birta einkunnir úr desember prófum í síðasta lagi tveimur vikum eftir að prófin eru þreytt. Það sé m.a. vegna þess að það ákveðinn tími þurfi að liggja fyrir til þess að hægt sé að undirbúa endurtökuprófin í janúar. Á Félagsvísindasviði hefur deildunum þótt lyklatríði að fresturinn til að fara yfir prófin miðist við þrjár vikur, hins vegar er þegar fordæmi fyrir því að próf séu yfirfarin á styttri tíma sem reynst hefur vel.

Hér þarf því að velta upp hugsanlegum lausnum þannig að það falli vel að Félagsvísindasviði að halda endurtökupróf og jafnframt að sviðið forði sér ekki frá því haldist 60. gr. reglnanna óbreytt. Í því samhengi má nefna að Verkfræði- og náttúruvísindasvið og Félagsvísindasvið hefja kennslu á sama tíma á vormisseri, samkvæmt kennsluálfningu 2021-2022, en síðarnefnda fræðasviðið lýkur skólaárinu fyrr. Í því ljósi er vert að skoða hvort að það komi sér vel að lengja kennslutímabilið um viku á Félagsvísindasviði, frekar en að seinka því. Könnun frá árinu 2018, sem framkvæmd var af sviðsráði Félagsvísindasviðs í samstarfi við starfsfólk og kennslumálanefnd sviðsins sem og kennslusvið Háskóla Íslands, sýnir fram á að 71,6% stúdenta voru mjög eða frekar sammála því að sjúkra- og endurtökupróf ættu að vera í janúar þrátt fyrir lengingu skólaársins og 75,8% sammála því að prófin yrðu færð fram í janúar þrátt fyrir auka álag. Þá voru 71,6% mjög eða frekar sammála því að prófin ættu að fara fram í janúar þrátt fyrir að skólaárið myndi lengjast og álagið aukast. Hér má sjá aðrar lykiltölur:

1. 94,2% þátttakenda vildu sjúkrapróf í desember og janúar eða í janúar.
2. 85,1% þátttakenda vildu endurtökupróf í janúar.
3. 74,8% þátttakenda voru frekar ósammála eða ósammála því að fella niður endurtökupróf til þess að hafa sjúkrapróf í janúar.
4. Á skalanum 1-5 sögðu þátttakenda mikilvægi sjúkraprófa vera 4,89 og mikilvægi endurtökuprófa vera 4,76.

Nánari samantekt á niðurstöðum könnuninnar má nálgast [hér](#). Eins og fyrr segir er könnunin frá árinu 2018 en afstaða stúdenta hefur ekki breyst. Skólaárið 2020-2021 var sú afstaða ítrekuð af sviðsráði Félagsvísindasviðs til stjórnar sviðsins með rökstuddu bréfi, en það tók einna helst mið af umræddri könnun og lá það jafnframt í augum uppi að tímasetning sjúkra- og endurtökuprófa væri einstaklega mikilvæg það ár vegna samfélagsástandsins.

Námslán, stúdentagarðar og brautskráning í febrúar

Það er álag að þurfa að bíða í marga mánuði eftir því að fá að taka próf, auk þess að það getur haft fjárhagslega óvissu í för með sér. Menntasjóður námsmanna lánar í samræmi við loknar ECTS einingar og getur því stúdent sem veikist á prófdegi í desember lent í því að missa rétt á eða verða fyrir verulegri skerðingu á námslánum sínum þar til að viðkomandi hefur fengið að þreyta prófið. Það sama gildir um nemanda sem fellur og þarf að bíða eftir því að fá að þreyta prófið aftur. Til þess að eiga rétt á húsnæði á stúdentagörðunum þurfa íbúar að sýna fram á eðlilega námsframvindu og skila af sér 20 einingum á hverju misseri, samtals 40 einingum á skólaári. Fall eða veikindi á haustmisseri geta þannig haft áhrif á húsnæðisöryggi þeirra stúdenta sem ekki fá tækifæri til að þreyta próf vegna veikinda eða falls, fyrr en 6 mánuðum síðar.

Þetta kann að leiða til andlegs álags ásamt því að nemandi í þessari stöðu gæti neyðst til þess að vinna meira með skóla til að framfleyta sér, sem er til þess fallið að valda enn meira álagi og hafa neikvæð áhrif á námsframvindu. Þetta getur jafnvel orðið til þess að stúdentar flosni upp úr námi. Með því að halda próf í námskeiðum haustmisseris í lok vormisseris er Háskóli Íslands að stuðla að því að þau sem ekki hafa sterkt fjárhagslegt bakland eigi erfiðara með að stunda nám. Hér er tækifæri fyrir háskólann til að koma til móts við stúdentahópinn þegar aðrar ytri ástæður gera þeim erfitt fyrir. Því til viðbótar skiptir miklu máli fyrir stúdenta sem ætla sér að brautskrást í febrúar að geta tekið sjúkra- og endurtektarpróf í janúar. Sé það ekki til boða geta þeir sem veikjast eða ná ekki prófi þurft að fresta brautskráningu fram í júní. Slíkt getur haft mikil áhrif á líf stúdentsins og getur skipt sköpum fyrir til dæmis nám erlendis og atvinnumöguleika.

Niðurlag

Umrætt hagsmunamál er ekki nýtt af nálinni, en í þónokkur ár hafa stúdentar Háskóla Íslands óskað eftir því að framkvæmd sjúkra- og endurtökuprófa verði samræmd milli fræðasviða skólans. Það er skýrt að um stórt jafnréttismál sé að ræða, enda óásættanlegt að stúdentar við Háskóla Íslands hafi ekki sömu tækifæri til þess að eiga örugga námsframvindu og ljúka námi vegna regluverks skólans sem í núverandi mynd dugar skammt. Undir þetta er síðan tekið í áðurnefndri stofnanaúttekt þar sem samræming þvert á fræðasvið er talinn liður í að tryggja gæði og umbætur í námi og kennslu.

Mikil ánægja er með fyrirkomulagið sjúkra- og endurtökuprófa meðal þeirra stúdenta og kennara sem búa við það á Verkfræði- og náttúruvísindasviði og ætti sú reynsla að vera til

hliðsjónar í áframhaldandi vinnu í máli þessu. Tilfærsla prófanna eykur álag yfir ákveðið tímabil og því er mikilvægt að vanda til verka og útfæra breytinguna vandlega. Stúdentaráð væntir þess að frekari tillögur að útfærslu séu í höndum kennslusviðs og kennslumálanefndar háskólaráðs, samkvæmt eðlilegri málsmeðferð, og óskar eftir því að samráð sé haft við vinnslu þeirra því það verður að taka mið af hagsmunum allra sem í hlut eiga.

F.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands,
Skrifstofa Stúdentaráðs og fulltrúar stúdenta í háskólaráði

9 STÚDENTASJÓÐUR

Stjórn Stúdentasjóðs 2021-2022

- María Sól Antonsdóttir, forseti
- Rósa Halldórsdóttir
- Jón Gunnar Hannesson
- Ingunn Rós Kristjánsdóttir
- Draumey Ósk Ómarsdóttir
- Sigurhjörtur Pálmason
- Lena Stefánsdóttir

Á árinu var áfram notast við rafrænar umsóknir og lagt til að umsækjendur notuðust við Google Drive og Dropbox til að gera nauðsynleg fylgiskjöl aðgengileg. Ef vandkvæði komu upp við úthlutanir úr sjóðnum t.a.m. í tengslum við skýringar á lögum og reglum sjóðsins, tók stjórn þau til umræðu og afgreiðslu. Stjórn var í miklum og góðum samskiptum við forseta og framkvæmdastjóra Stúdentaráðs.

Tímasetningar á úthlutunum 2021-2022

- 12. – 21. október 2021
- 2. – 16. desember 2021
- 14. – 28. febrúar 2022
- 5. – 19. apríl 2022

Nánari skýrsla um störf sjóðstjórnar er aðgengileg á skrifstofu Stúdentaráðs.

10 SAMSTARFSADILAR STÚDENTARÁÐS

10.1 REKTORSSKRIFSTOFA

Forseti Stúdentaráðs hefur áfram átt reglulega fundi með Jóni Atla Benediktssyni, rektor Háskóla Íslands. Samstarfið við rektor hefur verið mjög gott og stuðningsríkt í báðar áttir. Forseti hefur lagt áherslu á opin og hreinskilin samskipti, þannig að öll mál sé hægt að ræða af vandlega og lausnamiðað. Samráðsfundirnir hafa verið á tveggja vikna fresti sem mælt er sterktlega með vegna þess að það skiptir máli að báðir aðilar séu upplýstir um mál sem eru í brennidepli hjá hvort öðru. Þá skrifaði forseti einnig undir þjónustusamning við Háskóla Íslands, en hann gerir ráðinu kleift að halda uppi starfsemi og þjónustu við stúdenta.

Rektor kunni að meta starfsemi Stúdentaráðs og veitti ráðinu styrk að beiðni forseta Stúdentaráðs til að ráða inn verkefnastjóra fyrir sumarið 2021. Það verkefni gekk mjög vel og fékk rektor afraksturinn í hendurnar snemma árs 2022, þ.e.a.s. skýrslu um stöðu stúdenta á húsnæðismarkaði. Eins var tekið vel í það að styðja við Stúdentaráð um 7.5 milljón króna til að koma til móts við áhrif takmarkana síðustu tveggja ára á fjárhagsstöðu ráðsins. Þá var mikil sátt og skilningur vegna áhersluatriða Stúdentaráðs t.a.m. varðandi Menntasjóð námsmanna (Háskóli Íslands sendi inn umsögn vegna frumvarps til laga um Menntasjóðinn þingskjal 177 — 175. mál.), geðheilbrigðismál, uppbyggingu stúdentaíbúða og lágvöruverðsverslunina. Forseti og rektor ræddu áfram málefni Happpdrættis Háskóla Íslands og undirstrikaði forseti afstöðu Stúdentaráðs og að tilefni væri til að starfshópurinn héldi áfram störfum eða þá að viðameiri umræða ætti sér stað á sérstökum vettvangi.

Samvinnan var mikil á árinu, einna helst í tengslum við alþingiskosningarnar haustið 2021 sem og borgarstjórnarkosningarnar vorið 2022. Forseti var viðstödd heimsóknir stjórnmalaflokka í Háskóla Íslands ásamt rektor og öðrum stjórnendum við háskólann. Það var mikilvægt að gera grein fyrir því að stúdentahreyfingin og stjórnsýslan ættu í góðum samskiptum og að báðir aðilar gátu stutt áhersluatriði hvors annars. Má þar sérstaklega nefna fjármögnun háskólastigsins í alþingiskosningunum og skipulags- og samgöngumál í

borgarstjórnarkosningunum. Forseti Stúdentaráðs bindur miklar vonir við að samstarfið haldi áfram að reynast báðum aðilum gott.

10.2 STJÓRNSÝSLA HÁSKÓLA ÍSLANDS

Skrifstofa Stúdentaráðs hefur átt í góðum samskiptum við starfsfólk og ólík starfssvið Háskóla Íslands á starfsárinu. Nýnemadagarnir í ár voru bæði í samstarfi við markaðs- og samskiptasvið og framkvæmda- og tæknisvið vegna sérstaks græns nýnemadags. Þá var háskóladagurinn teymisvinna sem markaðs- og samskiptasvið leiddi. Samskiptin við deild rafræna kennsluhátta innan kennslusviðs hefur áfram verið mjög mikil, þar sem skrifstofan hefur fengið að nota myndverð í Setbergi til að búa til eigið efni t.d. fyrir herferðir og aðrar auglýsingar. Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs var sérstaklega í samskiptum við Alþjóðasvið (áður skrifstofa Alþjóðasamskipta) vegna alþjóðadaga, Orientation days og annað því tengt. Forseti og hagsmunafulltrúi hafa verið í sambandi við jafnréttisfulltrúa Háskóla Íslands vegna ókyngreindra salerna í húsakynnum háskólans. Þá hefur forseti starfað með náms- og starfsráðgjöf í tengslum við geðheilbrigðisúrræði.

Skrifstofan hefur einnig átt í reglulegum samskiptum við m.a. upplýsingatæknisvið, kennslusvið, fjármálasvið, mannauðssvið, deildarforseta, sviðsforseta, og kennslustjóra og kennsluþróunarstjóra fræðasviðanna. Skrifstofa Stúdentaráðs er mjög þakklát fyrir góðar móttökur.

10.3 LANDSSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA

Stúdentaráð á tvo fulltrúa í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) samkvæmt fléttaskipulagi, nema aðstæður séu aðrar. Isabel Alejandra Díaz fráfarandi forseti Stúdentaráðs og Sara Þöll Finnbogadóttir fráfarandi varaforseti, áttu sæti í fulltrúaráðinu starfsárið 2021-2022. Varaforseti tók sæti í fulltrúaráðinu vegna þess að forseti Stúdentaráðs hélt áfram störfum. Fulltrúaráðið er samráðsvettvangur þar sem fulltrúar frá öllum aðildarfélögum LÍS koma saman. Stúdentaráð og LÍS hafa haldið góðu samstarfi á árinu að vanda og sótt þrettán fulltrúar Stúdentaráðs landsþing samtakanna 3.-6. mars 2022.

Þar var aðallega þrennt sem snerti Stúdentaráð með beinum hætti. Í fyrsta lagi óskuðu Stúdentaráð, Studentafélag Háskólans í Reykjavík og Studentafélag Háskólans á Akureyri eftir því að aðildargjöldin/árgjöldin yrðu tekin til umræðu. Það fór þannig að lagst var gegn því að hækka þau fyrir næsta starfsár, líkt og gerist ár hvert samkvæmt vísitölu neysluverðs. Öll félögin voru sammála um að þau gætu ekki staðið undir greiðslunni og því var samþykkt að gjaldið fyrir næsta starfsár yrði 67% af heildarupphæð þessa árs, þ.e.a.s. 67% af 388 þúsund sem gera 259.111kr. Breytingin gildir til eins árs, eða fram á næsta landsþingi LÍS, en framkvæmdastjórn LÍS ber að skoða á næsta starfsári hvernig aðildargjöld annarra sambærilegra félaga eru á landsvísu. Þá mun framkvæmdastjórn leggja til nýtt fyrirkomulag ásamt því að óska eftir tillögum að útfærslu frá aðildarfélagunum. Á landsþingi 2023 er þannig gert ráð fyrir að endanlegar breytingar á lögunum um aðildargjöldin verði samþykktar. Því til viðbótar er LÍS skylt að endursemja við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um fjárveitingar þannig að framtíð samtakanna sé tryggð. Í öðru lagi lagði Stúdentaráð fram þingsályktunartillögu um stöðu stúdenta á húsnæðismarkaði sem var unninn upp úr húsnæðisskýrslunni. Hún var samþykkt og birt. Í þriðja lagi var gengið til kosninga um framkvæmdastjórn LÍS og var aðeins eitt embætti mannað.

10.4 LANDSSAMBAND UNGMENNAFÉLAGA

Stúdentaráð á einn fulltrúa innan fulltrúaráðs Landssambands ungmennafélaga (LUF) sem er valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs og situr til eins árs. Á þessu starfsári var Vífill Harðarson lánasjóðsfulltrúi sem sat í fulltrúaráðinu fyrir hönd Stúdentaráðs þegar forseti gat ekki sótt fund. Fulltrúaráð miðar við að funda hið minnsta kosti fjórum sinnum yfir árið.

LUF býður öllum aðildarfélagum sínum að taka þátt í Leiðtogaskóla Íslands (LSÍ) sem er árlegt verkefni þeirra. Leiðtogaskólinn er vettvangur aðildarfélaganna til að þjálfra persónulega hæfni, efla tengslanet, deila reynslu, auka getu og valdefla sig á sviði leiðtogahæfni. Þá hefur aðildarfélagunum boðist að tilnefna félagsmeðlimi til ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Stúdentaráð tilnefndi á þessu ári Ingu Huld Ármann til

ungmennafulltrúa á sviði barna og ungmenna og hlaut hún kjör. Inga Huld var einnig tilnefnd til félaga ársins 2021.

10.5 FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA

Félagsstofnun stúdenta (FS) er óhagnaðardrifin sjálfseignarstofnun sem hefur það að markmiði að þjónusta stúdenta eins vel og unnt er, enda sett á fót af tilstuðlan stúdenta. Skrifstofa Stúdentaráðs á í einstaklega góðu samstarfi við skrifstofu FS og hefur náð að styrkja böndin enn frekar undanfarin ár.

Forseti Stúdentaráðs situr sem áheyrnarfulltrúi í stjórn FS og getur þannig komið sjónarmiðum stúdenta á framfæri auk þess að halda Stúdentaráði upplýstu um starfsemi FS. Forseti hefur einnig haft greiðan aðgang að skrifstofu FS og átt í samskiptum við t.a.m. framkvæmdastjóra, upplýsingafulltrúa og tæknistjóra vegna ýmissa mála þvert á einingar FS. Samskiptin eru því mjög regluleg. Á starfsárinu hafa stærstu sameiginlegu verkefni verið Hótel Saga, lágvöruverðsverslunin, uppbygging stúdentaíbúða á höfuðborgarsvæðinu og Stapi inni á háskólasvæðinu. Verkefni FS eru betur rakin í kafla 6.9.2.

10.6 NEMENDA- OG HAGSMUNAFÉLÖG INNAN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Samskipti Stúdentaráðs við nemenda- og hagsmunafélög á árinu voru helst í tölvupóstsamskiptum og á sameiginlegum vettvangi á Facebook, þar sem eru fulltrúar allra félagana ásamt skrifstofu Stúdentaráðs. Alls voru tveir fundir haldnir með félögunum, einn á hvoru misseri. Á fyrsta fundinum var kynning á hlutverki og starfsemi Stúdentaráðs ásamt því að hagsmunafulltrúi miðlaði sérstaklega upplýsingum áfram um réttindi stúdenta gagnvart skólanum. Þá var farið yfir viðburði á döfinni sem þau áttu að miðla til sinna félaga, t.d. vísindaferð í Símann, fyndnasta háskólanemann og vísindaferðir í Stúdentaráð. Á seinni fundinum var aðallega rætt um þá viðburði sem voru eftir auk þess að skiptast á hugmyndum og upplýsingum. Öll félögin voru boðuð í gegnum tölvupóst og á sameiginlega facebook hópnum og voru fundirnir vel sóttir.

10.7 FYRIRTÆKI

Í ár var endursamið við Símann, Landsbankann og Orkusöluna. Skilmálar samstarfssamninganna eru að jafnaði bundnir trúnaði og verða þeir þar af leiðandi ekki til *umfjöllunar*. Stúdentaráðsliðar og aðrir hlutaðeigandi geta hins vegar fengið að skoða samningana á skrifstofu Stúdentaráðs sé þess óskað.

11 KOSNINGAR OG KJÖRSTJÓRN 2021

Kosið var um kjörstjórn á Stúdentaráðsfundi þann 25. nóvember 2021 og skipuðu hana Guðbjörg Lára Másdóttir, Björgvin Viktor Færseth, Ragna Sigurðardóttir og Ari Guðni Hauksson sem jafnframt var kjörin forseti hennar. Guðbjörg Lára voru tilnefningar Vöku, hagsmunafélags stúdenta, og Ragna og Ari voru tilnefningar Röskvu, samtaka félagshyggjufólks við Háskóla Íslands.

Kjörstjórn kom saman í janúar 2021 til að stilla saman strengi fyrir kosningarnar sem voru nú bæði til Stúdentaráðs og háskólaráðs Háskóla Íslands. Í samráði við skrifstofu og Stúdentaráð var ákveðið að kosningarnar færu fram síðustu vikuna í mars, nánar tiltekið miðvikudaginn og fimmtudaginn 23. og 24. mars. Stúdentar kusu á milli framboðslista á sínu fræðasviði í Stúdentaráð til eins árs og fulltrúa í háskólaráð til tveggja ára. Röskva, fékk alls 15 fulltrúa kjörna en Vaka fékk 2 fulltrúa. Frambjóðendur Röskvu á Hugvísindasviði voru sjálfkjörnir þar sem ekkert annað framboð barst, í samræmi við 32. gr. laga Stúdentaráðs. Í háskólaráði eiga fulltrúar svo stúdenta og fékk Röskva báða fulltrúa inn ásamt því að fá 3. og 4. sætið inn sem varafulltrúa. Kosningarnar fór fram á Uglunni og var endanleg kjör-sókn 21,70%.

Fráfarandi skrifstofa Stúdentaráðs vill gjarnan koma því á framfæri að ýmsar leiðir hafa verið farnar til að vekja athygli stúdenta á hagsmunabaráttunni, m.a. með það að markmiði að stuðla að aukinni kosningabátttöku. Má þar nefna að eitt af þeim markmiðum sem skrifstofan setti sér fyrir alþingiskosningarnar og sveitarstjórnarkosningarnar var að stuðla að aukinni vitund um hlutverk og hagsmunagæslu Stúdentaráðs. Þá var hugmyndin á bakvið fimm vísindaferðir í Stúdentaráð, í staðinn fyrir eina þvert á svið, að ná til fleirri og gera stúdentum grein fyrir rétt þeirra til að leita til Stúdentaráðs. Lág kjörsókn er staðreynd sem Stúdentaráð verður að sporna gegn og ljóst er að næstu misseri verði skrifstofa og jafnvel kjörstjórn að beita lausnamiðaðri hugsun við og í kringum kosningarnar. Kórónuveirufaraldurinn og dræmt félagslíf til tveggja ára hefur óneitanlega verið gríðarlegt högg í þessu samhengi enda eru við skólann 1. árs og 2. árs nemendur sem hafa ekki haft reynslu af kosningum eða því sem þeim fylgir, líkt og hanaslagnum, borðasetunni og stofuganginum. Á sama tíma hefur

persónuverndarlöggjöfin áhrif á þann fjölda nemenda sem framboðin geta snert á, enda hefur það sýnt sig að úthringingar skili árangri. Það er því ekki síður hlutverk frambjóðenda að koma eigin framboði á framfæri og raunar lykilatriði enda gætir Stúdentaráð jafnræðis í kosningum. Af öllu framangreindu hvetur fráfaramandi skrifstofa nýtt Stúdentaráð og fylkingarnar til að huga strax að því að hin hefðbunda kosningabaráttan sé endurvakin í nýjum takmarkalausum, og vonandi faraldslausum, raunveruleika. Í senn er góðs gengis óskað við þá vinnu.

Skýrsla kjörstjórnar er aðgengileg á skrifstofu Stúdentaráðs.

VIÐAUKI A - ÁRSSKÝRSLUR SVIÐSRÁÐA

SVIÐSRÁÐ FÉLAGSVÍSINDASVIÐS

1. Meðlimir og fundir sviðsráðs

1.1 Meðlimir sviðsráðs

Rebekka Karlsdóttir - Forseti

Ellen Geirsdóttir

Erna Lea Bergsteinsdóttir

María Sól Antonsdóttir

Sindri Freyr Ásgeirsson

1.3 Fundir sviðsráðs

Skiptafundur sviðsráðs fór fram þann 2. júní 2021. Ekki gafst færi á að skipta verkum og samþykkja verklagsreglur á þeim fundi og var það því gert á fyrsta fundi okkar sem nýtt ráð, þann 16. júní 2021. Skiptust hlutverkin þannig að María Sól Antonsdóttir fór með umsjón með samfélagsmiðlum, Sindri Freyr Ásgeirsson var ritari og Erna Lea Bergsteinsdóttir var með umsjón með fulltrúaráði ásamt því að taka sæti í kennslumálanefnd SHÍ. Verklagsreglurnar er að finna hér í fylgiskjali 1 og fundargerðir má finna á á google-drive-i sviðsráðsins.

Fundir sviðsráðsins fóru fram bæði í persónu og rafrænt og var lagt upp með að funda sirka aðra hverja viku á föstum fundartímum. Fundardagskrá var send út af forseta fyrir fundi og meðlimum ráðsins gefinn kostur á að leggja til breytingar á henni. Til viðbótar við venjulega fundi sviðsráðs héldum við nokkra vinnufundi þar sem þeir sem vildu hittust og unnu að sínum verkefnum fyrir sviðsráð. Á milli funda voru samfélagsmiðlar notaðir til samskipta. Ef taka þurfti ákvarðanir var annað hvort kosið á messenger eða í gegnum nafnlaust form á google forms.

1.4 Innkoma sviðsráðs og ráðstöfun fjármuna

Sviðsráð tók að sér að sjá um talningu í stofur fyrir Félagsvísindasvið og fengum við fyrir það greiddar 100.000 kr. Af því voru 56.000 kr. notaðar í að kaupa tvo bjórkúta á Stúdentakjallaranum þegar að vísindaferðin í SHÍ fór fram en afgangurinn, 44.000kr er enn óráðstafað vegna tafa við að fá peninginn greiddan. Ætlunin var að nota fjármagnið í að bæta aðstöðu nemenda á sviðinu, t.d. með því að kaupa fjöltengi í Odda og örbylgjuofn í Lögberg.

2. Sýnileiki og upplýsingaflæði sviðsráðs

2.1 Samfélagsmiðlar

Áhersla var lögð á sýnileika sviðsráðs á samfélagsmiðlum á starfsárinu. Blásið var lífi í Instagram reikning sviðsráðs og í upphafi starfsársins voru meðlimir sviðsráðs kynntir til leiks bæði á Instagram og Facebook. Nýtt Google Forms ábendingaform var tekið í gagnið og það auglýst samhliða kynningum á meðlimum sviðsráðs.

2.2. Nýnemadagar

Nýnemadagar voru ekki með hefðbundnu sniði vegna heimsfaraldurs og gengu því hugmyndir ráðsins um viðveru og viðburði á þeim dögum ekki upp. Að beiðni sviðsins tók sviðsráð upp kynningu á ráðinu sem spiluð var á nýnemakynningum deildanna. Við mælum með því að nýtt ráð leiti leiða til þess að vekja athygli á sviðsráði og störfum þess strax á þessum fyrstu dögum skólaársins til þess að ná til nýnemanna.

2.3 Upplýsingafundir sviðsráðs

Samkvæmt verklagsreglum ber sviðsráði að halda upplýsingafund á hverri önn fyrir nemendur sviðsins. Til þess að vekja athygli á sviðsráði ákvaðum við að gera meira úr upplýsingafundinum á haustönn og fengum við afnot af Eiríksbúð á Mýrargörðum hjá FS. Við höldum tvo fundi og útteildum sætum til nemendafélaganna. Við fengum áfengi á tilboði hjá Mekka og nemendafélögin borguðu fyrir það í samræmi við fjölda sæta sem þau fengu úthlutað. Á fundinum kynntum við sviðsráðið og lögðum sérstaka áherslu á að fjalla um hvernig sviðsráð getur hjálpað nemendafélagunum með hagsmunagæslu og vorum svo með léttu leiki

eftir kynninguna. Þetta heppnaðist vel en var töluverð vinna fór í skipulagningu og undirbúning.

2.4 Vísindaferð í SHÍ

Stúdentaráð hélt vísindaferð fyrir nemendur á félagsvísindasviði sem fór fram á Stúdentakjallaranum þann 25. febrúar eftir fjölda frestana vegna samkomutakmarkana. Skrifstofa stúdentaráðs og Félagslífs- og menningarnefnd SHÍ sáu um skipulagningu og utanumhald og heppnaðist viðburðurinn vel. Við sem sviðsráð höldum stutta kynningu á ráðinu og okkar störfum ásamt því að við keyptum tvo bjórkúta fyrir fjármagnið sem við fengum fyrir talninguna í stofunum (Sjá kafla 4.3 hér að neðan).

3. Nefndir og ráð

3.1 Fulltrúaráð

Fulltrúaráð er sameiginlegur vettvangur fyrir nemendafélög sviðsins sem sviðsráð heldur utan um. Þar eiga sæti formenn og hagsmunafulltrúar allra nemendafélaga á Félagsvísindasviði. Erna Lea Bergsteinsdóttir var með yfirlýsingu með fulltrúaráðinu. Fundað var eftir þörfum eða um það bil mánaðarlega en fundirnir voru fjölbreyttir eftir þeim málum sem taka þurfti fyrir. Stefán Hrafn, forseti Félagsvísindasviðs og Margrét Sigrún, þáverandi kennsluþróunarstjóri sviðsins, komu á fund í byrjun skólaárs svo nemendafélögin þekktu til þeirra. Nemendafélögin gátu skipt sín á milli hugmyndum í ráðinu og komið á framfæri þeim málum sem þeim fannst skipta máli að sviðsráð tæki fyrir stjórn Félagsvísindasviðs. Gert var sameiginlegt skjal til þess að kortleggja stöðuna á aðgengi að gömlum lokaprófum sem sum félög gátu nýtt sér.

3.2 Jafnréttisnefnd FVS og stjórn stúdentasjóðs

Í tölvupósti sem sendur var á nemendur sviðsins auglýstum við eftir eftir fulltrúa í jafnréttisnefnd félagsvísindasviðs og fulltrúa sviðsráðs í stjórn Stúdentasjóðs. Ýr Aimée Gautadóttir Presburg tók sæti í jafnréttisnefnd félagsvísindasviðs og María Sól Antonsdóttir tók sæti í stjórn Stúdentasjóðs.

3.3 Kennslumálanefnd Félagsvísindasviðs

Vegna breytinga á lögum SHÍ kom það í hlut sviðsráðs að skipa fulltrúa í kennslumálanefnd Félagsvísindasviðs úr okkar röðum. Erna Lea Bergsteinssdóttir sinnti þeirri stöðu og tók hún jafnframt sæti í kennslumálanefnd SHÍ. Fundað var þriðja hvern mánudag mánaðarins en um samráðsnefnd er að ræða. Í ár var töluvert rætt fjarkennslu og rafræna kennslu ásamt þeim málum sem komu upp að hverju sinni.

3.4 Stjórn Félagsvísindasviðs

Rebekka, forseti sviðsráðs var fulltrúi stúdenta í stjórn Félagsvísindasviðs. Ákveðið hafði verið af seinustu stjórn sviðsins að stúdentar myndu fá annan fulltrúa í stjórn, sem hefði þá áheyrnarrétt. Vegna misskilnings taldi sviðsráðsforseti að sviðsráð hefði frjálssar hendur við að tilnefna þennan fulltrúa og var það því ákveðið á fundi sviðsráðsins að áheyrnarfulltrúinn skyldi vera sami aðili og væri yfir fulltrúaráðinu. Hugsunin var sú að með því væru nemendafélögin með beina tengingu við fulltrúa í stjórn sviðsins og er það sýn sviðsráðsins að það sé besta útfærslan. Stjórn sviðsins gerði hins vegar þá kröfu að þessi fulltrúi skyldi vera meistaranemi og var því auglýst eftir nemanda í meistaranámi sem væri tilbúinn að taka þetta hlutverk að sér. Elín Ragnarsdóttir tók hlutverkið að sér en þurfti svo frá að hverfa vegna anna og ekki náðist að finna aðila í hennar stað.

Nýtt sviðsráð þarf að leita leiða til að útfæra hvernig skipað er í þetta hlutverk í samtali við stjórn félagsvísindasviðs og teljum við eðlilegast að stúdentar ákveði sjálfir hvernig þeirra fulltrúar eru skipaðir. Á meðan við erum sammála því að það er mikilvægt að meistaranemar á sviðinu eigi sinni fulltrúa í stjórn sviðsins þá getur reynst erfitt að finna aðila sem er tilbúinn að taka það að sér og er jafnframt virkur í hagsmunagæslu stúdenta. Á öðrum sviðum hefur það almennt verið útfært þannig að áheyrnarfulltrúinn er sviðsráðsmeðlimur og stjórnir sviðanna ekki sett nánari kröfur um stöðu þeirra nemenda.

4. Helstu verkefni og baráttumál

4.1 Sjúkra- og endurtökuprófin

Baráttan fyrir því að fá sjúkra- og endurtektarprófin á félagsvísindasviði á sér langa forsögu og hélt sú barátta áfram af fullum krafti þetta skólaárið og fór mjög mikill tími í þá vinnu. Í upphafi leitaði sviðsráð leiða til að senda út nýja könnun líkt og gert var árið 2018 en ákveðið var að forsendurnar væru enn þær sömu og því óþarfi að senda út nýja könnun, enda er það umfangsmikið verkefni til að ráðast í.. Fór það svo að forseti sviðsráðs lagði fram tillögu á Stúdentaráðsfundi um að fulltrúar stúdenta í háskólaráði myndu beita sér fyrir því að breytingar yrðu gerðar á fyrirkomulagi sjúkra- og endurtektarprófa á félagsvísindasviði. Fór þá boltinn að rúlla og var það lagt fyrir stjórn félagsvísindasviðs að skila inn afstöðu sinni til breytinganna. Umræðan og vinnan í tengslum við þetta baráttumál að mestu fram á stjórnarfundum félagsvísindasviðs og leitaðist forseti sviðsráðs við að halda sviðsráði og fulltrúaráði vel upplýstum um gang málsins og fá þeirra álit og aðstoð þegar svo bar við.

Aðkoma sviðsráðs að málinu lauk þann 8. apríl þegar tillaga var samþykkt á stjórnarfundum Félagsvísindasviðs sem fól í sér tillögu á útfærslu á breytingum á skólaárinu, yrði fyrirkomulaginu breytt. Var þetta stór áfangi í þessari áralöngu baráttu að fá þetta samþykkt, en því miður fylgdi formáli með tillögunni þar sem stjórn sviðsins lýsti því yfir að meirihluti hennar væri alfarið á móti breytingum á þessu. Nú liggur fyrir að málið verði tekið upp á júní fundi háskólaráðs þar sem tekin verður endanleg ákvörðun. Nánari upplýsingar um feril málsins að finna í **fylgiskjali 2** með skýrslu þessari sem byggt er á minnisblaði sem gert var fyrir fulltrúaráð til upplýsingar.

4.2 Auka sjúkrapróf COVID-19

Á haustmisseri var heimsfaraldurinn í miklum vexti og voru margir stúdentar í sóttkví eða einangrun. Á félagsvísindasviði voru lang flest lokapróf staðpróf og lögðum við því mikla áherslu á að haldin yrðu auka sjúkrapróf í janúar til að koma til móts við þessa stöðu í samfélaginu og yfirstjórn háskólans gerði einnig þá kröfu á sviðin. Þegar kom að því að útfæra þetta úrræði ætlaði félagsvísindasvið aðeins að hafa úrræðið í boði fyrir þau sem ekki gætu mætt í próf vegna þess að þau væru í einangrun eða sóttkví vegna COVID-19. Sviðsráð sendi

bréf sem öll nemendafélög sviðsins skrifuðu undir, á stjórn sviðsins, þar sem þess var krafist að prófin yrðu í boði fyrir alla stúdenta sem ekki gætu mætt í lokapróf vegna veikinda, óháð því hvort það væri vegna COVID eða annarra veikinda. Forseti sviðsráðs fylgdi þessari kröfu eftir á stjórnarfundum sviðsins og varð það að lokum niðurstaðan. Í þessari baráttu sást skýrt hvað sviðsráð og fulltrúaráð hafa sterka rödd saman.

4.3 Talning í stofur

Sviðsráð tók að sér að sjá um talningu í stofur fyrir Félagsvísindasvið og fengum við fyrir það greiddar 100.000 kr. Talningin fór fram í byrjun nóvember og stóð yfir í viku. Hún fór þannig fram að meðlimir sviðsráðs mættu í hvern einasta tíma sem kenndur var á félagsvísindasviði þá vikuna og töldu fjölda nemenda sem mættir voru í hvern og einn tíma. Var það talsvert mikil vinna en hluti vinnunnar var jafnframt fólgin í því að skrá allar tölur sem tók töluverðan tíma. Verkefnið var unnið í góðu samráði við starfsmann félagsvísindasviðs, Pálma Gaut Sverrisson. Skráning gagna fór fram með skipulögðum hætti og utanumhald var gott.

4.4 Hópvinnuaðstaða og lesstofur

Við fylgdum eftir vinnu fyrra sviðsráðs með því að ítreka óskir um úrbætur á lesstofunum í Gimli og mögulega hópvinnuaðstöðu þar, þegar ráðist verður í breytingar eftir leikann. Forseti sviðsráðs ræddi þær við forseta Félagsvísindasviðs sem tók vel í þær ásamt því að við gerðum ítrekaðar tilraunir til að koma á fundi með framkvæmda- og tæknisviði til að ítreka þessar óskir okkar, án árangurs. Þegar þetta er skrifað eru úrbætur ekki hafnar og hvetjum við næsta sviðsráð til að fylgja málinu eftir. Til að heyra betur óskir nemenda á því hvað má betur fara í aðstöðumálum sendum við út könnun sem við báðum fulltrúaráð um að deila meðal sinna félagsmanna. Könnunin fékk ekki mikla svörun og ekki gafst rými til að fylgja henni betur eftir, en svörin er að finna inn á drive-i sviðsráðsins og er þar því kominn einhver grunnur sem næsta sviðsráð getur byggt á.

4.5 Starfshópur um aðgengismál

Skipaður sérstakur starfshópur á starfsári sviðsráðs sem átti að kanna aðgengi háskólans. Hópurinn var skipaður af fulltrúum úr öllum fræðasviðum of var fulltrúi sviðsráðs félagsvísindasviðs Sindri Freyr Ásgeirsson. Var hópnum ætlað að starfa út árið og meta aðgengi að byggingum háskólans og taka þá sérstaklega mið af aðgengispörfum jaðarsetta hópa. Sökum COVID-19 hittist starfshópurinn ekki í persónu en fremur störfuðu fulltrúar fræðasviðanna við að kanna aðgengi í húsnaði sem tilheyrði þeirra fræðasviðum. Var haldið utan um upplýsingar í sameiginlegu skjali sem formaður starfshópsins hélt utan um. Framtíðarsýn hópsins var að setja upp forgangsröðun verkefna, hvaða byggingar eða svæði þyrftu brýnast úrbætur og hvar aðgengi var betra og þannig mögulega hægt að raða úrbótum í tímaröð sem hægt væri að afhenda framkvæmda- og tæknisviði.

Því miður tókst ekki að klára úttektina og því ekki hægt að byrja að teikna upp forgangsröðuninna. Fráfarandi sviðsráð ráðleggur komandi sviðsráði að tala fyrir því að starfshópurinn fái fastara hlutverk og þannig meira vægi innan stjórnsýslu SHÍ. Funda ætti mánaðarlega, fara í að undirbúa góðann matskvarða í samráði við hagsmunafélög innan sem utan veggja skólans og setja skýra tímalínu á úttektir bygginga. Getur þá komandi starfshópur skilað af sér úttektinni með stöðluðum matskvörðun og uppúr því væri hægt að vinna fyrirumrædda forgangsröðun verkefna.

4.6 Heimastofur

Lesstofur fyrir nemendur á félagsvísindasviði voru af skorum skammti þetta skólaárið, þar sem að lesstofurnar í Gimli voru ónothæfar vegna lekans og lesstofan á Háskólatorgi var tekin undir skrifstofur félagsvísindasviðs vegna leka inn á þeirra skrifstofur. Sviðsráðsforseti lagði til við forseta félagsvísindasviðs að útfærðar yrðu „heimastofur“ fyrir nemendur á sviðinu til að koma til móts við þessa vöntun á aðstöðu fyrir nemendur, en slíkt fyrirkomulag þekkist á verkfræði- og náttúruvísindasviði. Fengum við þrjár stofur í Odda til afnota og var þeim skipt á milli nemendafélaganna. Til að tryggja að vel yrði gengið um stofurnar og óprúttir aðilar gætu ekki komist í verðmæti sem þar er að finna gerði sviðið kröfu um að ábyrgðaraðilar yrðu skipaðir. Var ákveðið að útfæra þetta þannig að hvert nemendafélag tilnefndi aðila sem bæru

þá ábyrgð á að það væri alltaf einhver sem passaði upp á að allt væri í góðu lagi í stofunum. Sviðsráðsforseti og forseti félagsvísindasviðs funduðu með þessum aðilum þar sem skrifað þeir skrifuðu undir trúnaðaryfirlýsingu um að passa að það væri alltaf einhver á vakt og var nánari útfærsla svo sett í hendur stofustjóranna. Þetta fyrirkomulag var full flókið og teljum við að ekki hafi endilega verið ástæða til að þess að krefjast svona nákvæmrar vöktunar á stofunum, en við ákváðum að fara frekar „of varlega“ í upphafi og slaka svo frekar á þegar reynsla væri komin á verkefnið. Fljótlega eftir að þetta fór af stað voru aftur settar á strangar samkomutakmarkanir og fjaraði verkefnið þá út. Þrátt fyrir að lesstofurnar verði vonandi komnar aftur í notkun næsta haust teljum við alveg vert að skoða hvort að hægt sé að útfæra „heimastofur“, en hugsunin var ekki síður að með þessu væri hægt að gera umhverfi þar sem nemendur geta mætt og lært í kringum nemendur í sömu fögum og þannig væri hægt að stuðla að aukinni tengslamyndun. Það þyrfti þó að leita leiða til að einfalda utanumhaldið og skipulagið á vöktunum.

4.7 Kynjafræðin

Sviðsráðsforseti fundaði með Nönnu Hermannsdóttur, fyrrum sviðsráðsforseta til þess að fá nánari upplýsingar um þá vinnu sem unnin hafði verið í tengslum við að þrýsta á að kynjafræði verði kennd sem. Ekki gafst tími að vinna að vinna að þessu en við hvetjum næsta sviðsráð til þess að taka upp þráðinn. Minnisblað frá Nönnu má finna inn á drifi sviðsráðsins.

Niðurlag

Starfsárið var nokkuð litað af yfirstandandi heimsfaraldri og fylgdi honum talsverð óvissa sem gerði sviðsráði erfitt að gera nákvæm plön og áætlanir. Skólaárið líður hratt hjá og er því afar mikilvægt að hafa skýr markmið og hvetjum við nýtt sviðsráð til að gera tímasetta starfsáætlun strax í upphafi skólaársins og fylgja henni eftir. Þá eru ýmis verkefni sem búið er að leggja grunn að sem við hvetjum nýtt sviðsráð til að fylgja eftir og vera óhrædd við að leita til fráfaraðandi fulltrúa til að fá nánari upplýsingar.

*F.h. sviðsráðs félagsvísindasviðs
Rebekka Karlsdóttir*

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 - Verklagsreglur sviðsráðs 2021-22

Fylgiskjal 2 - Minnisblað vegna sjúkra- og endurtökuprófa málsins

Fylgiskjal 1 - Verklagsreglur sviðsráðs 2021-22

Verklagsreglur sviðsráðs 2021-22

1. Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði.
2. Á fundum sviðsráðs hefur aðalfulltrúi áheyrnar-, málfrelsis- og tillögurétt.
3. Ef aðalfulltrúi í sviðsráði forfallast skal tilkynna forföllin.
4. Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði. Á þeim fundi skal:
 - a. Kosið um ritara,
 - b. Kosið um fulltrúa í fulltrúaráði, sem jafnframt á áheyrnarrétt í stjórn FVS.
 - c. Kosið um umsjónarmann samfélagsmiðla
 - d. Kosið um fulltrúa ráðsins í skemmtinefnd sviðsráðs
 - e. Kynna þessar verklagsreglur fyrir nýju sviðsráði.
5. Á milli kjörfundar SHÍ og skiptafundar SHÍ skal ráðið kjósa sér fulltrúa í kennslumálanefnd SHÍ sem jafnframt tekur sæti stúdenta í kennslumálanefnd sviðsins.
6. Forseti sviðsráðs skal sitja í stjórn Félagsvísindasviðs nema annað sé ákveðið.
7. Ritari ber ábyrgð á fundargerðum og öðrum gögnum ráðsins.
8. Fulltrúi sviðsráðs í fulltrúaráði ber ábyrgð á upplýsingastreymi milli sviðsráðs og hagsmunafulltrúa og formanna nemendafélaga á sviðinu.
9. Umsjónarmaður samfélagsmiðla ber ábyrgð á samfélagsmiðlum ráðsins og upplýsingaflæði út á við. .
10. Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfarandi sviðsráði.
11. Í upphafi hvers starfsárs skal nýtt sviðsráð setja sér starfsáætlun
12. Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
13. Meðlimur sviðsráðs getur kafið forseta um fundarboð ef ástæða þykir til og hann hefur tillögu að fundarefni.
14. Fundur telst löglegur ef meirihluti aðalfulltrúa er mættur.
15. Fundir sviðsráðs eru opnir öllum og haldinn skal opin viðburð fyrir nemendur sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.
16. Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínu á faglegum nótum

17. Sviðsráð skal senda tölvupóst á alla nemendur sviðsins og auglýsa eftir fulltrúa nemenda í jafnréttisnefnd sviðsins og í stúdentasjóð.
18. Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagráð Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.

Fylgiskjal 2 - Minnisblað vegna sjúkra- og endurtökuprófa málsins

Minnisblað um mögulegar breytingar á sjúkra- og endurtökuprófum Maí 2022

Forsagan

Í þónokkur ár, hið minnsta sl. átta ár, hafa nemendur HÍ óskað eftir því að framkvæmd sjúkra- og endurtökuprófa verði samræmd milli fræðasviða skólans. Nemendur Félagsvísindasviðs (FVS) hafa ítrekað krafist þess að sjúkra- og endurtökupróf, vegna haustmíssisprófa, fari fram í janúar en ekki í maí.

[Könnun frá árinu 2018](#), sem framkvæmd var af sviðsráði FVS í samstarfi við starfsfólk sviðsins, kennslumálanefnd FVS og kennslusvið HÍ undirstrika þær óskir. Ákveðnar forsendur voru gefnar upp í könnuninni þar sem stúdentum var gert grein fyrir að álag yfir önnina kynni að aukast með breytingunum og jafnvel að skólaárið kynni að lengjast. Þrátt fyrir að báðar þessar forsendur gætu orðið að veruleika sögðust 68,5% stúdenta að sjúkra- og endurtökupróf ættu að vera haldin í janúar.

Fyrirkomulag á öðrum sviðum

Fyrirkomulag endurtökuprófa er á reiki milli fræðasviða. Frá árinu 2016 hefur Verkfræði- og náttúruvísindasvið verið með sjúkra- og endurtökupróf í janúar vegna haustmíssisprófa og er það eina sviðið sem heldur í sérstaklega slík próf.

Á Hugvísindasviði hafa nemendur barist fyrir endurtökuprófum í fleiri ár en þar tíðkast þau ekki, aftur á móti tíðkast þau á FVS en einungis í maí.

Ferli málsins skólaárið 2021-22

Haust 2021

- Sviðsráð félagsvísindasviðs skoðar mögulega útfærslu á nýrri könnun til að kanna afstöðu nemenda. Ákveðið var að forsendurnar væru enn þær sömu og því væri óþarfi að senda út nýja könnun, enda er það umfangsmikið verkefni til að ráðast í.

20. október 2021

- Á Stúdentaráðsfundi 20. október 2021 var lögð fram [tillaga](#) þess efnis að Stúdentaráð og fulltrúar stúdenta í háskólaráði myndu sameiginlega beita sér fyrir því að undantekning frá meginreglunni um tímabil sjúkra- og endurtökuprófa yrði felld út, þ.e.a.s. að undanþáguheimildin sé tekin út úr reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.
- Tillagan var einróma samþykkt og skrifuðu fulltrúar stúdenta erindi til háskólaráðs sem óskað var eftir að væri á dagskrá á nóvemberfundi og gekk það eftir

4. nóvember 2021

- Háskólaráð fjallaði um málið á fundi sínum 4. nóvember 2021 og samkvæmt hefðbundinni málsmeðferð fól ráðið kennslusviði að vinna það ásamt kennslumálanefnd háskólaráðs og fulltrúum stúdenta.

10. nóvember 2021

- Fulltrúar stúdenta í háskólaráði ásamt tillöguberum funduðu með sviðsstjóra kennslusviðs og prófstjóra þann 10. nóvember og var þar ákveðið að meðal næstu skrefa væri að funda með viðeigandi aðilum t.a.m. sviðsforseta FVS.

3. desember 2021

- Fundur stjórnar FVS fór fram 3. desember þar sem erindið frá háskólaráði var rætt. Fulltrúar stúdenta í stjórn mæltu fyrir erindinu og fóru þess á leit við stjórnina að víðtækara samráð yrði haft með skrifstofu Stúdentaráðs og fulltrúum stúdenta í háskólaráði.

10. desember 2021

- Aftur var fundað í stjórn FVS þann 10. desember sérstaklega til að ræða tillöguna.
- Þar voru til umræðu nokkrar leiðir að útfærslu á breytingum á tímasetningu sjúkra- og endurtökuprófanna.
- Miklar umræður sköpuðust um möguleikana og lagði fulltrúi stúdenta í stjórn inn athugasemdum við hverja leið þar sem helstu kostir og gallar voru listaðir upp (sjá samantekt að neðan).
- Í beinu framhaldi fundaði forseti FVS, fulltrúi nemenda í stjórn FVS með sviðsstjóra kennslumála þar sem farið var yfir hugmyndirnar (leiðir A-F) og þær ræddar út frá sjónarhorni kennslusviðs og prófskrifstofu.

17. desember 2021

- Málið var aftur rætt á fundi stjórnar FVS þann 17. desember þar sem samþykkt var að forseti FVS í samráði við stjórn FVS yrði falið að útbúa greinargerð til háskólaráðs um breytingar á framkvæmd prófahalds við sviðið m.t.t. þeirra ábendinga sem fram koma í fyrirbyggjandi erindi Stúdentaráðs.
- Greinargerðinni, sem skal afhent háskólaráði þann 20. mars 2022, skulu fylgja viðeigandi tillögur um breytingar á reglum Háskóla Íslands.
- Á fundinum samþykkti sviðið ályktun þar sem fram komu helstu punktar sem stjórn sviðsins telur mikilvæga í umræðunni (sjá að neðan).

Febrúar 2022

- Farið yfir þetta minnisblað á fundi fulltrúaráðs FVS og mögulegar leiðir að útfærslu ræddar. Fulltrúaráð hvatt til þess að beita sér fyrir málinu innan sinnar deildar.

11. febrúar 2022

- Skipaður starfshópur um málið innan stjórnar FVS. Forseti sviðsráðs (Rebekka) tekur sæti í hópnum ásamt öðrum fulltrúa. Að beiðni forseta FVS mun sá fulltrúi koma úr hópi nemenda í meistaranámi við viðskiptafræðideild.
- Forseti sviðsráðs hafði samband við Maestro, nemendafélag meistaranema í viðskiptafræði og óskaði eftir tilnefningu frá þeim en ekki var orðið við þeirri beiðni.
- Sviðsráð tilnefndi þá Sonju Sigríði Jónsdóttir og tók hún sæti í hópnum.

4. mars 2022

- Starfshópurinn fundar og ræðir mögulegar útfærslur. Var þetta eini fundur starfshópsins þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir stúdenta um

Mars 2022

- Fulltrúar stúdenta í háskólaráði óskað ítrekað eftir fundi með sviðsstjóra kennslusviðs og stjórn FVS til að ræða mögulegar útfærslur en ekki var orðið við þeirri beiðni.

1. apríl 2022

- Tillagan er lögð fram á fundi stjórnar félagsvísindasviðs en afgreiðslu málsins frestað um viku að beiðni forseta hagfræðideildar.

7. apríl 2022

- Sviðsráð félagsvísindasviðs stendur fyrir upplýsingafundi um málið og kynnir þá tillögu sem liggur fyrir stjórn félagsvísindasviðs. Rúmlega 20 stúdentar mættu á fundinn og almenn ánægja meðal þeirra með útfærsluna.

8. apríl 2022

- Stjórn félagsvísindasviðs samþykkir tillögu um mögulega útfærslu verði ráðist í breytingar og er hún byggð á leið E (sjá að neðan). Fulltrúi nemenda í stjórn sviðsins kaus með tillögunni en kom með bókun vegna formálans sem henni fylgdi, þar sem stjórn sviðsins lýsti yfir andstöðu sinni gagnvart því að ráðist yrði í breytingar.

Júní 2022

- Áætlað er að taka málið fyrir á fundi háskólaráðs.

Leiðirnar - hugmyndir

Hér er yfirlit yfir helstu leiðir sem hafa verið ræddar í kjölfar fundar **stjórnar FVS 10. desember**. Athugið að hér eru aðeins um að ræða **hugmyndir** af mögulegum útfærslum.

Hér er að finna nánari útfærslu á leiðunum ásamt athugasemdum frá Stefáni Hrafni, forseta FVS við hverja leið, ásamt punktum frá fulltrúum nemenda í stjórn FVS við hverja leið.

Leið A:

- Sjúkrapróf og endurtökupróf haustmisseris haldin snemma í janúar.

Leið B:

- Sjúkrapróf haustmíssis haldin snemma í janúar og endurtökupróf í maí eingöngu í þeim námskeiðum sem kennd eru annað hvert ár eða eru forkröfur um áframhaldandi námi.

Leið C:

- Hefja kennslu um miðjan janúar ár hvert eða síðar. Upptöku og sjúkrapróf verða í fyrstu(?) annarri) viku í janúar.

Leið D1:

- Núverandi fyrirkomulag óbreytt, upphaf og lok míssis en sjúkra og upptökupróf verða í lok janúar, föstudag, laugardag og sunnudag tvær helgar.

Leið D2:

- Eins og leið D nema að gefið verður frí í viku í janúar til að halda próf

Leið E:

- Kennsla hefst viku fyrir í ágúst eða í kring um 23. ágúst. Haustpróf byrja þá fyrir og yfirferð (2 vikur) lokið fyrir jól. Sjúkra og endurtökupróf sem næst 4.-7. janúar.

Leið F:

- Aðeins sjúkrapróf verða haldin stuttu eftir prófatímabilið en upptökupróf í ágúst.

Afstaða félagsvísindasviðs í ályktun 17. desember

Verði sjúkrapróf haustmíssis færð telur Félagsvísindasvið mikilvægt að fundin verði lausn sem tekur mið af eftirfarandi forsendum:

- 1) Endurtökupróf fyrir bæði haust og vormíssis verða haldin samhliða sjúkraprófi míssis.
- 2) Kennarar hafa ekki rými í þegar þéttri dagskrá sinni að bæta við þriðju fyrirhögn prófa fyrir haustmíssis.
- 3) Það er ekki mögulegt að stytta yfirferð haustmíssisprófa á FVS úr þremur vikum í tvær miðað við núgildandi kennsluálfmatak.
- 4) Lausnin má ekki fela í sér skerðingu á gæðum námsmats.
- 5) Lausnin má ekki leiða til aukins á álags á kennara og annað starfsfólk.

SVIÐSRÁÐ HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐS

1. Störf sviðsráðs

1.1. Hlutverk sviðsráðs

Samkvæmt 17. grein laga Stúdentaráðs skal sérhvert sviðsráð gæta hagsmuna nemenda á viðkomandi sviði í störfum sínum. Skal sviðsráð vera sjálfstætt í sínum störfum nema kveðið sé á um annað í lögum þessum. Sviðsráð skal setja sér verklagsreglur um störf ráðsins í upphafi hvers starfsárs.

1.2 Fulltrúar í sviðsráði HVS 2021-2022

Ingunn Rós Kristjánsdóttir (R) – Forseti sviðsráðs

Kristján Guðmundsson (R) - Ritari

Kamila Antonia Tarnowska (V) - Samfélagsmiðlafulltrúi

Margrét Jóhannesdóttir (R) - HEILÓ fulltrúi

Rannveig Erlendsdóttir (R)

1.3 Fulltrúar í nefndum HVS:

Jafnréttisnefnd HVS: Rannveig Erlendsdóttir

Kennslumálanefnd HVS: Margrét Jóhannesdóttir

Nefnd um nýtt hús heilbrigðisvísinda: Kristján Guðmundsson

Stjórn HVS: Ingunn Rós Kristjánsdóttir

1.4 Fundahald

Formlegir fundir sviðsráðs HVS voru sjö á starfsárinu. Þær voru færri en vanalega vegna Covid ástands og mikils álags meðal sviðsráðsfulltrúa, en sviðsráðið var í reglulegum samskiptum í gegnum netið. Sviðsráðsforseti setti inn könnun og bauð upp á nokkrar tímasetningar með ca. viku fyrirvara og síðan var boðaður fundur á þeirri tímasetningu sem flestir kusu. Fundardagskrá var send út með fundarboði hverju sinni. Fundargerðir sviðsráðs eru

aðgengilegar á google drive aðgangi ráðsins. Sviðsráðs setti sér verklagsreglur (sjá Fylgiskjal 1, liður 5.1) og stefnu (sjá Fylgiskjal 2, liður 5.2) fyrir skólaárið.

1.5 Aðrir fundir

1.5.1 Fundir með sviðsforseta

Sviðsráðið var í reglulegum og góðum samskiptum við sviðsforseta HVS, Ingu Þórsdóttur og þá sérstaklega í gegnum sviðsráðsforseta. Haldinn var einn fundur með sviðsráði, fulltrúaráði HEILÓ og sviðsforseta. Sá fundur var haldinn rafrænt og gekk vel. Reglulegt samtal átti sér stað í kringum ýmis mál sem upp komu og einnig í kringum mál sem komu upp á stjórnarfundum HVS.

1.5.2 Fundur með kennslustjóra HVS

Sviðsráðsforseti átti í góðum samskiptum við Jón Grétar Sigurjónsson, kennslustjóra sviðsins yfir skólaárið. Sviðsráðsforseti fundaði sérstaklega með honum í til að ræða tillögu sviðsráðs fyrir stjórn HVS varðandi 80% þak á vægi lokaprófa á sviðinu. Sá fundur gekk vel og hlutum við mikla aðstoð og stuðning frá kennslustjóra varðandi þetta mál. Við vonumst til að gott samstarf geti átt sér stað áfram.

2. Viðburðir á vegum sviðsráðs

2.1 Vísindaferð í SHÍ - Heilbrigðisvísindasvið

Vísindaferð í sviðsráð og Stúdentaráð fór fram 4. mars. Skipulag var í höndum skrifstofunnar, félagslífs- og menningarnefndar og sviðsráðs. Viðburðurinn heppnaðist vel.

2.2 Opinn fundur sviðsráðs

Samkvæmt verklagsreglum á sviðsráð að halda opinn fund einu sinni á skólaári. Það gekk ekki upp vegna tímaskorts og samkomutakmarkana.

2.3 Heilsudagurinn

Það hefur verið hefð fyrir því að sviðsráð HVS haldi heilsudaginn, yfirleitt á vormisseri á ári hverju. Það tókst ekki að halda þann viðburð sökum tafa vegna samkomutakmarkana. Einnig var erfitt að nálgast upplýsingar um það hvernig skipulagning viðburðarins ætti að fara fram, þar sem tíðkast hefur að bjóða upp á ýmsar heilsumælingar og fá þar til gerð tæki að láni frá t.d. Hjúkrunarfræðideild.

3. Verkefni sviðsráðs

3.1 Nýnemadagar

Sökum heimsfaraldurs voru nýnemadagar haldnir rafrænt. Sameiginlegt streymi var haldið fyrir Heilbrigðisvísindasvið þar sem sviðsráðsforseti mætti og hélt stutta kynningu á sviðsráði og stúdentaráði fyrir nýmemum. Einnig sáum við um að vera í sambandi við nemendafélög deildanna innan sviðsins í gegnum HEILÓ fulltrúaráð og mættu þar nokkrir nemendafulltrúar mismunandi námsleiða og voru með kynningu á þessu streymi.

3.2 Tillaga um 80% þak á vægi lokaprófa

Á fundi stjórnar Heilbrigðisvísindasviðs þann 1. Nóvember 2021 lagði sviðsráðsforseti fram tillögu um að setja 80% þak á lokapróf á Heilbrigðisvísindasviði, fyrir utan áfanga sem eru í klásus. Fundarmenn fengu ítarlega glærukynningu með röksemdum um að leiðsagnarmat (e. summative assessment) sé að mörgu leiti farsælli leið til námsmats heldur en lokamat (e. formative assessment), byggt á fræðigreinum og leiðsögn frá kennslumiðstöðvar. Við tengjum þessa tillögu við stefnu HÍ-26 um gæði náms. Einnig fengu fundarmenn yfirferð yfir þá áfanga sem hafa lokapróf sem gilda meira en 80%, skipt upp eftir námsleiðum sviðsins. Þær upplýsingar voru fengnar af uglunni og tókum við eftir því að margir áfangar voru með engar upplýsingar um námsmat. Við bentum fundarmönnum á það og óskuðum eftir því að deildarforsetar myndu skoða þetta betur hjá sinni deild, þar sem þessar upplýsingar ættu að vera aðgengilegar stúdentum. Tillagan var rædd ítarlega og ýmis vangaveltur komu upp, en almennt séð var tekið vel í hana. Samþykkt var að vísa málinu til Jón Grétars, kennslustjóra sviðsins. Var honum falið að kynna málið fyrir öllum deildum sviðsins og fá endurgjöf og reyna að vinna útfærslu. Í gegnum tölvupóstasamskipti við Jón Grétar var okkur tjáð að stefnt væri

á að taka þessa tillögu upp í upphafi skólaársins 2022-2023. Þetta verkefni gekk afar vel og getur vonandi verið gott fordæmi fyrir önnur svið skólans. Næsta sviðsráð mun þó þurfa að halda málinu til haga og tryggja að þetta fari í gegn.

3.3 Tillaga um starfsþjálfunarár nema í klínískri sálfræði

Í lok haustannar 2021 vakti það athygli í fjölmiðlum að nýútskrifaðir sálfræðingar fengu ekki starfsleyfi þar sem ekki var búið að framlengja undanþágu frá reglugerð nr. 1130/2012 í lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012. Í framhaldi af þessu fór sviðsráðsforseti að rannsaka þetta mál frekar og fékk skýrari mynd af þeim vanda sem hefur verið uppi í þessum málum allt síðan lögin voru sett árið 2012. Sviðsráðsforseti lagði fram tillögu á Stúdentaráðsfundi þess efnis að fela skrifstofu Stúdentaráðs ásamt Sviðsráði HVS að rannsaka þetta mál betur og skoða hvernig við gætum beitt okkur í þessu máli í þágu stúdenta. Í kjölfarið funduðu sviðsráðsforseti og hagsmunafulltrúi SHÍ með deildarforseta sálfræðideildar HÍ og formanni Sálfræðingafélags Íslands. Þá var unnið erindi (sjá Fylgiskjal 3, lið 5.3) sem sent var á Heilbrigðisráðuneytið, Háskóla-, Iðnaðar- og Nýsköpunarráðuneytið og Félags- og Vinnumálaráðuneytið. Áður en erindið var sent voru sviðsráðsforseti og hagsmunafulltrúi SHÍ í samskiptum við öll þau nemendafélög sem eru fulltrúar sálfræðinema á landsvísu og skrifuðu þau öll undir erindið. Í kjölfarið bað ráðuneytið Stúdentaráð Háskóla Íslands að tilnefna fulltrúa meistaranema í klínískri sálfræði í vinnuhóp á vegum Landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu, sem á að skila tillögum að útfærslu til ráðsins í lok júní. Þegar þessi skýrsla var rituð hefur vinnuhópurinn ekki enn komið saman, en spennandi verður að fylgjast með hvernig þessi mál þróast. Þetta hefur velkst um í kerfinu í 10 ár og verið háskólum, stúdentum og heilbrigðisstofnunum til mikilla vandræða síðan. Þetta var í fyrsta skipti sem stúdentar tóku sig saman í stórum stíl og reyndu að hreyfa við þessu máli. Gekk þetta verkefni afar vel fyrir sig og vonumst við til að undanþágan verði ekki endurnýjuð og þess í stað verði komið á starfsþjálfunarári þar sem hagsmunar stúdenta verði í hávegum hafðir.

3.4 Stjórnarfundir HVS

Stjórn Heilbrigðisvísindasviðs fundaði alla jafna á tveggja vikna fresti yfir skólaárið, að undanskildum jóla- og páskafríum. Það mál sem var helst tekið upp af sviðsráðsliðum á stjórnarfundum og tók nokkra fundi að fara yfir var tillaga um 80% þak á lokapróf á sviðinu (sjá lið 3.2). Aðrir meðlimir sviðsráðs mættu með sviðsráðsforseta á nokkra fundi þar sem heimilt er að tveir fulltrúar nemenda mæti á fundina. Yfir skólaárið voru margvísleg efni er varða málefni stúdenta rædd. Sviðsráðsliðar héldu uppi kröftugri umræðu um slík mál á fundinum, ræddu undirbúning fyrir lokapróf skólaársins, móttöku erlendra stúdenta, sjúkraprófsréttindi og orðabókanotkun fyrir nemendur með íslensku sem annað mál. Góð samskipti voru milli stjórnar og fulltrúa nemenda alla jafna og vonumst við til þess að svo verði áfram á næsta skólaári.

3.5 Kennslumálanefnd HVS

Kennslumálanefnd HVS fundaði mánaðarlega og var þar farið yfir og unnið að kennslumálum heilbrigðisvísindasviðs líkt og nafnið gefur til kynna. Málin sem voru tekin fyrir voru á borð við orðabókanotkun í prófum, prófahald í heimsfaraldri, tæknimál í kennslustundum, skipulag og verklög námsleiða og deilda, ánægjukannanir, inntökuviðmið og sjúkra- og endurupptökupróf svo eitthvað sé nefnt.

Stærsta málefnið sem við tókum fyrir á þessu skólaári var þó myndun „Stefnu HVS í námi og kennslu 2021-2026“ þar sem gerð voru markmið og undirmarkmið og forgangsraðað í flokka. Var því að mörgu að hyggja þetta skólaár enda eru kennslumál ein af hornsteinum skólastarfs. Kennslumálanefndarfundir voru alfarið á Teams sökum heimsfaraldurs fyrir utan einn fund sem var haldinn á staðnum þegar verið var að leggja lokahönd á „Stefnu HVS í námi og kennslu 2021-2026“.

3.6 Kennslumálanefnd SHÍ

Kennslumálanefnd fundaði alla jafna á mánaðarfresti með undantekningum og skiptust meðlimir á því að hittast í eigin persónu og á Teams. Voru í heildina átta kennslumálanefndarfundir. Kennslumálanefnd gerði framkvæmdaáætlun í byrjun starfsárs þar sem helstu áherslur voru mikilvægi rafrænna kennsluhátta, notkun prófnúmera, samskipti við kennara,

kennslukannanir, samræmi eininga og álags, jafnréttismál, aðgengismál og vitundavakning á nefndinni. Út frá þessum áherslum áttu sér stað margvíslegar aðgerðir og vinna. Má þar meðal annars nefna stofnun Twitter aðgangs til að auka sýnileika nefndar, ítrekun á mikilvægi fyrrnefndra áherslna og undirflokka þeirra á fundum með kennslumálanefndum sviðanna og skólans, héldum áfram með vinnu síðustu stjórnar að koma á 80% þaki á lokapróf, ítrekuðum mikilvægi þátttöku stúdenta í kennslukönnunum og svona mætti lengi telja. Var því um mikið að snúast þetta skólaár og vonumst við til að komandi kennslumálanefnd geti haldið áfram með þau verkefni sem náðist ekki að klára.

3.7 Jafnréttisnefnd HVS

Jafnréttisnefnd fundaði mánaðarlega en þó dattu einhverjir fundir út. Þeir fóru fram bæði í persónu og á teams/zoom. Það var ekki mikið sem var rætt á þessum fundum, það er eiginlega svolítið óljóst hvert hlutverk hennar er og nefndarmeðlimir eru mis virkir. Það var aðallega rætt um ójafnrétti milli starfsfólks en það er einn fulltrúi í nefndinni sem er erlendur og talar ekki íslensku. Honum finnst það oft erfitt og finnst erfitt að fylgjast með á fundum og fleira þar sem það fer allt fram á íslensku. Seinasti fundurinn fór þó í það að fá það betur á hreint hverjir hafa atkvæðisrétt í nefndinni, hvaða hlutverki hún gegnir og hvernig hún gæti verið virkari. Það mun því vonandi vera meira að gera á næsta starfsári og mögulega getur nemendafulltrúi komið með tillögur og hugmyndir um hvernig væri hægt að auka jafnrétti nemenda á HVS.

3.7 Nefnd um nýtt hús heilbrigðisvísinda

Nefndin um nýtt hús heilbrigðisvísinda starfaði mest haustið 2021. Sviðsráð Heilbrigðisvísindasviðs fékk eitt sæti við borðið og var fundað á 1-2 vikna fresti. Gerð var þarfagreining sem sviðsráðsmeðlimur fékk að hafa áhrif á þ.e. hvað varðaði rými hússins sem eru mest notuð af nemendum svo sem lesstofur, hópavinnustofur og fyrirlestrarsalir. Farið var yfir nettó og brúttó nýtingu hússins. Störf nefndarinnar var í óformlegri lagi. Samstarfið gekk vel og sviðsráðsmeðlimur hefur sætið tvö ár í senn. Starfið hefur verið umfangsminna síðan útboðsgögn voru gefin út og tilboð fékkst rétt eftir áramót. Samstarfið gekk vel og teljum

við að þrátt fyrir að mörg umræðuatriði fundanna komi nemendum lítillega við sé mikilvægt að nemendur fái sæti við borðið og geti gripið inn í eftir þörfum.

4 HEILÓ fulltrúaráð

Sökum heimsfaraldurs kom HEILÓ fulltrúaráð nemendafélaga á heilbrigðisvísindasviði ekki eins miklu í verk og það hefði viljað og þá sérstaklega þegar litið er til viðburðahalds. Þó tókst fulltrúaráðinu að vinna að allnokkrum verkefnum yfir árið.

Fundirnir voru fjórir talsins með aðalfundi og voru þeir haldnir á Teams. Við fengum sviðsforseta og formann stjórnar heilbrigðisvísindasviðs til að funda með okkur einu sinni og var þar farið yfir ýmis mikilvæg mál sem viðkoma heilbrigðisvísindasviði sem gagnast mun öllum í námi og starfi á sviðinu. Lög ráðsins voru einnig endurnýjuð á þessu starfsári en þeim var síðast breytt árið 2018.

Samskipti milli meðlima ráðsins voru í gegnum Facebookhóp sem útbúinn var til þess að fólk gæti spurt spurninga og komið hugmyndum á framfæri. Fulltrúaráðið er kjörinn vettvangur til að stuðla að meiri samheldni milli nemendafélaga og gefa öllum nemendafélögum rödd. Því væri óskandi að á komandi tímum án heimsfaraldurs geti næstkjörna fulltrúaráð betur nýtt sér félagið og gert það enn stærra og virkara en það hefur verið á undanförunum árum.

Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Það sem vel gekk í störfum sviðsráðs á tímabilinu var að við náðum að vinna að stórum og mikilvægum málum (sbr. 80% þak á lokapróf og krafa um starfsspjálfunarár sálfræðinema) með góðum árangri. Vel gekk að halda utan um samskipti við stjórn sviðsins og HEILÓ fulltrúaráð. Sviðsráðið var vel skipulagt í byrjun starfsárs en það sem hefði mátt gera betur er að stofna til skýrari verkaskiptingu og markvissari forgangsöröðun verkefna. Faraldurinn setti vissulega sinn stimpil á starfsárið, en vonandi verður það ekki raunin fyrir komandi skólaár og það sviðsráð sem tekur við störfum.

Niðurlag

Meðlimir sviðráðs höfðu mikið á sinni könnu og sátu í ýmsum nefndum og tóku marga fundi. Sökum faraldurs var ekki hægt að halda ýmsa viðburði og sömuleiðis gerði það erfitt fyrir að hefðin fyrir marga viðburði (t.d. Opinn fund sviðsráðs og Heilsudaginn) hafði dottið niður vegna faraldursins og erfitt er að endurvefja slíkt. Við hvetjum komandi sviðsráð til að hefja skipulagningu slíkra viðburða tímanlega á starfsárinu til að tryggja að þeir nái að fara fram. Samskipti við stjórn sviðsins og sérstaklega sviðsráðsforseta og kennslumálastjóra voru afar farsæl. Þar sem nýr sviðsforseti mun hefja störf næsta skólaár teljum við að það væri gott að koma á beinni og góðri samskiptaleið þar á milli strax í byrjun skólaárs. Einnig þarf að fylgja eftir tillögu sviðsráðs um 80% þak á lokapróf til að tryggja að það verði framkvæmt. Annars þökkum við kærlega fyrir okkur og óskum komandi sviðsráði góðs gengis á næsta skólaári.

Ingunn Rós Kristjánsdóttir, forseti

F.h. sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs

5 Fylgiskjöl

5.1. Fylgiskjal 1 - Verklagsreglur Sviðsráðs HVS 2021-2022

1. Sviðsráð skal stefna að því að funda einu sinni í mánuði (að undantöldum frímánuðum).
2. Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi.
3. Á fundum sviðsráðs hefur meðlimur áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt.
4. Ef meðlimur í sviðsráði forfallast skal tilkynna forföll sem allra fyrst til sviðsráðsforseta.
5. Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði
 - a. Á þeim fundi skal fráfarandi forseti sviðsráðs tilnefna nýjan forseta,
 - b. Fulltrúar nýja sviðsráðs kjósa um forseta,
 - c. Kosið skal um ritara,
 - d. Kosið skal um fulltrúa í fulltrúaráði.
 - e. Verklagsreglur þessar skulu kynntar nýju sviðsráði á skiptafundi sviðsráðsins
 - f. Ársskýrsla sviðsráðs skal afhent í lok starfsárs. Í henni koma fram helstu upplýsingar um starf sviðsráðs, almenn lýsing á starfi og skipulagi fráfarandi sviðsráðs.
 - g. Fráfarandi fulltrúar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málavexti sviðsráðs.
6. Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfarandi sviðsráði
7. Forseti boðar fundi með viku fyrirvara, neyðarfund má boða með tveggja sólarhringa fyrirvara
8. Þrír meðlimir sviðsráðs geta kafið forseta um fundarboð.
9. Haldinn skal opinn upplýsingafundur fyrir nemendur sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári. Ef nemandi á HVS óskar eftir að sitja fund, þá má það.
10. Fundargerðir verða gerðar aðgengilegar öllum þegar viðeigandi vettvangur verður búinn til inn á student.is
 - a. Hægt er að kjósa um að hafa fundargerð ekki opna og þarf þá einróma samþykki
 - b. Sviðsráð skal veita öllum þeim sem óska þess, aðgang að fundargerðum og -gögnum, nema þegar um trúnaðargögn er að ræða.
11. Verklagsreglur sviðsráðs eru aðgengilegar öllum stúdentum á student.is.

12. Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínum á faglegum nótum.
13. Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagráð Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi.

5.2. Fylgiskjal 2 - Stefna Sviðsráðs HVS 2021-2022

Jafnréttismál

Geðheilbrigðismál:

- Fjölga þarf stöðugildum sálfræðinga og meðferðarúrræðum innan HÍ og stórefla geðheilbrigðisþjónustu við stúdenta. Þó að sálfræðiþjónusta klínískra sálfræðinema sé framúrskarandi eiga sálfræðinemar ekki að taka þungann af þessum skorti.
- Kanna stöðu á geðheilbrigðisfræðslu fyrir nemendur og kennara. Vinna áfram út frá niðurstöðum.

Kynjaiafnrétti:

- Sviðsráð vill kanna allar leiðir til þess að koma á jafnréttisfræðslu fyrir stjórnarsýslu og nemendur. T.d. Heilbrigðisvísindadagurinn og endurmenntun kennara. Þá er t.d. hægt að nýta fundi með sviðinu, senda út könnun o.fl.
- Stuðla að jafnréttisfræðslu fyrir nemendur á sviðinu, nýta vettvang jafnréttisnefndar HVS og vettvang sviðsráðsins til þessa. Þrýsta á jafnréttisfræðslu fyrir kennara líka. Kanna stöðu mála innan sviðsins m.t.t ýmissa fordóma og hvernig fræðslu sé nú þegar verið að veita.
- Sviðsráð vill tryggja að framtíðar heilbrigðisstarfsfólk sé að fá fræðslu um jaðarsetta hópa í samfélaginu.
- Halda þarf áfram að kynna þau úrræði sem eru í boði fyrir nemendur sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi eða áreitni, t.d. með því að gera Fagráð Háskólans enn sýnilegra. T.d. með því að hvetja nemendafélög sviðsins til að hafa úrræði aðgengileg á heimasíðum sínum.

Hinseginmál:

- Sviðsráð HVS telur mikilvægt að heilbrigðisstarfsmenn framtíðarinnar séu tilbúnir til þess að þjónusta alla skjólstæðinga sína af virðingu og án fordóma. Til að ýta undir það er mikilvægt að nemendum á sviðinu sé kennt kynlaust fagmál sem gengur ekki út frá gagnkynhneigðu regluverki, kynjatvíhyggju eða

forræðishyggju gagnvart þeim sem eru fötluð, hinsegin, með geðræn vandamál eða eru af erlendu bergi brotin.

- Við krefjumst þess að allar deildir Heilbrigðisvísindasviðs hafi hinsegin fræðslu aðgengilega nemendum og kennurum og verði hluti af námskrá í þeim námskeiðum þar sem það er viðeigandi.
- Hinseginfræðsla á að vera hluti af endurmenntun kennara.

Jafnrétti fólks af erlendum uppruna:

- Sviðsráð HVS telur nauðsynlegt að stúdentar á sviðinu fái fræðslu um stöðu erlendra einstaklinga í heilbrigðiskerfinu og þær hindranir sem þeir mæta. Þetta er mikilvægt til þess að auka jafnrétti þeirra sem ekki hafa fullt tak á íslensku máli og/eða hafa annan menningarlegan bakgrunn.
- Sviðsráð telur mikilvægt að spurningar í prófum séu bæði á íslensku og ensku, en það myndi vera mikil bót fyrir stúdenta sem hafa annað móðurmál en íslensku.
- Sviðsráð HVS telur brýna þörf til þess að auka aðgang erlendra nema að félagsstarfi nemendafélaga og samtaka. Sviðsráð vill hvetja öll nemendafélög og samtök nemenda á sviðinu til þess að hafa efni sitt líka á ensku til þess að auka aðgengi erlendra nema að viðburðum.
- Upplýsingar á vegum sviðráðs skulu vera aðgengilega á íslensku og ensku.
- Kanna aðgengi að námi á HVS fyrir nemendur sem hafa íslensku ekki að móðurmáli. Skoða hver staðan er innan mismunandi námsleiða og námskeiða innan þess.
- Sviðsráð vill þrýsta á deildir og námsleiðir innan sviðsins til að gera námið aðgengilegra á ensku á allan hátt. Sviðsráð telur óboðlegt að íslenskt heilbrigðiskerfi sem reiðir sig á miklu leyti til á erlent starfsfólk sé síðan ekki með aðgengilegt nám í boði fyrir þau sem vilja bæta við sig menntun.

Málefni fatlaðra:

- Sviðsráð telur nauðsynlegt að gerð sé aðgengisúttekt á byggingum sviðsins (fá fagaðila eða aðila með sérþekkingu til að framkvæma slíka úttekt, t.d. öryrkjabandalagið) og aðgangur fatlaðra sé tryggður að námi og kennslustofum.
- Sviðsráð HVS telur einnig nauðsynlegt að allar deildir, kennarar, stjórnslósla og nemendur fái fræðslu um fötlunarfordóma og ableisma. Heilbrigðisstarfsfólk þarf að vera meðvitað um stöðu fatlaðs fólks í samfélaginu og þær hindranir og fordóma sem það verður fyrir. Við þurfum aukna fræðslu til þess að geta mætt fötluðum af fagmennsku og án forræðishyggju.

- Nauðsynlegt að aðgengi að námi á sviðinu verði bætt svo öll geti stundað nám óháð aðstæðum. Nám á að vera valið út frá áhuga, ekki aðgengi.

Fjölskyldumál:

- Á Heilbrigðisvísindasviði eru of margir tímar kenndir eftir klukkan 16.00. Sviðsráð vill afnema skyldumætingu eftir klukkan 16.00 á daginn þar sem hún kemur sér afar illa fyrir foreldra í námi.
- Upptökur á fyrirlestrum og skýr námsmarkmið í kennsluáætlun eru gríðarlega mikilvæg fyrir foreldra í námi.
- Bæta þarf aðstöðu fyrir foreldra í námi á sviðinu til þess að sinna börnum sínum, t.d. með því að tryggja að skiptiborð og barnastólar séu í hverri byggingu.
- Sviðsráð vill kanna stöðu foreldra í námi á HVS og heyra frá foreldrum í námi hvað þau vilja sjá bætt á sviðinu.

Kennslumál

Verklegt/klínískt nám:

- Sviðsráð krefst þess að veikindaréttur í klínísku námi sé í samræmi við það sem er á Norðurlöndunum.
 - Kanna stöðu þeirra mála.
- Tryggja þarf að álag á nemendur í klínísku námi verði ekki of mikið og að vel sé haldið utan um það. Sviðsráð vill að hvíldartími nema í klínísku námi sé virtur.
- Tryggja þarf að skýrar reglur eða boðleiðir séu til staðar fyrir foreldra í námi til að fá meiri sveigjanleika í klínísku námi.

Nútímalegri kennsluhættir:

- Sviðsráð vill að fyrirlestrar séu teknir upp í öllum deildum sviðsins. Markvissar upptökur á fyrirlestrum eru mikilvægt jafnréttismál. Nú þegar er byrjað að taka upp í læknisfræði, hjúkrunarfræði, lyfjafræði og tannlæknisfræði. Í kjölfar COVID faraldursins ættu allir kennarar að vera vel í stakk búnir að taka upp kennslustundir og vill sviðsráð þrýsta á að því verði haldið áfram eftir að faraldrinum lýkur.
- Nemendum á sviðinu á að vera leyft að vera með tölvur í öllum kennslustundum.

- Stefnt er að því að innleiða rafræn próf í HÍ og vill sviðsráð þrýsta á að HVS sé leiðandi í innleiðingu tæknivæddari kennsluhátta.
- Krafa sviðsráðs er að almennt gildi lokapróf ekki meira en 80% af lokaeinkunn. Sviðsráð vill beita sér fyrir meira símati og vendikennslu á sviðinu. Þar skal vera samráð við kennslumálanefnd HVS.
- Sviðsráð vill kanna hvort rök styðji þá aðferð að draga niður fyrir röng svör í krossaprófum.
- Sviðsráð vill beita sér fyrir því að kennsluefni sé uppfært ár hvert. Óásættanlegt er að notast sé við gamalt kennsluefni sem ekki er í takt við tímann.

Sjúkra- og endurtektarpróf:

- Sviðsráð HVS ætlar að beita sér fyrir því að sjúkra- og endurtektarpróf verði í boði í öllum deildum sviðsins.
- Sviðsráð HVS vill að endurtektarpróf séu tvisvar á ári í öllum deildum sviðsins, í janúar og í júní. Sviðsráð FVS framkvæmdi könnun árið 2019 sem sýndi skýran vilja stúdenta til þess, og einnig hefur tilraunaverkefni skólans á VON gengið vel.

Reynsla metin til eininga:

- Sviðsráð vill fara á fund forseta hjúkrunarfræðideildar og ræða möguleikann á því að sjúkraliðar fái metna grunnáfanga í hjúkrun á grundvelli náms síns og starfsreynslu.

Réttindi nemenda:

- Sviðsráð vill að prófasýningar séu haldnar í öllum námskeiðum og að kennarar auglýsi þær fyrir fram, í stað þess að nemendur þurfi að fara fram á þær. Umsjónarkennarar námskeiðsins skulu vera viðstaddir.
- Sviðsráð vill kanna afhverju skólaárið í læknisfræði er ekki í samræmi við aðrar deildir. Sérstaklega þarf að kanna hvaða áhrif þetta hefur á þá læknanema sem taka námslán hjá MSN. Samræmi milli undanþága hjá deildum til að lengja önnina þarf að berast MSN svo tillit sé tekið til þess.

Nemendanúmer:

- Nemendanúmer hafa verið tekin upp alfarið í nokkrum deildum Heilbrigðisvísindasviðs. Einungis á að styðjast við þau við próftöku og verkefnaskil í öllum deildum sviðsins til þess að tryggja sanngirni og hlutleysi gagnvart öllum nemendum og virða rétt þeirra til persónuverndar.

- Nemendanúmer skulu vera notuð í þeim tilgangi sem þau eru hugsuð, til að gæta nafnleyndar nemenda, og skulu þau ekki vera birt öðrum nemendum ásamt einkunnum
- Sviðsráð vill kanna stöðuna á notkun nemendanúmera innan HVS.

Gæðamál:

- Fjöldi stundakennara á sviðinu á ekki að koma niður á gæðum náms.
- Sviðsráð vill að fjöldi kennara í námskeiði (og aðstoðarkennara) sé í samræmi við fjölda nemenda í námskeiðinu, til þess að kennarar geti staðið undir þeim fjölda sem sækir námskeiðið.
- Sviðsráð krefst þess að ekki sé ósamræmi milli vinnuálags og einingafjölda í námskeiðum. Þetta á sérstaklega við í verklegum áföngum. Þá vill sviðsráð gera úttekt á þessum vanda.
- Sviðsráð fer fram á að stundartöflur á vef HÍ, Uglu, Canvas og í kennsluskránni séu samræmdar en vandamál hafa verið í deildum sviðsins vegna þess og árekstrar myndast.

Aðstaða nemenda

Nýtt hús Heilbrigðisvísindasviðs:

- Framkvæma aðra könnun um þarfir nemenda

Húsnæði:

- Sviðsráð vill tryggja það að flakk milli bygginga sé sem allra minnst. Þetta hefur lengi verið eitt helsta hagsmunamál minna deilda sviðsins. Enn er til mikils að vinna til þess að tryggja sem besta námsaðstöðu stúdenta í minni deildum.
- Sviðsráð vill að allar námsleiðir sviðsins hafi heimabyggingu þar sem nemendur geti fengið lykil að byggingunni.

Lesstofur:

- Sviðsráð vill almennileg lesrými með nægilegu plássi svo allir nemendur á sviðinu geti haft aðgang að þeim.
- Sviðsráð vill að tekið sé tillit til þess gífurlega fjölda sem stundað nám á sviðinu og að fjöldi lesrýma sé í samræmi við það.

Kennslustofur:

- Sviðsráð vill að stúdentar hafi óheftan aðgang að kennslustofum utan kennslustunda, líkt og tíðkast í öðrum skólum og geti pantað stofur og fundarherbergi án endurgjalds.

- Sviðsráð telur nauðsynlegt að kennslustofur sviðsins uppfylli ákveðnar gæðakröfur. Snagar til þess að hengja yfirhafnir, innstungur fyrir tölvur og þess háttar. Einnig er mikilvægt að borð og stólar séu í góðu lagi og nóg af þeim fyrir nemendur. Töflur þurfa einnig að vera í góðu ásigkomulagi.

Nemendarymi:

- Sviðsráð telur nauðsynlegt að stúdentum og nemendafélögum séu útbúin rými í byggingum sviðsins. Stuðlar þetta að aukinni vellíðan og virkni í háskólasamfélaginu.

Fjármála- og atvinnulífsmál

Launað verknám:

- Sviðsráð HVS vill berjast fyrir því klínískt verknám stúdenta á sviðinu sé metið til launa sem og eininga. Mennta- og menningarmálaráðherra stefnir á að verknám kennaranema verði launað til þess að auka aðsókn í námið, og liggur því í augum upp að gera slíkt hið sama til þess að auka aðsókn í hjúkrunarfræði og aðrar greinar.
- Það er krafa sviðsráðs að stúdentar í skyldugu starfsnámi á meistaranámi fái greitt fyrir störf sín. Nú fá ljósmóðurnemar greitt fyrir sín störf, og því við hæfi að aðrir nemar á meistaranámi fái það líka. Ólíðandi er að stúdentar á sviðinu sé nýttir sem ólaunað vinnafl á heilbrigðisstofnunum, heldur á menntun þeirra að vera metin til verðleika.

Umhverfis- og samgöngumál

Samgöngur:

- Nauðsynlegt er að tryggja að nemendur og starfsfólk geti nýtt sér strætó og hjóla- og gönguleiðir til þess að komast á milli háskólabygginga á meðan framkvæmdir við LSH og Gömlu Hringbraut standa yfir.
- Sviðsráð vill tryggja gott að gott aðgengi verði milli hús heilbrigðisvísinda og í vatnsmýrina.

Umhverfisvernd:

- Sviðsráð vill að kennsla á sviðinu miði að því að stúdentar, sem framtíðarheilbrigðisstarfsmenn, leitist við að starfa á sem umhverfisvænastan hátt.

- Nauðsynlegt er að tryggja að tinnur fyrir lífrænan úrgang séu aðgengilegar og fjölgir.

Grænkerakostir í Hámu:

- Auka þarf úrval af grænmetis- og vegankostum í Hámu sviðinu öllu.

SVIÐSRÁÐ HUGVÍSINDASVIÐS

Meðlimir sviðsráðs Hugvísindasviðs starfsárið 2021-2022

Jóna Gréta Hilmarsdóttir (Röskva): Forseti sviðsráðs

Anna María Björnsdóttir (Röskva): Ritari sviðsráðs.

Brynjólfur Skúlason (Röskva): Samfélagsmiðlastjóri sviðsráðs.

Lísa Margrét Gunnarsdóttir (Röskva): Fulltrúi sviðsráðs í kennslumála- og jafnréttisnefnd.

Magnús Orri Magnússon (Vaka): Sviðsráðsmeðlimur.

Fulltrúaskipti

Magnús Orri Magnússon (Vaka) tók við sem sviðsráðsmeðlimur í stað Ragnars Þórs Snædals (Vaka) ágúst 2022. Brynjólfur Skúlason (Röskva) tók við sem sviðsráðsfulltrúi og samfélagsmiðlastjóri í stað Sigurðar Karls Péturssonar (Röskva) október 2022.

Hlutverk sviðsráðs

Samkvæmt 17. grein laga Stúdentaráðs skal sérhvert sviðsráð gæta hagsmuna nemenda á viðkomandi sviði í störfum sínum. Skal sviðsráð vera sjálfstætt í sínum störfum nema kveðið sé á um annað í lögum þessum. Sviðsráð skal setja sér verklagsreglur um störf ráðsins í upphafi hvers starfsárs.

Hlutverk sviðsráðs Hugvísindasviðs, eins og fram hefur komið, er að gæta hagsmuna stúdenta á Hugvísindasviði. Sviðsráð er tengiliður nemenda við stjórn og innri nefndir Hugvísindasviðs. Sviðsráð fundar mánaðarlega, eða í samræmi við álag, auk þess sem forseti situr fundi með stjórn Hugvísindasviðs tvisvar í mánuði sem og mánaðarlega fundi með stjórn Stúdentaráðs.

Gagnlegar upplýsingar

Listinn hér að neðan er ekki tæmandi en inniheldur gagnlegar upplýsingar sem gott er að hafa í farteskinu á komandi starfsári þó verðandi sviðsráðsforseta sé ávallt velkomið að hafa samband ef einhverjar spurningar vakna.

- Sviðsráðið hefur haldið utan um öll sín gögn. þ.e.a.s. fundargerðir, fundardagskrár o.fl. á Google Drive sem allir meðlimir ráðsins hafa aðgang að. Ritari sviðsráðs, Anna María Björnsdóttir, hefur haft yfirumsjón með því.
- Ef sviðsráð vill halda fundi innan skólans skal forseti sjá um að panta stofu í gegnum kennslustofur@hi.is. Best er að hafa samband með nokkurra daga fyrirvara og þarf pöntunin að fara í gegnum HÍ netfang og kennitala skal jafnframt fylgja með.
- Í byrjun síðasta starfsárs kom í ljós að mistök hefðu orðið varðandi Facebook-síðu sviðsráðs Hugvísindasviðs. Enginn eigandi var skráður fyrir síðunni og hún því ekki aðgengileg sviðsráði.
- Sviðsráð fékk afhent HÍ netfang frá forseta Stúdentaráðs Háskóla Íslands seinasta sumar sem forseti hefur einn aðgang að. Tölvupóstfangið er studenthugvis@hi.is og er mikilvægt að vekja betur athygli á því.
- Gott er að stofna sameiginlegan Facebook-hóp með hagsmunafulltrúum og forsetum nemendafélaga.
- Snemma á starfsárinu skal sviðsráð ákveða fulltrúa þess í kennslumálanefnd.
- Hingað til hefur ekki verið gerð krafa um að nemendafulltrúinn í jafnréttisnefnd Hugvísindasviðs sé úr sviðsráði. Núverandi fulltrúi í jafnréttisnefnd er Margrét Erla Þórsdóttir. Þessi staða er frábært tækifæri fyrir sviðsráð til að leggja sitt af mörkum í jafnréttismálum og því kjörið tækifæri að nýja sviðsráðið sækist eftir stöðunni í lok starfsárs Margrétar.
- Endurnýta má kynningar ár frá ári en hægt er að nálgast þær í möppu sviðsráðs.
- Hægt er að leita styrkja til SHÍ, eða sviðsins, fyrir útgjöldum í kringum t.d. viðburði.
- Sviðsráðsliðar skulu alltaf standa vörð um hagsmuni stúdenta og vera fulltrúar nemenda í hagsmunabaráttu en mikilvægt er að hafa þá ábyrgð í huga og benda ítrekað á rödd nemenda. Í því felst m.a. að tryggja að raddir nemenda heyrist og þær fái vægi innan háskólans. Sviðsráð þarf að gæta þess að stúdentar eigi sér nemendafulltrúa á öllum námsbrautum, framhaldsnámsnefndum, deildarráðum og

deildarfundum sviðsins. Hægt er að finna lista yfir alla nemendafulltrúana inn á möppu sviðsins.

- Sviðsráð Hugvísindasviðs stendur frammi fyrir því vandamáli að örsjaldan berast mál frá stúdentum til þeirra. Sviðsráðliðar þurfa því að vera duglegir að finna og skapa sér verkefni. Ágætt getur verið að taka forseta og/eða á hagsmunafulltrúa nemendafélaga á fund eitt í einu en slíkir fundir verða oft persónulegri og jafnframt árángursríkari. Hversu miklu sviðsráð áorkar veltur því alfarið á hversu mentaðarfullt sviðsráðið er.
- Sviðsráðsmeðlimir skulu ekki koma með mál beint á borð stjórnar Hugvísindasviðs heldur gegnir hún hlutverki sem endastöð og á lokaákvörðunarvaldið. Best er að kynna hugmyndina eða málið fyrst fyrir fulltrúa deilda, kennslunefnd eða á deildarfundum. Samþykki frá þeim skiptir lykilmáli þegar málið, eða tillagan, er lögð fram á stjórnarfundi.

Stefna sviðsráðs Hugvísindasviðs 2021-2022

Jafnréttismál

Geðheilbrigðismál:

- Fjölga þarf stöðugildum sálfræðinga og meðferðarúrræðum innan HÍ og stórefla geðheilbrigðisþjónustu við stúdenta.

Kynjajafnrétti:

- Halda þarf áfram að kynna þau úrræði sem eru í boði fyrir nemendur sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi eða áreitni, t.d. með því að gera Fagráð Háskólans enn sýnilegra.
- Leggja þarf meiri áherslu á mikilvægi jafnréttisfræðslu fyrir bæði nemendur og kennara.
- Mikilvægt er að í öllu kynningarefni háskólans, sem og námsefni, skal unnið að því að sýna öll kyn jafnt að störfum.
- Háskólinn á að útvega tíðavörur fyrir nemendur og starfsfólk með því að gera þær aðgengilegar á öllum salernum skólans.

Hinseginmál:

- Sviðsráð telur þörf á að hinseginfræðsla sé hluti af endurmenntun kennara.
- Hvatt er til þess að hinseginfræðsla sé aðgengileg öllum nemendum sviðsins.
- Háskóli Íslands á að tryggja að í öllum byggingum séu ókyngreind salerni og að öll aðstaða sem háskólinn heldur úti sé aðgengileg fyrir öll, óháð kynvitund.

Jafnrétti fólks af erlendum uppruna:

- Háskóli Íslands ætti að bjóða upp á alla þjónustu fyrir nemenda á ensku líkt og á íslensku.
- Mikilvægt er að spurningar í prófum séu bæði á íslensku og ensku, en það yrði mikil bót fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku.
- Brýn þörf er á að auka aðgang erlendra nema að félagsstarfi nemendafélaga og samtaka. Sviðsráð vill hvetja öll nemendafélög á sviðinu til þess að hafa efni sitt einnig á ensku.
- Sviðsráð vill að orðabók sé aðgengileg í viðeigandi prófum fyrir stúdenta af erlendum uppruna.
- Sviðsráð vill að alþjóðanemendur fái aðgang að valfrjálstri íslenskukennslu, gjaldfrjálst.
- Sviðsráð telur að sami stuðningur og fylgir mentorkerfinu sé veittur nemendum í íslensku sem annað mál.

Málefni fatlaðra:

- Sviðsráð telur þörf á að gera aðgengisúttekt á byggingum sviðsins og að aðgangur fatlaðra sé tryggður að námi og kennslustofum.
- Nauðsynlegt er að aðgengi að námi á sviðinu verði bætt svo að allir geti stundað nám óháð aðstæðum.
- Sviðsráð vill að allar deildir, kennarar, stjórnsýsla og nemendur fái fræðslu um fötlunarfordóma og able-isma.
- Öll rými háskólans skulu vera merkt með punktalettri og leiðarlínum.
- Uppröðun á vörum í Hámu á að vera lóðrétt til þess að fólki af öllum stærðum og gerðum sé kleift að nálgast vörurnar á eigin vegum.

Fjölskyldumál:

- Sviðsráð vill afnema skyldumætingu eftir lokunartíma leikskóla. Nauðsynlegt er að taka tillit til foreldra í námi.
- Mikilvægt er fyrir foreldra í námi að upptökur af fyrirlestrum og skýr námsmarkmið í kennsluáætlun séu aðgengileg.
- Bæta þarf aðstöðu fyrir foreldra í námi á sviðinu, til þess að sinna börnum sínum. Þetta má t.d. gera með því að tryggja að skiptiborð og barnastólar séu aðgengilegir í hverri byggingu.

Kennslumál

Bættir kennsluhættir

- Sviðsráð vill að fyrirlestrar séu teknir upp í öllum deildum sviðsins. Sérstaklega þegar kemur að efni til prófs.
- Sviðsráð vill að hætt sé að draga niður fyrir röng svör í krossaprófum en fjölmargar kennslufræðilegar rannsóknir mæla gegn því.
- Krafist er að nemendur fái greinargóðar upplýsingar um BA-skrif beint í Canvas.
- Skýrar reglur þurfa að vera um hvenær bókalistar og kennsluáætlun skuli vera tilbúið, helst 2 vikum áður en námið hefst.

Sjúkra- og endurtektarpróf:

- Sviðsráð ætlar að halda áfram að beita sér fyrir því að sjúkra- og endurtektarpróf verði í boði í öllum deildum sviðsins og að undanþáguheimild verði afnumin. Í ársbyrjun 2020 voru gerðar breytingar á reglum skólans með því að tryggja öllum sviðum heimild til að halda sjúkra- og endurtökupróf. Hugvísindasvið hefur hins vegar ekki fallist á óskir nemenda um að endurtektarpróf verði tekin upp á sviðinu og hefur sviðið nýtt sér undanþáguheimild frá reglunum. Sviðsráð krefst þess að undanþáguheimild verði felld út. Það er staðreynd að háskólaráð samþykkti breytingar á reglunum til að gæta jafnræðis og auka samræmingu milli fræðasviða.

Réttindi nemenda:

- Sviðsráð vill að prófasýningar séu haldnar í öllum námskeiðum þar sem umsjónakennarar eru viðstaddir og að kennarar auglýsi þær fyrir fram.
- Kynna þarf fyrir nemendum að þau hafi rétt á því að nota nemendanúmer kjósi þau þess.

Gæðamál:

- Sviðsráð krefst þess að ekki sé ósamræmi milli vinnuálags og einingafjölda í námskeiðum.
- Fjöldi stundakennara á sviðinu á ekki að koma niður á gæðum náms og vill sviðsráð að kjör stundakennara við Háskóla Íslands verði bætt.
- Sviðsráð ætlar að þrýsta á gagnsætt ferli í eftirfylgni á niðurstöðum kennslukannana.
- Sviðsráð kallar eftir því að við skipulagningu stundataflna verði tekið með fyrirvari tillit til ferða milli kennslubygginga.

Aðstaða nemenda

Húsnæði:

- Sviðsráð mun viðhalda þrýstingi um endurbætur á byggingunni Árnagarðs sem og aðkomu stúdenta að byggingu Húss íslenskunnar.
- Sviðsráð ætlar að beita sér fyrir endurkomu Hámu fyrir nemendur sviðsins sem og staðsetningu Hámu innan Húss íslenskunnar.

Kennslustofur:

- Sviðsráð vill að stúdentar hafi óheftan aðgang að kennslustofum utan kennslustunda, líkt og tíðkast í öðrum skólum. Nemendur geti þá pantað stofur og fundarherbergi án endurgjalds.
- Sviðsráð telur nauðsynlegt að kennslustofur sviðsins uppfylli ákveðnar gæðakröfur. Snagar til þess að hengja yfirhafnir, innstungur fyrir tölvur og þess háttar.

Nemendaráými:

- Sviðsráð telur nauðsynlegt að stúdentum og nemendafélögum séu útbúin rými í byggingum sviðsins en mikill skortur er á slíkum á Hugvísindasviði.

Fjármála- og atvinnulífsmál

- Sviðsráð vill auka framboð á starfsnámi á Hugvísindasviði. Starfsnám er mikilvægt tækifæri fyrir stúdenta til að kynnst tilvonandi starfsumhverfi.
- Sviðsráð vill að boðið sé upp á þverfaglegan valáfanga milli sviða og/eða deilda þar sem markmiðið er að auka tengingu við atvinnulífið en þar færi fram ákveðið frumkvöðlastarf. Eflaust myndi slíkur áfangi skila betri árangri en hinn þverfaglegi áfangi: Menningarheimar.
- Efla þarf nýsköpunar- og frumkvöðlastarf innan Hugvísindasviðs en það er hægt með því að kynna hvaða tækifæri eru í boði fyrir nemendur eins og t.d. Nýsköpunarsjóður námsmanna og bjóða upp á áfanga/námskeið í þeim efnum.

Umhverfis- og samgöngumál

- Nauðsynlegt er að tryggja að nemendur og starfsfólk geti nýtt sér strætó og hjóla- og gönguleiðir til þess að komast áleiðis.
- Nauðsynlegt er að tryggja að tunnur fyrir lífrænan úrgang séu aðgengilegar og margar.
- Auka þarf úrval af grænmetis- og vegankostum í Hámu og kaffihúsinu í Veröld, Húsi Vigdísar.
- Sviðsráð vill að Háskóli Íslands stefni að plastlausum háskóla með því að hætta að bjóða upp á einnota hnífapör og aðrar óþarfar plastumbúðir.

- Sviðsráð vill að Háskóli Íslands minnki matarsóun með því að veita afslætti á vörum Hámu sem eru á síðasta söludegi.

Verklagsreglur Hugvísindasviðs

1. Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði.
2. Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi.
3. Á fundum sviðsráðs hafa fulltrúar þess áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt.
4. Ef aðalfulltrúi í sviðsráði forfallast skal hann tilkynna forföllin til sviðsráðsforseta með góðum fyrirvara.
5. Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði.
 - a. Á þeim fundi skal fráfarandi formaður sviðsráðs tilnefna nýjan forseta.
 - b. Fulltrúar nýja sviðsráðsins kjósa um forsetann.
 - c. Kosið skal um ritara og samfélagsmiðlastjóra.
 - d. Verklagsreglur þessar skulu kynntar nýju sviðsráði á skiptafundi sviðsráðsins.
 - e. Ársskýrsla sviðsráðs skal afhent í lok starfsárs. Í henni koma fram helstu upplýsingar um starf sviðsráðs, almenn lýsing á starfi og skipulagi fráfarandi sviðsráðs.
 - f. Fráfarandi fulltrúar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málavexti sviðsráðs.
6. Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfarandi sviðsráði.
7. Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
8. Tveir meðlimir sviðsráðs geta krafist forseta um fundarboð.
9. Fundur telst löglegur ef meirihluti fulltrúa mætir á hann.
10. Haldinn skal opinn upplýsingafundur fyrir nemendur sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.
11. Fundargerðir eru aðgengilegar öllum á þar til gerðum vettvangi á vegum sviðsráðsins.
 - a. Hægt er að kjósa um að hafa fundargerð ekki opna og þarf þá samþykki meirihluta.
12. Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínum á faglegum nótum.
13. Verklagsreglur sviðsráðs eru aðgengilegar öllum stúdentum á student.is.

14. Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands og réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagráð Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri- og kynbundinni áreitni og kynferðislegu- og kynbundnu ofbeldi.
15. Samfélagsmiðlastjóri sviðsráðsins ber ábyrgð á samfélagsmiðlum ráðsins. Sá hinn sami skal upplýsa aðra sviðsráðsmeðlimi um það efni sem birtist á samfélagsmiðlum.

Helstu verkefni ráðsins á liðnu starfsári

- Sviðsráð Hugvísindasviðs, ásamt kennsluþróunarstjóra, undirbjó könnun fyrir kennara og nemendur varðandi Canvas og skipulag námskeiðssíðna, sem og kennslufyrirkomulag sem var sent út á allt sviðið.
- Sviðsráð kom á fót starfshópi í samráði við kennslu- og jafnréttisnefnd. Verkefni starfshópsins er að kortleggja hvar aðgengi er ábótavant í Háskóla Ísland.
- Sviðsráðsliðar stofnuðu hlaðvarp fyrir sviðsráð Hugvísindasviðs undir heitinu Hugarflug í þeirri von að gera Stúdentaráð og sviðsráð sýnilegra fyrir nemendur á Hugvísindasviði og um leið vekja athygli á sviðinu og því mikilvæga námi sem það býður upp á.
- Sviðsráð hefur tryggt að nemendur eigi sér fulltrúa í öllum deildarráðum sviðsins eftir þrýsting sviðsráðs.
- Nemendafulltrúi Hugvísindasviðs í kennslunefnd, Lís Margrét, flutti erindi á Kennsluþingi Hugvísindasviðs sem var unnið í samtarfi við sviðsráðsforseta. Umfjöllunarefni erindsins voru eftifarandi: *Hvernig kennum við til framtíðar? & Uppbygging námssamfélags og stafræn kennsla.*

Mál sem eru í farvegi

- Sviðsráð hefur fundað bæði með kennsluþróunarstjóra, Matthew James Whelpton og deildarstjóra, Maríu Gestsdóttur, og óskað eftir því að endurtektarpróf verði tekin upp á sviðsins. Haldið verður áfram að þrýsta á að slík próf verði tekin upp á sviðinu og undanþáguheimild verði felld niður enda staðreynd að háskólaráð samþykkti breytingar á reglunum til að gæta jafnræðis og auka samræmingu milli fræðasviða sem er hluti af nýrri stefnu háskólans, HÍ26.
- Eftir ábendingu frá nemendum í íslensku sem annað mál um að þá skorti frekari stuðning frá háskólasamfélaginu til þess að læra tungumálið var fyrirspurn send á

Ölmu Ágústsdóttur, alþjóðfulltrúa, hvort mögulegt væri að koma á mentorakerfi, líkt og er í tilviki erlendra skiptinema, til þess að þau geti æft sig í íslensku.

- Mikið hefur verið lagt upp úr því á þessari önn að stúdentar eigi sér fulltrú í deildar-, deildaráðs- og námsbrautarfundum. Stúdentar eiga enn ekki sæti á borði alls staðar en lista yfir nemendafulltrúa og hvar nemendafulltrúa skorti er að finna á möppu sviðsráðs.

Jóna Gréta Hilmarsdóttir, sviðsráðsforseti Hugvísindasviðs skólaárið 2021-2022

SVIÐSRÁÐ MENNTAVÍSINDASVIÐS

Sviðsráð Menntavísindasviðs SHÍ skólaárið 2021 – 2022

Rósa Halldórsdóttir (Forseti) (Röskva)

Rannveig Klara Guðmundsdóttir (Ritari) (Röskva)

Erlingur Sigvaldsson (Samfélagsmiðlastjóri) (Röskva)

Sóley Arna Friðriksdóttir (Hagsmunafulltrúi) (Vaka)

Hera Richter (Röskva)

Melkorka Sjöfn Magnúsdóttir (Röskva)

Davíð Sól Pálsson (Röskva)

Fulltrúaskipti

Melkorka Sjöfn Magnúsdóttir tók við af Heru Richter í Ágúst 2021

Davíð Sól Pálsson tók við af Melkorku Sjöfn Magnúsdóttur í Janúar 2022

Hlutverk nefndar

Hlutverk sviðsráðs Menntavísindasviðs er að gæta upp á réttindi stúdenta sem og að standa yfir hagsmunum stúdenta á sviðinu. Sviðsráð fundaði einu sinni í mánuðu, ásamt því fundaði forseti sviðsráðs með stjórn Menntavísindasviðs og stjórn Stúdentaráðs rúmlega einu sinni í mánuði.

Fulltrúar sviðsráðsins voru skipaðar í eitt af fimm hlutverkum, forseti, ritari, samfélagsmiðlastjór, hagsmunafulltrúi og almennur fulltrúi.

Forseti sá um umsjón á þeim verkefnum sem sviðsráðið tók á sig sem og að deila verkefnum niður á aðra sviðsráðsmeðilimi. Forseti sá um að boða fundi með að minnsta kosti tveggja daga fyrirvara einu sinni í mánuði ásamt því að bóka fundarstað. Fundir voru í ár að mestu staðfundir en vegna COVID-19 þurftu sumir fundir að fara fram rafrænt. Forseti sat

einnig í stjórn Menntavísindasviðs sem fulltrúi úr sviðsráðinu ásamt því að gegna embætti í stjórn Stúdentaráðs.

Ritari sér um að rita niður fundargerði fyrir hvern fund og birta hana svo aðrir fulltrúar geti nálgast hana.

Samfélagsmiðlastjóri sér um að viðhalda reglulegum póstum á Instagram, Facebook sem og á öðrum viðeigandi samfélagsmiðlum. Þetta er gert til að ná betur til hins almenna stúdents svo þau viti hvert hægt er að leita fyrir hagsmunamál.

Hagsmunafulltrúi sér um að taka móti ábendingum frá hagsmunafulltrúum nemendaféla sviðsins sem og að vera í góðum samskiptum við nemendafélögin til að byggja upp traust við þau.

Almennur fulltrúi sér um að mæta á fundi og vinna þau verkefni sem þeim er gefið samfúslega.

Nýnemadagar

Í upphafi skólaársins 2021 – 2022 var haft samband við forseta sviðsráðs um að halda rafræna kynningu fyrir nýnemadaga Menntavísindasviðs. Tekin var upp kynning sem var svo sýnd nemendum í Stakkahlíðinni og einnig var hún send á alla nemendur sviðsins. Ásamt þessu hafði verkefnastjóri sviðsins samband við sviðsráðs forseta um að vera í samvinnu með nemendafélögunum að kynna félögin og sviðsráð fyrir nýnemum sem og að aðstoða þau við að setja upp nýnemaskemmtun.

Háskólamorgnar

Mikil umræða hefur átt sér stað meðal nemenda í leikskólakennarafræðum á Menntavísindasviði við Háskóla Íslands vegna breytts fyrirkomulags í kennslu. Innleiddir voru svokallaðir *Háskólamorgnar* haustið 2020 en með þeim var markmiðið að fá aukna þátttöku nemenda í námi sínu. Með háskólamorgnunum er öllum nemendum skylt að sækja kennslustundir, annað hvort í skólann eða í gegnum fjarfundarbúnað. Þetta fyrirkomulag var

mjög umdeilt og fóru nemendur að leita í auknu mæli til hagsmunafulltrúa Kennó og til sviðsráðs.

Sviðsráð Menntavísindasviðs tók þessum áhyggjum nemenda opnum örmum og hófst strax vinna innan sviðsráðs að kynna sér Háskólamorgnanna til að skilja betur gagnrýni nemenda. Sviðsráð setti sig í samband við nema á öðru ári í námsleiðinni sem gat veitt góða innsýn. Nemandinn hafði reynt að láta sína skoðun í ljós við stjórnendur sviðsins en fékk ekki skilvirk svör. Sviðsráðið ákvað þá að funda með stjórnendum sviðsins til að fá þeirra sjónarhorn á háskólamorgnunum. Eftir það ákvað sviðsráðið að setja upp könnun til nemenda um upplifun þeirra af háskólamorgnum. Könnunin var sett inn á facebook síður nemenda og gafst þeim kostur á að svara bæði fjölvalsspurningum og opnum spurningum.

Könnunin gaf sviðsráði góða mynd af upplifun nemenda og haldinn var annar samráðsfundur með stjórnendum sviðsins til að kynna niðurstöður. Sviðið tók vel í þær niðurstöður og sá sér leik á borði að betrubæta þetta fyrirkomulag. Allar breytingar taka auðvitað tíma en stjórnendur voru opnir fyrir hugleiðingu og gagnrýni nemenda. Vonandi verður þessi vinna sviðsráðsins til þess að sviðið auki upplýsingaflæði sitt við nemendur varðandi fyrirkomulagið og virði raddir þeirra.

Starfstengt diplómanám fyrir nemendur með þroskahömlun

Sviðsráðið ákvað að hafa samband við Ingu Huld Ármanns, formann kennslumálanefndar SHÍ, um að vinna í sameiningu að tillögu um að betrum bæta starfstengt diplómanám fyrir nemendu með þroskahömlun. Forseti sviðsráðs og Inga unnu saman í þessari tillögu ásamt Ingvari Þóroddssini, oddvita Röskvu. Tillagan var svo einróma samþykkt á stúdentaráðsfundi. Í framhaldi af þessu ræddi Inga um tillöguna við kennslumálanefnd og unnu svo Inga og forseti saman að bréfi til háskólamálaráðherra. Tillagan fól í sér að stúdentaráð, kennslumálanefnd og sviðsráð Menntavísindasviðs myndu beita sér fyrir því að halda áfram með þróun námsins innan Menntavísindasviðs, að aukið yrði fjármagn fyrir námið svo hægt væri að betrum bæta það sem og að dreifa því yfir á fleiri svið svo námið yrði fjölbreyttara og aðgegnilegra.

Flutningur Menntavísindasviðs úr Stakkahlíð yfir í Vatnsmýrina

Í desember síðastliðnum festi ríkissjóður og Félagsstofnun stúdenta kaup á Hótel Sögu eða gömlu Bændahöllinni undir starfsemi Háskóla Íslands. Frá kaupunum hefur sviðsráðsforseti setið í starfshóp um flutning Menntavísindasviðs úr Stakkahlíð yfir í Vatnsmýrina. Samstarf hefur gengið vel og hafa sviðsráðsmeðlimar fengið að koma í heimsókn á Hótel Sögu og sjá aðstæður. Sviðsráð fagnar þessum áfanga og hlakkar til komandi samstarfs við starfshópinn.

Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Fundir gengu almennt vel en þó var tímabil sem setti slag á sviðsráð, en það var þegar smit COVID-19 var í hámarki og sviðsráðsmeðlimar veiktust hver á eftir öðrum. Því gerðist það nokkra fundi í röð að ekki var hægt að gera ráð fyrir öllum meðlimum til þess að mæta. Þetta gekk þó upp að mestu vegna góðra samskipta og samvinnu í nefndinni.

Við tókum þá ákvörðun snemma að við myndum vinna verkefni sem við tókum að okkur í samvinnu. Þetta gerði það að verkum að verkefnin voru snögglega og vel unnin. Við skiptum þó hverju verkefni niður í minni verkefni sem voru svo úthlutað hverjum meðlimi. Allt í allt gekk það vel en þó mætti hafa í huga fyrir næstu nefnd að vinnan lendi þá ekki mest megnis á einn meðlim vegna stærðar verkefnis.

Við tókum ákvörðun í byrjun starfsárs að vera virkari á samfélagsmiðlum í ár til þess að vera auðsýnilegri hinum almenna stúdenta. Einnig ákváðum við að skipa hagsmunafulltrúa sem myndi þá sjá að mestu um þau mál sem bárust hagsmunafulltrúum nemendafélaganna. Við unnum mikið með nemendafélögunum, sérstaklega á nýnemadögunum, sem við nýttum okkur einnig sem tækifæri til þess að auglýsa sviðsráðið. Þetta gekk mjög vel upp og fylgjendum okkar á Instagram meira en tvöfaldaðist í framhaldi af því. Þessi samvinna við nemendafélögin gekk mjög vel og bygði mikið traust við meðlimi nemendafélaganna, þau voru virka að hafa samband við okkur ef þeim bárust spurningar eða tillögur. Forseti sviðsráðs

fundaði svo nokkuð reglulega með nemendafélögunum, oftast á þeirra forsendum, sem hjálpaði einnig sviðsráði að vera upplýst um áhyggjur stúdenta.

Niðurlag

Mikilvægt er fyrir næsta sviðsráð að halda áfram þeirri vinnu sem við höfum tekið að okkur, sem og að vinna í verkefnum sem ekki náði að gera þetta skólaár. Það helsta sem þarf að fylgja eftir er flutningur Menntavísindasviðs, þróun starfstengds diplómanáms fyrir nemendur með þroskahömlun, háskólamorgnar og samfélagsmiðlamál. Þau verkefni sem mikilvægt er að fylgja eftir en komust ekki í verk á okkar starfsári eru meðal annars bættar staðlotur, launað vettvangsnám og eineltisfræðsla sem áfangi.

Við hvetjum einnig komandi sviðsráð að setja sig snemma í samband við nemendafélögin og vinna jafnt og þétt með þeim, þar sem þau eru góður tengiliður sviðsráðs við almenna nemendur. Ásamt þessu er mikilvægt að skipta niður hlutverkum snemma svo það sé skýrt hverjir taka að sér hvaða verkefni.

Rósa Halldórsdóttir, forseti

F.h. sviðsráðs Menntavísindasviðs

SVIÐSRÁÐ VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐS

Fulltrúar sviðsráðs 2021-2022

- Ingvar Þóroddsson, sviðsráðsforseti (Röskva)
- Inga Huld Ármann (Röskva)
- Brynhildur Þorbjarnardóttir (Röskva)
- Laufey Lind Sigþórsdóttir McClure (Vaka)
- Jóhanna Malen Skúladóttir (Röskva)

Verklagsreglur

1. Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði.
2. Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
3. Forseti ábyrgist fundaraðstöðu.
4. Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi.
5. Ritari ábyrgist fundargerðir og skal bera hana fullunna upp til samþykktar á næsta fundi sviðsráðs.
6. Á fundum sviðsráðs hafa fulltrúar áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt.
7. Ef fulltrúi í sviðsráði forfallast skal tilkynna forföllin með sólarhrings fyrirvara.
8. Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði
 - a. Fulltrúar fráfarandi og nýkjörins sviðsráðs skulu mæta á skiptafund.
 - b. Fulltrúar nýs sviðsráðs kjósa um forseta og ritara.
 - c. Kosið skal um fulltrúa í fulltrúaráð (NáttVerk). Hann hefur áheyrnar- málfrelsis- og atkvæðisrétt á fundum Náttverk. Aðrir sviðsráðsmeðlimir hafa áheyrnar- málfrelsis- og tillögurétt á fundum NáttVerk. Fulltrúi sviðsráðs í NáttVerk býr til vettvang fyrir nýskipað Náttverk.
 - d. Kosið skal um samfélagsmiðlafulltrúa sviðsráðsins.
 - e. Forseti skal vera fastur fulltrúi sviðsráðsins í stjórn VoN. Aðrir aðalfulltrúar skulu skiptast á að mæta á stjórnarfundi fyrir hönd sviðsins.
 - f. Kosið skal um fulltrúa í Kennslunefnd VoN sem hefur jafnframt sæti í Kennslumálanefnd SHÍ.

- g. Kosið skal um fulltrúa í Nortek samtökin.
 - h. Kosið skal um fulltrúa nemenda í jafnréttisnefnd sviðsins.
 - i. Verklagsreglur skulu kynntar nýju sviðsráði á skiptafundi sviðsráðsins.
 - j. Nýtt sviðsráð skal endurskoða verklagsreglurnar í upphafi starfsársins.
 - k. Ársskýrsla sviðsráðs skal afhent í lok starfsárs. Í henni koma fram helstu upplýsingar um starf sviðsráðs, ásamt almennri lýsingu á starfi og skipulagi fráfarandi sviðsráðs.
 - l. Fráfarandi fulltrúar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málstöðu sviðsráðs.
9. Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfarandi sviðsráði.
10. Tveir meðlimir sviðsráðs geta krafist forseta um fundarboð.
11. Fundur telst löglegur ef meirihluti atkvæðabærra fulltrúa er mættur.
12. Haldinn skal opinn upplýsingafundur fyrir nemendum sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.
13. Fundargerðir eru aðgengilegar öllum á þar til gerðum vettvangi á vegum sviðsráðsins.
- a. Hægt er að kjósa um að loka dagskrárlið sem kemur þá ekki fram í birtri fundargerð og þarf þá einróma samþykki sviðsráðsmeðlima.
14. Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínu á faglegum nótum.
15. Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagráð Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.
16. Sviðsráð sér til þess að VoN hafi aðgang að stjórnskiptingu og ábyrgðardreifingu Sviðsráðs og NáttVerk. (Hver skiptir í hvaða nefnd o.s.frv.)
17. Forseti sviðsráðs passar upp á að góður andi sé við lýði í sviðsráði.
18. Á sviðsráðsfundum ríkir skoðanafrelsi og skulu allir fulltrúar sviðsráðs sýna hvort öðru virðingu á fundum sem og á öðrum vettvöngum.

Seinast samþykkt 24. júní 2021

1. Sviðsráð heldur úti google drive síðu þar sem hægt er að nálgast öll gögn eins og fundargerðir, ályktanir, verklagsreglur o.fl. gögn þar sem hvert starfsár hefur sína eigin möppu.
2. Til að panta fundarstað er haft samband við kennslustofur@hi.is eða þeir bókaðir í gegnum fundarboð í Outlook. Mjög þægilegt er til dæmis að bóka fundarherbergið Langholt í VR2 með þeim hætti.
3. Almennar fyrirspurnir á sviðið má senda á nemvon@hi.is eða hafa beint samband við einstaklinga sem eiga í hlut.
4. Sameiginlegum vettvangi sviðsráðs hefur verið haldið úti sem hópi og hópspjalli á Facebook. Jafnframt gerði sviðsráðið tilraun að halda utan um og skipta verkefnum á milli sviðsráðsliða með Asana með ágætum árangri.
5. Fulltrúaráðið NáttVerk heldur einnig úti hópi á Facebook. Best er að fulltrúi sviðsráðs í NáttVerk búi til nýja síðu fyrir 2020-2021. Einnig er gott að vera með spjall á Facebook með öllum fulltrúum Náttverks þar sem starfsmenn sviðsins hafa alla jafna einnig verið í hópnum sjálfum.
6. Sviðsráð heldur úti Facebook síðu og Instagram reikningi. Þar komum við gagnlegum upplýsingum á framfæri til nemenda og auglýsum til að mynda viðburði.
7. Sviðsráðið er með HÍ netfang sem forseti hefur einn aðgang að. Tölvupóstfangið er studentvon@hi.is og er mikilvægt að vekja betur athygli á því. UTS hjálpar við að skipta um eiganda.
8. Sviðsráð tekur við nafnlausum ábendingum í gegnum Google Forms. Það er hægt að nálgast í lýsingarreitnum á facebook síðu sviðsráðs.

Hlutverk sviðsráðsliða og fulltrúar í nefndum

- Inga Huld Ármann var fulltrúi sviðsins í kennslumálanefnd VoN og var jafnframt forseti kennslumálanefndar SHÍ.
- Brynhildur Þorbjarnardóttir var fulltrúi sviðsráðs í fulltrúaráði NáttVerk.
- Laufey Lind Sigþórsdóttir McClure var fulltrúi sviðsráðs í jafnréttisnefnd VoN.
- Brynhildur Þorbjarnardóttir var Nordtek fulltrúi sviðsráðs.
- Inga Huld Ármann var samfélagsmiðlafulltrúi sviðsráðs.
- Ingvar Þóroddsson sviðsráðsforseti sat alla jafna fundi hjá stjórn sviðsins ásamt einum öðrum fulltrúa úr sviðsráði.

Ábyrgðarhlutverk innan sviðsráðs

Forseti sviðsráðs sér um að boða til funda sviðsráðs með tveggja daga fyrirvara. Fundir eiga að vera haldnir a.m.k. einu sinni í mánuði og forseti finnur einnig fundarstað. Á starfsárinu var almennt staðið við þessa reglu nema í kringum einstaka álagspunkta á árinu. Forseti sér um að útdeila verkefnum á meðlimi sviðsráðs og ganga á eftir þessum verkefnum. Ábyrgðarhlutverk einstaklinga verður að vera skýrt.

Ritari sviðsráðs sér um og ber ábyrgð á að fundargerðir séu ritaðar á fundum og haldið til haga á drifi sviðsráðs. Fundargerðir skulu vera tilbúnar og aðgengilegar þremur dögum eftir fund.

Samfélagsmiðlastjóri sviðsráðs sér um að halda Facebook-síðu og öðrum miðlum uppfærðum með reglulegu millibili. Þetta er mikilvægt hlutverk fyrir ásýnd sviðsráðs VoN og svo að nemendur viti hvert hægt sé að leita ef upp koma mál.

Sviðsráðsmeðlimir sjá um sín verkefni og að ganga á eftir þeim. Sviðsráð er samsett af sviðsráðsmeðlimum og hægt er að koma mörgu í framkvæmd ef að allir hjálpast við að ná settum markmiðum. Mikilvægt er að hver og einn sviðsráðsmeðlimur sýni gott frumkvæði.

Nýnemadagar

Sviðsráðið fékk að kynna starfsemi sína á nýnemadögum sviðsins. Vegna heimsfaraldurs var nýnemum skipt upp eftir námsleiðum í stað þess að hafa eina stóra kynningu í háskólabíó líkt og tíðkast vanalega. Upphaflega stóð til að sviðsráðsliðar myndu skipta á milli sín kynninga en vegna veikinda og anna hjá sviðsráðsliðum sá Brynhildur Þorbjarnardóttir um allar kynningar, með hjálp frá Jessý Jónsdóttur, hagsmunafulltrúa Stúdentaráðs. Þetta heppnaðist þó vel og var mikilvægt til að gera nýnemum grein fyrir því hvert þeir gætu leitað með hvers kyns hagsmunamál.

Ryðjum veginn


Stórt hagsmunamál á VoN eru jafnréttismálin og þá einna helst í tengslum við sýnileika kvenfyrirmynda í verkfræði og vísindum. Til þess að auka sýnileika kvenfyrirmynda þá hefur sviðsráð VoN undanfarin ár haldið viðburðinn *Ryðjum veginn* þar sem konur úr verkfræði og

vísindum, eða með bakgrunn í þeim greinum halda erindi og taka þátt í pallborði. Í ár var fjórða skiptið sem viðburðurinn var haldinn og með hverju ári hefur hann stækkað og vinsældir hans aukist. Ryðjum Veginn 2022 var haldin í stóra salnum í Veröld - húsi Vigdísar þann 17. mars kl. 16:30. Í ár voru fjórar konur sem héldu erindi og tóku svo saman þátt í pallborði. Konurnar sem tóku þátt voru:

- Anna Helga Jónsdóttir, Bsc. Véla- og Iðnaðarverkfræði HÍ, Msc. Hagnýtt Stærðfræði DTU, Ph.D. tölfræði HÍ. Dósent í tölfræði við Raunvísindadeild Háskóla Íslands. Hún fjallaði um stelpur í stærðfræði.
- Eva Dögg Steingrímsdóttir, Bsc. Sálfræði, Bsc. Tölvunarfræði, VP of software development hjá hugbúnaðarfyrirtækinu GRID. Hún hélt erindið „Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?“. Í erindinu rakti hún bæði náms- og starfsferil sinn, hvernig hún endaði í tölvunarfræði og hugbúnaðarþróun og mikilvæga hluti sem hún hefur lært á leiðinni.
- Eyrún Anna Einarsdóttir, Bsc. Iðnaðarverkfræði Msc. fjárfestingarstjórnun, framkvæmdastýra eignastýringar og miðlunar hjá Landsbankanum. Hún var á persónulegu nótunum, fjallaði um sig, sinn feril og hvernig hún vinnur að sínum markmiðum og nær þannig árangri.
- Guðfinna Aðalgeirsdóttir, Bsc. HÍ, MSc. University of Alaska Fairbanks, Dr.sc.nat. ETH, allt í jarðeðlisfræði. Prófessor í jarðeðlisfræði við Jarðvísindadeild Háskóla Íslands. Hún hóf erindið á að fjalla um þörfina á breytingum í samfélaginu, þar sem það er ekki sjálfbært eins og það er. Síðan rakti hún jarðeðlisfræði feril sinn sem leiddi hana í ófáar áhugaverðar jöklaferðir ásamt því að fjalla um aðkomu sína að IPCC skýrslunni.

Inga Huld opnaði viðburðinn fyrir hönd sviðsráðsins og á eftir henni hélt Áslaug Arna, Háskólamálaráðherra ávarp. Fjallaði hún um hvernig viðburðurinn vakti athygli hennar á málefnum, þætti sem hún hefur kannað í tengslum við konur í verkfræði og vísindum og lýsti áhuga á því að hefja vinnu við það að kanna stöðu kvenna í þessum greinum. Í lok viðburðar var boðið upp á spjall og veitingar frá Lemon fyrir utan salinn. Sviðsráðið hlaut mikinn og góðan stuðning frá sviðinu sem gerði það að verkum að hægt var að halda stórglæsilegan viðburð sem vakti mikla athygli og lukku. Um 50 gestir sóttu viðburðinn, ásamt u.þ.b. 20 sem horfðu á streymið. Gestir, þátttakendur og sviðsráð voru í skýjunum með vel lukkaðan Ryðjum Veginn 2022.

Grafík fyrir viðburðinn gerði Maríanna Björk Ásmundsdóttir, þriðja árs nemi í grafískri hönnun í LHÍ.



Vísindaferð sviðsráðs og skrifstofu SHÍ

29. október hélt sviðsráðið ásamt réttindaskrifstofu stúdentaráðs vísindaferð til að kynna starfsemi SHÍ. Upphaflega stóð til að vísindaferðin yrði haldin á Stúdentakjallaranum líkt og vísindaferðir fyrir nemendur annara sviða en það kom á daginn að ekki var hægt að vera þar. Því var leigður salur á Hallveigarstöðum við Túngötu og vegna mikils áhuga hjá nemendum

var nemendafélögunum skipt í tvö holl. Þótti vísindaferðin heppnast afar vel. Vísindaferðin var styrkt af sviðinu.

Nýsköpunarvísindaferð sviðsráðs í Grósku

8. apríl hélt sviðsráð vísindaferð í Grósku hugmyndahús í Vatnsmýrinni þar sem rauði þráðurinn var nýsköpunar- og sprotastarfsemi á Íslandi. Sigurður Magnús Garðarsson, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, flutti erindi þar sem hann fjallaði meðal annars um áform sviðsins þegar kemur að nýsköpun í kennslu og rannsóknum. Hrólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Vísindagarða, kynnti starfsemi Vísindagarða og áætlanir fyrir vísindaþorp í Vatnsmýrinni og Freyr Friðfinnsson, alþjóðafulltrúi og verkefnastjóri hjá Klak - Icelandic Startups, var með kynningu um ferlið að stofna fyrirtæki. Viðburðurinn endaði með léttu pallborði með sex frumkvöðlum sem starfa í geirum tengdum raunvísindum, tækni og verkfræði. Þau voru Sigurjón Pálsson framkvæmdastjóri og einn af stofnendum PayAnalytics, Hjálmar Gíslason stofnandi og framkvæmdastjóri GRID, Gamithra Marga, einn af stofnendum TVÍK, Árni Sigurður Ingason frá Grein Research, Guðbjörg Rist framkvæmdastjóri Atmonia og Torfi Þórhallsson frá Optitog. Vísindagarðar Háskóla Íslands og Verkfræði- og náttúruvísindasvið studdu við viðburðinn fjárhagslega.

Náttverk

Náttverk er fulltrúaráð allra nemendafélaga innan Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Meðal markmiða Náttverk er að halda úti sameiginlegum samskiptavettvang fyrir sviðsráð og forseta nemendafélaga á sviðinu og efla samstarf á milli þessara aðila. Meðal hlutverka Náttverk er að taka þátt í skipulagningu á nýnemadögum, halda Náttverk-leika, skipuleggja útilegu og skipa fulltrúa úr sínum deildum til þess að kynna námið á háskóladögum. Skrifstofa sviðsins er í góðu samstarfi við Náttverk og fara samskipti mikið fram á Facebook-hóp. Lög Náttverk má finna á google-drifi sviðsráðsins.

Félagið er skipað einum fulltrúa hvers aðildafélags en Sviðsráð VoN er eitt þeirra. Fulltrúi Sviðsráðs í Náttverk ber ábyrgð á því, skv. 7. grein laga Náttverks, að skipa aðalfund eigi síðar

en 31. maí ár hvert. Að auki sér fulltrúi um að upplýsa meðlimi Náttverk um þau mál sem SHÍ vinnur að og leita eftir áliti og stuðningi Náttverk í þeim málum sem við koma nemendum á sviðinu.

Nordtek

Fimmtugasta Nordtek ráðstefnan verður haldin á Íslandi 8.-10. júní næstkomandi. Fulltrúi Sviðsráðs í Nordtek var Brynhildur R. Þorbjarnardóttir og sat hún sem forseti stúdentaráðs Nordtek í vetur. Brynhildur sótti fundi varðandi skipti-prógrömm Nordtek, ásamt því að sækja stjórnarfundir samtakanna, bæði rafrænt, og einnig fór til Lundar í Svíþjóð á einn slíkan. Á fundinum í Lundi var meðal annars rætt um ástand Úkraínu, og skrifað undir stuðningsyfirlýsingu frá samtökunum.

Þema ráðstefnunnar í sumar er „Verkfræði í hátækni-heimi. (e. Engineering in a hyper-connected world)“ og er fulltrúi okkar í samtökunum búinn að taka virkan þátt í skipulagningu hennar, ásamt því að skipuleggja fund stúdenta, sem er haldinn ár hvert með ráðstefnunni. Fundur stúdenta verður haldinn 8. júní á Litla-Torgi, og munu þar koma saman stúdentar frá öllum norðurlöndum og nokkrum af eystrasaltsríkjunum. Brynhildur naut mikils stuðnings Ingu Huldar sem skipulagði viðburði tengda ráðstefnunni, svo sem skemmtidagskrá fyrir stúdenta og Gala dinner sem verður haldinn í Hörpu á loka degi ráðstefnunnar. Einnig mun Inga Huld halda erindi á ráðstefnunni með titilinn „Teaching method in a hyper-connected world, post Covid“ og er hún eini stúdentinn til þess að halda erindi á ráðstefnunni í ár. Þess má vænta að ráðstefnan verði vel heppnuð, og að nýr fulltrúi sviðsráðs í Nordtek verði vel upplýstur um virkni samtakanna að henni lokinni.

Kennslunefnd

Kennslumálanefnd Verkfræði- og Náttúruvísindasviðs er nefnd sem er skipuð fulltrúum kennara úr hverri deild ásamt fulltrúa stúdenta, kennslustjóra og kennsluþróunarstjóra sviðsins. Nefndin fundar reglulega um kennslumál sviðsins, sér um kennsluviðurkenningu VoN, skipuleggur kennsluþing VoN og sér um röðun á umsóknum til kennsluþróunarstyrks

HÍ. Á fyrri hluta starfsárs nefndarinnar var mikið rætt um skrefið að færa námið aftur inn á háskólasvæðið í auknum mæli eftir COVID-19 og lagði fulltrúi stúdenta mikla áherslu á áframhaldandi upptökur á fyrirlestrum og upplýsingaflæði til nemenda varðandi lokapróf. Fulltrúi stúdenta hóf umræðu innan nefndarinnar varðandi notkun prófnúmera. Kom þá í ljós að tæknilegar hindranir ollu því að allar deildir sviðsins nýttu sér undanþágu á reglum háskólans um notkun prófnúmera í lokaprófum. Í kjölfar umræðu á þessu málefni í kennslumálanefnd sviðsins hófst vinna hjá kennsluþróunarstjóra og kennslustjóra við að innleiða betri aðferðir til að geta notast við prófnúmer. Þessar aðferðir eru komnar í notkun núna vorið 2022 og er unnið að því að hvetja sem flesta kennara til að nota þær. Á seinni hluta starfsári hófst vinna í nefndinni við það að skoða sveigjanleika í námi í ljósi nýrrar stefnu HÍ26. Þema kennsluþings VoN 2022 var einmitt sveigjanleiki í námi og er hafin vinna við það að kortleggja hve mikill sveigjanleiki sé í boði á hverri námsleið. Með fjölbreyttum og í auknum mæli rafrænum kennsluháttum eykst sveigjanleiki í námi og mikilvægt er að halda því málefni áfram á lofti næstu misseri og verður það sannarlega stórt málefni fyrir næsta fulltrúa í kennslumálanefnd VoN.

Jafnréttisnefnd

Jafnréttisnefnd VoN hélt áfram störfum sínum í ár þar sem fulltrúi nemenda var Laufey Lind Sigþórsdóttir McClure sem mun starfa úr maí 2022. Nefndin hefur verið mjög öflug og hefur haldið áfram störfum við að koma á samræmdri jafnréttisfræðslu innan háskóla s. Þau munu fylgja miðlægrri fræðslu eftir með heimsóknum á deildarfundi. Næstu skref varða áframhaldandi undirbúning fyrir kynningu á deildarfundum ásamt því að kanna reglulega upplifanir nemenda á fordómum og misrétti í námi.

Kennsluviðurkenning VoN

Kennsluviðurkenning VoN var veitt haustið 2021 í þriðja skiptið til tveggja kennara fyrir lofsverðan árangur í kennslu. Hver námsbraut getur tilnefnt tvo aðila til verðlaunanna en í fyrsta skiptið í ár þá tilnefndu stúdentar einnig kennara til verðlaunanna. Sviðsráð, í samstarfi við NáttVerk sendi út könnun sem fór í dreifingu til allra stúdenta á sviðinu þar

sem óskað var eftir ábendingum um hver skyldi hljóta tilnefningu stúdenta. Inga Huld, fulltrúi sviðsráðs í kennslumálanefnd sviðsins leiddi vinnuna en mikill áhugi var á verkefninu hjá Náttverk og vann ráðið mjög vel saman. Það bárust ábendingar frá 32 nemendum um 27 kennara þar sem hver nemandi skrifaði greinagóða lýsingu á af hverju þau töldu að sá kennari ætti að hljóta verðlaunin. Greinilegt er að kennarar sviðsins hljóta margir hverjir mikið lof frá nemendum og þótti sviðsráðinu ásamt NáttVerk mjög gaman að fara yfir fallegu orðin sem nemendur skrifuðu um kennarana sína. Á endanum valdi sviðsráð og NáttVerk saman að tilnefna þrjá kennara, þar sem það var of erfitt að velja aðeins tvo. Kennararnir sem tilnefndir voru fyrir hönd stúdenta voru, Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor við Rafmagns- og Tölvuverkfræðideild, Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson, lektor við Raunvísindadeild, og Fjóla Jónsdóttir, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, Vélaverkfræði- og Tölvunarfræðideild. Þau sem hlutu kennsluviðurkenningu VoN 2021 voru Anna Soffía og Benjamín Ragnar. Bæði sviðsráð og NáttVerk voru sammála að þessi leið til að ákvarða tilnefningu stúdenta til verðlaunanna hafi gengið vel. Í viðauka má sjá rökstuðninginn sem sendur var með hverri tilnefningu, búinn til upp úr textunum sem nemendur á sviðinu sendu inn.

VIÐAUKI B - TILLÖGUR SAMÞYKKTAR AF STÚDENTARÁÐI

Stúdentaráðsfundur

9. júní 2021

T I L L A G A

um skipun starfshóps vegna Alþingiskosninga

Lagt er til að skrifstofa Stúdentaráðs starfræki starfshóp sem hafi það hlutverk að vinna að herferð Stúdentaráðs í tengslum við Alþingiskosningarnar 2021. Starfshópurinn skal samanstanda af sex meðlimum Stúdentaráðs og skulu þrír þeirra vera af skrifstofu ráðsins. Starfstímabilið skal vera frá júní 2021 til október 2021.

Rökstuðningur

Þann 25. september 2021, verður kosið til Alþingis. Munu kosningarnar hafa áhrif á núverandi og framtíðar námsfólk Háskóla Íslands, þar sem mögulega mun nýr ráðherra taka við málaflokknum og munu menntamálastefnur stjórn málaflokkanna hafa áhrif á áherslur innan málaflokksins. Til að undirstrika mikilvægi þess að hagsmunir stúdenta séu í fyrirrúmi fyrir næsta kjörtímabil á Alþingi er mikilvægt að Stúdentaráð vinni að herferð er snýr að komandi alþingiskosningum og útfæri viðburði og aðgerðir með það að markmiði að upplýsa stúdenta um stefnur og áherslur stjórn málaflokkanna. Mun þetta einnig gera námsfólki auðveldara á að taka upplýsta ákvörðun er varðar hag sinn í alþingiskosningunum 2021.

Vegna þess er lagt til að skipaður sé starfshópur innan Stúdentaráðs til að vinna að herferð, viðburðunum og aðgerðum henni tengdri. Hópurinn skal vera leiddur af starfsmanni skrifstofu Stúdentaráðs og skulu meðlimir vera um sex talsins, þar af þrír af skrifstofunni sem verða forseti, varaforseti og lánasjóðsfulltrúi, og hinir úr röðum meðlima Stúdentaráðs. Stjórn Stúdentaráðs skal taka fyrir umsóknir í starfshópinn ef fleiri en þrjár umsóknir berast. Leitast skal eftir því að meðlimirnir gegni ekki trúnaðarstörfum fyrir stjórn málaflokk í framboði.

Markmið starfshópsins væru eftirfarandi:

- Vinna að herferð Stúdentaráðs vegna kosninga til Alþingis 2021. Því fylgir að kjarna málstaðinn og leita leiða til að framkvæma herferðina.
- Kortleggja aðgerðir og viðburði sem hægt er að framkvæma til að upplýsa stúdenta um stefnur og áherslur stjórn málaflokkanna og auðvelda þeim að taka upplýsta ákvörðun í kosningunum.
- Stuðla að aukinni stjórn málaumræðu og kosningaþátttöku meðal stúdentahópsins við Háskóla Íslands.

Sara Þöll Finnbogadóttir, varaforseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Isabel Alejandra Díaz, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur

9. júní 2021

T I L L A G A

um ráðningu sumarstarfsmanns á skrifstofu Stúdentaráðs

Undirrituð leggja til að sumarstarfsmaður sé ráðinn á skrifstofu Stúdentaráðs til þess að annast kortlagningu á fjárhagsstöðu stúdenta á Íslandi. Markmiðið er að afla upplýsinga og gagna sem gefa munu betri innsýn í stöðu stúdenta við mismunandi aðstæður og réttindi þeirra innan velferðarkerfisins. Þannig fái Stúdentaráð skýrari mynd sem mun koma til með að nýtast í áframhaldandi beitingu fyrir rétti stúdenta innan atvinnuleysistryggingakerfisins og námslánakerfisins, sem og auknar áherslur fyrir komandi Alþingiskosningar.

Rökstuðningur

Stúdentaráð hefur staðið fyrir mikilli upplýsinga- og gagnaöflun í tengslum við fjárhagsstöðu stúdenta, og verið mjög ákveðið og skýrt í kröfum sínum um sanngjörn og viðunandi kjör stúdenta til jafns við annað vinnandi fólk. Úrbætur í lagaumhverfinu og langtímalausnir á vinnumarkaði samhliða í átt að fjárhagslegu öryggi fyrir allan stúdentahópinn eru nauðsynlegar. Vegna þessa heldur Stúdentaráð áfram kröfum sínum á lofti um rétt stúdenta til atvinnuleysisbóta og hækkun grunnframfærslu framfærslulána hjá Menntasjóði námsmanna. Heildstæðari gagna- og upplýsingaöflun um fjárhagsstöðu stúdenta og kortlagningu til lengri tíma er þörf og því er hér lagt til að ráðinn sé inn starfsmaður yfir sumarið sem sinni þeirri afmarkaðri vinnu.

Líkt og fyrr segir væri hlutverk og starf sumarstarfsmanns að afla sér upplýsinga og gagna um réttindi stúdenta á hinum ýmsum sviðum innan velferðarkerfisins hérlandis. Skoða skal því fjárhagsstöðu allra stúdenta á Íslandi, svo sem alþjóðanema, foreldra í námi og öryrkja þannig að hægt sé að fá betri mynd á fjölbreyttum hópi stúdenta. Starfsmaðurinn sér eingöngu um upplýsinga- og gagnaöflun en það er skrifstofa Stúdentaráðs í samráði við stjórn og Stúdentaráð sem ákveður hvernig nota skuli efnið. Það liggur beinast við að afraksturinn muni styrkja málstað stúdenta í tengslum við rétt stúdenta innan námslánakerfisins og atvinnuleysistryggingakerfisins, sem og færa frekari stoð undir fleiri, eða jafnvel nýjar, áherslur fyrir komandi Alþingiskosningar.

Markmiðið er því að betrubæta til lengri tíma gögnin sem Stúdentaráð hefur þegar aflað sér og notast við auk þess að hægt verður að nýta afraksturinn í herferðarefni ráðsins, í samráði við starfshóp Stúdentaráðs um Alþingiskosningar. Ráðningarferli skal fara fram samkvæmt 26. gr. laga Stúdentaráðs um ráðningu starfsfólks á réttindaskrifstofu þess. Skrifstofa Stúdentaráðs



hefur farið þess á leit við Háskóla Íslands að Stúdentaráð fái fjárframlög til að ráðstafa í ráðningu sumarstarfsmannsins og hefur rektor orðið við þeirri beiðni.

Isabel Alejandra Díaz, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Sara Þöll Finnbogadóttir, varaforseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

TILLAGA

um að Umhverfis- og samgöngunefnd Stúdentaráðs bregðist við yfirlýsingu framkvæmdastjóra Strætó bs. að leggja niður næturstæto

Lagt er til að Stúdentaráð HÍ samþykki að fela Umhverfis- og samgöngunefnd Stúdentaráðs að bregðast við [ummælum](#) framkvæmdastjóra Strætó bs. um að næturstæto verði ekki endurvakinn eftir heimsfaraldur COVID-19.

Rökstuðningur

4. júlí síðastliðin bárust fréttir þar sem haft var eftir framkvæmdastjóra Strætó bs. að næturstæto myndi ekki halda göngu sinni áfram eftir hlé vegna COVID-19 en undirritaðir telja að næturstæto sé stórt hagsmunamál fyrir stúdenta þar sem þau tilheyra þeim samfélagshópi sem reiðir sig hvað mest á almenningssamgöngur. Í ljósi þess að skemmtanalífið er hafið á ný og vegna aukinnar umræðu í samfélaginu um hertari reglur rafhlaupahjólaleiga, er mikilvægt að næturstæto standi stúdentum til boða svo þau komist örugg leiða sinna á næturna á sem hagkvæmastan hátt.

Einnig skýtur það gríðarlega skökku við að á [fundi](#) stjórnar Strætó bs. þann 11. júní 2021 fór fram [kynning á markaðssókn strætó eftir COVID-19](#) og segir þar orðrétt “Forðast þjónustuskerðingar á næstu misserum”. Með því að leggja niður næturstæto er Strætó bs. þar af leiðandi að fara gegn eigin ráðleggingum um hvernig eigi að sækja aftur í fyrrum notendur.

Því er hér lagt til að umhverfis- og samgöngunefnd beiti sér fyrir því að næturstæto haldi göngu sinn áfram. Nefndin skal taka málið til skoðunar, móta viðbrögð og ályktun sem beina skal að Strætó bs. í samráði við skrifstofu Stúdentaráðs.



Sindri Freyr Ásgeirsson
Forseti Umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ



Ingvar Þóróddsson
Oddviti Röskvu í Stúdentaráði

TILLAGA

vísindaferð í Stúdentaráð Háskóla Íslands

Lagt er til afgreiðslu að Stúdentaráð Háskóla Íslands haldi *þriðja skólaárið í röð* vísindaferð líkt og samþykkt hefur verið síðustu tvö árin. Vísindaferð er haldin í þeim tilgangi að auka sýnileika ráðsins og kynna störf þess, réttindaskrifstofunnar og sviðsráðana fyrir stúdentum Háskóla Íslands. Þá er lagt til að fimm vísindaferðir verði haldnar, ein fyrir hvert fræðasvið.

Rökstuðningur

Ætlunin er eins og fyrr segir að fá sem flesta stúdenta til að sækja viðburðinn og því er lagt til að fimm vísindaferðir verði haldnar, ein fyrir hvert fræðasvið. Þannig þróar Stúdentaráð hugmyndina áfram með það í huga að fleiri geti sótt viðburðinn sem og hægt sé að kynna sviðsráð á sama tíma. Fyrirséð er þá að umræður og spjall skapist milli stúdenta á ólíkum námsleiðum þar sem þau eiga það sameiginlegt að vera af sama sviði. Hugðarefni stúdenta eru oft ólík eftir því hvaða sviðum þeir eru á og því mikilvægt að vettvangur skapist fyrir sértækari umræður. Þá er líka mögulegt fyrir nemendafélög að sleppa því að bjóða upp á vísindaferð og hvetja sitt félagsfólk til að skrá sig, en miserfitt er að bóka vísindaferðir fyrir nemendafélög og fjölmenna. Líkt og í vísindaferðirnar sem haldnar voru 2019 og 2020 verða 150 pláss í boði og svo opið á biðlista. Þess má geta að það fylltist í báðar vísindaferðirnar þegar þær voru haldnar sem má túlka sem svo að mikill áhugi hafi verið hjá stúdentum.

Rætt verður við Félagsstofnun stúdenta (FS) um afnot af Stúdentakjallaranum og samtölum við rekstrarsvið skólans ef til þess kemur vegna annarra atriða. Viðburðurinn yrði með svipuðu sniði og áður: kynning á Stúdentaráði, pubquiz, veglegt happdrætti í samráði við samstarfsfyrirtækin okkar o.s.frv. Að auki yrði kynning á sviðsráði hvers sviðs fyrir sig (ef vísó fyrir Hugs, þá kynnir sviðsráð Hugs!). Rætt verður við Ölgerðina/Þrennu/FS með bjórmál og mun skrifstofan fara í það, en síðast kom góð niðurstaða í þau mál. Vegna samfélagsástandsins verður að gæta hófs og fylgja fyrirmælum yfirvalda og heilbrigðisyfirvalda til hins ítrasta. Skyldu aðstæður í samfélaginu breytast enn frekar og hertar aðgerðir boðaðar af yfirvöldum skal endurskoða framkvæmd þessara viðburða. Öryggi stúdenta sem og starfsfólks er í fyrirrúmi. Vegna þeirra saka verður **ekki** boðið upp á hnetumix eða franskar.

Skrifstofu Stúdentaráðs, sviðsráðum og Félagslífs- og menningarnefnd er falið að halda utan um skipulag, mætingu og auglýsingu á viðburðinn. Þá er lagt til að skrifstofu Stúdentaráðs verði veitt heimild til kaupa veitingar og annað tilheyrandi sem fylgir hefðbundnum vísindaferðum nemendafélaga. Gerð yrði fjárhagsáætlun sem yrði lögð fyrir stjórn Stúdentaráðs til samþykktar áður en útgjöld yrðu staðfest. Þó við séum að stefna að því að halda fimm vísindaferðir verður að sjálfsgöðu ekkert slegið af metnaði í skipulagningu. Fimmföld gleði!



Isabel Alejandra Diaz, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Jessý Jónsdóttir, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands

T I L L A G A

að undirnefnd umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs

Lagt er til afgreiðslu að umhverfis- og samgöngunefnd fái heimild til að stofna undirnefnd sem starfi náði með nefndinni. Undirnefndinni er ætlað að fara sérstaklega með umhverfis- og loftslagsmál en samgöngu- og skipulagsmál munu ennþá heyra undir megin nefndinni. Viðburðir tengdir umhverfis- og loftslagsmál munu vera á borði beggja. Forseti umhverfis- og samgöngunefndar mun vera yfir báðum nefndum ásamt því að leitast verður eftir því að annar meðlimur núverandi nefndar tæki sæti í undirnefndinni.

Rökstuðningur

Umhverfis- og samgöngumál eru mikilvæg málefni sem hlotið hafa aukið vægi í samfélagsumræðu og krefjast vandaðrar meðhöndlunar. Raunar má líta svo á að um tvo stóra málaflokka sé að ræða þó þeir kunni að skarast á. Þar má sem dæmi nefna umhverfis- og heilbrigðisráð og skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur sem þó bæði starfa með umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur. Hér er því lagt til að stofnuð sé undirnefnd sem taki að sér mál sem kunna að flokkast meira undir umhverfis- og loftslagsmál, t.a.m. Loftslagsverkfallið og grænánann, og að megin nefndin taki á samgöngu- og skipulagsmálunum sem eru í sífellri þróun við Háskóla Íslands, má þar nefna nýtt rammaskipulag, uppbygging stúdentagarða, nýtt leiða- og greiðslukerfi strætó, borgarlína, bílastæðaáform og margt fleirra. Það er mikilvægt að bæði umhverfismálin og skipulagsmálin fái það rými sem þau þurfa til að unnið sé að þeim með faglegum hætti.

Sindri Freyr Ásgeirsson, forseti umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs

Isabel Alejandra Díaz, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

TILLAGA

vegna sjúkra- og endurtökuprófa

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð og fulltrúar stúdenta í háskólaráði beiti sér fyrir því í sameiningu að sú undantekning frá meginreglunni um tímabil sjúkra- og endurtökuprófa sem fram kemur í **3. málslíð 3. mgr. 56. gr. í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 með síðari breytingum** verði felld út. Er hún svohljóðandi: „*Deildum er heimilt, að höfðu samráði við prófstjóra og með samþykki stjórnar viðkomandi fræðasviðs, að nýta tímabil sjúkraprófa að vori fyrir sjúkrapróf í einstökum námskeiðum beggja kennslumissera. Ákvörðun um það liggi fyrir við upphaf kennslu á haustmisseri.*“

Jafnframt er lagt til að til samræmis við fyrri breytingartillögu verði bætt verði inn „desember og“ í **2. málslíð 3. mgr. 57. gr. sömu reglna**. Yrði hún þá svohljóðandi: „*Slík sérstök endurtökupróf eru einungis fyrir þá stúdenta sem áður hafa þreytt próf í viðkomandi námskeiði og skulu fara fram [...]6 í kjölfar almenns próftímabils í desember og maí samkvæmt nánari ákvörðun prófstjóra.*“

Rökstuðningur

Undanfarin Undanfarin ár hefur Verkfræði- og náttúruvísindasvið haldið sjúkra- og endurtökupróf sín í janúar við góðar undirtektir stúdenta, kennara á sviðinu og annarra sem koma að. Mikilvægt er að önnur fræðasvið dragi lærdóm af því sem vel er gert á öðrum fræðasviðum og að jafnræðis sé gætt við stúdenta þvert á háskólann, líkt og hvatt er til í skýrslu sem gefin var út 30. september síðastliðinn vegna stofnanaúttektar á Háskóla Íslands. Sú úttekt fór fram í vor á vegum alþjóðlegs sérfræðingahóps samkvæmt áætlun Gæðaráðs íslenskra háskóla. Í skýrslunni kemur fram að einstaka deildir og/eða fræðasvið skólans séu taldar búa yfir of miklu sjálfstæði sem leiðir til ósamræmis gagnvart bæði starfsfólki skólans og nemendum. Háskóli Íslands er hvattur til þess að auka gagnsæi og samræmingu þvert á fræðasvið skólans til að tryggja gæði og umbætur í námi og kennslu. Það er því mikilvægt að háskólinn samræmi reglurnar sínar um sjúkra- og endurtökuprófin, en í stefnu HÍ 2021-2026 er litið til einkunnar Gæðaráðs íslenskra háskóla sem einn af mælikvörðum skólans við mat á afli á grunni gæða, sem er ein af meginstoðum stefnunnar.

Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði hefur komið í ljós að ánægja ríkir hjá bæði nemendum og starfsfólki með það að öllu námsmati í námskeiðum haustmisseris sé lokið af áður en vormisseri hefst, frekar en að bíða í hálft ár líkt og áður tíðkaðist á sviðinu og gerir enn á til dæmis Félagsvísindasviði. Það er álag að þurfa að bíða í marga mánuði eftir því að fá að taka próf, ásamt því að það getur haft fjárhagslega óvissu í för með sér. Menntasjóður námsmanna lánar í

samræmi við loknar ECTS einingar og getur því nemandi sem veikist á prófdegi í desember lent í því að missa rétt á eða lenda í verulegri skerðingu á námslánum sínum þar til að viðkomandi hefur fengið að þreyta prófið. Þetta kann að leiða til andlegs álags ásamt því að nemandi í þessari stöðu gæti neyðst til þess að vinna meira með skóla til að framfleyta sér, sem er til þess fallið að valda enn meira álagi og hafa neikvæð áhrif á námsframvindu. Þetta getur jafnvel orðið til þess að stúdentar hætti í námi. Með því að halda próf í námskeiðum haustmisseris í lok vormissseris er Háskóli Íslands að gera þeim sem ekki hafa sterkt fjárhagslegt bakland erfiðara fyrir að stunda nám. Hér er tækifæri fyrir háskólann til að koma til móts við stúdentahópinn þegar aðrar ytri ástæður gera þeim erfitt fyrir.

Þetta mál er ekki nýtt af nálinni, en í þónokkur ár hafa nemendur Háskóla Íslands óskað eftir því að framkvæmd sjúkra- og endurtökuprófa verði samræmd milli fræðasviða skólans. Könnun frá árinu 2018 sem framkvæmd var af sviðsráði FVS í samstarfi við starfsfólk sviðsins, kennslumálanefnd FVS og kennslusvið HÍ sýnir fram á skýran vilja nemenda FVS hvað þetta varðar. Hér má sjá nokkrar lykiltölur:

1. 94,2% nemenda vildu sjúkrapróf í desember og janúar eða í janúar.
2. 85,1% nemenda vildu endurtökupróf í janúar.
3. 74,8% nemenda voru frekar ósammála eða ósammála því að fella niður endurtökupróf til þess að hafa sjúkrapróf í janúar.
4. Á skalanum 1-5 sögðu nemendur mikilvægi sjúkraprófa vera 4,89 og mikilvægi endurtökuprófa vera 4,76.

Nánari samantekt á niðurstöðum könnunninnar má nálgast [hér](#). Eins og fyrr segir er könnunin frá árinu 2018 en afstaða nemenda hefur ekki breyst.

Ljóst að um mikið jafnréttismál er að ræða, en óásættanlegt er að allir stúdentar Háskóla Íslands hafi ekki sömu tækifæri til þess að ljúka námi vegna regluverks skólans. Undir þetta er síðan tekið í áðurnefndri stofnanaúttekt og samræming þvert á fræðasvið þar talinn liður í að tryggja gæði og umbætur í námi og kennslu. Vilji stúdenta er skýr og reynslan sýnir okkur að þetta er vel framkvæmanlegt, og að mikil ánægja er með fyrirkomulagið meðal þeirra nemenda og kennara sem búa við þetta fyrirkomulag.

Rebekka Karlsdóttir, forseti sviðsráðs FVS

Ingvar Þóroddsson, forseti sviðsráðs VoN

T I L L A G A

vegna starfsleyfis nýútskrifaðra sálfræðinga

Undirrituð leggja til að fela skrifstofu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, í samráði við sviðsráð heilbrigðisvísindasviðs, að kanna sérstaklega stöðu nýútskrifaðra sálfræðinga, starfsleyfi þeirra og reglugerð er varðar starfsþjálfun, nr. 1130/2012, sem var gefin út í framhaldi af lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012. Markmið þessa verkefnis er að leita leiða til að tryggja betur hagsmuni nýútskrifaðra sálfræðinga ásamt því að auðvelda Stúdentaráði að beita sér í málum er varðar ofangreind efni.

Rökstuðningur

Í reglugerð um sálfræðinga nr. 1130/2012, sem gefin var út í framhaldi af lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012, kemur fram að kröfur til löggilds starfsleyfis sálfræðings eru auknar með ákvæði um eins árs starfsþjálfun, til viðbótar við að lágmarki fimm ára háskólanámi. Reglugerðin er mikilvægur liður í því að tryggja gæði sálfræðiþjónustu og að sálfræðinám á Íslandi standi jafnfætis sálfræðinámi á Norðurlöndunum og öðrum Evrópulöndum. En í dag er staðan sú að stúdentar sem útskrifast með M.S. í klínískri sálfræði á Íslandi fá ekki starfsleyfi á hinum Norðurlöndunum. Það er vegna þess að frá árinu 2012 hefur verið veitt undanþága vegna ákvæðis nr. 1130/212, nýútskrifaðir sálfræðingar hérlandis ná því ekki að uppfylla starfsnámsskilyrðin á Norðurlöndunum. Endurnýja þarf undanþáguheimildina með ákveðnum fresti en hún rann út síðastliðið sumar. Nýútskrifaðir sálfræðingar á Íslandi standa frammi fyrir því að fá ekki heldur starfsleyfi á Íslandi. Ekki hefur verið gripið til aðgerða til að tryggja þessum sálfræðingum starfsleyfi.

Undirrituð vilja að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að undanþágum á þessu ákvæði sé hætt og ákvæðinu framfylgt með því að tryggja starfsþjálfun fyrir alla þá nemendur sem útskrifast með M.S. í klínískri sálfræði hérlandis. Það þarf að tryggja starfsþjálfun til að koma í veg fyrir að gæði þeirrar þjónustu sem sálfræðingar hérlandis veita hraki og séu minni en gæðakröfur segja til um. Það er að okkar mati óboðlegt að sálfræðinám á Íslandi standi ekki jafnfætis sálfræðinámi í þeim löndum sem við berum okkur hvað einna helst við.

Fyrir hönd Sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs:

Ingunn Rós Kristjánsdóttir

Kristján Guðmundsson

Margrét Jóhannesdóttir

TILLAGA

um að Stúdentaráð Háskóla Íslands beiti sér fyrir því að fyrirkomulag fæðingarstyrkja sé endurskoðað og að greiðslur fæðingarstyrkja námsmanna séu hækkaðar

Lagt er til afgreiðslu að Stúdentaráð Háskóla Íslands sendi frá sér bréf í samráði við Fjölskyldunefnd SHÍ til Félagsmálaráðuneytisins vegna fyrirkomulags fæðingarstyrkja námsmanna. Markmið bréfsins er að hvetja til endurbóta á núverandi fæðingarstyrkjakerfi og hækunar á fæðingarstyrkjagreiðslum til að jafna stöðu námsmanna fjölskyldna og fjölskyldna þar sem foreldri er utan vinnumarkaðar.

Rökstuðningur

Þann 1. janúar 2021 tóku ný lög gildi um fæðingarorlofstöku á Íslandi, þar var fæðingarorlof foreldra lengt úr 10 mánuðum í 12 mánuði vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur. Sjálfstæður réttur foreldris til töku fæðingarorlofs og fæðingarstyrks var breytt og nú er réttur hvors foreldris um sig sex mánuðir, með heimild til að framselja sex vikur sín á milli, því getur annað foreldrið tekið fæðingarorlof í allt að sjö og hálfa mánuð en hitt í fjóra og hálfa. Þessi nýju lög eru skref í átt að sanngjarnara kerfi fyrir fjölskyldur á Íslandi. En því miður þá er mikill munur á aðstæðum nýbakaðra foreldra á vinnumarkaði og foreldra í námi. Stúdentar eiga sjaldnast rétt á fæðingarorlofi og treysta því á fæðingarstyrk námsmanna þegar kemur að því að framfleyta fjölskyldu sinni fyrsta árið eftir fæðingu. Fæðingarorlofskerfi Íslands skiptist í fæðingarorlof vinnandi fólks og fæðingarstyrki. Fæðingarstyrkir eru tvenns konar: Fæðingarstyrkur námsmanna og fæðingarstyrkur fólks utan vinnumarkaðs (í undir 25% vinnu). Stúdent á rétt á fæðingarstyrk námsmanna ef hann hefur verið í fullu námi (75% - 100% námi) síðastliðna 12 mánuði og þar af 6 mánuði samfelld. Fæðingarstyrkur námsmanna er 190.747 kr. vegna barna fæddra árið 2021. Ef stúdent mætir ekki fyrrnefndum kröfum um fæðingarstyrk námsmanna þá á hann rétt á fæðingarstyrk fyrir fólk utan vinnumarkaðs. Fæðingarstyrkur utan vinnumarkaðar er 83.233 kr. á mánuði vegna barna fæddra árið 2021. Eins og sést eru upphæðir fæðingarstyrkjanna lágar auk þess að vera skattskyldar. Það má færa rök fyrir því að greiðslur til nýbakaðra foreldra ættu ekki að vera áunnin réttindi foreldris, heldur réttur barns að fjölskylda þess geti lifað í stöðugleika á meðan umönnun þess ætti að vera í forgangi.

Meirihluti flokkanna í framboði til Alþingis nú í haust vildu bæta fæðingarorlofskerfið á Íslandi og nokkrir vildu sjá breytingar á núverandi fæðingarstyrkjakerfi, eins og sjá má á **Samantekt SHÍ á kosningaáherslum flokkanna frá 17. september 2021**. Fæðingarorlofsmál eru veigamikill málaflokkur sem snertir margar fjölskyldur ár hvert. Í umræðunni um bætt fæðingarorlofskerfi þá er hætta á að foreldrar og fjölskyldur sem treysta á framfærslu fæðingarstyrkja gleymist. Núverandi skilyrði fyrir fæðingarstyrk námsmanna gefa lítið svigrúm og núverandi fyrirkomulag setur aukalegan þrýsting á námsframvindu stúdenta á viðkvæmum tíma t.d. á meðgöngu eða sængurlegu. Því ætti Stúdentaráð að nýta sína rödd til að hvetja félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra til að endurskoða núverandi kerfi í þágu foreldra í námi og nýfæddra barna þeirra.

Jóna Guðbjörg Ágústsdóttir

Ellen Geirsdóttir Hákansson

TILLAGA

vegna Matarspor - kolefnisspors reiknivél fyrir matvæli

Undirrituð leggur til að Stúdentaráð, réttindaskrifstofan og umhverfis- og samgöngunefnd beiti sér fyrir að [Matarspor](#) verði tekið upp við Hámu. Ef tillagan er samþykkt þá verður hún lögð fyrir stjórn Félagsstofnunar stúdenta af forseta Stúdentaráðs og einnig leitast eftir samtali við viðeigandi aðila innan háskólans í samráði við flutningsaðila tillögu.

Rökstuðningur

Hér er lagt til að Matarspor sé innleitt í mötuneytum Hámu. Matarspor er reiknivél fyrir kolefnisspor matvæla fyrir mötuneyti, hönnuð af verkfræðistofunni EFLU. Reiknivélin getur einnig haldið utan um matarsóun. Samkvæmt útreikningum EFLU og Orkuveitu Reykjavíkur er áætlað að kolefnisspor íslendings frá matvælum sé ígildi um 12 tonn CO₂ á ári. Til þess að halda hlýnun jarðar innan 1.5° þá er áætlað að þetta tiltekna kolefnisspor þurfi hins vegar að vera ígildi um 4 tonn CO₂ á ári. Áætlað er að matvæli séu um 30% af neysludrifna kolefnisspori einstaklings.

Í stefnu Háskóla Íslands, HÍ26, má finna markmið um „Sjálfbær Starfsemi“:

„Skólinn verði í forystu í sjálfbærri starfsemi og setji sér mælanleg markmið á sviði kolefnishlutleysis á stefnutímabilinu sem byggi á markmiðum Íslands í þeim málaflokki.“

Ef háskólinn stefnir að kolefnishlutleysi er ekki hægt að horfa framhjá kolefnisspori matarins sem framreiddur er í mötuneytum hans. Matarspor mun geta tekið saman ársuppgjör sem hægt er að nýta til að reikna hvað þarf til kolefnishlutleysis. Einnig vekur Matarspor fólk til umhugsunar sem snæðir í Hámu um kolefnisspor matarins og gefur fólki tækifæri á að taka upplýsta ákvörðun í hádeginu þegar val er á milli tveggja eða fleiri valkosta.

Inga Huld Ármann

TILLAGA

um fjárhagslegan stuðning Háskóla Íslands við Stúdentaleikhúsið

Lagt er til að skrifstofa Stúdentaráðs í samráði við félagslífs- og menningarnefnd óski eftir því að Háskóli Íslands styðji fjárhagslega við Stúdentaleikhúsið og bjóði afnot af sýningar- og æfingarrýmum innan háskólans. Þannig getur Háskólinn stutt við fjölbreyttara háskólasamfélag sem eflir andlega heilsu og líðan nemenda. Tillaga þessi er gerð í samráði við núverandi stjórn Stúdentaleikhússins.

Rökstuðningur

Hér er lagt til aukið samstarf milli Háskóla Íslands og Stúdentaleikhússins. Stúdentaráð Háskóla Íslands stofnaði leikfélag stúdenta árið 1928 sem í dag þekkist betur sem Stúdentaleikhúsið. Leikfélagið hlaut fjárhagslegan stuðning á fyrri árum en er núna sjálfstætt starfandi. Leikhúsbransinn á Íslandi er almennt engin gróðrastarfsemi og hljóta stærri leikfélög styrki frá ríkinu. Sem áhugaleikhús, krefst starfsemi stúdentaleikhússins lítills fjármagns, sér í lagi ef Háskólinn getur boðið aðstöðu til æfinga og/eða sýninga. Helsti kostnaður þá yrði launakostnaður listræns stjórnanda og gætifjárhagsstuðningurinn verið ákveðinn ár hvert í samkomulagi á milli Háskóla Íslands og stjórn Stúdentaleikhússins. Í stefnu HÍ fyrir árin 2021-2026, betur þekkt sem HÍ26, eru áætlanir um fjölbreytt háskólasamfélag og samstarf við samfélagið teknar fyrir. Að styðja við listastörf stúdenta mun styrkja stöðu skólans í samfélaginu og efla félagslíf skólans til muna. Á vefsíðu skólans má lesa um Stúdentaleikhúsið sem hluta af félagslífi skólans, þrátt fyrir að háskólinn veiti félaginu engan stuðning eins og fordæmi er fyrir. Háskóli Íslands getur samið við stúdentaleikhúsið um aukin störf félagsins í hag Háskólans, til að nefna skemmtanir á viðburðum. Einnig getur Háskóli Íslands fengið nafn sitt bendlað við starfsemi leikhússins og bent nemendum sínum á leikhúsið sem hluta af félagslífi háskólans. “Háskóli Íslands, stoltur stuðningsaðili Stúdentaleikhússins”. Í staðinn getur háskólinn boðið leikfélaginu upp á aðstöðu innan skólans til þess að æfa og sýna leikverk og fjárhagslegan stuðning sem ákvarðaður er í samkomulagi milli eininganna.

Stefán Kári Ottósson

T I L L A G A

um skipan þingfulltrúa á landsþingi Landssamtaka íslenskra stúdenta

Stúdentaráð fær 13 fulltrúa á landsþingi Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) og er hér lagt til að þeim þingfulltrúum verði skipt á eftirfarandi máta:

- Skrifstofa Stúdentaráðs: 3 fulltrúar
- Stúdentaráðsliðar: 10 þingfulltrúar í hlutfalli við niðurstöðu kosninga

Aðalfulltrúar í Stúdentaráði munu hafa forgang í skráningu en varafulltrúar geta einnig sótt um. Þá mun reglan um að fjöldi stúdentaráðsliða séu í hlutfalli við niðurstöðu kosninga einnig vera forgangsregla. Ef ekki næst skráning hjá annarri fylkingu upp í sína fulltrúa mun SHÍ leitast eftir því að manna sætin með öðrum meðlimum innan Stúdentaráðs sem áhuga hafa.

Rökstuðningur

Landsþingi Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) verður haldið 3. - 6. mars. Þar koma aðildarfélög LÍS saman og eiga öll sína þingfulltrúa. Þingfulltrúar hafa málfrelsis-, tillögu- og atkvæðisrétt á þinginu. Þingfulltrúum er skipt eftir fjölda stúdenta í hverju aðildarfélagi og Stúdentaráð Háskóla Íslands fær 13 þingfulltrúa í ár.

Að hafa forgangsreglu til staðar um að þingfulltrúar séu í hlutfalli við kosningu er hugsuð til að tryggja aðkomu beggja fylkinga að þinginu, sem og að tryggja að SHÍ manni öll sætin.

Verði tillagan samþykkt mun skráningarskjal fara í loftið strax í kjölfarið og reglan *fyrstur kemur, fyrstur fær* verður við gildi. Þá er ítrekað að aðalfulltrúar hafa forgang og þar næst á eftir varafulltrúar. Náist hins vegar ekki að manna sætin með aðal- og varafulltrúum geti aðrir sem embætti gegna innan Stúdentaráðs hafa kost á því að skrá sig.

Skrifstofa Stúdentaráðs

TILLAGA

að ályktun um að Stapi verði nýtt undir stúdentaíbúðir á ný

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð skrifi og sendi ályktun á rektor Háskóla Íslands þar sem skorað er á skólann að koma að viljayfirlýsingu með Stúdentaráði og Félagsstofnun stúdenta um að eftirláta Félagsstofnun bygginguna Stapa um leið og starfsemin þar flyst annað, þannig að hana megi nýta sem íbúðarhúsnæði fyrir stúdenta á ný.

Rökstuðningur

Byggingin Stapi sem stendur við Hringbraut 31 er fyrsta byggingin sem reist var af Félagsstofnun stúdenta fljótlega eftir stofnun og hýsti hún lengi vel stúdentaíbúðir, Bóksölu stúdenta og aðra starfsemi FS. Árið 2007 var öll starfsemi FS færð yfir á Háskólatorg og er Stapi í dag í umsjón háskólans og byggingin nýtt undir skrifstofur, kennslu og rannsóknir. Í ljósi þess að Háskóli Íslands hefur nú fest kaup á stórum hluta Bændahallarinnar og fyrirhugað er að á næstu árum verði tekið í notkun nýtt hús Heilbrigðisvísindasviðs á Landspítalalóðinni, er hér því lagt til að Stapi verði aftur sett í umsjá Félagsstofnunar stúdenta og byggingin nýtt í þeim tilgangi sem henni var upphaflega ætlað, sem íbúðarhúsnæði og samkomustaður fyrir stúdenta. Þá ber einnig að nefna að Stapi er tengdur við Gamla garð þar sem í dag eru stúdentaíbúðir og því eðlilegt að byggingin verði aftur hluti af þeim stúdentakjarna sem þessum tveim byggingum var upphaflega ætlað að vera.

Í dag býr mun lægra hlutfall skráðra nemenda við Háskóla Íslands í íbúðum sérstaklega ætluð stúdentum miðað við sambærilega háskóla á Norðurlöndunum. Félagsstofnun stúdenta hefur sett sér markmið um að eiga stúdentaíbúðir sem geta hýst 15% skráðra nemenda við Háskóla Íslands og jafnframt hefur stofnunin og stúdentahreyfingarnar lagt áherslu á að fjölga stúdentaíbúðum á háskólasvæðinu sjálfu með það að leiðarljósi að svæðið verði samheldið og sjálfbært samfélag og til að skapa betri rekstrargrundvöll fyrir aðila sem hafa áhuga á að opna og reka verslanir eða aðra þjónustu á eða í nálægð við háskólasvæðið. Í augnablikinu eru ekki til staðar áætlanir um byggingu nýs húsnæðis fyrir stúdentaíbúðir inni á háskólasvæðinu sjálfu og því myndu stúdentaíbúðir í Stapa, ásamt þeim stúdentaíbúðum sem liggur fyrir að teknar verði í notkun í Bændahöllinni, vera stórt skref sem hægt væri að taka á tiltölulega stuttum tíma í átt að því að fjölga stúdentaíbúðum á háskólasvæðinu og ýta undir myndun þess háskólasamfélags sem stúdentar vilja sjá.

Ingvar Þóroddsson, oddviti Röskvu

TILLAGA

vegna takmarkaðs aðgangs nema utan EES til vinnu með námi

Samkvæmt núverandi reglugerðum mega nemendur utan EES einungis sinna 40% starfi meðfram námi, nema að um ræði starfsnám eða vinnu sem fer fram í námsleyfi. Það jafngildir, í hæsta lagi, 15 klukkustundum á viku. Auk þess þurfa nemendur utan EES að fá sérstakt vinnuleyfi til að geta starfað hér á landi.

Undirritaður leggur til að skrifstofa Stúdentaráðs Háskóla Íslands kanni mögulegt samstarf við háskólann með það að marki að einfalda þessum nemendum umsókn til atvinnuleyfis, með sérstaka áherslu á rannsóknarvinnu sem og vinnu undir handleiðslu kennara skólans. Jafnframt er lagt til að skrifstofan þrýsti á stjórnvöld til að auka heimild nemenda utan EES til að vinna svo þeir standi jafnfætis við aðra nemendur skólans.

Tilraunir hafa verið gerðar á tímum heimsfaraldursins af hálfu skrifstofu SHÍ til að vekja athygli stjórnvalda á þessu og er mikilvægt að halda áfram þeirri vinnu með formlegri áskorun til stjórnvalda, þar sem að heimild til aukins vinnuhlutfalls gerir sumar- og rannsóknarstarf sem og almennt nám við skólann aðgengilegra fyrir nemendur utan EES. Myndi þetta styðja við markmið nýrrar stefnu háskólans, HÍ26, þar sem lögð er áhersla á opinn og alþjóðlegan háskóla.

Rökstuðningur

Stúdentaráð er helsta þrýstiafl nemenda út á við og hefur beitt sér fyrir réttum stúdenta í yfir 100 ár. Alþjóðanemar standa nú þegar oft höllum fæti á vinnumarkaði þar sem að þeir eiga, að eigin sögn, oft erfitt með að tryggja viðtöl við vinnuveitendur sökum tungumálaörðugleika eða fordóma vinnuveitenda. Auk þess hafa nemendur utan EES takmarkað aðgengi að íslensku lánakerfi, t.d. Menntasjóði námsmanna. Það að sækja um vinnuleyfi er tímafrekt og aðstoð við umsóknarferlið er af skorum skammti, það setur enn frekari hindranir í veg erlendra nema sem sækjast eftir starfi hér á landi.

Séu nemar utan EES á almennum leigumarkaði og ekki á námslánum dugir 40% vinna á lágmarkslaunum ekki til að dekkja leigukostnað, hvað þá önnur almenn útgjöld svo sem mat og námsgögn. Þegar nemendur utan EES sækja um nám á Íslandi er gerð krafa um að þeir sýni fram á að þeir geti framfleytt sér yfir dvöl sína. Takmarkað aðgengi þeirra að vinnumarkaði jafngildir því takmörkuðu aðgengi að námi en það brýtur í bága við stefnu skólans sem heldur því fram að aukin alþjóðavæðing Háskólans sé eitt af meginmarkmiðum okkar á komandi árum.

Heimild til aukins vinnuhlutfalls og auðveldun umsóknarferlis þegar kemur að vinnuleyfi hér á landi styrkir almenna alþjóðavæðingu Háskólans, sem og íslensks samfélags. Slík breyting myndi stuðla að því að gera nám hér á landi enn meira aðlaðandi, styrkja stöðu alþjóðanema hér á landi og auka aðgengi nemenda að Háskólanum sem ekki eiga kost á viðeigandi námi í heimalandi sínu. Að lokum myndi það efla rannsóknarvinnu skólans og stuðla að fjölbreyttu háskólasamfélagi.

Kjartan Ragnarsson

TILLAGA

að stuðningsyfirlýsingu við umsagnir alþjóðasamtaka og hreyfinga vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga (alþjóðleg vernd)

Undirritaðar leggja til að Stúdentaráð samþykki neðangreinda stuðningsyfirlýsingu og gefi út í kjölfarið.

Rökstuðningur

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga var lagt fram á 149. löggjafarþingi og endurflutt á bæði á 150. og 151. löggjafarþingi en náði á endanum ekki fram að ganga. Á síðasta löggjafarþingi sendi Stúdentaráð frá sér stuðningsyfirlýsingu við umsögn Rauða krossins á Íslandi vegna frumvarpsins. Hér er lagt til að slíkt hið sama sé gert að nýju og taki jafnvel mið af umsögn fleiri alþjóðasamtaka og hreyfinga á borð við UNICEF og Amnesty International.

Líkt og sagði í stuðningsyfirlýsingu Stúdentaráðs 26. júní 2020 er ráðið mótfallið hvers konar aðgerðum sem boða óréttlæti og óvissu fyrir viðkvæma hópa samfélagsins. Í hópi þeirra sem hér setjast að eru ungmenni og börn sem hér geta og eiga eftir að stunda nám, en við Háskóla Íslands er t.a.m. fjölbreyttur hópur bæði nemenda og starfsfólks sem auðga samfélagið okkar svo um munar.

Isabel Alejandra Diaz, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Inga Huld Ármann, stúdentaráðsliði á Verkfræði- og náttúruvísindasviði

Stúdentaráð Háskóla Íslands tekur undir með umsögnum Rauða krossins á Íslandi, UNICEF á Íslandi, Barnaheilla, Landssamtaka Proskahjálpar, Kennarasambands Íslands, Kvenréttindafélags Íslands og Amnesty International vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga (alþjóðleg vernd). Þá tekur ráðið einnig undir með umsögnum Claudia & Partners, Önnu Kristínar B. Jóhannesdóttur hjúkrunarfræðings og aðjúnks sem og Mörtu Jóns Hjördísardóttur hjúkrunarfræðings.

Lagðar eru fram athugasemdir við frumvarpið af ofangreindum umsagnaraðilum um alvarleg inngríp og takmarkanir á grundvallarréttindum flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Þá er vert að taka fram að um er að ræða frumvarp sem flutt var á 149. löggjafarþingi og endurflutt 150., og 151. löggjafarþingi og var í öll þau skipti talin ástæða til að gera athugasemdir við.

Þær hreyfingar, samtök og sérfræðingar sem fordæmt hafa innihald frumvarpsins búa yfir afgerandi sérfræðiþekkingu á málefnum flóttafólks og umsækjendum um alþjóðlega vernd, og öðrum tengdum málaflokkum. Vegna þessa er óumdeilanlegt að afstaða þeirra og sérfræðiálit skiptir höfuðmáli. Markmið frumvarpsins um aukið gagnsæi í málaferlum umsækjenda og skilvirkni til bóta er villandi og boðar frumvarpið þess í stað óvissu fyrir fólk á flóttu. Nái frumvarpið fram að ganga er hætta á að þrengt sé enn frekar að möguleikum fólks til að fá vernd hérlandis og grafið sé þannig undan mannréttindum þeirra með markvissum og meðvituðum hætti.

Stúdentaráð er mótfallið hvers konar aðgerðum er skapa óréttlæti í garð viðkvæmra hópa samfélagsins. Það á að vera venja frekar en undantekning að taka á móti og búa vel um fólk sem sest hér að og auðgar samfélagið okkar svo um munar. Það er t.a.m. skýrt markmið og einlægur vilji stúdentahreyfingana að háskólasamfélagið okkar stuðli enn frekar að jöfnuði og gagnkvæmri virðingu meðal fjölbreyttra hópa nemenda og starfsfólks. Stúdentaráð hvetur íslensk stjórnvöld til að virða þá alþjóðlega mannréttindasáttmála sem Ísland hefur skuldbundið sig til að fylgja og sýna mannúð í verki með því að tryggja sanngjarna málsmeðferð og grundvallarþjónustu flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

T I L L A G A

að ályktun Stúdentaráðs varðandi heilbrigðismóttöku á háskólasvæðinu

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð Háskóla Íslands nýti það sóknarfæri sem felast í uppbyggingu í nálægð við Háskóla Íslands og í komandi borgarstjórnarkosningum og sendi neðangreinda ályktun á alla þá flokka sem bjóða fram í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík sem og heilbrigðisráðuneytið og Háskóla Íslands. Er þetta gert til að fylgja eftir stefnu Stúdentaráðs um að fá heilsugæslu inn á háskólasvæðið en tillaga þess efnis var samþykkt á Stúdentaráðsfundi 21. janúar 2020.

Sé tillaga þessi samþykkt er undirrituðum og skrifstofu Stúdentaráðs falið að yfirfara ályktunina og senda hana á ofangreinda aðila.

Erna Lea Bergsteinsdóttir, stúdentaráðsliði Félagsvísindasviðs

Ingvar Þóroddsson, oddviti Röskvu

Á L Y K T U N

Undanfarin ár hefur Stúdentaráð beitt sér í þágu stúdenta hvað varðar heilbrigðismál. Má þá helst nefna geðheilbrigði en frá árinu 2018 hefur Stúdentaráð vakið athygli á bágrri stöðu stúdenta í þeim efnum. Háskóli Íslands hefur brugðist við þessu en sálfræðingum við skólann hefur fjölgað töluvert síðan þá. Þrátt fyrir þennan árangur í geðheilbrigðismálum má þó enn gera betur til þess að bæta stöðu stúdenta almennt í heilbrigðismálum. Árið 2011 var gerð [rannsókn](#) þar sem kom í ljós að þörf stúdenta við Háskóla Íslands á sérstakri heilbrigðismóttöku eða heilsugæslu var mikil. Ásamt því kom í ljós að stór hópur stúdenta er án heimilislæknis og hafði kostnaður hindrað þá í að sækja sér heilbrigðisþjónustu. Nú í kjölfar Covid-19 mun þörf stúdenta fyrir bættari heilbrigðisþjónustu að öllum líkindum aukast vegna þeirra áhrifa sem hann hefur haft á heilsu þeirra, þá ekki síst andlegrar heilsu. Í október 2020 gerði Stúdentaráð Háskóla Íslands [könnun](#) á líðan og stöðu nemenda við skólann vegna Covid-19 en þar lýsir meirihluti nemenda því að þeim hafi liðið illa að sökum faraldursins og hafi einnig upplifað aukið álag. Í janúar 2020 samþykkti Stúdentaráð tillögu þess efnis að birta og senda ályktun á viðeigandi aðila varðandi þörf á sérstakri heilbrigðismóttöku eða heilsugæslu fyrir háskólanemendur. Lítið hefur borið á umræðu hjá borgaryfirvöldum og yfirvöldum heilbrigðismála um málið síðan þá.

Nauðsynlegt er að efla háskólasamfélagið en nú á sér uppbygging stað á svæðinu þar sem liggja ákveðin sóknarfæri. Íbúum á háskólasvæðinu hefur fjölgað á tiltölulega stuttum tíma en 244 stúdentaíbúðir voru teknar í notkun á Mýrargörðum árið 2020, 69 íbúðir í viðbyggingu við Gamla Garð árið 2021 og mun þeim áfram fjölga hratt nú þegar Félagsstofnun stúdenta hefur fest kaup

á hluta Bændahallarinnar. Með þessari þróun skapast betri rekstrargrundvöllur fyrir margskonar þjónustu inni á háskólasvæðinu. Það er jákvætt en Stúdentaráð hefur ítrekað talað fyrir því að sjálfbærni svæðisins skuli höfð að leiðarljósi þannig að fólk þurfi ekki að reiða sig á einkabílinn til þess að sækja nauðsynlega þjónustu. Nú þegar hefur líkamsrækt opnað í Grósku sem er mikið fagnarðarefni og er von fyrir matvöruverslun á næstu misserum. Auk uppbyggingu í Vatnsmýrinni má þó nefna tilvonandi [breytingar](#) í Skerjafirði þar sem gangandi og hjólandi verða í forgang í allri hönnun í hverfinu. Nú eru næstu heilsugæslur fyrir Skerjafjörð, Vesturbæinn og háskólasvæðið í Miðbæ, Hlíðum og á Seltjarnarnesi. Þá er ljóst að háskólanemar er ekki eini hópurinn sem fer stækkandi og myndi njóta góðs af nýrri heilsugæslu á svæðinu þar sem hverfið í kring er að vaxa. Með tilkomu Grósku og áframhaldandi uppbyggingu á lóðum Vísindagarða í Vatnsmýrinni sjá undirrituð tækifæri til að ráð fyrir heilbrigðismóttöku við skipulagningu og úthlutun húsnæðis á svæðinu en Vísindagarðar eru 94,6% í eigu Háskóla Íslands 5,4% í eigu Reykjavíkurborgar.

Ljóst er að þörf stúdenta á bættu aðgengi að heilbrigðisþjónustu sé svo sannarlega til staðar og orðið tímabært á Háskóli Íslands ásamt stjórnvöldum bregðist við þessari þörf.

TILLAGA

að bættu aðgengi að starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun við Háskóla Íslands

Lagt er til að Stúdentaráð beiti sér áfram fyrir málefnum varðandi starfstengds diplómunáms fyrir fólk með þroskahömlun. Þá skuli ráðið beita sér fyrir því að vinna sé sett af stað til að bæta námið innan Menntavísindasviðs t.d með að þrýsta á að settur verði á fót starfshópur. Einnig óskum við eftir að Stúdentaráð þrýsti á stjórnvöld að auka fjármagn fyrir námið svo hægt sé að stækka það og dreifa því yfir á önnur svið. Verði tillagan samþykkt verður forseta Kennslumálanefndar og sviðsráðsforseta Menntavísindasviðs falið að skrifa erindi sem borið verður upp í Kennslumálanefnd Háskólaráðs og jafnframt sent á háskólamálaráðherra.

Rökstuðningur

Eins og staðan er í dag er starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun aðeins í boði á Menntavísindasviði, þeim er þar boðið upp á að velja námskeið sem einblína á þroskaþjálfrafræði, leikskólakennarafræði eða tómstunda- og félagsmálafræði. Þessar námsleiðir tilheyra mjög svipuðum starfsvettvöngum þar sem oftast er einblínt á börn eða fólk með fatlanir. Með því að bjóða aðeins upp á nám fyrir nemendur með þroskahömlun innan Menntavísindasvið er háskólinn óbeint að útiloka þennan jaðarsetta nemendahóp að kjósa sér nám eftir áhugasviði. Þar með eru aðilar með þroskahömlun einnig útilokaðir frá þeim starfsvettvangi sem þeir myndu helst kjósa. Í 24. grein Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem Ísland fylgir, stendur:

„Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að hefja almennt nám á háskólastigi og að það fái aðgang að starfsþjálfun, fullorðins fræðslu og símenntun án mismununar og til jafns við aðra. Aðildarríkin skulu, í þessu skyni, tryggja að fatlað fólk fái notið viðeigandi aðlögunar.“

Aðilar sem sækja um starfstengt diplómanám þurfa á sérstakri aðstoð að halda og umhverfi til að ljúka náminu og því mikilvægt að fjölbreytt úrval sé í boði þvert á fræðasvið háskólans. Vissulega geta aðilar með þroskahömlun sótt um í nám af hvaða sviði sem er, en þá stendur þeim til boða lítil sem engin aðstoð eða þjónusta við námið.

Á Menntavísindasviði er starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun aðeins í boði á tveggja ára fresti og aðeins fyrir rúmlega 15 nemendur í senn. Í hverju umsóknarferli sækja vanalega fleiri en 15 aðilar að. Þetta veldur því að hópur fólks með þroskahömlun gefst ekki tækifæri á að taka þessa námsleið nema það hafi sótt um oft en einu sinni. Ef nemandi þarf að sækja um námið oft en einu sinni þá líður langur tími frá ákvörðun um að sækja um námið þar til loks fæst að hefja námið. Út frá þessu ferli er hægt að segja að það sé ekki mjög hvetjandi fyrir nemendur með þroskahömlun að endurtaka umsóknarferlið og er því hætt á að fólk með þroskahömlun gefist upp á að sækja sér nám við Háskóla Íslands. Mikilvægt sé að vinnan sé unnin í samráði við aðila sem leitast eftir að stunda starfstengt diplómanám, þau sem eru nú þegar skráð í námið eða hafa brautskrást frá náminu.

Inga Huld Ármann, forseti Kennslumálanefndar SHÍ

Rósa Halldórsdóttir, sviðsráðsforseti MVS

TILLAGA

að ákalli um aukið fjármagn í rannsóknir á sviði jafnréttismála

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð skrifi og sendi ályktun á stjórn Jafnréttissjóðs Íslands og forsætisráðherra þar sem skorað er á að auknu fjármagni sé varið í rannsóknarsjóði Rannís á sviði jafnréttismála og veitt verði úr sjóðnum ár hvert.

Rökstuðningur

Á árabílinu 2016–2020 var tæplega 455.000.000 kr. úthlutað úr Jafnréttissjóði Íslands til 132 verkefna til Rannís. Verkefni sem hlutu styrk úr Jafnréttissjóði Íslands á tímabilinu fela í sér þekkingarsköpun eða miðlun þekkingar á sviði jafnréttismála. Verkefnin koma á ýmsu formi, í doktorsrannsóknum eða öðrum fræðilegum rannsóknum, útgáfu bóka, greinasafna, myndbanda og kvikmynda svo eitthvað sé nefnt. Markmið Jafnréttissjóðs Íslands er að vinna gegn misrétti og efla jafnrétti. Verkefnin sem hlutu styrk úr Jafnréttissjóði Íslands á tímabilinu snerta hvert og eitt markmið sjóðsins.

Árið 2021 var gríðarleg skerðing á úthlutun styrkja úr Jafnréttissjóði Íslands. Líkt og sjá má í töflunni hér að neðan.

Tafla 1: Úthlutun úr Jafnréttissjóð til styrktar verkefna á sviði jafnréttis 2019–2021.

	Fjöldi umsókna	Fjöldi verkefna styrkt	Úthlutun (mill. kr.)
2019	76	17	91
2020	88	19	92
2021	81	8	25

Í fjárlagafrumvarpi fyrir 2021 kemur fram ástæða fyrir þessari skerðingu. Í tilefni af 100 ára kosningaafmæli kvenna var tímabundin aukning Jafnréttissjóðs Íslands á fjárlögum áráanna 2016–2020. Þegar því tímabili lauk lækkuðu framlög til sjóðsins verulega (niður í 30 milljónir) og þar með úthlutanir úr sjóðnum³.

³ Fjárlagafrumvarp 2021: https://stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/FJR/FJR_Fjarlagafrumvarp_V3.pdf

Ef vísað er í orð stjórnar Jafnréttissjóðs árið 2020 er enn langt í land í jafnréttisbaráttunni þrátt fyrir 455 m.kr. sem úthlutað var úr sjóðnum á 4 árum⁴. Mikilvægt er að þessi málaflokkur mæti ekki afgangi þegar kemur að forgangsroðun fjármuna stjórnvalda þar sem baráttunni er hvergi nærri lokið og þess vegna teljum við ríka ástæðu til endurskoðunar á þessari ákvörðun. Eins hefur verið ákveðið að veita styrki úr sjóðnum á tveggja ára fresti í stað árs fresti samkvæmt nýjum reglum um úthlutun styrkja úr Jafnréttissjóði Íslands⁵. Við köllum eftir því að veitt verði úr sjóðnum ár hvert og þessi tímabundna aukning verði til frambúðar eða komið verði til móts við fjölda umsókna sem hafa ekki fækkað milli ára.

Jóna Gréta Hilmarsdóttir, sviðsráðsforseti Hugvísindasviðs

Erlingur Sigvaldason, forseti jafnréttisnefndar SHÍ

⁴ Samantekt á styrkveitingum Jafnréttissjóðs Íslands árin 2016–2020 (bls. 4):

<https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Samantekt%20a%cc%81%20styrkveitingum%20Jafnr%c3%a9ttissj%c3%b3%c3%b0s%20c3%8dslands%202016-2020.pdf>

⁵ Reglur um úthlutun styrkja úr Jafnréttissjóði Íslands

144/2021: <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=003ee54c-d480-4add-8255-9dd0498a2931>

VIÐAUKI C - LAGABREYTINGARTILLÖGUR

18. ágúst 2021

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: 7. gr. laga Stúdentaráðs um kjörin embætti

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

<i>Núverandi grein</i> 7. gr.	<i>Breytingartillaga</i> s. liður 7. gr.
a. Á kjörfundi er kosið í helstu embætti Stúdentaráðs. Gefi fleiri kost á sér en kosið er ræður hlutfallskosning. Séu fleiri en einn kosinn í tiltekinni kosningu hlýtur sá sem hlýtur flest atkvæði embættið, svo sá sem þar eftir kemur og svo koll af kolli. b. Á kjörfundi kjósa nýkjörnir fulltrúar Stúdentaráðs, hér eftir Stúdentaráðsliðar. c. Forseti Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi. d. Varaforseti Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi. e. Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi. Hann situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna. Hann tekur þó ekki við af fyrri fulltrúa fyrr en samningaviðræðum um úthlutunarreglur næsta skólaárs er lokið. Skrifstofa Stúdentaráðs skipar varafulltrúa úr hópi starfsfólks í stjórn Menntasjóðsins. f. Hagsmunafulltrúi er kjörinn á kjörfundi. g. Í fjármála- og atvinnulífsnefnd, jafnréttisnefnd, alþjóðanefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og	a. Á kjörfundi er kosið í helstu embætti Stúdentaráðs. Gefi fleiri kost á sér en kosið er ræður hlutfallskosning. Séu fleiri en einn kosinn í tiltekinni kosningu hlýtur sá sem hlýtur flest atkvæði embættið, svo sá sem þar eftir kemur og svo koll af kolli. b. Á kjörfundi kjósa nýkjörnir fulltrúar Stúdentaráðs, hér eftir Stúdentaráðsliðar. c. Forseti Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi. d. Varaforseti Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi. e. Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi. Hann situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna. Hann tekur þó ekki við af fyrri fulltrúa fyrr en samningaviðræðum um úthlutunarreglur næsta skólaárs er lokið. Skrifstofa Stúdentaráðs skipar varafulltrúa úr hópi starfsfólks í stjórn Menntasjóðsins. f. Hagsmunafulltrúi er kjörinn á kjörfundi. g. Í fjármála- og atvinnulífsnefnd, jafnréttisnefnd, alþjóðanefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og

menningarnefnd og lagabreytinganefnd skulu kjörnir fjórir einstaklingar á kjörfundi. h. Í kennslumálanefnd skulu skipaðir fimm einstaklingar, einn af hverju fræðasviði, af sviðsráðum í kjölfar kjörfundar og fyrir skiptafund ár hvert. Skulu þeir einstaklingar vera kjörnir af sviðsráðum og vera úr röðum sviðsráðsmeðlima hvers sviðs. Skulu þeir jafnframt taka sæti sem fulltrúar stúdenta í kennslunefndir fræðasviðanna. i. Stúdentaráð skipar tvo aðila í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd SHÍ og eru þeir kjörnir á kjörfundi. Icelandic Startups skipar einn aðila og sjálf velur nefndin sér fjóra aðila. Auglýsa skal laus pláss meðal nemenda Háskólans að vori. j. Stúdentaráðsliðar skulu hafa forgang yfir aðra nemendur í forsæti í nefndum, fyrir utan alþjóðanefnd þar sem alþjóðafulltrúi situr sem forseti nefndar. k. Stúdentaráð skipar 10 fulltrúa til Háskólaþings. Á kjörfundi skulu 7 fulltrúar úr hópi Stúdentaráðsliða og varafulltrúa þeirra til þingsins og fjórir til vara, skal þetta gert í hlutfalli við niðurstöður kosninga til Stúdentaráðs. Gefi fleiri fulltrúar kost á sér kýs Stúdentaráð á milli þeirra eftir hlutfallskosningu. Hinir þrír fulltrúarnir sem eftir eru skulu skipaðir af Skrifstofu Stúdentaráðs úr hópi starfsfólks. l. Forseti Stúdentaráðs situr til tveggja ára í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta (hér eftir LÍS). Setan er samkvæmt fléttuskipulagi og er kjörtímabil hvers aðalfulltrúa tvö ár. Jafnframt skulu tveir varafulltrúar skipaðir til eins árs. Varafulltrúar skulu vera kjörnir á kjörfundi SHÍ. Kjörgengi til embættis varafulltrúa hafa allir sem skráðir hafa verið til náms á yfirstandandi skólaári. Segi fulltrúi af	menningarnefnd og lagabreytinganefnd skulu kjörnir fjórir einstaklingar á kjörfundi. h. Í kennslumálanefnd skulu skipaðir fimm einstaklingar, einn af hverju fræðasviði, af sviðsráðum í kjölfar kjörfundar og fyrir skiptafund ár hvert. Skulu þeir einstaklingar vera kjörnir af sviðsráðum og vera úr röðum sviðsráðsmeðlima hvers sviðs. Skulu þeir jafnframt taka sæti sem fulltrúar stúdenta í kennslunefndir fræðasviðanna. i. Stúdentaráð skipar tvo aðila í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd SHÍ og eru þeir kjörnir á kjörfundi. Icelandic Startups skipar einn aðila og sjálf velur nefndin sér fjóra aðila. Auglýsa skal laus pláss meðal nemenda Háskólans að vori. j. Stúdentaráðsliðar skulu hafa forgang yfir aðra nemendur í forsæti í nefndum, fyrir utan alþjóðanefnd þar sem alþjóðafulltrúi situr sem forseti nefndar. k. Stúdentaráð skipar 10 fulltrúa til Háskólaþings. Á kjörfundi skulu 7 fulltrúar úr hópi Stúdentaráðsliða og varafulltrúa þeirra til þingsins og fjórir til vara, skal þetta gert í hlutfalli við niðurstöður kosninga til Stúdentaráðs. Gefi fleiri fulltrúar kost á sér kýs Stúdentaráð á milli þeirra eftir hlutfallskosningu. Hinir þrír fulltrúarnir sem eftir eru skulu skipaðir af Skrifstofu Stúdentaráðs úr hópi starfsfólks. l. Forseti Stúdentaráðs situr til tveggja ára í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta (hér eftir LÍS). Setan er samkvæmt fléttuskipulagi og er kjörtímabil hvers aðalfulltrúa tvö ár. Jafnframt skulu tveir varafulltrúar skipaðir til eins árs. Varafulltrúar skulu vera kjörnir á kjörfundi SHÍ. Kjörgengi til embættis varafulltrúa hafa allir sem skráðir hafa verið til náms á yfirstandandi skólaári. Segi fulltrúi af sér í fulltrúaráði LÍS skal fyrsti varafulltrúi
---	---

sér í fulltrúaráði LÍS skal fyrsti varafulltrúi taka sæti hans í fulltrúaráði. Þá tekur næsti varafulltrúi sæti þess varafulltrúa sem tók sæti í fulltrúaráði og svo koll af kolli. m. Forseti jafnréttisnefndar Stúdentaráðs gegnir embætti jafnréttisfulltrúa Stúdentaráðs. Hann á sæti í jafnréttisnefnd Háskólaráðs. n. Forseti kennslumálanefndar Stúdentaráðs gegnir embætti kennslumálafulltrúa Stúdentaráðs. Hann á sæti í kennslumálanefnd Háskólaráðs. o. Við kjör í stjórn Félagsstofnunar stúdenta skal hver fulltrúi ásamt varafulltrúa kjörinn sérstaklega. Heimilt er að krefjast þess, að sá sem stungið er upp á láti í ljós samþykki sitt eða samþykkið sé vottað með öðrum tryggilegum hætti. Kosið er á Stúdentaráðsfundi þegar skipa þarf nýjan fulltrúa í stjórn FS. p. Stúdentaráð er með tvo fulltrúa í Stúdentaráði Aurora, samstarfsneti níu háskóla í Evrópu. Annar þeirra skal valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ en hinn skal vera alþjóðafulltrúi skrifstofu Stúdentaráðs. q. Stúdentaráð er með einn fulltrúa í fulltrúaráði LUF, Landssambandi ungmennafélaga. Skal hann valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ. r. Þegar skipa þarf í önnur embætti er það auglýst meðal allra stúdenta með almennum stúdentapósti. Stúdentaráð greiðir atkvæði um þær umsóknir sem berast á næsta fundi sínum.	taka sæti hans í fulltrúaráði. Þá tekur næsti varafulltrúi sæti þess varafulltrúa sem tók sæti í fulltrúaráði og svo koll af kolli. m. Forseti jafnréttisnefndar Stúdentaráðs gegnir embætti jafnréttisfulltrúa Stúdentaráðs. Hann á sæti í jafnréttisnefnd Háskólaráðs. n. Forseti kennslumálanefndar Stúdentaráðs gegnir embætti kennslumálafulltrúa Stúdentaráðs. Hann á sæti í kennslumálanefnd Háskólaráðs. o. Við kjör í stjórn Félagsstofnunar stúdenta skal hver fulltrúi ásamt varafulltrúa kjörinn sérstaklega. Heimilt er að krefjast þess, að sá sem stungið er upp á láti í ljós samþykki sitt eða samþykkið sé vottað með öðrum tryggilegum hætti. Kosið er á Stúdentaráðsfundi þegar skipa þarf nýjan fulltrúa í stjórn FS. p. Stúdentaráð er með tvo fulltrúa í Stúdentaráði Aurora, samstarfsneti níu háskóla í Evrópu. Annar þeirra skal valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ en hinn skal vera alþjóðafulltrúi skrifstofu Stúdentaráðs. q. Stúdentaráð er með einn fulltrúa í fulltrúaráði LUF, Landssambandi ungmennafélaga. Skal hann valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ. r. Þegar skipa þarf í önnur embætti er það auglýst meðal allra stúdenta með almennum stúdentapósti. Stúdentaráð greiðir atkvæði um þær umsóknir sem berast á næsta fundi sínum. s. Stúdentaráð skipar tvo fulltrúa í stjórn Stúdentasjóðs skv. 2. gr. laga sjóðsins. Stúdentaráð skal skipa fulltrúana á Stúdentaráðsfundi fyrir 15. september ár hvert og sitja fulltrúarnir í stjórn sjóðsins í eitt ár. Hinir fulltrúarnir eru
---	---

**kjörnir af sviðsráðum og skulu vera
einn af hverju sviði sbr.**

RÖKSTUÐNINGUR

Lagabreytingin miðar að því að í lögum Stúdentaráðs sé kveðið um þá tvo fulltrúa sem Stúdentaráð skipar í stjórn Stúdentasjóðs sbr. 2. tl. 1. mgr. 2. gr. laga Stúdentasjóðs, sem kveður á um að Stúdentaráð eigi að skipa tvo fulltrúa af sjö.

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: I. kafli, Nafn og tilgangur

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein <i>1. kafli</i>	Breytingartillaga <i>1. kafli</i>
1. Kafli - Nafn og tilgangur	1. Nafn og hlutverk

RÖKSTUÐNINGUR

Lögð er til einföld breyting á orðavali sem tillöguberar telja að lýsi betur starfsemi Stúdentaráðs.

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: 5. gr., stjórnskipan Stúdentaráðs og sviðsráða

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein <i>a-liður 5. gr.</i>	Breytingartillaga <i>a-liður og g-liður 5. gr.</i>
5. Grein - Stjórnskipan Stúdentaráðs og sviðsráða a. Í Stúdentaráði Háskóla Íslands skulu fulltrúar hvers fræðasviðs taka sér sæti og gætir ráðið hagsmuna allra nemenda við skólann. Einn fulltrúi frá hverju fræðasviði mun taka sér sæti sem forseti viðkomandi sviðsráðs og fara fyrir því skv. 18. gr. laganna. b. Forseti Stúdentaráðs, í forföllum hans varaforseti, skal vera málsvari ráðsins út á við og gagnvart yfirstjórn Háskólans, eftir því sem við á. Forseti Stúdentaráðs ber ábyrgð á að kynna ársskýrslu nýlokens starfsárs SHÍ á skiptafundi ráðsins. c. Stúdentaráð getur ályktað um tiltekið málefni og tekur Stúdentaráðsfundur fullnaðarákvörðun í öllum málum sem heyra undir sviðsráð, fastanefndir, starfshópa, stjórn, skrifstofu, starfsfólk og fulltrúa ráðsins. d. Stúdentaráð setur verklagsreglur um ályktanir ráðsins, m.a. um möguleika á rafrænni afgreiðslu þeirra. e. Stúdentaráð getur lýst yfir vantrausti á alla fulltrúa sem ráðið hefur kosið til að gegna embætti. f. Stúdentaráðsliði getur lýst yfir vantrausti á annan Stúdentaráðsliða. Stúdentaráð skal greiða atkvæði og sé tillagan samþykkt skal boða til almenns stúdentafundar. Fari fram atkvæðagreiðsla á stúdentafundinum þarf 2/3 atkvæða fundarmanna til að víkja Stúdentaráðsliða úr embætti, enda hafi 200 stúdentar Háskóla Íslands hið minnsta tekið þátt í atkvæðagreiðslunni.	5. Grein - Stjórnskipan Stúdentaráðs-og sviðsráða a. Í Stúdentaráði Háskóla Íslands skulu fulltrúar hvers fræðasviðs taka sér sæti og gætir ráðið hagsmuna allra nemenda við skólann. Einn fulltrúi frá hverju fræðasviði skal taka sér sæti sem forseti viðkomandi sviðsráðs og fara fyrir því skv. 18. gr. laganna. b. Forseti Stúdentaráðs, í forföllum hans varaforseti, skal vera málsvari ráðsins út á við og gagnvart yfirstjórn Háskólans, eftir því sem við á. Forseti Stúdentaráðs ber ábyrgð á að kynna ársskýrslu nýlokens starfsárs SHÍ á skiptafundi ráðsins. c. Stúdentaráð getur ályktað um tiltekið málefni og tekur Stúdentaráðsfundur fullnaðarákvörðun í öllum málum sem heyra undir sviðsráð, fastanefndir, starfshópa, stjórn, skrifstofu, starfsfólk og fulltrúa ráðsins. d. Stúdentaráð setur verklagsreglur um ályktanir ráðsins, m.a. um möguleika á rafrænni afgreiðslu þeirra. e. Stúdentaráð getur lýst yfir vantrausti á alla fulltrúa sem ráðið hefur kosið til að gegna embætti. f. Stúdentaráðsliði getur lýst yfir vantrausti á annan Stúdentaráðsliða. Stúdentaráð skal greiða atkvæði og sé tillagan samþykkt skal boða til almenns stúdentafundar. Fari fram atkvæðagreiðsla á stúdentafundinum þarf 2/3 atkvæða fundarmanna til að víkja Stúdentaráðsliða úr embætti, enda hafi 200 stúdentar Háskóla Íslands hið minnsta tekið þátt í atkvæðagreiðslunni.

	g. Stúdentaráð getur falið nefndum og einstaklingum sérstök verkefni með samþykki hverju sinni. Ráðinu er einnig heimilt að stofna starfshópa í kringum ákveðin og afmörkuð verkefni. Viðkomandi einstaklingar skulu skila skriflegri skýrslu um störf sín til Stúdentaráðs þegar verkefninu er lokið. Feli verkefnið hvers konar kostnaðar á vegum Stúdentaráðs skal skýrslan vera ítarleg og skulu fylgja með bókhaldsupplýsingar.
--	--

RÖKSTUÐNINGUR

Lagt er til að heiti 5. gr. II. kafla sé breytt og orðið *sviðsráð* falli niður þar sem kaflinn kveður á um almenn ákvæði og stjórnskipan sviðsráða er tekið fyrir í 8. gr. III. kafla og aftur í IV. kafla um sviðsráð og hlutverk þess. Einnig eru smáar málfræði- og orðalagsbreytingar til samræmingar á heildartextanum. Þá er lagt til að nýr g-liður bætist við 5. gr. sem kveður á um heimild Stúdentaráðs til að fela nefndum, einstaklingum eða starfshópum sérstök verkefni og hvernig þeim verkefnum skuli gera skil. Sá liður myndi þá færast úr 20. gr. um skipulag nefnda í V. kafla um nefndir, þar sem téður kafli snýr að hlutverki og stjórnskipan nefndana en hefur t.a.m. ekkert með það að gera hvort Stúdentaráð hafi heimild til að stofna sérstaka starfshópa eða fela öðrum einstaklingum að taka að sér afmarkaðri verkefni.

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: 6. gr., skipun helstu embætta

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein <i>b-liður og c-liður 6. gr.</i>	Breytingartillaga <i>b-liður og c-liður 6. gr.</i>
a. Forseti Stúdentaráðs boðar nýkjörið ráð til kjörfundar eigi síðar en sex vikum eftir kosningar til Stúdentaráðs og háskólaráðs. b. Kjörfundinn skal boða með tryggilegum hætti meðal stúdenta Háskóla Íslands með minnst 10 daga fyrirvara. Í fundarboði skal greina frá tilgangi fundarins og þeim möguleika að gefa kost á sér í embætti forseta, varaforseta, hagsmunafulltrúa, lánasjóðsfulltrúa SHÍ, nefndir Stúdentaráðs, ásamt öðrum embættum sem kjörið er í á fundinum. Þau sem kjörin eru á kjörfundi taka við störfum á skiptafundi, sbr. 4. gr. c. Kjörgengir til embætta á skrifstofu, í nefndum og á vegum SHÍ eru allir þeir sem hafa verið skráðir til náms við Háskóla Íslands á síðustu þremur árum á undan sérstökum kjörfundi.	a. Forseti Stúdentaráðs boðar nýkjörið ráð til kjörfundar eigi síðar en sex vikum eftir kosningar til Stúdentaráðs og háskólaráðs. b. Kjörfundinn skal boða með tryggilegum hætti meðal stúdenta Háskóla Íslands með minnst 10 daga fyrirvara. Í fundarboði skal greina frá tilgangi fundarins og þeim möguleika að gefa kost á sér í embætti forseta, varaforseta, hagsmunafulltrúa, lánasjóðsfulltrúa SHÍ, nefndir Stúdentaráðs og önnur embætti Stúdentaráðs sem kjörið er í á fundinum. Þau sem kjörin eru á kjörfundi taka við störfum á skiptafundi, sbr. 4. gr. c. Kjörgengir til embætta á skrifstofu, í nefndir um og annarra embætta á vegum SHÍ eru allir þeir sem hafa verið skráðir til náms við Háskóla Íslands á síðustu þremur árum á undan sérstökum kjörfundi.

RÖKSTUÐNINGUR

Hér eru um að ræða orðalagsbreytingar þannig að textinn falli betur að. Það er t.a.m. lagt til að í upptalningunni um kjörin embætti á skrifstofuna sé **SHÍ** tekið út rétt á eftir **lánasjóðsfulltrúa** þar sem það er ekki einungis sá fulltrúi sem starfar fyrir Stúdentaráð. Í því samhengi er lagt til að orðið Stúdentaráð sé staðsett aftast í upptalningunni þannig að ljóst sé að öll embættin sem talin eru upp heyra undir ráðið. Til viðbótar eru málfræðibreytingar á borð við leiðréttingu á beygingu orðanna.

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: 7. gr., kjörin embætti

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein öll 7. gr.	Breytingartillaga öll 7. gr.
a. Á kjörfundi er kosið í helstu embætti Stúdentaráðs. Gefi fleiri kost á sér en kosið er ræður hlutfallskosning. Séu fleiri en einn kosinn í tiltekinni kosningu hlýtur sá sem hlýtur flest atkvæði embættið, svo sá sem þar eftir kemur og svo koll af kolli. b. Á kjörfundi kjósa nýkjörnir fulltrúar Stúdentaráðs, hér eftir Stúdentaráðsliðar. c. Forseti Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi. d. Varaforseti Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi. e. Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi. Hann situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna. Hann tekur þó ekki við af fyrri fulltrúa fyrr en samningaviðræðum um úthlutunarreglur næsta skólaárs er lokið. Skrifstofa Stúdentaráðs skipar varafulltrúa úr hópi starfsfólks í stjórn Menntasjóðsins. f. Hagsmunafulltrúi er kjörinn á kjörfundi. g. Í fjármála- og atvinnulífsnefnd, jafnréttisnefnd, alþjóðanefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd og lagabreytinganefnd skulu kjörnir fjórir einstaklingar á kjörfundi. h. Í kennslumálanefnd skulu skipaðir fimm einstaklingar, einn af hverju fræðasviði, af sviðsráðum í kjölfar kjörfundar og	a. Á kjörfundi er kosið í helstu embætti Stúdentaráðs af nýkjörnum fulltrúum Stúdentaráðs, hér eftir Stúdentaráðsliðar. Gefi fleiri kost á sér en kosið er ræður hlutfallskosning. Séu fleiri en einn kosinn í tiltekinni kosningu hlýtur sá sem hlýtur flest atkvæði embættið, svo sá sem þar eftir kemur og svo koll af kolli. b. Á kjörfundi kjósa nýkjörnir fulltrúar Stúdentaráðs, hér eftir Stúdentaráðsliðar. i. Forseti Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi. ii. Varaforseti Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi. iii. Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi. Hann situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna. Hann tekur þó ekki við af fyrri fulltrúa fyrr en samningaviðræðum um úthlutunarreglur næsta skólaárs er lokið. Skrifstofa Stúdentaráðs skipar varafulltrúa úr hópi starfsfólks í stjórn Menntasjóðsins. iv. Hagsmunafulltrúi er kjörinn á kjörfundi. v. Í fjármála- og atvinnulífsnefnd, jafnréttisnefnd, alþjóðanefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd og

fyrir skiptafund ár hvert. Skulu þeir einstaklingar vera kjörnir af sviðsráðum og vera úr röðum sviðsráðsmeðlima hvers sviðs. Skulu þeir jafnframt taka sæti sem fulltrúar stúdenta í kennslunefndir fræðasviðanna. i. Stúdentaráð skipar tvo aðila í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd SHÍ og eru þeir kjörnir á kjörfundi. Icelandic Startups skipar einn aðila og sjálf velur nefndin sér fjóra aðila. Auglýsa skal laus pláss meðal nemenda Háskólans að vori. j. Stúdentaráðsliðar skulu hafa forgang yfir aðra nemendur í forsæti í nefndum, fyrir utan alþjóðanefnd þar sem alþjóðafulltrúi situr sem forseti nefndar. k. Stúdentaráð skipar 10 fulltrúa til Háskólapings. Á kjörfundi skulu 7 fulltrúar úr hópi Stúdentaráðsliða og varafulltrúa þeirra til þingsins og fjórir til vara, skal þetta gert í hlutfalli við niðurstöður kosninga til Stúdentaráðs. Gefi fleiri fulltrúar kost á sér kýs Stúdentaráð á milli þeirra eftir hlutfallskosningu. Hinir þrír fulltrúarnir sem eftir eru skulu skipaðir af Skrifstofu Stúdentaráðs úr hópi starfsfólks. l. Forseti Stúdentaráðs situr til tveggja ára í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta (hér eftir LÍS). Setan er samkvæmt fléttuskipulagi og er kjörtímabil hvers aðalfulltrúa tvö ár. Jafnframt skulu tveir varafulltrúar skipaðir til eins árs. Varafulltrúar skulu vera kjörnir á kjörfundi SHÍ. Kjörgengi til embættis varafulltrúa hafa allir sem skráðir hafa verið til náms á yfirstandandi skólaári. Segi fulltrúi af sér í fulltrúaráði LÍS skal fyrsti varafulltrúi taka sæti hans í fulltrúaráði. Þá tekur næsti varafulltrúi sæti þess varafulltrúa sem tók sæti í fulltrúaráði og svo koll af kolli. m. Forseti jafnréttisnefndar Stúdentaráðs gegnir embætti jafnréttisfulltrúa	lagabreytinganefnd skulu kjörnir fjórir einstaklingar á kjörfundi. vi. Í kennslumálanefnd skulu skipaðir fimm einstaklingar, einn af hverju fræðasviði, af sviðsráðum í kjölfar kjörfundar og fyrir skiptafund ár hvert. Skulu þeir einstaklingar vera kjörnir af sviðsráðum og vera úr röðum sviðsráðsmeðlima hvers sviðs. Skulu þeir jafnframt taka sæti sem fulltrúar stúdenta í kennslunefndir fræðasviðanna. vii. Stúdentaráð skipar tvo fulltrúa í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd SHÍ og eru þeir kjörnir á kjörfundi. Icelandic Startups skipar einn aðila og sjálf velur nefndin sér fjóra fulltrúa. Auglýsa skal laus pláss meðal nemenda Háskólans að vori. viii. Stúdentaráðsliðar skulu hafa forgang yfir aðra fulltrúa í forsæti í nefndum, fyrir utan alþjóðanefnd þar sem alþjóðafulltrúi situr sem forseti nefndar. ix. Stúdentaráð skipar 10 fulltrúa til Háskólapings. Á kjörfundi skulu kjörnir 7 fulltrúar úr hópi Stúdentaráðsliða og varafulltrúa þeirra til þingsins og fjórir til vara. Það skal gert í hlutfalli við niðurstöður kosninga til Stúdentaráðs. Gefi fleiri fulltrúar kost á sér kýs Stúdentaráð á milli þeirra eftir hlutfallskosningu. Hinir þrír fulltrúarnir sem eftir eru skulu skipaðir af Skrifstofu Stúdentaráðs úr hópi starfsfólks. x. Forseti Stúdentaráðs situr til tveggja ára í fulltrúaráði
--	--

Stúdentaráðs. Hann á sæti í jafnréttisnefnd Háskólaráðs. n. Forseti kennslumálanefndar Stúdentaráðs gegnir embætti kennslumálafulltrúa Stúdentaráðs. Hann á sæti í kennslumálanefnd Háskólaráðs. o. Við kjör í stjórn Félagsstofnunar stúdenta skal hver fulltrúi ásamt varafulltrúa kjörinn sérstaklega. Heimilt er að krefjast þess, að sá sem stungið er upp á láti í ljós samþykki sitt eða samþykkið sé vottað með öðrum tryggilegum hætti. Kosið er á Stúdentaráðsfundi þegar skipa þarf nýjan fulltrúa í stjórn FS. p. Stúdentaráð er með tvo fulltrúa í Stúdentaráði Aurora, samstarfsneti níu háskóla í Evrópu. Annar þeirra skal valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ en hinn skal vera alþjóðafulltrúi skrifstofu Stúdentaráðs. q. Stúdentaráð er með einn fulltrúa í fulltrúaráði LUF, Landssambandi ungmennafélaga. Skal hann valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ. r. Stúdentaráð skipar tvo fulltrúa í stjórn Stúdentasjóðs skv. 2. gr. laga sjóðsins. Stúdentaráð skal skipa fulltrúana á Stúdentaráðsfundi fyrir 15. september ár hvert og sitja fulltrúarnir í stjórn sjóðsins í eitt ár. Hinnir fulltrúarnir eru kjörnir af sviðsráðum og skulu vera einn af hverju sviði sbr.	Landssamtaka íslenskra stúdenta (hér eftir LÍS). Setan er samkvæmt fléttuskipulagi og er kjörtímabil hvers aðalfulltrúa tvö ár. Jafnframt skulu tveir varafulltrúar skipaðir til eins árs. Varafulltrúar skulu vera kjörnir á kjörfundi SHÍ. Kjörgengi til embættis varafulltrúa hafa allir sem skráðir hafa verið til náms á yfirstandandi skólaári. Segi fulltrúi af sér í fulltrúaráði LÍS skal fyrsti varafulltrúi taka sæti hans í fulltrúaráði. Þá tekur næsti varafulltrúi sæti þess varafulltrúa sem tók sæti í fulltrúaráði og svo koll af kolli. c. Forseti jafnréttisnefndar Stúdentaráðs gegnir embætti jafnréttisfulltrúa Stúdentaráðs. Hann á sæti í jafnréttisnefnd Háskólaráðs. d. Forseti kennslumálanefndar Stúdentaráðs gegnir embætti kennslumálafulltrúa Stúdentaráðs. Hann á sæti í kennslumálanefnd Háskólaráðs. e. Við kjör í stjórn Félagsstofnunar stúdenta skal hver fulltrúi ásamt varafulltrúa kjörinn sérstaklega. Heimilt er að krefjast þess, að sá sem stungið er upp á láti í ljós samþykki sitt eða samþykkið sé vottað með öðrum tryggilegum hætti. Stjórn Stúdentaráðs kýs fulltrúana og er ákvörðun stjórnar lögð fyrir Stúdentaráð með atkvæðagreiðslu. f. Stúdentaráð á er-með tvo fulltrúa í Stúdentaráði Aurora, samstarfsneti níu háskóla í Evrópu. Annar þeirra skal valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ en hinn skal vera alþjóðafulltrúi skrifstofu Stúdentaráðs. g. Stúdentaráð á er-með einn fulltrúa í fulltrúaráði LUF, Landssambandi
---	--

	ungmennafélaga (LUF). Skal hann valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ. h. Stúdentaráð skipar tvo fulltrúa í stjórn Stúdentasjóðs skv. 2. gr. laga sjóðsins. Stúdentaráð skal skipa fulltrúana á Stúdentaráðsfundi fyrir 15. september ár hvert og sitja fulltrúarnir í stjórn sjóðsins í eitt ár. Hinir fulltrúarnir eru kjörnir af sviðsráðum og skulu vera einn af hverju sviði sbr. 2. gr. laga Stúdentasjóðs.
--	---

RÖKSTUÐNINGUR

7. gr. laganna kveður á um kjör, framkvæmd og jafnvel hlutverk kjörinna embætta og er því fremur löng ásamt því að geta verið ruglingsleg. Til að byrja er lagt til að b-liður falli niður og bætist við a-lið. Í framhaldinu eru lagt til að breyta c-liði til l-liði í i. til x. töluliði undir a-lið, þar sem a-liður kveður á um fyrirkomulag á skipun embætta á kjörfundi auk kjörgengi á fundinum. Þá er nánari fyrirmæli bætt við í e-lið um skipun fulltrúa stúdenta í Félagsstofnun stúdenta sem hefur verið ábótavant og til samræmis verklagsreglnanna. Til viðbótar eru breytingar á orðavali í f-lið og g-lið ásamt því að skýra betur skipun fulltrúa sviðsráða í Stúdentasjóð í i-lið.

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: 8. gr., stjórnskipan Stúdentaráðs og sviðsráða

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein <i>b-liður 8. gr.</i>	Breytingartillaga <i>b-liður 8. gr.</i>
a. Í Stúdentaráði sitja fyrir hvert sviðsráð að lágmarki 1 fulltrúi og 1 fulltrúi að auki fyrir hverja 1000 nemendur sem þar stunda nám. Fjölgun eða fækkun fulltrúa sviða í Stúdentaráði kemur þó ekki til framkvæmda nema niðurstaðan verði oddatala.	a. Í Stúdentaráði sitja fyrir hvert sviðsráð að lágmarki 1 fulltrúi og 1 fulltrúi að auki fyrir hverja 1000 nemendur sem þar stunda nám. Fjölgun eða fækkun fulltrúa sviða í Stúdentaráði kemur þó ekki til framkvæmda nema niðurstaðan verði oddatala.

b. Stúdentaráðsliðar innan hvers sviðs skulu að auki kjósa sín á milli um forseta sviðsráðs, sem tekur einnig sæti í sviðsráði. c. Fjöldi Stúdentaráðsliða hvers sviðs skal endurskoðaður í samræmi við viðurkenndan lista nemendaskrár á hverju vormisseri.	b. Stúdentaráðsliðar innan hvers sviðs skulu að auki kjósa sín á milli um forseta sviðsráðs fyrir kjörfund ár hvert . Sviðsráðsforseti sem situr bæði í Stúdentaráði og tekur einnig sæti í sviðsráði. c. Fjöldi Stúdentaráðsliða hvers sviðs skal endurskoðaður í samræmi við viðurkenndan lista nemendaskrár á hverju vormisseri.
---	---

RÖKSTUÐNINGUR

Núverandi fyrirkomulag á skipun sviðsráðsforseta er þannig að nýkjörnir Stúdentaráðsliðar koma saman á hverju fræðasviði fyrir sig og kjósa sér sviðsráðsforseta, skv. b-lið 8. gr. laga Stúdentaráðs. Fyrirkomulagið er með þessum hætti vegna þess að sviðsráðsforseti á að sitja bæði í Stúdentaráði og sviðsráði, til að tryggja skilvirkni og upplýsingaflæði meðal kjörnu fulltrúana innan sviðsins. Hinir fjóru fulltrúarnir sem sitja í sviðsráði eru síðan tilnefndir og kjörnir á kjörfundi skv. a-lið 18. gr. laganna, alveg eins og nefndarmeðlimirnir.

Hér er verið að leggja til að skýra fyrirkomulagið betur á b-liði 8. gr. þannig að það sé skiljast að sviðsráðsforsetinn sé skipaður **fyrir kjörfund**. Þannig liggur stjórn Stúdentaráðs strax fyrir og getur hafist handa með verkefni sín, t.a.m. getur ráðningarferlið á skrifstofuna hafist án tafar. Til samræmis þessu er einnig lögð fram [lagabreytingartillaga á 18. gr. laga](#) Stúdentaráðs.

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: 11. gr., fundarboð Stúdentaráðsfundar

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein <i>b-liður og c-liður 11. gr.</i>	Breytingartillaga <i>b-, c-, d- og e-liðir 11. gr.</i>
a. Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 10 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar. Meirihluti stjórnarmeðlima getur, ef ágreiningur rís um meðferð mála innan stjórnar,	a. Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 10 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar. Meirihluti stjórnarmeðlima getur, ef ágreiningur rís um meðferð mála innan stjórnar,

vísað máli til næsta ráðsfundar til ákvörðunar. Sjö stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin. b. Fundi skal boða með minnst 5 daga fyrirvara. Stúdentaráðsfundi skal boða á tryggilegan hátt með tölvupósti til allra ráðsliða og með annarri aðferð sem Stúdentaráð samþykkir. Einnig skal láta fulltrúa nemenda- og hagsmunafélaga vita og birta tilkynningu á vefsíðu Stúdentaráðs. Jafnframt skal senda tölvupóst á hi-nem póstlistann og láta vita af Stúdentaráðsfundi, skal þar tekið fram að fundir eru opnir öllum stúdentum sbr. 9. gr. laga SHÍ. Stúdentaráðsfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað. c. Heimilt er að boða til fundar með skemmri fyrirvara ef nauðsyn ber til og ber forseta þá að gera grein fyrir ástæðu skamms fyrirvara í fundarboði. Í fundarboði skal fylgja með dagskrá og fundargögn fundarins. Fundargerðir stúdentaráðsfunda skal senda stúdentaráðsliðum og setja á vefsíðu Stúdentaráðs. Eigi atkvæðagreiðsla á stúdentaráðsfundi sem boðað er til samkvæmt grein þessari að vera lögleg verður meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðsráðs, skv. 12. gr., að vera viðstaddur eða ef 12 ráðsliðar hið minnsta sitja hann. d. Í fundarboði og fundardagskrá skal tilgreina ef „bókfærð mál“ eru til afgreiðslu fyrir ráðið. Til bókfærðra mála heyra ýmis mál sem þarfnast ekki sérstakrar umræðu en Stúdentaráð þarf að samþykkja, til dæmis úrsögn úr Stúdentaráði eða nefndum og tilnefning nýs fulltrúa, afgreiðslur tilnefninga fulltrúa stúdenta í ólaunaðar nefndarstöður eða fundarsetur ef engin móttframboð berast o.s.frv.. Er það gert til að auka skilvirkni og ráðrúm fyrir umræður um önnur víðameiri mál. Óski	vísað máli til næsta ráðsfundar til ákvörðunar. Sjö stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin. b. Fundi skal boða með minnst 5 daga fyrirvara. Stúdentaráðsfundi skal boða á tryggilegan hátt með tölvupósti til allra ráðsliða fulltrúa ráðsins eða með annarri aðferð sem Stúdentaráð samþykkir. Einnig skal láta fulltrúa nemenda- og hagsmunafélaga vita og birta tilkynningu á vefsíðu Stúdentaráðs. Jafnframt skal senda tölvupóst á nemendur við háskólann hi-nem póstlistann og láta vita af Stúdentaráðsfundi, og skal þar tekið fram að fundir eru opnir öllum stúdentum sbr. 9. gr. laga SHÍ. Stúdentaráðsfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað. c. Heimilt er að boða til fundar með skemmri fyrirvara ef nauðsyn ber til og ber forseta þá að gera grein fyrir ástæðu skamms fyrirvara í fundarboði. Í fundarboði skal fylgja með dagskrá og fundargögn fundarins. Fundargerðir stúdentaráðsfunda skal senda stúdentaráðsliðum og setja á vefsíðu Stúdentaráðs. Eigi atkvæðagreiðsla á stúdentaráðsfundi sem boðað er til samkvæmt grein þessari að vera lögleg verður meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðsráðs, skv. 12. gr., að vera viðstaddur eða ef 12 ráðsliðar hið minnsta sitja hann. d. Eigi atkvæðagreiðsla á stúdentaráðsfundi sem boðað er til samkvæmt grein þessari að vera lögleg verður meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðs, skv. 12. gr., að vera viðstaddur eða ef 12 ráðsliðar hið minnsta sitja hann. e. Fundargerðir stúdentaráðsfunda skal senda stúdentaráðsliðum og setja á vefsíðu Stúdentaráðs.
---	---

fulltrúar í Stúdentaráði að gera athugasemdir eða ræða einstök bókfærð mál skulu þeir gera grein fyrir því eigi síðar en áður en fundur hefst skv. boðuðum fundartíma, öðrum kosti skoðast þau samþykkt	f. Í fundarboði og fundardagskrá skal tilgreina ef „bókfærð mál“ eru til afgreiðslu fyrir ráðið. Til bókfærðra mála heyra ýmis mál sem þarfnast ekki sérstakrar umræðu en Stúdentaráð þarf að samþykkja, til dæmis úrsögn úr Stúdentaráði eða nefndum og tilnefning nýs fulltrúa, afgreiðslur tilnefninga fulltrúa stúdenta í ólaunaðar nefndarstöður eða fundarsetur ef engin mótframboð berast o.s.frv.. Er það gert til að auka skilvirkni og ráðrúm fyrir umræður um önnur víðameiri mál. Óski fulltrúar í Stúdentaráði að gera athugasemdir eða ræða einstök bókfærð mál skulu þeir gera grein fyrir því eigi síðar en áður en fundur hefst skv. boðuðum fundartíma, öðrum kosti skoðast þau samþykkt
--	---

RÖKSTUÐNINGUR

Hér eru lagðar til breytingar á orðalagi og uppstokkun c-liðar í þrjá nýja liði; nýjan d-lið og nýjan e-lið. Með þessu móti er flæðið betra í allri 11. gr..

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: 15. gr., fundarsköp Stúdentaráðs

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein <i>c-liður 15. gr.</i>	Breytingartillaga <i>c-liður 15. gr.</i>
c. Bókun fyrir fund Stúdentaráðs: Einnig geta fundarmeðlimir boðað framlagningu bókunar fyrir þegar boðaðan fund og skal hún þá berast ritara stjórnar Stúdentaráðs eigi síðar en í	c. Bókun fyrir fund Stúdentaráðs: Fundarmeðlimir geta boðað framlagningu bókunar fyrir þegar boðaðan fund og skal hún þá berast ritara stjórnar Stúdentaráðs eigi síðar

upphafi þess Stúdentaráðsfundar eftir að til hennar var boðað.

en í upphafi þess Stúdentaráðsfundar eftir að til hennar var boðað.

RÖKSTUÐNINGUR

Lagt er til breytingu á orðalagi þannig að textinn falli betur inn í upptalninguna á greininni.

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: 16. gr., málfrelsis-, tillögu- og atkvæðisréttur á Stúdentaráðsfundi

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein <i>b-liður og f-liður 16. gr.</i>	Breytingartillaga <i>b-liður og c-liður 16. gr.</i>
a. Allir Stúdentaráðsliðar hafa málfrelsis-, tillögu- og atkvæðisrétt. b. Varafulltrúar hafa málfrelsis- og tillögurétt en þó ekki atkvæðisrétt nema þeir taki sæti fyrir aðalfulltrúa. Ef ástæða þykir til má fundarstjóri takmarka þennan rétt eða víkja honum frá með samþykki Stúdentaráðs. Sama gildir um nefndarfulltrúa í nefndum Stúdentaráðs. c. Aðal- og varafulltrúar í fulltrúaráði LÍS hafa málfrelsis- og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs. Sama gildir um fulltrúa Stúdentaráðs í framkvæmdarstjórn LÍS. d. Fulltrúar stúdenta í Háskólaráði hafa málfrelsis- og tillögurétt. e. Forseti og varaforseti Stúdentaráðs hafa málfrelsis- og tillögurétt.	a. Allir Stúdentaráðsliðar hafa málfrelsis-, tillögu- og atkvæðisrétt. b. Varafulltrúar hafa málfrelsis- og tillögurétt en þó ekki atkvæðisrétt nema þeir taki sæti fyrir aðalfulltrúa. Ef ástæða þykir til má fundarstjóri takmarka þennan rétt eða víkja honum frá með samþykki Stúdentaráðs. Sama gildir um nefndarfulltrúa í nefndum Stúdentaráðs. c. Fulltrúar í sviðsráðum og nefndum hafa málfrelsis- og tillögurétt. d. Aðal- og varafulltrúar í fulltrúaráði LÍS hafa málfrelsis- og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs. Sama gildir um fulltrúa Stúdentaráðs í framkvæmdastjórn LÍS. e. Fulltrúar stúdenta í Háskólaráði hafa málfrelsis- og tillögurétt. f. Forseti og varaforseti Stúdentaráðs hafa málfrelsis- og tillögurétt.

f. Starfsfólk réttindaskrifstofu Stúdentaráðs hefur málfrelsis- og tillögurétt.	g. Starfsfólk réttindaskrifstofu Stúdentaráðs hefur málfrelsis- og tillögurétt.
g. Aðrir sem koma á Stúdentaráðsfund til að flytja erindi samkvæmt dagskrá fundar mega taka til máls innan þess dagskrárliðar, en hafa þó ekki tillögurétt né atkvæðisrétt.	h. Aðrir sem koma á Stúdentaráðsfund til að flytja erindi samkvæmt dagskrá fundar mega taka til máls innan þess dagskrárliðar, en hafa þó ekki tillögurétt né atkvæðisrétt.

RÖKSTUÐNINGUR

Lagt er til að skerpt verði betur á að fulltrúar í nefndum Stúdentaráðs hafi málfrelsis- og tillögurétt, og sömuleiðis að fulltrúar í sviðsráðunum njóti sama réttar. Þá er lagt til að f-liður falli niður þar sem g-liður kveður á um starfsfólk réttindaskrifstofunnar, sem forseti og varaforseti eru hluti af.

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: 18. gr., sviðsráðsfulltrúar

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein <i>a-liður og b-liður 18. gr.</i>	Breytingartillaga <i>a., b. og c. liðir 18. gr.</i>
a. Í hverju sviðsráði Háskólans sitja 4 fulltrúar sem Stúdentaráð tilnefnir og kys á kjörfundi, í hlutfalli við kosninganiðurstöður, auk forseta sviðsráðs, sem skipaður er skv. b-lið 8. gr. Hafa stúdentaráðsliðar forgang í sviðsráð.	a. Í hverju sviðsráði Háskólans sitja 4 fjórir fulltrúar sem Stúdentaráð tilnefnir og kys á kjörfundi, í hlutfalli við kosninganiðurstöður, auk forseta sviðsráðs sem skipaður er skv. b-lið 8. gr. fyrir kjörfund ár hvert.
b. Forseti sviðsráðs stýrir fundum þess.	b. Hafa s Stúdentaráðsliðar skulu hafa forgang í sviðsráð. c. Forseti sviðsráðs fer fyrir sviðsráðinu og stýrir fundum þess.

RÖKSTUÐNINGUR

Breytingartillaga þessi er til samræmis breytingartillögunni á b-lið 8. gr. laga Stúdentaráðs. Markmiðið er að skerpa betur á báðum greinum þannig að það sé skýrt að sviðsráðsforseti sé kjörinn fyrir kjörfund, vegna þess að viðkomandi aðili situr bæði í Stúdentaráði og í sviðsráði. Sjá frekari rökstuðning við lagabreytingartillögu á 8. gr. laganna.

Þá kveður nýr b-liður á um að Stúdentaráðsliðar hafi forgang í sviðsráð, líkt og í nefndir. Auk þess að nýr c-liður er til samræmis a-lið 5. gr. laganna.

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: k-liður 19. gr., skipulagsnefnd háskólasvæðisins

Flutningsaðilar: Ingvar Þóroddsson og Sindri Freyr Ásgeirsson

Núverandi grein k-liður 19. gr.	Breytingartillaga k-liður 19. gr.
k. Umhverfis- og samgöngunefnd: Nefndin tekur til meðferðar mál er tengjast umhverfis- og sjálfbærismálum sem og samgöngumál stúdenta. Auk þess tekur nefndin afstöðu til framkvæmda- og skipulagsmála er snerta hagsmuni stúdenta og vinnur að bættum umhverfis- og sjálfbærismálum.	k. Umhverfis- og samgöngunefnd: Nefndin tekur til meðferðar mál er tengjast umhverfis- og sjálfbærismálum sem og samgöngumál stúdenta. Auk þess tekur nefndin afstöðu til framkvæmda- og skipulagsmála er snerta hagsmuni stúdenta og vinnur að bættum umhverfis- og sjálfbærismálum. Fulltrúi Stúdentaráðs í skipulagsnefnd háskólasvæðisins sem skipaður er skv. i-lið 19. gr. hefur rétt til setu á fundum nefndarinnar og hefur þar málfrelsis- og tillögurétt.

RÖKSTUÐNINGUR

Lögð er fram ofangreind breyting í þeim tilgangi að tengja betur fulltrúa Stúdentaráðs í skipulagsnefnd háskólasvæðisins við Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ og tryggja að stefna Stúdentaráðs hverju sinni í skipulags- og samgöngumálum sé komið á framfæri í skipulagsnefnd háskólasvæðisins.

Forseti Umhverfis- og samgöngunefndar situr sem fulltrúi Stúdentaráðs í umhverfis- og sjálfbærnnefnd háskólans og í stað þess að bæta álagi á forseta nefndarinnar og leggja til að

viðkomandi sitji fundi skipulagsnefndar háskólaráðs sem fulltrúi Stúdentaráðs, er þessi breyting lögð til svo Umhverfis- og samgöngunefnd hafi meiri aðkomu að störfum skipulagsnefndarinnar.

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: 19. gr., nefndir Stúdentaráðs

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein <i>a-liður og b-liður 19. gr.</i>	Breytingartillaga <i>a-liður og b-liður 19. gr.</i>
a. Á vegum Stúdentaráðs starfa fastanefndir sem kveðið er á um í staflíðum ákvæðisins og sitja fimm einstaklingar í hverri þeirra að undanskilinni nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Stúdentaráðsliðar eiga rétt á að sitja fundi fastanefnda og hafa þar málfrelsis- og tillögurétt. b. Stúdentaráðsliðar skulu hafa forgang til forsætis í nefndum Stúdentaráðs. c. Alþjóðanefnd: Nefndin skal skipuð fimm einstaklingum. Fjóra skal Stúdentaráð skipa á kjörfundi en fimmti aðilinn er alþjóðafulltrúi sem er faglega ráðinn af Stúdentaráði. Alþjóðafulltrúi á forsæti í alþjóðanefnd. d. Félagslífs- og menningarnefnd: Nefndin skal stuðla að bættu félagslífi innan Háskólans og auknu menningarlegu hlutverki Stúdentaráðs. e. Fjármála- og atvinnulífsnefnd: Nefndin tekur til meðferðar málefni er varða fjárhagsleg hagsmunamál stúdenta, skattamál og önnur skyld mál. Einnig atvinnumál stúdenta auk tengsla Háskólans, atvinnulífsins og stúdenta.	a. Á vegum Stúdentaráðs starfa fastanefndir sem kveðið er á um í staflíðum ákvæðisins og sitja fimm einstaklingar fulltrúar í hverri þeirra að undanskilinni nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Stúdentaráðsliðar skulu hafa forgang til forsætis í nefndum Stúdentaráðs. i. Alþjóðanefnd: Nefndin sinnir þjónustu við erlenda nemendur og aðstoðar skrifstofu Alþjóðasviðs við skipulagningu viðburða, á borð við móttöku erlendra nemenda og Alþjóðadaga Háskóla Íslands. skipuð fimm einstaklingum. Fjóra skal Stúdentaráð skipa á kjörfundi en fimmti aðilinn er alþjóðafulltrúi sem er faglega ráðinn af Stúdentaráði. Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs á forsæti í alþjóðanefnd. ii. Félagslífs- og menningarnefnd: Nefndin skal stuðla að bættu félagslífi innan Háskólans og

f. Fjölskyldunefnd: Nefndin stuðlar að bættu umhverfi fyrir fjölskyldufólk innan Háskóla Íslands. g. Jafnréttisnefnd: Nefndin tekur til meðferðar jafnréttismál stúdenta innan Háskólans og stuðlar að bættu jafnrétti innan hans. h. Kennslumálanefnd: Nefndin tekur til meðferðar framkvæmd Kennslumálapings SHÍ í samstarfi við Kennslumálanefnd, gæðanefnd og Kennslumiðstöð HÍ ásamt því að kynna nám og kennslu við skólann. i. Lagabreytinganefnd: Nefndin hefur það hlutverk að endurskoða lög Stúdentaráðs og Stúdentasjóðs og leggja fram tillögur til breytinga á þeim, ef þörf þykir. Hún skal líta til þess að þau séu skýr, aðgengileg, samræmd og tryggi skilvirkni í störfum ráðsins. Heimilt er að vísa lagabreytingartillögum sem bornar eru upp á Stúdentaráðsfundum til umsagnar í nefndinni. j. Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd: Nefndin hefur það hlutverk að efla nýsköpunar- og frumkvöðlastarf meðal nemenda Háskólans. Nefndin er í samstarfi við Icelandic Startups og kemur verkefnum þeirra á framfæri meðal háskólanema. k. Umhverfis- og samgöngunefnd: Nefndin tekur til meðferðar mál er tengjast umhverfis- og sjálfbærismálum sem og samgöngumál stúdenta. Auk þess tekur nefndin afstöðu til framkvæmda- og skipulagsmála er snerta hagsmuni stúdenta og vinnur að bættum umhverfis- og sjálfbærismálum.	auknu menningarlegu hlutverki Stúdentaráðs. iii. Fjármála- og atvinnulífsnefnd: Nefndin tekur til meðferðar málefni er varða fjárhagsleg hagsmunamál og atvinnumál stúdenta, skattamál og önnur skyld mál. Einnig atvinnumál stúdenta auk tengsla Háskólans og atvinnulífsins við stúdenta. iv. Fjölskyldunefnd: Nefndin skal stuðla að bættu umhverfi fyrir fjölskyldufólk innan Háskólans Íslands. v. Jafnréttisnefnd: Nefndin tekur til meðferðar jafnréttismál stúdenta innan Háskólans og stuðlar að bættu jafnrétti innan hans. vi. Kennslumálanefnd: Nefndin tekur til meðferðar kennslumál stúdenta framkvæmd Kennslumálapings SHÍ í samstarfi við kennslumálanefnd og gæðanefnd háskólaráðs ásamt Kennslumiðstöð Háskóla Íslands. ásamt því að kynna nám og kennslu við skólann. vii. Lagabreytinganefnd: Nefndin hefur það hlutverk að endurskoðar lög Stúdentaráðs og Stúdentasjóðs og leggur fram tillögur til breytinga á þeim, ef þörf þykir. Hún skal líta til þess að þau séu skýr, aðgengileg, samræmd og tryggi skilvirkni í störfum ráðsins. Heimilt er að vísa lagabreytingartillögum sem bornar eru upp á Stúdentaráðsfundum til umsagnar í nefndinni. viii. Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd: Nefndin hefur það hlutverk að skal efla nýsköpunar- og frumkvöðlastarf
---	---

	meðal nemenda Háskólans. Nefndin er í samstarfi við Icelandic Startups og kemur verkefnum þeirra á framfæri meðal háskólanema. ix. Umhverfis- og samgöngunefnd: Nefndin tekur til meðferðar mál er tengjast umhverfis- og sjálfbærismálum sem og samgöngumál stúdenta. Auk þess tekur nefndin afstöðu til framkvæmda- og skipulagsmála er snerta hagsmuni stúdenta og vinnur að bættum umhverfis- og sjálfbærismálum. b. Stúdentaráðsliðar skulu hafa forgang til forsætis í nefndum Stúdentaráðs. Þá eiga þeir rétt á að sitja fundi fastanefnda og hafa þar málfrelsis- og tillögurétt.
--	--

RÖKSTUÐNINGUR

Lagt er til að skýra betur hlutverk fastanefndana í takt við þróun hlutverka þeirra sem og að taka út óþarfa málalengingar í stafliðunum. Þá er einnig lagt til að upptalning nefndana komi í töluliðum beint á eftir a-lið greinarinnar, í ljósi þess að a-liður kveður á um uppbyggingu og fyrirkomulag þeirra, sambærilegt og e-liður 15. gr. sem kveður á um upptalningu tillöguflokka Stúdentaráðs.

Þá eru hluti af a-lið sem kveður á um málfrelsis- og tillögurétt Stúdentaráðsliða sameinaður nýjum b-lið neðst sem kveður á um rétt Stúdentaráðsliðana til forsætis í nefndunum.

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: 20. gr., skipulag nefnda

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein <i>a.-f. liðir 20. gr.</i>	Breytingartillaga <i>a.-f. liðir 20. gr.</i>
--	--

a. Fastanefndir Stúdentaráðs skulu á sínum fyrsta fundi, sem haldinn skal innan 6 vikna frá kjörfundi, kjósa sér forseta. Sá fundur skal tryggilega boðaður af varaforseta Stúdentaráðs. b. Fastanefndir halda fundi þegar þurfa þykir eða innan viku eftir að krafa um fund kemur fram, en sérhver nefndarmeðlimur getur krafist fundar. c. Forseti fastanefndar, sem kosinn er á fyrsta fundi, boðar fundi skriflega með a.m.k. eins dags fyrirvara, nema samkomulag sé í nefnd um annað. Fundir eru opnir öllum stúdentum, nema nefnd ákveði annað ef þörf er á. d. Allir Stúdentaráðsliðar hafa rétt til setu á fundum fastanefnda. Hverri fastanefnd er heimilt að kalla til aðra stúdenta til nefndarfunda. e. Nefndir skulu í upphafi starfs sín setja sér starfs- og fjárhagsáætlun að svo miklu leyti sem hægt er. Nefndir skulu skila skriflegri skýrslu um störf sín til Stúdentaráðs. f. Nefndir leggja stefnu í sínum málaflokki fram fyrir Stúdentaráð til samþykktar. Á þeim Stúdentaráðsfundi getur hver nefnd lagt til breytingartillögu. g. Stúdentaráð felur nefndum og einstaklingum sérstök verkefni með samþykki hverju sinni. Stúdentaráði er einnig heimilt að stofna starfshópa í kringum ákveðin, afmörkuð verkefni. Þessir einstaklingar og starfshópar skulu skila skriflegri skýrslu um störf sín til Stúdentaráðs þegar verkefninu er lokið. Feli verkefnið í sér utanlandsferð á kostnað Stúdentaráðs skal skýrslan vera ítarleg og skulu fylgja með bókhaldsupplýsingar.	a. Fastanefndir Stúdentaráðs skulu kjósa sér forseta á fyrsta fundi sínum sem skal halda innan 6 vikna frá kjörfundi. Fundurinn skal vera tryggilega boðaður af varaforseta Stúdentaráðs. skulu á sínum fyrsta fundi, sem haldinn skal innan 6 vikna frá kjörfundi, kjósa sér forseta. Sá fundur skal tryggilega boðaður af varaforseta Stúdentaráðs. b. Fastanefndir halda fundi þegar þurfa þykir eða innan viku eftir að krafa um fund kemur fram, en sérhver nefndarmeðlimur nefndarfulltrúi getur krafist fundar. c. Forseti fastanefndar, sem kosinn er á fyrsta fundi, boðar fundi skriflega með a.m.k. eins dags fyrirvara, nema samkomulag sé í nefnd um annað. Fundir eru opnir öllum stúdentum, nema nefnd ákveði annað ef þörf er á. d. Allir Stúdentaráðsliðar hafa rétt til setu á fundum fastanefnda. Hverri fastanefnd er heimilt að kalla til aðra stúdenta til nefndarfunda. e. Fastanefndir skulu í upphafi starfsárs sín setja sér starfs- og fjárhagsáætlun að svo miklu leyti sem hægt er. Nefndir skulu skila skriflegri skýrslu um störf sín til Stúdentaráðs. f. Nefndir leggja framkvæmdaáætlunirstefnu í sínum málaflokki fram fyrir Stúdentaráð til samþykktar. Á þeim Stúdentaráðsfundi getur hver nefnd lagt til breytingartillögu. Í lok starfsárs skulu fastanefndir skila skriflegri skýrslu um störf sín til Stúdentaráðs. g. Stúdentaráð felur nefndum og einstaklingum sérstök verkefni með samþykki hverju sinni. Stúdentaráði er einnig heimilt að stofna starfshópa í kringum ákveðin, afmörkuð verkefni. Þessir einstaklingar og starfshópar skulu skila skriflegri skýrslu um störf

	sín til Stúdentaráðs þegar verkefninu er lokið. Feli verkefnið í sér utanlandsferð á kostnað Stúdentaráðs skal skýrslan vera ítarleg og skulu fylgja með bókhaldsupplýsingar.
--	--

RÖKSTUÐNINGUR

Til samræmis [lagabreytingartillögu vegna 5. gr.](#), sé hún samþykkt, er g-liður tekinn hér út úr 20. gr. og færður upp í 5. gr., þar sem hann á betur við efnistöð. Þá eru breytingar á orðalagi í a-lið, b-lið og e-lið. Í c-lið eru óþarfa málalengingar teknar út, enda er búið að taka fram í a-lið að forseti fastanefndarinnar sé kjörinn á fyrsta fundi. Þá er fallið frá því að tala um *stefnur* nefnda í að tala um *framkvæmdaáætlanir* í f-lið, þar sem markmiðin sem nefndirnar setja sér eru aðgerðaáætlanir og verkefni sem þær vilja framkvæma frekar en leiðarvísir fyrir störf ráðsins í heild sinni.

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: 21. gr., skipan í nefndir háskólaráðs

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein <i>d., g. og i-liður 21. gr.</i>	Breytingartillaga <i>d., g., i. og j-liður 21. gr.</i>
a. Stúdentaráð skipar fulltrúa í nefndir Háskólaráðs. Sé ekki tilgreint sérstaklega hvaða embætti tekur sæti í nefnd, skal auglýst meðal háskólanema laust pláss og Stúdentaráð skal kjósa á fundi sínum fulltrúa í nefnd. b. Forseti Jafnréttisnefndar SHÍ skal sitja fundi jafnréttisnefndar. c. Forseti Umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ skal sitja fundi umhverfis- og sjálfbærninefndar. d. Stúdentaráð skal auglýsa eftir fulltrúa í gæðanefnd meðal framhaldsnema og	a. Stúdentaráð skipar fulltrúa í nefndir Háskólaráðs. Sé ekki tilgreint sérstaklega hvaða embætti tekur sæti í nefnd, skal auglýst meðal háskólanema laust pláss og Stúdentaráð skal kjósa á fundi sínum fulltrúa í nefnd. b. Forseti Jafnréttisnefndar SHÍ skal sitja fundi jafnréttisnefndar. c. Forseti Umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ skal sitja fundi umhverfis- og sjálfbærninefndar. d. Stúdentaráð skal auglýsa eftir fulltrúa í gæðanefnd meðal framhaldsnema og

kýs Stúdentaráð á milli umsækjenda á Stúdentaráðsfundi. e. Fulltrúi stúdenta í kennslumálanefnd Háskólaráðs skal vera forseti Kennslumálanefndar SHÍ á skipunartíma hans. f. Skipaður skal fulltrúi í vísindanefnd Háskólaráðs eftir tilnefningu FEDON, félags doktorsnema og nýdoktora við Háskóla Íslands. g. Auglýst skal eftir fulltrúa í ráð um málefni fatlaðs fólks. h. Auglýst skal eftir áheyrnarfulltrúa í Öryggisnefnd. i. Auglýst skal eftir fulltrúa í skipulagsnefnd háskólasvæðisins.	kýs Stúdentaráð á milli umsækjenda á Stúdentaráðsfundi. e. Fulltrúi stúdenta í kennslumálanefnd Háskólaráðs skal vera forseti Kennslumálanefndar SHÍ á skipunartíma hans. f. Skipaður skal fulltrúi í vísindanefnd Háskólaráðs eftir tilnefningu FEDON, félags doktorsnema og nýdoktora við Háskóla Íslands. g. Auglýst skal eftir fulltrúa í gæðanefnd meðal framhaldsnema. h. Auglýst skal eftir fulltrúa í ráð um málefni fatlaðs fólks. i. Auglýst skal eftir fulltrúa í skipulagsnefnd háskólaráðs. j. Auglýst skal eftir fulltrúa í málefnd. k. Auglýst skal eftir áheyrnarfulltrúa í Öryggisnefnd. l. Auglýst skal eftir fulltrúa í skipulagsnefnd háskólasvæðisins.
--	---

RÖKSTUÐNINGUR

Lagt er til breytingu á staflíðum til að skýra greinina betur. Auk þess að málnefnd háskólaráðs bætt við þar sem Stúdentaráð sér um tilnefningu fulltrúa þar einnig, en það hefur hingað til ekki verið kveðið á í lögnum.

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: 22. gr., stjórn Stúdentaráðs og verkefnin hennar

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein <i>b-liður 22. gr.</i>	Breytingartillaga <i>b-liður 22. gr.</i>
--	--

22. Grein – Stjórn Stúdentaráðs og verkefni hennar a. Á vegum Stúdentaráðs starfar stjórn, sem fer með daglega hagsmunabaráttu á vegum ráðsins. b. Stjórn Stúdentaráðs annast framkvæmd þeirra ályktana, er ráðið gerir og annast þau verkefni er það felur henni. Jafnframt getur hún á fundum sínum tekið ákvarðanir og afgreitt mál innan þeirra marka er ráðið ákveður hverju sinni.	22. Grein – Stjórn Stúdentaráðs og verkefni hennar a. Á vegum Stúdentaráðs starfar stjórn, sem fer með daglega hagsmunabaráttu á vegum ráðsins. b. Stjórn Stúdentaráðs annast framkvæmd þeirra ályktana, er ráðið gerir og annast þau og verkefna er ráðið það felur henni. Jafnframt getur hún á fundum sínum tekið ákvarðanir og afgreitt mál innan þeirra marka er ráðið ákveður hverju sinni.
---	--

RÖKSTUÐNINGUR

Hér eru lagðar til breytingar á orðalagi þannig að b-liður flæði betur í textanum.

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: 24. gr., starfshættir stjórnar

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein <i>b-liður 24. gr.</i>	<i>Breytingartillaga</i> <i>b-liður 24. gr.</i>
a. Stjórnarfundur telst lögmætur ef fjórir stjórnarmeðlimir hið fæsta sitja fund. b. Stjórn Stúdentaráðs skal setja verklagsreglur um störf stjórnarinnar og skrifstofu Stúdentaráðs í upphafi hvers starfsárs. c. Stjórn Stúdentaráðs skal reglulega, minnst einu sinni á hverju starfsári, boða alla deildarfulltrúa nemenda við Háskóla Íslands á samráðsfund með sér. Á þeim fundum skal kynna störf Stúdentaráðs og Háskólaráðs fyrir deildarfulltrúum og leitast eftir álit	a. Stjórnarfundur telst lögmætur ef fjórir stjórnarmeðlimir hið fæsta sitja fund. b. Hver fulltrúi í stjórn hefur eitt atkvæði á fundum þess og ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála og kjöri, nema annað sé tekið fram í lögum þessum c. Stjórn Stúdentaráðs skal setja verklagsreglur um störf stjórnarinnar og skrifstofu Stúdentaráðs í upphafi hvers starfsárs. d. Stjórn Stúdentaráðs skal reglulega, minnst einu sinni á hverju starfsári,

þeirra á helstu málefnum og upplýsingum um stöðu mála í þeirra deildum. d. Á hverjum fundi Stúdentaráðs skal stjórn skýra ráðinu frá störfum sínum síðan síðasti fundur var haldinn. e. Á þeim tíma sem líður frá kosningum og þar til ný stjórn Stúdentaráðs tekur við, er fráfarandi stjórn Stúdentaráðs óheimilt að stofna til verulegra skuldbindinga sem ekki eru í samræmi við daglegan rekstur skrifstofu Stúdentaráðs. f. Lýsi Stúdentaráð vantrausti á stjórnarmeðlim, skal hann víkja frá fundi. Þó er honum heimilt að krefjast annars Stúdentaráðsfundar um málið, hafi ráðið ekki verið fullskipað er vantrausti var lýst. Skal sá fundur haldinn innan viku og gildir ákvörðun hans, sé hann lögmætur. Verði vantraustið samþykkt aftur, skal Stúdentaráð kjósa annan í hans stað.	boða alla deildarfulltrúa nemenda við Háskóla Íslands á samráðsfund með sér. Á þeim fundum skal kynna störf Stúdentaráðs og Háskólaráðs fyrir deildarfulltrúum og leitast eftir álitum þeirra á helstu málefnum og upplýsingum um stöðu mála í þeirra deildum. e. Á hverjum fundi Stúdentaráðs skal stjórn skýra ráðinu frá störfum sínum síðan síðasti fundur var haldinn. f. Á þeim tíma sem líður frá kosningum og þar til ný stjórn Stúdentaráðs tekur við, er fráfarandi stjórn Stúdentaráðs óheimilt að stofna til verulegra skuldbindinga sem ekki eru í samræmi við daglegan rekstur skrifstofu Stúdentaráðs. g. Lýsi Stúdentaráð vantrausti á stjórnarmeðlim, skal hann víkja frá fundi. Þó er honum heimilt að krefjast annars Stúdentaráðsfundar um málið, hafi ráðið ekki verið fullskipað er vantrausti var lýst. Skal sá fundur haldinn innan viku og gildir ákvörðun hans, sé hann lögmætur. Verði vantraustið samþykkt aftur, skal Stúdentaráð kjósa annan í hans stað.
--	---

RÖKSTUÐNINGUR

Lagt er til að skýr fyrirmæli um atkvæðagreiðslu á fundum stjórnar séu tilgreind, líkt og er gert um atkvæðagreiðslur Stúdentaráðs. Það er bæði til þess að auka gagnsæi og til samræmis fundarsköpum innan annarra eininga ráðsins, sem sérstaklega eru tilgreind í lögum.

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: 25. gr., skipan skrifstofu Stúdentaráðs

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein <i>vi töluliður 25. gr.</i>	Breytingartillaga <i>vi töluliður 25. gr.</i>
vi. Alþjóðafulltrúa Stúdentaráðs, ráðinn skv. 26 gr.. Alþjóðafulltrúi gegnir embætti forseta alþjóðanefndar. Hann starfar á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og skal gegna hlutverki þjónustuaðila við erlenda stúdenta við Háskóla Íslands og geta erlendir stúdentar leitað til hans með fyrirspurnir varðandi háskólavistina sem og annað sem snýr að dvöl þeirra hérlandis. Alþjóðafulltrúi er annar af tveimur fulltrúum stúdenta í Aurora samstarfsnetinu og starfar náið með Alþjóðaskrifstofu.	vi. Alþjóðafulltrúa Stúdentaráðs, ráðinn skv. 26 gr.. Alþjóðafulltrúi gegnir embætti forseta alþjóðanefndar. Hann starfar á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og skal gegna hlutverki þjónustuaðila við erlenda stúdenta við Háskóla Íslands. og geta Hann annast fyrirspurnir erlenda stúdenta leitað til hans með fyrirspurnir varðandi háskólavistina sem og annað sem snýr að dvöl þeirra hérlandis. Alþjóðafulltrúi er annar af tveimur fulltrúum stúdenta í Aurora samstarfsnetinu og starfar náið með Alþjóðaskrifstofu sviði.

RÖKSTUÐNINGUR

Lagt er til að greitt sé betur úr textanum sem snýr að hlutverki alþjóðafulltrúa sem og að leiðrétta heiti *Alþjóðasviðs* við Háskóla Íslands, sem áður var *alþjóðaskrifstofa*.

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: 26. gr., ráðning starfsfólks

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein <i>a-liður 26. gr.</i>	Breytingartillaga <i>a-liður 26. gr.</i>
a. Við ráðningu þeirra fulltrúa sem ekki eru kjörnir skal meta umsækjendur á faglegum grunni og líta sérstaklega til starfsreynslu og þekkingar á viðkomandi sviði. Auglýsa skal starfið laust til umsóknar, með skýrum hætti á opinberu vefsvæði Stúdentaráðs, með tölvupósti og/eða t.d. í útbreiddu	a. Við ráðningu þeirra fulltrúa sem ekki eru kjörnir skal meta umsækjendur á faglegum grunni og líta sérstaklega til starfsreynslu og þekkingar á viðkomandi sviði. Auglýsa skal starfið laust til umsóknar, með skýrum hætti t.d. á opinberu vefsvæði Stúdentaráðs og með tölvupósti til stúdenta-og/eða

dagblaði. Auglýsinguna skal birta minnst 10 dögum fyrir lok umsóknarfrests. Sérstök ráðningarnefnd skipuð skv b lið fer fer með ráðningaferli og leggur tillögu fyrir stjórn stúdentaráðs til atkvæðagreiðslu.	t.d. í útbreiddu dagblaði. Auglýsinguna skal birta minnst 10 dögum fyrir lok umsóknarfrests. Sérstök ráðningarnefnd skipuð skv. b lið fer með ráðningaferli og leggur tillögu fyrir stjórn Stúdentaráðs til atkvæðagreiðslu.
--	---

RÖKSTUÐNINGUR

Lagt er til að störf til umsóknar á skrifstofu Stúdentaráðs séu auglýst á m.a. opinberu vefsvæði Stúdentaráðs, samfélagsmiðlum þess og í tölvupóst til allra stúdenta. Þá er lagt til að tekið sé út að störfín séu auglýst í útbreiddu dagblaði þar sem Studentablaðið og annað útgefið efni ráðsins gæti ekki tekið mið af þessum auglýsingum.

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: 27. gr., útgáfa Stúdentaráðs

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein <i>c-liður 27. gr.</i>	Breytingartillaga <i>c-liður 27. gr.</i>
c. Ritstjóri skal auglýsa eftir fulltrúum í ritstjórn Studentablaðsins með almennum stúdentapósti. Stúdentaráð skal að auki skipa tvo fulltrúa í ritstjórn Studentablaðsins og skulu þeir kosnir hlutbundinni kosningu á fyrsta fundi ráðsins eftir skipun ritstjóra. Ritstjóra er einnig heimilt að leita sér aðstoðar við útgáfu Akademiunnar.	c. Ritstjóri skal auglýsa eftir fulltrúum í ritstjórn Studentablaðsins með almennum stúdentapósti. Stúdentaráð skal að auki skipa tvo fulltrúa í ritstjórn Studentablaðsins og skulu þeir kosnir hlutbundinni kosningu á fyrsta fundi ráðsins eftir skipun ritstjóra. Ritstjóra er einnig heimilt að leita sér aðstoðar við útgáfu Akademiunnar.

RÖKSTUÐNINGUR

Hér er lagt til að fella úr gildi að Stúdentaráð skipi fulltrúa í ritstjórn Studentablaðsins. Í gegnum árin hefur það fyrirkomulag verið frekar ritstjórans að framfylgja, enda hefur hann einn góða yfirsýn yfir heildarskipulag og heildarmynd blaðsins. Ritstjóri, sem er faglega ráðinn, tryggir að blaðið haldist hlutlaust, þ.e.a.s. að það taki ekki afstöðu með hvorugri fylkingu. Ritstjóra er gert það kunnugt við ráðningu og einnig í ráðningarferlinu sjálfu í gegnum viðtölin. Af fenginni reynslu fyrrum ritstjóra og

skrifstofu Stúdentaráðs vegur það jafnvel þyngra að fjölbreytileiki í samhengi við fræðasvið ráði för til að gera gott Studentablað, óháð öllum fylkingum.

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: 31. gr. e-liður og f-liður, Kosningar og kjörstjórn

Flutningsaðilar: Sindri Freyr Ásgeirsson

Núverandi grein <i>31. gr. e-liður og f-liður</i>	Breytingartillaga <i>31. gr. e-liður og f-liður</i>
e. Framboð skulu safna tilhlýðandi stuðningi af stúdentum á viðkomandi fræðasviði. Frambjóðendur til Stúdentaráðs geta ekki stutt eigin framboðslista og stuðningur við framboð skal vera skriflegur. Safna skal 15 stuðningsmönnum fyrir hvern einstakling á framboðslista. Þjóði sömu samtök fram framboðslista á öllum sviðum þurfa stuðningsmenn listans þó aldrei að vera fleiri en 120 í heildina. f. Frambjóðendur til háskólaráðs geta ekki stutt eigin framboðslista og stuðningur við framboð skal vera skriflegur. Hver einstaklingur í framboði skal studdur af 30 stúdentum við Háskóla Íslands en frambjóðendur á sama lista geta safnað undirskriftum sínum í nafni listans.	e. Framboð skulu safna tilhlýðandi stuðningi af stúdentum á viðkomandi fræðasviði. Frambjóðendur til Stúdentaráðs geta ekki stutt eigin framboðslista og stuðningur við framboð skal vera skriflegur. Safna skal 10 stuðningsmönnum fyrir hvern einstakling á framboðslista. Þjóði sömu samtök fram framboðslista á öllum sviðum þurfa stuðningsmenn listans þó aldrei að vera fleiri en 100 í heildina. f. Frambjóðendur til háskólaráðs geta ekki stutt eigin framboðslista og stuðningur við framboð skal vera skriflegur. Hver einstaklingur í framboði skal studdur af 20 stúdentum við Háskóla Íslands en frambjóðendur á sama lista geta safnað undirskriftum sínum í nafni listans.

RÖKSTUÐNINGUR

Lögð er fram ofangreind breyting í þeim tilgangi að auðvelda frambjóðendum að uppfylla kröfur til kjörgengi. Tillöguflýjtjanda finnst of miklar kröfur lagðar á framboð til stúdenta- og háskólaráðs. Ef litið er til framboða til sveitarstjórnar þurfa framboð í 2001-10.000 íbúa sveitarfélögum að safna 40 undirskriftum og framboð í 10.001-50.000 íbúa sveitarfélögum að safna 80 undirskriftum. Því telur tillöguflýjtjandi réttast að lækka kröfur um undirskriftir til að auðvelda framboðum að bjóða sig fram.

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: 33. gr., framkvæmd kosninga

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein <i>b., c. og h-liður 33. gr.</i>	Breytingartillaga <i>i. og ii. töluliðir a-liðar og ii. töluliður e-liðar 33. gr.</i>
a. Kosningar til Stúdentaráðs og háskólaráðs skulu vera rafrænar sé þess kostur. b. Kjörstjórn skal heimilt að leita til sérfróðra aðila um framkvæmd rafrænna kosninga. Framkvæmd skal vera hagað þannig að öllum stúdentum sé gert kleift að nýta kosningarétt sinn og skal kosning opin á hinu rafræna kosningkerfi í allt að tvo daga. Kjörstjórn ákveður opnunartíma hins rafræna kosningakerfis á kjördögum. c. Kjörstjórn skal auglýsa opnunartíma kosningakerfisins a.m.k. 15 dögum fyrir kjörfund. Heimilt er að skjóta ákvörðunum kjörstjórnar um opnunartíma kosningakerfisins til Stúdentaráðs. Skal það gert a.m.k. 10 dögum fyrir upphaf kjörfundar. d. Allur áróður í byggingum Háskóla Íslands skal bannaður á kjördögum. Frambjóðendum er aðeins heimilt að vera í byggingum, þurfi þeir að sækja tíma eða sinna öðrum sambærilegum erindum. Kjörstjórnarfulltrúar veita skriflega áminningu ef brotið er gegn lagaákvæðum um framkvæmd kosninga. Kjörstjórnarfulltrúi sem áminningu veitir skal gera áminntum	a. Kosningar til Stúdentaráðs og háskólaráðs skulu vera rafrænar sé þess kostur. i. Kjörstjórn skal heimilt að leita til sérfróðra aðila um framkvæmd rafrænna kosninga. Framkvæmd skal vera hagað þannig að öllum stúdentum sé gert kleift að nýta kosningarétt sinn og skal kosning opin á hinu rafræna kosningkerfi í allt að tvo daga. Kjörstjórn ákveður opnunartíma hins rafræna kosningakerfis á kjördögum. ii. Kjörstjórn skal auglýsa opnunartíma kosningakerfisins a.m.k. 15 dögum fyrir kjörfund. Heimilt er að skjóta ákvörðunum kjörstjórnar um opnunartíma kosningakerfisins til Stúdentaráðs. Skal það gert a.m.k. 10 dögum fyrir upphaf kjörfundar. b. Allur áróður í byggingum Háskóla Íslands skal bannaður á kjördögum. Frambjóðendum er aðeins heimilt að vera í byggingum, þurfi þeir að sækja tíma eða sinna öðrum sambærilegum

aðila grein fyrir ástæðu áminningarinnar og veita honum færi á að koma að athugasemdum. Sé aðili þrívægis áminntur er kjörstjórn skylt að tilkynna stúdentum um hvaða aðila er að ræða og fyrir hvað hann var áminntur. Tilkynningin skal birt á opinberum vettvangi; á tilkynningatöflum og á heimasíðu Stúdentaráðs. Sé um að ræða frambjóðanda skal tekið fram hvaða framboði hann tilheyrir. e. Áminntur aðili getur skotið áminningunni til kærunefndar kjörstjórnar innan klukkustundar eftir að hún er veitt. Skal hún úrskurða um réttmæti áminningar innan klukkustundar frá því að kæra berst. Kjörstjórn skal skipa þrjá einstaklinga í kærunefnd viku fyrir fyrri kjördag. f. Framboðslistum er óheimilt að leiðbeina kjósendum skipulega um að raða atkvæðum sínum til þess að skekkja úrslit kosninga og koma fleiri fulltrúum í Stúdentaráð en eðlilegt væri miðað við fjölda atkvæða til listans. Verði framboðslisti uppvís að slíku skal kjörstjórn tilkynna opinberlega um brotið og brotlegan aðila. Við ítrekuð og alvarleg brot á þessu hefur kjörstjórn heimild til að vísa viðkomandi framboði úr kosningum. Þeirri ákvörðun má þó áfrýja til Stúdentaráðs og $\frac{1}{3}$ hlutar Stúdentaráðs geta hnekkst henni. g. Sé ekki unnt að halda rafrænar kosningar á öruggan hátt gildir eftirfarandi um kosningar: i. Kjörstjórn ákveður staðsetningu kjördeilda að höfðu samráði við deildar- og skorfélög. Við val á staðsetningu skal gæta þess að kosningin geti farið leynilega fram og næði kjósenda við kosningu tryggt. Kjördeildir skulu vera á a.m.k. níu stöðum á kennslusvæðum háskólans,	erindum. Kjörstjórnarfulltrúar veita skriflega áminningu ef brotið er gegn lagaákvæðum um framkvæmd kosninga. Kjörstjórnarfulltrúi sem áminningu veitir skal gera áminntum aðila grein fyrir ástæðu áminningarinnar og veita honum færi á að koma að athugasemdum. Sé aðili þrívægis áminntur er kjörstjórn skylt að tilkynna stúdentum um hvaða aðila er að ræða og fyrir hvað hann var áminntur. Tilkynningin skal birt á opinberum vettvangi; á tilkynningatöflum og á heimasíðu Stúdentaráðs. Sé um að ræða frambjóðanda skal tekið fram hvaða framboði hann tilheyrir. c. Áminntur aðili getur skotið áminningunni til kærunefndar kjörstjórnar innan klukkustundar eftir að hún er veitt. Skal hún úrskurða um réttmæti áminningar innan klukkustundar frá því að kæra berst. Kjörstjórn skal skipa þrjá einstaklinga í kærunefnd viku fyrir fyrri kjördag. d. Framboðslistum er óheimilt að leiðbeina kjósendum skipulega um að raða atkvæðum sínum til þess að skekkja úrslit kosninga og koma fleiri fulltrúum í Stúdentaráð en eðlilegt væri miðað við fjölda atkvæða til listans. Verði framboðslisti uppvís að slíku skal kjörstjórn tilkynna opinberlega um brotið og brotlegan aðila. Við ítrekuð og alvarleg brot á þessu hefur kjörstjórn heimild til að vísa viðkomandi framboði úr kosningum. Þeirri ákvörðun má þó áfrýja til Stúdentaráðs og $\frac{1}{3}$ hlutar Stúdentaráðs geta hnekkst henni. e. Sé ekki unnt að halda rafrænar kosningar á öruggan hátt gildir eftirfarandi um kosningar: i. Kjörstjórn ákveður staðsetningu kjördeilda að höfðu samráði við deildar- og skorfélög. Við val á staðsetningu skal gæta þess
---	---

enda skal miðað við það að stúdentar geti á sem auðveldastan máta greitt atkvæði. h. Kjörfundur stendur yfir í allt að tvo daga. Kjörstjórn ákveður hvaða kjördeildir skulu opnar frá kl. 9.00-13.00 og hverjar frá kl. 9.00-18.00 fyrir kjördag. Kjördeildir skulu opnar frá kl. 9.00-18.00 seinni kjördag. Kjörstjórn skal auglýsa kjördeildir a.m.k. 15 dögum fyrir kjörfund. Heimilt er að skjóta ákvörðunum kjörstjórnar um kjördeildir til Stúdentaráðs. Skal það gert a.m.k. 10 dögum fyrir upphaf kjörfundar. i. Frambjóðendum skal heimilt að hafa eftirlit með kjörstjórn hvort sem kosið er rafrænt eður ei. Kjörstjórn setur nánari reglur um það. j. Þegar kjörfundi lýkur á seinni degi kosninganna er fulltrúum framboðanna heimilt að bera saman eftirlitsgögn úr mismunandi kjördeildum m.a. til að gæta þess að einstaklingur hafi ekki greitt atkvæði í tveimur kjördeildum. Þessi samanburður gagna skal fara fram undir eftirliti kjörstjórnar á milli þess sem kjörfundi lýkur og talning hefst. k. Fulltrúa framboðs er einnig heimilt, innan kærufrests skv. 35. gr. að nálgast eftirlitsgögnin undir eftirliti kjörstjórnar í eitt skipti, til þess að fara yfir gögnin að fengnum kosningaúrslitum. Eftirlitsgögnum framboða skal eytt að kærufresti loknum. l. Kjörstjórn skal birta niðurstöður kosninga eigi síðar en fjórum vikum eftir kosningar. Þar skal koma fram fjöldi atkvæða sem hver frambjóðandi hlýtur ásamt tölum um kosningabátttöku.	að kosningin geti farið leynilega fram og næði kjósenda við kosningu tryggt. Kjördeildir skulu vera á a.m.k. níu stöðum á kennslusvæðum háskólans, enda skal miðað við það að stúdentar geti á sem auðveldastan máta greitt atkvæði. ii. Kjörfundur stendur yfir í allt að tvo daga. Kjörstjórn ákveður hvaða kjördeildir skulu opnar frá kl. 9.00-13.00 og hverjar frá kl. 9.00-18.00 fyrir kjördag. Kjördeildir skulu opnar frá kl. 9.00-18.00 seinni kjördag. Kjörstjórn skal auglýsa kjördeildir a.m.k. 15 dögum fyrir kjörfund. Heimilt er að skjóta ákvörðunum kjörstjórnar um kjördeildir til Stúdentaráðs. Skal það gert a.m.k. 10 dögum fyrir upphaf kjörfundar. f. Frambjóðendum skal heimilt að hafa eftirlit með kjörstjórn hvort sem kosið er rafrænt eður ei. Kjörstjórn setur nánari reglur um það. g. Þegar kjörfundi lýkur á seinni degi kosninganna er fulltrúum framboðanna heimilt að bera saman eftirlitsgögn úr mismunandi kjördeildum m.a. til að gæta þess að einstaklingur hafi ekki greitt atkvæði í tveimur kjördeildum. Þessi samanburður gagna skal fara fram undir eftirliti kjörstjórnar á milli þess sem kjörfundi lýkur og talning hefst. h. Fulltrúa framboðs er einnig heimilt, innan kærufrests skv. 35. gr. að nálgast eftirlitsgögnin undir eftirliti kjörstjórnar í eitt skipti, til þess að fara yfir gögnin að fengnum kosningaúrslitum. Eftirlitsgögnum framboða skal eytt að kærufresti loknum. i. Kjörstjórn skal birta niðurstöður kosninga eigi síðar en fjórum vikum eftir
--	--

	kosningar. Þar skal koma fram fjöldi atkvæða sem hver frambjóðandi hlýtur ásamt tölum um kosningaþátttöku.
--	--

RÖKSTUÐNINGUR

Í IX. kafla um kosningar og kjörstjórn er bæði kveðið á um framkvæmd kosninga í húsakynnum háskólans og rafrænar kosningar. Síðastliðin ár hafa kosningar til bæði Stúdentaráðs og háskólaráðs farið fram á innri vef Háskóla Íslands, nánar tiltekið á Uglunni. Hins vegar, ef ske kynni af einhverjum tilfallandi ástæðum að kosningar verði að fara fram í byggingum skólans hefur Stúdentaráð skýr fyrirmæli um hvernig þeim skuli háttað.

Til þess að aðgreina þessa tvo valmöguleika betur er hér lagt til að þeir liðir sem kveða á um aðra hvora framkvæmd verði að töluliðum undir viðeigandi liðum. Þannig breytast b. og c. liðir um rafrænar kosningar í i. og ii. töluliði, og h-liður í ii. tölulið um kosningar í húsakynnum Háskólans.

13. apríl 2022

LAGABREYTINGARTILLAGA

Vegna: 37. gr., hagsmunaskrá Stúdentaráðs

Flutningsaðilar: Skrifstofa Stúdentaráðs

Núverandi grein <i>b-töluliður 37. gr.</i>	Breytingartillaga <i>b-töluliður 37. gr.</i>
b. Upplýsingaskyldu hafa allir fulltrúar SHÍ: Stúdentaráðsliðar (bæði aðal- og varafulltrúar), nefndarmeðlimir, skrifstofa SHÍ (bæði ráðnir og skipaðir fulltrúar) ásamt öðrum fulltrúum sem gegna embættum innan SHÍ.	b. Upplýsingaskyldu hafa allir fulltrúar SHÍ: Stúdentaráðsliðar (bæði aðal- og varafulltrúar), nefndarmeðlimir, sviðsráðsmeðlimir , skrifstofa SHÍ (bæði ráðnir og skipaðir fulltrúar) ásamt öðrum fulltrúum sem gegna embættum innan SHÍ.

RÖKSTUÐNINGUR

Lagt er til að sviðsráðsmeðlimir séu sérstaklega taldnir upp, líkt og nefndarmeðlimir og Stúdentaráðsliðar, þar sem sviðsráð er eining innan kerfisins og meðlimir þess ekki undanskildir upplýsingaskyldu í hagsmunaskrá Stúdentaráðs.

VIÐAUKI D - VERKLAGSREGLUR STÚDENTARÁÐS, STJÓRNAR OG SKRIFSTOFU

1 STÚDENTARÁÐ

1.1 Hlutverk Stúdentaráðs skv. lögum

Á hverju hinna fimm fræðasviða sem mynda Háskóla Íslands eru starfrækt sviðsráð stúdenta. Þessi sviðsráð mynda saman Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) sem gætir hagsmuna allra nemenda við skólann. Fulltrúar í Stúdentaráði 2021-2022 eru 17 samtals, 3 frá hverju sviði að undanskildu Félagsvísindasviði sem hefur 5 fulltrúa.

Stúdentaráð er með æðsta ákvörðunarvald af einingum SHÍ. Starfstími ráðsins miðast við skiptafund ár hvert og eru Stúdentaráðsliðar kjörnir árlega í almennum kosningum meðal allra skráðra stúdenta við HÍ.

Um störf Stúdentaráðs gilda verklagsreglur samkvæmt lögum ráðsins. Verklagsreglur þessar voru samþykktar á Stúdentaráðsfundi þann 9. júní 2021 og gilda fyrir starfsárið 2021-2022.

1.2 Verklagsreglur Stúdentaráðs

1.2.1 Stúdentaráðsliðar

Sérhver Stúdentaráðsliði er ábyrgur fyrir því að kynna sér þau öll þau gögn, lög, verklagsreglur, leiðbeiningar og skýrslur um hagsmuni stúdenta sem liggja fyrir í upphafi starfsárs og í gegnum starfsárið. Stúdentaráðsliðum ber skylda á að mæta á fundi ráðsins, kynna sér gögn og taka virkan þátt í fundarstarfsemi SHÍ sem og á milli funda.

Stúdentaráðsliðar skulu kynna sér handbók ráðsins, [lög ráðsins](#), stefnu þess, verklagsreglur þessar og [stefnu Háskóla Íslands](#). Umfram það skulu Stúdentaráðsliðar þekkja til [laga](#) og [reglna](#) Landssamtaka íslenskra Stúdenta og [stefnu](#) samtakanna.

Stúdentaráðsliði skal mæta á fundi en skyldi hann forfallast skal boða löggiltan varafulltrúa fyrir fund og greina forseta Stúdentaráðs frá því tímanlega. Ásamt því skal veita varafulltrúanum aðgang að öllum fundargögnum. Stúdentaráðsliðar hafa fullan þátttökurétt við afgreiðslu mála innan ráðsins. Stúdentaráðsliðar sinna vinnu sinni af heilindum og í samræmi við stefnur og lög SHÍ.

Stúdentaráðsliðar ættu að hafa eftirfarandi í huga á fundum ráðsins:

- Að búa sig sem best undir þátttöku á fundinum.
- Að mæta stundvíslega, áður en fundur hefst formlega.
- Að fylgjast með störfum fundarins og forðast óþarfa ráp á meðan fundurinn stendur yfir.
- Að trufla ekki fund með fram í köllum.
- Að virða fundarstjórn og mælendaskrá.

- Að fylgja fundarsköpum Stúdentaráðs skv. lögum ráðsins og 7. kafla þessara reglna.
- Að kynna sér efni þessara reglna og fylgja þeim í hvívetna.

1.2.2 Varafulltrúi

Sérhver aðalfulltrúi í Stúdentaráði tilnefnir einn varafulltrúa fyrir sig á kjörfundi. Varafulltrúi verður að vera á sama sviði og aðalfulltrúi og má ekki vera annar aðalfulltrúi í ráðinu.

Varafulltrúar fá alltaf fundarboð og öll fundargögn fyrir alla fundi. Varafulltrúar hafa málfrelsis- og tillögurétt á fundum ráðsins en fá aðeins atkvæðisrétt þegar þeir mæta í stað aðalfulltrúa.

1.2.3 Ritari Stúdentaráðs

Framkvæmdastjóri Stúdentaráðs skal vera ritari Stúdentaráðs í samræmi við lög ráðsins. Sá einstaklingur ritar einnig fundargerðir stjórnar Stúdentaráðs.

Fundargerðir Stúdentaráðs eru samþykktar í upphafi hvers fundar. Hægt er að senda inn athugasemdir við fundargerðir fyrir hvern fund og eru þær þá teknar fyrir á fundinum, en einnig er hægt að bera upp athugasemdir á fundinum þegar fundargerðin er tekin fyrir. Samþykktar fundargerðir eru birtar á vef Stúdentaráðs, student.is, og eru opnar öllum.

Fundaraðilar sem bóka eða leggja fram tillögur á fundum ráðsins skulu skila þeim til fundarritara fyrir fundarlok og skulu eftir fundarlok staðfesta staðsetningu þeirra í fundargerð hjá ritara áður en fulltrúinn yfirgefur fund.

2 SVIÐSRÁÐ

2.1 Hlutverk sviðsráða skv. lögum Stúdentaráðs

Sérhvert sviðsráð skal gæta hagsmuna nemenda á viðkomandi sviði í störfum sínum. Ef upp kemur málefnalegur og persónulegur ágreiningur innan sviðsráðs, þá má bera það undir skrifstofu Stúdentaráðs.

Sviðsráðin kjósa sér forseta og ritara á fyrsta fundi ráðsins. Fulltrúar sviðsráðs hafa málfrelsis-, tillögu og atkvæðisrétt á fundum þess.

2.2 Verklagsreglur sviðsráða

2.2.1 Fundir sviðsráðs

Sviðsráð skulu setja sér nánari verklagsreglur í upphafi hvers árs og skulu þær vera birtar á student.is. Verklagsreglur þessar eru aðeins lágmarksreglur fyrir störf hvers sviðsráðs.

Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi ráðsins. Á fundum ráðsins hefur aðalfulltrúi áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt. Við

atkvæðagreiðslu á fundum sviðsráðs hefur hver fulltrúi eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti atkvæða.

2.2.2 Skiptafundur

Á milli kjörfundar Stúdentaráðs og skiptafundar Stúdentaráðs skal fráfaramandi sviðsráð fara yfir störf ráðsins á liðnu starfsári og kynna nýtt ráð fyrir störfum þess. Starfstími sviðsráðs miðast við skiptafund Stúdentaráðs ár hvert.

Sviðsráð skal í kjölfar kjörfundar Stúdentaráðs halda sérstakan skiptafund þar sem fráfaramandi og nýtt sviðsráð koma saman. Á þessum skiptafundi tilnefnir fráfaramandi sviðsráð nýjan forseta eða óskar eftir tilnefningum. Nýtt sviðsráð kys forseta og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Kosið skal um ritara sviðsráðs og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Séu önnur embætti innan ráðsins skal einnig kjósa í þau.

Verklagsreglur skulu kynntar sviðsráðmeðlimum á skiptafundi ráðsins og teknar til endurskoðunar og umræðna af nýju sviðsráði. Fráfaramandi forseti gerir grein fyrir ársskýrslu sviðsráðs og eru fráfaramandi fulltrúar sviðsráðs ábyrgir fyrir því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og stöðu mála á vegum sviðsráðs.

2.2.3 Forseti sviðsráðs

Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara. Forseti ber ábyrgð á fundargögnum, sem fylgja með fundarboði. Forseti stýrir fundum ráðsins en ef hann forfallast ber ritara sviðsráðs að stýra fundi.

Forseti á sæti í stjórn Stúdentaráðs og ber ábyrgð á því að upplýsa sviðsráð sitt um það sem fer þar fram og skal það gert í upphafi hvers fundar.

Forseti ber ábyrgð á stefnu og/eða aðgerðaráætlun sviðsráðs og að henni sé framfylgt. Hann er ábyrgur fyrir útdelingu verkefna og hefur yfirumsjón með öllum þeim verkefnum sem eru í gangi í hvert sinn. Forseti er ábyrgur fyrir gerð ársskýrslu sviðsráðs sem skal gerð í samráði við forseta Stúdentaráðs og skila í ársskýrslu Stúdentaráðs.

2.2.4 Ritari sviðsráðs

Ritari ritar fundargerðir sviðsráðs og er ábyrgur fyrir því að gera þær aðgengilegar fyrir alla fulltrúa ráðsins.

2.2.5 Annað

Sviðsráð skal halda opinn upplýsingafund fyrir nemendur sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.

Meðlimir sviðsráðsins skulu eftir fremsta megni halda samskiptum sínum á faglegum nótum og fylgja siðareglum þessara verklagsreglna í hvívetna.

Sviðsráð ber ábyrgð á því að kynna þjónustu Háskóla Íslands, réttindaskrifstofu SHÍ og ráðið sjálft fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur um viðbrögð við kynferðislegri og kynbundinni áreitni og kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.

Aðrar verklagsreglur hér eftir eiga jafnt um sviðsráðsmeðlimi sem stúdentaráðsliða.

3 STJÓRN STÚDENTARÁÐS

Stjórn Stúdentaráðs setur sér verklagsreglur í upphafi hvers árs sem skal birta í verklagsreglum þessum.

Inngangur

Stjórn Stúdentaráðs er skipuð forsetum allra sviðsráða auk forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Forseti stúdentaráðs, í fjarveru hans varaforseti, stýrir stjórnarfundum. Það er á ábyrgð forseta að boða til stjórnarfunda og dreifa fundargögnum til fundarmanna. Oddvitar fylkinga Stúdentaráðs ásamt fulltrúa FEDON hafa áheyrnarrétt á stjórnarfundum.

Stjórn Stúdentaráðs skal setja sér verklagsreglur samkvæmt lögum Stúdentaráðs. Verklagsreglur þessar voru samþykktar af stjórn þann 3. júní 2021 og gilda fyrir starfsárið 2021-2022.

I. Helstu ábyrgðir og skyldur stjórnar:

1.1 Heimild stjórnar til atkvæðagreiðslna og ákvarðanatöku

Stjórn ber að taka fyrir og annast framkvæmd ályktana eða tillagna sem Stúdentaráð samþykkir. Stjórn er heimilt að taka ákvarðanir og afgreiða mál innan þeirra marka sem Stúdentaráð ákveður hverju sinni.

Samkvæmt lögum ráðsins fer stjórn með daglega hagsmunabaráttu á vegum ráðsins. Til þess að dagleg hagsmunabarátta geti farið fram með skilvirkum hætti skal stjórn hafa svigrúm til ákvarðanatöku óháð umræðum eða afgreiðslum Stúdentaráðsfunda í undantekningartilvikum. Við þá vinnu setur stjórn sér eftirfarandi verklag:

- Útgjöld eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar Stúdentaráðs sem munu kosta ráðið fé skulu lagðar fyrir stjórn, nema að gert sé ráð fyrir kostnaðinum í samþykktri fjárhagsáætlun. Séu útgjöld eða kostnaður óvenjulegur miðað við ársreikning fyrir ára eða stjórn telur að öðru leyti þörf á, skal leggja útgjöldin fyrir Stúdentaráð.
- Stjórn getur tekið nauðsynlegar ákvarðanir til að daglegur rekstur og hagsmunabarátta Stúdentaráðs staðni ekki og skal haga ákvörðunum stjórnar þannig að Stúdentaráð komi að ferli mála með eins ríkum hætti og kostur er.
- Það skal upplýsa stjórn um smávægilegar hagræðingar á rekstri ráðsins, sparnað á fé eða auknar tekjur ráðsins.

Stjórn Stúdentaráðs skal fara eftir verklagsreglum Stúdentaráðs og skal sérstaklega gæta að því ef þær ganga lengra en verklagsreglur þessar.

Stjórn Stúdentaráðs skal koma að ráðningu starfsfólks á skrifstofu Stúdentaráðs eftir lögum og verklagsreglum ráðsins. Stjórn skal gæta trúnaðar um persónuverndarupplýsingar og er bundin trúnaði um einstaka umsækjendur. Þá skal einungis forseti svara spurningum vegna ráðninga í stöður á skrifstofu Stúdentaráðs. Stjórn skal almennt gæta sams konar trúnaðar vegna annarra ráðninga og/eða skipana sem koma fyrir stjórn.

1.2 Hlutverk innan stjórnar

Gjaldkeri skal vera úr röðum stjórnarmeðlima en ritari skal vera framkvæmdastjóri Stúdentaráðs.

Gjaldkeri skal kjörinn í upphafi starfsárs. Gjaldkeri stjórnar, ásamt framkvæmdastjóra, annast gerð fjárhagsáætlunar Stúdentaráðs eitt ár fram í tímann. Áætlunin er lögð fyrir Stúdentaráð til samþykktar. Gjaldkeri skal í samráði við framkvæmdastjóra gera Stúdentaráði grein fyrir fjárhagsstöðu ráðsins á þriggja mánaða fresti í samræmi við lög. Gjaldkeri og framkvæmdastjóri skulu þess á milli svara fyrirspurnum um stöðu fjárhagsáætlunar innan viku frá því að þær berast þeim.

Ritari ritar fundargerðir stjórnarfunda og heldur utan um fundargerðir Stúdentaráðs. Ritara ber að halda fundargerð um öll atriði fundar stjórnar sem skal vera aðgengileg á skrifstofu Stúdentaráðs fyrir stjórnarmeðlimi. Ritara ber að gera útdrátt fundargerðar aðgengilegan fyrir Stúdentaráðsliða þar sem gætt er að því að trúnaðarmál birtist ekki.

Stjórn skal gæta gagnkvæmra upplýsingatengsla á milli Stúdentaráðs og nemendafélaga stúdenta. Á hverju starfsári skal stjórn halda kynningarfund fyrir nemendafélögin um störf Stúdentaráðs.

Þá skulu sviðsráðsforsetar eða viðeigandi fulltrúar innan sviðsráðsins halda samráðsfundi með formönnum nemendafélaga hverja skólaönn. Á samráðsfundum þessum skal leita álits nemendafélaga á hinum ýmsu hagsmunamálum stúdenta. Á þessum fundum skal gæta að hagsmunafulltrúi hvers nemendafélags eða, í tilfellum sem það á ekki við, deildarfulltrúi nemenda, sé viðstaddur. Þetta skal hvetja til aukins samstarfs milli sviðsráðanna og nemendafélaganna.

Stjórn skal gæta að því að skýra Stúdentaráði reglulega frá helstu viðfangsefnum stjórnar.

II. Nánari verklagsreglur um störf stjórnar

Stjórn Stúdentaráðs 2021-2022 setur eftirfarandi verklagsreglur til viðmiðunar við störf sín:

2.1. Fundir stjórnar

Stjórn skal funda einu sinni í mánuði og helst u.þ.b. viku fyrir hvern Stúdentaráðsfund. Möguleiki er á tíðari fundum ef upp koma mál inn á milli funda Stúdentaráðs.

Fundir teljast lögmætir ef fjórir fulltrúar eru viðstaddir. Stjórnarmeðlimir bera ábyrgð á að boða varafulltrúa og upplýsa þá um fundardagskrá og fundargögn. Það skal fara gætilega með fundargögnin og gæta trúnaðar.

2.2. Önnur hlutverk stjórnar

Stjórn skal gæta þess að upplýsa Stúdentaráð reglulega frá helstu viðfangsefnum stjórnar og skulu sviðsráðsforsetar undirbúa kynningu á störfum sínum fyrir Stúdentaráði á starfsárinu.

Óski Stúdentaráðsliðar eftir fundargerðum stjórnar skal forseti gera þau aðgengileg.

Athugið að þessi listi er ekki tæmandi og einnig eru ýmis tilfallandi verkefni sem stjórn sinnir yfir hvert skólaár í samstarfi við réttindaskrifstofu Stúdentaráðs, Stúdentaráð og aðra hagsmunaaðila hverju sinni.

4 SKRIFSTOFA STÚDENTARÁÐS

4.1 Verklagsreglur vegna ráðninga á skrifstofu SHÍ

Skrifstofa Stúdentaráðs ber ábyrgð á að fara að lögum ráðsins við ráðningu starfsfólks á skrifstofu Stúdentaráðs. Gæta skal að faglegu ferli við ráðningu, 10 daga umsóknarfrests og skipun ráðningarnefndar við fyrsta tækifæri.

Umfram lög ráðsins skal forseti bjóða oddvitum beggja fylkinga sem eiga sæti í ráðningarnefnd að skipa fyrir sig varafulltrúa í ráðningarnefndinni. Miða skal við að sá varafulltrúi komist í viðtöl allra umsækjenda vegna þess starfs sem hann tekur þátt í við ráðningarferlið.

Sé óeining innan ráðningarnefndar um hæfi umsækjenda eða hver niðurstaða nefndarinnar eigi að vera skal gera stjórn grein fyrir því. Þá skal vera heimilt að skila inn álit minnihluta til stjórnar.

Stjórn Stúdentaráðs skal hafa aðgang að samantekt um umsækjendur frá ráðningarnefndinni og skal gæta að persónuverndarlögum við þá upplýsingagjöf. Sé það mögulegt skal gera ferilsskrár og kynningarbréf aðgengileg stjórnarmeðlimum með læstri aðgangsstýringu.

Starfsráðningar annarra en þeirra er getið er í 25. gr. og 26. gr. laga ráðsins fyrir 2021-2022 skulu fara eftir ákvörðun stjórnar Stúdentaráðs og tilkynntar Stúdentaráði sbr. 26. gr. laganna.

4.2 Verklagsreglur vegna skipun í stjórn Félagsstofnun stúdenta

Skrifstofa Stúdentaráðs ber ábyrgð á að framfylgja lögum og verklagi um skipan fulltrúa stúdenta í stjórn Félagsstofnunar stúdenta (FS). Skipunartímabil er til tveggja ára í senn samkvæmt *reglugerð fyrir Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands*.

Skrifstofa Stúdentaráðs skal auglýsa eftir umsóknum til setu í stjórn FS og skal auglýsingin vera birt með minnst 10 dögum fyrir lok umsóknarfrests. Samkvæmt o-lið 7. gr laga ráðsins skal hver fulltrúi ásamt varafulltrúa kjörinn sérstaklega og því tilgreina umsækjendur varafulltrúa í umsókn sinni.

Stjórn Stúdentaráðs skal taka umsóknirnar fyrir eftir faglegu ferli og kjósa þrjá aðalfulltrúa og þrjá varafulltrúa á grundvelli hæfniramma. Ákvörðun stjórnar skal vera lögð fyrir Stúdentaráð til staðfestingar með atkvæðagreiðslu samkvæmt 7. gr. laga Stúdentaráðs.

4.3 Verklagsreglur vegna skipan í nefndir háskólaráðs

Stúdentaráð skipar fulltrúa í nefndir Háskólaráðs samkvæmt lögum ráðsins. Í kennslumálanefnd, jafnréttisnefnd og umhverfis- og samgöngunefnd er tilgreint sérstaklega hvaða embætti skuli taka sæti. Í aðrar nefndir háskólaráðs skal Stúdentaráð auglýsa meðal háskólanema sætið samkvæmt lögum og kjósa á fundi sínum nýjan fulltrúa. Þær nefndir eru skipulagsnefnd, öryggisnefnd, málnefnd, gæðanefnd og ráð um málefni fatlaðs fólks. FEDON sér að auki um tilnefningu fulltrúa í vísindanefnd.

Óski fulltrúi eftir að sitja áfram í nefnd sem ekki er sérstaklega tilgreint sæti í skal stjórn Stúdentaráðs taka beiðnina fyrir og gera Stúdentaráði grein fyrir ákvörðun sinni.

4.4 Verklagsreglur skrifstofu SHÍ

Skrifstofa Stúdentaráðs setur sér verklagsreglur í upphafi hvers árs sem skal bera undir og samþykkja af stjórn.

1. Verklag við störf starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs:

Stjórn Stúdentaráðs skal samþykkja verklagsreglur skrifstofu í upphafi starfsárs. Verklagsreglur þessar voru samþykktar af stjórn þann 3. júní 2021 og gilda fyrir starfsárið 2021-2022.

1. Almenn störf skrifstofu og viðverutímar

Forseti er ábyrgur fyrir störfum skrifstofu Stúdentaráðs og svarar fyrir hana út á við og innan háskólans, rétt eins og fyrir Stúdentaráð í heild sinni. Komi upp vafamál um störf skrifstofu eða annað slíkt skal bera það undir forseta.

Skrifstofa Stúdentaráðs skal starfa eftir samþykktum tillögu, ályktunum og yfirlýsingum Stúdentaráðs hverju sinni sem og birtri og samþykkttri stefnu ráðsins. Starfsfólk skrifstofu skal svara spurningum stúdenta, Stúdentaráðsliða og annarra sem til þeirra leita fljótt og örugglega og gæta að góðu upplýsingaflæði og gagnsæi við störf sín. Hver starfsmaður skal taka stúdentum og Stúdentaráðsliðum opnum örmum með því að bjóða upp á viðtalstíma og hafa tengiupplýsingar aðgengilegar Stúdentaráðsliðum á netinu.

Skrifstofa Stúdentaráðs skal halda úti heimasíðu, Facebook síðu, Instagram og Twitter aðgangi á vegum Stúdentaráðs og auka sýnileika Stúdentaráðs.

Starfsfólk skrifstofunnar skal eftir fremsta megni hafa viðveru á skrifstofunni daglega. Þá skal skrifstofan vera opin alla virka daga frá 09:00-17:00 og vera aðgengileg stúdentum Háskóla Íslands, nema í undantekningartilvikum og skal það þá auglýst ef hún er lokuð.

Starfsfólk skrifstofunnar skal í samráði við forseta láta vita af mætingu á skrifstofuna og skrá inn viðveru sína og skulu í undantekningartilvikum vinna að heiman. Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með vöktum en starfsfólk er ábyrgt fyrir að halda utan um vaktir sínar. Mælst er með að starfsfólk skrái viðveru sína jafnóðum í sérstakt viðveruskjal.

2. Dreifing, gögn og birtingar SHÍ

Starfsfólk skrifstofunnar skal vinna eftir skjalastefnu Stúdentaráðs og varðveita gögn í samræmi við stefnuna.

Starfsfólk skrifstofunnar er ábyrgt fyrir hi-nem tölvupóstinum og skal póstlistinn aðeins notaður fyrir fjölpóst ef hann snýr beint að hagsmunum stúdenta, bættum kjörum stúdenta, hefur efnislega hjálplegar upplýsingar fyrir stúdenta eða er frá Stúdentaráði, Félagsstofnun stúdenta eða Háskólanum sjálfum. Bein markaðssetning á póstlistanum er ekki heimil nema í undantekningartilvikum samkvæmt samningi við Stúdentaráð og ef hún samrýmist hag stúdenta.

II. Störf og hlutverk starfsfólk skrifstofu Stúdentaráðs:

Eftirfarandi byggir á lögum Stúdentaráðs og undirrituðum starfslýsingum starfsfólks skrifstofunnar. Því til viðbótar eru nánari skýringar eða viðmið um verklag sem gengur lengra en lög ráðsins eða verklýsingar starfsfólks taka til.

1. Forseti:

Forseti Stúdentaráðs, í forföllum hans varaforseti, skal vera málsvári ráðsins út á við og gagnvart yfirstjórn Háskólans, eftir því sem við á. Forseti er teymisstjóri skrifstofunnar og ber ábyrgð á upplýsingaflæði innan hennar sem og góðum starfsháttum, og að störf Stúdentaráðs séu unnin á faglegan og skilvirkan hátt. Forseti er ábyrgur fyrir stefnumótun Stúdentaráðs í heild sinni, að stefnu ráðsins sé framfylgt í störfum ráðsins sem og að stefna sé uppfærð reglulega.

1.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Forseti Stúdentaráðs boðar nýkjörið ráð til kjörfundar eigi síðar en sex vikum eftir kosningar til Stúdentaráðs og Háskólaráðs. Hann skal boða til fundarins með minnst 10 daga fyrirvara í tryggilegu fundarboði sbr. b. lið 6. gr. laga Stúdentaráð, samþykkt 30.03.2020

Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans, varaforseti, stjórnar fundum ráðsins eða tilnefnir annan í sinn stað. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar með minnst 5 daga fyrirvara og skal boða til funda á tryggilegan hátt með tölvupósti eða annarri aðferð sem Stúdentaráð samþykkir. Forseti skal leita eftir slíku samþykki með atkvæðagreiðslu á Stúdentaráðsfundi svo ekki fari milli mála að Stúdentaráð hafi samþykkt aðferðina.

Við fundarstjórn skal forseti gæta þess að fara að lögum ráðsins og þarf því að kunna góð skil á þeim. Fundarstjóri lýsir dagskrá fundar og gefur fundaraðilum orðið eftir því sem þeir óska eftir því.

Þá skal fundarboðun og fundargögn fylgja lögum Stúdentaráðs. Umfram það skal forseti, í þeim undantekningartilvikum sem það gæti talist nauðsynlegt, boða fyrirvara við dagskrárliði ef það er líklegt að eitthvað breytist eða láta vita af líklegum breytingum á dagskrá, komi þær upp eftir fundarboðun. Forseti skal í hvívetna koma gagnlegum gögnum til Stúdentaráðsliða eftir því sem það getur átt við.

Komi sú staða upp að boðað sé til fundar með skemmri fyrirvara skv. lögum ráðsins skal forseti gæta þess að tilkynna fundarboð með tölvupósti og á öðrum sameiginlegum vettvangi Stúdentaráðsliða því til viðbótar auk þess að óska eftir liðsinni stjórnar Stúdentaráðs við að vekja athygli á fundarboðinu.

Forseti á sæti í stjórn Stúdentaráðs og stjórnar fundum stjórnar. Forseti ber ábyrgð á störfum stjórnar í samræmi við lög SHÍ. Forseti skal gæta að því að starfað sé eftir verklagsreglum stjórnar SHÍ hverju sinni. Forseti skal vera prókúruhafi að reikningum Stúdentaráðs

.Forseti ber ábyrgð á að hagsmunaskrá Stúdentaráðs sé fyllt út skv. lögum Stúdentaráðs. Forseti skal gæta þess að hagsmunaskráin sé aðgengileg stúdentum á heimasíðu SHÍ og þá í samræmi við óskir um undantekningar birtingar hverju sinni.

Þá situr forseti í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta til tveggja ára. Komi upp sú staða að ekki sé hægt að halda fléttaskipulaginu í fulltrúaráðinu áfram á hefðbundin hátt, t.a.m. ef forseti situr lengra en eitt ár, skal annar aðalfulltrúinn vera úr röðum starfsfólk skrifstofunnar og ákvarðaður af henni. Þannig heldur sá aðalfulltrúi í fléttaskipulagið.

1.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Forseti ber ábyrgð á að verklagsreglur séu settar fyrir starfseiningar ráðsins og ber ábyrgð á viðhaldi þeirra. Það skal gert í sem breiðustu samráði við þær einingar.

Forseta ber að vinna að stefnumótun til framtíðar fyrir Stúdentaráð í samvinnu við Stúdentaráð og aðra starfsmenn Stúdentaráðs. Forseti sér um að ákveða stefnumótunarferð Stúdentaráðs og ákvarðar hvernig henni skal hagað í samráði við stjórn Stúdentaráðs og skrifstofu. Undirbúningsvinna skal vera í samráði við skrifstofu og eftirfylgni við vinnu sem fer

fram í stefnumótunarferð Stúdentaráðs í samráði við varaforseta. Þá skal birta niðurstöður stefnumótunarferðar svo fljótt sem auðið er. Forseti er ábyrgur fyrir því að störf Stúdentaráðs og opinberar tilkynningar séu í samræmi við stefnu ráðsins.

Yfirumsjón með innra starfi Stúdentaráðs er á ábyrgð forseta: fundargögn, trygging stofnanaminnis, skipulag gagna og lög ráðsins. Forseti heldur utan um öll gögn og tryggir stofnanaminni. Forseti er ábyrgur fyrir skipulagi á heimasvæði Stúdentaráðs á Google Drive og Outlook þar sem gögn skrifstofu Stúdentaráðs eru geymd. Forseti heldur utan um öll fundargögn fyrir fundi og sér um að boða fundi. Þá ber forseti ábyrgð á að lög ráðsins skuli vera aðgengileg.

Ársskýrsla ráðsins skal vera kynnt á skiptafundi ráðsins en gerð og kynning skýrslunnar er á ábyrgð forseta.

Málsvari Stúdentaráðs út á við: Forseti kemur opinberlega fram fyrir hönd ráðsins, hvort sem það eru viðburðir, viðtöl, ræður eða erindi. Forseti skal fara eftir ályktunum, tillögum og þeim sjónarmiðum sem Stúdentaráð hefur látið í ljós í samskiptum sínum útá við fyrir hönd ráðsins.

Málsvari Stúdentaráðs gagnvart stjórnsýslu Háskólans: Forseti skal halda sjónarmiðum Stúdentaráðs til haga innan stjórnsýslu skólans og í samskiptum sínum við stjórnvöld skólans. Þá skal forseti leitast við sem bestu samráði við Stúdentaráðsliða um þau atriði sem er leitað til hans.

2. Varaforseti:

Varaforseti er staðgengill forseta í forföllum og sinnir öðrum verkefnum samkvæmt lögum þessum eða eðli máls. Varaforseti gegnir einnig ýmsum störfum sem koma á borð skrifstofunnar og er til staðar ef þarf að aðstoða aðra aðila í skrifstofu stúdentaráðs.

2.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Varaforseti hefur málfrelsis- og tillögurétt á fundum ráðsins. Honum ber að vera vel upplýstur um málefni ráðsins til að geta stigið inn í störf forseta ef til þess kemur. Hann skal boða nefndir til fyrsta fundar þar sem þau kjósa sér formann í samræmi við val á kjörfundi Stúdentaráðs.

Varaforseti á sæti í stjórn Stúdentaráðs og hefur atkvæðisrétt þar. Hann skal tilnefna varafulltrúa sinn í upphafi starfsárs. Miða skal við að sá aðili sé einnig starfsmaður skrifstofu Stúdentaráðs.

Varaforseti skal sjá um hlutverk ritara á fundi Stúdentaráðs ef framkvæmdarstjóri forfallast

2.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Varaforseti skal framfylgja stefnu Stúdentaráðs í samráði við forseta og nefndir ráðsins.

Varaforseti ber ábyrgð á innra starfi ráðsins. Hann skal starfa sem tengiliður við nefndir Stúdentaráðs og sinna veitingu skírteinisviðauka. Þá gengur hann úr skugga um að nefndir framfylgi stefnu Stúdentaráðs. Hann skal sinna eftirfylgni við vinnu sem fer fram í stefnumótunarferð Stúdentaráðs og gæta að því að hún sé öllum nemendum til framdráttar. Varaforseti situr í Landssamband ungmennafélaga (LUF) og tryggir upplýsingaflæði milli ráðsins og LUF. Geti varaforseti ekki tekið sæti í LUF skal annar starfsmaður skrifstofunnar gera svo.

Varaforseti hefur umsjón með markaðs- og samskiptamálum í samstarfi við forseta, þ.á.m. Facebook, Instagram og Twitter. Hann sér um upphald og uppfæringu student.is og heldur utan um skipulag herferða Stúdentaráðs með forseta.

Varaforseti skal halda utan um mætingarlista, nafnspjöld og mælendaskrá á Stúdentaráðsfundum.

3. Lánasjóðsfulltrúi:

Situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna fyrir hönd Stúdentaráðs og er fulltrúi ráðsins á fundum og í stefnumótun um Menntasjóðinn. Starfsárið 2021-2022 er lánasjóðsfulltrúi tilnefndur í stjórn af Landssamtökum íslenskra stúdenta.

3.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Lánasjóðsfulltrúi hefur áheyrnarrétt á fundum fjármála- og atvinnulífsnefndar. Þá hefur lánasjóðsfulltrúi málfrelsis- og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs.

3.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Helstu verkefni lánasjóðsfulltrúa snúa að stjórnarfundum Menntasjóðsins, forystu í störfum og undirbúningi Stúdentaráðs undir störf hins opinbera sem viðkoma Menntasjóðinn og þjónustu við nemendur er varðar sjóðinn. Þá sinnir lánasjóðsfulltrúi stefnumótun vegna lánasjóðsmála fyrir Stúdentaráð í samráði við forseta og skrifstofu.

Lánasjóðsfulltrúi skal upplýsa Stúdentaráð um þau atriði sem nauðsyn krefst hverju sinni og falla ekki undir trúnaðarupplýsingar sjóðsins. Hann skal tala máli stúdenta og hagsmunum þeirra á fundum stjórnar Menntasjóðsins og svarar fyrir afstöðu stúdenta innan stjórnar Menntasjóðsins.

Lánasjóðsfulltrúi leiðir vinnu við álit Stúdentaráðs um Menntasjóðinn í samráði við forseta. Hann er málsvari ráðsins út að við ásamt því að bera ábyrgð á eftirfylgni við álit ráðsins ásamt forseta. Lánasjóðsfulltrúi skuldbindur sig til að vinna eftir samþykktu álit Stúdentaráðs við hvers lags frumvörp sem varða sjóðinn.

Starfsárið 2021-2022 þjónustar lánasjóðsfulltrúi námsfólk við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskólann á Hólum og Landbúnaðarháskólann. Lánasjóðsfulltrúi hefur það að markmiði að nemendur þessara skóla fái úrlausn við hvers lags vandamálum er varða Menntasjóðinn og séu meðvituð um tilvist lánasjóðsfulltrúa. Hann ber ábyrgð á að auglýsa fresti vegna umsókna í Menntasjóðinn og afgreiða þau mál sem koma á borð skrifstofunnar er varða lánasjóðinn.

4. Hagsmunafulltrúi

Hagsmunafulltrúi er umboðsmaður stúdenta gagnvart Háskólanum og leiðbeinir og aðstoðar stúdenta til að gæta réttar síns.

4.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Hagsmunafulltrúi starfar á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og skal gegna hlutverki þjónustuaðila við stúdenta við Háskóla Íslands. Hann hefur málfrelsis- og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs.

4.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Helsta verkefni hagsmunafulltrúa er hagsmunagæsla. Í því felst að tryggja að þau sem leiti með hagsmunamál sín til skrifstofu Stúdentaráðs fái aðstoð og leiðbeiningar varðandi úrlausn þeirra eftir bestu getu. Til að sinna hagsmunagæslu stúdenta vel er mikilvægt að tryggja viðveru á skrifstofu Stúdentaráðs á viðtalstíma og aðgengileika, að erindum nemenda vegna kvörtunar- og hagsmunamála þeirra innan skólans sé svarað eins fljótt og auðið er og að nemendur séu aðstoðaðir varðandi réttindi þeirra og málum þeirra komið í réttan farveg.

Önnur verkefni sem eru á ábyrgð hagsmunafulltrúa eru stefnumótunarvinna, sýnileiki stúdentaráðs og önnur tilfallandi verkefni. Hlutverk hagsmunafulltrúa í stefnumótunarvinnu stúdentaráðs er að gæta þess að stefna Stúdentaráðs sé í samræmi við hagsmuni stúdenta og til þess fallin að stuðla að bættum hag stúdenta sem og að sinna þarfagreiningu á hagsmunamálum stúdenta. Þáttur hagsmunafulltrúa í að auka sýnileika Stúdentaráðs og þeirrar þjónustu sem í boði er á skrifstofu Stúdentaráðs felst í því að mæta á opna fundi, kynningardaga o.fl. þar sem starfsemi Stúdentaráðs er kynnt og tryggja að störf hagsmunafulltrúa og réttindaskrifstofunnar séu almennum nemendum Háskóla Íslands kunn. Að auki er það í verkahring hagsmunafulltrúa að sinna öðrum tilfallandi verkefnum í samvinnu við forseta, en sá hluti starfsins sem snýr að hagsmunagæslu er mjög álagstengdur og á mótí gefst tími til annara verkefna fyrir utan álagstímabil.

5. Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með rekstri skrifstofu ráðsins í samráði við stjórn Stúdentaráðs og forseta. Hann hefur yfirumsjón með bókhaldi og reikningum ásamt því að sjá um launagreiðslur til starfsmanna. Einnig ber hann ábyrgð á gerð ársreikninga Stúdentaráðs og skal hún kynna þá fyrir ráðinu eins fljótt og auðið er frá lokum reikningsárs og birta þá á vefsíðu ráðsins eftir samþykkt þeirra. Framkvæmdastjóri hefur umsjón með allri

samningagerð og tryggir því fjármagn til rekstur skrifstofunnar og þá viðburði sem ráðið og nefndir þess halda.

5.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Framkvæmdastjóri skal kynna Stúdentaráðsliðum bæði fjárhagsáætlun og ársreikninga ráðsins. Einnig skal hann rita Stúdentaráðsfundi.

5.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Framkvæmdastjóri tekur þátt í að vinna að skilvirkum og góðum starfsháttum á skrifstofu Stúdentaráðs. Framkvæmdastjóri gætir fjármuna og eigna Stúdentaráðs, vinnur að hagkvæmni í fjárútlátum og miðlar upplýsingum til Stúdentaráðs og skrifstofu. Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með fjármálum Stúdentaráðs, hefur umsjón með rekstri skrifstofu Stúdentaráðs, þar með talið tímaskráningum starfsfólks Stúdentaráðs, greiðslu launa, sér um samningsgerðir á vegum Stúdentaráðs og eftirfylgni þeirra, sér um auglýsingasöfnun í útgefið efni Stúdentaráðs og sér um að rita fundargerðir Stúdentaráðs og stjórnar Stúdentaráðs. Auk þess tekur framkvæmdastjóri þátt í daglegum störfum skrifstofunnar í samráði við forseta.

6. Ritstjóri

Ritstjóri hefur yfirumsjón með útgáfu Studentablaðsins og Akademiunnar.

6.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Ritstjóri Studentablaðsins ákveður efni blaðsins í samstarfi við ritnefnd og ber ábyrgð á því. Ritstjóri auglýsir eftir fulltrúum í ritstjórn Studentablaðsins með almennum pósti á HÍ netföng stúdenta. Ritstjóri leggur fjárhagsáætlun hvers tölublaðs fyrir framkvæmdastjóra.

6.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

Ritstjóri ritstýrir og hefur yfirumsjón með útgáfu Studentablaðsins og Akademiunnar. Gefin eru út fjögur tölublöð af Studentablaðinu, tvö á hvoru misseri. Akademían er gefin út við upphaf haustmisseris. Ritstjóri annast stefnumótun fyrir Studentablaðið og Akademiuna og skipar í ritstjórn Studentablaðsins. Auglýst er eftir fulltrúum í ritstjórn Studentablaðsins með almennum tölvupósti til allra stúdenta en að auki eru tveir fulltrúar skipaðir af Stúdentaráði.

Ritstjóri hefur það að leiðarljósi að setja saman eins fjölbreytta ritstjórn og kostur gefst á. Ritstjóri leiðir ritstjórn Studentablaðsins og hefur það hlutverk að útdeila efni til umfjöllunar til ritstjórnarmeðlima. Ritstjóri boðar fundi með ritstjórnar með ásættanlegum fyrirvara og heldur utan um fundargögn ritstjórnar. Ritstjóri ber ábyrgð á að hlutverk ritstjórnarmeðlima liggi fyrir eins fljótt og hægt er frá því að skipað hefur verið í ritstjórn. Ritstjóri ákveður efni hvers tölublaðs Studentablaðsins í samstarfi við ritstjórn.

Ritstjóri vinnur að auglýsingasöfnun fyrir Studentablaðið og Akademiuna í samvinnu við framkvæmdastjóra. Þá útbýr ritstjóri fjárhagsáætlun fyrir Akademiuna og hvert tölublað

Stúdentablaðsins í samvinnu við framkvæmdastjóra. Ritstjóri annast einnig ráðningu á grafískum hönnuði Stúdentablaðsins og Akademiunnar og skal hann vera faglega ráðinn.

Ritstjóri hefur yfirumsjón með vef og samfélagsmiðlum Stúdentablaðsins og ber ábyrgð á birtingu alls efnis í blaði og á vef Stúdentablaðsins. Ritstjóri tryggir að efni Stúdentablaðsins og Akademiunnar sé prófarkalesið og hefur einnig umsjón með umbroti og prentun blaðanna. Ritstjóri uppfærir vef Stúdentablaðsins og birtir greinar og viðtöl milli hvernar útgáfu eins og við á. Þá ber ritstjóri ábyrgð á að útgáfa hvers tölublaðs Stúdentablaðsins sé auglýst með góðum fyrirvara til að tryggja sýnileika blaðsins í háskólasamfélaginu.

Ritstjóri tekur þátt í að skilvirkni og góðum starfsháttum sé háttað á skrifstofu Stúdentaráðs. Auk ritstjórnar og blaðamanna starfar ritstjóri náið með forseta og framkvæmdastýru Stúdentaráðs. Ritstjóri leggur auk þess áherslu á að eiga í góðum samskiptum við starfsfólk skrifstofu Stúdentaráðs og aðra sem koma á einn eða annan hátt að útgáfu Akademiunnar og Stúdentablaðsins.

7. Alþjóðafulltrúi

Alþjóðafulltrúi gegnir embætti forseta alþjóðanefndar. Hann starfar á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og skal gegna hlutverki þjónustuaðila við erlenda stúdenta við Háskóla Íslands og geta erlendir stúdentar leitað til hans með fyrirspurnir varðandi háskólavistina sem og annað sem snýr að dvöl þeirra hérlandis. Alþjóðafulltrúi er annar af tveimur fulltrúum stúdenta í Aurora samstarfsnetinu og starfar náið með Alþjóðaskrifstofu.

7.1. Skyldur gagnvart Stúdentaráði

Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs gegnir embætti forseta alþjóðanefndar. Hann starfar á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og skal gegna hlutverki þjónustuaðila við erlenda stúdenta við Háskóla Íslands og geta erlendir stúdentar leitað til hans með fyrirspurnir varðandi háskólavistina sem og annað sem snýr að dvöl þeirra hérlandis. Alþjóðafulltrúi hefur málfrælsis- og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs.

Stúdentaráð er með tvo fulltrúa í stúdentaráði Aurora, samstarfsneti níu háskóla í Evrópu. Annar þeirra skal valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs og staðfestur af stjórn Stúdentaráðs en hinn skal vera alþjóðafulltrúi.

Alþjóðafulltrúi og aðrir fulltrúar skrifstofunnar þurfa e.t.v. að sækja ráðstefnur og fundi erlendis yfir starfsárið. Þar er mikilvægt að fulltrúar tileinki sér eftirfarandi hluti:

- Panta skal flug og gistingu með góðum fyrirvara til að halda kostnaði í lágmarki og skal gera það um leið og fyrir liggur hverjir fulltrúar eru og hvar viðburðurinn er haldinn.
 - Háskóli Íslands hefur lýst yfir vilja til að niðurgreiða allan ferðakostnað stúdenta sem sækja Aurora ráðstefnur erlendis. Skal því flug og gisting vera bókuð í samráði við skrifstofu Alþjóðasamskipta.

- Þá skal fulltrúi taka kvittanir fyrir öðrum aukakostnaði sem hlýst af ráðstefnu/fundi en það getur verið til dæmis fæðiskostnaður á ferðadögum eða þegar slíkt er ekki í boði á ráðstefnu/fundi.
- Fulltrúar sem ferðast á vegum ráðsins eru ábyrgir fyrir því að halda utan um kvittanir og skýringar á þeim. Þeim skal skilað til framkvæmdastjóra.
 - ATH. að ráðið greiðir ekki fyrir áfengi og annan óþarfa kostnað.
- Fulltrúar eru beðnir um að halda aukaútgjöldum í lágmarki hverju sinni.
- Þegar ráðstefnu/fundi er lokið skal fulltrúi skila þeirri þekkingu sem hann öðlast á viðkomandi ráðstefnu og/eða fundi til Stúdentaráðs. Fulltrúar skulu skrifa skýrslu um viðkomandi fund eða ráðstefnu og gera aðgengilega fyrir stúdenta á heimasíðunni student.is
- Á þeim fundum/ráðstefnum sem fulltrúi sækir skal hann ávallt sýna af sér háttvísi og fara eftir siðareglum samtakanna og þeim siðareglum sem fulltrúum eru settar hverju sinni. Þá skal hann hafa í huga að hann er í forsvari fyrir Stúdentaráð og talar máli ráðsins.
- Fulltrúi skal virða fundartíma ráðstefnu eða fundar sem hann sækir, hann skal mæta tímanlega og skila góðu vinnuframlagi.
- Þá skulu fulltrúar SHÍ á ráðstefnum erlendis leggja sitt af mörkum í umræðum, tryggja það að rödd stúdenta Háskóla Íslands heyrist á alþjóðlegum vettvangi og móta tengsl við fulltrúa annarra landa.

7.2. Skyldur samkvæmt starfslýsingu

7.2.1. Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs

Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands starfar sem trúnaðarmaður allra erlendra nema og skiptinema Háskóla Íslands. Fulltrúinn skal tryggja að þau sem leiti með hagsmunamál sín til skrifstofu Stúdentaráðs fái aðstoð og leiðbeiningar varðandi úrlausn þeirra. Alþjóðafulltrúi skal tryggja aðgengileika á skrifstofu Stúdentaráðs fyrir alla erlenda nema.

Þá skal alþjóðafulltrúi tryggja að stefna Stúdentaráðs til framtíðar sé erlendum nemendum og skiptinemum við Háskóla Íslands til framdráttar og stuðli að bættum hag þeirra.

Alþjóðafulltrúi skal auka sýnileika Stúdentaráðs fyrir erlendum nemum og skiptinemum og tryggja að þau viti hvaða þjónustu þeim stendur til boða. Þetta gæti falið í sér að mæta á opna fundi, kynningardaga o.fl. fyrir erlenda nema. Einnig fellur það á ábyrgð Alþjóðafulltrúa og alþjóðanefnd að þýða allt útgefið efni Stúdentaráðs.

Alþjóðafulltrúi ber ábyrgð á mentor kerfi og og skal tryggja sýnileika og aðgengileika þess. Jafnframt ber alþjóðafulltrúi ábyrgð á að tryggja sýnileika allra viðburða fyrir erlenda nema.

7.2.2. Aurora

Alþjóðafulltrúi er jafnframt aðalfulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands í Aurora og skal vinna samkvæmt stefnu Stúdentaráðs í tengslum við Aurora samstarfsnetið.

Jafnframt skal hann stuðla að skilvirkum starfsháttum og stuðla að góðu upplýsingaflæði milli Stúdentaráðs, skrifstofu ráðsins, skrifstofu alþjóðasamskipta og Aurora um öll þau málefni sem tengjast Aurora. Þetta getur m.a. falið í sér að kynna verkefni eða mál innan Aurora sem tengjast Stúdentaráði á fundum Stúdentaráðs og skila inn skýrslum eftir hverja ráðstefnu til Stúdentaráðs.

Alþjóðafulltrúi skal stuðla að skilvirku starfi innan Aurora samstarfsnetsins og hafa samráð og samskipti við aðra stúdenta innan netverksins. Fulltrúinn skal vinna að öllum þeim verkefnum innan Aurora sem starfið krefst, í samráði við skrifstofu Stúdentaráðs og skrifstofu alþjóðasamskipta.

Önnur tilfallandi verkefni eru unnin í samráði við forseta Stúdentaráðs og skal fulltrúinn annast öll þau störf sem tengjast sviðinu og kunna að reynast nauðsynleg hverju sinni.

5 FASTANEFNDIR STÚDENTARÁÐS

5.1 Hlutverk fastanefnda

Forseti og varaforseti bera ábyrgð á að farið sé að lögum ráðsins við skipan og störf nefnda Stúdentaráðs.

Á vegum Stúdentaráðs starfa 9 fastanefndir og sitja fimm einstaklingar í hverri þeirra, að undanskilinni nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Fulltrúar í nefndum skulu skipaðir skv. lögum ráðsins. Forsæti í nefndum skiptist í hlutfalli við atkvæðafjölda á bak við kjörna fulltrúa í Stúdentaráðskosningum, að undanskildri kennslumálanefnd. Sú fylking sem er atkvæðahæst fær að velja sér forsæti í nefnd fyrst og þar á eftir sú næst-atkvæðahæsta, o.s.frv. Stúdentaráðsliðar skulu hafa forgang til forsætis í nefndum Stúdentaráðs.

Fastanefndir ráðsins eru: alþjóðanefnd, fjármála- og atvinnulífsnefnd, jafnréttisnefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, kennslumálanefnd, lagabreytinganefnd og nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd. Hlutverk nefnda skal samrýmast lögum ráðsins.

Kjörgengir til að sitja í nefndum eru öll þau sem hafa verið skráð til náms við Háskóla Íslands á síðustu þremur árum á undan sérstökum kjörfundi. Nefndir skulu skipaðar með tilnefningum í fjögur nefndarsæti á kjörfundi Stúdentaráðs, að undanskildum nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd og kennslumálanefnd. Auglýsa skal í laus sæti nefnda í upphafi haustannar.

Fastanefndir skulu á sínum fyrsta fundi kjósa sér forseta. Fyrsti fundur skal tryggilega boðaður af varaforseta Stúdentaráðs og skal miða við að sá fundur sé skiptafundur nefnda sbr. neðangreindur kafla 5.2.2.

Nefndir skulu í upphafi starfs síns setja sér starfs- og fjárhagsáætlun að svo miklu leyti sem hægt er. Nefndir skulu skrifa skriflegri skýrslu um störf sín til Stúdentaráðs í lok árs sem forseti skal færa í ársskýrslu ráðsins.

5.2 Verklagsreglur fastanefnda

5.2.1 Fundir

Nefndir skulu funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði, eða eftir samkomulagi, og skulu nefndarmeðlimir mæta tímanlega á fundi ráðsins. Ef nefndarmeðlimur forfallast skal tilkynna forseta nefndar forföllin tímanlega.

Einn nefndarmeðlimur getur kafið forseta um fundarboð og skal halda fund innan viku eftir að krafa um fund kemur fram.

Fundur telst lögmætur ef hann er löglega boðaður af forseta nefndar í samræmi við lög ráðsins. Forseti skal leitast eftir í hvert sinn að velja fundartíma þar sem flestir komast.

Nefndir skulu starfa í umboði Stúdentaráðs og hefur Stúdentaráð úrslitavald í málum sem nefndir taka til afgreiðslu. Nefndir skulu starfa í samræmi við ályktanir, tillögur og stefnu sem Stúdentaráð samþykkir.

5.2.2 Skiptafundur

Starfstími fastanefnda miðast við skiptafund Stúdentaráðs ár hvert. Á milli kjörfundar Stúdentaráðs og skiptafundar skulu fráfari nefndarmeðlimir koma nýjum nefndarmeðlimum inn í störf nefndarinnar og fara yfir vinnu síðasta árs.

Fastanefndir skulu halda sérstakan skiptafund þar sem fráfari og nýir nefndarmeðlimir koma saman. Varaforseti Stúdentaráðs boðar slíkan fund innan sex vikna frá kjörfundi skv. 20. grein laga Stúdentaráðs. Á þessum fundi er kosið um forseta nefndar. Verklagsreglur skulu kynntar nefndarmeðlimum á skiptafundi nefnda. Fráfari forseti nefndar afhendir og gerir grein fyrir ársskýrslu nefndarinnar þar sem koma fram upplýsingar um starf nefndar og helstu verkefni. Fráfari fulltrúar nefndar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málavexti nefndar.

5.2.3 Forseti fastanefndar

Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara og ber ábyrgð á fundargögnum, ef einhver kunnu vera, sem fylgja með fundarboði.

Forseti stýrir fundum nefndarinnar. Forseti ber ábyrgð á stefnu sinnar nefndar og framfylgd, sér um útteilingu verkefna og hefur yfirumsjón með öllum þeim verkefnum sem eru á borði nefndarinnar. Hverslags breytingar á stefnu nefndar þarf Stúdentaráð að samþykkja.

Forseti er ábyrgur fyrir gerð ársskýrslu nefndar.

6 SIÐA- OG JAFNRÉTTISREGLUR

Þessi kafli er settur til að tryggja jafnrétti, jafnt aðgengi og gagnkvæma virðingu þátttakenda í allri starfsemi Stúdentaráðs. Tilgangur þeirra er að koma í veg fyrir óæskilega hegðun innan ráðsins og að ákvarða ferla sem fylgja þarf ef tiltekin brot kynnu að koma upp. Þátttakendur í starfi og viðburðum Stúdentaráðs skulu þekkja efni þessara reglna og fylgja þeim.

6.1 Siðareglur SHÍ

6.1.1 Almennar reglur

Koma skal fram við öll af virðingu óháð félagslegum bakgrunni, kyni, aldri, þjóðerni, kynhneigð, kyntjáningu, kyneinkennum, kynvitund, trúarlegum skoðunum, stjórnmálaskoðunum, hreyfihömlunum, fötlun eða öðrum ástæðum.

Sýna skal öðrum virðingu í framkomu, ræðu og riti. Bein eða óbein mismunur innan ráðsins er ekki liðin.

Ekki skal koma með óviðeigandi athugasemdir eða grínast á forsendum sem byggðar eru á mismunur. Þvert á móti skal skapa jákvætt andrúmsloft fyrir alla þátttakendur á bæði formlegum og óformlegum fundum samtakanna.

Ofangreindar reglur eru ekki tæmandi og tekið verður á tilkynntum brotum þó þau hafi ekki verið talin upp hér að ofan.

6.1.2 Viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan SHÍ

Eins og þær voru samþykktar 18. desember 2017

1. gr. Markmið

Kynbundin og kynferðisleg áreitni, kynbundið og kynferðislegt ofbeldi (hér eftir nefnt brot) er með öllu óheimilt af hálfu fulltrúa í Stúdentaráði Háskóla Íslands (SHÍ), varafulltrúa, nefndarmeðlima, starfsmanna réttindaskrifstofu og annarra sem starfa í umboði ráðsins. Slíkt er hvorki liðið í samskiptum þessara fulltrúa innbyrðis né í samskiptum þeirra við einstaklinga sem teljast ekki til fulltrúa ráðsins enda eigi samskiptin sér stað í tengslum við starfsemi SHÍ.

Markmið þessara verklagsreglna er að tryggja faglega meðferð mála telji aðili sig hafa orðið fyrir broti. Jafnframt er það markmið að stúdentar séu upplýstir um þau úrræði sem standa þeim til boða innan Háskóla Íslands og að þessi hegðun sé ekki liðin innan SHÍ.

2. gr. Hugtök

Með hugtakinu kynbundin áreitni er átt við hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin og/eða táknræn.

Með hugtakinu kynferðisleg áreitni er átt við hvers kyns kynferðislega hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Með hugtakinu kynbundið ofbeldi er átt við ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Með hugtakinu kynferðislegt ofbeldi er átt við brot gegn kynfrelsi einstaklings sem lýst eru refsiverð í XXII. kafla almennra hegningarlaga.

3. gr. Fagráð og meðferð kvartana

Hver sem vill bera fram kvörtun vegna brots sem viðkomandi telur sig hafa orðið fyrir af hálfu fulltrúa í Stúdentaráði eða annarra sem starfa í umboði ráðsins, eða tilkynna um brot sem viðkomandi telur sig hafa rökstuddan grun eða vitneskju um, skal snúa sér til fagráðs Háskóla Íslands um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi. Fulltrúi í Stúdentaráði eða annar sá sem starfar í umboði ráðsins getur einnig snúið sér til starfsmanna réttindaskrifstofu SHÍ í fullum trúnaði. Hver sá sem tekur við kvörtun eða tilkynningu um brot skal umsvifalaust vísa erindinu til fagráðsins til faglegrar meðferðar, undir nafnleynd ef tilkynnandi óskar þess. Gæta skal þess að hagur og vilji tilkynnanda sé ávallt virtur ásamt trúnaði.

4. gr. Meðferð og úrlausn mála

Á meðan mál er í skoðun hjá fagráðinu skal reynt að ná sáttum um vinnutilhögun aðila máls þar sem við á í samráði við fagráðið og réttindaskrifstofu SHÍ. Óheimilt er að flytja þá/þau/þann sem hefur kvartað eða orðið fyrir broti til í starfi innan SHÍ vegna brots, nema viðkomandi óski þess.

Stúdentaráði er skylt að kynna verklagsreglur þessar og verklagsreglur Háskóla Íslands fyrir nemendafélögum og nemendum Háskóla Íslands. Stúdentaráð og sviðsráð skulu kynna fagráðið fyrir fulltrúum nemendafélaga á samráðsvettvangi nemendafélaga og á öðrum vettvangi. Nefndir SHÍ skulu einnig kynna sér og eftir tilvikum öðrum nemendum reglur þessar og fagráðið í upphafi starfsárs þeirra og ef nýjir meðlimir eru teknir inn í nefndina.

5. gr. Kynning

Mæli lög ekki á annan veg er þeim sem að málunum koma skylt að gæta þagmælsku um einstök mál.

6. gr. Gildistaka

Verklagsreglur þessar, sem settar eru á grundvelli Verklagsreglna um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan Háskóla Íslands og 2. gr. reglna um Háskóla Íslands nr. 569/2009 og með hliðsjón af lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015, öðlast gildi við staðfestingu Stúdentaráðs.

6.2 Úrsögn eða brottvikning

Við úrsögn skal fulltrúi senda skriflega tilkynningu til varaforseta Stúdentaráðs og fer eftir afgreiðslu hennar skv. 13. gr. laga Stúdentaráðs. Stúdentaráð getur lýst yfir vantrausti á alla fulltrúa sem ráðið hefur kosið til að gegna embætti. Stúdentaráðsliði getur lýst yfir vantrausti á annan Stúdentaráðsliða. Slík tillaga skal berast skriflega til einhvers starfsfólks skrifstofu Stúdentaráðs. Skal þá forseti boða til Stúdentaráðsfundar til afgreiðslu tillögunnar, sé vantraust tillaga gagnvart forseta skal varaforseti boða til fundarins. Stúdentaráð skal greiða atkvæði og sé tillagan samþykkt skal boða til almenns stúdentafundar. Fari fram atkvæðagreiðsla á stúdentafundinum þarf 2/3 atkvæða fundarmanna til að víkja Stúdentaráðsliða úr embætti, enda hafi 200 stúdentar Háskóla Íslands hið minnsta tekið þátt í atkvæðagreiðslunni.

7 FUNDIR STÚDENTARÁÐS

7.1 Hlutverk Stúdentaráðsfunda skv. lögum

Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 10 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til stúdentaráðsfundar en sjö Stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin.

Stúdentaráðsfundir eru opnir öllum háskólastúdentum en meirihluti ráðsins getur ákveðið að loka fundi þegar slíkt telst nauðsynlegt. Stúdentaráðsfundur hefur úrslitavald í öllum málum sem heyra undir sviðsráð, fastanefndir, starfshópa, stjórn, skrifstofu, starfsfólk og fulltrúa ráðsins.

Fundur telst löglegur ef til hans er löglega boðað. Eigi atkvæðagreiðsla að fara fram telst fundur löglegur ef meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðsráðs að sitja fundinn eða 12 Stúdentaráðsliðar. Hver fulltrúi í Stúdentaráði hefur eitt atkvæði á fundum þess. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála og kjöri. Falli atkvæði jafnt telst tillaga fallin. Nánari fyrirmæli má finna í kafla 7.2.1.3.

Starfsmenn réttindaskrifstofu, varafulltrúar Stúdentaráðsliða, fulltrúar stúdenta í háskólaráði og fulltrúar og varafulltrúar stúdenta í LÍS hafa málfrelsis- og tillögurétt á fundum ráðsins.

7.2 Verklagsreglur Stúdentaráðsfunda

7.2.1 Fundarsköp

Forseti Stúdentaráðs stjórnar fundum ráðsins en getur tilnefnt annan í sinn stað. Í fjarveru forseta stýrir varaforseti fundum.

7.2.1.1 Bókanir, tillögur og mikilvæg atriði á Stúdentaráðsfundum

Stúdentaráðsliðar geta skilað inn skriflegri bókun varðandi málefni sem er til umræðu á Stúdentaráðsfundum. Tilgangur slíkrar bókunar er að færa orðrétt í fundargerð og Stúdentaráðsliði skal skila henni inn til fundarritara á fundi undir þeim dagskrárlið sem hún er borin upp. Miða skal við að bókunum sé varpað upp fyrir fundargestum. Ekki þarf að kjósa um bókanir. Vilji Stúdentaráðsliði bóka um mál sem eru ekki á dagskrá skal óska eftir því að mál verði sett á dagskrá. Gefist ekki tími í það skal bókunin borin upp undir önnur mál og er þá skylt að varpa henni upp fyrir fundargestum svo umræða um slíkt óundirbúið mál verði skýr.

Stúdentaráðsliðar geta komið með tillögur á fundum, og fyrir fundinn, og eru hvattir til þess. Ef Stúdentaráðsliði vill taka upp sérstakan dagskrárlið á fundi skal hafa samband við forseta ráðsins, sem skipuleggur og heldur utan um fundardagskrá. Ef tillögur varða eitthvað sem er ekki á fundardagskrá eftir að fundur hefur verið boðaður, er tillagan borin upp undir „Önnur mál“ í lok fundar. Eftir að tillaga hefur verið borin upp skal strax bera til atkvæðagreiðslu án umræðu hvort greiða eigi atkvæði um tillöguna. Ef það er samþykkt verður tillagan tekin til umræðu og loks greidd atkvæði um tillöguna.

Ef ekki hefur verið boðað til atkvæðagreiðslu vegna tillögu sem berst vegna máls sem var á dagskrá skal strax greiða atkvæði um hvort greiða eigi atkvæði um tillöguna. Ef það er samþykkt skal taka hana til umræðu og loks greiða atkvæði um tillöguna.

Mikilvægt er að þátttakendur á Stúdentaráðsfundum hafi eftirfarandi hluti í huga:

- Fundarstjóri sér til þess að fundardagskrá sé fylgt og opnar mælendaskrá þegar við á í hverjum dagskrárlið. Þegar mælendaskrá er opin geta þeir sem hafa málfrelsis- og tillögurétt tekið til máls.
- Til þess að vera á mælendaskrá og mega taka til máls dugar að rétta upp nafnskírteini sitt og sá sem heldur utan um mælendaskrá í hvert sinn tekur niður nöfn í rétttri röð.
- Fundarstjóri er ábyrgur fyrir mælendaskrá og má deila því hlutverki til einhvers annars.
- Fram í köll eru ekki leyfð og ef einhver annar hefur orðið ber einstaklingum að bíða þar til þeir fá orðið.
- Fundarmeðlimur getur beðið um tæknilega útskýringu með því að rétta upp báðar hendur og mynda T með þeim. Það má ekki styðjast við þetta til þess að koma sinni skoðun að, einungis til þess að biðja um nákvæmari tæknilega útskýringu á framvindu fundarins. Þau sem ekki geta gert þetta merki, geta samið um að nota annað merki við fundarstjóra.
- Þátttakendur skulu koma fram við öll af virðingu. Engin mismunun, óbein eða bein, né nokkurs konar áreitni er liðið á fundum.
- Þátttakendur skulu virða húsnæði sem nýtt er í starfi Stúdentaráðs og þar með þær reglur sem fylgja húsnæðinu sjálfu, auk þess sem þeim ber að virða nærumhverfi þess.

7.2.1.2 Framkvæmd lagabreytinga á Stúdentaráðsfundum

Lögum ráðsins er hægt að breyta á Stúdentaráðsfundum.

Öllum sem hafa tillögurétt innan Stúdentaráðs er frjálst að leggja fram lagabreytingatillögu. Til þess að tillagan sé tekin fyrir á Stúdentaráðsfundi þarf tillagan að berast forseta ráðsins áður en forseti boðar fund svo stúdentaráðsliðar geti kynnt sér tillögurnar vel og mótað sér afstöðu fyrir fund. Tillagan þarf að vera með í fundarboði og fundargögnum og tilgreint ef atkvæðagreiðsla muni eiga sér stað.

Hver tillaga er borin upp til samþykktar skv. fundardagskrá og gerir sem hana bar fram grein fyrir tillögunni og rökstuðningi. Orðið er þá gefið laust og fundinum gefið færi á að tjá skoðun sína á tillögunni. Þegar fundarstjóri hefur lokað mælendaskrá er tillagan borin upp til samþykktar.

Stúdentaráðsliðar sem vilja leggja fram lagabreytingatillögur skulu hafa eftirfarandi í huga:

- Leita skal álits hjá skrifstofu eða lagabreytinganefnd vegna tillögunnar.
- Gott er að gefa sér góðan tíma í að setja breytt lög í lagabreytingarform sem forseti útvegar svo breytingartillögur séu skýrar og skiljanlegar.
- Þá er gott að miða við að tillögur séu samdar í breiðri sátt.
- Náist ekki sátt um lagabreytingatillögu á Stúdentaráðsfundi er hægt að vísa málinu til lagabreytinganefndar til endurskoðunar og hún verður þá lögð fyrir Stúdentaráð á ný eftir vinnslu nefndarinnar.

Hægt er að gera breytingartillögu á lagabreytingartillöguna. Við lok umræðna og þegar atkvæðagreiðsla hefst skal bera breytingartillögur upp á undan aðaltillögu. Fyrsta skal bera upp þá sem lengst gengur að mati fundarstjóra. Tillögur sem ósamrýmanlegar eru áður samþykktum tillögum og breytingatillögum skulu ekki koma til atkvæða. Sá sem lagði upphaflega fram breytingatillöguna getur dregið sína tillögu til baka og þá úr atkvæðagreiðslu.

Lög Stúdentaráðs skulu vera uppfærð innan þriggja daga frá Stúdentaráðsfundi af forseta Stúdentaráðs og gerð aðgengileg á vef Stúdentaráðs.

Á vegum Stúdentaráðs starfar lagabreytinganefnd, en hægt er að leggja fyrirspurn og ábendingar til hennar. Tekur hún þá lagabreytingatillögu til umfjöllunar og leggur svo fyrir ráðið. Lög Stúdentaráðs skulu endurskoðuð árlega af lagabreytingarnefnd. Þegar kemur að því að endurskoða lög samtakanna er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Gott er að yfirfara lögin jafnt og þétt yfir starfsárið og skrifa niður hjá sér hvað má betur fara hverju sinni.
- Fyrirkomulagið á endurskoðun laga getur verið þannig að fulltrúar í lagabreytingarnefnd yfirfara lögin hver í sínu og horni og hittast síðan í hóp og fara yfir þær breytingartillögur sem gott væri að gera.
- Öllum sem starfa innan ráðsins er skylt að kynna sér lög ráðsins og starfa samkvæmt þeim.

Ekki þarf samþykki Stúdentaráðs ef laga á númer á köflum og lagagreinum, stafsetningar- og innsláttarvillur.

7.2.1.3 Atkvæðagreiðsla á Stúdentaráðsfundum

Eigi að kjósa um eitthvað á Stúdentaráðsfundum er gert grein fyrir því í fundardagskrá sem send er út með fundargögnum sem forseti ráðsins er ábyrgur fyrir.

Hver og einn Stúdentaráðsliði, og löggiltur varafulltrúi í fjarveru aðalfulltrúa, hefur eitt atkvæði. Við atkvæðagreiðslu skal atkvæði hvers og eins Stúdentaráðsliða rituð í fundargerð með nafni, nema

leynilegrar atkvæðagreiðslu sé óskað. Sé óskað eftir leynilegri atkvæðagreiðslu þarf þriðjungur Stúdentaráðs að samþykkja það með atkvæðagreiðslu um það. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála, falli atkvæði jafnt er tillaga fallin.

Stúdentaráðsliðar mega biðja fundarstjóra stuttlega um orðið til þess að gera grein fyrir atkvæði sínu áður en atkvæði eru talin.

Stúdentaráð getur ályktað um málefni, og hægt er að afgreiða ályktanir rafrænt. Forseti Stúdentaráðs er þá ábyrgur fyrir ályktuninni, að setja umsagnarfrest og fá samþykki meirihlutans fyrir ályktuninni áður en hún er send út.

7.2.1.4 Upptaka Stúdentaráðsfunda

Fundir Stúdentaráðs skulu teknir upp samhliða því að vera ritaðir niður af fundarritara í þeim tilgangi að auka gagnsæi og skilvirkni í starfi ráðsins. Markmiðið er ekki að hverfa alfarið frá fundarritun heldur að til staðar sé ítarlegri framvinda fundar. Gera skal hlé á upptöku fundar á meðan lokaður dagskrárliður stendur yfir.

Upptökurnar skulu gerðar Stúdentaráðsliðum aðgengilegar á heimasvæði ráðsins. Óski einstaklingur utan ráðsins eftir aðgang að upptökum skal viðkomandi setja sig í samband við skrifstofu Stúdentaráðs.

8 KJÖRFUNDUR OG SKIPTAFUNDUR

Á kjörfundi skal hver frambjóðandi fá tækifæri til þess að kynna sig og halda framboðsræðu. Framboðsræða skal ekki vera lengri en 3 mínútur. Nýtt Stúdentaráð kys á kjörfundi, ekki fráfarandi Stúdentaráð.

Forseti Stúdentaráðs skal stýra kjörfundi þar til nýr forseti hefur verið kjörinn. Þá skal nýkjörin forseti taka við fundarstjórn og stýra kjöri annarra fulltrúa ráðsins.

Á milli kjörfundar og fram að skiptafundi skulu fráfarandi fulltrúar leggja sig fram við að setja nýkjörna fulltrúa inn í fyrirliggjandi verkefni og aðstoða við undirbúning komandi starfsárs. Þetta á við fulltrúa réttindaskrifstofu, Stúdentaráðsliðar, sviðsráð, nefndir, háskólaráð og aðra fulltrúa í embættum Stúdentaráðs. Nýkjörnir fulltrúar skulu sömuleiðis leggja sig fram við að mæta á þá fundi og viðburði sem haldnir eru á milli kjörfundar og skiptafundar. Miða skal við að aðlögunartímabil hvers kjörins fulltrúa sé lokið undir lok mánaðarins er skiptafundur er haldinn, þar sem starfstími hvers kjörins fulltrúa miðast við skiptafund ár hvert.

Fráfarandi forseti sér um að boða skiptafund Stúdentaráðs og gerir fráfarandi forseti þar grein fyrir ársskýrslu Stúdentaráðs. Á skiptafundi skal fráfarandi forseti rétta nýjum forseta formlega keflið og þar með er nýtt Stúdentaráð tekið við. Nýr forseti tekur þá við fundarstjórn og sér um að slíta skiptafundi.

9 STEFNA STÚDENTARÁÐS

Stúdentaráð Háskóla Íslands starfar samkvæmt stefnum og framkvæmdaáætlunum sem eru mótaðar, samþykktar og endurskoðaðar reglulega af ráðinu.

Stefnumótun skal fara fram í sem víðtækustu samráði við alla stúdentaráðsliða og aðra hagsmunaaðila eftir þörfum.

9.1 Endurskoðun

Sérhver stefna eða framkvæmdaáætlun ráðsins fellur undir einhverja fastanefnd eða starfsfólk skrifstofu Stúdentaráðs. Hver fastanefnd ber meginábyrgð á framfylgni og því sem fram kemur í sinni stefnu og að stefnan sé endurskoðuð á a.m.k. þriggja ára fresti í samráði við forseta.

Forseti fastanefnda skal virkja nefnd sína til starfa þegar kemur að endurskoðun stefnunnar og framfylgd hennar.

Allir innan Stúdentaráðs bera ábyrgð á því að virða stefnur Stúdentaráðs við sína vinnu. Allir fulltrúar innan Stúdentaráðs bera skyldu að taka þátt í stefnumótun ráðsins.

Breytingartillögur á stefnum skulu kynntar á fundi Stúdentaráðs og kosið um þær með atkvæðagreiðslu. Kjósa skal sérstaklega um breytingartillögur sem kunna að koma upp á slíkum fundum.

10 FJÁRMÁL

10.1 Ársreikningur og endurskoðun

Reikningsár ráðsins skal hefjast 1. júní ár hvert og tekur enda á síðasta degi maímánuðar.

Framkvæmdastjóri skal útbúa ársreikning fyrir hvert reikningsár sem skal samþykktur af endurskoðanda og síðan borinn undir stjórn Stúdentaráðs til samþykktar. Ársreikningar skulu kynntir á Stúdentaráðsfundi í lok hvers starfsárs.

10.2 Fjármögnun samtakanna og fjárhagsáætlun

Framkvæmdastjóri og gjaldkeri stjórnar Stúdentaráðs bera ábyrgð á fjármögnun ráðsins. Reikningar skulu ávallt vera aðgengilegir öllum innan Stúdentaráðs.

Framkvæmdastjóri og gjaldkeri stjórnar SHÍ skulu í samstarfi vinna að fjárhagsáætlanagerð fyrir SHÍ sem skal kynnt reglulega í samræmi við lög ráðsins. Þá skal stjórn Stúdentaráðs fá kynningu á hagræðingum eða lítilega auknum tekjum fyrir ráðið. Stjórn hefur heimild til að samþykkja nauðsynleg ófyrirsjáanleg útgjöld innan hóflegra marka og í samræmi við verklagsreglur stjórnar. Önnur veigamikil útgjöld, s.s. gerð nýrrar heimasíðu eða þess háttar skulu samþykkt af Stúdentaráði.

Allt umframfjármagn sem kann að safnast yfir starfsárið skal renna beint til næsta starfsárs.

Stúdentaráð niðurgreiðir aldrei áfengiskostnað nema að fengnu samþykki Stúdentaráðs.

11 Verklag vegna ráðstefna og funda erlendis

Fulltrúar SHÍ þurfa e.t.v. að sækja ráðstefnur og fundi erlendis yfir starfsárið. Fulltrúar skrifstofu Stúdentaráðs skulu fara að verklagsreglum skrifstofu við slíkar ferðir. Aðrir fulltrúar Stúdentaráðs skulu tileinka sér eftirfarandi hluti:

- Panta skal flug og gistingu með góðum fyrirvara, í samráði við forseta Stúdentaráðs, til að halda kostnaði í lágmarki og skal gera það um leið og fyrir liggur hvaða fulltrúar fara fyrir hönd ráðsins og hvar viðburðurinn er haldinn.
 - Háskóli Íslands hefur lýst yfir vilja til að niðurgreiða allan ferðakostnað stúdenta sem sækja Aurora ráðstefnur erlendis. Skal því flug og gisting vera bókuð í samráði við skrifstofu Alþjóðasviðs.
 - Þá skal fulltrúi taka kvittanir fyrir öðrum aukakostnaði sem hlýst af ráðstefnu/fundi en það getur verið til dæmis fæðiskostnaður á ferðadögum eða þegar slíkt er ekki í boði á ráðstefnu/fundi.

Fulltrúar sem ferðast á vegum ráðsins eru ábyrgir fyrir því að halda utan um kvittanir og skýringar á þeim. Þeim skal skilað til framkvæmdastjóra:

- Fulltrúar eru beðnir um að halda aukaútgjöldum í lágmarki hverju sinni.
- Þegar ráðstefnu/fundi er lokið skal fulltrúi skila þeirri þekkingu sem hann öðlast á viðkomandi ráðstefnu og/eða fundi til Stúdentaráðs. Fulltrúar skulu skrifa skýrslu um viðkomandi fund eða ráðstefnu og gera aðgengilega fyrir stúdenta á vefsíðunni student.is
- Á þeim fundum/ráðstefnum sem fulltrúi sækir skal hann ávallt gera grein fyrir að því að hann kemur fram fyrir hönd ráðsins og fara eftir siðareglum samtakanna og þeim siðareglum sem fulltrúum eru settar hverju sinni. Þá skal hann hafa í huga að hann er í forsvari fyrir Stúdentaráð og talar máli ráðsins.
- Fulltrúi skal virða fundartíma ráðstefnu eða fundar sem hann sækir, hann skal mæta tímanlega og skila góðu vinnuframlagi.
- Þá skulu fulltrúar SHÍ á ráðstefnum erlendis leggja sitt af mörkum í umræðum, tryggja það að rödd stúdenta Háskóla Íslands heyrir á alþjóðlegum vettvangi og móta tengsl við fulltrúa annarra landa.
- Aldrei er greitt fyrir áfengi.

12 BREYTINGAR Á VERKLAGSREGLUM

Um störf ráðsins gilda verklagsreglur sem samþykktar skulu árlega á fundi Stúdentaráðs. Stúdentaráði, skrifstofu og stjórn Stúdentaráðs er heimilt að leggja til breytingar á verklagsreglunum og skal þá kosið um breytingarnar á Stúdentaráðsfundi. Verklagsreglur skulu endurskoðaðar ár hvert af skrifstofu og stjórn ráðsins og lagðar fyrir Stúdentaráð.

Þegar kemur að því að endurskoða verklag samtakanna er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Gott er að yfirfara verklagið jafnt og þétt yfir starfsárið og skrifa niður hjá sér hvað má betur fara hverju sinni.
- Þá er gott að yfirfara verklagið með stjórn Stúdentaráðs sérstaklega svo forsetar sviðsráða geti leitt sviðsráðin í sínum störfum til samræmis við verklag.

VIÐAUKI E - STEFNA STÚDENTARÁÐS

EFNISYFIRLIT

Inngangur	300
Kennslumál	3
1.1 Rafræn kennsla og fjarnám	302
1.2 Gæði kennslu	302
1.3 Aðgengi og fjölbreytileiki náms	303
1.4 Diplómanám	303
1.5 Ævinám (e. Lifelong learning)	303
Nýsköpunar- og atvinnulífsmál	304
2.1 Tengsl náms og atvinnulífs	304
2.2 Atvinnutækifæri að námi loknu	304
2.3 Sumarstörf	305
Húsnæðismál	305
3.1 Húsnæðisbyrði	305
3.2 Stúdentaíbúðir	306
3.3 Almenni leigumarkaður	306
3.4 Menntasjóður námsmanna	307
3.5 Réttur til opinbers húsnæðisstuðnings	307
Fjölskyldumál	308
4.1 Fjölskylduvænt háskólasamfélag	308
4.2 Fæðingarstyrkur námsmanna	309
Jafnréttismál	309
5.1 Jafnt aðgengi að námi	309
5.2 Geðheilbrigðismál	310
5.3 Jafnréttis og hinsegin fræðsla	310
5.4 Ókyngreind salerni	311
5.5 Aðgengismál	311
5.6 Jafnrétti kynjanna	312
Fjárhagsstaða stúdenta	312
6.1 Lánasjóðsmál	312
6.2 Atvinnu- og tekjuöryggi	313
6.3 Fjármögnun	314

Umhverfismál	314
7.1 Loftslagsmarkmið	315
7.2 Grænn háskóli	315
7.3 Grænkerafæði	316
Samgöngu- og skipulagsmál	316
8.1 Skipulag háskólasvæðisins	317
8.2 Samgöngumátar	317
8.3 Örfæðilausnir	318
Alþjóða- og menningarmál	318
9.1 Staða Alþjóðafulltrúa	319
9.2 Aurora samstarfið	320
Heilbrigðismál	320
10.1 Heilsugæsla á háskólasvæðinu	321
10.2 Geðheilbrigðismál	321

INNANGANGUR

Stúdentaráð Háskóla Íslands (hér eftir Stúdentaráð) var stofnað 4. desember 1920 og gengu stúdentar við Háskóla Íslands fyrst til kosninga um sín eigin heildarsamtök 11. desember sama ár. Frá upphafsárum Stúdentaráðs hefur mikið vatn runnið til sjávar og er óhætt að segja að samtökin hafi orðið að kröftugu hagsmunaafli. Meginhlutverk Stúdentaráðs er að standa vörð um réttindi stúdenta undir öllum kringumstæðum, jafnt innan sem utan háskólasamfélagsins, og gæta að faglegri meðhöndlun hagsmunamála. Stúdentaráð samanstendur af fimm einingum sem eru kjörið ráð, níu fastanefndir, fimm sviðsráð, stjórn og réttindaskrifstofu. Kerfið er þannig uppbyggt að starfsemi ráðsins gangi fyrir sig með sem skilvirkasta hætti.

Markmið Stúdentaráðs er að skapa í sameiningu með stúdentum, Háskóla Íslands, Félagsstofnun stúdenta og öðrum hagaðilum eða velunnurum háskólasamfélagsins, öflugan háskóla sem er leiðandi í íslensku samfélagi sem og á alþjóðavettvangi. Áhersla er lögð á samheldið háskólasamfélag og þau gæði og aðföng sem við eigum og í senn að betrubæta þau. Stúdentar sem tilheyra háskólasamfélaginu okkar eiga að upplifa að þeir tilheyri stærra samfélagi, en að slíku stuðlum við að með því að fyrst og fremst tryggja aðgengi allra að námi óháð félagslegum eða efnahagslegum bakgrunn.

Stefna þessi er byggð á yfirlýstum afstöðum Stúdentaráðs í stærstu málaflokkum stúdenta við Háskóla Íslands og er markmið hennar að vera leiðarvísir í starfi ráðsins sem og leiðbeinandi gagn fyrir öll sem vinna að hagsmunum stúdenta. Mikilvægt er að Stúdentaráð sé með skýra sýn á málaflokkum stúdenta og gerir stefnan ráðinu kleift að draga saman helstu áhersluatriði hvers málaflokks. Stefnan tryggir að vinna Stúdentaráðs byggi á samspili málaflokkanna, sé samfelld og staðni ekki.

Stefnan var samþykkt af Stúdentaráði á skiptafundi 18. maí 2022.

1 KENNSLUMÁL

Kennslumál er eitt þeirra grundvallaratriða sem hagsmunabarátta stúdenta snýst um. Kennslumál eru stúdentum og starfsfólki Háskóla Íslands mjög hugleikin enda er Háskóli Íslands einkum byggður á tveimur stólpum, kennslumálum og rannsóknum. Kennslumál er víðfeðmur málaflokkur og síbreytilegur. Mikilvægt er að háskólinn viðhaldi gæði kennslu og náms á öllum tímum en þrói í senn kennsluaðferðir og námsmat.

Til þess að tryggja að kennslumál séu ávallt í framþróun og séu miðuð út frá hagsmunum stúdenta, er mikilvægt að virkt samráð við stúdenta sé til staðar. Kennslukannanir og mat á kennslumálum er undirstöðuatriði þegar kemur að framþróun kennslumála við Háskóla Íslands. Stúdentar eiga alltaf að geta veitt endurgjöf fyrir það sem þeir leggja fyrir sig innan háskólans.

1.1 RAFRÆN KENNSLA OG FJARNÁM

Hópur stúdenta er fjölbreyttur og er mikilvægt að háskólinn reyni að mæta þörfum hans eins og hægt er. Til þess að tryggja aukið aðgengi að námi þarf framþróun í rafrænum kennsluháttum að vera til staðar, t.a.m.. með streymi eða upptökum fyrirlestra sem síðan eru aðgengilegir til lengri tíma. Þá myndi það jafnframt gagnast vel þegar skoðað væri að bjóða upp á einstaka námsleiðir í fjarnámi.

Það þarf bæði að þróa rafræna kennsluhætti og fjarnám til þess að nám við Háskóla Íslands sé samkeppnishæft við aðra skóla, innanlands og erlendis, og henti ólíkum nemendum skólans. Það verður að þróa námsleiðir jafnt og þétt til gera þær að heildstæðum brautum í fjarnámi og ganga úr skugga um að gæðakröfum sé þannig fylgt eftir og uppfyllt.

1.2 GÆÐI KENNSLU

Tryggja þarf að kennsla og þekking innan Háskóla Íslands sé með bestu gæðum. Mikilvægt er að kennsla undirbúi stúdenta og geri þeim kleift á að takast á við verkefni innan sem utan háskólasamfélagsins og starfa sem sjálfstæðir einstaklingar eftir brautskráningu. Stúdentaráð leggur áherslu á fjölbreytta kennsluhætti og horft er til þess að hverfa frá námsmati sem byggist upp í megindráttum á viðamiklu lokaprófi. Formlegt nám eða staðpróf eru ekki eina

leiðin til að tryggja gæði kennslu; hægt er að beita vendikennslu eða öðrum nýstárlegri kennsluháttum sem er í takt við framþróun í skólum sem HÍ leitast við að bera sig saman við. Kennslunefndir fræðasviða eiga að tryggja samræmi milli einingafjölda og álags. Umræða og samráð þarf að eiga sér stað milli sviða svo hægt sé að ganga úr skugga um að einingar endurspegli sambærilega vinnu eftir sviðum. Þá þarf að tryggja samræmi og jafnræði þvert á svið.

1.3 AÐGENGI OG FJÖLBREYTTLEIKI NÁMS

Mikilvægt er að öll séu velkomin í skólann og geti stundað nám við sitt hæfi og á sínum forsendum, og því er það áhersluatriði að bjóða upp á fjölbreytt námsframboð fyrir nemendur með þroskahömlun og gera skólann og byggingar aðgengilegar fyrir fólk með fötlun. Réttur stúdenta þarf að vera tryggður í kennslu og námsmati, þ.m.t. með notkun nemendanúmera og á réttur stúdenta að vera tryggður milli sviða. Þannig er mikilvægt að kennarar gæti hlutleysis í námsmati og til að renna stoðum undir það ættu allir kennarar að fá jafnréttisfræðslu áður en þeir hefja störf við HÍ eða kenna áfanga. Mikilvægt er að tryggja jafna meðferð stúdenta óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, fötlun, aldri eða öðrum slíkum breytum.

1.4 DIPLÓMANÁM

Stúdentaráð hefur lagt mikla áherslu á að það þurfi að beita þrýstingi á stjórnslu háskólans um að fjölga plássum í starfstengdu diplómanámi sem og að nemendur í starfstengdu diplómanámi hafi aðgang að námsleiðum á fleiri sviðum en Menntavísindasviði. Það er mikilvægt að nýnemar fái tækifæri til að vera teknir inn árlega og geti stundað nám út frá sínu áhugasviði í samræmi við aðra nemendur háskólans.

1.5 ÆVINÁM (E. *LIFELONG LEARNING*)

Háskóli Íslands þarf að veita stúdentum verkfæri, leikni og færni til að stunda ævinám⁶. Ævinám nær út fyrir vegg háskólans. Háskólar undirbúa stúdenta fyrir líf eftir skóla og skila

⁶ **Ævinám:** Allt það námsstarf sem fram fer á mannsæfni og stuðlar að því að auka þekkingu, verkswit, leikni, færni og/eða hæfi hvort sem er í einstaklingsbundnum, félagslegum eða faglegum tilgangi. ([CEDEFOP, Orðaskrá um evrópska menntastefnu](#))

þekkingu út í samfélagið. Til að styðja við jákvæða þróun í samfélaginu og koma í veg fyrir stöðnun einstaklinga í félagslegum og faglegum aðstæðum þurfa kennslumál innan háskólans að styðja við ævinám, auka gagnrýna hugsun og einstaklingþroska.

2 NÝSKÖPUNAR- OG ATVINNULÍFSMÁL

Nýsköpun er ein forsenda framfara sem auðgar háskólasamfélagið og eflir nám stúdenta auk þess að skapa frekari tækifæri fyrir nemendadrifin verkefni. Atvinnutækifæri skapast út frá aukinni áherslu á nýsköpun og ættu þeir málaflokkar að vera órjúfanlegur hluti háskólasamfélagsins. Mikilvægt er að Háskóli Íslands leggi ekki einungis kapp á að kenna stúdentum fyrirliggjandi þekkingu heldur ýti undir að stúdentar sjálfir leggi til hennar með nýsköpun.

2.1 TENGLI NÁMS OG ATVINNULÍFS

Starfsnám er ákveðin brú milli náms og atvinnulífs en á sama tíma þarf að hafa hugfast að framlag stúdenta sé metið af verðleikum sínum. Stúdentar þurfa að fá umbunað fyrir vinnu sína með því að t.d. að fá hana metna inn á námsferil sinn, eða greitt með launum. Tryggja þarf möguleika stúdenta á að sækja sér starfsnám óháð fjárhagsstöðu þeirra.

Verknám er einnig hluti af ýmsu námi og órjúfanlegur partur kennslu til að uppfylla kröfur og gæði námsins. Það þarf að liggja fyrir föst umgjörð um slíkt svo sanngirni ríki milli ólíkra námsbrauta. Tryggja verður að stúdentar hafi réttindi líkt og annað vinnandi fólk og tekið sé tillit til aðstæðna þeirra. Sérstaklega ber að nefna verknám á Heilbrigðisvísindasviði í þeim skilningi. Það tíðkast víða, og jafnvel í einhverjum mæli innan Háskóla Íslands, að stúdentar geri lokaverkefni í samvinnu við fyrirtæki og það ber að efla.

2.2 ATVINNUTÆKIFÆRI AÐ NÁMI LOKNU

Aukin tengsl atvinnulífs og skipulagðs náms gerir Háskóla Íslands samkeppnishæfari og auðveldar stúdentum að fara úr akademísku umhverfi og inn á vinnumarkað. Tengslatorg er mikilvægur liður í þessari brú í lífi fólks, gera því hærra undir höfði og ýta undir starfsemina sem og stækka hana.

2.3 SUMARSTÖRF

Stjórnvöld og háskólar landsins þurfa að vinna að því í sameiningu að skapa sumarstörf fyrir stúdenta og tryggja þar með að stúdentar hafi starfsöryggi yfir sumartímann. Með því að skapa svoleiðis tækifæri til frambúðar er hægt nýta samtvinnun náms og vinnu í hag allra sem koma að, stúdentar geta eflt þá þekkingu sem þeir búa yfir og fengið frekari þjálfun á því sviði. Hér er um að ræða úrræði fyrir núverandi og framtíðar námsfólk og því lykilatriði að skipulagning, útfærsla og framkvæmd sé með bestu móti. Stúdentar verða að búa við fjárhagslegt öryggi og er sumarstarf órjúfanlegur hluti af slíku.

3 HÚSNÆÐISMÁL

Öruggt húsnæði er stúdentum hugleikið hagsmunamál og er aðgengi að stúdentaíbúðum í nálægð við háskólasvæðið þar lykilatriði en ekki síður bætt staða á húsnæðismarkaði hvað varðar framboð, kostnað og gæði leiguhúsnæðis. Ungt fólk og tekjulágir eru töluvert líklegri en aðrir hópar til þess að vera á leigumarkaði sem óneitanlega felur í sér minna húsnæðisöryggi og hærri húsnæðiskostnað í samanburði við eigin fasteign.

3.1 HÚSNÆÐISBYRÐI

Aðgerða er þörf til þess að gera stúdentum kleift að fóta sig á leigumarkaði. Stúdentar eru að jafnaði með minni tekjuöflunar möguleika en aðrir hópar og því sérstaklega viðkvæmir fyrir miklum hækkunum á leiguverði. Það má ekki vanmeta þau áhrif sem fjárhagsáhyggjur og óöruggt húsnæði getur haft á ákvörðun fólks um að sækja sér nám. Stúdentar skiptast innbyrðis í mismunandi hópa í mismunandi stöðu og geta borið ólíkar skuldbindingar sem og búið við gjörólíkar aðstæður.

Húsnæði er einn helsti útgjaldaliður heimila og skiptir greiðslubyrði fólks af húsnæðiskostnaði lykilmáli fyrir velmegun þess. Með tryggum hætti verður koma í veg fyrir að stúdentar greiði húsnæðiskostnað sem nálgast eða telst vera íþyngjandi. Fara verður eftir markmiðum laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 um að húsnæðisöryggi þeirra sem eru undir tekju- og eignamörkum sé bætt með því að til staðar sé viðeigandi leiguhúsnæði og stuðla að því að húsnæðiskostnaður sé í samræmi við greiðslugetu leigjenda.

3.2 STÚDENTAÍBÚÐIR

Uppbygging stúdentagarða fyrir stúdenta við Háskóla Íslands hefur verið í afar góðum farvegi en hún verður þó að eiga sér stað jafnt og þétt þannig að hægt sé að halda í við þörfina og komið sé í veg fyrir húsnæðisskort til framtíðar. Það er ekki sjálfgefið að stúdentar geti gengið að íbúð á stúdentagörðunum í grennd við skólann og verður það að skoða af þar tilbærum stjórnvöldum. Aðgengi að stúdentaíbúðum er einna helst mikilvægt fyrir fólk af landsbyggðinni, erlenda nema og aðra sem ekki geta treyst á annað húsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Stúdentaráð hefur í tímans rás átt í farsælu samstarfi við Félagsstofnun stúdenta sem hefur meðal annars staðið vörð um húsnæðisöryggi stúdenta. Uppbyggingarstefna stofnunarinnar leggur áherslu á sjálfbærni og sköpun nærsamfélags stúdenta við háskólasvæðið sem er í samræmi við framtíðarsýn Stúdentaráðs. Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg hafa stutt við uppbyggingu garðanna með lóðaúthlutunum og stuðlað þannig að þéttingu háskólasvæðisins og sameiningu starfseminnar.

Stuðningur frá fleiri sveitarfélögum allt landið um kring getur stuðlað að aukinni uppbyggingu stúdentaíbúða. Sá stuðningur hefur hingað til verið bundinn við lóðaúthlutanir. Kanna má hvort tilefni sé til þess að sveitarfélög styðji við með öðrum hætti, þar sem stúdentar sem koma utan höfuðborgarsvæðisins treysta einna mest á þjónustu Stúdentagarða. Stúdentagarðar eru til þess gerðir að vera praktískir, á sanngjörnu og viðráðanlegu verði og eru ekki reknir í hagnaðarskyni þó þeir séu á á dýrustu reitunum við háskólann.

3.3 ALMENNI LEIGUMARKAÐUR

Aðstæður stúdenta eru auðvitað hluti af stærra vandamáli á íslenskum húsnæðismarkaði, sem er lítill og stíður. Hagaðilar hans þurfa að koma saman til finna. Greiða þarf nauðsynlega úr flækjunum sem gera markaðinn lítinn og stíðann, og gera stúdentum erfitt og oft nær ómögulegt að standa straum af húsnæðiskostnaði. Finna verður langtímalausnir sem stuðla að bættri stöðu allra leigjenda.

Ágætt er að hafa í huga að töluverður munur er á leiguverði á stúdentagörðum og á almennum leigumarkaði. Sé litið til meðalleiguverðs er augljóst að það er mun dýrara að leigja á almennum markaði og því miklir hagsmunir fólgnir í því að stúdentar sem ekki komast að á stúdentagörðum geti búið við svipaðan húsakost á ásættanlegu leiguverði.

Nánast hvar sem stigið er niður í húsnæðismálum stúdenta á Íslandi er einhverju ábótavant. Vilji löggjafans er þannig ekki alltaf skýr, líkt og í markmiðum laga um almennar íbúðir um byrði húsnæðiskostnaðar og hversu langt slík markmiðasetning nær umfram þá einu löggjöf. Þá eru dæmi um að þau kerfi sem eiga að styðja við stúdenta á meðan námi stendur taki ekki tillit til raunverulegra aðstæðna.

3.4 MENNTASJÓÐUR NÁMSMANNA

Það er áhyggjuefni að ráðstöfunartekjur stúdenta dugi ekki til að greiðslu á leigu á stúdentagörðum og þess þá heldur á hinum almenna leigumarkaði. Jafnframt er það varhugavert að viðbótarlán Menntasjóðs námsmanna vegna húsnæðiskostnaðar dugi skammt og taki ekki mið af almennum markaði. Upphæð lánsins virðist að einhverju leyti vera miðuð við leigu á stúdentagörðum en er töluvert frá því að ná leiguverði á almennum markaði.

Stúdentar verða að eiga í sig og á þannig að það sé raunhæfur valkostur fyrir þau að sækja sér menntun. Á meðan enn er ekki nægt framboð af stúdentaíbúðum ætti ekki að miða lán vegna húsnæðiskostnaðar til allra lántaka við leigukostnað í félagslegu kerfi.

3.5 RÉTTUR TIL OPINBERS HÚSNÆÐISSTUÐNINGS

Fjárhagslegur húsnæðisstuðningur hins opinbera er háður ýmsum skilyrðum skapar misræmi af aðallega tveimur ástæðum. Önnur þeirra er sú að almenna húsnæðisbóta kerfið gerir strangari kröfur til húsnæðis á almennum markaði en til sambærilegra íbúða á stúdentagörðum. Hin ástæðan er sú að möguleiki á stuðningi mismunandi eftir því hvar stúdentar búa og hvar þeir hafa lögheimili, en sérstakur húsnæðisstuðningur er bæði

breytilegur milli sveitarfélaga og háður því að aðsetur og lögheimili sé í sama sveitarfélagi. Þetta veldur aðstöðumun milli stúdenta.

Undanfarinn áratug hafa ítrekað verið lögð fram frumvörp um rýmkaðan rétt stúdenta til húsnæðisbóta sem ekki hafa náð fram að ganga. Þrátt fyrir það er vert að benda á tilætluð áhrif þeirra þingmanna sem lagt hafa málið fram eru að jafna stöðu stúdenta á almennum markaði samanborið við þá stúdenta sem leigja af stúdentagörðum. Erfitt er að ímynda sér í fljótu bragði aðgerðir á húsnæðismarkaði sem geta með áþreypilegum hætti tekið á þeim mikla aðstöðumun sem nú er á milli þessara tveggja hópa.

Brýnt er að endurskoða undanþágur fyrir stúdenta á reglum um almennar húsnæðisbætur þannig að þær gildi óháð því hvort leigt sé á stúdentagörðum eða á almennum leigumarkaði. Reglur um sérstakar húsnæðisbætur ættu þess að auki að vera samhæfðari milli sveitarfélaga og undanþága á sérstökum húsnæðisstuðningi fyrir námsfólk vegna staðsetningu húsnæðis ætti ekki einungis að eiga við um námsfólk undir 18 ára.

4 FJÖLSKYLDUMÁL

Þegar ræða á málefni stúdenta er mikilvægt að huga að því að stúdentar eru fjölbreyttir og aðstæður þeirra sömuleiðis. Kjör stúdenta geta tekið breytingum eftir því hvernig fjölskyldumálum þeirra er háttað. Í því samhengi er mikilvægt að undirstrika að þó að stúdent eigi börn, sé giftur, einhleypur eða barnslaus þá eiga stúdentar rétt á að standa jafnfætis og njóta stuðnings innan háskólasamfélagsins og velferðarkerfisins. Til þess að geta varið og beitt sér fyrir hagsmunum stúdenta við Háskóla Íslands, þarf hagsmunagæsla að vera heildræn og t.a.m. taka mið af málefnum stúdenta sem eiga fjölskyldur og standa vörð um hagsmuni þeirra.

4.1 FJÖLSKYLDUVÆNT HÁSKÓLASAMFÉLAG

Háskólasamfélagið þarf að vera opið öllum stúdentum, þar á meðal foreldrum í námi og börnum þeirra. Til þess að auka aðgengi þeirra að námi, þarf að stuðla að fjölskylduvænna

umhverfi og aðstöðu. Með því er átt við að háskólaumhverfið taki mið af þörfum þessa hóps, sem skiljanlega reiða sig á annars konar nauðsynjar en barnlausir stúdentar. Foreldrar í námi krefjast frekari skilnings og sveigjanleika, t.a.m. í prófatíð og í skólafríum skólastiga barna.

4.2 FÆÐINGARSTYRKUR NÁMSMANNA

Foreldrar í námi standa höllum fæti er kemur að fæðingarstyrk námsmanna og fæðingarstyrk fólks utan vinnumarkaðar. Fæðingarstyrkjagreiðslur eru lægri samanborið við greiðslur úr fæðingarorlofssjóði fyrir sama starfshlutfall og veldur það misræmi milli foreldra í námi og foreldra á vinnumarkaði. Endurskoða og leiðrétta þarf umgjörð fæðingarstyrkja námsmanna svo greiðslur fæðingarstyrkja verði jafnar greiðslum úr fæðingarorlofssjóði. Greiðslur til nýbakaðra foreldra ættu ekki að vera áunnin réttindi foreldris, heldur réttur barns að fjölskylda þess geti lifað í stöðugleika á meðan umönnun þess er í forgangi, óháð því hvort foreldrar þess séu í námi eða starfi.

4.3 LEIKSKÓLAR FÉLAGSSTOFNUNAR STÚDENTA

Aukin aðsókn í Háskóla Íslands skilar sér í fleiri stúdentum sem eiga fjölskyldur. Til þess að tryggja að börn stúdenta geti sótt leikskóla Félagsstofnunar stúdenta, þurfa þeir að stækka eða fjölga eftir því sem þörf krefur svo leikskólaplássum fjölgi í takt við eftirspurn.

5 JAFNRÉTTISMÁL

Jafnréttismálin eru einn stærsti málaflokkur sem teygir anga sína víða og ekki síst innan Háskóla Íslands. Háskólasamfélag sem stuðlar að jöfnu aðgengi fólks á að vera sjálfsagt enda byggir hlutverk, eiginlegar og uppbygging menntastofnunar á því. Betur má ef duga skal og verður Háskóli Íslands að koma til framkvæmda brýnum jafnréttis og hagsmunamála í takt við heildarstefnu sína og óskir stúdenta sem og starfsfólks. Má þar helst nefna aðgengismál, hinsegin mál og jafnrétti kynjanna, þó listinn sé vitaskuld ekki tæmandi.

5.1 JAFNT AÐGENGI AÐ NÁMI

Jafn og hindranalaust aðgengi að námi á að vera venjan í stærstu menntastofnun landsins óháð félagslegum eða efnahagslegum bakgrunni. Háskóli Íslands á að geta þjónað öllu íslensku samfélagi en því markmiði er ekki ráð nema að nemendahópurinn og starfsfólk hans séu úr

öllum kimum þess. Verkefni á borð við Sprett gefur t.a.m. framhaldsskólanemendum af erlendum uppruna frekari tækifæri á að fóta sig í háskólasamfélaginu. Það er hins vegar mikilvægt að stuðningur, aðstoð og eftirfylgni sé gegnumgangandi á háskólagöngu fólks.

Undirfjármögnun háskólans í hvaða mynd sem hún birtist er veruleg hindrun að menntun. Ein birtingarmynd hennar er skrásetningargjald við opinbera háskóla, sem háskólum er heimilt að innheimta til viðbótar við fjárframlög frá ríkinu til að standa undir kostnað við þjónustu sem stúdentum er veitt. Stúdentaráð telur skrásetningargjald við opinbera háskóla takmarka aðgengi að háskólamenntun og skerði þar með jafnrétti allra til náms, þar sem gjaldið er auknar álögur á stúdenta sem nú þegar vinna í miklum mæli meðfram námi. Það tíðkast almennt hvorki að innheimt skrásetningar- né skólagjöld af stúdentum í opinberum háskólum á Norðurlöndunum. Þannig að Háskóli Íslands geti staðið undir þjónustunni með öðrum hætti verður löggjafarvaldið að ákveða að veita honum auknar fjárveitingar.

5.2 GEÐHEILBRIGÐISMÁL

Geðheilbrigðisúrræði við Háskóla Íslands hafa tekið miklum framförum undanfarin ár. Sérstakur geðheilbrigðishópur var stofnaður árið 2018 af tilstilli stúdentahreyfingarinnar og sér hann um skipulag og útfærslu þjónustunnar innan háskólans. Stúdentaráði er mjög annt um öryggi og vellíðan stúdenta og mun undirstrika áfram mikilvægi bættrar geðheilbrigðisþjónustu í formi öruggrar fjármögnunar til háskólastigsins. Þá telur ráðið að nemendur sem glíma við andleg veikindi eiga að vera mætt af eins miklum skilningi og njóta sama rétt og nemendur sem eru með önnur veikindi.

Mikilvægt er einnig að hafa í huga að fjölbreytt flóra stúdenta kallar á ólík úrræði til að mæta þörfum þeirra. Það verður því að stuðla að annars konar úrræðum innan skólans, svo sem félagsráðgjöf, til að aðstoða við málefni er tengjast öðrum félagslegum þáttum í lífi fólks.

5.3 JAFNRÉTTIS OG HINSEGIN FRÆÐSLA

Jafnréttisfræðsla á að vera skylda fyrir bæði stjórnsýslu og stúdenta við Háskóla Íslands. Stúdentaráð telur að hún sé mikilvæg til að tryggja að enginn nemandi né kennari verði fyrir

mismunun. Sú stefna var samþykkt í stefnu Heilbrigðisvísindasviðs árið 2020-2021 og á það að gilda fyrir hvert svið. Hinsegin fræðsla er ekki síður mikilvæg og verður hún að standa til boða til jafns við aðra jafnréttisfræðslu. Slík fræðsla er t.a.m. liður í því að uppræta fordóma sem kunna að þrífast og koma í veg fyrir mikilvæg skref fyrir háskólann að stíga í átt að frekari framförum.

Kynlaust fagmál hefur verið mikið til umræðu síðustu ár í íslensku tungumáli því það gengur ekki út frá gagnkynhneigðu regluverki, kynjativhyggju eða forræðishyggju gagnvart þeim sem eru fötluð, hinsegin, með geðræn vandamál eða eru af erlendum uppruna. Stúdentaráð krefst þess að kynlaust fagmál verði venja frekkar en undantekning innan háskólasamfélagsins.

5.4 ÓKYNGREIND SALERNI

Stúdentaráð styður málefni hinsegin stúdenta og hinsegin samfélagsins í heild sinni heilshugar. Aðgengi að ókyngreindum salernernum er ábótavnt í háskólanum og gerir það erfitt fyrir stúdenta sem slík salerni kjósa að sækja kennslustundir. Ókyngreining salerna hefur verið mikið baráttumál hagsmunafélaga við Háskóla Íslands og eru salerni sem ekki eru merkt tilteknu kyni og ekki merkt eða útbúið sérstaklega fyrir fatlað fólk.

Fjölgun slíkra salerna er háð annars vegar reglugerð um húsnæði vinnustaða sem heyrir undir félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytið og hins vegar reglugerð um hollustuhætti sem heyrir undir umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið. Í samstarfi við hagsmunafélögin verður Stúdentaráð að beita sér fyrir því að nauðsynlegar reglubreytingar eigi sér stað þannig að hægt sé að fjölga salernum með réttu móti. Sömuleiðis skal Háskóli Íslands leitast eftir því að tryggja aðgengileg salerni fyrir öll, sé það með því að taka salerni í gegn eða tryggja að þau komi til með að standa til boða í nýjum byggingum.

5.5 AÐGENGISMÁL

Aðgengismálum við Háskóla Íslands er mjög ábótavant. Háskólinn verður að geta tryggt að fatlaðir stúdentar hafi kost á því að stunda nám í húsakynnum skólans. Það er ekki háskólanum sæmandi að stórum hópum samfélagsins mismunað eins og raun ber vitni með skertu aðgengi

að byggingum, skólastofum og öðrum rýmum. Það er ekki síður hlutverk Háskóla Íslands að stand við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, líkt og aðrar ríkisstofnunum ber að gera.

Langveikir og fatlaðir stúdentar hafa oft ekki aðra valmöguleika en að segja skilið við nám sitt þar sem kennslustofur og kennsluhættir eru óaðgengilegir. Sem dæmi má nefna að námskeið sem ekki bjóða upp á upptökur á fyrirlestrum gera fötlum stúdentum erfitt að fylgja námskrá þegar þeir sjá sér ekki fært að mæta í tíma. Þegar kemur að kennslustofum og fyrirlestrasölum verða hjólastólanotendur að geta haft góða aðstöðu til að sitja kennslustundina. Þá er vert að nefna að aðgengi í víðum skilningi nær einnig til punktalesturs, leiðarlína, túlkapjónustu og annarra sambærilegra þátta.

5.6 JAFNRÉTTI KYNJANNA

Mikilvægt er að háskólasamfélagið vinni markvisst að því að stuðla að jafnrétti meðal kynjanna. Síðustu ár hefur mikill meirihluti nemenda Háskóla Íslands verið konur eða í kringum 69%. Hlutfall karla og kvenna í háskólanum, og skipting kynjanna eftir fræðasviðum og deildum, er sterk vísbending um lárétta kynjaskiptingu vinnumarkaðar. Konur eru mun fleiri í helstu heilbrigðisvísindum, menntavísindum og félagsvísindum, á meðan leikurinn er jafnari í hugvísindum og karlar fleiri í verkfræði- og náttúruvísindum. Ennfremur verður áfram að leita leiða til að auka hvata fyrir einstaklinga að sækja nám og jafna þannig hlutföllin.

Áfram verður að sporna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni innan veggja háskólans. Kvenfyrirlitningu og karllægum viðhorfum þarf að útrýma í kennslu og eins verður að gera kvenkyns akademískum sérfræðingum hærra undir höfði.

6 FJÁRHAGSLEGT ÖRYGGI STÚDENTA

Veruleiki stúdenta er sá að fátt má fara úrskeiðis á skólagöngunni án þess að það setji fjárhagslega byrði stúdenta á hliðina. Nám á að vera full vinna en aðstæður gera mjög fáum kleift að einbeita sér að því að fullu. Þá er fjárhagslegur stuðningur við fólk í námi af skorum

skammti. Markmið námslánakerfisins á að vera að veita stúdentum stuðning en aðgengið að því og kjörin sem standa til boða grípa ekki allan stúdentahópinn. Til viðbótar skarast það á við önnur kerfi sem stúdentar þurfa að sækja í, svo sem atvinnuleysistryggingasjóð og fæðingarorlofssjóð. Útgjöldin safnast fljótt saman og án fjárhagslegs baklands eiga stúdentar erfitt með að ná endum saman.

6.1 LÁNASJÓÐSMÁL

Hlutverk lánasjóðsins er að vera félagslegur jöfnunarsjóður sem veitir námsaðstoð og er stúdentum tækifæri til framvindu og framlags. Þannig að sjóðurinn uppfylli það hlutverk telur Stúdentaráð brýnt að gera nauðsynlegar breytingar á kerfinu. Sjálfbærnis hugsjón sjóðsins verður að heyra sögunni til. Gangi hvatakerfið upp, þ.e.a.s. að stúdentar klári námið á tilsettum tíma og fari út á vinnumarkað hraðar, mun það skila skatttekjum og sparnaði í skólakerfinu upp á 1-3 milljarða króna árlega⁷ og er Stúdentaráð þeirrar skoðunnar að það fjármagn eigi að renna aftur til sjóðsins.

Ljóst er að lág framfærsla skerðir aðgengi að menntun og er ein helsta ástæða þess að íslenskir stúdentar vinna mun meira með námi en stúdentar í nágrannalöndunum. Vegna þessa er nauðsynlegt að í framhaldinu sé samspil frítekjumarksins og grunnframfærslunnar vandlega skoðað. Fara verður í ítarlega greiningu á hækkun, afnámi, þrepaskiptingu eða öðrum breytingum sem hægt væri að gera á frítekjumarkinu. Einnig verður viðbótarlán vegna húsnæðis að taka breytingum, en niðurstöður [skýrslu Stúdentaráðs um stúdenta á húsnæðismarkaði](#) sýna að margir þeirra bera háa kostnaðarbyrði vegna húsaleigu. Vísitala leiguverðs hækkaði um 41% frá 2017-2021 en viðbótarlán Menntasjóðsins vegna húsnæðiskostnaðar hækkaði aðeins um 11% á sama tíma.

Eftir sem áður undirstrikar Stúdentaráð mikilvægi þess að upphæðir námslána séu endurskoðaðar til hækkunar árlega, að lágmarki í samræmi við verðlagsþróun. Í núgildandi lögum eru engin fyrirmæli um endurskoðun með reglubundnum hætti og því ekkert sem

⁷ Samkvæmt [útreikningum](#) Summu ráðgjafar ehf fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

skyldar stjórn Menntasjóðsins eða ráðherra til að bregðast við þegar þörf krefur. Þá krefst Stúdentaráð lægra vaxtaþaks eða 1% líkt og áður var hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, til að kom í veg fyrir aukna óvissu fyrir lántaka og verri lánakjör. Tekjutenging skal einnig afnumin þar sem hún skerðir aðgengi að námi og mismunar þeim sem höfðu ekki tök á að fara í nám fyrir á lífsleiðinni.

Markviss og ásættanlegur stuðningur við námsfólk er fjárfesting þegar til langs tíma er litið og þar með ávinningur fyrir samfélagið, því það er það sem nýtur í miklum mæli góðs af. Kerfið verður að hanna með hag stúdenta í forgrunni.

6.2 ATVINNU- OG TEKJUÖRYGGI

Stúdentaráð stendur við kröfu sína um réttindi stúdenta til atvinnuleysisbóta og telur nauðsynlegt að tryggja þann rétt í lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006. Almenn skilyrði þess að launamaður eigi rétt á atvinnuleysistryggingum skv. 13. gr. laganna er að vera í virkri atvinnuleit, en skv. 14. gr. laganna teljast stúdentar ekki vera það og eiga því almennt ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Gert er ráð fyrir því að námsfólk snúi sér að námslánakerfinu en það hins vegar neyðir námsfólk til að leita út á vinnumarkaðinn vegna bágra kjara.

Atvinnuleysisbótakrafa Stúdentaráðs snýst um að allir stúdentar sem þurfa að sækja sér fjárhagsaðstoðar, sökum atvinnuleysis, hafi kost á því til jafns við aðra vinnandi landsmenn. Samkvæmt 3. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990 renna tekjur ríkisins af atvinnutryggingagjaldi, sem greitt er af launum starfsfólks, til Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga. Í dag er gjaldið 1,35% af launum alls vinnandi fólks og þar á meðal stúdenta. Þrátt fyrir þessa staðreynd eru stúdentar undanskildir atvinnuleysistryggingakerfinu og sviptir fjárhagslegu öryggi fyrir það eitt að stunda nám.

6.3 SKRÁSETNINGARGJALD VIÐ OPINBERA HÁSKÓLA

Stúdentaráð telur að skrásetningargjaldið við Háskóla Íslands rúmist ekki innan ramma laga um opinbera háskóla og eigi að endurskoða með það að markmiði að lækka það eða afnema. Skrásetningargjaldið á að standa undir kostnað við þjónustu sem nemendum býðst við

háskólann. Innheimta þeirra er bundin **tveimur skilyrðum** samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga um opinbera háskóla. Annars vegar að gjöldin skuli ekki skila háskóla hærri tekjum en sem nemur samanlögðum útgjöldum vegna nemendaskráningar og ákveðinnar þjónustu og hins vegar að þjónustan sem rukkað er fyrir megi ekki teljast til kostnaðar við kennslu og rannsóknarstarfsemi. Stúdentaráð telur að sá kostnaður sem tekinn er til vegna gjaldsins við Háskóla Íslands feli í sér þjónustu umfram lögbundið hlutverk skólans og fari því í bága við lög.

Skrásetningargjaldið er auknar álögur á stúdenta sem nú þegar vinna í miklum mæli meðfram námi. Það takmarkar þannig aðgengi að háskólamenntun og skerðir jafnrétti allra til náms.

6.4 FJÁRMÖGNUN HÁSKÓLASTIGSINS

Háskóli Íslands er opinber ríkisstofnun og er það ábyrgð stjórnvalda að tryggja að fjárframlögin til skólans séu viðunandi. Þannig að háskólinn geti verið samkeppnishæfur í því umhverfi verður að styrkja innviði hans og skapa honum sérstöðu þannig að hann geti verið leiðandi í vísinda, kennslu og rannsóknarstarfsemi. Bætt fjárheimild gerir skólanum kleift að sinna grunnstarfsemi sinni, sem einkum er byggð á tveimur stólpum: kennslumál og rannsóknir. Undirfjármögnun háskólans í hvaða mynd sem hún birtist er hindrun að menntun.

7 UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSMÁL

Umhverfis- og loftslagsmál varða alla stúdenta. Huga þarf að málaflokknum bæði innan háskólasamfélagsins sem og utan þess. Mikilvægt er fyrir Stúdentaráð að samtvinna umhverfis- og loftslagsmál í starfseminum sína og að það vægi þeirra séu mikil í allri ákvarðanatöku ráðsins.

7.1 LOFTSLAGSMARKMIÐ

Með þeim mest aðkallandi verkefnum samtímans er loftslagsváin. Stúdentaráð hefur sett sér há markmið í samfloti við loftslagsverkfallið og krefst aðgerða í þeim málum. Fyrsta skrefið er að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og til þess þarf vilja stjórnvalda. Því næst að 4% landsframleiðslu fari til málaflokks loftslagsmála og að loftslagsmarkmiðin þess efnis verði lögfest. Innan háskólans stefnir Stúdentaráð að setja sér ávallt græn markmið í starfi sínu og

hvetja fastanefndir ráðsins til að hafa viðburði og starf sitt sem umhverfisvænasta. Þá telur Stúdentaráð að Háskóli Íslands, sem æðsta menntastofnun landsins, beri að viðurkenna loftslagsvána með því a.ð að lýsa yfir neyðarástandi og standa við mælanleg markmið á sviði kolefnishlutleysis.

7.2 GRÆNN HÁSKÓLI

Stúdentaráð telur mikilvægt að háskólinn verði að grænum háskóla fyrir heilsu umhverfisins og skólasamfélagsins. Háskóli Íslands varð Grænfánaskóli frá og með mars 2020. Verkefnið er samvinnuverkefni umhverfis- og samgöngunefndar Stúdentaráðs og skrifstofu sjálfbærni- og umhverfismála Háskóla Íslands. Stúdentaráð ætlar sér að sinna verkefninu áfram og tryggja að háskólinn viðhaldi grænfánanum.

Til þess að stuðla enn frekar að grænum háskóla má hér nefna: að láta einfaldar flokkunartunnur fylgja með öllum stúdentaíbúðum; þrýsta á betri kjör fyrir stúdenta hjá Strætó BS; þrýsta á að Bóksala stúdenta selji vörur sem styðja við þá sem nýta sér umhverfisvæna samgöngumáta; fjölga hleðslustöðvum fyrir rafbíla og rafhjól.

7.3 GRÆNKERAFÆÐI

Af tilstilli Stúdentaráðs hefur úrval grænkerafæðis aukist til muna í Hámu og mun ráðið áfram vinna að aukningu jafnt og þétt í góðu samtali við Félagsstofnun stúdenta. Þá fer Stúdentaráð þess á leit við Félagsstofnun stúdenta og Háskóla Íslands að stuðla að fræðslu og aukinni meðvitund í þessum efnum og væri þar fyrsta skrefið að innleiða kolefnisspor reiknivél fyrir matvæli. Það er í samræmi við markmið um sjálfbæra starfsemi í stefnu Háskóla Íslands, HÍ26.

8 SAMGÖNGU- OG SKIPULAGSMÁL

Framtíð háskólasvæðisins felur í sér samþjöppun á starfsemi háskólans, þéttara skipulag og bættar almenningssamgöngur. Uppbyggingin á svæðinu er þegar í góðum farveg og miðar rammaskipulag fyrir háskólasvæðið þar með að bíllausri borg innan um borg, frekari tengingu við nærumhverfið og sjálfbærri þróun með áherslu á öflugar grænar tengingar og opin svæði.

8.1 SKIPULAG HÁSKÓLASVÆÐISINS

Stúdentaráð hefur lagt ríka áherslu á að stefnan skuli vera sett á að byggja upp kjarna með allri grunnþjónustu í Vatnsmýrinni sem skuli þjónusta stúdenta, starfsfólk og nærliggjandi svæði. Ýmis þjónusta á svæðinu fer fram á Vísindagörðum, þar sem til húsa eru fjölmenn fyrirtæki og stofnanir. Stúdentaráð leggur enn fremur áherslu á að fá lágvöruverðsverslun á svæðið, heilsugæslu, apótek og annars konar tilfallandi þjónustu. Slík þjónusta stuðlar að sjálfbæru samfélagi, minnkun kolefnisspors, iðandi mannlífi og aukinni vellíðan.

Stúdentar, Háskóli Íslands og Félagsstofnun stúdenta ásamt samstarfsaðilum utan skólans á borð við Reykjavíkurborg verða að taka höndum saman þannig að framtíðarsýn þessi geti orðið að veruleika. Það er sameiginlegt hagsmunamál allra hlutaðeigandi að skapa gott og öflugt samfélag.

Skipulag, þjónusta og samgöngur til og frá Vatnsmýrinni hljóta að spila lykilhlutverk í framtíð höfuðborgarsvæðisins. Háskólasvæðið er og verður þungamiðja stofnleiða, sem kemur til með að vera mikil bót fyrir nemendur og starfsfólk Háskóla Íslands, auk allra þeirra sem eiga leið á stærsta vinnustað landsins. Vegna þessa skulu allar ákvarðanir um háskólasvæðið vera teknar með umhverfisvernd að leiðarljósi. Það á að vera einkennandi fyrir háskólasvæðið okkar að forgangsraða hjólandi og gangandi vegfarendum, hafa fleiri hjólastíga og göngubveranir, fleiri skjólgóð og græn svæði.

8.2 SAMGÖNGUMÁTAR

Mikilvægt er að almenningssamgöngur og vistvænir samgöngukostir séu efldir þannig að stúdentar og starfsfólk geti ferðast með umhverfisvænum hætti, en stúdentar við Háskóla Íslands eru margir búsettir víða á höfuðborgarsvæðinu og nærliggjandi sveitarfélög. Það verður að vera raunhæfur valkostur að komast á milli staða á skilvirkan máta, hratt og örugglega án óþarfa kostnaðar fyrir fólkið og umhverfið.

Í fyrirhuguðu skipulagi Borgarlínu er gert ráð fyrir að hún nái inn í Vatnsmýrina og að við Háskóla Íslands séu biðstöðvar. Með tilkomu Borgarlínunnar stækkar svæðið sem nýtt getur verið undir starfsemi háskólans, fleiri stúdentaíbúðir og annars konar þjónustu, sem teygist jafnvel út í nágrannasveitafélög Reykjavíkur.

Stúdentaráð leggur áherslu á að stúdentum og starfsfólki Háskóla Íslands sé tryggt aðgengi að vistvænum samgöngukostum með innleiðingu samgöngukorta á hagstæðu verði, líkt og Stúdentaráð hefur þegar talað um sem U-passa og Háskólinn tekið mið af. U-passinn, eða Umhverfispassi, segir til um eitt meginmarkmiða samgöngukortsins sem er að minnka mengun og bílaumferð og efla umhverfisvænni ferðamáta. Passinn er að fyrirmynd U-pass sem þekkist erlendis og veitir aðgang að fjölmörgum samgöngukostum. Í þessu samhengi er vert að nefna að þjónusta næturstæðo er sérstaklega mikilvæg ungu fólki á grundvelli umhverfis-, öryggis-, menningar- og jafnréttissjónarmiða.

Ef ekki er gripið til aðgerða er fyrirséð að mikill vöxtur verði í umferð í Vatnsmýrinni og því er framtíð samgöngu- og bílastæðamála á háskólasvæðinu til umfjöllunar og greiningar. Áform eru um gjaldskyldu á lóðir Háskóla Íslands til að sporna gegn vexti í umferð og stuðla að breyttum ferðavenjum. Það er fagnaðarefni að Háskóli Íslands hætti að borga undir óumhverfisvæna fararmáta og byrji að greiða með umhverfisvænum samgöngum í staðinn.

8.3 ÖRFLÆÐILAUSNIR

Fleiri samgöngumáttar verða að fylgja breytingum á háskólasvæðinu og ber þar helst að nefna örflæðilausnir, einna helst í ljósi þess að framþróun á svæðinu kallar á fleiri græn svæði og færri bílastæði auk tilheyrandi bílastæðagjalda. Yfirbyggð hjólaskýli og góð aðstaða fyrir þau sem kjósa að ferðast milli staða hjólandi eða gangandi verður að vera til staðar í húsakynnum skólans, ásamt deilihjóla og rafhlaupahjólalausnum.

9 ALÞJÓÐA- OG MENNINGARMÁL

Háskóli Íslands er alþjóðlegur skóli og því er mikilvægt að berjast fyrir því að kjör þeirra sem að koma hingað til þess að læra, fái sem allra besta þjónustu. Aukin alþjóðavæðing á heimsvísu gerir það að verkum að kröfur á Háskóla hafa breyst og þróast. Háskólar bera þá skyldu að undirbúa nemendur undir vinnumarkaðinn og heiminn sem bíður þeirra eftir að formlegu námi er lokið. HÍ26 markast af þessum breyttu kröfum og setur Háskólinn sér þar háleit markmið þegar það kemur að alþjóðavæðingu. Stúdentaráð starfar í krafti nemenda og leitast að því að skapa háskólasamfélag sem kemur til móts við fjölbreyttan nemendahóp skólans, þ.m.t. alþjóðanema.

9.1 STAÐA ALÞJÓÐAFULLTRÚA

Árið 2019 var staða Alþjóðafulltrúa sköpuð og er það stöðugildi mikilvægur liður í því að auka tengsl og þjónustu við alþjóðlega nemendur auk þess sem hann tekur fyrir málefni nemenda af erlendum uppruna. Alþjóðafulltrúi gegnir embætti forseta alþjóðanefndar. Hann starfar á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og gegnir hlutverki þjónustuaðila við erlenda stúdenta við Háskóla Íslands sem geta leitað til hans með fyrirspurnir varðandi háskólavistina sem og annað sem snýr að dvöl þeirra hérlandis.

Skyldur Alþjóðafulltrúa samkvæmt starfslýsingu eru í raun tvíþættar, annars vegar snúa þær að alþjóðanemendum hér á landi og hins vegar að alþjóðlegu samstarfi háskólans á erlendra grundu.

Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands starfar sem trúnaðarmaður allra erlendra nema og skiptinema Háskóla Íslands. Fulltrúinn skal tryggja að þau sem leiti með hagsmunamál sín til skrifstofu Stúdentaráðs fái aðstoð og leiðbeiningar varðandi úrlausn þeirra. Alþjóðafulltrúi skal tryggja aðgengileika á skrifstofu Stúdentaráðs fyrir alla erlenda nema. Þá skal alþjóðafulltrúi tryggja að stefna Stúdentaráðs til framtíðar sé erlendum nemendum og skiptinemum við Háskóla Íslands til framdráttar og stuðli að bættum hag þeirra.

Alþjóðafulltrúi ber ábyrgð á mentor kerfi og og skal tryggja sýnileika og aðgengileika þess. Kerfið veitir alþjóðanemendum stuðning, bæði skiptinemum og nemendum í fullu námi, og hjálpar þeim að kynnast starfsemi háskólans sem og landinu sjálfu með því að para nemendur við svokallaðan „mentor“ sem þekkir aðstæður hér á landi og kann á skólann. Jafnframt ber alþjóðafulltrúi ábyrgð á að tryggja sýnileika allra viðburða fyrir erlenda nema.

9.2 AURORA SAMSTARFIÐ

Stúdentaráð er með tvo fulltrúa í Stúdentaráði Aurora, samstarfsneti tíu háskóla í Evrópu. Annar þeirra er valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ en hinn er alþjóðafulltrúi SHÍ og vinna þessir fulltrúar samkvæmt stefnu SHÍ innan samstarfsins. Alþjóðafulltrúi stuðlar að góðu upplýsingaflæði milli Stúdentaráðs, skrifstofu SHÍ, skrifstofu alþjóðasamskipta og Aurora um öll þau málefni sem tengjast Aurora. Þetta getur m.a. falið í sér að kynna verkefni eða mál innan Aurora sem tengjast Stúdentaráði á fundum Stúdentaráðs.

Alþjóðafulltrúi stuðlar sömuleiðis að skilvirku starfi innan Aurora samstarfsnetsins og hefur samráð og samskipti við aðra stúdenta innan samstarfsins. Fulltrúinn skal vinna að öllum þeim verkefnum innan Aurora sem starfið krefst, í samráði við skrifstofu SHÍ og skrifstofu alþjóðasamskipta.

Tvisvar á ári mæta fulltrúar Stúdentaráðs á ráðstefnur hjá Aurora samstarfinu sem skólarnir innan samstarfsins skiptast á að halda. Þar, sem og annars staðar gætir Alþjóðafulltrúi hagsmuna stúdenta háskólans og ber honum að skila inn skýrslu til Stúdentaráðs eftir hverja ráðstefnu.

10 HEILBRIGÐISMÁL

Heilbrigðisþjónusta Háskóla Íslands felur í sér úrræði sem stuðla að bæði andlegri og líkamlegri heilsu. Áfram skal halda utan um þau geðheilbrigðisúrræði sem þegar standa til boða, ásamt því að kanna regluglega hvort frekari úrræða sé þörf. Þjónustan hefur verið í

góðum farvegi frá því að geðheilbrigðishópurinn við háskólann var stofnaður ásamt því að Stúdentaráð hefur staðið fyrir reglulegri gagnaöflun meðal stúdenta vegna málaflokksins. Velliðan allra nemenda í Háskóla Íslands mun ávallt vera Stúdentaráði forgangsmál.

10.1 HEILBRIGÐISMÓTTAKA Á HÁSKÓLASVÆÐINU

Í þjónustukjarna framtíðarinnar á háskólasvæðinu er brýnt að sé til húsa heilbrigðismóttaka sem stúdentar geta átt greiða leið að, líkt og tíðkast víða erlendis. Það er mikilvægt að nemendur geti nýtt sér þjónustuna í nærumhverfi sínu, enda fjöldi stúdenta sem fer um háskólasvæðið daglega og búa margir þeirra á stúdentagörðum. Þá er mikilvægt að slík þjónusta geti verið fjölbreytt og höfði til þess stóra hóps sem stúdentar mynda. Það er sameiginleg ábyrgð þeirra sem koma að háskólasamfélaginu að stuðla að heilbrigði, velliðan og bættum hag.

10.2 GEÐHEILBRIGÐISMÁL

Stúdentaráð hefur lagt ríka áherslu á að stúdentar geti sinnt námi sínu sem skyldi og geti sótt sér viðeigandi geðheilbrigðisþjónustu innan veggja Háskóla Íslands. Frá árinu 2018 hafa geðheilbrigðismál við Háskóla Íslands tekið stakkaskiptum. Þrátt fyrir jákvæða þróun og aukið aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu innan veggja háskólans, er eftirspurn eftir aukinni þjónustu langt umfram getu til að komast til móts við hana. Stúdentaráð telur það brýnt að stjórnvöld og skólayfirvöld hugi að velferð stúdenta og sýni stuðning í verki með tryggri fjármögnun í málaflokkinn.

Stúdentaráð þarf að halda áfram að koma til móts við geðheilbrigði nemenda með því að þrýsta á fjölgun stöðugilda sálfræðinga við Háskóla Íslands. Það eru nú fjórir starfandi sálfræðingar, en stefnan er að fá upp einn sálfræðing per 1000 nemendur. Fjárframlög til háskólans hafa aukist í þessum málaflokki en lokamarkmið þessara stefnu er að fá varanlegt fjármagn sem mun nýtast.

VIÐAUKI F - FJÁRHAGSLEG RÉTTINDI FORELDRA Í NÁMI

FÆÐINGARORLOF

Fæðingarorlof er ætlað þeim sem starfa á íslenskum vinnumarkaði. Foreldri þarf að hafa verið samfelld á vinnumarkaði í a.m.k. 25% starfi⁸ í 6 mánuði fyrir fæðingu barns.

“Til að öðlast rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði þarf foreldri að hafa verið í a.m.k. 25% samfelldu starfi í 6 mánuði á innlendum vinnumarkaði fyrir fæðingardag barns eða þann tíma þegar barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða varanlegt fóstur.” - Sótt af [heimasíðu Vinnumálastofnunar](#).

Við útreikning á fæðingarorlofsgreiðslum er litið til launa yfir 12 mánaða samfelld tímabil sem lýkur 6 mánuðum fyrir fæðingarmánuð barns. Foreldrar sem hafa verið í meira en 10 ECTS námi og meira en 25% vinnu (og eiga því rétt á fæðingarorlofi) geta átt rétt á því að fá mánuði undanskilda við útreikning til þess að hækka greiðslur.

Fæðingarorlofsgreiðslur eru 80% af heildarlaunum á viðmiðunartímabili, að hámarki 600.000 kr/mán. Tekjulágum er jafnframt tryggð lágmarksgreiðsla.

	Lágmarksgreiðsla	Hámarksgreiðsla
25-49% starf	143.963 kr/mán	600.000 kr/mán
50-100% starf	199.522 kr/mán	600.000 kr/mán

Tafla 1: Lágmarks- og hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi fyrir börn fædd⁹ 2022

⁸ M.v. að fullt starf sé 172 klst/mán miðast 25% starf almennt við 43 klst/mán. Þó er tekið tillit til fjölda vinnustunda sem kveðið er á um í kjarasamningum.

⁹ Á einnig við um börn sem eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 2022.

Sé litið á fullt nám sem fullt starf gefur auga leið að námsmenn eigi jafnan ekki rétt á fæðingarorlofi þar sem sumarið, þ.e. sá tími sem stúdentar eru að jafnaði ekki í námi heldur á vinnumarkaði, er aðeins um 3 mánuðir. Þeir námsmenn sem vinna meðfram námi þurfa að hafa unnið a.m.k. 25% starf samfellt í 6 mánuði til þess að eiga rétt á greiðslum úr fæðingarorlofssjóði.

Samantekt

1. Til þess að eiga rétt á fæðingarorlofsgreiðslum þarf að hafa verið í a.m.k. 25% starfi samfellt í 6 mánuði fyrir fæðingu barns.
2. Upphæð miðast við laun síðustu 12 mánaða fyrir fæðingu barns. Námsmaður sem hefur verið í a.m.k. 10 ECTS námi getur átt rétt á að fá mánuði undanskilda við útreining til þess að hækka fæðingarorlofsgreiðslur.

FÆÐINGARSTYRKUR NÁMSMANNA

Til þess að koma til móts við þetta hafa námsmenn í fullu námi¹⁰ rétt á fæðingarstyrk. Fullt nám er skilgreint sem 75-100% samfellt nám sem þýðir að námsmaður þarf að ljúka 22,5 - 30 ECTS/önn og námið þarf að hafa staðið yfir í a.m.k. 6 af síðustu 12 mánuðum.

*“Foreldri sem uppfyllir skilyrði um fullt nám öðlast rétt til fæðingarstyrks. Hafi foreldri unnið launuð störf í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði samhliða námi síðustu 6 mánuðina fyrir fæðingu barns, frumættleiðingu eða varanlegt fóstur er foreldrið hvatt til þess að kanna hjá starfsfólki Fæðingarorlofssjóðs hvort það komi betur út fyrir sig að sækja um greiðslur sem foreldri á vinnumarkaði”. -
sótt af [heimasíðu Vinnuálastofnunar](#)*

¹⁰ Fullt nám telst vera 75-100% samfellt nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í a.m.k. 6 mánuði. Enn fremur er átt við 75-100% nám á háskólastigi og annað nám sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.

Upphæð fæðingarstyrks námsmanna fyrir börn fædd¹¹ árið 2022 eru 199.522 kr/mán¹². Sé það borið saman við fæðingarorlofsgreiðslur, sem eru 80% af tekjum, þá myndi fæðingarstyrkur námsmanna vera jafn hár og fæðingarorlofsgreiðslur einstaklings með heildartekjur upp á 249.402 kr/mán.

Í því samhengi er vert að benda á að lægstu byrjunarlaun í kjarasamningum Eflingar við almenna vinnumarkaðinn¹³ eru 356.735 kr/mán fyrir árið 2022. Launafólk í fullu starfi ættu því að fá minnst 285.388 kr í fæðingarorlofsgreiðslur, sem er 85.866 kr hærri upphæð en fæðingarstyrkur námsmanna. Jafnframt er þeim sem eru í 50-100% starfi tryggð lágmarksframfærsla sem er jafnhá og fæðingarstyrkur námsmanna. Einstaklingar á vinnumarkaði í 50% starfi eiga því rétt á jafnháum greiðslum og námsmenn í 75-100% námi. Mikilvægt er að halda því til haga að vænt framtíðarvinnuframlag stúdenta mun greiða til baka allt það fé sem fæðingarorlofssjóður lætur þeim í té og gott betur. Þannig kann að þykja óréttlátt að letja ungt fólk til barneigna meðan á námi stendur, sér í lagi í ljósi lækkandi fæðingartíðni á Íslandi síðastliðna áratugi.

Sérstök áhætta er til staðar við fæðingu barns á ákveðnum tímum árs. Þar eð nám er að jafnaði skipulagt í önnunum eða árum getur fæðing valdið því að stúdent fellur á milli kerfa. Geri stúdent hlé á námi sínu í þá sex mánuði sem fæðingarorlof er almennt talið standa yfir fær hann áfram fæðingarstyrk námsmanna en missir að líkindum talsverðan hluta framfærslu sinnar frá Menntasjóði námsmanna. Enginn fjárhagslegur stuðningur er til staðar í opinbera kerfinu til að brúa bilið milli töku fæðingarstyrks fram að næstu skipulögðu námsönn þar á eftir í þeim tilfellum.

¹¹ Á einnig við um börn sem eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 2022.

¹² Ath. að fæðingarstyrkur námsmanna er skattskyldur

¹³ [Kjarasamningur Eflingar og SA 2019](#).

Þá ber að hafa í huga að þar eð nám er að jafnaði skipulagt í önnum (eða jafnvel árum) getur fæðing barns lent þannig að ef stúdent vill taka 6 mánaða orlof eftir fæðingu þá þurfi hann í raun að taka tvær annir í pásu en fær bara fæðingarstyrk í 6 mánuði. Enginn fjárhagslegur stuðningur er til staðar til að koma til móts við þessa stöðu.

Samantekt

1. Til þess að eiga rétt á fæðingarstyrki námsmanna þarf að hafa verið í a.m.k. 75% námi (a.m.k. 22,5 ECTS) í 6 af 12 mánuði fyrir fæðingu.
2. Fæðingarstyrkur námsmanna er skattskyldur.
 - a. Fæðingarstyrkur er því talinn með til skerðingar á námslánum séu heildartekjur umfram frítekjumark Menntasjóðs námsmanna
3. Sé stúdent í 50% starfshlutfalli eða meira borgar sig alltaf að sækja um fæðingarorlof frekar en fæðingarstyrk námsmanna þar sem lágmarksgreiðslur í því tilviki eru aldrei lægri en upphæð styrksins.
 - a. Lágmarksgreiðsla fyrir launafólk í 50-100% starfi er sú sama og fæðingarstyrkur námsmanna í fullu námi (75-100% nám)
4. Enginn fjárhagslegur stuðningur er til staðar í opinbera kerfinu til að brúa bilið milli töku fæðingarstyrks fram að næstu skipulögðu námsönn þar á eftir.
5. Ekki er hægt að fá bæði fæðingarorlof og fæðingarstyrk námsmanna.

BARNABÆTUR

Almennt eiga einstaklingar sem hafa barn á sínu framfæri¹⁴ rétt á barnabótum, séu þeir skattskyldir¹⁵ á Íslandi. Barnabætur eru greiddar sjálfkrafa og því er ekki þörf á að sækja um þær sérstaklega¹⁶. Barnabætur eru ekki skattskyldar.

¹⁴ Nánari upplýsingar um hver telst framfærandi barns má finna [hér](#) undir “Framfærendur barna”.

¹⁵ Aðila með almenna skattskyldu á Íslandi ber að greiða skatt á Íslandi af öllum tekjum óháð því hvar þeirra er aflað í heiminum og öllum eignum óháð staðsetningu. Ath. að það sama á við um þau sem hafa flutt lögheimili vegna náms erlendis, svo sem skiptinemar, og hafa skráða um skattalegri heimilisfesti á Íslandi.

¹⁶ Ath: Á ekki við ef börn eru ekki með varanlega heimilisfesti á Íslandi, t.d. börn skiptinema. Þá þarf að sækja sérstaklega um en rétturinn er sá sami ef barnið er á framfæri ríkisborgara frá ríki innan EES.

Barnabætur skiptast jafnt á milli hjóna og sambúðarfólks. Einstætt foreldri fær óskiptar barnabætur og greiðsla til foreldra sem fara með sameiginlega forsjá fer eftir því hvernig foreldrar haga framfærslu barnsins og búsetu þess. Barnabætur eru greiddar út fjórum sinnum á ári og er upphæð þeirra skv. töflu 2.

Hjón og sambúðarfólk	Upphæð á ári
með fyrsta barni	248.000 kr
með hverju barni umfram eitt	295.000 kr
Einstæðir foreldrar	
með fyrsta barni	413.000 kr
með hverju barni umfram eitt	423.000 kr
Viðbót	
með hverju barni yngra en 7 ára	148.000 kr

Tafla 2: Upphæð barnabóta 2022

Barnabætur eru tekjutengdar og er miðað við tekjur síðasta árs, að meðtöldum fjármagnstekjum og tekjum erlendis. Miðað er við samantlagðar tekjur skv. skattframtölum forsjáraðila sem eru skráðir í hjónaband eða sambúð en eingöngu tekjur þess foreldris sem er með barnið í sinni umsjá ef um er að ræða einstætt foreldri. Þær upphæðir sem barnabætur skerðast við, auk skerðingarhlutfalla, má sjá í töflu 3.

Tekjustofn		Fjöldi barna		
<i>Hjón og sambúðarfólk</i>	<i>Einstæð foreldri</i>	<i>Eitt</i>	<i>Tvö</i>	<i>Þrjú +</i>
9.098.000 kr - 12.320.000 kr	4.549.000 kr - 6.160.000 kr	4%	6%	8%
12.320.000 kr +	6.160.000 kr +	5,5%	7,5%	9,5%

Tafla 3: Skerðingarhlutföll barnabóta 2022

Samantekt

1. Barnabætur eru greiddar út sjálfkrafa og því þarf ekki að sækja sérstaklega um þær.
2. Stúdentar sem eru skattskyldir á Íslandi eiga rétt á barnabótum séu þeir undir tekjuviðmiðum.
3. Námsmaður með árstekjur í kringum frítekjumark¹⁷ í úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna fær því óskertar barnabætur.

MENNTASJÓÐUR NÁMSMANNA

Barnastyrkur

Námsmaður með barn á sínu framfæri¹⁸, sem lýkur lágmarks námsárangri¹⁹ og þiggur námslán frá Menntasjóði námsmanna á rétt á barnastyrk. Upphæð styrksins fyrir skólaárið 2022-2023 er 182.250 kr/önn²⁰. Ef lántaki lýkur ekki lágmarks námsárangri er veittum barnastyrk breytt í lán.

15. gr. Styrkur vegna framfærslu barna.

☐ *Lánþegi sem þiggur námslán samkvæmt lögum þessum skal fá styrk til framfærslu barns sem nemur einföldum barnalífeyri á mánuði að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:*

1. Lánþegi uppfyllir lágmarksnámsframvindukröfur skv. 13. gr. eða fellur undir undanþágur skv. 2. mgr. 13. gr.

2. Lánþegi fer með forsjá barns eða lánþegi er meðlagsskyldur.

☐ *Styrkur hvers lánþega vegna framfærslu barns er veittur í samræmi við lánsrétt lánþega og eingöngu í þeim mánuðum sem nám er stundað.*

☐ *Uppfylli lánþegi ekki kröfur þessarar greinar er sjóðstjórn heimilt að breyta veittum styrk í lán með þeim skilmálum sem mælt er fyrir um í 17. og 20. gr.*

Úr [lögum nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna](#)

¹⁷ Frítekjumark skólaársins 2022-2023 er 1.483.000 kr/ári

¹⁸ Skilyrði er að námsmaður fari með forsjá barns eða greiði meðlag með barni.

¹⁹ Lágmarks námsárangur í úthlutunarreglum Menntasjóðsins 2021-2022 eru 22 ECTS/önn.

²⁰ Séu báðir forráðamenn í námi og uppfylli skilyrðin eiga þeir báðir rétt á barnastyrk. Hámarksstyrkur fyrir hvert barn er því 331.200 kr/önn fyrir námsárið 2021-22.

Undanþágur á námsframvinduþrófum vegna barneigna

Skv. 2. mgr. 13. gr [laga um Menntasjóð námsmanna](#) er kveðið á um að veita megu undanþágu frá lágmarksnámsframvinduþrófum, m.a. vegna barneigna. Í [úthlutunarreglum 2022-23](#) er kveðið á um að foreldrar eigi samanlagt 16 ECTS-eininga undanþágu vegna barneigna sem nota megu þar til barnið verður 12 mánaða. Móðir getur átt rétt á auknu svigrúmi fyrir fæðingu vegna veikinda. Til þess að eiga rétt á þessum undanþágum þarf fullnægjandi námsárangur í lánshæfu námi á einu misseri síðustu 12 mánuði að liggja fyrir eða námsmaður að skila fullum námsárangri á næsta misseri eftir að undanþágan er notuð²¹.

Þetta þýðir að samanlagt hafa foreldrar svigrúm til 16 ECTS eininga í ár eftir fæðingu. Foreldrar geta þannig t.d. tekið sitt hvora önnina í hálfu námi án þess að lánið falli niður (fá þau þá 75% af fullu láni hjá sjóðnum hvort um sig eða lán fyrir 22 af 30 einingum). Foreldrarnir velja hvort bæði minnka við sig fyrstu mánuðina eftir fæðingu barns, annað foreldri hægir á námi sínu í heilt ár eða hvort tímabilinu er skipt jafnt á námsferil beggja foreldra. Þar eð enn þarf að ná lágmarksnámsframvindu er ekki hægt að fara niður í minna en 6 ECTS í eina önn til þess að eiga rétt á undanþágu. Því má segja að hér sé um að ræða hliðstæðu fæðingarorlofs á almennum vinnumarkaði nema einungis er heimilt að fara niður í 50% starf í heilt ár eða 25% í hálfu ár. Þeir foreldrar sem nýta sér undanþáguna geta þó aldrei fengið hærra lán en það sem samsvarar láni 22 ECTS sem þýðir að þeir geta aldrei fengið fulla framfærslu á sama tíma og undanþágan er nýtt.

Rétt er að hafa í huga að alveg er litið framhjá þeirri staðreynd að börn komast ekki inn á leikskóla eins árs og mörg eru oft veik heima fyrsta árið sem gerir það nánast ómögulegt að vera í fullu námi, sér í lagi fyrir þau sem hafa ekki sterkt bakland. Hér má nefna námsmenn af landsbyggðinni, erlenda nema og námsmenn erlendis sem búa fjarri fjölskyldu. Námsmenn með börn eiga ekki rétt á veikindadögum, hvorki fyrir sig né vegna barna, líkt og launafólk. Þessi undanþága tekur því aðeins tillit til foreldra í námi fyrsta árið eftir fæðingu.

²¹ Sjá grein 3.4.4. um undanþágur vegna barneigna í úthlutunarreglum Menntasjóðsins 2021-22.

Áhrif barneigna á námsstyrk við námslok

Námsstyrkur í núverandi lánasjóðskerfi er þannig útfærður að ljúki lántaki námi innan tilskilins tíma er 30% af höfuðstól lánsins felldur niður. Skv. 3. mgr. 14. gr. laga um Menntasjóð námsmanna er svigrúmið til seinkunar í námi án þess að réttur þeirra til námsstyrks skerðist eftirfarandi:

1. Eitt ár umfram þann tíma sem skipulag iðn-, starfs- og aðfaranám kveður á um.
2. Eitt ár umfram þann tíma sem skipulag grunn- og framhaldsnám kveður á um.
3. Sex mánuðir umfram þann tíma sem skipulag diplómanáms kveður á um.
4. Tvö ár umfram þann tíma sem skipulag doktorsnáms kveður á um.

Undanþágur frá námsframvindu framlengja þann tíma sem námsfólk hefur til að ljúka námi til að geta fengið hluta lánsins felldan niður og þannig komið til móts við fólk vegna t.d. barneigna. Þannig bætist ein önn við þann tíma sem foreldrar hafa til að ljúka námi fyrir hverja önn sem undanþágan er nýtt.

Framlenging fæst þó aðeins fyrir annir þar sem námsmenn taka námslán (og nýta undanþáguna). Þannig framlengist svigrúmið ekki ef foreldrar taka fæðingarorlof. Þannig hefur námsmaður í 120 ECTS meistaranámi 3 ár til þess að ljúka námi og fá niðurfellingu en foreldri sem kys að taka sér orlof í 6 mánuði aðeins 2,5 ár. Hafa ber í hug að nám er skipulagt í önnum (jafnvel árum) og sá tími sem orlofið varir er því háð því hvenær árs barnið fæðist. Ef barn fæðist t.d. í nóvember eru töluverðar líkur á að stúdentinn geti ekki lokið desemberprófum, þar með er haustönnin farin í vaskinn. Stúdentinn tekur 6 mánaða orlof, frá nóvember til apríl. Þá getur stúdentinn ekki stundað nám á vorönn. Þessi stúdent hefur því tekið tvær annir í námshlé, í skilningi laganna og er þ.a.l. búinn að missa allt svigrúm til seinkunar á námi til að hljóta námsstyrk. Stúdent í diplómanámi missir svigrúmið um leið og hann tekur sér orlof, þ.e. svigrúm hans til seinkunnar í námi eru aðeins 6 mánuðir.

Samantekt

1. Foreldrar í námi deila 16 ECTS svigrúmi vegna barneigna sem hægt er að nýta í 12 mánuði eftir fæðingu.
 - a. Möguleiki er á auknu svigrúmi fyrir móður vegna veikinda á meðgöngu.
 - b. Aðeins er lánað fyrir að hámarki því sem samsvarar 22 ECTS, sem er tæplega 75% af fullri framfærslu.
2. Til að fá 40% niðurfellingu höfuðstóls námsláns þurfa stúdentar að ljúka námi innan þess svigrúms sem gefið er miðað við skipulag náms síns (eitt ár fyrir grunn- og framhaldsnám).
 - a. Svigrúmið framlengist um eina önn fyrir hverja önn sem undanþága frá námsframvindukröfum er samþykkt.
 - b. Það eykst ekki ef foreldrar í námi gera hlé á námi sínu vegna fæðingarorlofs.
 - c. Fæðing getur fallið þannig að ef stúdent tekur fæðingarorlof verður hann að nýta allt svigrúm sitt til að ljúka námi.

Síðast uppfært: 15.05.2022

Stúdentar á húsnæðismarkaði



Stúdentaráð Háskóla Íslands



Stúdentar á húsnæðismarkaði

Höfundur: Nanna Hermannsdóttir

Stúdentaráð Háskóla Íslands

Reykjavík, 2022

Formáli

Skrifstofa Stúdentaráðs lagði til samþykktar ráðsins að verkefnastjóri yrði ráðinn inn sumarið 2021 við öflun upplýsinga og gagna um réttindi stúdenta innan velferðarkerfisins, til að fá betri mynd af stöðu þeirra við mismunandi félagslegar aðstæður. Markmiðið var að fá inn starfskraft með viðeigandi þekkingu og reynslu af málefnum stúdenta til að leggja skrifstofunni lið við að skoða réttindi þessa hóps til atvinnu- og tekjuöryggis, menntunar og annarrar félagslegrar þjónustu. Féll það vel að þeim verkefnum sem þegar voru inn á borði Stúdentaráðs í þessum efnum, t.a.m. upplýsinga- og gagnaöflun ráðsins um kjör stúdenta innan námslánakerfisins og á vinnumarkaði. Verkefnastjóri hafði umsjón með allri upplýsinga- og gagnaöflun í samráði við skrifstofu Stúdentaráðs

Húsnæðismálin eru einn stærsti málaflokkur hagsmunabaráttu stúdenta enda er húsnæðisöryggi á meðan námi stendur grundvallaratriði þegar kemur að jafnrétti til náms. Uppbygging háskólasvæðisins er þegar í góðum farvegi og miðar að þéttara skipulagi með áherslu á sameiningu háskólastarfseminnar, aukið húsnæði og framboð á þjónustu, grænar tengingar og samgöngur. Vegna þessa var ákveðið að skoða sérstaklega kjör og réttindi stúdenta á húsnæðismarkaði og gera því skil í skýrslu sem yrði svo gefin út.

Í skýrslunni má finna greiningu og samanburð á almennum leigumarkaði og stöðunni á stúdentagörðum, greiningu á húsnæðisbyrði stúdenta. Réttindi þeirra til opinbers húsnæðisstuðnings, á vegum bæði ríkisins og sveitarfélaga, með hliðsjón af viðbótarláni Menntasjóðs námsmanna vegna húsnæðiskostnaðar var þar að auki tekin til skoðunar. Þá er einnig að finna tillögur að úrbótum í málaflokknum sem farið er fram á að séu athugaðar og hvatt til aðgerða. Í því ferli er hvatt til að samráð sé haft til grundvallar og að fjölbreytileiki stúdenta sé hafður í huga, því ólíkar aðstæður kalla á ólíkar nálganir.

Isabel Alejandra Diaz

Isabel Alejandra Diaz

Forseti

Stúdentaráð Háskóla Íslands

Efnisyfirlit

Tillögur Stúdentaráðs	1
I. Stúdentar á leigumarkaði	3
Almennur leigumarkaður	3
Studentagarðar	4
Samantekt	5
II. Greining á húsnæðisbyrði stúdenta	6
Æskilegt hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum	6
Mat á húsnæðisbyrði stúdenta	7
Samantekt	9
III. Réttur stúdenta til opinbers húsnæðisstuðnings	10
Almennar húsnæðisbætur	10
Skilyrði og undanþágur	10
Frumvörp um rýmkaðan bótarétt stúdenta	11
Sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélaga	13
Undanþága fyrir (suma) námsmenn	14
Samantekt	15
IV. Viðbótarlán Menntasjóðs námsmanna vegna húsnæðiskostnaðar	17
Upphæð viðbótarláns vegna húsnæðis	17
Íþyngjandi húsnæðiskostnaður vegna lágrar grunnframfærslu	19
Samantekt	21
Lokaorð	22
Viðauki	24
A. Meðal húsnæðiskostnaður	24
B. Útreikningur á ráðstöfunartekjum stúdenta og húsnæðisbótum	26
C. Þinglýsing leigusamninga	29

Tillögur Stúdentaráðs

Grípa þarf til aðgerða til þess að auðvelda stúdentum að fóta sig á leigumarkaði. Húsnæðisöryggi er grundvallaratriði til að tryggja jafnt aðgengi að menntun. Stúdentar eru að jafnaði með minni tekjuöflunar möguleika en aðrir hópar og því sérstaklega viðkvæm fyrir miklum hækkunum á leiguverði. Ekki má vanmeta þau áhrif sem fjárhagsáhyggjur og óöruggt húsnæði getur haft á ákvörðun fólks um að sækja sér nám.

Nánast hvar sem stigið er niður í húsnæðismálum stúdenta á Íslandi er einhverju ábótavant. Þannig er til að mynda vilji löggjafans ekki alltaf skýr, líkt og í markmiðum laga um almennar íbúðir um byrði húsnæðiskostnaðar og hversu langt slík markmiðasetning nær umfram þá einu löggjöf. Þá eru dæmi um að þau kerfi sem eiga að styðja við stúdenta á meðan námi stendur taki ekki tillit til raunverulegra aðstæðna

Stúdentaráð leggur til 10 tillögur sem byggðar eru á niðurstöðum skýrslunnar. Í flestum tilfellum er um að ræða einfaldar breytingar sem auðsjáanlega eru til bóta fyrir að minnsta kosti hluta námsmanna en ekki algjöra umbyltingu þeirra kerfa sem þegar hafa verið byggð upp. Því ætti töluverður hluti tillagnanna að geta orðið að veruleika án gífurlegs kostnaðarauka fyrir hið opinbera.

Stúdentagarðar

Lykilatriði til að tryggja jafnt aðgengi að námi er aðgangur að húsnæði í nálægð við skóla á viðráðanlegu verði. Aðgengi að stúdentagörðum er sérstaklega mikilvægt fyrir fólk af landsbyggðinni, erlenda nema og aðra sem ekki hafa í önnur hús að venda á höfuðborgarsvæðinu.

1. Fleiri lóðir undir stúdentagarða.
 2. Stapi við Hringbraut verði gerður að stúdentagörðum.
 3. Fleiri sveitarfélög komi að uppbyggingu stúdentagarða.
-

Húsnæðisbætur

Húsnæðisbætur eiga að lækka húsnæðiskostnað efnaminni leigjenda. Stúdentar eru með sérstakar undanþágur hvað varðar aðstöðu í leiguhúsnæði. Til þess að gæta jafnræðis er mikilvægt að þær undanþágur séu ekki bundnar við stúdentagarða enda stór hluti stúdenta á almennum leigumarkaði, að eigin vali eða af nauðsyn. Þá þarf að endurskoða sérstakan húsnæðisstuðning með hliðsjón af stúdentum með lögheimili á landsbyggðinni.

4. Undanþágur fyrir stúdentu á reglum um almennar húsnæðisbætur gildi óháð því hvort leigt sé á stúdentagörðum eða á almennum leigumarkaði.
 5. Reglur um sérstakar húsnæðisbætur séu samhæfðar milli sveitarfélaga.
 6. Undanþága á sérstökum húsnæðisstuðningi fyrir námsmenn vegna staðsetningu húsnæðis eigi ekki aðeins við um námsmenn undir 18 ára.
-

Menntasjóður námsmanna

Grundvallarmarkmið Menntasjóðs námsmanna er að veita tækifæri til náms, óháð efnahag og stöðu að öðru leyti. Stúdentahreyfingin hefur í gegnum árin gagnrýnt að þetta markmið sé ekki uppfyllt, þar eð framfærsla sé of lág og kröfur of íþyngjandi.

7. Viðbótarlán vegna húsnæðis hækki að lágmarki í takt við vísitölu leiguverðs.
 8. Viðbótarlán vegna húsnæðis taki mið af leigu á almennum markaði.
 9. Hækkun grunnframfærslu til að húsnæðiskostnaður sé ekki íþyngjandi.
 10. Fallið verði frá kröfu um þinglýsingu leigusamninga.
-

I. Stúdentar á leigumarkaði

Húsnæðiskostnaður er einn stærsti útgjaldaliður heimila og á það ekki síður við um námsmenn. Ungt fólk og tekjulágir eru töluvert líklegri en aðrir hópar til þess að vera á leigumarkaði. Það er ekki ólíklegt að það eigi einnig við um stúdenta, enda stúdentar á Íslandi að megninu til ungt fólk. Hægt er að segja að það felist ákveðið frelsi í því að vera á leigumarkaði, sér í lagi fyrir ungt fólk sem hefur ekki enn fest rætur til framtíðar.

Almennur leigumarkaður

Það að vera á leigumarkaði felur þó í sér minna húsnæðisöryggi og hærri húsnæðiskostnað í samanburði við að eiga fasteign. Samkvæmt [könnun Íbúðalánasjóðs frá 2018](#) töldu um 30% leigjenda á almennum markaði líklegt að þau gætu misst húsnæði (um 20% leigjenda á stúdentagörðum) og finna fjölskyldur með börn fyrir minna öryggi en aðrir hópar. Þá sagðist um helmingur leigjenda ekki sjá neina kosti við að vera á leigumarkaði, 64% sögðust vera á leigumarkaði af nauðsyn en aðeins 8% af því að þau kysu það. Til samanburðar sögðust 19% leigjenda árið 2003 kjósa að vera á leigumarkaði en á sama tíma fór miðgildi húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum leigjenda úr 21,7% í 26% á meðan húsnæðiskostnaður húsnæðiseigjenda hefur minnkað lítillega (úr 17,6% í 16,7%)¹. Leiguverð á almennum markaði hefur hækkað um tæp 41% frá byrjun árs 2017² en á sama tíma hækkaði viðbótarlán námslána vegna húsnæðis aðeins um tæp 11% og er því langt frá því að halda í við þann húsnæðiskostnað sem stúdentar þurfa að standa undir.

Áður en lengra er haldið er ágætt að hafa í huga að töluverður munur er á leiguverði á stúdentagörðum og á almennum leigumarkaði. Sé litið til meðalleiguverðs er augljóst að það er mun dýrara að leigja á almennum markaði og því miklir hagsmunir fólgnir í því að stúdentar sem ekki komast að á stúdentagörðum geti búið við svipaðan húsakost á ásættanlegu leiguverði. Samkvæmt Eurostudent VII eru aðeins 15% stúdenta sem búa á stúdentagörðum, 31% í

¹ Sjá gögn Hagstofunnar um [byrði húsnæðiskostnaðar eftir stöðu á húsnæðismarkaði](#).

² Sjá þróun [vísitölu íbúða- og leiguverðs](#) hjá Verðsjá Þjóðskrár.

foreldrahúsum en 54% búa í annarskonar húsnæði. Ætla má að ríflegur hluti þeirra sé á almennum leigumarkaði, þó að hluti búi t.d. leigulaust eða í eigin húsnæði.

Stúdentagarðar

Félagsstofnun stúdenta (FS) á og rekur um 1.500 leigueiningar fyrir stúdenta Háskóla Íslands en nemendafjöldi skólans er tæplega 14.000. Því getur FS aðeins þjónustað 11-14% stúdenta skólans³. Síðustu ár hafa verið um og yfir 700 stúdentar við Háskóla Íslands á biðlista hjá FS eftir leiguhúsnæði. Byggingafélag námsmanna (BN) er með rúmlega 700 leiguíbúðir í boði fyrir stúdenta en þar voru um 80 manns á biðlista eftir úthlutanir íbúða fyrir haustönn 2021. Allir stúdentar Háskóla Íslands geta sótt um íbúð hjá BN en stúdentar við Menntavísindasvið hafa forgang, ásamt nemendum Háskólans í Reykjavík, Listaháskóla Íslands og Tækniskólans.

Undanfarinn áratug hefur verið mikil uppbygging á stúdentagörðum í kringum Háskóla Íslands. Frá 2010 hefur Félagstofnun stúdenta tekið samtals 794 stúdentaíbúðir í notkun sem er 53% af heildar leiguíbúðum stofnunarinnar. Bæði Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg hafa stutt við uppbyggingu garðanna með lóðaúthlutunum. Í lok árs 2014 skrifuðu Félagstofnun stúdenta, Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands undir viljayfirlýsingu þess efnis að byggðar skyldu 750 stúdentaíbúðir á háskólasvæðinu eða í göngu- og hjólafæri frá því. Verkefnið er vel á veg komið en lokið hefur verið við yfir 400 íbúðir⁴, nú síðast 69 íbúðir í nýrri viðbyggingu við Gamla garð. Þá eru rúmlega 400 íbúðir í undirbúningi, m.a. við Vesturbugt og í Skerjafirði. Í lok árs 2021 festu ríkið og Félagstofnun stúdenta kaup á Hótel Sögu og er þar áætlað að verði 113 stúdíóíbúðir á vegum FS ásamt starfsemi HÍ. Ber þar helst að nefna að Menntavísindasvið færir í það húsnæði úr Stakkahlíð sem hefur lengi staðið til. Stúdentaráð hefur lýst yfir ánægju með þetta fyrirkomulag sem stuðlar að þéttingu á háskólasvæðinu og sameiningu starfseminnar. Þá er einnig mikilvægt að skoðaður sé sá möguleiki að Stapi við Hringbraut sé færður til FS að nýju og það húsnæði sé nýtt undir fleiri stúdentaíbúðir. Stúdentaráð hefur lagt ríka áherslu á að stefnan skuli vera sett á að byggja grunnþjónustukjarna í Vatnsmýrinni sem skuli þjónusta stúdenta, starfsfólk og nærliggjandi svæði. Það rímar einnig vel við

³ Útreikningur miðar við fjölda og tegund íbúða

⁴ Hér er átt við stúdentaíbúðir á vegum Félagstofnunar stúdenta en Byggingafélag námsmanna og Háskólinn í Reykjavík hafa einnig byggt fjölda stúdentaíbúða á tímabilinu í samstarfi við Reykjavíkurborg.

uppbyggingarstefnu FS en síðustu ár hefur verið lögð áhersla á sjálfbærni og sköpun nærsamfélags stúdenta við háskólasvæðið en auk þess hafa stúdentar kallað eftir því að geta ferðast til og frá skóla með umhverfisvænum hætti.

Með tilkomu Borgarlínunnar og öðrum samgöngubótum stækkar það svæði sem raunhæft er að byggja íbúðir fyrir stúdenta og teygist það svæði jafnvel út í nágrennasveitafélög Reykjavíkur. Sem dæmi má nefna að Kársnesið væri tilvalin staðsetning eftir að ný brú yfir Fossvog verður komin í gagnið. Þó er nauðsynlegt að hafa í huga að stúdentar geti nálgast þjónustu í nærumhverfinu og lóðaúthlutanir sveitarfélaga þurfa að taka mið af því. Þá mætti skoða þann möguleika að sveitarfélög styðji við uppbyggingu stúdentaíbúða við Háskóla Íslands með öðrum hætti en lóðaúthlutunum enda mikilvægt hagsmunamál fyrir stúdenta utan af landi að hafa greitt aðgengi að húsnæði.

Samantekt

Það er alveg ljóst að þrátt fyrir mikla uppbyggingu á húsnæði fyrir stúdenta á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár er enn langt í land. Tryggja verður að uppbygging eigi sér stað jafnt og þétt svo haldið sé í við þörfina og komið í veg fyrir húsnæðisskort til framtíðar. Ef eingöngu á að byggja þegar vantar, án þess að líta til væntrar aukningar stúdenta, er þegar búið að missa af lestinni.

Lykilatriði til að tryggja jafnt aðgengi að námi er aðgangur að húsnæði í nálægð við skóla á viðráðanlegu verði. Aðgengi að stúdentagörðum er sérstaklega mikilvægt fyrir fólk af landsbyggðinni, erlenda nema og aðra sem ekki hafa í önnur hús að sækja á höfuðborgarsvæðinu.

Vera má að stuðningur frá fleiri sveitarfélögum geti stuðlað að aukinni uppbyggingu stúdentaíbúða. Sá stuðningur hefur hingað til verið bundinn við lóðaúthlutanir frá Reykjavíkurborg en með brú yfir Fossvog opnast á lóðaúthlutanir af hálfu Kópavogsbæjar í grennd við háskólasvæðið. Þá má velta því upp hvort tilefni sé til að sveitarfélög styðji við byggingu stúdentaíbúða með öðrum hætti þar sem stúdentar sem koma utan höfuðborgarsvæðisins treysta einna mest á þjónustu Stúdentagarða.

II. Greining á húsnæðisbyrði stúdenta

Húsnæði er einn helsti útgjaldaliður heimila. Greiðslubyrði fólks af húsnæðiskostnaði skiptir því lykilmáli fyrir velmegun þess þvert á samfélagshópa. Sú greiðslubyrði er æði mismunandi eftir hópum og er hún mest meðal tekjulágra og ungra leigjenda. Samkvæmt Eurostudent VII hafa 43% stúdenta á Íslandi *íþyngjandi húsnæðiskostnað* en það er tæplega fjórfalt hærra hlutfall en meðal allra Íslendinga. Námsmenn skera sig því úr sem hópur að þessu leyti. Stúdentar skiptast þó innbyrðis í mismunandi hópa í mismunandi stöðu sem hver og einn getur borið ólíkar skuldbindingar og búið við gjörólíkar aðstæður. Hér verður gerð tilraun til að leggja mat á byrði húsnæðiskostnaðar ýmissa hópa stúdenta með einfaldri sviðsmyndagreiningu miðað við hóflegar forsendur um tekjur, töku námslána og húsnæðiskostnaðinn sjálfan.

Æskilegt hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum

Húsnæðisbyrði er reiknuð sem hlutfall húsnæðiskostnaðar⁵ af ráðstöfunartekjum. Hagstofan skilgreinir *íþyngjandi húsnæðiskostnað* sem húsnæðiskostnað sem nemur a.m.k. 40% af ráðstöfunartekjum heimilis. Miðgildi hlutfalls húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum heimila á Íslandi var 18,7% (26% fyrir leigjendur og 16,7 fyrir húsnæðiseigendur) árið 2018⁶. Þá töldust 11,6% heimila hafa *íþyngjandi húsnæðiskostnað* (29,6% fyrir leigjendur og 7,9% fyrir eigendur).

Samkvæmt [Eurostudent VII](#) eru hinsvegar 43% stúdenta á Íslandi með *íþyngjandi húsnæðiskostnað*, þ.e. tæplega fjórfalt hærra hlutfall en almennt gerist á Íslandi. Það er talsverð aukning frá Eurostudent VI þegar 30% stúdenta á Íslandi töldust vera með *íþyngjandi húsnæðiskostnað*. Ætla má að þessi mikla aukning sé afleiðing mikilla verðhækkana á

⁵ Húsnæðiskostnaður inniheldur húsaleigu, vaxtakostnað og verðbætur vegna lána, viðhald, viðgerðir, bruna-, og fasteignatrygging, rafmagn, hiti og fasteignagjöld. Við útreikninga á byrði húsnæðiskostnaðar dragast húsaleigubætur og vaxtabætur frá húsnæðiskostnaði samkvæmt skilgreiningu Eurostat sem Hagstofa Íslands notar.

⁶ Sjá gögn um [byrði húsnæðiskostnaðar eftir stöðu á húsnæðismarkaði](#) hjá Hagstofunni

Íslenskum leigumarkaði á tímabilinu milli kannanana tveggja, en Eurostudent VI var framkvæmd 2016 og Eurostudent VII 2019. Á þeim tíma hækkaði vísitala leiguverðs um u.þ.b. 30%.

Markmið [laga um almennar íbúðir \(52/2016\)](#) er “að bæta húsnæðisöryggi fjölskyldna og einstaklinga, sem eru undir tekju- og eignamörkum [...] með því að auka aðgengi að öruggu og viðeigandi leiguhúsnæði og stuðla að því að húsnæðiskostnaður sé í samræmi við greiðslugetu leigjenda eða að jafnaði ekki umfram fjórðung tekna⁷”. Er þar sérstaklega minnst á leiguíbúðir fyrir námsmenn.

Hér verður, með vísan í fyrrnefnd viðmið, litið á *æskilegan húsnæðiskostnað* sem undir 25% af ráðstöfunartekjum, *viðráðanlegan húsnæðiskostnað* á milli 25-40% af ráðstöfunartekjum og *íþyngjandi húsnæðiskostnað* sé hann yfir 40% af ráðstöfunartekjum.

Mat á húsnæðisbyrði stúdenta

Mat á húsnæðisbyrði stúdenta var framkvæmt út frá hóflegum forsendum um viðmiðunar stúdentinn og leiguverð á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að *viðmiðunar stúdentinn* sé á leigumarkaði og greiningunni er skipt eftir tegund íbúða og eftir því hvort leigt er af stúdentagörðum eða á almennum leigumarkaði (nánar um útreikninga á leiguverði í viðauka A). Ráðstöfunartekjur eru heildartekjur heimilisins eftir skatta að meðtöldum greiðslum úr félagslega kerfinu. Við mat á ráðstöfunartekjum stúdenta var einnig tekin með upphæð námslána, þrátt fyrir að almennt sé ekki litið á lán sem hluta ráðstöfunartekna. Húsnæðisbætur eru dregnar frá leigukostnaði (sbr. útreikningar Hagstofunnar á húsnæðisbyrði) og eru því ekki teknar með í ráðstöfunartekjur þrátt fyrir að vera greiðslur úr félagslega kerfinu (nánar um útreikning ráðstöfunartekna má finna í viðauka B).

Niðurstöður matsins sýna að byrðin er töluvert breytileg eftir fjölskyldugerð og hvort leigt er á almennum markaði eða á stúdentagörðum. Fyrir flestar sviðsmyndir einstaklinga fer yfir 30%

⁷ Í lögunum er ekki skilgreint sérstaklega hvað er átt við með “tekjum” en í greinargerð með lagafrumvarpinu er alþjóðlegur samanburður þó tiltekinn með viðmiðum um ráðstöfunartekjur. Hér verður því miðað við fjórðung af ráðstöfunartekjum sem mælikvarða á *æskilega húsnæðisbyrði*.

ráðstöfunartekna í húsnæðiskostnað og er hlutfallið um og yfir 40% á almennum leigumarkaði. Staðan er eðlilega töluvert betri fyrir fólk í sambúð, þar eð leigan deilist á tvo aðila án þess að það þurfi að stækka verulega við húsnæði. Þá virðast barnabætur og barnastyrkur frá Menntasjóði námsmanna virka vel til að jafna stöðuna milli barnafólks og barnlausra.

	Einstaklingur				Sambúð			
		Félagsstofn un stúdenta	Byggingafélag námsmanna	Almennur markaður		Félagsstofn un stúdenta	Byggingafélag námsmanna	Almennur markaður
Engin börn	Stúdíó	31.9%	32.6%	46.6%	2 herbergi	20.4%	21.8%	29.0%
	Sam. aðstaða	25.7%	-	-		-	-	-
	Tvíbýli	17.3%	-	-		-	-	-
Eitt barn	2 herbergi	26.6%	28.5%	37.8%	2 herbergi	15.6%	16.8%	22.7%
	3 herbergi	31.9%	34.0%	46.3%	3 herbergi	19.0%	20.3%	28.1%
Tvö börn	3 herbergi	25.2%	27.0%	37.3%	3 herbergi	15.9%	17.0%	23.8%
	4 herbergi	29.3%	-	42.0%	4 herbergi	18.6%	-	26.9%

Tafla 1: Hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum stúdenta

Grænt: æskilegur húsnæðiskostnaður (undir 25% af ráðstöfunartekjum)

Gult: viðráðanlegur húsnæðiskostnaður (25-40% af ráðstöfunartekjum)

Rautt: íþyngjandi húsnæðiskostnaður (yfir 40% af ráðstöfunartekjum)

Hafa ber í huga að til þess að markmiði laga um almennar íbúðir væri náð þyrftu ráðstöfunartekjur námsmanna að vera nægilega háar til að upphæð leigu á stúdentagörðum FS og BN væru ekki yfir 25% ráðstöfunartekna þeirra. Af töflu 1 er þó ljóst að markmiðinu er ekki náð fyrir námsmenn sem ekki eru í sambúð. Þá er mikilvægt að taka tillit til þess að verð á almennum markaði miðar við alla þinglýsta leigusamninga á háskólasvæðinu (vesturbær, miðbær, hlíðar), en þar eru meðtaldir stúdentagarðar og annað félagslegt húsnæði sem getur

dregið meðaltalið niður. Haft skal í huga að öruggt er að gera ráð fyrir hærri samgöngukostnaði vegna fjarlægðar frá skóla fyrir þá sem búa lengra frá háskólasvæðinu.

Samantekt

Matið sem hér hefur farið fram og byggir á hóflegum forsendum um *viðmiðunar stúdentinn* bendir til þess að einstæðir stúdentar geti átt erfitt með að fóta sig á húsnæðismarkaði meðan á námi stendur. Mörg þurfa að reiða sig á að leigja með öðrum til að halda húsnæðiskostnaði innan æskilegra marka. Jafnvel innan félagslega kerfisins, þ.e. á stúdentagörðum, er húsnæðiskostnaður í langflestum tilfellum yfir æskilegum kostnaði. Á almennum markaði er húsnæðiskostnaður oftari en ekki íþyngjandi fyrir einstaklinga. Staðan lítur hins vegar töluvert betur út fyrir fólk í sambúð, bæði með eða án barna. Möguleiki er þó á að tekjur foreldra í námi séu lægri en viðmið útreikninga þar sem rými þeirra til að vinna sér inn tekjur er háður aðgangi að barnagæslu.

Mikilvægt er að hafa í huga við túlkun niðurstaðna að skv. Eurostudent VII eru 43% stúdentar á Íslandi með *íþyngjandi húsnæðiskostnað* auk þess sem aðeins um 15% stúdentar býr á stúdentagörðum. Matinu sem hér hefur farið fram er aðeins ætlað að meta hvar úrbóta er þörf en ekki umfang vandans.

Íþyngjandi húsnæðiskostnaður meðal stúdentar er auðvitað einkenni stærra vandamáls á íslenskum húsnæðismarkaði sem er bæði lítill og stíður og þurfa allir hagaðilar markaðarins að koma saman til finna langtímalausnir sem stuðla að bættri stöðu leigjenda, hvað varðar framboð, kostnað og gæði leiguhúsnæðis. Næstu kaflar snúa sérstaklega að því hvernig bæta megi stöðu stúdentar á húsnæðismarkaði.

III. Réttur stúdenta til opinbers húsnæðisstuðnings

Hið opinbera veitir tvær tegundir af húsnæðisstuðningi. Annars vegar almennar húsnæðisbætur á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) og hins vegar sérstakur húsnæðisstuðningur á vegum sveitarfélaga. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir báðum tegundum húsnæðisbóta, undanþágum fyrir stúdenta auk mögulegra umbóta.

Almennar húsnæðisbætur

Markmið [laga um húsnæðisbætur](#) er “að lækka húsnæðiskostnað efnaminni leigjenda með greiðslu húsnæðisbóta vegna leigu á íbúðarhúsnæði” og er ætlað að aðstoða leigjendur óháð því hvort leigt sé í félagslega kerfinu, á stúdentagörðum eða á almennum leigumarkaði.

Til þess að eiga rétt á húsnæðisbótum þarf að uppfylla ákveðnar kröfu, bæði hvað varðar aðbúnað í húsnæðinu en einnig eru eigna- og tekjuskerðingar. *Viðmiðunar stúdentinn* er hvorki nógu eignamikill né tekjuhár til þess að húsnæðisbætur skerðist. Þó geta skilyrði um aðstöðu í leiguhúsnæði verið mismunandi. Stúdentar eiga þannig rétt á undanþágum frá nokkrum slíkum skilyrðum en þær valda því þó jafnframt að sumir stúdentar hafa fullan rétt til húsnæðisbóta en aðrir engan. Þetta veldur nokkrum aðstöðumun milli stúdenta sem fjalla þarf nánar um.

Skilyrði og undanþágur

Þær undanþágur sem veittar eru á aðstæðum húsnæðis snúa eingöngu að þeim stúdentum sem leigja á stúdentagörðum og útiloka þau sem ekki hafa fengið úthlutað slíkri íbúð eða kjósa að vera á almennum leigumarkaði í sambærilegri íbúð og býðst á stúdentagörðum.

Það að þessar undanþágur eigi ekki við um alla stúdenta óháð því af hverjum þeir leigja ýkir enn frekar aðstöðumun milli þeirra sem fengið hafa inni á stúdentagörðum og þeirra sem leigja á almennum markaði. Strangari skilyrði til töku húsnæðisbóta fyrir stúdenta á almennum markaði veldur því að ofan á hærri leigu fá þeir ekki sömu niðurgreiðslu. Það er því innbyggt í kerfið að ná illa utan um þann hóp sem hvað mest þarf á því að halda.

Helstu skilyrði húsnæðisbóta⁸ auk þeirra undanþága sem snúa að stúdentum:

1. Umsækjandi og heimilismenn þurfa að vera búsettir í íbúðarhúsnæðinu og eiga þar lögheimili
 - Undanþága fyrir þau sem hafa tímabundins aðsetur í húsnæðinu vegna náms
2. Íbúðarhúsnæðið þarf að lágmarki að hafa eitt svefnherbergi, sér eldurnaraðstöðu, sérsnyrtingu og baðaðstöðu.
 - Undanþága fyrir sambýli námsmanna á heimavistum eða námsgörðum
3. Umsækjandi þarf að vera aðili að þinglýstum leigusamningi til a.m.k. þriggja mánaða.
 - Undanþága vegna leigu námsmanna á herbergi eða íbúð á heimavist eða námsgörðum
4. Húsnæðisbætur eru ekki greiddar ef leiguhúsnæði er ætlað til annarra nota en íbúðar eins og t.d. atvinnuhúsnæði, jafnvel þó að það sé leigt út til íbúðar eða vegna leigu á hluta úr íbúð eða einstökum herbergjum.
 - Þó er heimilt að greiða húsnæðisbætur þegar einstök herbergi eru leigð ef um er að ræða sambýli námsmanna á heimavistum eða námsgörðum

Hér ber að hafa í huga að matið sem framkvæmt var í kaflanum á undan um húsnæðisbyrði gerir ráð fyrir að allir stúdentar hafi fengið húsnæðisbætur. Ef stúdent á ekki rétt á húsnæðisbótum þá bjagar það auðvitað matið í kaflanum á undan. Til að mynda yrði byrði húsnæðiskostnaðar einstæðra stúdenta á almennum markaði í öllum sviðsmyndum hærri en 50%. Undanþágurnar hafa því talsverð áhrif til bóta fyrir þau sem þær hljóta og ljóst að tækifæri til umbóta fyrir þann hluta stúdenta sem ekki uppfyllir skilyrði undanþáganna eru gífurleg.

Frumvörp um rýmkaðan bótarétt stúdenta

Undanfarinn áratug hafa ítrekað verið lögð fram frumvörp um rýmkaðan rétt stúdenta til húsnæðisbóta sem ekki hafa náð fram að ganga. Á 140. löggjafarþingi lagði Guðmundur Steingrímsson fram [frumvarp](#) um breytingu á þágildandi lögum um húsnæðisbætur. Með breytingunni yrðu námsmönnum veitt sama undanþága um aðstöðu í húsnæði óháð því hvort þeir leigðu á stúdentagörðum eða á almennum markaði. Gekk málið til velferðarnefndar og í þverpólitísku [nefndaráli](#) var lagt til að frumvarpið yrði “*samþykkt óbreytt*”. Málið náði þó aldrei í 2. umræðu en var endurflutt 4 sinnum á árunum 2012-2015. Árið 2016 fór fram heildarendurskoðun á lögum um húsnæðisbætur og samþykkt lög nr. [75/2016 um](#)

⁸ Nánari skilyrði má finna [hér](#).

[húsnæðisbætur](#). Helsta breyting þeirra laga var verulega aukinn stuðningur til leigjenda, jafnt stúdenta sem annarra, þar sem tekjuskерðingarmörk voru aðlöguð eftir fjölda heimilismanna ásamt lagfæringar af sama toga á upphæð bótanna. Engar sérstakar breytingar voru hinsvegar gerðar á rétti stúdenta til húsnæðisbóta. Á 149. löggjafarþingi lagði Helga Vala Helgadóttir fram [frumvarp](#) um breytingar á hinum nýju lögum sem fólst í vikkudum rétt námsmanna og fatlaðs fólks sem leigir húsnæði með öðrum til húsnæðisbóta. Það mál komst þó heldur aldrei í 2. umræðu.

Umsagnir um þessi frumvörp voru að mestu leyti jákvæðar og voru umsagnaraðilar sammála um að um væri að ræða nauðsynlegt skref til þess að bæta stöðu námsmanna á leigumarkaði, til að tryggja jafnrétti til náms með því að auka réttindi stúdenta sem leigja á almennum leigumarkaði.

Við frumvarp Helgu Völu bárust athugasemdir frá [Sambandi íslenskra sveitarfélaga](#) og [Íbúðalánasjóði](#) um að þessar breytingar væru ekki tímabærar í ljósi þess að starfandi væri átakshópur sem væri falið að móta aðgerðir í húsnæðismálum og því ætti að skoða þessar breytingar samhliða þeirri vinnu. Í byrjun árs 2019 skilaði hópurinn af sér tillögum um [40 aðgerðir til að bregðast við vanda á húsnæðismarkaði](#). Enginn þeirra sneri sérstaklega að húsnæðisbótakerfinu eða þeim hópum sem fyrrnefndum þingmálum var ætlað að þjóna. Sé hugsunin sú að þær aðgerðir sem hópurinn lagði til muni breyta íslenskum húsnæðismarkaði þannig að undanþágurnar sem lagðar eru til í þingmálunum verða óþarfar er ljóst að slík breyting tekur langan tíma. Í því ljósi væri eðlilegt að endurvekjja málið þó ekki væri nema sem skammtímaaðgerð meðan unnið er í að bæta umhverfið á íslenskum leigumarkaði.

Þrátt fyrir það er vert að benda á tilætluð áhrif þeirra þingmanna sem lagt hafa málið fram eru að jafna stöðu stúdenta á almennum markaði samanborið við þá stúdenta sem leigja af stúdentagörðum. Erfitt er að ímynda sér í fljótu bragði aðgerðir á húsnæðismarkaði sem geta með áþreifyanlegum hætti tekið á þeim mikla aðstöðumun sem nú er á milli þessara tveggja hópa.

Sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélaga

Húsnæðisstuðningur sveitarfélaganna er hugsaður sem viðbótarstuðningur umfram almennar húsnæðisbætur. Um er að ræða lögbundið verkefni félagsþjónustu sveitarfélaga sem er ætlað að stuðla að því að húsnæðiskostnaður sé í samræmi við greiðslugetu og að jafnaði ekki umfram fjórðung tekna (sbr. markmið [laga um almennar íbúðir](#)) en sérstaklega er litið til þeirra sem eru með *íþyngjandi húsnæðiskostnað* vegna lágra tekna/lítilla eigna, þungrar framfærslubyrði og félagslegra aðstæðna.

Skilyrði sem þarf að uppfylla eru ákvörðuð af hverju sveitarfélagi og veldur því að þessi aukalegi húsnæðisstuðningur er mismunandi og er háður lögheimilisskráningu. Alltaf er gerð krafa um að húsnæðið sé í sveitarfélaginu⁹ sem veitir stuðninginn. Það hefur því auga leið aðeins þeir stúdentar sem búa í nálægð við skólann eða eru í fjarnámi geta átt rétt á því. Til að mynda á stúdent með lögheimili í Hafnarfirði rétt á aukalegum húsnæðisstuðningi frá sveitarfélaginu sé hann búsettur þar en sé sami stúdent með lögheimili á Akureyri en búsetu í Hafnarfirði á hann það ekki.

Það þýðir þó ekki endilega að þeir sem hafa lögheimili og dvalarstað nálægt skólanum eigi sjálfkrafa rétt á stuðningi enda eru reglur mismunandi eftir sveitarfélögum. Þannig þarf stúdent með lögheimili og búsetu í Reykjavík að uppfylla mun þrengri skilyrði en sá sem býr og hefur lögheimili í Hafnarfirði.

Það má í grófum dráttum skipta skilyrðum sveitarfélaganna upp í tvo flokka. Annarsvegar notast sum sveitarfélög við matskerfi á meðan önnur miða fyrst og fremst við tekjur og/eða eignir. Í töflu 2 hér að neðan má sjá tvö dæmi um þessa skiptingu:

⁹ Undanþága fyrir foreldra/forsjáaraðila 15-17 ára barna sem búa á heimavist eða á námsgörðum vegna náms fjarri heimili.

Skilyrði fyrir samþykki umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélaga		
	Hafnarfjörður	Reykjavík
Umsækjandi hefur rétt á almennum húsnæðisbótum	Þarf að uppfylla	Þarf að uppfylla
Umsækjandi er orðinn 18 ára *	Þarf að uppfylla	Þarf að uppfylla
Lögheimili í sveitarfélaginu	Þarf að uppfylla	Þarf að uppfylla
Leiguhúsnæði í sveitarfélaginu *	Þarf að uppfylla	Þarf að uppfylla
Hámark samanlagðra eigna umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri	5.971.000 kr.	5.769.000 kr.
Samanlagðar tekjur umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri	(á ekki við)	Undir efri tekjumörkum **
Fjöldi stiga í matskerfi ¹⁰	(á ekki við)	Lágmark sex stig, þar af a.m.k. tvö stig hvað varðar félagslegar aðstæður
* Undanþága fyrir foreldra/forsjáraðila 15-17 ára barna sem búa á heimavist eða á námsgörðum vegna náms fjarri heimili.		
** Háð fjölda heimilismanna, sjá nánar í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning .		

Tafla 2: Samanburður á skilyrðum sérstaks húsnæðisstuðnings

Mismunandi reglur sveitarfélaga hafa mjög mismunandi áhrif á þann opinbera húsnæðisstuðning sem annars svipaðir stúdentar eiga rétt ár. Ætla má að flestir stúdentar falli innan eigna og tekjumarka en erfiðara er að uppfylla skilyrði sérstaks húsnæðisstuðning í þeim sveitarfélögum sem notast við lágmarksfjölda stiga í matskerfi.

Undanþága fyrir (suma) námsmenn

Í [lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga](#) er kveðið á um undanþágu á þeim almennu skilyrðum sem sett eru um að leiguhúsnæði skuli vera í því sveitarfélagi sem veitir stuðninginn.

“Sveitarfélög skulu veita foreldrum eða forsjáraðilum 15–17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum vegna náms fjarri lögheimili húsnæðisstuðning. Stuðningurinn skal vera óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjármanna og ekki yfir 75% af húsnæðiskostnaði vegna leigunnar.”

3.mgr. 45.gr laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga

¹⁰ Dæmi um matskerfi má finna í fylgiskjali 1 með [leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings](#).

Þessi undanþága á aðeins við um húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila barna sem búa fjarri lögheimili vegna náms. Undanþágan er óháð tekjum, eignum eða öðrum félagslegum aðstæðum. Þessi undanþága hlýtur því að snúast um jafnt aðgengi að námi óháð lögheimili. Sérstaklega er kveðið á um það í lögum¹¹ að stúdentar geti skráð aðsetur annars staðar en á lögheimili sínu. Stjórnvöld viðurkenna því að lögheimilisflutningur vegna náms er ekki sjálfsagður (enda ræður lögheimilisskráning t.d. réttindum hjá og útsvarsgreiðslum til sveitarfélaga). Það væri því ekki úr vegi að þessi undanþága ætti við um alla sem stunda nám fjarri lögheimili til þess að auðvelda þeim að færa aðsetur tímabundið í nálægð við skóla.

Samantekt

Í dag er fjárhagslegur stuðningur hins opinbera til stúdenta háður ýmsum skilyrðum sem setur annars svipaða stúdenta í mjög ólíka stöðu. Þetta misræmi skapast aðallega af tveimur ástæðum. Önnur þeirra er sú að almenna húsnæðisbóta kerfið gerir strangari kröfur til húsnæðis á almennum markaði en til sambærilegra íbúða á stúdentagörðum. Hin ástæðan er sú að möguleiki á stuðningi mismunandi eftir því hvar stúdentar búa og hvar þeir hafa lögheimili, en sérstakur húsnæðisstuðningur er bæði breytilegur milli sveitarfélaga og háður því að aðsetur og lögheimili sé í sama sveitarfélagi.

Það er jafnréttismál að allir landsmenn geti sótt nám við Háskóla Íslands og fengið til þess sambærilegan stuðning frá hinu opinbera. Á meðan ekki er nægt framboð af stúdentagörðum þarf að tryggja að staða þeirra sem ekki fá inni á stúdentagörðum sé sambærileg stöðu þeirra sem þar búa. Þá er mikilvægt að treysta stöðu stúdenta sem flytja þurfa frá heimaslóðum til að sækja nám en ætla má að talsverður meirihluti stúdenta sem búa leigulaust eigi fjölskyldurætur á höfuðborgarsvæðinu.

Ljóst er að þeir stúdentar sem eru á almennum leigumarkaði en geta ekki fengið húsnæðisstuðning frá hinu opinbera eru talsvert verr settir en aðrir. Óvíst er um hversu stóran hóp fólks ræðir en vert er að taka fram að í fyrri kafla um mat á byrði húsnæðiskostnaðar er

¹¹ Sjá 8.gr. [laga 80/2018 um lögheimili og aðsetur](#).

staða þessa hóps ekki sérstaklega skoðuð. Þó er öruggt að gera ráð fyrir að byrði húsnæðiskostnaðar sé enn hærri hjá hópnum en öðrum á almennum leigumarkaði sem fram koma í matinu.

Beinar húsnæðisbætur eru þó ekki einu greiðslurnar sem stúdentum á leigumarkaði bjóðast til að standa straum af húsnæðiskostnaði. Menntasjóður námsmanna veitir einnig lán vegna húsnæðiskostnaðar sem margir stúdentar nýta sér. Grunnfjárhæðir þessara lána virðast að einhverju leyti gera ráð fyrir að lántaki fái húsnæðisstuðning frá hinu opinbera og er því ekki til þess fallið að minnka þann aðstöðumun sem hér hefur verið fjallað um. Nánar verður gerð grein fyrir fyrirkomulagi viðbótarlána vegna húsnæðis hjá Menntasjóði námsmanna í næsta kafla.

IV. Viðbótarlán Menntasjóðs námsmanna vegna húsnæðiskostnaðar

Stúdentar sem búa í leigu- eða eigin húsnæði geta átt rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar. Stúdentar hafa ítrekað bent á að grunnframfærsla hjá lánasjóðnum sé of lág og vel undir dæmigerðu neysluviðmiði félagsmálaráðuneytisins. Við nánari skoðun kemur í ljós að sömu sögu megi segja um viðbótarlánið vegna húsnæðiskostnaðar. Þá er vert að nefna að nýjar kröfur um þinglýsingu leigusamninga sem skilyrði til veitingar viðbótarláns vegna húsnæðis hafa einnig verið gagnrýndar af stúdentahreyfingunni enda geta þær reynst stúdentum íþyngjandi (sjá nánar í viðauka C). Í þessum kafla verður sjónum þó fyrst og fremst beint að fjárhæð viðbótarlánsins og áhrifum þess á húsnæðisbyrði stúdenta.


Upphæð viðbótarláns vegna húsnæðis

Að jafnaði dugar viðbótarlán vegna húsnæðis frá Menntasjóði námsmanna til að greiða leigu á Stúdentagörðum eftir að tekið hefur verið tillit til húsnæðisbóta. Leiguverð sambærilegra íbúða á almennum leigumarkaði er þó töluvert hærra. Líkt og fjallað hefur verið um er ekki nægt framboð af stúdentagörðum en niðurstöður Eurostudent VII benda til að ríflega helmingur íslenskra stúdenta sé á almennum leigumarkaði eða í eigin húsnæði. Lánasjóðurinn verður því að koma betur til móts við þennan stóra hóp.


	Húsnæðisbætur	Viðbótarlán v/húsnæðis	Samtals
Einstaklingur	32.460 kr.	79.853 kr.	112.313 kr.
Sambúð, barnlaus	42.931 kr.	112.853 kr.	155.784 kr.
Sambúð, 1 barn	50.261 kr.	132.013 kr.	182.274 kr.
Sambúð, 2 börn	54.449 kr.	142.667 kr.	197.116 kr.
Einstaklingur, 1 barn	42.931 kr.	132.013 kr.	174.944 kr.
Einstaklingur, 2 börn	50.261 kr.	142.673 kr.	192.934 kr.

Tafla 3: Samtala húsnæðisbóta og viðbótarláns vegna húsnæðis

Tafla 3 sýnir samtölu húsnæðisbóta og viðbótarláns vegna húsnæðis og því mætti segja að sú upphæð sé það sem hið opinbera gerir ráð fyrir að stúdentar greiði í leigu. Ljóst er að þessi upphæð dugar skammt á almennum leigumarkaði.



Mynd 1: Samanburður á húsnæðiskostnaði einhleyps einstaklings og upphæð viðbótarláns vegna húsnæðis



Mynd 2: Samanburður á húsnæðiskostnaði einstaklings í sambúð og upphæð viðbótarláns vegna húsnæðis

Á myndum 1 og 2 má sjá meðalleiguverð¹² á almennum leigumarkaði að frádegnum húsnæðisbótum borið saman við upphæð viðbótarláns vegna húsnæðis hjá Menntasjóði námsmanna. Upphæð viðbótarláns er töluvert frá því að ná leiguverði á almennum markaði, óháð fjölskylduáðstæðum. Myndirnar ná ekki utan um þá hópa sem uppfylla ekki skilyrði til

¹² Miðað er við meðalleiguverð stúdíóíbúða fyrir barnlausan einstakling, 2 herbergja íbúða fyrir barnlaust sambúðarfolk, 2-3 herbergja íbúða fyrir fjölskyldur með eitt barn og 3-4 herbergja íbúða fyrir fjölskyldur með tvö börn. Heimild: Verðsjá Þjóðskrár.

opinbers húsnæðisstuðnings sem þegar hefur verið fjallað um. Eigi stúdentar ekki rétt á húsnæðisbótum eða geti ekki sýnt fram á þinglýstan leigusamning (sjá nánar í viðauka C) við töku námsláns verður húsnæðiskostnaður þeim mun meira íþyngjandi en þessar tölur benda til.

Íþyngjandi húsnæðiskostnaður vegna lágrar grunnframfærslu


Segja má að kerfið sé hannað utan um það að stúdentar skuli bera íþyngjandi húsnæðiskostnaðar. Tafla 4 sýnir hlutfall viðbótarláns vegna húsnæðis af heildargreiðslum¹³ frá Menntasjóði námsmanna (auk barnabóta þar sem það á við) til stúdenta eftir fjölskylduáðstæðum. Einna helst sýnir taflan fram á það að grunnframfærsla sjóðsins dugar ekki til að tryggja einstæðum námsmönnum nægilega háar ráðstöfunartekjur til að forðast íþyngjandi húsnæðiskostnað án þess að reiða sig á eigin vinnuframlag meðfram fullu námi. Því er ljóst að ef vilji er til þess að húsnæðiskostnaður stúdenta næmi eingöngu um 25% af ráðstöfunartekjum (sbr. lög um almennar íbúðir) þarf grunnframfærslan að hækka umtalsvert.

	Hlutfall viðbótarláns
Einstaklingur	41%
Sambúð, barnlaus	33%
Sambúð, 1 barn	28%
Sambúð, 2 börn	25%
Einstæður, 1 barn	40%
Einstæður, 2 börn	35%

Tafla 4: Hlutfall viðbótarláns vegna húsnæðis af heildargreiðslum frá Menntasjóði námsmanna (auk barnabóta þar sem það á við)

Á mynd 3 má sjá hve há grunnframfærslan auk viðbótarláns þyrfti að vera til að tryggja að byrði húsnæðiskostnaðar sé innan ákveðinna marka. Fyrsti dálkurinn á myndinni sýnir þannig stöðuna í [úthlutunarreglum sjóðsins 2021-22](#), miðað við að námslán séu eina uppspretta ráðstöfunartekna þá 9 mánuði ársins sem hefðbundið nám fer fram. Annar og þriðji dálkurinn sýna hversu háa upphæð þyrfti til þess að meðalleiga fyrir stúdíóíbúð á almennum markaði nemi 25% og 40% ráðstöfunartekna einstaklings sem er barnlaus.

¹³ Hér er átt við grunnframfærslu, viðbótarlán vegna húsnæðis og barnastyrk.



Mynd 3: Mánaðarleg upphæð námslana fyrir barnlausan einstakling á leigumarkaði samkvæmt úthlutunarreglum 2021-2022 (t.v.) ásamt upphæðinni sem tryggir að meðalleiga á almennum markaði nemi 25% (f. miðju) og 40% (t.h.) ráðstöfunartekna.

Mynd 3 sýnir að ætli barnlaus einstaklingur að forðast íþyngjandi húsnæðiskostnað miðað við upphæð framfærsluláns þarf leiga að frádregnum húsnæðisbótum að vera undir 80.000 krónum á mánuði. Svo lág leiga heyrir til undantekninga á almennum markaði í dag. Miðað við hóflegt mat á leigu fyrir stúdíóíbúð á háskólasvæðinu (miðbær, vesturbær, hlíðar) þyrfti framfærslulánið að nema 302-483 þúsund krónum á mánuði til að húsnæðiskostnaður sé á milli annars vegar 40% af ráðstöfunartekjum og hins vegar 25% í samræmi við markmið laga um almennar íbúðir.

Hægt er að líta svo á að tekjur af vinnu yfir sumartímenn fari að einhverju leyti í að standa undir framfærslu hinna níu mánuða ársins. Miðað við þau tekjuviðmið sem notast hefur verið við hér nemur sú upphæð um 112.000 kr/mánuði sé þeim deilt yfir alla 12 mánuði ársins. Stórum hluta þeirra verður því varið í að standa undir framfærslu yfir sumarmánuðina sjálfa en lítið stendur eftir til framfærslu yfir skólaárið.

Af þessu er ljóst að lán frá Menntasjóði námsmanna er langt frá því að bjóða einstaklingi á almennum markaði upp á það að geta haldið húsnæðiskostnaði frá því að vera íþyngjandi. Þar með neyðast margir stúdentar til að vinna samhliða náminu með tilheyrandi skerðingum á lánum sínum sem kalla þá á enn frekara vinnuframlag til að ná viðunandi húsnæðiskostnaði og líf skjörum almennt.

Samantekt

Á síðastliðnum fimm árum hefur vísitala leiguverðs hækkað um 41%. Á sama tíma hefur viðbótarlán lánasjóðsins vegna húsnæðis hækkað um 11%. Ljóst er að til að tryggja stöðug kjör þarf viðbótarlán vegna húsnæðis að lágmarki að hækka um því sem nemur vísitölu leiguverðs milli ára. Farið hefur verið yfir nauðsyn þess að koma betur til móts við stúdenta sem neyðast til að leigja á almennum markaði. Á meðan enn er ekki nægt framboð af stúdentaíbúðum ætti ekki að miða lán vegna húsnæðiskostnaðar til allra lántaka við leigukostnað í félagslegu kerfi.

Sé grunnframfærsla (að viðbættum barnastyrk og barnabótum þar sem það á við) og viðbótarlán vegna húsnæðis borin saman sést að kerfið gerir í raun ráð fyrir að stúdentar beri íþyngjandi húsnæðiskostnað. Þetta sést á því að viðbótarlánið sem ætlað er til greiðslu húsnæðiskostnaðar nemur 40% af heildarláninu í tilviki einstæðra foreldra og einhleypra og í engum tilfellum nemur viðbótarlánið minna en 25% af heildinni. Með hliðsjón af þessu ætti grunnframfærsla (að viðbættum barnastyrk og barnabótum þar sem það á við) að nema um þreföldu viðbótarláni vegna húsnæðis eða að lágmarki þannig að tryggt sé að húsnæðishlutinn sé vel undir 40% af heildinni. Slíkar áherslur myndu bæta fjárhagslega stöðu þeirra stúdenta sem leigja á almennum markaði töluvert.

Lokaorð

Niðurstöður þessarar skýrslu ættu ekki að koma á óvart enda í takt við bæði málflutning Stúdentaráðs og almennar áhyggjur af íslenskum húsnæðismarkaði.

Vandi húsnæðismarkaðarins verður ekki leystur með þeim tillögum sem lagðar hafa verið til hér en grípa þarf til aðgerða til þess að auðvelda stúdentum að fóta sig á leigumarkaði. Húsnæðisöryggi er grundvallaratriði til að tryggja **jafnt aðgengi að menntun**. Stúdentar eru að jafnaði með minni tekjuöflunar möguleika en aðrir hópar og því sérstaklega viðkvæm fyrir miklum hækkunum á leiguverði. Ekki má vanmeta þau áhrif sem fjárhagsáhyggjur og óöruggt húsnæði getur haft á ákvörðun fólks um að sækja sér nám.

Þrátt fyrir mikið uppbyggingarskeið stúdentaíbúða undanfarinn áratug er enn langt land. Aðeins um 15% íslenskra stúdenta búa á stúdentagörðum og biðlistar eru langir. Þetta er sérstaklega hamlandi fyrir fólk af landsbyggðinni, erlenda nema og aðra sem ekki hafa í önnur hús að venda í nálægð við háskólann. Ljóst er að húsnæðiskostnaður þeirra sem leigja á almennum markaði er talsvert hærri en þeirra sem leigja á stúdentagörðum. Húsnæðisbætur geta ýkt þennan aðstöðumun enn frekar þar sem undanþágur gilda aðeins fyrir þá stúdenta sem leigja á stúdentagörðum.

Niðurstöður þessarar skýrslu benda til þess að verulegur hluti námsmanna greiði húsnæðiskostnað sem annaðhvort nálgast það eða einfaldlega telst vera *íþyngjandi*¹⁴. Þessi staða er tilkomin vegna lágra ráðstöfunartekna stúdenta en stærsti hluti þeirra er námslán¹⁵. Lánasjóðurinn spilar því lykilhlutverk í að viðhalda þungri húsnæðisbyrði stúdenta.

¹⁴ Þetta er í samræmi við niðurstöður Eurostudent IV þar sem kemur fram að 43% íslenskra stúdenta séu með íþyngjandi húsnæðiskostnað.

¹⁵ Hafa ber í huga að almennt er ekki litið á lán sem hluta ráðstöfunartekna og því er hér notast við óhefðbunda skilgreiningu á ráðstöfunartekjum..

Fullt nám er full vinna og því óásættanlegt að stúdentar neyðist til að vinna með námi til þess að framfleyta sér. Athugavert er því að sú grunnframfærsla sem Menntasjóður námsmanna býður uppá er vel undir dæmigerðu neysluviðmiði stjórnsvalda (sem hefur ekki verið uppfært frá 2019 sem eykur bilið enn frekar) og að viðbótarlán vegna húsnæðis tekur ekki mið af hækkun leiguverðs á almennum markaði, þar sem stór hluti stúdenta leigir húsnæði á meðan félagslega rekin úrræði á borð við Stúdentagarða anna ekki eftirspurn. Ennfremur býr samspil lágrar framfærslu hjá Menntasjóði námsmanna og frítekjumarks til vítahring sem stúdentahreyfingin hefur ítrekað bent á.

Rétt er að nefna að í þessari skýrslu hefur verið einblínt á stöðu stúdenta við Háskóla Íslands. Fátt bendir til þess að önnur staða sé uppi á teningnum fyrir nemendur annarra háskóla á Íslandi. Lægra leiguverð í grennd við skóla gæti mildað stöðuna í einhverjum tilfellum þar sem verð í grennd við HÍ er með allra hæsta móti. Þó er ekki raunhæft að ætla að vandamálið hverfi alfarið að teknu tilliti til þess og ætti því að vera hægt að yfirfæra niðurstöðurnar að mörgu leyti fyrir alla stúdentu á Íslandi.

Það einfalda mat sem farið var í í þessari skýrslu er á engan hátt tæmandi. Tillögurnar sem lagðar eru til eru langt því frá að vera þær einu mögulegu og álitamálin sem skoðuð voru takmarkast við þau allra almennustu. Þó snúa margar tillögurnar að einföldum breytingum sem styrkt geta stöðu stúdenta til muna.

Þessi skýrsla er fyrst og fremst hugsuð sem hvatning til aðgerða fyrir viðeigandi stjórnvöld og brýning til allra þeirra sem koma að ákvarðanatöku um réttindi og lífskjör stúdenta á Íslandi. Ljóst er að af nógu er að taka en þá er líka um að gera að hefjast handa til að koma hlutum í betra horf sem fyrst.

Nanna Hermannsdóttir

Verkefnastjóri

Stúdentaráð Háskóla Íslandss

Viðauki A

Meðal húsnæðiskostnaður

Gert er ráð fyrir að *viðmiðunar stúdent* sé á leigumarkaði og miðar meðal húsnæðiskostnaður því við þá möguleika sem þar býðst; mismunandi leiguíbúðir hjá Félagsstofnun stúdenta, Byggingafélagi námsmanna og á almennum leigumarkaði.

Skv. útreikningum Hagstofunnar á byrði húsnæðiskostnaðar inniheldur húsnæðiskostnaður eftirfarandi:

[...] húsaleigu, vaxtakostnað og verðbætur vegna lána, viðhald, viðgerðir, bruna-, og fasteignatrygging, rafmagn, hiti og fasteignagjöld. Við útreikninga á byrði húsnæðiskostnaðar dragast húsaleigubætur og vaxta-bætur frá húsnæðiskostnaði samkvæmt skilgreiningu Eurostat en teljast ekki til tekna. (Sjá: [Hagstofa Íslands](#))

Útreikningar í töflu A1 hér að neðan miða við námsmenn á leigumarkaði og húsnæðiskostnaður inniheldur því aðeins viðeigandi kostnaðarliði. Leiguverð hjá Félagsstofnun stúdenta (FS) og Byggingafélagi námsmanna (BN) tekur mið af orkukostnaði en ekki er hægt að vita hvort leigusamningar á almenna markaðnum innihaldi orkukostnað eða ekki. Þá er internettengin innifalin í leiguverði hjá Félagsstofnun stúdenta. Leiguverð á almenna markaðnum er metið sem meðalleiga á háskólasvæðinu, skv. [Verðsjá Þjóðskrár](#)¹⁶.

¹⁶ Um er að ræða meðalleigu þinglýstra leigusamninga á tímabilinu 1. janúar 2021 - 31. des 2021. Miðað er við íbúðir sem eru sambærilegar stúdentagörðum að stærð og staðsetningu. Háskólasvæðið er hér skilgreint rúmt, sem vesturbær, miðbær og hlíðar. Gera má ráð fyrir að verð á almennum markaði sé eitthvað hærra þar sem Verðsjá Þjóðskrár inniheldur alla þinglýsta leigusamninga, þ.e. líka fyrir stúdentagarða og aðrar almennar íbúðir. Auk þess innihalda ekki allir leigusamningar orkukostnað.

	Félagsstofnun stúdenta	Byggingafélag námsmanna	Almennur markaður
	(kr/mán)	(kr/mán)	(kr/mán)
Stúdíó	114.988 kr.	116.807 kr.	153.091 kr.
Sameiginleg aðstaða	99.076 kr.	-	-
Tvíbýli	77.158 kr.	-	-
2 herbergi	141.376 kr.	148.237 kr.	182.916 kr.
3 herbergi	160.866 kr.	168.618 kr.	214.078 kr.
4 herbergi	178.887 kr.	-	234.558 kr.

Tafla A 1: Meðalleiga eftir leiguformi

Í þessari skýrslu er að jafnaði gert ráð fyrir að stúdentar eigi rétt á húsnæðisbótum. Tafla A2 sýnir meðalleigu úr töflu A1að frádregnum húsnæðisbótum eftir fjölskylduaðstæðum¹⁷.

	Einstaklingur				Sambúð			
		FS	BN	Almennur markaður		FS	BN	Almennur markaður
Engin börn	Stúdíó	82.528 kr.	84.347 kr.	120.631 kr.	2 herbergi	98.445 kr.	105.306 kr.	139.985 kr.
	Sameiginleg aðstaða	66.616 kr.	-	-		-	-	-
	Tvíbýli	44.698 kr.	-	-		-	-	-
Eitt barn	2 herbergi	98.445 kr.	105.306 kr.	139.985 kr.	2 herbergi	91.115 kr.	97.976 kr.	132.655 kr.
	3 herbergi	117.935 kr.	125.687 kr.	171.147 kr.	3 herbergi	110.605 kr.	118.357 kr.	163.817 kr.
Tvö börn	3 herbergi	110.605 kr.	118.357 kr.	163.817 kr.	3 herbergi	106.417 kr.	114.169 kr.	159.629 kr.
	4 herbergi	128.626 kr.	-	184.297 kr.	4 herbergi	124.438 kr.	-	180.109 kr.

Tafla A 2: Meðalleiga að frádregnum húsnæðisbótum

¹⁷ Í viðauka B má finna húsnæðisbætur eftir fjölskyldustærð.

Viðauki B

Útreikningur á ráðstöfunartekjum stúdenta og húsnæðisbótum

Ráðstöfunartekjur eru heildartekjur heimilisins eftir skatta að meðtöldum greiðslum úr félagslega kerfinu. Við mat á ráðstöfunartekjum stúdenta var einnig tekin með upphæð námslána, þrátt fyrir að almennt sé ekki litið á lán sem ráðstöfunartekjur¹⁸.

Ráðstöfunartekjur				
	Einstaklingur	Sambúð	Einstaklingur	Sambúð
	(kr/mán)		(kr/ár)	
0 börn	259.008 kr.	482.875 kr.	3.108.090 kr.	5.794.500 kr.
1 barn	369.953 kr.	583.653 kr.	4.439.430 kr.	7.003.840 kr.
2 börn	438.948 kr.	670.110 kr.	5.267.370 kr.	8.041.320 kr.

Sundurliðun: Namslán hjá Menntasjóði námsmanna

Namslán miðast við fullt nám (30 ECTS á önn á haust- og vorönn) fyrir einstakling, par eða fjölskyldu í leigu- eða eiginhúsnæði. Gert er ráð fyrir að launatekjur fari ekki yfir frítekjumark og lán skerðist því ekki. Tekið er tillit til mismunandi fjölskylduaðstæðna og barnastyrkur tekinn inn þar sem við á.

¹⁸ Vert er að taka fram að í kaflanum um Menntasjóð námsmanna er ekki tekið tillit til launatekna þar sem skoða á sérstaklega hvernig námsmenn eiga að framfleyta sér þá 9 mánuði ársins sem þau eru í námi.

Námslán m.v. úthlutunarreglur Menntasjóðs námsmanna 2021-22								
	Lán/ECTS				Lán/ári			
	Grunn-framfærsla	Viðbótarlán v/ húsnæðis	Barnastyrkur	Samtals	Grunn-framfærsla	Viðbótarlán v/ húsnæðis	Barnastyrkur	Samtals
Einstaklingur, barnlaus	17.428 kr.	11.978 kr.	0 kr.	29.406 kr.	1.045.680 kr.	718.680 kr.	0 kr.	1.764.360 kr.
Sambúð, barnlaus	17.428 kr.	8.464 kr.	0 kr.	25.892 kr.	1.045.680 kr.	507.840 kr.	0 kr.	1.553.520 kr.
Sambúð, 1 barn	17.428 kr.	9.901 kr.	5.520 kr.	32.849 kr.	1.045.680 kr.	594.060 kr.	331.200 kr.	1.970.940 kr.
Sambúð, 2 börn	17.428 kr.	10.700 kr.	11.040 kr.	39.168 kr.	1.045.680 kr.	642.000 kr.	662.400 kr.	2.350.080 kr.
Einstaklingur, 1 barn	17.428 kr.	19.802 kr.	5.520 kr.	42.750 kr.	1.045.680 kr.	1.188.120 kr.	331.200 kr.	2.565.000 kr.
Einstaklingur, 2 börn	17.428 kr.	21.401 kr.	11.040 kr.	49.869 kr.	1.045.680 kr.	1.284.060 kr.	662.400 kr.	2.992.140 kr.

Sundurliðun: Launatekjur

Gert er ráð fyrir að stúdentar vinni sér inn tekjur upp að frítekjumark¹⁹ Menntasjóðsins (1.410.000 kr/ár) og vinni aðeins yfir sumartímann (3 mánuði), óháð fjölskylduaðstæðum²⁰. [Reiknivél Virtus](#) var notuð til að meta laun eftir skatt og önnur gjöld, m.v. að greitt hafi verið í stéttarfélag VR eða Eflingu og engan séreignarsparnað.

Launatekjur			
	(kr/ár)	(kr/mán m.v. 3 mán)	(kr/mán m.v. 12 mán)
Launatekjur	1.410.000 kr.	470.000 kr.	117.500 kr.
Útgreidd laun	1.343.730 kr.	447.910 kr.	111.978 kr.

¹⁹ Námslánum er ætlað að ná yfir þá mánuði sem námsmaður stundar nám og miðar að jafnaði við 9 mánuði fyrir haust- og vorönn. Ef námsmaður vinnur aðeins yfir sumarmánuðina mega mánaðartekjur ekki fara yfir 470.000 kr án þess að lán skerðist. Ath. að [framlag ríkisins vegna sumarstarfa námsmanna](#) á vegum ríkisins sumarið 2021 voru fyrir launum upp á 472.000kr/mán til 2,5 mánaða.

²⁰ Vert er að hafa í huga að möguleikar foreldra í námi til tekjuöflunar yfir sumartímann er oft háður því að hægt sé að fá gæslu fyrir börnin og því ekki endilega hægt að gera ráð fyrir að foreldrar í námi geti unnið til jafns við barnlausa án þess að annar kostnaður komi til.

Sundurliðun: Barnabætur

Barnabætur eru greiðslur úr félagslega kerfinu. Eru þær reiknaðar inn í ráðstöfunartekjur eftir fjölskylduaðstæðum. Fyrir hvert barn undir 7 ára leggjast 140.000 kr/ári aukalega við barnabætur. Hér er miðað við að sé eitt barn á heimili sé það undir 7 ára en séu tvö börn á heimili sé annað undir 7 ára en hitt ekki. Launaforsendur eru of lágar til þess að ná skerðingarmörkum barnabóta.

Barnabætur 2021				
	Einstaklingur	Sambúð	Einstaklingur	Sambúð
	(kr/mán)	(kr/mán)	(kr/ár)	(kr/ár)
0 börn	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
1 barn	44.225 kr.	31.208 kr.	530.700 kr.	374.500 kr.
2 börn	77.625 kr.	54.475 kr.	931.500 kr.	653.700 kr.

Húsnæðisbætur

Húsnæðisbætur eru ekki reiknaðar inn í ráðstöfunartekjur hér þar sem þær eru dregnar beint frá leigukostnaði. Launaforsendur *viðmiðunar stúdentsins* eru of lágar til þess að ná skerðingarmörkum húsnæðisbóta.

Húsnæðisbætur 2021				
	Einstaklingur	Sambúð	Einstaklingur	Sambúð
	(kr/mán)	(kr/mán)	(kr/ár)	(kr/ár)
0 börn	32.460 kr.	42.931 kr.	389.520 kr.	515.172 kr.
1 barn	42.931 kr.	50.261 kr.	515.172 kr.	603.132 kr.
2 börn	50.261 kr.	54.449 kr.	603.132 kr.	653.388 kr.

Viðauki C

Þinglýsing leigusamninga

Krafan um þinglýsta leigusamninga var fyrst sett í úthlutunarreglur sjóðsins fyrir skólaárið 2020-2021 en áður dugði að sanna eðlilegar leigugreiðslur með afriti af greiðslumiða til skattayfirvalda, þ.e. staðfestingu á að umsækjandi hafi gefið upp leigugreiðslur á skattframtali. Það er engin lagaleg skylda að þinglýsa leigusamningum en krafa Menntasjóðs námsmanna getur verið íþyngjandi. Sé krafan tilkomin vegna áhyggja af skattsvikum leigusala ætti fyrra fyrirkomulag að duga. Hlutverki leigjanda við eftirlit með skattsvikum hlýtur að vera lokið með framtali leigugreiðslna.

Að auki getur krafa um þinglýsingu verið íþyngjandi fyrir stúdenta sem leigja með öðrum því oft er aðeins einn leigjandi skráður á leigusamning þó þar búi fleiri. Stúdentar í þessari stöðu eru því háðir því að leigusali veiti öllum leigjendum sinn hvern samninginn og þinglýsi þeim öllum til þess að þeir eigi rétt á viðbótarláni vegna húsnæðis hjá Menntasjóði námsmanna. Þessi skilyrði eru þrengri en til töku húsnæðisbóta. Íbúar geta hlotið húsnæðisbætur án þess að allir leigjendur séu skráðir á leigusamning. Hið opinbera gerir því meiri kröfur við veitingu lána en styrkja.

Í ljósi þess að lántakar hafa hingað til þurft að sýna fram á eðlilegar leigugreiðslur í skattframtali er erfitt að sjá hvers vegna Menntasjóður telur nú nauðsynlegt að krefjast þinglýstra leigusamninga. Ekki hefur verið sýnt fram á að sjóðurinn geti ekki náð markmiði sínu um að staðfesta leigugreiðslur með minna íþyngjandi hætti. Þannig vakna spurningar um hvort meðalhófs hafi verið gætt við breytingarnar þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að fyrra fyrirkomulag hafi verið ótækt og að eiginleg þörf sé á því að beita meira íþyngjandi úrræði en áður.